### um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er komin úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

*Forsætisráðuneytinu, 15. janúar 1996.*

**Davíð Oddsson.**

*Ólafur Davíðsson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI A 2 – 1996

2. febrúar 1996

3

Nr. 5

## AUGLÝSING

um breyting á viðauka I við lög nr. 97/1987, um vörugjald,  
með síðari breytingum.

1. gr.

Viðauki I við lög um vörugjald orðast svo:

### Viðauki I.

A. Af vörum í eftirfarandi tollskrárnúmerum skal greiða 6% vörugjald:

0813.4001	2008.1900	2105.0029	3209.9009
0813.5001	2008.2001	2106.9023	3210.0011
0901.1100	2008.2009	2106.9024	3210.0012
0901.1200	2008.3001	2106.9025	3210.0019
0901.2101	2008.3009	2106.9026	3210.0021
0901.2109	2008.4001	2106.9041	3808.2001
0901.2201	2008.4009	2106.9042	3921.1101
0901.9000	2008.5001	2106.9048	3921.1201
0902.1000	2008.5009	2106.9049	3921.1902
0902.2000	2008.6001	2106.9062	3921.9002
0902.3000	2008.6009	2201.9002	4011.1000
0902.4000	2008.7001	2202.1002	4011.2000
0903.0000	2008.7009	2202.9001	4011.4000
0909.1001	2008.8001	2202.9002	4011.5000
0909.5001	2008.8009	3208.1001	4011.9100
1211.9001	2008.9100	3208.1002	4011.9900
1806.9011	2008.9201	3208.1003	4012.1000
1806.9012	2008.9209	3208.1004	4012.2000
1806.9019	2008.9901	3208.1009	4012.9000
1901.9011	2008.9902	3208.2001	4013.1000
1901.9019	2008.9909	3208.2002	4013.2000
1904.1001	2101.1100	3208.2009	4013.9000
1905.9030	2101.1201	3208.9001	4016.9922
1905.9060	2101.1209	3208.9002	4811.1000
2005.2003	2101.2001	3208.9003	4823.9005
2006.0030	2101.2009	3208.9009	6806.1009
2007.1000	2101.3001	3209.1001	7019.3101
2007.9100	2101.3009	3209.1002	7019.3901
2007.9900	2105.0011	3209.1009	7019.9003
2008.1101	2105.0019	3209.9001	7019.9009
2008.1109	2105.0021	3209.9002	

B. Af vörum í eftirfarandi tollskrárnúmerum skal greiða 11% vörugjald:

3210.0029	3920.1002	4411.1901	5702.5900
3211.0000	3920.2001	4411.2101	5702.9100
3212.9001	3920.3001	4411.2901	5702.9200
3212.9009	3920.4101	4411.3101	5702.9900
3213.1000	3920.4202	4411.3901	5703.1001
3213.9000	3920.5101	4411.9101	5703.1009
3214.1001	3920.5901	4411.9901	5703.2001
3303.0001	3920.6101	4412.1301	5703.2009
3303.0002	3920.6201	4412.1401	5703.3001
3304.1000	3920.6301	4412.1901	5703.3009
3304.2000	3920.6901	4412.2201	5703.9001
3304.3000	3920.7101	4412.2301	5703.9009
3304.9100	3920.7301	4412.2901	5704.1000
3304.9900	3920.7901	4412.9201	5704.9000
3305.1001	3920.9101	4412.9301	5705.0001
3305.1009	3920.9201	4412.9901	5705.0009
3305.2000	3920.9301	4413.0001	5805.0000
3305.3000	3920.9401	4418.3000	5904.1000
3305.9000	3920.9902	4418.5000	5904.9100
3307.1000	3922.1000	4504.1002	5904.9200
3307.2000	3922.2000	4504.1005	5905.0001
3307.3000	3922.9001	4504.9003	5905.0009
3307.4100	3922.9009	4601.2000	6802.1000
3307.4900	3925.9002	4814.1000	6802.2109
3307.9002	4003.0001	4814.2001	6802.2209
3307.9009	4008.1101	4814.2009	6802.2309
3814.0001	4008.2101	4814.3000	6802.2909
3814.0002	4016.9100	4814.9001	6802.9109
3814.0009	4016.9918	4814.9002	6802.9209
3916.1001	4016.9919	4814.9009	6802.9309
3916.2001	4407.1001	4815.0000	6802.9909
3916.9001	4407.2401	5602.9001	6803.0000
3917.2101	4407.2501	5701.1000	6806.2000
3917.2201	4407.2601	5701.9000	6806.9001
3917.2301	4407.2901	5702.1000	6806.9009
3917.2901	4407.9101	5702.2000	6807.1001
3917.3201	4407.9201	5702.3100	6807.9001
3918.1001	4407.9901	5702.3200	6808.0000
3918.1002	4409.1001	5702.3900	6809.1101
3918.9011	4409.2001	5702.4100	6809.1901
3918.9019	4410.1101	5702.4200	6809.9001
3918.9021	4410.1901	5702.4900	6809.9009
3918.9029	4410.9001	5702.5100	6811.1000
3919.9010	4411.1101	5702.5200	6811.2001



6811.9001	7314.2000	8428.4000	8538.9000
6811.9009	7314.3100	8431.3100	8544.1100
6814.1000	7314.3900	8452.1000	8544.1900
6815.9101	7314.4100	8481.1000	8544.2009
6815.9901	7314.4200	8481.2000	8544.4100
6904.9000	7314.4900	8481.3000	8544.4900
6905.1000	7314.5000	8481.4000	8544.5100
6905.9000	7324.1000	8481.8000	8544.5900
6907.1000	7324.2100	8481.9000	8544.6000
6907.9000	7324.2900	8507.1000	8544.7000
6908.1000	7324.9000	8507.2000	8708.9200
6908.9000	7417.0000	8507.3009	8714.1100
6910.1000	7418.2000	8507.4000	8714.1900
6910.9000	7419.9904	8507.8000	9007.1100
7210.2001	7606.1101	8507.9000	9007.1900
7210.3001	7606.1201	8516.5000	9007.2001
7210.4100	7606.9101	8516.6001	9007.2009
7210.5001	7606.9201	8516.6002	9007.9100
7210.6101	7615.2000	8516.6009	9007.9200
7210.6901	8407.3100	8516.7901	9405.1001
7210.7001	8407.3200	8535.1000	9405.1009
7212.2001	8407.3300	8535.2100	9405.2001
7212.3001	8407.3400	8535.2900	9405.2009
7212.4001	8408.2000	8535.3000	9405.3000
7212.5001	8414.5101	8535.4000	9405.4001
7212.6001	8414.5901	8535.9000	9405.4009
7216.9101	8414.6001	8536.1000	9405.5000
7216.9901	8414.8001	8536.2000	9405.6001
7304.1000	8426.1201	8536.3000	9405.6009
7304.2100	8426.1209	8536.4100	9405.9101
7304.2900	8426.1900	8536.4900	9405.9109
7305.1100	8426.2000	8536.5000	9405.9201
7305.1200	8426.3000	8536.6100	9405.9202
7305.1900	8426.4101	8536.6900	9405.9209
7305.2000	8426.4109	8536.9000	9405.9910
7306.1000	8426.9100	8537.1009	9405.9921
7306.2000	8426.9900	8537.2000	9405.9929
7313.0000	8428.1001	8538.1000	

C. Af vörum í eftirfarandi tollskrárnúmerum skal greiða 16% vörugjald:

3701.2000	3702.3909	3702.5500	3702.9500
3701.9109	3702.4402	3702.5600	3926.3001
3701.9909	3702.5100	3702.9100	4016.9925
3702.2000	3702.5200	3702.9200	7007.1101
3702.3100	3702.5300	3702.9300	7007.2101
3702.3200	3702.5400	3702.9400	7009.1000

7014.0001	8302.4901	8545.9001	8708.8000
7315.9001	8511.1000	8708.1000	8708.9100
7320.1000	8511.2000	8708.2900	8708.9300
7320.2001	8511.3000	8708.3100	8708.9400
7320.9001	8511.4000	8708.3900	8708.9900
8301.2000	8511.5000	8708.4000	8716.9009
8301.4001	8511.8000	8708.5000	
8302.1001	8511.9000	8708.6000	
8302.3000	8544.3000	8708.7000	

D. Af vörum í eftirfarandi tollskrárnúmerum skal greiða 18% vörugjald:

1703.1001	1806.9025	2009.8009	2204.2912
1703.9001	1806.9026	2009.9001	2204.2913
1704.1000	1806.9028	2009.9009	2204.2914
1704.9001	1806.9029	2106.9011	2204.2919
1704.9002	1806.9039	2106.9019	2204.2921
1704.9003	1905.2000	2106.9021	2204.2931
1704.9004	1905.3011	2106.9022	2204.2941
1704.9005	1905.3019	2106.9031	2204.2951
1704.9006	1905.3021	2106.9039	2204.2961
1704.9007	1905.3029	2106.9061	2204.3001
1704.9009	1905.3030	2106.9063	2204.3003
1805.0001	2009.1101	2201.1000	2204.3004
1805.0009	2009.1109	2202.1001	2204.3009
1806.1000	2009.1901	2202.1009	2205.1001
1806.2001	2009.1909	2202.9009	2205.9001
1806.2003	2009.2001	2203.0001	2206.0001
1806.2004	2009.2009	2204.1001	2206.0002
1806.2005	2009.3001	2204.2111	2206.0003
1806.2006	2009.3009	2204.2112	2206.0009
1806.2009	2009.4001	2204.2113	2208.9091
1806.3101	2009.4009	2204.2114	2209.0000
1806.3109	2009.5001	2204.2119	3003.9001
1806.3201	2009.5009	2204.2121	3004.5004
1806.3202	2009.6001	2204.2131	3004.9004
1806.3203	2009.6009	2204.2141	3302.1021
1806.3209	2009.7001	2204.2151	3302.1030
1806.9023	2009.7009	2204.2161	
1806.9024	2009.8001	2204.2911	

## E. Af vörum í eftirfarandi tollskrárnúmerum skal greiða 20% vörugjald:

6702.1000	8450.1900	8519.9902	8540.7900
6702.9000	8450.9000	8520.9001	8540.8100
7321.1100	8451.1009	8521.1021	8540.8900
7321.1200	8451.2100	8521.1029	8540.9100
7321.1300	8451.3001	8521.9021	8540.9900
7321.8100	8476.2100	8521.9029	8716.8001
7321.8200	8476.2900	8522.1000	8716.8009
7321.8300	8476.8100	8522.9000	9608.1000
7321.9000	8476.8900	8539.1000	9608.2000
8301.1000	8476.9000	8539.2100	9608.3100
8301.5000	8479.6001	8539.2200	9608.3900
8418.1001	8479.8901	8539.2900	9608.4000
8418.2100	8509.2000	8539.3100	9608.5000
8418.2200	8509.3000	8539.3200	9608.6000
8418.2900	8509.8009	8539.3900	9608.9100
8418.3001	8509.9000	8539.4100	9608.9900
8418.4001	8510.3000	8539.4900	9609.1000
8418.6101	8516.3300	8539.9000	9609.2000
8418.6901	8516.4009	8540.1100	9609.9000
8421.1201	8516.7909	8540.1200	9613.1000
8421.3901	8516.8001	8540.2000	9613.2000
8422.1100	8519.2100	8540.4000	9613.3000
8433.1100	8519.2900	8540.5000	9613.8000
8433.1900	8519.3100	8540.6000	9613.9000
8450.1100	8519.3900	8540.7100	9614.2000
8450.1200	8519.9901	8540.7200	9614.9000

## F. Af vörum í eftirfarandi tollskrárnúmerum skal greiða 25% vörugjald:

9301.0000	9303.9009	9305.9000	9306.9009
9302.0000	9304.0000	9306.1000	9307.0000
9303.1000	9305.1000	9306.2100	
9303.2000	9305.2100	9306.2900	
9303.3000	9305.2900	9306.3009	

## G. Af vörum í eftirfarandi tollskrárnúmerum skal greiða 30% vörugjald:

1701.1100	1701.9109	1702.1100	1702.5000
1701.1200	1701.9901	1702.1900	1702.6000
1701.9101	1701.9902	1702.2000	1702.9001
1701.9102	1701.9903	1702.3001	1702.9002
1701.9103	1701.9904	1702.3002	1702.9003
1701.9104	1701.9905	1702.3009	1702.9004
1701.9105	1701.9906	1702.4001	1702.9009
1701.9106	1701.9907	1702.4002	1703.1002
1701.9107	1701.9909	1702.4009	1703.1009

1703.9009	8519.9300	8527.1309	8528.1202
8517.1901	8519.9909	8527.1900	8528.1209
8518.2109	8520.1000	8527.2101	8528.1302
8518.2209	8520.2000	8527.2102	8528.1309
8518.2900	8520.3200	8527.2109	8528.2109
8518.3000	8520.3300	8527.2900	8528.2209
8518.4009	8520.3900	8527.3101	8528.3009
8518.5009	8520.9009	8527.3102	8529.1009
8518.9000	8527.1201	8527.3109	8529.9009
8519.1000	8527.1209	8527.3200	8543.8901
8519.4000	8527.1301	8527.3900	8543.9001
8519.9200	8527.1302	8527.9009	

## 2. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 11. gr. laga nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum, sbr. 7. gr. sömu laga, öðlast gildi þegar í stað og tekur til allra ótollafgreiddra vara.

*Fjármálaráðuneytinu, 2. febrúar 1996.*

F. h. r.

**Guðrún Ásta Sigurðardóttir.**

*Bergþór Magnússon.*

# STJÓRNARTÍÐINDI A 3 – 1996

19. mars 1996

9

Nr. 6

## LÖG

### um Siglingastofnun Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

#### Yfirstjórn.

Samgönguráðherra fer með yfirstjórn siglinga-, hafna- og vitamála, nema annað sé ákveðið í öðrum lögum.

2. gr.

#### Siglingastofnun Íslands.

Siglingastofnun Íslands fer með framkvæmd siglinga-, hafna- og vitamála samkvæmt lögum þessum og öðrum lögum sem um þau mál fjalla.

Forstjóri Siglingastofnunar Íslands skal að fenginni umsögn hafnaráðs og siglingaráðs skipaður af samgönguráðherra til fimm ára í senn. Forstjóri Siglingastofnunar ræður annað starfsfólk stofnunarinnar.

3. gr.

#### Verkefni Siglingastofnunar Íslands.

Verkefni Siglingastofnunar Íslands eru:

1. Að annast þátt ríkisins í framkvæmd hafnalaga.
2. Að hafa umsjón með ríkisstyrktum framkvæmdum við sjóvarnargarða og landingarbætur.
3. Að annast framkvæmd laga um eftirlit með skipum, laga um mælingu skipa og laga um skráningu skipa.
4. Að annast framkvæmd laga um vitamál, laga um leiðsögu skipa og laga um kafarastörf.
5. Að annast mál er varða lög um varnir gegn mengun sjávar og reglugerðir samkvæmt þeim að því leyti sem þau varða skip og búnað þeirra samkvæmt reglum sem umhverfisráðherra setur.
6. Að annast samstarf við alþjóðastofnanir og framkvæmd alþjóðasamþykktá sem Ísland er aðili að og varða siglinga-, hafna- og vitamál.
7. Að fylgjast með rannsókn sjóslysa og veita aðstoð við rannsókn þeirra og rita umsögn um sjópróf til ríkissaksóknara.
8. Að annast mál er varða siglinga- og sjómannalög að því leyti sem þau tengjast skipum, skráningu þeirra og búnaði, siglingaöryggi og öðrum málum sem ráðuneytið kann að fela stofnuninni varðandi siglingar og áhafnir skipa.
9. Að vera stjórnvöldum til ráðuneytis um mál sem eru í verkahring stofnunarinnar.

Siglingastofnun Íslands er heimilt með samþykki samgönguráðherra að fela öðrum að annast ákveðin verkefni.

Siglingastofnun Íslands er heimilt með samþykki samgönguráðherra að kaupa og fara með hlut ríkisins í rannsóknar- og þróunarfyrirtækjum, m.a. til þess að stuðla að útflutningi á íslenskri þekkingu á starfssviði stofnunarinnar.

Samgönguráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um hlutverk og starfshætti Siglingastofnunar Íslands og einstök verkefni hennar.

#### 4. gr.

##### **Hafnaráð.**

Samgönguráðherra skipar hafnaráð sér til ráðuneytis um hafnamál. Í hafnaráði skulu eiga sæti fimm fulltrúar og jafnmargir varamenn. Þar af skulu tveir tilnefndir af Hafnasambandi sveitarfélaga til fjögurra ára í senn að loknum sveitarstjórnarkosningum. Þrír fulltrúar skulu skipaðir án tilnefningar að loknum alþingiskosningum og skal einn þeirra vera formaður ráðsins. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

#### 5. gr.

##### **Verkefni hafnaráðs.**

Hafnaráð skal vera ráðgefandi aðili fyrir ráðherra og forstjóra Siglingastofnunar í hafnamálum. Hafnaráð skal fjalla um breytingar á lögum og reglum er varða hafnamál og framkvæmdaáætlanir fyrir einstök ár og til lengri tíma, svo og fjármál hafna, þar á meðal gjaldskrárbreytingar.

Hafnaráð skal halda fundi með fulltrúum sjómanna og útgerðarmanna a.m.k. einu sinni á ári.

Forstjóri Siglingastofnunar Íslands situr fundi ráðsins, með málfrelsi og tillögurétti, ásamt þeim starfsmönnum stofnunarinnar sem hann telur ástæðu til eða ráðið óskar eftir. Skal hann leggja þar fyrir þau mál sem falla undir verksvið ráðsins samkvæmt framansögðu eða ráðið óskar eftir.

#### 6. gr.

##### **Siglingaráð.**

Samgönguráðherra skipar siglingaráð sér til ráðuneytis um siglinga- og vitamál. Í siglingaráði skulu eiga sæti ellefu fulltrúar og jafnmargir varamenn. Þar af skulu þrír fulltrúar skipaðir án tilnefningar að loknum alþingiskosningum og skal einn þeirra vera formaður ráðsins. Átta fulltrúar skulu skipaðir til allt að fjögurra ára samkvæmt tilnefningu eftirtalinnna aðila sem tilnefna einn fulltrúa hver: Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Málmur, samtök fyrirtækja í málm- og skipaiðnaði, Landssamband íslenskra útvegsmanna, Landssamband smábátaeigenda, Samband íslenskra kaupskipaútgerða, Sjómannasamband Íslands, Slysavarnafélag Íslands og Vélstjórafélag Íslands. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

#### 7. gr.

##### **Verkefni siglingaráðs.**

Siglingaráð skal vera ráðgefandi aðili fyrir ráðherra og forstjóra Siglingastofnunar Íslands í siglinga- og vitamálum. Siglingaráð skal fjalla um breytingar á lögum og reglum er varða siglinga- og vitamál.

Siglingaráð skal fjalla um öryggismál skipa og sjófarenda, svo og meiri háttar endurbætur og breytingar vitakerfisins. Forstjóri Siglingastofnunar Íslands situr fundi ráðsins, með

málfrelsi og tillögurétti, ásamt þeim starfsmönnum stofnunarinnar sem hann telur ástæðu til eða ráðið óskar eftir. Skal hann leggja þar fyrir þau mál sem falla undir verksvið ráðsins samkvæmt framansögðu eða ráðið óskar eftir.

8. gr.

**Gildistaka.**

Lög þessi öðlast þegar gildi en koma ekki til framkvæmda fyrr en 1. október 1996. Þá falla jafnframt úr gildi lög um Siglingamálastofnun ríkisins, nr. 20/1986, með síðari breytingum.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Þrátt fyrir ákvæði 8. gr. skal skipa hafna- og siglingaráð svo fljótt sem því verður við komið eftir gildistöku laganna og hefja undirbúning að framkvæmd laganna.

Öll störf hjá Siglingamálastofnun ríkisins og Vita- og hafnamálastofnun ríkisins (Hafnamálastofnun ríkisins og Vitastofnun Íslands) verða lögð niður frá 30. september 1996. Um rétt starfsmanna fer skv. 14. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 38/1954, með síðari breytingum.

*Gjört í Reykjavík, 19. mars 1996.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Halldór Blöndal.*

**LÖG**

**um breytingu á ýmsum lögum vegna sameiningar  
Vitastofnunar Íslands, Hafnamálastofnunar ríkisins og  
Siglingamálastofnunar ríkisins í Siglingastofnun Íslands.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**I. KAFLI**

**Breyting á lögum um skipamælingar, nr. 50/1970, með síðari breytingum.**

1. gr.

Í stað orðsins „siglingamálastjóri“ í 1.–3. mgr. 2. gr., 4. gr., 8. gr., 9. gr. og 15. gr. laganna kemur í viðeigandi falli: forstjóri Siglingastofnunar Íslands.

**II. KAFLI**

**Breyting á lögum um náttúruvernd, nr. 47/1971, með síðari breytingum.**

2. gr.

Í stað orðsins „siglingamálastjóri“ í 6. tölul. 2. mgr. 4. gr. laganna kemur: forstjóri Siglingastofnunar Íslands.

## III. KAFLI

**Breyting á lögum um kafarastörf, nr. 12/1976.**

3. gr.

Í stað orðanna „Siglingamálastofnun ríkisins“ í 1. mgr. 5. gr. og 2. mgr. 6. gr. laganna kemur í viðeigandi falli: Siglingastofnun Íslands.

## IV. KAFLI

**Breyting á lögum um bátaábyrgðarfélög, nr. 18/1976, með síðari breytingum.**

4. gr.

Í stað orðanna „Siglingamálastofnun ríkisins“ í 4. mgr. 7. gr. laganna kemur: Siglingastofnun Íslands.

## V. KAFLI

**Breyting á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 81/1976, með síðari breytingum.**

5. gr.

Í stað orðanna „Siglingamálastofnunar ríkisins“ í 2. mgr. 3. gr. laganna kemur: Siglingastofnunar Íslands.

## VI. KAFLI

**Breyting á lögum um tilkynningarskyldu íslenskra skipa, nr. 40/1977.**

6. gr.

Í stað orðsins „Siglingamálastofnun“ í 5. gr. laganna kemur: Siglingastofnun Íslands.

## VII. KAFLI

**Breyting á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr. 46/1980, með síðari breytingum.**

7. gr.

Í stað orðanna „Siglingamálastofnun ríkisins“ í a-lið 2. mgr. 2. gr. laganna kemur: Siglingastofnun Íslands.

## VIII. KAFLI

**Breyting á lögum um vitamál, nr. 56/1981, með síðari breytingum.**

8. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Um yfirstjórn vitamála fer eftir lögum um Siglingastofnun Íslands.

9. gr.

2.–6. gr. laganna falla brott og breytist greinatala í lögnum til samræmis við það.

10. gr.

Í stað orðanna „Vitastofnun Íslands“ í 5.–8. mgr. 7. gr., 8. gr., 10. gr., 1. og 3. mgr. 13. gr., 1.–3. mgr. 14. gr. og 15. gr. laganna kemur í viðeigandi falli: Siglingastofnun Íslands.

Í stað orðsins „Vitastofnun“ í 6. og 7. mgr. 7. gr. laganna kemur í viðeigandi falli: Siglingastofnun.

Í stað orðsins „Vitaneftndar“ í 4., 5. og 8. mgr. 7. gr. og 12. gr. laganna kemur: siglingaráðs.



## 11. gr.

16. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um framkvæmd laga þessara.

## IX. KAFLI

**Breyting á lögum um tóbaksvarnir, nr. 74/1984, með síðari breytingum.**

## 12. gr.

Í stað orðanna „Siglingamálastofnun ríkisins“ í 3. mgr. 13. gr. laganna kemur: Siglingastofnun Íslands.

## X. KAFLI

**Breyting á lögum um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum, nr. 112/1984, með síðari breytingum.**

## 13. gr.

Í stað orðanna „Siglingamálastofnun ríkisins“ í j-lið 2. gr., 3. mgr. 13. gr. og 2. mgr. 19. gr. laganna kemur í viðeigandi falli: Siglingastofnun Íslands.

## XI. KAFLI

**Breyting á lögum um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum, nr. 113/1984, með síðari breytingum.**

## 14. gr.

Í stað orðanna „Siglingamálastofnun ríkisins“ í 2. mgr. 6. gr., 5. mgr. 9. gr. og 13. gr. laganna kemur í viðeigandi falli: Siglingastofnun Íslands.

## XII. KAFLI

**Breyting á siglingalögum, nr. 34/1985, með síðari breytingum.**

## 15. gr.

Í stað orðsins „Siglingamálastofnun“ í 3. mgr. 227. gr. og 228. gr. laganna kemur: Siglingastofnun.

Í stað orðanna „Siglingamálastofnun ríkisins“ í 1.–4. mgr. 220. gr., 2. mgr. 221. gr., 222. gr., 223. gr., 5.–8. mgr. 226. gr., 1. mgr. 227. gr. og 4. mgr. 230. gr. laganna kemur í viðeigandi falli: Siglingastofnun Íslands.

## XIII. KAFLI

**Breyting á sjómannaálagum, nr. 35/1985, með síðari breytingum.**

## 16. gr.

Í stað orðsins „Siglingamálastofnun“ í 4. mgr. 63. gr. laganna kemur: Siglingastofnun Íslands.

## XIV. KAFLI

**Breyting á lögum um skráningu skipa, nr. 115/1985, með síðari breytingum.**

## 17. gr.

Í stað orðsins „Siglingamálastofnun“ í 3. mgr. 4. gr., 2. mgr. 5. gr., 1., 2. og 5. mgr. 6. gr., 4. mgr. 9. gr., 2. mgr. 10. gr., 1. og 2. mgr. 12. gr., 1.–3. mgr. 13. gr., 14. gr., 3. mgr. 15. gr., 16. gr., 17. gr. og 1. mgr. 23. gr. laganna kemur í viðeigandi falli: Siglingastofnun.

Í stað orðanna „Siglingamálastofnun ríkisins“ í 1. mgr. 4. gr. laganna kemur: Siglingastofnun Íslands.

Í stað orðsins „siglingamálastjóri“ í 2. og 3. mgr. 3. gr., 2. mgr. 5. gr., 3. og 6. mgr. 6. gr., 7. gr., 6. mgr. 9. gr., 2. mgr. 15. gr., 1. og 2. mgr. 18. gr. og 1. og 2. mgr. 19. gr. laganna kemur í viðeigandi falli: forstjóri Siglingastofnunar Íslands.

#### XV. KAFLI

##### **Breyting á lögum um varnir gegn mengun sjávar, nr. 32/1986, með síðari breytingum.**

18. gr.

Í stað orðanna „Siglingamálastofnun ríkisins“ í 2. og 3. mgr. 10. gr., 1. mgr. 13. gr., 1. mgr. 14. gr., 17. gr., 18. gr., 20. gr., 21. gr., 22. gr. og 1. mgr. 24. gr. laganna kemur í viðeigandi falli: Siglingastofnun Íslands.

Orðin „og Hafnamálastofnun ríkisins“ í 17. gr. laganna falla brott.

#### XVI. KAFLI

##### **Breyting á lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 81/1988, með síðari breytingum.**

19. gr.

Í stað orðsins „siglingamálastjóri“ í 2. mgr. 27. gr. laganna kemur: forstjóri Siglingastofnunar Íslands.

#### XVII. KAFLI

##### **Breyting á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990, með síðari breytingum.**

20. gr.

Í stað orðanna „Siglingamálastofnunar ríkisins“ í 1. mgr. 5. gr. laganna kemur: Siglingastofnunar Íslands.

#### XVIII. KAFLI

##### **Breyting á lögum um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum, nr. 54/1992, með síðari breytingum.**

21. gr.

Í stað orðanna „Siglingamálastofnunar ríkisins“ í 5. gr. laganna kemur: Siglingastofnunar Íslands.

#### XIX. KAFLI

##### **Breyting á lögum um Kjaradóm og kjaranefnd, nr. 120/1992, með síðari breytingum.**

22. gr.

Í stað orðsins „siglingamálastjóri“ í 1. mgr. 9. gr. laganna kemur: forstjóri Siglingastofnunar Íslands.

Orðin „vita- og hafnamálastjóri“ í 1. mgr. 9. gr. laganna falla brott.

#### XX. KAFLI

##### **Breyting á lögum um leiðsögu skipa, nr. 34/1993, með síðari breytingum.**

23. gr.

Í stað orðanna „Vitastofnun Íslands“ í 1. gr. og 1. og 4. mgr. 3. gr. laganna kemur: Siglingastofnun Íslands.

Í stað orðanna „Siglingamálastofnun ríkisins“ í 2. mgr. 4. gr. laganna kemur: Siglingastofnun Íslands.

## XXI. KAFLI

**Breyting á lögum um eftirlit með skipum, nr. 35/1993,  
með síðari breytingum.**

24. gr.

Í stað orðanna „er háð eftirliti Siglingamálastofnunar“ í 1. másl. 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: er háð eftirliti Siglingastofnunar Íslands.

Í stað orðsins „Siglingamálastofnun“ í 1. mgr. 6. gr., 1. mgr. 7. gr., 2. mgr. 10. gr., 2. mgr. 11. gr., 2. og 3. tölul. 1. mgr. 12. gr., 3. og 4. mgr. 15. gr., 1. mgr. 17. gr., 2.–6. mgr. 18. gr., 19. gr., 20. gr., 21. gr., 22. gr., 3. mgr. 26. gr. og 3. mgr. 28. gr. laganna kemur í viðeigandi falli: Siglingastofnun.

Í stað orðanna „Siglingamálastofnun ríkisins“ í 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: Siglingastofnun.

Í stað orðanna „Siglingamálastofnun ríkisins“ í 1. mgr. 7. gr., 2. tölul. 1. mgr. 12. gr., 2. mgr. 13. gr., 2. mgr. 17. gr., 1. mgr. 18. gr. og 1. mgr. 28. gr. laganna kemur í viðeigandi falli: Siglingastofnun Íslands.

Í stað orðsins „siglingamálastjóri“ í 1. mgr. 6. gr., 8. gr., 2. mgr. 10. gr., 2. mgr. 11. gr., 1. mgr. 14. gr., 1. mgr. 15. gr., 21. gr., 2. mgr. 23. gr. og 2. mgr. 26. gr. laganna kemur í viðeigandi falli: forstjóri Siglingastofnunar Íslands.

## XXII. KAFLI

**Breyting á hafnalögum, nr. 23/1994.**

25. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Um yfirstjórn hafnamála fer eftir lögum um Siglingastofnun Íslands.

26. gr.

2.–6. gr. laganna falla brott og breytist greinatala í lögnum til samræmis við það.

27. gr.

Í stað orðsins „Hafnamálastofnun“ í 15. gr., 1. mgr. 18. gr., 20. gr., 1. mgr. 27. gr. og 1. mgr. 29. gr. laganna kemur: Siglingastofnun Íslands.

Í stað orðsins „Hafnamálastofnun“ í 2. og 3. mgr. 16. gr., 2. mgr. 17. gr., 2. og 3. mgr. 22. gr., 3. og 4. tölul. 1. mgr. 24. gr., 2. mgr. 29. gr. og 1. mgr. 33. gr. laganna kemur í viðeigandi falli: Siglingastofnun.

Í stað orðanna „Hafnamálastofnun ríkisins“ í 1. mgr. 22. gr., 34. gr. og 36. gr. laganna kemur í viðeigandi falli: Siglingastofnun Íslands.

Í stað orðsins „hafnamálastjóri“ í 3. mgr. 24. gr., 3. tölul. 25. gr. og 4. mgr. 29. gr. laganna kemur í viðeigandi falli: forstjóri Siglingastofnunar Íslands.

## XXIII. KAFLI

**Breyting á lögum um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, nr. 92/1994,  
með síðari breytingum.**

28. gr.

Í stað orðanna „Siglingamálastofnun ríkisins“ í 1. mgr. 4. gr. og 2. mgr. 8. gr. laganna kemur: Siglingastofnun Íslands.

## XXIV. KAFLI

**Breyting á lögum um áhafnir íslenskra kaupskipa, nr. 59/1995.**

29. gr.

Í stað orðanna „Siglingamálastofnun ríkisins“ í 1- og p-lið 2. gr. og 8. gr. laganna kemur í viðeigandi falli: Siglingastofnun Íslands.

## XXV. KAFLI

**Gildistaka.**

30. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. október 1996.

*Gjört í Reykjavík, 19. mars 1996.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

---

*Halldór Blöndal.*
**LÖG**

**um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga  
í tækni- og hönnunargreinum.**

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Lög þessi taka til eftirtalinna starfsheita:

1. verkfræðinga,
2. tækni- og hönnunargreina,
3. arkitekta (húsameistara),
4. byggingafræðinga,
5. húsgagna- og innanhússhönnuða,
6. iðnfræðinga,
7. landslagshönnuða og
8. skipulagsfræðinga.

2. gr.

Rétt til að nota starfsheiti þau sem lög þessi taka til eða orð sem fela í sér þau heiti hafa þeir menn einir sem fengið hafa til þess leyfi ráðherra, sbr. 3. gr., eða þeir sem fengið hafa staðfestingu ráðherra á leyfi til að bera samsvarandi starfsheiti sem veitt hefur verið í ríki sem er aðili að samningi um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. 4. gr.

3. gr.

Engum má veita leyfi það er um ræðir í 2. gr. nema hann hafi lokið fullnaðarprófi í viðkomandi starfsgrein.

Fagfélög þeirra starfsgreina sem lög þessi taka til skulu setja sér reglur um hvaða nám teljist leiða til fullnaðarprófs í viðkomandi starfsgrein. Þær reglur skulu taka gildi þegar þær

hafa verið staðfestar af ráðherra og birtar í Stjórnartíðindum. Rétt til að öðlast leyfi hafa þeir sem lokið hafa námi samkvæmt greindum reglum að mati ráðherra að fenginni umsögn viðkomandi fagfélags.

4. gr.

Ráðherra skal staðfesta leyfi til að bera starfsheiti sem lög þessi taka til samkvæmt umsókn ríkisborgara frá ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins ef viðkomandi leggur fram vottorð frá ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins sem uppfyllir skilyrði:

1. tilskipunar 85/384/EBE ef um arkitekt er að ræða.
2. tilskipunar 89/48/EBE ef um aðrar starfsstéttir er að ræða.

5. gr.

Ráðherra sker úr ágreiningi sem rísa kann um notkun starfsheita.

6. gr.

Ráðherra skal halda skrá um þá sem fengið hafa leyfi til að bera starfsheiti samkvæmt lögum þessum.

7. gr.

Ráðherra skal með reglugerð setja nánari ákvæði um rétt manna til að bera starfsheiti samkvæmt lögum þessum.

8. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum.

9. gr.

EES-gerðir, sem vísað er til í lögum þessum, eru birtar í sérritinu EES-gerðir, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 31/1993, nr. S 34 á bls. 1–8 og bls. 125–140.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 62 5. september 1986, um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara, landslagshönnuði, húsgagna- og innanhússhönnuði, tæknifræðinga eða byggingafræðinga, og lög nr. 46 11. maí 1982, um rétt manna til að kalla sig iðnfræðinga.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Ákvæði laga þessara breyta ekki rétti þeim sem menn hafa öðlast til að nota starfsheiti þau sem lög þessi taka til fyrir gildistöku laga þessara.

*Gjört í Reykjavík, 11. mars 1996.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Finnur Ingólfsson.*

# LÖG

## um breytingu á lögum nr. 6/1986, um afréttamálefni, fjallskil o.fl.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „Búnaðarfélag Íslands“ í 21. gr. laganna og í stað sömu orða í 25. gr. kemur (í viðeigandi beygingarfalli): Bændasamtök Íslands.

Í stað orðanna „sker Búnaðarfélag Íslands úr“ í 3. másl. 26. gr. laganna kemur: skera Bændasamtök Íslands úr.

Í stað orðanna „Búnaðarfélag Íslands úrskurðar“ í 4. másl. 41. gr. laganna kemur: Bændasamtök Íslands úrskurða.

2. gr.

3. mgr. 66. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra getur með reglugerð falið Bændasamtökum Íslands að hafa umsjón með samræmingu á gerð og útgáfu markaskráa og upptöku nýrra marka og ákveðið að öll mörk í landinu skuli sameiginlega færð í tölvu í umsjá þeirra. Kostnað af starfi Bændasamtaka Íslands vegna þessa verkefnis greiðir stjórn hvers fjallskilaumdæmis í hlutfalli við markafjölda.

3. gr.

2. másl. 2. mgr. 69. gr. laganna orðast svo:

Skal einn skipaður eftir tilnefningu Bændasamtaka Íslands, annar eftir tilnefningu yfirdýralæknis og sá þriðji án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 11. mars 1996.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Guðmundur Bjarnason.*

Nr. 10

12. febrúar 1996

# AUGLÝSING

## um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fór til útlanda í dag.

Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

*Forsætisráðuneytinu, 12. febrúar 1996.*

**Davíð Oddsson.**

*Ólafur Davíðsson.*

# FORSETAÚRSKURÐUR

## um sendiráð, fastanefndir hjá alþjóðastofnunum og sendiráðisskrifstofur.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:*

Samkvæmt fyrimælum 4. gr. laga nr. 39 frá 16. apríl 1971 um utanríkisþjónustu Íslands eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

1. Íslensk sendiráð skulu vera í Kaupmannahöfn, Osló, Stokkhólmi, London, París, Moskvu, Bonn, Brussel, Washington og Peking. Fastanefndir skulu vera í Genf, New York og Brussel. Aðalráðisskrifstofa skal vera í New York.
2. Umdæmi sendiráða og fastanefnda skulu vera sem hér segir:
  - a. Kaupmannahöfn. Auk Danmerkur skal umdæmi sendiráðsins vera Bosnía og Hersegóvína, Litháen og Tyrkland.
  - b. Osló. Auk Noregs skal umdæmi sendiráðsins vera Króatía, Kýpur, Makedónía, Pólland, Slóvakía og Tékkland.
  - c. Stokkhólmur. Auk Svíþjóðar skal umdæmi sendiráðsins vera Albanía, Eistland, Finnland, Lettland og Slóvenía.
  - d. London. Auk Stóra Bretlands og Norður-Írlands skal umdæmi sendiráðsins vera Grikkland, Holland, Indland og Lýðveldið Írland.
  - e. París. Auk Frakklands skal umdæmi sendiráðsins vera Ítalía, Portúgal og Spánn. Forstöðumaður sendiráðsins skal vera fastafulltrúi Íslands hjá Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnuninni (OECD), Evrópuráðinu og Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO).
  - f. Moskva. Auk Rússlands skal umdæmi sendiráðsins vera Búlgaría, Georgía, Moldóva, Mongólía, Rúmenía og Úkraína.
  - g. Bonn. Auk Þýskalands skal umdæmi sendiráðsins vera Austurríki, Serbía-Svartfjallaland, Sviss og Ungverjaland.
  - h. Brussel, sendiráð. Auk Belgíu skal umdæmi sendiráðsins vera Liechtenstein og Lúxemborg. Forstöðumaður sendiráðsins skal vera sendiherra Íslands hjá Evrópusambandinu.
  - i. Brussel, fastanefnd. Forstöðumaður fastanefndarinnar skal vera fastafulltrúi Íslands hjá Norður-Atlantshafsráðinu (NATO) og Vestur-Evrópusambandinu.
  - j. Washington. Auk Bandaríkja Ameríku skal umdæmi sendiráðsins vera Argentína, Brasilía, Chile, Kanada, Kólumbía, Mexíkó, Perú, Úrúgvæ og Venesúela.
  - k. Peking. Auk alþýðulýðveldisins Kína skal umdæmi sendiráðsins vera Indónesía, Japan, Norður-Kórea, Suður-Kórea, Taíland og Víetnam.
  - l. Genf. Forstöðumaður fastanefndarinnar skal vera fastafulltrúi Íslands hjá Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA), Evrópuskrifstofu Sameinuðu þjóðanna og öðrum alþjóðastofnunum sem aðsetur hafa í Genf og Ísland er aðili að.
  - m. New York. Forstöðumaður fastanefndarinnar skal vera fastafulltrúi Íslands hjá höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna.
3. Forsvar gagnvart Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu (ÖSE) skal vera hjá utanríkisráðuneytinu í Reykjavík.

4. Ráðherra getur ákveðið að sendiherrar í utanríkisþjónustunni með búsetu í Reykjavík skuli vera sendiherrar gagnvart Páfagarði og fjarlægum löndum, eftir því sem nauðsyn kann að krefja.

Úrskurður þessi skal taka gildi við undirskrift og um leið fellur úr gildi forsetaúrskurður nr. 17 frá 14. mars 1994.

*Gjört í Reykjavík, 28. mars 1996.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

---

*Halldór Ásgrímsson.*

## AUGLÝSING

**um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 98/1993,  
fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum.**

Forseti Íslands féllst hinn 19. febrúar 1996 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breyting á reglugerð nr. 98/1993, fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum:

1. gr.

Í lok XVI. kafla komi ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Frá og með háskólaárinu 1996-1997 verða stúdentar ekki skráðir til náms í aðalgreinina uppeldis- og menntunarfræði, sbr. a. lið 112. gr. Þeir stúdentar sem hófu nám í uppeldis- og menntunarfræði sem aðalgrein haustið 1995 eða fyrir þann tíma, eiga rétt á að ljúka námi sínu í samræmi við ákvæði a. liðar 112. gr. um uppeldis- og menntunarfræði. Nám í uppeldis- og menntunarfræði sem aukagrein verður áfram í boði, sbr. b. lið 112. gr. Bráðabirgðaákvæði þetta gildir í fjögur ár, eða til loka háskólaársins 1999-2000.

2. gr.

Reglugerð þessi sem er sett samkvæmt heimild í 40. gr. laga nr. 131/1990, um Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytinu, 22. febrúar 1996.*

**Björn Bjarnason.**

---

*Guðríður Sigurðardóttir.*



## LÖG

### um verðbréfavíðskipti.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### I. KAFLI

##### Almenn ákvæði.

###### 1. gr.

Lög þessi taka til verðbréfavíðskipta, eins og þau eru skilgreind í 2. gr., sem stunduð eru af fyrirtækjum í verðbréfabjónustu sem hlotið hafa starfsleyfi viðskiptaráðherra.

Lög þessi, að undanskildum ákvæðum IV. kafla um meðferð trúnaðarupplýsinga, taka ekki til:

1. Vátryggingafélaga eða fyrirtækja sem annast endurtryggingarstarfsemi samkvæmt lögum.
2. Lögaðila sem veita aðeins þjónustu sem lög þessi taka til fyrir móðurfélög sín, dótturfélög sín eða fyrir önnur dótturfélög móðurfélags síns.
3. Þjónustu héraðsdóms- og hæstaréttarlögmanna og löggiltra endurskoðenda sem samkvæmt lögum þessum telst til verðbréfavíðskipta, enda sé þjónustan veitt sem eðlilegur þáttur í viðtækara viðfangsefni á starfssviði þeirra.
4. Lögaðila sem veita aðeins þjónustu sem lög þessi taka til í tengslum við stjórnun á fjárfestingarsjóðum starfsmanna.
5. Seðlabanka ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins, annarra innlendra stofnana þeirra sem annast sambærilega starfsemi og annarra opinberra stofnana sem annast eða hafa afskipti af lánamálum ríkja.
6. Lögaðila sem innlend lagaákvæði eða siðareglur taka til sem mega ekki taka til vörslu fjármuni eða verðbréf viðskiptamanna og sem af þeim ástæðum mega aldrei setja sig í skuldastöðu gagnvart viðskiptamönnum sínum, mega aðeins veita þjónustu á sviði verðbréfavíðskipta sem felst í móttöku og miðlun fyrir mæla varðandi verðbréf og hlutdeildarskírteini í fyrirtækjum um sameiginlega fjárfestingu og er eingöngu heimilt að miðla fyrir mælum til:
  - a. fyrirtækja í verðbréfabjónustu sem eru með starfsleyfi samkvæmt lögum þessum;
  - b. lánastofnana sem eru með starfsleyfi samkvæmt lögum um viðskiptabanka og sparisjóði eða lögum um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði;
  - c. útibúa fyrirtækja í verðbréfabjónustu eða lánastofnana sem eru með starfsleyfi í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins og eru háð og fylgja varfærnisreglum sem lögbær yfirvöld telja a.m.k. jafnstrangar og varfærnisreglur samkvæmt þessum lögum, lögum um viðskiptabanka og sparisjóði eða lögum um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði;

- d. verðbréfasjóða sem eru með starfsleyfi samkvæmt lögum ríkis innan Evrópska efnahagssvæðisins til að bjóða hlutdeildarskírteini sín út á almennum markaði og til stjórnenda slíkra sjóða;
  - e. fjárfestingarfélaganna með fastan höfuðstól sem gefa út verðbréf sem skráð eru eða ganga kaupum og sölum á skipulegum markaði innan Evrópska efnahagssvæðisins.
7. Verðbréfasjóða og annarra fyrirtækja sem falla undir lög um verðbréfasjóði.
  8. Aðila sem hafa aðallega þá starfsemi með höndum að versla með hrávöru sín á milli eða við framleiðendur eða aðila sem nota þessar vörur í atvinnuskyni og veita eingöngu slíkum framleiðendum eða aðilum þjónustu á verðbréfasviði og aðeins í þeim mæli sem nauðsynlegt er vegna meginstarfsemi þeirra.
  9. Fyrirtækja sem veita þjónustu á sviði verðbréfavíðskipta sem felst eingöngu í viðskiptum fyrir eigin reikning á markaði fyrir kaupskuldbindingar eða kauprétt eða viðskiptum fyrir reikning annarra sem eiga aðild að þessum mörkuðum eða fyrirtækja sem gefa upp verð til annarra sem eiga aðild að sömu mörkuðum og sem uppgjörsaðilar á sömu mörkuðum ábyrgjast. Uppgjörsaðilar á sömu mörkuðum verða að ábyrgjast að staðið sé við samninga sem slík fyrirtæki gera.
  10. Ráðgjafar um uppbyggingu eigin fjár, stefnumótun og skyld mál og ráðgjafar og þjónustu varðandi samruna fyrirtækja og kaup á þeim.

## 2. gr.

Í lögum þessum merkir:

1. *Verðbréfavíðskipti*: Starfsemi skv. 8. og 9. gr. sem stunduð er af fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu sem til þess hafa starfsleyfi víðskiptaráðherra.
2. *Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu*:
  - a. Verðbréfafyrirtæki sem fengið hefur leyfi víðskiptaráðherra til að stunda starfsemi skv. 8. gr., svo og þeir sem hafa rétt til að stunda slíka starfsemi hér á landi samkvæmt lögum eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.
  - b. Verðbréfamiðlun sem fengið hefur leyfi víðskiptaráðherra til að stunda starfsemi skv. 9. gr., svo og þeir sem hafa rétt til að stunda slíka starfsemi hér á landi samkvæmt lögum eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að. Ákvæði III. kafla eiga við um verðbréfamiðlun eftir því sem við getur átt.
3. *Verðbréf*:
  - a. Hvers konar framseljanleg kröfuréttindi til peningagreiðslu eða ígildis hennar, svo og framseljanleg skilríki fyrir eignarréttindum að öðru en fasteign eða einstökum lausafjármunum.
  - b. Skilyrt skilríki til peningagreiðslu á grundvelli tiltekins verðbréfs eða verðbréfa skv. a-lið.
4. *Almennt útbod*: Sala samkynja verðbréfa sem boðin eru almenningi til kaups í fyrsta sinn með almennri og opinberri auglýsingu eða kynningu með öðrum hætti sem jafna má til opinberrar auglýsingar, enda séu verðbréf í sama flokki ekki skráð á skipulegum verðbréfamarkaði.
5. *Fastur rekstrarkostnaður*: Rekstrargjöld að frátöldum fjármagnsgjöldum og óreglulegum gjöldum.
6. *Fjárvarsla*: Þjónusta, veitt samkvæmt sérstökum samningi gegn endurgjaldi sem felur í sér að taka við fjármunum til fjárfestingar í verðbréfum eða öðrum verðmætum fyrir eigin reikning víðskiptamanns.
7. *Gistiríki*: Ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins þar sem innlent fyrirtæki í verðbréfaþjónustu starfrækir útibú eða veitir þjónustu.

8. *Heimaríki:*
  - a. Ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins þar sem lögaðili, sem hefur heimild til að stunda verðbréfavíðskipti hér á landi, hefur skráða skrifstofu eða, hafi hann enga skráða skrifstofu í samræmi við eigin landslög, það ríki þar sem hann hefur aðal-skrifstofu.
  - b. Ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins þar sem skipulegur verðbréfamarkaður hefur skráða skrifstofu eða, hafi markaðurinn enga skráða skrifstofu í samræmi við eigin landslög, það ríki þar sem hann hefur aðalskrifstofu.
9. *Náin tengsl:* Innbyrðis tengsl tveggja eða fleiri lögaðila sem fela í sér beina eða óbeina hlutdeild þessara aðila sem nemur a.m.k. 20% af eigin fé eða atkvæðisrétti fyrirtækis. Einnig er um náin tengsl að ræða ef fyrrgreindir aðilar, eða dótturfélög þeirra, hafa vegna samninga yfirráð í fyrirtæki eða sambærileg innbyrðis tengsl eins eða fleiri lögaðila eða einstaklinga við fyrirtæki.
10. *Skipulegur verðbréfamarkaður:*
  - a. Verðbréfaþing Íslands og hliðstæðar kauphallir innan Evrópska efnahagssvæðisins.
  - b. Aðrir verðbréfamarkaðir innan Evrópska efnahagssvæðisins þar sem verðbréf ganga kaupum og sölum og sem eru opnir almenningi, starfa reglulega og eru viðurkenndir með þeim hætti sem bankaeftirlit Seðlabanka Íslands metur gildan.
  - c. Markaðir skv. a- og b-lið sem staðsettir eru í ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins og eru viðurkenndir með þeim hætti sem bankaeftirlitið metur gildan.
11. *Sölutrygging:* Samningur milli fyrirtækis í verðbréfaþjónustu skv. 8. gr. og útgefanda eða eiganda verðbréfa þar sem fyrirtækið skuldbindur sig til þess að kaupa ákveðinn hluta eða öll verðbréf í tilteknu útboði innan fyrir fram ákveðinna tímamarka og á fyrir fram ákveðnu verði.
12. *Veltubók:* Verðbréf sem fyrirtæki í verðbréfaþjónustu hefur eignast eða heldur eftir með endursölu í huga og/eða í því skyni að hagnast á skammtímabreytingum á markaðsvirði þessara skjala eða öðrum verð- eða vaxtabreytingum. Jafnframt teljast til veltubókar stöður í fjármálaskjölum sem verða til við samtímis skipti á höfuðstólsfjárhæðum, svo og fjármálasamningar sem fyrirtæki í verðbréfaþjónustu er aðili að í því skyni að baktryggja aðra þætti veltubókar. Til veltubókar teljast enn fremur áhættuþættir tengdir úppgerðum og ófrágengnum viðskiptum og afleiddum skjölum sem verslað er með innan og utan verðbréfamarkaðar, svo og áhættuþættir er tengjast skuldbindingum fyrirtækis í verðbréfaþjónustu sem myndast vegna viðskipta með verðbréf í veltubók.
13. *Verðbréfafyrirtæki:* Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu skv. a-lið 2. tölul.
14. *Verðbréfamiðlun:* Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu skv. b-lið 2. tölul.
15. *Viðskiptavaki:* Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu skv. 8. gr. eða annar aðili sem til þess hefur heimild samkvæmt lögum og hefur skuldbundið sig formlega til að kaupa og selja fyrir eigin reikning tiltekin verðbréf, í því skyni að greiða fyrir því að markaðsverð skapist á verðbréfunum, og tilkynnt það opinberlega.
16. *Virkur eignarhluti:* Bein eða óbein eignarhlutdeild í fyrirtæki í verðbréfaþjónustu sem nemur 10% eða meira af eigin fé þess eða atkvæðisrétti eða önnur hlutdeild sem gerir það kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun fyrirtækis sem eignarhlutdeild er í.

## II. KAFLI

## Leyfi til verðbréfavíðskipta.

## 3. gr.

Fyrirtækjum í verðbréfabjónustu er óheimilt að hefja starfsemi, nema þau uppfylli skilyrði laga þessara og hafi fengið starfsleyfi viðskiptaráðherra. Skilyrði fyrir veitingu starfsleyfis eru sem hér segir:

1. Fyrirtækið sé hlutafélag. Þó er heimilt að starfrækja verðbréfamiðlun skv. 9. gr. sem einkahlutafélag. Sé um að ræða verðbréfafyrirtæki sem stundar starfsemi skv. 8. gr. skal innborgað hlutafé nema a.m.k. 65 milljónum króna. Sé um að ræða verðbréfamiðlun sem stundar starfsemi skv. 9. gr. skal innborgað hlutafé nema a.m.k. 4,5 milljónum króna, sbr. þó 2. mgr. 9. gr. Fjárhæðir þessar skulu bundnar gengi evrópsku mynteiningarinnar ECU miðað við opinbert kaupgengi hennar við gildistöku laga þessara. Fyrirtæki í verðbréfabjónustu er óheimilt að hefja starfsemi fyrr en hlutafé hefur verið greitt að fullu í reiðufé.
2. Fyrirtækið hafi aðalskrifstofu hér á landi.
3. Stjórnarmenn í verðbréfafyrirtæki skulu vera a.m.k. þrír en í verðbréfamiðlun a.m.k. tveir. Þeir skulu vera búsettir hér á landi, vera lögráða, hafa óflekkað mannorð, vera fjár síns ráðandi og mega ekki á síðustu fimm árum hafa í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld. Ríkisborgarar þeirra ríkja sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eru undanþegnir búsetuskilyrðinu, enda séu viðkomandi ríkisborgarar búsettir í EES-ríki. Ráðherra er heimilt að veita þeim sem búsettir eru í öðrum ríkjum sömu undanþágu.
4. Framkvæmdastjóri fyrirtækisins fullnægi skilyrðum 2. og 3. másl. 3. tölul. og hafi sótt nám í verðbréfamiðlun og lokið þar prófi samkvæmt prófkröfum sem settar eru í reglugerð eða öðru jafngildu námi að mati ráðherra.
5. Endurskoðun á reikningum fyrirtækisins sé framkvæmd af löggiltum endurskoðanda eða endurskoðunarstofu.
6. Fyrirtækið setji tryggingu fyrir tjóni sem það kann að baka viðskiptavinum sínum í starfsemi sinni. Nánari ákvæði um fjárhæð tryggingar og lágmarksskilmála að öðru leyti skulu sett með reglugerð.

Jafnframt þeim skilyrðum sem fram koma í 1. mgr. er ráðherra heimilt að synja umsókn um starfsleyfi ef stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri hafa sýnt af sér háttsemi sem gefur tilefni til að ætla að þeir misnoti aðstöðu sína eða ef eignarhlutur hluthafa í fyrirtæki í verðbréfabjónustu, sbr. 12. gr., telst ósamrýmanlegur rekstri fyrirtækisins. Sama á við ef það er mat bankaeftirlitsins að nán tengsl fyrirtækis í verðbréfabjónustu við einstaklinga eða lögaðila geti hindrað það í eðlilegum eftirlitsaðgerðum, sem og ef lög eða reglur, sem um þá aðila gilda, hindra eðlilegt eftirlit.

## 4. gr.

Umsókn um starfsleyfi skal vera skrifleg. Henni skulu fylgja:

1. Samþykktir fyrirtækisins.
2. Starfsáætlun þar sem m.a. komi fram upplýsingar um eðli fyrirhugaðrar starfsemi skv. 8. og 9. gr. og skipulag viðkomandi fyrirtækis.
3. Upplýsingar um stofnendur, hluthafa og einstaklinga eða lögaðila sem hafa yfir að ráða virkum eignarhlut í félaginu og hlut hvers þeirra um sig.
4. Staðfesting á fjárhæð innborgaðs hlutafjár.

5. Aðrar upplýsingar sem ráðherra ákveður.

Áður en ákvörðun er tekin um veitingu starfsleyfis eða synjun umsóknar skal leitað umsagnar bankaeftirlits Seðlabanka Íslands. Sé fyrirtæki í verðbréfaþjónustu dótturfyrirtæki annars slíks fyrirtækis eða lánastofnunar sem hefur leyfi í öðru aðildarríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, dótturfyrirtæki móðurfyrirtækis slíkra fyrirtækja eða undir stjórn sama einstaklings eða lögaðila og stjórnar slíkum fyrirtækjum skal jafnframt leitað umsagnar lögbærra yfirvalda í hlutaðeigandi ríki.

Óheimilt er að veita starfsleyfi sem eingöngu tekur til þjónustu skv. 2. tölul. 8. gr.

5. gr.

Ákvörðun ráðherra um umsókn um starfsleyfi skal tilkynna umsækjanda skriflega svo fljótt sem unnt er og eigi síðar en þremur mánuðum eftir að fullbúin umsókn barst ráðherra. Synjun ráðherra á umsókn skal rökstudd.

6. gr.

Heimilt er fyrirtæki í verðbréfaþjónustu að hefja starfsemi þegar í stað eftir að ráðherra hefur veitt því starfsleyfi. Ef um verðbréfafyrirtæki er að ræða skal í leyfinu getið þeirrar þjónustu skv. 8. gr. sem starfsleyfi þess tekur til.

Hefji leyfishafi ekki starfsemi innan tólf mánaða frá því að tilkynnt er um veitingu starfsleyfis fellur leyfið niður. Starfsleyfi fellur jafnframt niður hafi fyrirtæki í verðbréfaþjónustu ekki veitt þjónustu sem því er heimilt samkvæmt lögum þessum í samfellt sex mánuði.

### III. KAFLI

#### Réttindi og skyldur fyrirtækja í verðbréfaþjónustu.

7. gr.

Fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu er skylt og einum heimilt, nema lög ákveði annað, að nota í firma sínu eða til nánari skýringar á starfsemi sinni orðin „verðbréfafyrirtæki“ eða „verðbréfamiðlun“ ein sér eða samtengd öðrum orðum, sbr. þó 45. gr.

8. gr.

Verðbréfafyrirtækjum er heimilt að hafa með höndum eftirfarandi starfsemi í tengslum við viðskipti með verðbréf:

1. Þjónusta:

- a. Móttaka og miðlun fyrirmæla frá viðskiptavinum um eitt eða fleiri verðbréf og framkvæmd slíkra fyrirmæla fyrir reikning þriðja aðila.
- b. Viðskipti með verðbréf fyrir eigin reikning.
- c. Stjórnun fjárfestingarsamvals, samkvæmt umboði fjárfesta, sem miðast við einstaka viðskiptamenn, svo fremi um sé að ræða eitt eða fleiri verðbréf.
- d. Sölutrygging í tengslum við útgáfur eins eða fleiri verðbréfa eða markaðssetning slíkra útgáfna.

2. Viðbótarþjónusta:

- a. Varsla og stjórnun í tengslum við eitt eða fleiri verðbréf.
- b. Öryggisvarsla fjár.
- c. Veiting lánsheimilda, ábyrgða eða lána til fjárfestis þannig að hann geti átt viðskipti með eitt eða fleiri verðbréf ef verðbréfafyrirtæki sem veitir lánsheimildina eða lánið annast viðskiptin.

- d. Ráðgjöf til fyrirtækja um uppbyggingu eigin fjár, stefnumótun og skyld mál og ráðgjöf og þjónusta varðandi samruna fyrirtækja og kaup á þeim.
- e. Þjónusta í tengslum við sölutryggingu.
- f. Fjárfestingarráðgjöf varðandi eitt eða fleiri verðbréf.
- g. Gjalddeyrishjónusta ef umrædd viðskipti eru liður í fjárfestingarþjónustu.
- h. Fræðsla og kynning á verðbréfavíðskiptum.

#### 9. gr.

Verðbréfamiðlun er eingöngu heimilt að annast milligöngu gegn endurgjaldi um kaup eða sölu verðbréfa og sérfræðiráðgjöf um verðbréfavíðskipti. Verðbréfamiðlun er einungis heimilt að taka við fjármunum eða verðbréfum víðskiptavina í starfsemi sinni um skamman tíma, enda sé slíkt nauðsynlegt til að ljúka víðskiptum sem fyrirtækið hefur annast milli-göngu um.

Verðbréfamiðlun er heimilt að eiga víðskipti með verðbréf fyrir eigin reikning, enda nemi innborgað hlutfé a.m.k. 10 milljónum króna og þess sé getið í starfsleyfi. Heildar-markaðsvirði þeirra verðbréfa sem verðbréfamiðlun er heimilt að varðveita fyrir eigin reikning skal ekki fara yfir 15% af stofnfé en um starfsheimildir verðbréfamiðlunar samkvæmt þessari málsgrein, svo sem innan hvaða tímamarka slík víðskipti eru heimil, skal setja nánari ákvæði í reglugerð að fenginni umsögn bankaeftirlits Seðlabanka Íslands.

#### 10. gr.

Fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu er óheimilt að annast aðra starfsemi en um getur í 8. eða 9. gr. Öðrum aðilum er óheimilt að annast starfsemi sem um getur í 1. tölul. 8. gr. og 9. gr., nema lög ákveði annað, sbr. þó 43. gr.

#### 11. gr.

Fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu er heimilt að starfrækja útibú, enda uppfylli daglegur stjórnandi þess skilyrði 4. tölul. 1. mgr. 3. gr. Tilkynna skal bankaeftirliti Seðlabanka Íslands fyrir fram um stofnun útibús.

#### 12. gr.

Hluthafar í fyrirtæki í verðbréfaþjónustu sem eiga eða hyggjast eignast virkan eignarhlut í viðkomandi félagi skulu tilkynna bankaeftirlitinu það fyrir fram og greina frá hver eignarhlutur þeirra muni verða. Einnig skulu þeir tilkynna það bankaeftirlitinu hyggist þeir auka hlutfjáreign sína svo mikið að eignarhlutir þeirra í fyrirtæki í verðbréfaþjónustu, eða samsvarandi réttur til meðferðar atkvæða, nemi 20%, 33% eða 50% eða svo stórum hluta að viðkomandi félag verði talið dótturfyrirtæki fyrirtækis í verðbréfaþjónustu.

Ráðherra getur, að fenginni tillögu bankaeftirlitsins, synjað hluthafa um að eignast hlut eða um rétt til meðferðar atkvæða skv. 1. mgr. telji hann viðkomandi ekki hæfan til þess með tilliti til heilbrigðs og trausts reksturs fyrirtækis í verðbréfaþjónustu. Rökstudd synjun ráðherra skal hafa borist fyrirtækinu innan eins mánaðar frá þeim degi sem tilkynning skv. 1. mgr. barst bankaeftirlitinu.

Sé um að ræða aukningu á eignarhlut skv. 1. mgr. er ráðherra heimilt að kveða á um hvenær henni skuli í síðasta lagi hafa verið hrint í framkvæmd, enda hafi aukningu ekki verið hafnað.

Hyggist hluthafi, sem á virkan eignarhluta í fyrirtæki í verðbréfaþjónustu, draga úr hlutfjáreign sinni skal hann tilkynna bankaeftirlitinu það fyrir fram og einnig hver eignarhlutur hans muni verða. Fari eignarhlutur niður fyrir 20%, 33%, 50% eða minnki svo mikið

að fyrirtæki í verðbréfaþjónustu hætti að vera dótturfyrirtæki viðkomandi, sbr. 1. mgr., skal það einnig tilkynnt.

Fái fyrirtæki í verðbréfaþjónustu vitneskju um öflun eða ráðstöfun eignarhluta í hlutað-eigandi félagi sem veldur því að eignarhlutar fara yfir eða undir mörk sem tilgreind eru í 1. og 4. mgr. skal það tilkynnt bankaeftirlitinu án ástæðulauss dráttar. Einnig skal bankaeftirlitinu tilkynnt eigi sjaldnar en einu sinni á ári um þá hluthafa sem eiga virkan eignarhlut í fyrirtæki í verðbréfaþjónustu og hve stór eignarhlutur hvers um sig er.

### 13. gr.

Fari hluthafi, sem á svo stóran hlut í fyrirtæki í verðbréfaþjónustu sem segir í 1. mgr. 12. gr., þannig með hlut sinn að skaði heilbrigðan eða traustan rekstur fyrirtækisins getur ráðherra, að fenginni tillögu bankaeftirlitsins, ákveðið að hlut þessum fylgi ekki atkvæðisréttur eða lagt fyrir fyrirtækið að grípa til viðeigandi ráðstafana.

Ráðherra getur, að fenginni tillögu bankaeftirlitsins, ákveðið að eignarhlutum í fyrirtæki í verðbréfaþjónustu, sem ekki hafa verið tilkynntir fyrir fram skv. 1. mgr. 12. gr., fylgi ekki atkvæðisréttur. Synji ráðherra ekki viðkomandi hluthafa um að eignast hlut eða auka við hann fá hlutir atkvæðisrétt að nýju. Ákvörðun ráðherra um að eignarhlut fylgi ekki atkvæðisréttur skal tilkynnt hlutaskrá viðkomandi fyrirtækis. Jafnframt skal tilkynna hlutaskrá fyrirtækis í verðbréfaþjónustu verði atkvæðisréttur eignarhluta virkur að nýju.

Hafi ráðherra ákveðið skv. 1. eða 2. mgr. að hlutum fylgi ekki atkvæðisréttur skulu þeir hlutir ekki teknir með við útreikning á því fyrir hve mikinn hluta atkvæða mætt hafi verið á hluthafafundum.

### 14. gr.

Eignist fyrirtæki í verðbréfaþjónustu, eða móðurfyrirtæki þess, með starfsleyfi í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins eða einstaklingur sem ræður yfir slíku fyrirtæki virkan eignarhlut í fyrirtæki í verðbréfaþjónustu hér á landi skal það tilkynnt bankaeftirlitinu. Verði síðastnefnda fyrirtækið dótturfyrirtæki hlutaðeigandi eða undir hans stjórn skal mat á eignarhlut framkvæmt í samráði við lögbær yfirvöld í heimaríki hlutaðeigandi aðila.

Ákvæði 1. mgr. eiga einnig við ef aðilar sem þar getur auka virkan eignarhlut sinn í fyrirtæki í verðbréfaþjónustu þannig að eignarhlutur þeirra nemi 20%, 33% eða 50% eða svo miklu að fyrirtækið yrði dótturfyrirtæki þeirra.

### 15. gr.

Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu skulu kappkosta að gæta fyllstu óhlutdrægni gagnvart viðskiptamönnum sínum í starfsemi sinni og ber þeim ávallt að haga störfum sínum þannig að viðskiptamenn njóti jafnræðis um upplýsingar, verð og önnur viðskiptakjör í verðbréfavíðskiptum. Skulu viðskiptamönnum, að teknu tilliti til þekkingar þeirra, veittar greinargóðar upplýsingar um þá kosti sem þeim standa til boða.

Í auglýsingum og annarri kynningarstarfsemi fyrirtækja í verðbréfaþjónustu skal þess gætt að fram komi réttar og nákvæmar upplýsingar um starfsemi og þjónustu fyrirtækjanna.

### 16. gr.

Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu skulu kunngera viðskiptamönnum sínum fyrir fram hvaða þóknun þau muni áskilja sér fyrir þjónustu sína. Breytingar á þóknun skal tilkynna viðskiptavinum með nægum fyrirvara.

Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu skulu hafa aðgengilegar á starfsstöð sinni upplýsingar um hvaða rétt viðskiptamenn þeirra kunni að eiga til bóta vegna tjóns sem þeir verða fyrir vegna viðskipta á vegum fyrirtækjanna.

## 17. gr.

Taki fyrirtæki í verðbréfaþjónustu að sér þjónustu sem því er heimilt samkvæmt lögum þessum skal, eftir því sem við á, gerður sérstakur samningur milli fyrirtækisins og viðskiptamanns þess þar sem m.a. skal kveðið á um réttindi og skyldur samningsaðila.

## 18. gr.

Fyrirtækjum í verðbréfaþjónustu er óheimilt að annast milligöngu um verðbréfavíðskipti hafi starfsmenn þeirra vitneskju um eða ástæðu til að ætla að viðskiptin grundvallist á upplýsingum skv. 2. mgr. 26. gr., sbr. þó 2. tölul. 1. mgr. og 2. mgr. 27. gr.

## 19. gr.

Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu skal halda fjármunum viðskiptamanna tryggilega aðgreindum frá eignum fyrirtækisins. Skulu fjármunir viðskiptamanns varðveittir á sérstökum nafnskráðum reikningi og verðbréf í hans eigu varðveitt með tryggilegum hætti.

Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu er heimilt að framselja verðbréf í nafni viðskiptamanns síns hafi fyrirtækið fengið til þess skriflegt umboð. Í framsalsáritun ber að geta þess að verðbréf sé framselt samkvæmt varðveittu umboði og ber fyrirtækinu að varðveita umboð svo lengi sem réttindi eru byggð á verðbréfi sem framselt hefur verið með þessum hætti. Skylt er að láta kaupanda verðbréfs í té samrit umboðsins krefjast hann þess. Þó er verðbréfafyrirtæki, sem býður upp á vörslu skv. a-lið 2. tölul. 8. gr., heimilt að varðveita framsalsáritanir í sérstakri skrá meðan verðbréfið er í vörslu þess, enda séu framsalsáritanir færðar inn á bréfið þegar það hverfur úr vörslu fyrirtækisins. Fyrirtæki, sem hyggst nýta sér þessa heimild, ber að afla sér samþykkis bankaeftirlitsins fyrir fyrirkomulagi vörslu og því upplýsingakerfi sem á að nota.

Sá sem veitt hefur fyrirtæki í verðbréfaþjónustu umboð skv. 2. mgr. getur ekki beint kröfum að framsalshafa með stoð í heimildarskorti fyrirtækisins, nema umboð þess til framsals hafi sýnilega verið ófullnægjandi.

Framsalsáritun fyrirtækis í verðbréfaþjónustu skv. 2. mgr. telst ekki slíta framsalsröð þótt umboð til fyrirtækisins fylgi ekki verðbréfinu.

## 20. gr.

Almennt útboð verðbréfa, annarra en ríkisskuldabréfa, skuldabréfa með ríkisábyrgð og ríkisvíxla, skal fara fram fyrir milligöngu verðbréfafyrirtækja skv. 8. gr. eða annarra aðila sem til þess hafa heimild í lögum. Almennt útboð verðbréfa skal tilkynna til Verðbréfaþings Íslands eigi síðar en viku fyrir upphaf sölu ásamt upplýsingum um öll helstu einkenni útboðsins í samræmi við reglur sem stjórn Verðbréfaþingsins setur um gerð útboðsgagna og aðdraganda útboðs.

Seðlabanki Íslands getur sett nánari reglur um fyrsta söludag einstakra almennra útboða í því skyni að draga úr sveiflum í framboði nýrra verðbréfa á verðbréfamarkaðinum.

Við lok sölu eða í lok hvers ársfjórðungs, sé hann fyrr, skal verðbréfafyrirtæki eða annar aðili, sem hefur milligöngu um almennt útboð, tilkynna Verðbréfaþinginu um heildarsölu verðbréfa í almennu útboði á nafnverði og markaðsverði samkvæmt bestu fánlegum upplýsingum og í lok hvers árs skal enn fremur tilkynna um útistandandi eftirstöðvar almenns útboðs. Verðbréfaþingið skal birta reglulega upplýsingar um verðbréf samkvæmt þessari grein.



## 21. gr.

Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu skal vegna eigin viðskipta með verðbréf sem því eru falin til sölu og vegna viðskipta eigenda þess, stjórnenda, starfsmanna og maka þeirra gæta eftirtalinna atriða:

1. að ýrustu hagsmuna ótengdra viðskiptavina sé gætt,
2. að fullur trúnaður ríki gagnvart ótengdum viðskiptavinum,
3. að viðskiptin séu sérstaklega skráð,
4. að stjórn fyrirtækisins fái kerfisbundnar upplýsingar um viðskiptin og staðfesti þau.

Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu skulu setja sér verklagsreglur um viðskipti skv. 1. mgr. og skulu þær staðfestar af bankaeftirlitinu.

## 22. gr.

Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu geta veitt viðskiptaaðila lán og gengið í ábyrgðir vegna verðbréfa viðskipta sem þeim er heimilt að annast samkvæmt lögum þessum.

Heildarskuldbindingar fyrirtækja í verðbréfaþjónustu skv. 1. mgr. skulu vera innan þeirra marka sem um getur í reglum er ráðherra setur að fengnum tillögum bankaeftirlitsins um hámark lána og ábyrgða til einstakra viðskiptamanna eða fjárhagslega tengdra aðila.

## 23. gr.

Fyrirtæki í verðbréfaþjónustu er því aðeins heimilt að vera meðeigandi eða þátttakandi í annarri atvinnustarfsemi að slík þátttaka sé í eðlilegum tengslum við starfsemi fyrirtækisins og hafi ekki áhrif á óhlutdrægni þess, sbr. 1. mgr. 15. gr.

## 24. gr.

Framkvæmdastjóra fyrirtækis í verðbréfaþjónustu er óheimilt að sitja í stjórn atvinnufyrirtækja eða taka þátt í atvinnurekstri að öðru leyti nema að fengnu leyfi stjórnar. Eignarhlutur í fyrirtæki telst þátttaka í atvinnurekstri, nema um sé að ræða óverulegan hlut sem ekki veitir bein áhrif á stjórnun þess.

Um heimildir annarra starfsmanna fyrirtækisins varðandi þau atriði sem í 1. mgr. greinir fer eftir reglum sem stjórn fyrirtækisins setur og bankaeftirlitið staðfestir.

## 25. gr.

Verðbréfafyrirtæki skulu undanþegin stimpilgjöldum á lánum sem þau taka.

## IV. KAFLI

**Meðferð trúnaðarupplýsinga.**

## 26. gr.

Ákvæði þessa kafla taka til verðbréfa sem eru skráð á skipulegum verðbréfamarkaði.

Með trúnaðarupplýsingum er átt við upplýsingar um útgefanda verðbréfa, verðbréfin sjálf eða önnur atriði sem ekki hafa verið gerð opinber en eru líkleg til að hafa áhrif á markaðsverð verðbréfanna ef opinber væru. Upplýsingar teljast opinberar þegar þeim hefur verið miðlað á verðbréfamarkaðinum með almennum og viðurkenndum hætti. Tilkynningar til Verðbréfaþings Íslands teljast opinberar þegar þeim hefur verið miðlað þangað, sbr. lög um Verðbréfaþing Íslands.

## 27. gr.

Aðila, sem býr yfir eða hefur aðgang að trúnaðarupplýsingum skv. 2. mgr. 26. gr. vegna eignaraðildar, aðildar að stjórn, rekstri eða eftirliti á vegum útgefanda verðbréfa eða vegna starfs síns, stöðu eða skyldna, er óheimilt að:

1. nýta sér upplýsingarnar, beint eða óbeint, til öflunar eða ráðstöfunar verðbréfanna sjálfum sér eða öðrum til hagsbóta,
2. láta þriðja aðila upplýsingarnar í té, nema það sé gert í eðlilegu sambandi við starf, stöðu eða skyldur þess sem upplýsingarnar veitir,
3. ráðleggja þriðja aðila á grundvelli upplýsinganna að afla verðbréfa eða ráðstafa þeim eða hvetja að öðru leyti til viðskipta með verðbréfin.

Ákvæði 1. mgr. á ekki við um viðskipti fullvalda ríkis, seðlabanka þess eða aðila sem annast viðskipti fyrir þeirra hönd, enda séu viðskiptin liður í stefnu hlutaðeigandi ríkis í peningamálum, gengismálum eða lánasýslu.

#### 28. gr.

Öðrum aðilum en um getur í 1. mgr. 27. gr., sem hlotið hafa vitneskju um trúnaðarupplýsingar, er óheimilt að nýta þær með þeim hætti sem þar segir, enda hafi þeir vitað eða mátt vita hvers eðlis upplýsingarnar voru.

#### 29. gr.

Ákvæði 27. og 28. gr. ná einnig til lögaðila og taka til þeirra einstaklinga sem taka þátt í ákvörðun um að fara með viðskipti fyrir reikning lögaðilans.

#### 30. gr.

Óheimilt er einstaklingum eða lögaðilum að taka þátt í, stuðla að eða hvetja til viðskipta með verðbréf eða annarra aðgerða í því skyni að gefa ranga mynd af umfangi viðskipta með tiltekin verðbréf eða hafa óeðlileg eða óhæfileg áhrif á verðmyndun í verðbréfavíðskiptum.

#### 31. gr.

Útgefendur verðbréfa skulu setja eigin reglur í því skyni að hindra að trúnaðarupplýsingar berist til annarra en þeirra sem þarfnast þeirra vegna starfa sinna.

Stjórnvöld og aðrir aðilar, sem fá reglulega trúnaðarupplýsingar í starfsemi sinni, skulu setja sér reglur skv. 1. mgr.

### V. KAFLI

#### Eigið fé fyrirtækja í verðbréfabjónustu.

#### 32. gr.

Eigið fé fyrirtækis í verðbréfabjónustu, eins og það er skilgreint skv. 2. mgr., skal á hverjum tíma eigi nema lægri fjárhæð en sem svarar til 8% af áhættugrunni. Áhættugrunnur skal metinn með tilliti til heildareigna, liða utan efnahagsreiknings, gengisáhættu og áhættu annarra liða með markaðsáhættu samkvæmt nánari reglum um mat á áhættugrunni til útreiknings á eiginfjárlutfalli fyrirtækja í verðbréfabjónustu sem Seðlabanki Íslands setur. Eiginfjárfrafan skv. 1. málsl. skal einnig gilda um samstæðureikning, nema bankaeftirlitið heimili undanþágu frá því.

Við útreikning á eiginfjárlutfalli skv. 1. mgr. skal eigið fé samsett af þremur þáttum, eiginfjárfætti A, eiginfjárfætti B og eiginfjárfætti C, og frádráttarliðum skv. 33. gr. Eftirfarandi takmarkanir gilda um einstaka eiginfjárfætti:

1. Eiginfjárfættur A skal nema að lágmarki helmingi eigin fjár fyrir frádrátt skv. 33. gr.
2. Eiginfjárfættur B má hæst nema 50% af eiginfjárfætti A.
3. Eiginfjárfættur C má hæst nema 50% af eiginfjárfætti A. Jafnframt má eiginfjárfættur C hæst nema 4,8% af reiknuðum áhættugrunni fyrirtækisins vegna markaðsáhættu liða í veltubók og gengisáhættu.

Eiginfjárbáttur A telst vera:

1. Innborgað hlutafé.
2. Varasjóðir, yfirverðsreikningur hlutafjár og óráðstafað eigið fé að frádregnu tapi ársins.
3. Endurmatsreikningur samkvæmt verðbólgu-reikningsskilum.
4. Frá eiginfjárbætti A skal draga eigin hlutabréf, viðskiptavild og aðrar óáþreifanlegar eignir, svo og áfallnar ófærðar skattskuldbindingar sem rýra möguleika fyrirtækisins til að mæta tapi.

Eiginfjárbáttur B telst vera:

1. Víkjandi lán sem fyrirtæki í verðbréfabjónustu tekur gegn útgáfu sérstakrar skuldaviðurkenningar þar sem skýrt er kveðið á um að endurgreiðslutími lánsins sé eigi skemmri en fimm ár og að við gjaldþrot hlutaðeigandi fyrirtækis eða slit þess fáiast það endurgreitt á eftir öllum öðrum kröfum á hendur fyrirtækinu en endurgreiðslu hlutafjár. Þegar fimm ár eru eftir af lánstímanum skal lánið reiknast niður um 20% fyrir hvert ár sem líður af þessum fimm árum. Sé um að ræða lán sem greiðist niður með afborgunum á lánstímanum skal reikna eftirstöðvar hvers árs niður á sambærilegan hátt.
2. Endurmatsreikningur, annar en gert er ráð fyrir í eiginfjárbætti A.

Eiginfjárbáttur C telst vera víkjandi lán til skamms tíma sem fyrirtæki í verðbréfabjónustu tekur gegn útgáfu sérstakrar skuldaviðurkenningar þar sem skýrt er kveðið á um að endurgreiðslutími lánsins sé eigi skemmri en tvö ár og að við gjaldþrot hlutaðeigandi fyrirtækis eða slit þess fáiast það endurgreitt á eftir öllum öðrum kröfum á hendur fyrirtækinu en endurgreiðslu hlutafjár. Jafnframt skal kveðið á um að óheimilt sé að greiða af láninu eða greiða af því vexti ef eiginfjárlutfall hlutaðeigandi fyrirtækis er lægra en 8% eða ef endurgreiðsla höfuðstóls eða greiðsla vaxta veldur því að eiginfjárlutfallið fer niður fyrir 8%. Til kynna skal bankaeftirlitinu ef slík greiðsla veldur því að eiginfjárlutfallið fer niður fyrir 10%. Við mat á eiginfjárbætti C getur bankaeftirlitið jafnframt heimilað einstökum fyrirtækjum að tekið sé tillit til hagnaðar af veltubókarviðskiptum að frádreginni fyrirsjáanlegri gjaldfærslu eða arði og að frádregnu nettótapi af annarri starfsemi, enda sé engin þessara fjárhæða meðtalin í eiginfjárbætti A.

Bankaeftirlitið getur veitt heimild til að flýta endurgreiðslu víkjandi lána æski lánveitandi þess, enda hafi slíkt ekki áhrif á viðunandi eiginfjárstöðu hlutaðeigandi fyrirtækis.

Þrátt fyrir ákvæði 1.–5. mgr. skal eigið fé fyrirtækis í verðbréfabjónustu aldrei nema lægri fjárhæð en sem svarar til 25% af föstum rekstrarkostnaði síðasta reikningsárs. Banka-  
eftirlitið getur heimilað undanþágu frá þessari kröfu ef grundvallarbreyting hefur orðið á starfsemi félagsins milli ára. Á fyrsta starfsári fyrirtækis í verðbréfabjónustu skal eigið fé þess ekki nema lægri fjárhæð en sem svarar til 25% af föstum rekstrarkostnaði samkvæmt rekstraráætlun starfsársins. Banka-  
eftirlitið getur krafist þess að gerð sé breyting á rekstraráætluninni ef það telur að hún gefi ekki rétta mynd af þeirri starfsemi sem fyrirhuguð er.

Fyrirtæki í verðbréfabjónustu skal á hverjum tíma hafa yfir að ráða tryggu eftirlitskerfi með áhættum, þar með talinni vaxtaáhættu, í tengslum við öll viðskipti sín. Banka-  
eftirlitið getur sett leiðbeinandi reglur um eftirlitskerfi vegna áhættuþátta í starfsemi slíkra fyrirtækja.

Ráðherra er heimilt að fengnum tillögum banka-  
eftirlitsins að ákveða í reglugerð að aðrir líðir en greindir eru í 3.–5. mgr. teljist með eigin fé fyrirtækis í verðbréfabjónustu.

### 33. gr.

Frá eigin fé skv. 2. mgr. 32. gr. skal draga bókfært virði á eignarhlutum fyrirtækis í verðbréfabjónustu í félögum og fyrirtækjum sem það kann að eignast með heimild í 23. gr.

Jafnframt skal draga frá víkjandi lán sem fyrirtæki í verðbréfaþjónustu hefur veitt slíkum félögum eða fyrirtækjum. Frádráttur skal vera í samræmi við eftirfarandi ákvæði í 1.–3. tölul.:

1. Eignarhlutur í félögum þar sem eignarhlutir hlutaðeigandi fyrirtækis í verðbréfaþjónustu nema meira en 10% af hlutafé viðkomandi félaga. Enn fremur víkjandi lán hjá sömu félögum.
2. Eignarhlutur í félagi sem fyrirtæki í verðbréfaþjónustu hefur eignast tímabundið vegna endurskipulagningar þess félags skal ekki dragast frá.
3. Eignarhlutur í félögum þar sem eignarhlutur fyrirtækis í verðbréfaþjónustu nemur allt að 10% af hlutafé viðkomandi félaga. Frádrátturinn takmarkast við þá heildarfjárhæð eignarhluta og víkjandi lána sem er umfram 10% af eigin fé fyrirtækisins eins og það er reiknað skv. 2. mgr. 32. gr. fyrir frádrátt samkvæmt þessari grein.

## VI. KAFLI

### Ársreikningar og endurskoðun.

#### 34. gr.

Stjórn og framkvæmdastjóri fyrirtækis í verðbréfaþjónustu skulu semja ársreikning fyrir hvert reikningsár í samræmi við ákvæði laga og samþykkt. Ársreikningur skal hafa að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, fjárstreymisyfirlit og skýringar. Enn fremur skal semja skýrslu stjórnar. Ársreikningur og skýrsla stjórnar mynda eina heild. Reikningsár fyrirtækjanna er almanaksárið.

Ársreikningur skal undirritaður af stjórn og framkvæmdastjóra. Telji stjórnarmaður eða framkvæmdastjóri að ekki skuli samþykkja ársreikning eða hefur mótbárur fram að færa gegn ársreikningi skal hann gera grein fyrir því í áritun sinni.

Framsetning ársreiknings skal vera með skýrum hætti og í samræmi við ákvæði laga þessara og reglna settra samkvæmt þeim og góða reikningsskilavenju. Ársreikningur skal gefa glögga mynd af eignum, skuldum, fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu fyrirtækisins.

Í skýrslu stjórnar skal koma fram yfirlit yfir starfsemi fyrirtækisins á árinu, svo og upplýsingar um atriði sem mikilvæg eru við mat á fjárhagslegri stöðu hlutaðeigandi fyrirtækis og afkomu þess á rekstrarárinu og ekki koma fram í ársreikningnum.

Bankaeftirliti Seðlabanka Íslands er heimilt að setja nánari reglur um gerð ársreiknings að höfðu samráði við reikningsskilaráð.

#### 35. gr.

Endurskoðandi skal árita ársreikning og greina frá niðurstöðum endurskoðunarinnar. Hann skal gefa yfirlýsingu um að ársreikningurinn hafi verið endurskoðaður og að hann hafi verið saminn í samræmi við ákvæði laga, reglna og samþykkt. Endurskoðandi skal láta í ljós álit sitt á ársreikningnum og greina frá niðurstöðum að öðru leyti.

Telji endurskoðandi að í ársreikningi séu ekki þær upplýsingar sem þar eiga að koma fram skal hann geta þess í áritun sinni og veita viðbótarupplýsingar ef þess er kostur. Ef skýrsla stjórnar hefur ekki að geyma þær upplýsingar sem ber að veita eða er ekki í samræmi við ársreikning skal endurskoðandi vekja athygli á því í áritun sinni. Að öðru leyti getur endurskoðandi greint frá þeim atriðum í áritun sinni sem hann telur eðlilegt að fram komi í ársreikningi.

Verði endurskoðandi var við slíka ágalla í rekstri fyrirtækis í verðbréfaþjónustu að reikningar verði ekki áritaðir eða athugasemdir við þá gerðar, ágalla á innra eftirliti eða önnur atriði sem veikt geta fjárhagsstöðu fyrirtækisins til áframhaldandi reksturs, svo og ef endurskoðandi hefur ástæðu til að ætla að lög og reglugerðir eða reglur sem gilda um fyr-

irtækið hafi verið brotnar, skal endurskoðandi þegar gera stjórn þess og bankaeftirliti viðvart. Þetta á einnig við um sambærileg atriði sem endurskoðandi fyrirtækis í verðbréfabjónustu fær vitneskju um og varða fyrirtæki í nánum tengslum við það. Ákvæði þessarar greinar brjóta ekki í bága við þagnarskyldu endurskoðenda skv. 56. gr. laga þessara eða ákvæðum annarra laga.

#### 36. gr.

Endurskoðaður ársreikningur fyrirtækis í verðbréfabjónustu ásamt skýrslu stjórnar skal sendur bankaeftirlitinu innan tíu daga frá undirritun stjórnar og framkvæmdastjóra en eigi síðar en þremur mánuðum eftir lok reikningsárs. Jafnframt er fyrirtæki í verðbréfabjónustu skylt að láta Seðlabanka Íslands í té þær upplýsingar sem hann þarf á að halda vegna hagskýrslugerðar, sbr. ákvæði laga um Seðlabanka Íslands. Upplýsingar þessar skulu vera í aðgengilegu formi og taka mið af upplýsingakerfi viðkomandi fyrirtækis eins og kostur er.

#### 37. gr.

Hafi stjórn eða framkvæmdastjóri fyrirtækis í verðbréfabjónustu ástæðu til að ætla að eigið fé þess sé undir því lágmarki sem kveðið er á um í 32. gr. ber þeim að tilkynna það bankaeftirlitinu. Sambærileg skylda hvílir á endurskoðanda hlutaðeigandi fyrirtækis hafi hann ástæðu til að ætla að stjórnendur þess hafi ekki rækt skyldu sína skv. 1. málsl. þessarar málsgreinar.

Ef bankaeftirlitinu berst tilkynning skv. 1. mgr. eða telur af öðru tilefni ástæðu til að ætla að eigið fé fyrirtækis í verðbréfabjónustu sé undir því lágmarki sem kveðið er á um í 32. gr. skal það krefja stjórn fyrirtækisins þegar í stað um reikningsuppgjör sem henni ber að afhenda innan hæfilegs frests.

Komi fram í reikningsuppgjöri að hætti 2. mgr. að eigið fé fyrirtækisins fullnægi ekki ákvæðum 32. gr. skal stjórn þess án tafar boða til fundar hluthafa til ákvörðunar og afhenda síðan bankaeftirlitinu greinargerð þar sem fram kemur til hverra ráðstafana hún hyggst grípa af þessu tilefni. Skal bankaeftirlitið þegar afhenda ráðherra endurskoðað reikningsuppgjör og greinargerð stjórnar fyrirtækisins ásamt umsögn sinni.

Þegar ráðherra hafa borist gögn skv. 3. mgr. er honum heimilt að veita hlutaðeigandi fyrirtæki frest í allt að sex mánuði til þess að auka eigið fé að lágmarki skv. 32. gr. Séu til þess ríkar ástæður að mati ráðherra er honum heimilt að framlengja þennan frest í allt að sex mánuði til viðbótar.

#### 38. gr.

Bankaeftirlitið getur látið framkvæma sérstaka endurskoðun hjá fyrirtæki í verðbréfabjónustu og ráðið til þess löggiltan endurskoðanda. Bankaeftirlitinu er heimilt að láta hlutaðeigandi fyrirtæki bera kostnaðinn af slíkri endurskoðun.

### VII. KAFLI

#### Starfsemi innlendra fyrirtækja í verðbréfabjónustu erlendis.

#### 39. gr.

Fyrirtæki í verðbréfabjónustu, sem hlotið hafa starfsleyfi viðskiptaráðherra skv. 3. gr. og hyggjast starfrækja útibú í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, skulu tilkynna það bankaeftirliti Seðlabanka Íslands. Tilkynningu skulu fylgja eftirfarandi upplýsingar:

1. í hvaða ríki fyrirhugað sé að stofna útibú,
2. lýsing á skipulagi útibúsins og fyrirhugaðri starfsemi,
3. heimilisfang útibúsins,
4. nöfn stjórnenda þess.

Eigi síðar en þremur mánuðum eftir að bankaeftirlitið hefur móttengið upplýsingar skv. 1. mgr. skal það senda staðfestingu til lögbærra yfirvalda gistiríkis á að fyrirhuguð starfsemi sé í samræmi við starfsleyfi fyrirtækisins. Jafnframt skal bankaeftirlitið senda lögbærum yfirvöldum gistiríkis nákvæmar upplýsingar um bótakerfi sem verndar viðskiptavini útibúsins. Hlutaðeigandi fyrirtæki skal samtímis tilkynnt að framangreindar upplýsingar hafi verið sendar.

Bankaeftirlitið getur hafnað beiðni um að senda upplýsingar skv. 2. mgr. telji það ástæðu til að efast um að stjórnunarleg uppbygging og fjárhagsstaða fyrirtækisins sé nægilega traust til að réttlæta stofnun útibús skv. 1. mgr. Fyrirtækinu skal tilkynnt afstaða bankaeftirlitsins svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en þremur mánuðum frá móttöku upplýsinga skv. 1. mgr.

Fyrirtæki í verðbréfabjónustu skal tilkynna bankaeftirlitinu og lögbærum yfirvöldum þess ríkis þar sem það starfrækir útibú um hverjar þær breytingar sem verða kunna á áður veittum upplýsingum skv. 1. mgr. eigi síðar en einum mánuði áður en fyrirhugaðar breytingar koma til framkvæmda.

#### 40. gr.

Hyggist fyrirtæki í verðbréfabjónustu veita þjónustu samkvæmt lögum þessum í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins án þess að stofna þar útibú skal tilkynna það bankaftirlitinu. Í tilkynningu skal koma fram hvaða ríki eigi í hlut og í hverju fyrirhuguð starfsemi sé fólgin.

Eigi síðar en einum mánuði frá því að bankaftirlitið hefur móttengið tilkynningu skv. 1. mgr. framsendir það upplýsingar til lögbærra yfirvalda í viðkomandi ríki ásamt staðfestingu á því að starfsleyfi fyrirtækisins heimili fyrirhugaða starfsemi.

Breytingar á áður tilkynntum atriðum samkvæmt þessari grein skulu tilkynntar bankaftirlitinu og lögbærum yfirvöldum viðkomandi ríkis eigi síðar en einum mánuði áður en þær koma til framkvæmda.

#### 41. gr.

Hyggist fyrirtæki í verðbréfabjónustu hefja starfsemi í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins skal það tilkynnt bankaftirlitinu. Sé um að ræða stofnun útibús skulu fylgja tilkynningu upplýsingar skv. 1.–4. tölul. 1. mgr. 39. gr. Sé um að ræða fyrirhugaða starfsemi án stofnunar útibús skulu upplýsingar skv. 1. mgr. 40. gr. fylgja tilkynningu. Um málsmeðferð að öðru leyti fer skv. 2.–4. mgr. 39. gr. eða 2.–3. mgr. 40. gr. eftir því sem við á.

Bankaftirlitinu er heimilt að óska frekari upplýsinga samkvæmt þessari grein.

#### 42. gr.

Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur um starfsemi innlendra fyrirtækja í verðbréfabjónustu erlendis.

### VIII. KAFLI

#### **Starfsemi erlendra fyrirtækja í verðbréfabjónustu hér á landi.**

#### 43. gr.

Erlend fyrirtæki í verðbréfabjónustu, sem hafa staðfestu og starfsleyfi í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, geta stofnsett útibú hér á landi tveimur mánuðum eftir að bankaftirlit Seðlabanka Íslands hefur fengið tilkynningu þess efnis frá lögbærum yfirvöldum í heimaríki hlutaðeigandi fyrirtækis. Útibúi er heimilt að stunda hverja þá starfsemi sem lög þessi taka til, enda sé hún fyrirtækinu heimil í heimaríki þess.

Bankaeftirlitið aflar upplýsinga frá lögbærum yfirvöldum í heimaríki erlenda fyrirtækisins um:

1. lýsingu á skipulagi fyrirtækisins og fyrirhugaðri starfsemi þess hér á landi,
2. staðfestingu á að fyrirhuguð starfsemi sé heimiluð í heimaríki,
3. heimilisfang útibúsins,
4. nöfn stjórnenda,
5. bótakerfi sem ætlað er að vernda viðskiptamenn útibúsins.

Verði breytingar á áður tilkynntum upplýsingum skv. 2. mgr. skal fyrirtækið tilkynna þær til bankaeftirlitsins eigi síðar en einum mánuði áður en breytingarnar koma til framkvæmda.

Ákvæði laga um hlutafélög varðandi útibú erlendra hlutafélaga eiga ekki við um útibú skv. 1. mgr.

#### 44. gr.

Erlendum fyrirtækjum í verðbréfabjónustu sem hafa staðfestu og starfsleyfi í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, er heimilt að veita þjónustu samkvæmt lögum þessum hér á landi án stofnunar útibús þegar bankaeftirlitið hefur fengið tilkynningu þar að lútandi frá lögbærum yfirvöldum í heimaríki fyrirtækisins. Heimildir til að veita þjónustu hér á landi samkvæmt þessu ákvæði verða þó aldrei víðtækari en starfsheimildir fyrirtækis í heimaríki þess.

Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur um starfsemi fyrirtækja sem um getur í 1. mgr.

#### 45. gr.

Erlend fyrirtæki í verðbréfabjónustu geta notað sama heiti og notað er í heimaríki þeirra. Sé hætt á að villst verði á nöfnum innlendra og erlendra fyrirtækja í verðbréfabjónustu sem starfa hér á landi getur bankaeftirlitið farið fram á að nöfn hinna síðarnefndu verði auðkennd sérstaklega.

#### 46. gr.

Ráðherra getur, að fenginni tillögu bankaeftirlitsins, heimilað fyrirtæki í verðbréfabjónustu með staðfestu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins að opna útibú hér á landi eða veita þjónustu hér á landi án stofnunar útibús. Skilyrði fyrir veitingu slíks leyfis er að fyrirtækið hafi leyfi til að stunda hliðstæða starfsemi í heimaríki sínu við þá sem það hyggst stunda hér á landi, sbr. 8. og 9. gr., og að starfsemi þess í heimaríkinu sé háð eftirliti.

Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur um starfsemi fyrirtækja sem um getur í 1. mgr.

### IX. KAFLI

#### Samruni fyrirtækja í verðbréfabjónustu.

#### 47. gr.

Um samruna fyrirtækja í verðbréfabjónustu fer samkvæmt ákvæðum laga um hlutafélög eða einkahlutafélög eftir því sem við á. Jafnframt skal liggja fyrir samþykki ráðherra að fenginni umsögn bankaeftirlitsins.

Starfi fyrirtæki í verðbréfabjónustu erlendis skal tilkynna lögbærum yfirvöldum hlutaðeigandi ríkis um samruna.

#### 48. gr.

Við sérstakar aðstæður og að fengnu samþykki bankaeftirlits Seðlabanka Íslands er heimilt að við samruna tveggja eða fleiri fyrirtækja í verðbréfabjónustu verði eigið fé hins sameinaða fyrirtækis lægra en kveðið er á um í 1. tölul. 1. mgr. 3. gr. Eigið fé má þó ekki

lækka frá því sem það er við samruna. Fari eigið fé niður fyrir þá fjárhæð er bankaeftirlitinu heimilt að veita hlutaðeigandi fyrirtæki hæfilegan frest til úrbóta. Uppfylli fyrirtækið ekki skilyrði um eigið fé að þeim fresti liðnum skal starfsleyfi þess afturkallað skv. XI. kafla og því slitið skv. X. kafla.

## X. KAFLI

### Slit fyrirtækja í verðbréfaþjónustu.

49. gr.

Um slit fyrirtækja í verðbréfaþjónustu fer samkvæmt lögum um gjaldþrot o.fl. og lögum um hlutafélög eða einkahlutafélög eftir því sem við á.

Slíta ber fyrirtæki í verðbréfaþjónustu ef ráðherra synjar fyrirtækinu um frest skv. 4. mgr. 37. gr. eða frestur samkvæmt því ákvæði er á enda án þess að fyrirtækinu hafi tekist að auka eigið fé fram yfir það lágmark sem kveðið er á um í 32. gr.

Þegar skylt er að slíta fyrirtæki í verðbréfaþjónustu skv. 1. mgr. skal ráðherra senda héraðsdómara á varnarþingi hlutaðeigandi fyrirtækis kröfu um að bú þess verði tekið til skipta. Þegar héraðsdómari hefur kannað hvort fullnægt sé skilyrðum fyrir kröfunni skal hann kveða upp úrskurð um hvort orðið skuli við henni.

Sé krafa skv. 3. mgr. tekin til greina skal farið með búið eftir fyrirmælum laga um skipti á dánarbúum o.fl. um meðferð dánarbús þar sem erfingjar taka ekki á sig ábyrgð á skuldbindingum hins látna að öðru leyti en því að hluthafar njóta ekki þeirrar stöðu sem erfingjar njóta við slík skipti fyrr en leitt er í ljós eftir lok kröfulýsingarfrests að eignir búsins muni hrökkva fyrir skuldum.

## XI. KAFLI

### Afturköllun starfsleyfa.

50. gr.

Ráðherra skal afturkalla starfsleyfi fyrirtækis í verðbréfaþjónustu að fengnum tillögum bankaeftirlits Seðlabanka Íslands:

1. hafi leyfisveiting byggst á röngum skýrslum eða upplýsingum frá leyfishafa eða verið aflað með öðrum ólögætum hætti,
2. uppfylli fyrirtækið ekki ákvæði 1. tölul. 1. mgr. 3. gr. um hlutafé eða eigið fé eða skilyrði 1. mgr. 32. gr., enda hafi eigið fé ekki verið fært í lögmælt horf innan þeirra tíma-  
marka sem kveðið er á um í 4. mgr. 37. gr.,
3. brjóti fyrirtækið með alvarlegum hætti eða ítrekað gegn lögum þessum, reglum, samþykktum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim,
4. séu aðstæður með þeim hætti sem greinir í 2. mgr. 12. gr. um hæfi hluthafa eða 3. tölul. 1. mgr. 3. gr. um hæfi stjórnarmanna,
5. hafi bú fyrirtækisins verið tekið til gjaldþrotaskipta eða fyrirtækinu slitið af öðrum ástæðum,
6. sé það mat bankaeftirlits að nán tengsl fyrirtækis í verðbréfaþjónustu við einstaklinga eða lögaðila geti hindrað það í eðlilegum eftirlitsaðgerðum. Sama á við ef lög eða reglur, sem um þá aðila gilda, hindra eðlilegt eftirlit. Starfsleyfi verður þó aðeins afturkallað að bankaeftirlitið hafi gert athugasemdir við hlutaðeigandi banka eða sparisjóð áður og gefið fyrirtækinu kost á að leysa úr málinu.

Áður en til afturköllunar kemur skv. 1. mgr. skal hlutaðeigandi fyrirtæki veittur hæfilegur frestur til úrbóta sé þess kostur.



## 51. gr.

Standi yfir opinber rannsókn vegna meints brots fyrirtækis í verðbréfaþjónustu á ákvæðum laga þessara, reglugerðum, reglum eða samþykktum er ráðherra heimilt, að fengnum tillögum bankaeftirlitsins, að svipta hlutaðeigandi fyrirtæki starfsleyfi um stundarsakir. Skal þá ráðherra skipa fyrirtækinu umsjónaraðila til bráðabirgða sem gera skal ráðstafanir sem miða að því að tryggja hag viðskiptavina þess.

## 52. gr.

Afturköllun á starfsleyfi fyrirtækis í verðbréfaþjónustu skal tilkynnt stjórn hlutaðeigandi fyrirtækis og rökstudd skriflega. Birta skal tilkynningu um afturköllun í Lögbirtingablaði og auglýsa hana í fjölmiðlum. Hafi fyrirtæki í verðbréfaþjónustu starfað erlendis, sbr. ákvæði VII. kafla, skal afturköllun einnig tilkynnt lögbærum yfirvöldum í viðkomandi ríki.

Afturkalli ráðherra starfsleyfi fyrirtækis í verðbréfaþjónustu endanlega skal fyrirtækinu slitið.

## XII. KAFLI

**Eftirlit.**

## 53. gr.

Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur eftirlit með starfsemi fyrirtækja í verðbréfaþjónustu hér á landi, svo og starfsemi innlendra fyrirtækja í verðbréfaþjónustu erlendis, nema annað leiði af lögum eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að. Skal bankaeftirlitið eiga aðgang að öllum gögnum og upplýsingum hjá þessum aðilum sem, að þess mati, eru nauðsynleg vegna eftirlitsins. Að öðru leyti gilda um eftirlitið ákvæði laga um Seðlabanka Íslands eftir því sem við getur átt. Telji bankaeftirlitið að starfsemi samkvæmt lögum þessum sé stunduð án tilskilinna leyfa skal það eiga sambærilegan aðgang að upplýsingum og gögnum hjá viðkomandi aðilum.

Telji bankaeftirlitið að starfsemi fyrirtækis í verðbréfaþjónustu brjóti gegn ákvæðum laga þessara, reglugerða eða reglna settra samkvæmt þeim eða sé að öðru leyti óeðlileg, óheilbrigð eða ótraust getur það veitt hlutaðeigandi hæfilegan frest til úrbóta, nema brot séu alvarleg.

Hafi bankaeftirlitið rökstudda ástæðu til að ætla að brotið hafi verið gegn ákvæðum IV. kafla laga þessara skal því heimilt að krefja einstaklinga og lögaðila, þar á meðal opinberar stofnanir, um allar upplýsingar og gögn sem það telur nauðsynleg til rannsóknar málsins.

## 54. gr.

Við framkvæmd eftirlits með starfsemi erlendra fyrirtækja í verðbréfaþjónustu hér á landi skal bankaeftirlitið hafa samráð við lögbær yfirvöld í heimaríki viðkomandi fyrirtækis í samræmi við lög og alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að.

## XIII. KAFLI

**Ýmis ákvæði.**

## 55. gr.

Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands skal halda sérstaka skrá yfir fyrirtæki í verðbréfaþjónustu sem hlotið hafa starfsleyfi hér á landi, svo og erlend fyrirtæki í verðbréfaþjónustu sem starfa eða veita þjónustu hér á landi. Í skránni skulu koma fram nöfn stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og endurskoðenda fyrirtækisins. Jafnframt skulu koma fram upplýsingar um starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækis.

Bankaeftirlitinu er heimilt að kveða nánar á um upplýsingar sem veittar skulu samkvæmt 1. mgr. Breytingar á áður tilkynntum atriðum skulu þegar tilkynntar bankaeftirlitinu.

#### 56. gr.

Eigendur, stjórnendur, framkvæmdastjórar, endurskoðendur og aðrir starfsmenn fyrirtækja í verðbréfaþjónustu eru bundnir þagnarskyldu um öll viðskipti sem fyrirtækin annast eða hafa milligöngu um, svo og allt það er varðar hagi viðskiptamanna fyrirtækjanna og þeir öðlast vitneskju um í starfi sínu og leynt skal fara samkvæmt lögum eða eðli máls, nema dómari úrskurði að skylt sé að veita upplýsingar fyrir dómi eða lögreglu eða skylda sé að veita upplýsingar lögum samkvæmt. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

#### 57. gr.

Kostnaður við birtingu tilkynninga samkvæmt lögum þessum skal greiddur af hlutaðeigandi fyrirtæki.

#### 58. gr.

Viðskiptaráðherra fer með framkvæmd laga þessara. Honum er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd þeirra með reglugerð, þar á meðal um viðurlög í formi dagsekta.

### XIV. KAFLI

#### Viðurlög.

#### 59. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum eða fangelsi allt að einu ári, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt almennum hegningarlögum. Sé brot framið í þágu lögaðila er heimilt að beita stjórnendur lögaðilans framangreindum viðurlögum og einnig er heimilt að gera lögaðilanum sekt og sviptingu starfsréttinda.

Brot gegn ákvæðum IV. kafla varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum. Jafnframt er heimilt að gera upptækan með dómi beinan eða óbeinan hagnað sem hlotist hefur með broti gegn ákvæðum IV. kafla.

Tilraun til og hlutdeild í brotum á lögum þessum eru refsiverðar eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

### XV. KAFLI

#### Gildistaka og brottfallin lög.

#### 60. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 9/1993, um verðbréfavíðskipti.

### Ákvæði til bráðabirgða.

#### I.

Starfandi verðbréfafyrirtæki samkvæmt lögum nr. 9/1993 skulu tilkynna viðskiptaráðherra þegar við gildistöku laga þessara hvaða þjónustu skv. 8. gr. þau hyggist veita.

#### II.

Einstaklingar, sem hlotið hafa leyfi viðskiptaráðherra til verðbréfamiðlunar samkvæmt lögum nr. 9/1993 og stunda starfsemi samkvæmt því leyfi, skulu hafa aðlagð starfsemi sína að ákvæðum laga þessara eigi síðar en 1. janúar 1997.

**III.**

Starfandi fyrirtæki í verðbréfaþjónustu skulu hafa frest til 1. janúar 1997 til að fullnægja skilyrðum 1. tölul. 1. mgr. 3. gr. um innborgað hlutafé. Yfirtaki nýir aðilar starfsemi slíks fyrirtækis fyrir 1. október 1996 skal það þó hafa fullnægt framangreindum skilyrðum innan þriggja mánaða frá yfirtökunni.

*Gjört í Reykjavík, 28. mars 1996.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

---

*Finnur Ingólfsson.*

11. mars 1996

Nr. 14

**LÖG**

**um flutninga á skipgengum vatnaleiðum vegna  
aðildar Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Markmið laga þessara er að tryggja gagnkvæman frjálsan aðgang skipa, sem skráð eru í aðildarríkjum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, að skipgengum vatnaleiðum innan EES.

2. gr.

Samgönguráðherra er heimilt að setja reglugerðir að því leyti sem það er nauðsynlegt vegna skuldbindinga á grundvelli 1. gr. laga þessara.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 11. mars 1996.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

---

*Halldór Blöndal.*

19. febrúar 1996

Nr. 15

**AUGLÝSING**

**um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.**

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er komin úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

*Forsætisráðuneytinu, 19. febrúar 1996.*

**Davíð Oddsson.**

---

*Ólafur Davíðsson.*

## LÖG

### um breyting á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir orðinu „síldar“ í 3. mgr. 10. gr. laganna kemur: 10% af aflamarki hörpudisks og 5% af aflamarki innfjarðarrækju.

2. gr.

4. mgr. 10. gr. laganna, sbr. 3. gr. laga nr. 83/1995, orðast svo:  
Þá er heimilt að veiða 5% umfram aflamark hvefrrar botnfisktegundar, síldar og úthafs-rækju og 3% umfram aflamark innfjarðarrækju og hörpudisks, enda dregst sá umframafli frá við úthlutun aflamarks næsta fiskveiðiárs á eftir.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 11. mars 1996.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Þorsteinn Pálsson.*

Nr. 17

21. mars 1996

## LÖG

### um gatnagerðargjald.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að innheimta gatnagerðargjald af öllum lóðum í sveitarfélaginu og/eða mannvirkjum á þeim. Gatnagerðargjald er fyrst gjaldkræft við úthlutun lóðar, sem er í eigu sveitarfélagsins eða sveitarfélagið hefur ráðstöfunarrétt á, og við útgáfu byggingarleyfis á öðrum lóðum. Sveitarstjórn ákveður í gjaldskrá sinni hvenær gjaldið er innheimt.

Nú er lóðarúthlutun afturkölluð, lóð skilað, byggingarleyfi afturkallað eða ekki nýtt af lóðarhafa og ber sveitarfélagi að endurgreiða gatnagerðargjald af viðkomandi lóð.

2. gr.

Gatnagerðargjaldi skv. 1. gr. skal varið til gatnagerðar í sveitarfélaginu, svo sem til að undirbyggja götur með tilheyrandi lögnum, m.a. vegna götulýsingar, og leggja bundið slitlag, gangstéttir, umferðareyjar og þess háttar þar sem gert er ráð fyrir því í skipulagi.

## 3. gr.

Við ákvörðun gatnagerðargjalds skal miða við lóðarstærð, rúmmál húss og/eða flatarmál húss samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð sem félagsmálaráðherra setur. Gjaldið má vera mismunandi eftir notkun lóðar, t.d. eftir því hvort um er að ræða lóð fyrir íbúðarhúsnæði, verslunarhúsnæði, iðnaðarhúsnæði o.s.frv. Þá má gjald af lóð fyrir íbúðarhúsnæði vera mismunandi eftir því hvort um er að ræða lóð fyrir einbýlishús, raðhús, fjölbýlishús o.s.frv.

Heimilt er að innheimta gatnagerðargjald ef reist er nýtt hús á áður byggðri lóð að því er stækkuninni nemur. Sama gildir ef eldra hús er stækkað.

Gatnagerðargjald, sem miðað er við stærð byggingar, getur af hverjum rúmmetra eða fermetra numið allt að 15% af heildarbyggingarkostnaði samsvarandi einingar í vísitöluhúsi fjölbýlis eins og hann er hverju sinni samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands á grundvelli laga nr. 42/1987. Fjárhæð gjaldsins má ákveða með tilliti til leyfilegrar stærðar byggingar samkvæmt því skipulagi sem gildir fyrir viðkomandi lóð. Gatnagerðargjald, sem miðað er við stærð lóðar, skal ekki vera hærra en ef það væri miðað við stærð byggingar samkvæmt gildandi aðal- eða deiliskipulagi.

## 4. gr.

Lóðarhafi ber ábyrgð á greiðslu gatnagerðargjalds. Gatnagerðargjald samkvæmt lögum þessum er, ásamt áföllnum vöxtum og kostnaði, tryggt með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

## 5. gr.

Aðili máls getur skotið ákvörðun sveitarstjórnar um álagningu gatnagerðargjalds til úrskurðar félagsmálaráðherra. Kærufrestur er þrjú mánuðir frá því að aðili fékk vitneskju um álagningu gjaldsins. Kæruheimild þessi skerðir þó eigi rétt aðila til að höfða mál fyrir dómstólum.

## 6. gr.

Félagsmálaráðherra skal setja reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara og skal í reglugerðinni m.a. kveðið nánar á um álagningu gatnagerðargjalds og endurgreiðslu þess skv. 1. gr.

Sveitarstjórn skal setja sér sérstaka gjaldskrá fyrir gatnagerðargjald þar sem kveðið er nánar á um álagningu gjaldsins, innheimtu þess og hvað er innfalið í gjaldinu samkvæmt lögum þessum og reglugerð um gatnagerðargjald. Sveitarstjórn skal auglýsa gjaldskrána og efnislegar breytingar á henni á þann hátt sem venja er að birta opinberar auglýsingar í sveitarfélaginu.

## 7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1997. Jafnframt falla úr gildi lög um gatnagerðargjöld, nr. 51/1974, og lög nr. 31/1975, um breytingu á þeim lögum. Enn fremur lög um gjöld til holræsa og gangstétta í kaupstöðum, öðrum en Reykjavík og Akureyri, nr. 18/1920, og 2. gr. laga um gjöld til holræsa, gangstétta og varanlegs slitlags á götum á Akureyri, nr. 87/1970.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

1. Lög um gatnagerðargjöld, nr. 51/1974, sbr. lög nr. 31/1975, gilda um innheimtu og álagningu gatnagerðargjalda vegna framkvæmda á grundvelli 3. og 4. gr. laga nr. 51/1974 sem lokið er við innan tíu ára frá gildistöku laga þessara. Ákvæði eldri laga

um álagningu gjalda vegna slíkra framkvæmda gilda einungis um lóðir sem úthlutað hefur verið eða veitt hefur verið byggingarleyfi á fyrir gildistöku laga þessara.

2. Samningar um gatnagerðargjöld af tilteknum lóðum, sem lóðarhafar eða lóðareigendur hafa gert við sveitarstjórnir, svo og skilmálar varðandi gatnagerðargjöld sem sveitarstjórn hefur sett og lóðarhafi eða lóðareigandi hefur undirgengist, halda gildi sínu þrátt fyrir ákvæði laga þessara, nema aðilar séu um annað sáttir.

*Gjört í Reykjavík, 21. mars 1996.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Páll Pétursson.*

Nr. 18

2. apríl 1996

## LÖG

### um erfðabreyttar lífverur.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### I. KAFLI

#### Markmið, gildissvið o.fl.

##### 1. gr.

Markmið laga þessara er að vernda náttúru landsins, vistkerfi, plöntur og heilsu manna og dýra gegn skaðlegum og óæskilegum áhrifum erfðabreyttra lífvera. Tryggja skal að framleiðsla og notkun erfðabreyttra lífvera fari fram á siðferðilega og samfélagslega ábyrgan hátt í samræmi við grundvallarregluna um sjálfbæra þróun.

##### 2. gr.

Lögin taka til allrar notkunar og starfsemi með erfðabreyttar lífverur, þar með eru taldar rannsóknir, framleiðsla, geymsla, meðhöndlun úrgangs, slepping og dreifing, auk eftirlits með athafnasvæðum. Jafnframt taka lögin til innflutnings, markaðssetningar, sölu og annarrar afhendingar erfðabreyttra lífvera, svo og til vöru sem inniheldur þær að einhverju leyti. Enn fremur taka lögin til flutnings á erfðabreyttum lífverum og vöru sem inniheldur þær, á landi, sjó og í lofti.

Lögin gilda ekki um lífverur sem verða til með hefðbundnum kynbótum eða náttúrulegu erfðabreytingaferli.

Lög þessi gilda ekki um afurðir erfðabreyttra lífvera.

Við framkvæmd laganna skal höfð í huga sérstaða landsins á norðurslóð.

##### 3. gr.

Lögin gilda á Íslandi, í landhelginni og efnahagslögsögunni.

#### II. KAFLI

#### Orðaskýringar.

##### 4. gr.

Í lögum þessum er merking eftirtalinna orða og orðasambanda eins og hér segir:

*Afmörkuð notkun erfðabreyttra lífvera* táknar alla þá starfsemi þar sem litningum í lífverum er breytt eða þegar erfðabreyttar lífverur eru ræktaðar, geymdar, notaðar, fluttar eða

þeim fargað, enda sé beitt tálmunum af hvaða toga sem er til að hindra að erfðabreyttar lífverur komist í snertingu við fólk, umhverfi eða aðrar lífverur.

*Afurðir erfðabreyttra lífvera* eru afurðir sem framleiddar eru með erfðabreyttum lífverum en innihalda ekki lifandi erfðabreyttar lífverur.

*Greinargerð um hugsanlegar afleiðingar* er úttekt á hugsanlegum afleiðingum fyrir heilsu manna, annarra lífvera og umhverfi vegna afmarkaðrar notkunar, losunar og sleppingar og dreifingar erfðabreyttra lífvera, svo og vöru sem hefur erfðabreyttar lífverur að geyma.

*Erfðabreyttar lífverur* eru allar lífverur þar sem erfðaefninu hefur verið breytt á annan hátt en gerist í náttúrunni við þörun og/eða náttúrulega endurröðun.

*Erfðataekni* er tækni sem notuð er til þess að einangra, greina og umbreyta erfðaefni og flytja það inn í lifandi frumur eða veirur.

*Lífvera* er líffræðileg eining þar sem fram getur farið eftirmyndun eða yfirfærsla erfðaefnis.

*Lögbært yfirvald* er það stjórnvald sem aðildarríki EES-samningsins tilnefna til að fara með leyfisveitingar í hverju landi og hafa umsjón og eftirlit með notkun erfðabreyttra lífvera.

*Markaðssetning* er hvers kyns afhending erfðabreyttra lífvera eða vöru sem hefur þær að geyma, hvort sem afhendingin er gegn gjaldi eða ekki.

*Slepping eða dreifing* merkir það þegar erfðabreyttum lífverum er sleppt út í umhverfið án þess að beitt sé tálmunum til að hindra að þær geti haft áhrif á fólk, aðrar lífverur eða umhverfi.

*Slys* er sérhvert það tilvik kallað þegar erfðabreyttar lífverur sleppa út og geta stefnt heilsu manna, annarra lífvera eða umhverfinu í hættu, þegar í stað eða síðar.

*Vara* er tilbúið efni eða framleiðsluvara sem sett er á markað og er að hluta eða öllu leyti úr erfðabreyttum lífverum eða samsetningum þeirra.

### III. KAFLI Stjórnsýsla.

#### 5. gr.

Umhverfissráðherra fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum.

Hollustuvernd ríkisins hefur yfirumsjón með framkvæmd laganna, veitir leyfi og stjórnar eftirliti með starfsemi samkvæmt lögum þessum.

Umhverfissráðherra getur með reglugerð, að fenginni umsögn félagsmála-, heilbrigðis-, menntamála- og landbúnaðarráðherra, falið öðrum stjórnvöldum að fara með hluta eftirlitsins í samræmi við lög sem um þau stjórnvöld gilda undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins.

Hollustuvernd ríkisins getur afturkallað leyfi sem hún hefur veitt samkvæmt lögum þessum ef áhætta af leyfðri starfsemi eykst, flokkun erfðabreyttra lífvera breytist, nýjar upplýsingar liggja fyrir um að áhætta af starfseminni hafi verið vanmetin, ný tækni gerir það að verkum að mögulegt er að takmarka frekar en gert er áhættu fyrir heilsu manna og umhverfi eða ef brotið er gegn lögum og reglum sem um starfsemina gilda.

Hollustuvernd ríkisins er óheimilt að veita leyfi ef slík leyfisveiting samræmist ekki markmiðum laga þessara.

#### 6. gr.

Umhverfissráðherra skal skipa níu manna ráðgjafanefnd sem hefur sérfræðiþekkingu á þessu sviði. Skipa skal með sama hætti jafnmarga til vara. Nefndin skal veita umsagnir samkvæmt lögum þessum auk þess sem hún skal veita eftirlits- og framkvæmdaraðilum ráð-

gjöf um framkvæmd laganna og beita sér fyrir fræðslu um erfðabreytingar. Þá ber nefndinni að gera tillögur til ráðherra um allt það sem horfir til betri vegar í málaflokki þessum. Við skipan í nefndina skulu m.a. höfð í huga tengsl við sérfræðistofnanir í náttúrufræði og siðfræði. Umhverfisráðherra setur nefndinni starfsreglur í reglugerð auk þess sem þar skal kveðið á um það hvenær skylt sé að leita umsagnar nefndarinnar áður en endanleg ákvörðun er tekin eða leyfi veitt. Kostnaður sem hlýst af starfsemi nefndarinnar skal greiddur úr ríkissjóði.

#### 7. gr.

Umhverfisráðherra setur í reglugerðir á grundvelli laga þessara, að fenginni umsögn ráðgjafanefndar, sbr. 6. gr., m.a. nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara að því er varðar eftirtalin atriði:

1. flokkun erfðabreyttra lífvera í áhættuflokka;
2. einangrunarráðstafanir í samræmi við flokkun erfðabreyttra lífvera í áhættuflokka;
3. ákvæði, í samráði við félagsmálaráðherra, um aðbúnað starfsfólks, aðstöðu, búnað og tæki sem notuð eru við starfsemi með erfðabreyttar lífverur;
4. greinargerð um hugsanlegar afleiðingar;
5. skrár sem skylt er að halda vegna notkunar á erfðabreyttum lífverum;
6. skilyrði fyrir sleppingu og dreifingu erfðabreyttra lífvera;
7. flutning erfðabreyttra lífvera og vöru sem inniheldur þær;
8. markaðssetningu erfðabreyttra lífvera og vöru sem inniheldur þær;
9. mengunarvarnir, geymslu, losun og meðferð úrgangsefna;
10. rannsóknarsvæði;
11. efni umsókna og meðferð þeirra, tilkynningar til lögbærra yfirvalda á Evrópska efna-  
hagssvæðinu og leyfisveitingar samkvæmt lögum þessum;
12. merkingar og vöruumbúðir;
13. neyðaráætlanir um slysavarnir;
14. fræðslu fyrir almenning;
15. ábyrgðartryggingar;
16. önnur atriði sem nauðsynlegt er að setja reglur um í samræmi við alþjóðasamninga sem Ísland hefur gerst aðili að, viðbætur eða breytingar á þeim.

#### IV. KAFLI

##### **Afmörkuð notkun erfðabreyttra lífvera.**

#### 8. gr.

Óheimilt er að hefja starfsemi þar sem fram á að fara afmörkuð notkun erfðabreyttra lífvera, nema að fengnu leyfi Hollustuverndar ríkisins. Sækja ber um leyfi til Hollustuverndar ríkisins fyrir hverja tegund erfðabreyttra lífvera sem fyrirhugað er að nota eða framleiða.

Í umsókn skal gerð grein fyrir hugsanlegum afleiðingum afmarkaðrar notkunar hinnar erfðabreyttu lífveru fyrir heilsu manna og umhverfi og fyrirhuguðum öryggisráðstöfunum, auk almennra upplýsinga um tegund starfsemi og flokkun erfðabreyttra lífvera. Einnig skulu fylgja umsagnir eftirlitsaðila um aðstöðu, búnað og tæki, eins og nánar er kveðið á um í reglugerð.

Hollustuvernd getur krafist þess að umsækjandi veiti frekari upplýsingar en fram koma í umsókn um aðstöðu og fyrirhugaða starfsemi.

Hollustuvernd ríkisins tilkynnir umsækjanda skriflega um móttöku umsóknar.



## 9. gr.

Afmörkuð notkun erfðabreyttra lífvera skal einungis fara fram á rannsóknarstofum eða athafnasvæðum sem Hollustuvernd ríkisins og aðrir eftirlitsaðilar hafa samþykkt til slíkrar notkunar. Þá getur starfsemi með erfðabreyttar lífverur ekki hafist fyrr en eftirlitsaðilar hafa samþykkt þann búnað sem fyrirhugað er að nota við starfsemina og að farið sé að viðeigandi reglum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Þegar unnið er með erfðabreyttar lífverur þar sem sérstakrar varúðar er þörf skulu einangrunarráðstafanir og mengunarvarnir viðhafðar í samræmi við flokkun á erfðabreyttum lífverum og tegund starfsemi. Þeir sem bera ábyrgð á starfsemi skv. 1. mgr. skulu taka einangrunarráðstafanir og mengunarvarnir reglulega til endurskoðunar og hafa til hliðsjónar nýjungar á sviði vísinda og tækni.

## 10. gr.

Hollustuvernd ríkisins leggur mat á hverja umsókn á grundvelli framkominna gagna og umsagna og tekur afstöðu til þess hvort leyfi skuli veitt. Stofnuninni er heimilt að takmarka þann tíma sem starfsemi er heimil og binda leyfi öðrum skilyrðum. Þá getur Hollustuvernd ríkisins krafist þess að umsækjandi breyti aðstöðu sinni í samræmi við ákvæði laga og reglugerða áður en leyfi er veitt.

Aðeins skal veita leyfi til afmarkaðrar notkunar að ekki sé talin hætta á skaðsemi út frá umhverfisverndar- og heilsufarssjónarmiðum og siðferðilega sé réttlætjanlegt.

Hollustuvernd ríkisins skal tilkynna umsækjanda skriflega hvort fallist hafi verið á umsókn.

Tilkynna skal Hollustuvernd ríkisins þegar notkun eða framleiðsla erfðabreyttra lífvera hefst og halda dagbók um starfsemina.

Hollustuvernd skal hafa eftirlit með og skrásetja þær tegundir erfðabreyttra lífvera sem unnið er með hverju sinni.

## 11. gr.

Ef afmörkuð notkun erfðabreyttra lífvera er fyrirhuguð sem þáttur í kennslu í skólum á háskólastigi er heimilt að víkja frá ákvæðum 8., 9. og 10. gr., enda hafi umhverfisráðherra gefið út sérstakt leyfi þar að lútandi, að fenginni umsögn eftirlitsaðila. Umhverfisráðherra getur afturkallað leyfi sem hann hefur veitt samkvæmt þessari grein.

## 12. gr.

Tilkynna skal Hollustuvernd ríkisins án tafar ef breytt er aðstöðu þar sem fram fer afmörkuð notkun erfðabreyttra lífvera. Hið sama á við ef flokkun erfðabreyttra lífvera breytist. Skal Hollustuvernd tilkynna leyfishafa skriflega svo skjótt sem auðið er hvort breytingarnar séu svo veigamiklar að afturkalla verði áður útgefið leyfi eða hvort leyfishafi skuli breyta starfsaðstöðu sinni að boði stofnunarinnar.

## V. KAFLI

**Slepping eða dreifing erfðabreyttra lífvera.**

## 13. gr.

Óheimilt er að sleppa eða dreifa erfðabreyttum lífverum, nema að fengnu leyfi Hollustuverndar ríkisins. Sækja skal um leyfi til Hollustuverndar ríkisins fyrir hverja einstaka sleppingu eða dreifingu. Sækja má um leyfi fyrir fleiri en eina sleppingu eða dreifingu í sömu umsókn, enda sé um að ræða samsetningu eða blöndu erfðabreyttra lífvera á einum stað eða sömu tegund þeirra er sleppt á fleiri stöðum í sama skyni og á afmörkuðu tímabili. Stofnunin skal staðfesta móttöku umsókna skriflega.

Umsókn skulu fylgja nauðsynlegar upplýsingar um eiginleika og einkenni hinnar erfða-breyttu lífveru, greinargerð um hugsanlegar afleiðingar af sleppingu og dreifingu, fyrirhugaðar öryggisráðstafanir og siðferðileg álitæfni ásamt öðrum gögnum sem ráðherra kveður á um í reglugerð.

Umsóknir um leyfi skulu vera þannig úr garði gerðar að þær séu fallnar til almennrar kynningar eftir því sem ákveðið kann að verða og samrýmist ákvæðum um upplýsinga-skyldu og trúnað.

Hollustuvernd ríkisins skal leita umsagna Náttúruverndarráðs og annarra eftir því sem við á og nánar er kveðið á um í reglugerð.

#### 14. gr.

Hollustuvernd ríkisins leggur mat á hverja umsókn á grundvelli framkominna gagna og umsagna og tekur afstöðu til þess hvort leyfi skuli veitt, að fengnum tillögum Náttúrufræðistofnunar Íslands. Aðeins skal veita leyfi til sleppingar eða dreifingar að ekki sé talin hætt á skaðsemi út frá umhverfisverndar- og heilsufarssjónarmiðum og siðferðilega sé réttlæt-legt. Hollustuvernd ríkisins skal tilkynna umsækjanda skriflega hvort fallist hafi verið á umsókn og hvaða skilyrðum leyfi sé bundið hafi það verið veitt. Stofnunin getur ákveðið áður en leyfi er veitt að framkvæmdar verði sérstakar prófanir og rannsóknir.

#### 15. gr.

Telji leyfishafi nauðsynlegt að breyta áður heimilaðri tilhögun við sleppingu eða dreif-ingu erfðabreyttra lífvera ber honum að tilkynna Hollustuvernd ríkisins það án tafar. Sama gildir komi fram nýjar upplýsingar um hættu sem fylgir sleppingu eða dreifingu erfða-breyttra lífvera. Ákvæði þetta gildir þó að leyfi hafi verið gefið út. Skal stofnunin taka af-stöðu til fyrirhugaðra breytinga og ráðstafana svo fljótt sem auðið er og tilkynna leyfishafa ákvörðun sína án tafar.

### VI. KAFLI

#### **Markaðssetning erfðabreyttra lífvera eða vöru sem inniheldur þær.**

#### 16. gr.

Óheimilt er að markaðssetja hér á landi erfðabreyttar lífverur eða vöru sem inniheldur þær, nema að fengnu leyfi Hollustuverndar ríkisins. Umhverfisráðherra getur í reglugerð, að fengnum tillögum ráðgjafanefndar eða Hollustuverndar ríkisins, ákveðið að tiltekna af-hendingar erfðabreyttra lífvera teljist ekki til markaðssetningar í skilningi laga þessara.

#### 17. gr.

Umsókn um markaðssetningu skal beina til Hollustuverndar ríkisins sem staðfestir mót-töku hennar skriflega. Áður en stofnunin gefur út leyfi skal hún leita umsagna um efni um-sóknar eins og kveðið er á um í reglugerð. Hollustuvernd ríkisins leggur mat á hverja um-sókn á grundvelli framkominna gagna og umsagna og tekur afstöðu til þess hvort leyfi skuli veitt.

Ef umsókn fær jákvæða afgreiðslu skal Hollustuvernd ríkisins senda útdrátt úr umsókn ásamt umsögn sinni til lögbærra yfirvalda á EES-svæðinu eins og nánar er kveðið á um í reglugerð.

#### 18. gr.

Komi fram nýjar upplýsingar um áhættu vegna markaðssetningar erfðabreyttra lífvera eða vöru sem inniheldur þær ber umsækjanda eða leyfishafa að tilkynna það án tafar til

Hollustuverndar ríkisins. Hið sama á við ef flokkun erfðabreyttra lífvera breytist. Umsækjandi eða leyfishafi skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að vernda heilsu manna og umhverfi sé þess þörf með tilliti til þessara nýju upplýsinga.

Berist Hollustuvernd ríkisins tilkynning skv. 1. mgr. eða eftir öðrum leiðum skal hún svo skjótt sem auðið er taka afstöðu til þess hvort nauðsynlegt sé að endurskoða eða breyta áður útgefnu leyfi eða afturkalla það. Ákvörðun sína skal stofnunin tilkynna leyfishafa án tafar.

#### 19. gr.

Ef fyrir liggur leyfi útgefið af lögbæru yfirvaldi í öðru landi á EES-svæðinu til markaðssetningar erfðabreyttra lífvera eða vöru sem inniheldur þær jafngildir sú leyfisveiting leyfi til markaðssetningar hér á landi.

Umhverfisráðherra getur, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr., að fengnum tillögum Hollustuverndar ríkisins og umsögn ráðgjafanefndar, bannað eða takmarkað hér á landi markaðssetningu tiltekinna erfðabreyttra lífvera eða vöru sem inniheldur þær ef hætta er á að markaðssetningin hafi í för með sér skaðleg áhrif á heilsu manna eða umhverfi. Það sama á við ef leyfisveiting samræmist ekki markmiðum laga þessara að öðru leyti eða samræmist ekki íslenskum lögum.

Hollustuvernd ríkisins skal tilkynna án tafar öðrum lögbærum yfirvöldum á EES-svæðinu ákvörðun umhverfisráðherra skv. 2. mgr.

### VII. KAFLI

#### Almenn ákvæði.

#### 20. gr.

Hollustuvernd ríkisins eða öðrum eftirlitsaðilum er heimill óhindraður aðgangur að rannsóknarstofum eða svæðum þar sem notaðar eru, eða unnið er með, erfðabreyttar lífverur. Jafnframt geta eftirlitsaðilar krafist þess að fá aðgang að öllum skjölum og efni sem máli skiptir vegna eftirlitsins.

#### 21. gr.

Sérhverjum þeim sem notar, framleiðir eða markaðssetur erfðabreyttar lífverur er skylt, án tillits til trúnaðarskyldu, að afhenda Hollustuvernd ríkisins eða öðrum opinberum eftirlitsaðilum nauðsynlegar upplýsingar svo að þeir geti sinnt verkefnum sem þeim eru falin samkvæmt lögum þessum. Öðrum opinberum stofnunum er einnig skylt, sé þess óskað, að afhenda eftirlitsaðilum sömu upplýsingar, án tillits til trúnaðarskyldu sem annars hvílar á stofnuninni og starfsmönnum hennar.

Starfsmönnum Hollustuverndar ríkisins, ráðgjafanefnd eða öðrum sem fjalla um umsóknir og tilkynningar samkvæmt lögum þessum er óheimilt að greina frá trúnaðarupplýsingum sem þeir kunna að komast að í starfi sínu. Óheimilt er að greina frá umsóknum sem dregnar hafa verið til baka. Trúnaðarskyldan helst þó að látið sé af starfi.

Umhverfisráðherra setur nánari ákvæði í reglugerð, í samræmi við gildandi lög um upplýsingaskyldu, um meðferð upplýsinga og hvaða upplýsingar skuli ætíð undanþegnar trúnaðarskyldu.

#### 22. gr.

Greiða skal sérstakt gjald vegna meðferðar umsókna samkvæmt lögum þessum og skal greiðsla innt af hendi við afhendingu umsókna. Hollustuvernd ríkisins skal gera tillögu að gjaldskrá sem ráðherra staðfestir og birtir í Stjórnartíðindum. Þá er Hollustuvernd ríkisins

heimilt að krefja umsækjanda um endurgreiðslu alls kostnaðar sem fellur til vegna sérstakra rannsóknna eða úttekta, enda hafi verið haft samráð við umsækjanda um fyrirhugaðar rannsóknir eða úttektir og umsækjanda gefinn kostur á að draga umsókn sína til baka áður en til slíks kostnaðar er stofnað.

#### 23. gr.

Ef slys verður, sbr. 4. gr., þ.e. ef erfðabreyttar lífverur sleppa út í umhverfið, skal sá sem ábyrgð ber á starfseminni grípa til nauðsynlegra ráðstafana svo að koma megi í veg fyrir eða takmarka eins og kostur er tjón eða óþægindi sem af slysinu kunna að hljótast. Þá skal sá sem ábyrgð ber á starfsemi tilkynna um slysið án tafar til Hollustuverndar ríkisins og eftirlitsaðila sem málið varðar. Í tilkynningu skulu koma fram upplýsingar um tildrög slyss, tegund og magn erfðabreyttra lífvera sem sloppið hafa út í umhverfið, ásamt nauðsynlegum upplýsingum svo að unnt sé að meta áhrif slyssins. Jafnframt skulu fylgja upplýsingar um til hvaða ráðstafana hafi verið gripið vegna slyssins.

#### 24. gr.

Sá sem ábyrgð ber á afmarkaðri notkun, sleppingu og dreifingu eða markaðssetningu erfðabreyttra lífvera samkvæmt lögum þessum er skaðabótaskyldur vegna tjóns sem af hlýst berist þær út í umhverfið, án tillits til þess hvort tjón verði rakið til saknæms hátternis eða ekki.

#### 25. gr.

Umsækjandi, leyfishafi eða aðrir sem telja á rétt sinn hallað vegna ákvörðunar sem tekin hefur verið samkvæmt lögum þessum geta kært hana til umhverfisráðherra innan þriggja mánaða frá því að ákvörðun var tilkynnt.

#### 26. gr.

Að fengnum tillögum Hollustuverndar ríkisins og umsögn ráðgjafanefndar er umhverfisráðherra heimilt að ákveða með reglugerð að nánar skilgreind starfsemi með tiltekna erfðabreyttar lífverur hér á landi sé undanþegin ákvæðum IV., V. og VI. kafla laga þessara. Það skal þó ekki ákveðið fyrr en reynsla hefur fengist af starfsemi með erfðabreyttu lífverunum og tryggt er að ekki stafi af þeim hættu fyrir heilsu manna, vistkerfið eða umhverfið. Þessa ákvörðun skal tilkynna lögbærum yfirvöldum á EES-svæðinu.

#### 27. gr.

Umhverfisráðherra getur ákveðið með reglugerð að Hollustuvernd ríkisins skuli leita umsagna áður en leyfi fyrir starfsemi samkvæmt lögum þessum er veitt.

Ef umsókn er þess eðlis að leyfi fyrir starfsemi með erfðabreyttar lífverur getur haft veruleg áhrif á starfsemi og hagsmuni margra aðila er Hollustuvernd ríkisins heimilt að efna til opins áheyrnarfundar áður en endanleg ákvörðun um leyfisveitingu er tekin. Ákvörðun um að halda opinn áheyrnarfund skal auglýsa sérstaklega.

### VIII. KAFLI

#### **Þvingunarúrræði stjórnvalda, málsmeðferð og viðurlög.**

#### 28. gr.

Til þess að knýja á um framkvæmd ráðstafana sem eftirlitsaðilar hafa ákveðið á grundvelli laga þessara getur Hollustuvernd ríkisins eða önnur stjórnvöld sem falið hefur verið sérstakt eftirlit, í samráði við Hollustuvernd ríkisins, beitt eftirfarandi aðgerðum:

1. veitt áminningu,
2. veitt áminningu og tilhlýðilegan frest til úrbóta,
3. stöðvað starfsemi eða notkun búnaðar að öllu leyti eða að hluta til, með aðstoð lög-reglu ef með þarf.

Starfsemi skal því aðeins stöðvuð að um alvarlegt tilvik eða ítrekuð brot sé að ræða, eða ef aðilar sinna ekki kröfum um úrbætur innan tilskilins frests. Ef aðili vanrækir að vinna verk sem Hollustuvernd ríkisins eða önnur stjórnvöld hafa fyrirskipað honum að framkvæma á grundvelli laga þessara eða reglna settra samkvæmt þeim, innan tilskilins frests, er stjórnvöldum heimilt að láta vinna verkið á kostnað umrædds aðila. Kostnaður vegna slíkra aðgerða greiðist til bráðabirgða úr ríkissjóði sem innheimtir hann síðar hjá umræddum aðila.

Hollustuvernd ríkisins er heimilt að ákveða dagsektir, allt að 50.000 kr. á dag, til þess að knýja á um framkvæmdir. Ákvarðanir um greiðslu gjalda, kostnaðar og dagsekta samkvæmt þessari grein eru aðfararhæfar.

#### 29. gr.

Með rannsókn á brotum samkvæmt lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim skal fara að hætti opinberra mála.

Brot gegn lögum þessum varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, ef sakir eru miklar. Hlutdeild í brotum á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim, eða tilraun til slíkra brota, er refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

#### 30. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 2. apríl 1996.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

---

*Guðmundur Bjarnason.*

## AUGLÝSING

### um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fór til útlanda í dag.

Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, skv. 8. gr. stjórnarskrárinnar

*Forsætisráðuneytinu, 29. mars 1996.*

**Davíð Oddsson.**

---

*Ólafur Davíðsson.*

# LÖG

## um breytingu á lögum nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

- a. Lokamálsliður 1. mgr. fellur brott.
- b. 2. mgr. orðast svo:

Umsókn um starfsleyfi skal vera skrifleg. Henni skulu fylgja samþykktir fyrir lánastofnunina, lýsing á starfseminni þar sem fram kemur, meðal annars, hvaða starfsemi ætlunin er að stunda og lýsing á innra skipulagi lánastofnunarinnar. Jafnframt skulu fylgja upplýsingar um stofnendur, hlutafé, hluthafa og hlut hvers um sig, auk annarra upplýsinga og gagna sem viðskiptaráðherra ákveður.

- c. Á eftir 3. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Ákvörðun um umsókn um starfsleyfi skal ávallt liggja fyrir innan sex mánaða frá því að fullbúin umsókn barst ráðherra.

#### 2. gr.

Í stað orðanna „11. maí 1993“ í 5. gr. laganna kemur: 27. maí 1993.

#### 3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

- a. 1. mgr. orðast svo:

Eigið fé lánastofnunar skal á hverjum tíma eigi nema lægri fjárhæð en sem svarar til 8% af áhættugrunni. Áhættugrunnur stofnunar skal metinn með tilliti til heildar-eigna, liða utan efnahagsreiknings, gengisáhættu og áhættu annarra liða með markaðs-áhættu samkvæmt nánari reglum um mat á áhættugrunni til útreiknings á eiginfjárlutfalli lánastofnana sem Seðlabankinn setur. Eiginfjárfrafan skv. 1. málsl. skal einnig gilda um samstæðureikning.

- b. Ný málsgrein bætist við, svohljóðandi:

Ákvæði laga um Seðlabanka Íslands, svo og reglur settar samkvæmt þeim um laust fé, bindiskyldu og gengisbundnar eignir og skuldir innlánsstofnana, skulu einnig gilda fyrir aðrar lánastofnanir, eftir því sem við getur átt.

#### 4. gr.

11. gr. laganna orðast svo:

Ársreikningur lánastofnunar skal endurskoðaður af löggiltum endurskoðanda eða endurskoðunarstofu. Þó skal ársreikningur lánastofnunar, sem rekin er á ábyrgð ríkissjóðs eða ríkissjóður á að hálfu eða meira, endurskoðaður af Ríkisendurskoðun, sbr. lög um Ríkisendurskoðun. Ráðherra sá, sem fer með málefni lánastofnunar í eigu ríkissjóðs, staðfestir ársreikning hennar.

Um ársreikning og endurskoðun að öðru leyti, svo og samstæðureikningsskil, fer samkvæmt ákvæðum VII. kafla laga um viðskiptabanka og sparisjóði.

## 5. gr.

Við 13. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Um heimildir dótturfyrirtækja erlendra lánastofnana til starfsemi hér á landi fer samkvæmt ákvæðum XII. kafla laga um viðskiptabanka og sparisjóði.

## 6. gr.

Við 14. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Um heimildir dótturfyrirtækja innlendra lánastofnana til starfsemi erlendis fer samkvæmt ákvæðum XIII. kafla laga um viðskiptabanka og sparisjóði.

## 7. gr.

Við 17. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Nú gerist hérlend lánastofnun, sem stundar starfsemi í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, brotleg við lög þess ríkis, og lögbær yfirvöld þess ríkis grípa til ráðstafana sambærilegra þeim sem greinir í 1. mgr., og skal þá bankaeftirlitið aðstoða þarlend lögbær yfirvöld við samskipti þeirra við yfirstjórn hlutaðeigandi lánastofnunar.

## 8. gr.

Á eftir 18. gr. laganna kemur ný grein, svohljóðandi, og breytist greinatala samkvæmt því:

Ákvæði 96. gr. A laga um viðskiptabanka og sparisjóði um rétt til að leita til dómstóla gilda einnig um lánastofnanir.

## 9. gr.

3. gr. laga nr. 48/1966, um Stofnlánadeild verslunarfyrirtækja (verslunarlánasjóð), orðast svo:

Fjáröflun stofnlánadeildarinnar er sem hér segir:

1. Fé sem fengið er með útgáfu vaxtabréfa, að fengnu samþykki Seðlabanka Íslands.
2. Vextir.
3. Fé sem fengið kann að vera að láni til endurlána.

## 10. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða I í lögum bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Starfsheimildir 8. gr. laga þessara koma til viðbótar heimildum sérлага um starfandi lánastofnanir.

## 11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 45/1972, um Stofnlánadeild samvinnufélaga, með áorðnum breytingum.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Víkjandi lán, sem lánastofnun hefur tekið fyrir gildistöku laga þessara og greiðast skal niður með afborgunum, er undanþegið ákvæði um endurgreiðslu víkjandi lána sem teljast til eiginfjárpáttar B í 3. másl. 4. mgr. 54. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði.

*Gjört í Reykjavík, 28. mars 1996.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Finnur Ingólfsson.*

# LÖG

## um breytingu á lögum nr. 10/1993, um verðbréfasjóði.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### 1. gr.

1. mgr. 9. gr. laganna hljóðar svo:

Verðbréfasjóður verður eingöngu stofnaður sem hlutafélag.

### 2. gr.

Í stað 2. og 3. mgr. 11. gr. laganna kemur ný málsgrein er hljóðar svo:

Stjórnarmenn skulu vera búsettir hér á landi. Þeir skulu vera lögráða, hafa óflekkað mannorð, vera fjár síns ráðandi og mega ekki á síðustu fimm árum hafa í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld. Ríkisborgarar þeirra ríkja, sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahags-svæðið, eru undanþegnir búsetuskilyrðinu, enda séu viðkomandi ríkisborgarar búsettir í EES-ríki. Ráðherra er heimilt að veita þeim sem búsettir eru í öðrum ríkjum sömu undanþágu.

### 3. gr.

2. másl. 1. mgr. 12. gr. laganna orðast svo: Rekstrarfélag verður eingöngu stofnað sem hlutafélag eða einkahlutafélag og skal hafa aðsetur hér á landi.

### 4. gr.

1. másl. 13. gr. laganna orðast svo: Daglegur stjórnandi rekstrarfélags skal uppfylla sömu skilyrði og framkvæmdastjóri fyrirtækis í verðbréfaþjónustu samkvæmt lögum um verðbréfaviðskipti.

### 5. gr.

Við 14. gr. laganna bætist ný málsgrein er hljóðar svo:

Vörslufyrirtæki ber ábyrgð gagnvart rekstrarfélagi og eigendum hlutdeildarskírteina vegna tjóns sem þeir kunna að verða fyrir og rekja má til ásetnings eða gáleysis starfsmanna vörslufyrirtækis við framkvæmd verkefna þess skv. 1. mgr.

### 6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 16. gr. laganna:

- a. 1. másl. orðast svo: Gefa skal út verðbréf í formi hlutdeildarskírteina til þeirra sem fá verðbréfasjóði fjármuni til ávöxtunar og óska eftir því.
- b. Við bætist ný málsgrein er hljóðar svo:  
Hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða eru undanþegin stimpilgjöldum.

### 7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 20. gr. laganna:

- a. 1. mgr. orðast svo:  
Verðbréfasjóði eða einstökum deildum hans er eingöngu heimilt að fjárfesta með eftirfarandi hætti:



1. Í framseljanlegum verðbréfum sem skráð hafa verið á skipulegum verðbréfamarkaði samkvæmt skilgreiningu laga um verðbréfavíðskipti.
  2. Í nýútgefnum, framseljanlegum verðbréfum, enda sé í skilmálum vegna útgáfu þeirra skuldbinding um að sótt verði um skráningu verðbréfanna á skipulegum verðbréfamarkaði skv. 1. tölul. Skráning verðbréfa samkvæmt þessu ákvæði skal fara fram eigi síðar en einu ári frá útgáfu þeirra.
- b. Ný málsgrein bætist við, svohljóðandi:
- Verðbréfasjóði er óheimilt að selja verðbréf sem ekki eru í eigu hans á þeim tíma sem sala þeirra fer fram.

## 8. gr.

1. mgr. 23. gr. laganna orðast svo:

Verðbréfasjóði eða einstökum deildum hans er óheimilt að fjárfesta í hlutdeildarskírteinum annarra verðbréfasjóða en þeirra sem uppfylla skilyrði laga þessara. Fjárfesting verðbréfasjóðs í öðrum verðbréfasjóðum má þó ekki fara yfir 5% af eignum hans eða einstakra deilda hans.

## 9. gr.

1. mgr. 26. gr. laganna orðast svo:

Verðbréfasjóði er óheimilt að fjárfesta í fasteignum eða lausafé.

## 10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 27. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Verðbréfasjóði er óheimilt að taka önnur lán en skammtímalán til að standa straum af innlausn hlutdeildarskírteina. Slík lán mega ekki nema meira en sem svarar 10% af eignum sjóðsins eða einstakra deilda innan hans.

b. 2. mgr. fellur brott.

## 11. gr.

3. mgr. 31. gr. laganna orðast svo:

Verði endurskoðendur varir við slíka ágalla í rekstri verðbréfasjóðs að reikningar verði ekki áritaðir eða athugasemdir við þá gerðar, ágalla á innra eftirliti eða önnur atriði sem veikt geta fjárhagsstöðu sjóðsins til áframhaldandi reksturs, svo og ef endurskoðandi hefur ástæðu til að ætla að lög og reglugerðir eða reglur sem gilda um sjóðinn hafi verið brotnar, skal endurskoðandi þegar gera stjórn sjóðsins og bankaeftirliti viðvart. Þetta á einnig við um sambærileg atriði sem endurskoðandi verðbréfasjóðs fær vitneskju um og varða fyrir-tæki í nánnum tengslum við sjóðinn. Ákvæði þessarar greinar brjóta ekki í bága við þagnarskyldu endurskoðenda samkvæmt ákvæðum annarra laga.

## 12. gr.

Á eftir 37. gr. laganna kemur ný grein, svohljóðandi, og breytist númeraröð annarra greina samkvæmt því:

Rekstrarfélag skal gefa út útboðslýsingu fyrir hvern verðbréfasjóð sem það annast rekstur á samkvæmt lögum þessum. Í útboðslýsingu skulu koma fram nauðsynlegar upplýsingar til að viðskiptavinum sé kleift að meta kosti fjárfestinga í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóðs.

Nánar skal kveðið á um útboðslýsingar verðbréfasjóða skv. 1. mgr. í reglum sem banka-  
eftirlitið setur.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 28. mars 1996.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

Finnur Ingólfsson.

## LÖG

### um breytingu á lögum nr. 11/1993, um Verðbréfaþing Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „viðskipta- og upplýsingakerfi“ í 1. tölul. kemur: viðskipta-, uppgjör- og upplýsingakerfi.
- b. Á eftir 2. tölul. kemur nýr töluliður er orðast svo: að setja reglur um uppgjör viðskipta með tilliti til fjárhagsstöðu þingaðila.
- c. Við greinina bætist nýr töluliður er orðast svo: að vinna að framþróun og skilvirkni verðbréfamarkaðar.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „febrúarmánaðar“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: aprílmánaðar.
- b. Við bætist ný málsgrein sem verður 2. mgr. og hljóðar svo:  
Stjórnarmenn skulu vera búsettir hér á landi, vera lögráða, hafa óflekkað mannorð og vera fjár síns ráðandi. Þeir mega ekki á síðustu fimm árum hafa í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld.
- c. Í stað orðsins „febrúarmánaðar“ í 2. mgr. kemur: aprílmánaðar.

3. gr.

Í stað orðsins „febrúarlok“ í 1. málsl. 1. mgr. 5. gr. laganna kemur: apríllök.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr. laganna:

- a. Á eftir orðinu „Verðbréfafyrirtæki“ í 2. tölul. 1. mgr. kemur: verðbréfamíðlun sem heimilt er að eiga viðskipti með verðbréf fyrir eigin reikning.

- b. Við 3. tölul. 1. mgr. bætist: enda hafi þeir sambærilegan aðgang að skipulegum verðbréfamarkaði í heimaríki sínu.
- c. Við bætist ný málsgrein er orðast svo:  
Stjórn Verðbréfaþings setur nánari reglur um aðild að Verðbréfaþingi Íslands.

## 5. gr.

Við 9. gr. laganna bætist nýr töluliður, 1. tölul., svohljóðandi, og breytist röð annarra tölulíða samkvæmt því: að uppfylla kröfur um eigið fé sem gerðar eru til hlutaðeigandi lögum samkvæmt.

## 6. gr.

Í stað orðanna „viðskipta- og upplýsingakerfi“ í 13. gr. laganna kemur: viðskipta-, upp-  
gjörs- og upplýsingakerfi.

## 7. gr.

5. mgr. 17. gr. laganna hljóðar svo:  
Birta skal endurskoðaðan ársreikning í B-deild Stjórnartíðinda.

## 8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Viðskiptaráðherra skal eftir gildistöku laga þessara skipa nefnd sem vinni að heildarendurskoðun laga um Verðbréfaþing Íslands með það að meginmarkmiði að afnema einkarétt þess á verðbréfaþingsstarfsemi eigi síðar en í árslok 1997.

*Gjört í Reykjavík, 28. mars 1996.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

\_\_\_\_\_  
*Finnur Ingólfsson.*

2. apríl 1996

Nr. 23

**LÖG**

**um breytingu á lögum um landflutningasjóð,  
nr. 62/1979, með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Hlutverk landflutningasjóðs er að stuðla að uppbyggingu og framþróun í vöruflutningum á landi. Í þeim tilgangi skulu veittir styrkir til verkefna sem lúta að fræðslu um flutninga-  
starfsemi, svo sem rekstur flutningafyrirtækja, vörumeðferð, neytendavernd og markaðsmál.

## 2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

- a. 2. og 3. másl. 1. mgr. orðast svo: Ráðherra skipar þrjá menn í stjórn sjóðsins til fjögurra ára í senn, þar af einn eftir tilnefningu Landvara, félags íslenskra vöruflytjenda. Formaður sjóðstjórnar skal vera annar þeirra sem skipaður er án tilnefningar.
- b. 2. mgr. fellur brott.

## 3. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Stjórn landflutningasjóðs tekur ákvörðun um hvernig hagað skuli vörslu og umsjón sjóðsins. Endurskoðun ársreikninga landflutningasjóðs annast Ríkisendurskoðun.

## 4. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Rétt til styrkja úr sjóðnum eiga þeir einir sem eru fullgildir félagar í Landvara, félagi íslenskra vöruflytjenda, samtök þeirra eða verkefni á þeirra vegum.

## 5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1996. Öllum eignum landflutningasjóðs skal ráðstafa í samræmi við tilgang hans innan átta ára frá gildistöku laga þessara. Lög um landflutningasjóð falla úr gildi 1. júní 2004.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Frá 1. júní 1996 fellur úr gildi skipunartími núverandi stjórnar landflutningasjóðs og skal ný stjórn skipuð frá sama tíma.

*Gjört í Reykjavík, 2. apríl 1996.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Halldór Blöndal.*

# STJÓRNARTÍÐINDI A 5 – 1996

29. apríl 1996

57

Nr. 24

## AUGLÝSING

um breyting á viðauka I við tollalög nr. 55 30. mars 1987,  
með síðari breytingum.

1. gr.

Á einstökum köflum tollskrárinnar eru gerðar eftirfarandi breytingar:

1. Á 6. kafla:

Vöruliðir 0601 og 0602 ásamt tollskárnúmerum orðast svo:

	A	A1	E
	<u>%</u>	<u>kr/stk</u>	<u>%</u>
<b>0601</b>			
<b>Blómlaukar, rótarhýði, jarðstönglar, krónur og forðastönglar, í dvala, vexti eða blóma; síkoriúplöntur og síkoriúrætur, þó ekki síkoriúrætur í nr. 1212:</b>			
0601.1000 - Blómlaukar, rótarhýði, jarðstönglar, krónur og forðastönglar, í dvala .....	0		
- Blómlaukar, rótarhýði, jarðstönglar, krónur og stönglar, í vexti eða blóma; síkoriúplöntur og síkoriúrætur:			
0601.2001 -- Síkoriúrætur .....	0		
0601.2002 -- Blómstrandi pottaplöntur .....	30	480	
0601.2003 -- Grænar pottaplöntur .....	30	480	
0601.2009 -- Annað .....	30	265	
<b>0602</b>			
<b>Aðrar lifandi plöntur (þ.m.t. rætur), græðlingar og gróðurkvistir; sveppagró:</b>			
0602.1000 - Græðlingar og gróðurkvistir, án róta .....	0	270	
0602.2000 - Tré, runnar og búskar, einnig ágrætt, sem bera æta ávexti eða hnetur .....	30	200	
0602.3000 - Alparósir og glóðarrósir, einnig ágræddar .....	30	200	
0602.4000 - Rósir, einnig ágræddar .....	30	200	
- Annað:			
0602.9010 -- Sveppapræðir (Mycelium) .....	0		
0602.9020 -- Ananasplöntur .....	30	200	

0602.9030	-- Matjurta- og jarðarberjaplöntur .....	30	200
	-- Annað:		
	--- Útiplöntur:		
	---- Tré, runnar og búskar:		
0602.9041	---- Skógartré .....	30	200
	---- Annað:		
0602.9045	----- Græðlingar með rót og unglöntur .....	30	200
0602.9049	----- Annars .....	30	200
	---- Aðrar útiplöntur:		
0602.9051	---- Fjölærar jurtkenndar plöntur .....	30	200
0602.9059	---- Annars .....	30	200
	--- Inniplöntur:		
0602.9070	---- Græðlingar með rót og unglöntur, þó ekki kaktusar og þykkblöðungar .....	30	200
	---- Annað:		
0602.9091	---- Kaktusar og þykkblöðungar .....	30	200
0602.9092	---- Pottaplöntur af ættkvíslinni Bromilea .....	30	200
0602.9093	---- Aðrar pottaplöntur til og með 1 metri á hæð ...	30	200
0602.9099	---- Annars .....	30	200

## 2. Á 20. kafla:

Tolltaxti í tollskrárnúmerunum 2004.1001 og 2005.2001 verði 15%.

## 3. Á 87. kafla:

Fjögur ný tollskrárnúmer bætast við vörulið 8704 og orðast svo, ásamt tolltöxtum:

	A	E
	<u>%</u>	<u>%</u>
8704.2210 --- Haffær ökutæki á hjólum fyrir láð og lög .....	0	
8704.2310 --- Haffær ökutæki á hjólum fyrir láð og lög .....	0	
8704.3210 --- Haffær ökutæki á hjólum fyrir láð og lög .....	0	
8704.9020 --- Haffær ökutæki á hjólum fyrir láð og lög .....	0	

## 2. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 14. tl. 6. gr. og 1. mgr. 143. gr. tollalaga nr. 55 30. mars 1987, með síðari breytingum, til að öðlast gildi 1. maí 1996 og tekur til allra vara sem eru ótollafgreiddar við gildistöku hennar.

*Fjármálaráðuneytinu, 29. apríl 1996.*

F. h. r.

**Indriði H. Þorláksson.**

*Guðrún Ásta Sigurðardóttir.*

## AUGLÝSING

### um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fer til útlanda í dag.

Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

*Forsætisráðuneytinu, 16. apríl 1996.*

**Davíð Oddsson.**

---

*Ólafur Davíðsson.*

## AUGLÝSING

### um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er komin úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

*Forsætisráðuneytinu, 26. apríl 1996.*

**Davíð Oddsson.**

---

*Kristján Andri Stefánsson.*

## AUGLÝSING

### um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fór til útlanda í dag.

Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, skv. 8. gr. stjórnarskrárinnar

*Forsætisráðuneytinu, 29. apríl 1996.*

**Davíð Oddsson.**

---

*Ólafur Davíðsson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI A 6 – 1996

Nr. 28

60

2. maí 1996

## AUGLÝSING

frá forsætisráðuneytinu.

Davíð Oddsson forsætisráðherra er á förum til útlanda. Í fjarveru hans gegnir Friðrik Sophusson fjármálaráðherra störfum forsætisráðherra um stundarsakir.

*Forsætisráðuneytinu, 2. maí 1996.*

F. h. r.

**Ólafur Davíðsson.**

Nr. 29

3. maí 1996

## LÖG

um breyting á lögum nr. 131/1990, um Háskóla Íslands.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

6. og 7. mgr. 21. gr. laganna orðast svo:

Við skrásetningu til náms greiðir stúdent skrásetningargjald, 24.000 kr. Upphæð gjaldsins kemur til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert. Háskólaráði er heimilt að ráðstafa allt að 13% af gjaldinu til Félagsstofnunar stúdenta og allt að 10% til sérstakra verkefna samkvæmt samningi milli Háskólans og stúdentaráðs Háskóla Íslands sem háskólaráð staðfestir. Heimilt er að taka 15% hærra gjald af þeim sem fá leyfi til skrásetningar utan skrásetningartímabíla.

Þeir teljast einir stúdentar við Háskóla Íslands sem skrásettir hafa verið til náms. Í reglugerð má kveða nánar á um árlega skrásetningu stúdenta.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.



**Ákvæði til bráðabirgða.**

Háskólaárið 1995–96 greiðir Háskóli Íslands stúdentaráði 2.175 kr. vegna hvers skráðs stúdents.

*Gjört í Reykjavík, 3. maí 1996.*

**Friðrik Sophusson.**

**Ólafur G. Einarsson.**  
(L. S.)

**Haraldur Henrysson.**

*Björn Bjarnason.*

3. maí 1996

Nr. 30

**LÖG**

**um breyting á lögum um Háskólann á Akureyri,  
nr. 51/1992, með síðari breytingu.**

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

## 1. gr.

15. gr. laganna orðast svo:

Hver sá sem staðist hefur stúdentspróf frá íslenskum skóla sem heimild hefur til að brautskrá stúdenta getur sótt um að skrá sig til náms við háskólann gegn því að greiða skrásetningargjald, 24.000 kr. Upphæð gjaldsins kemur til endurskoðunar við afgreiðslu fjárlaga ár hvert. Háskólanefnd er heimilt með samningi að ráðstafa allt að 13% af gjaldinu til Félagssstofnunar stúdenta á Akureyri og allt að 10% til sérstakra verkefna samkvæmt samningi milli Háskólans á Akureyri og Félags stúdenta við Háskólann á Akureyri sem háskólanefnd staðfestir. Heimilt er að taka 15% herra gjald af þeim sem fá leyfi til skrásetningar utan auglýstra skrásetningartímabila.

Háskólanefnd er heimilt að leyfa skrásetningu einstaklinga er lokið hafa öðrum prófum en tilgreint er í 1. mgr. ef hlutaðeigandi deild eða námsbraut telur að um sé að ræða fullnægjandi undirbúning til náms við háskólann. Heimilt er að setja í reglugerð nánari ákvæði um inntökuskilyrði.

Inntaka nemenda er í höndum háskólanefndar og getur hún að fengnu samþykki menntamálaráðuneytis takmarkað fjölda þeirra sem hefja nám við deildir háskólans. Setja skal í reglugerð ákvæði er mæla fyrir um árlega skráningu nemenda.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 3. maí 1996.*

**Friðrik Sophusson.**

**Ólafur G. Einarsson.**  
(L. S.)

**Haraldur Henrysson.**

*Björn Bjarnason.*

# STJÓRNARTÍÐINDI A 7 – 1996

Nr. 31

62

2. apríl 1996

## LÖG um köfun.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### 1. gr.

Enginn má stunda atvinnuköfun í ám eða vötnum, við strendur landsins eða frá íslenskum skipum hér við land nema viðkomandi fullnægi þeim skilyrðum sem sett eru í lögum þessum.

### 2. gr.

*Atvinnuköfun* merkir í lögum þessum allar þær athafnir sem falla undir og eru liður í atvinnustarfsemi kafarans eða annarra aðila. Einnig telst það vera atvinnuköfun ef athöfnin er liður í skipulagðri þjónustustarfsemi til verndar almannahagsmunum. Um sjálfboðaliða, sem ekki þiggja laun fyrir störf sín, gilda reglur sem samtök þeirra setja og samgönguráðherra hefur samþykkt.

*Áhugaköfun* merkir í lögum þessum allar þær athafnir sem teljast til köfunar samkvæmt lögum þessum en falla ekki undir ákvæði 1. mgr. þessarar greinar um atvinnuköfun.

*Köfun* merkir í lögum þessum þær athafnir manna sem fara fram undir yfirborði vatns eða sjávar þar sem líkaminn er undir meiri þrýstingi en sem nemur 50 hektópaskölum (50 mbar) yfir loftþrýstingi á yfirborði jarðar og notast er við tæki sem eru hluti af viðurkenndum köfunarbúnaði.

*Köfunarbúnaður* merkir í lögum þessum allan þann búnað sem notaður er við köfun og gerir mönnum kleift að kafa.

### 3. gr.

Hver sem vill stunda atvinnuköfun skal fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

1. vera fullra 20 ára,
2. standast með fullnægjandi hætti heilbrigðiskröfur,
3. uppfylla menntunar- og hæfniskröfur,
4. hafa gilt atvinnuköfunarskírteini útgefið af Siglingastofnun Íslands.

Óheimilt er að ráða til köfunarstarfa aðra en handhafa atvinnuköfunarskírteina.

Sá sem stundar áhugaköfun skal vera 17 ára eða eldri og uppfylla skilyrði 2. og 3. tölul. 1. mgr. Þá er ráðherra heimilt með reglugerð að ákveða að þeir sem stunda áhugaköfun skuli hafa gilt áhugaköfunarskírteini útgefið af Siglingastofnun Íslands.

### 4. gr.

Siglingastofnun Íslands gefur út köfunarskírteini til þeirra sem uppfylla skilyrði laga þessara og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim. Skírteini skulu rituð á þar til gerð eyðublöð og gilda til fimm ára í senn.

Siglingastofnun Íslands skal halda nákvæma skrá um handhafa atvinnuskírteina.

## 5. gr.

Hver sá sem flytur inn köfunarbúnað eða smíðar slíkan búnað skal fyrir fram fá viðurkenningu Siglingastofnunar Íslands um að búnaðurinn eða hlutar hans uppfylli tækniröfur sem gilda þar um. Liggi fyrir vottorð frá viðurkenndri prófunarstofu um að búnaður sé í samræmi við staðla og reglur telst staðfesting frá Siglingastofnun fullnægjandi.

Eigandi köfunarbúnaðar ber ábyrgð á því að búnaðurinn fullnægi skilyrðum 1. mgr. og að búnaðinum verði haldið við.

## 6. gr.

Siglingastofnun Íslands hefur umsjón og eftirlit með framkvæmd laga þessara.

Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd laganna, m.a. um skilyrði fyrir viðhaldi réttinda samkvæmt köfunarskírteini, svo sem um menntunar-, hæfnis- og heilsufarskröfur, eftir því sem við á, og um heimild Siglingastofnunar Íslands til gjaldtöku vegna eftirlits, útgáfu og endurnýjunar köfunarskírteina.

## 7. gr.

Slys eða óhöpp sem verða við köfun skal tilkynna þegar í stað til lögreglu í því umdæmi þar sem slys eða óhapp átti sér stað og annast lögreglan rannsókn á orsökum þeirra. Við rannsóknina skal kalla til sérfróða aðila eftir því sem þurfa þykir og skal köfunarbúnaður skoðaður af fulltrúa Siglingastofnunar Íslands.

Niðurstöður rannsóknarinnar skulu sendar rannsóknarnefnd sjóslýsa sem fjallar um mál-ið og birtir álit sitt í ársskýrslu nefndarinnar.

## 8. gr.

Brot á lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim varða sektum og/eða sviptingu réttinda nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

## 9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 12/1976, um kafarastörf.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Fram til 1. október 1996 mun Siglingamálastofnun ríkisins annast þau verkefni sem Siglingastofnun Íslands eru falin með lögum þessum er síðarnefnda stofnunin tekur formlega til starfa.

*Gjört í Reykjavík, 2. apríl 1996.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

---

*Halldór Blöndal.*

## AUGLÝSING

### um staðfesting forseta Íslands á reglugerð um breytingar á reglugerð nr. 90/1993, fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 28. f.m. á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi reglugerð um breytingar á reglugerð nr. 98/1993, fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum:

#### 1. gr.

101. gr. orðist svo:

Stjórn deildarinnar er í höndum deildarfundu, deildarráðs og deildarforseta.

Deildarfundur hefur úrslitavald í öllum málum, sem deildin er bær að taka ákvörðun um. Fundi skal boða bréflaga með minnst viku fyrirvara, ef kostur er. Dagskrá skal greina í fundarboði.

Í deildarráði eiga sæti auk deildarforseta, varaforseti deildarinnar, einn fulltrúi úr hverri skor, og skal hann vera formaður skorar, einn fulltrúi aðjúnkta, kjörinn úr hópi þeirra á sameiginlegum fundi í apríl ár hvert sem deildarforseti gengst fyrir, og tveir fulltrúar stúdenta, kjörnir af félagssamtökum þeirra til eins árs í senn úr hópi fulltrúa stúdenta á deildarfundum. Nýkjörið deildarrád tekur til starfa við upphaf háskólaárs.

Deildarrád heldur fundi eftir þörfum. Fundi skal boða bréflaga með dagskrá og með þriggja daga fyrirvara, ef því verður við komið. Deildarforseti boðar fundi og stýrir þeim, en varaforseti í forföllum hans. Skytt er að boða til fundar, ef rektor, þriðjungur deildarráðsmanna eða ein skor æskir þess. Fundur er ályktunarfær, ef hann sækja eigi færri en tveir þriðju hlutar deildarráðsmanna. Falli atkvæði jöfn, ræður atkvæði þess, er stýrir fundi. Gerðir deildarráðsfunda skulu bókfærðar, og skal lesa fundargerð og staðfesta hana, áður en fundi er slitið. Innan tveggja vikna skal senda þeim fundargerðina, er sæti eiga á deildarfundum. Deildarforseti ákveður, hvort fara skuli með mál sem trúnaðarmál.

Deildarráði er heimilt að fjalla um öll mál er deildina varða, en ákvörðunarvald hefur það aðeins í þeim málaflokkum, sem deildarfundur hefur afsalað sér ákvörðunarvaldi í, meðan slíkt afsal stendur. Ætíð má þó skjóta máli til deildarfundar, ef deildarforseti eða þriðjungur deildarráðsmanna æskir þess.

Deildarforseti annast framkvæmd á ákvörðunum deildar (þ.e. deildarráðs og deildarfundu) og nýtur til þess aðstoðar skrifstofustjóra deildar og stjórnsýslu háskólans. Deild getur veitt deildarforseta umboð til að sjá um fjárveitingabeðnin, ráðstöfun fjárveitinga og önnur mál sem heyra undir deildarrád og deildarfund.

#### 2. gr.

102. gr. orðist svo:

Deildin skiptist eftir fræðigreinum í eftirtaldar skorir: Rafmagns- og tölvuverkfræðiskor, umhverfis- og byggingarverkfræðiskor og véla- og iðnaðarverkfræðiskor.

Kennslugreinar deildarinnar skiptast milli skora og sker deildráð úr um þá skiptingu. Hver skor fer í umboði deildarráðs með málefni kennslugreina sinna, ákveður námsefni og tilhögun kennslu og prófa, ákveður skiptingu kennslu milli einstakra kennara í skor, gerir tillögur til deildarráðs um ráðningu aðjúnkta og ráðstöfun kennslu til annarra skora og deilda.

Deildin gerir tillögur um skipun eða setningu í prófessorsembætti, dósents- eða lektorsstöður og eiga fulltrúar stúdenta á deildarfundi þá ekki atkvæðisrétt. Áður skal leita álits hlutaðeigandi skorar. Skorir gera tillögur til deildarráðs um nauðsynlegar fjárveitingar og nýjar stöður.

Formaður skorar hefur eftirlit með ráðstöfun á fjárveitingum skorarinnar og ræður stundakennara í samráði við umsjónarkennara.

Á skorfundi eiga sæti prófessorar, dósentar, lektorar og aðjúnktar í kennslugreinum skorar, forstöðumenn rannsóknarstofa, er lúta deildinni og starfa á fræðasviði skorarinnar og tveir fulltrúar stúdenta kjörnir ár hvert af félagssamtökum þeirra, og taka þeir sæti á skorfundum við upphaf næsta háskólaárs. Enginn getur átt sæti í tveimur skorum. Deildarráð ákveður, í hvaða skor kennari eða forstöðumaður rannsóknarstofu á sæti. Formaður skorar getur með samþykki hennar boðið öðrum kennurum í kennslugreinum skorarinnar fundarsetu um skeið án atkvæðisréttar. Deildarforseta er heimil þátttaka í meðferð mála í hverri skor, en atkvæðisrétt á hann þó aðeins í sinni skor.

Hver skor kys í apríl ár hvert formann úr hópi prófessora, dósenta og lektora skorarinnar. Varaformaður er kjörinn á sama hátt og formaður. Sé þörf annars varamanns, skal kveðja til skoramenn eftir starfsaldri.

Skor heldur fundi eftir þörfum. Skytt er að boða til fundar, ef deildarforseti eða þriðjungur atkvæðisbærra skoramanna æskir þess. Skorarformaður boðar fundi bréflaga með þriggja daga fyrirvara, ef unnt er, en einstakar skorir geta þó haft annan hátt á fundarboðun. Fundarefni skal greina í fundarboði. Fundur er ályktunarfær, ef hann sækja eigi færri en helmingur atkvæðisbærra skoramanna. Gerðir skorfunda skulu bókfærðar, og skal lesa fundargerð og staðfesta hana, áður en fundi er slitið.

Heimilt er skorum að koma á fót námsnefndum, sem í eiga sæti jafnmargir kennarar og stúdentar, til þess að fjalla um námsefni í hverri kennslugrein og fylgjast með kennslufyrirkomulagi í deildinni.

Heimilt er deildinni einni eða í samvinnu við aðrar deildir að stofna kennsluskrárfnd, sem er ráðgefandi fyrir deildarráð um framboð námskeiða og gerð kennsluskrár.

### 3. gr.

103. gr. orðist svo:

Verkfræðideild veitir kennslu sem hér segir:

1. Til kandídatprófs (candidatus scientiarum), cand. scient., í eftirtöldum greinum verkfræði: Byggingarverkfræði, iðnaðarverkfræði, rafmagnsverkfræði, tölvuverkfræði, umhverfisverkfræði og vélaverkfræði. Ennfremur í öðrum verkfræðigreinum, sem deildin ákveður og fé er veitt til. Skipan námsins miðast við að það taki fjögur ár og er heildarnámið minnst 120 námseiningar.
2. Til meistaraþrófs (magister scientiarum) M.S., í verkfræði fyrir þá sem lokið hafa cand. scient.-prófi við deildina eða samsvarandi prófi að mati deildar. Skipan námsins miðast við að það taki eitt ár og er framhaldsnámið minnst 30 námseiningar. Deildinni er heimilt að taka í M.S.-nám þá nemendur sem lokið hafa þriggja ára eða minnst 90 eininga háskólanámi með góðum námsárangri. Skipan M.S.-náms fyrir þessa nemendur miðast við að það taki tvö ár og er framhaldsnámið minnst 60 einingar.
3. Til doktorsprófs í verkfræði. Á fagsviðum þar sem nauðsynleg aðstaða og sérþekking er fyrir hendi getur deildin heimilað innritun í doktorsnám.

4. Deildinni er heimilt að veita kennslu til B.S.-prófs í verkfræði. Skipan námsins miðast við að það taki þrjú ár og sé minnst 90 einingar. Um nánara fyrirkomulag B.S.-námsins fer eftir námsskrá sem deildin setur.

Deildin ákveður skiptingu kennslugreina í námskeið, um vægi námskeiða og um skiptingu þeirra í námsáfanga.

Skorir gera í kennsluskrá grein fyrir námsskipan og skyldunámskeiðum innan aðalgrein- ar. Samval námskeiða er háð samþykki skorar.

Deildin setur nánari reglur um framhaldsnám til meistaraþrófs og doktorsþrófs eftir því sem þurfa þykir og háskólaráð samþykkir.

#### 4. gr.

##### 104. gr. orðist svo:

Deildin getur með samþykki háskólaráðs sett inntökuskilyrði varðandi lágmarksnám eða lágmarkseinkunnir í einstökum greinum eða greinaflokkum.

Stúdent skráir sig í aðalgrein við upphaf náms. Óski stúdent frávika frá námsskipan þeirri, sem gert er ráð fyrir í kennsluskrá, skal hann leggja námsáætlun sína fyrir hlutað- eigandi skor til samþykktar. Sama gildir, ef hann óskar breytinga á upphaflegri námsáætlun.

Stúdent er ekki heimilt að hefja nám í tilteknu námskeiði án þess að hafa uppfyllt kröfur til setu á því kennsluári, sem það tilheyrir, og öðlast próftökurétt í þeim námskeiðum, sem eru tilgreind í kennsluskrá sem nauðsynlegur undanfari þess.

Til munnlegra æfinga teljast umræðufundir og dæmaæfingar (reikniæfingar), þar sem þess er ekki sérstaklega krafist að stúdentar skili skriflegum úrlausnum á æfingaverkefnum. Stúdentum er skylt að sækja æfingar þessar að 75 hundraðshlutum og taka þátt í umræðum með eðlilegum hætti. Einstakar skorir geta þó samþykkt að falla frá kröfum um sóknar- skyldu þessa. Við skriflegar og verklegar æfingar er stúdentum skylt að skila öllum verk- efnum, sem lögð verða fyrir þá nema kennari ákveði annað. Skilafrestur á skriflegum verk- efnum er á valdi kennara þeirra er um kennsluna sjá.

Um þátttöku stúdenta í sérstökum námskeiðum, sem haldin eru utan venjulegs kennslu- tíma (sumarnámskeið o.fl.) gilda tilsvarendi reglur og að ofan greinir, en ekki eru aðrar kvaðir um tímasókn.

Heimilt er nemendum að sækja til skora um að taka námskeið í öðrum skorum eða deild- um sem verði metin til kandiðatsþrófs, eða eftir atvikum, til B.S.-prófs, meistaraþrófs eða doktorsþrófs.

Hver skor getur sett nánari reglur um æfingaskyldu í námskeiðum og lágmarksframmi- stöðu stúdents í æfingum, til þess að hann öðlist rétt til próftöku.

#### Verkþjálfun.

Stúdentar við nám í verkfræði skulu hafa lokið ákveðinni verklegri þjálfun fyrir kandiðatsþróf, eða eftir atvikum, til B.S.-prófs, meistaraþrófs eða doktorsþrófs. Verkþjálfun- in skal í aðalatriðum vera fólgin í störfum á sviði þeirrar greinar verkfræðinnar, er verkfræði- stúdentinn hyggst leggja stund á, samkvæmt leiðbeiningum í kennsluskrá í einstökum verkfræðigreinum.

Að jafnaði skal verkþjálfun verkfræðistúdenta fara fram á fyrsta til þriðja námsári í háskóla. Heimilt er að viðurkenna störf sem unnin hafa verið eftir að 18 ára aldri er náð. Helmingur verkþjálfunar skal þó unninn eftir að háskólanámið er hafið. Tímalengd verk- þjálfunar skal vera að minnsta kosti 24 vikur.

Deildinni er heimilt að viðurkenna þátttöku í verklegum námskeiðum í stað hluta verkþjálfunar.

### 5. gr.

105. gr. orðist svo:

Til þess að standast kandiðatspróf þarf stúdent að ljúka námi með eigi lægri aðaleinkunn en 6,0.

Til þess að standast próf í námskeiði þarf stúdent að hljóta eigi lægri prófeinkunn en 4,0.

Eigi mega líða meira en fjögur ár frá því að stúdent sest á annað kennsluár þar til hann lýkur kandiðatsprófi.

Til þess að öðlast setu á öðru kennsluári, skal stúdent hafa staðist próf í öllum námskeiðum námsáætlunar fyrsta kennsluárs, að tveimur undanskildum, og hafa hlotið eigi lægri meðaleinkunn en 5,5.

Lánastofnanir . . . . .	2.084.085
Aðrir . . . . .	5.528
<b>Tekin löng lán, erlend</b> . . . . .	<b>87.272.765</b>
<b>Tekin löng lán samtals</b>	<b>138.038.708</b>
<b>Ýmsar langtímaskuldbindingar</b> . . . . .	<b>13.338.720</b>
<b>Langtímaskuldir samtals</b>	<b>151.377.428</b>
<b>Lífeyrissjóðsskuldbindingar</b> . . . . .	<b>57.770.966</b>
<b>Skuldir alls</b>	<b>236.614.079</b>
<b>Höfuðstóll</b>	
Höfuðstóll í ársbyrjun . . . . .	-131.409.018
Endurmat veltufjármuna/skammtímaskulda . . . . .	644.810
Endurmat langtímakrafna/langtímaskulda . . . . .	-8.531.112
Tekjur umfram gjöld . . . . .	-10.592.842
<b>Höfuðstóll í árslok samtals</b>	<b>-149.888.162</b>
<b>SKULDIR OG HÖFUÐSTÓLL ALLS</b>	<b>86.725.917</b>

## 2. gr.

Ríkisreikningur fyrir árið 1992 samþykkt með eftirfarandi niðurstöðum í þús. kr.:

**REKSTRARREIKNINGUR FYRIR ÁRIÐ 1992**  
**B-HLUTI**

	Reikningur 1992
<hr/>	
<b>Rekstrartekjur:</b>	
Seldar vörur og þjónusta .....	36.814.262
Seldir happdrættismiðar .....	1.488.698
Aðrar rekstrartekjur .....	853.606
<b>Samtals</b>	<b>39.156.566</b>
 <b>Rekstrargjöld:</b>	
Hráefni og vörur til endursölu .....	9.119.213
Laun og launatengd gjöld .....	8.826.041
Happdrættisvinningar .....	969.995
Önnur rekstrargjöld .....	10.696.498
Afskriftir .....	2.775.728
Stofnkostnaðarviðfangsefni flutt á efnahag .....	-884.268
<b>Samtals</b>	<b>31.503.207</b>
 <b>Rekstrarhagnaður án fjármunatekna og fjármagnsgjalda . . . .</b>	<b>7.653.359</b>
 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:	
Vaxtatekjur .....	9.570.751
Vaxtagjöld .....	-11.042.332
Arður af hlutabréfum .....	1.429
Endurmat, tekjufært .....	4.023.303
Endurmat, gjaldfært .....	-4.298.166
Reiknaðar tekjur vegna verðbreytinga .....	91.123
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga .....	-767.963
<b>Samtals</b>	<b>-2.421.855</b>
 <b>Hagnaður af reglulegri starfsemi .....</b>	<b>5.231.504</b>
 Óreglulegar tekjur .....	321.689
 Óregluleg gjöld .....	-1.603.268
 Framlög (tekjur) og tilfærslur (gjöld): .....	3.942.447
<b>Hagnaður til ráðstöfunar</b>	<b>7.892.372</b>

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 1992  
B-HLUTI

<b>EIGNIR:</b>	Reikningur 1992
<hr/>	
<b>Veltufjármunir</b>	
<b>Sjóður og bankainnstæður</b> .....	<b>6.377.892</b>
Sjóður .....	195.913
Banki .....	6.181.979
<b>Skammtímakröfur</b> .....	<b>18.646.790</b>
Fyrirframgreiddur kostnaður .....	340.143
Viðskiptareikningur .....	8.174.296
Veitt stutt lán .....	8.504.972
Áfallnar ógjaldfallnar tekjur .....	1.627.379
<b>Vöru- og efnisbirgðir</b> .....	<b>2.670.864</b>
<b>Veltufjármunir samtals</b>	<b>27.695.546</b>
<b>Fastafjármunir</b>	
<b>Langtímakröfur og áhættufjármunir</b> .....	<b>167.414.856</b>
Langtímakröfur/veitt löng lán .....	175.596.489
Hlutafé og stofnfjárframlög .....	380.251
Afskriftarreikningur útlána .....	-8.561.884
<b>Varanlegir rekstrarfjármunir</b> .....	<b>44.427.966</b>
Áhöld, húsgögn, skrifstofuvélar o.þ.h. ....	1.297.243
Rannsóknartæki .....	7.204
Farartæki og vélar .....	9.601.886
Fasteignir .....	23.575.221
Virkjanir, orku- og jarðvarmaveitur og jarðhitarannsóknir .....	9.720.517
Aðrar eignir .....	225.895
<b>Fastafjármunir samtals</b>	<b>211.842.822</b>
<b>EIGNIR ALLS</b>	<b>239.538.368</b>

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 1992  
B-HLUTI

SKULDIR:	Reikningur 1992
<b>Skammtímaskuldir</b>	
Bankareikningar, hlaupareikningsskuld . . . . .	295.222
Aðrar skammtímaskuldir . . . . .	11.202.194
Ógreidd gjöld . . . . .	3.578.495
Viðskiptareikningar . . . . .	5.088.925
Tekin stutt lán . . . . .	<u>2.534.774</u>
<b>Skammtímaskuldir samtals</b>	<b>11.497.416</b>
<b>Langtímaskuldir</b>	
Langtímaskuldir/tekin löng lán samtals . . . . .	<u>140.976.672</u>
<b>Skuldir samtals</b>	<b>152.474.088</b>
<b>Eigið fé</b>	
Ýmsir eiginfjárreikningar . . . . .	1.012.996
Endurmatsreikningar . . . . .	55.955.680
Höfuðstóll . . . . .	<u>30.095.604</u>
<b>Eigið fé alls</b>	<u><b>87.064.280</b></u>
<b>SKULDIR OG EIGIÐ FÉ ALLS</b>	<u><b>239.538.368</b></u>

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 6. maí 1996.*

**Friðrik Sophusson.**

**Ólafur G. Einarsson.**  
(L. S.)

**Haraldur Henrysson.**

Friðrik Sophusson.

**LÖG****um breytingu á lögum nr. 43/1993,  
um viðskiptabanka og sparisjóði.**

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

a. Lokamálsliður 1. mgr. fellur brott.

b. 2. mgr. orðast svo:

Umsókn um starfsleyfi skal vera skrifleg. Henni skal fylgja lýsing á starfseminni þar sem fram kemur, meðal annars, hvaða starfsemi ætlunin er að stunda og lýsing á innra skipulagi viðskiptabankans eða sparisjóðsins. Jafnframt skulu fylgja upplýsingar um stofnendur, hlutafé eða stofnfé, hluthafa eða stofnfjáreigendur og hlut hvers um sig, auk annarra upplýsinga og gagna sem viðskiptaráðherra ákveður. Samþykktir skulu fylgja umsókn um starfsleyfi hlutafélagsbanka eða sparisjóðs.

c. Á eftir 2. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Með umsókn skulu, auk upplýsinga skv. 2. mgr., fylgja gögn um nán tengsl stofnunar við einstaklinga eða lögaðila. Með nánum tengslum er átt við innbyrðis tengsl tveggja eða fleiri einstaklinga eða lögaðila sem fela í sér beina eða óbeina hlutdeild þessara aðila sem nemur a.m.k. 20% af eigin fé eða atkvæðisrétti fyrirtækis. Einnig er um nán tengsl að ræða ef fyrrgreindir aðilar, eða dótturfélög þeirra, hafa vegna samninga yferráð í fyrirtæki (viðskiptabanka eða sparisjóði) eða sambærileg innbyrðis tengsl eins eða fleiri lögaðila eða einstaklinga við fyrirtæki.

d. Á eftir 3. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Ákvörðun um umsókn um starfsleyfi skal ávallt liggja fyrir innan þriggja mánaða frá því að fullbúin umsókn barst ráðherra, sbr. ákvæði III. kafla.

## 2. gr.

Við 5. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Viðskiptabanki eða sparisjóður sem sækir um starfsleyfi skv. 4. gr. skal hafa höfuðstöðvar sínar hér á landi.

## 3. gr.

2. og 3. másl. 3. mgr. 6. gr. laganna falla brott.

## 4. gr.

Orðin „um Lánastofnun sparisjóðanna hf.“ í 1. mgr. 10. gr. laganna falla brott.

## 5. gr.

Við 25. gr. laganna bætist ný málsgrein, 2. mgr., sem orðast svo:

Ráðherra er og heimilt að synja umsókn um starfsleyfi ef nán tengsl viðskiptabanka eða sparisjóðs við einstaklinga eða lögaðila geta að mati bankaeftirlits hindrað það í eðlilegum eftirlitsaðgerðum. Sama á við ef lög eða reglur, sem um slíka einstaklinga eða lögaðila gilda, hindra eðlilegt eftirlit.

## 6. gr.

26. gr. laganna orðast svo:

Synjun ráðherra á starfsleyfi skal rökstudd og send umsækjanda skriflega.

## 7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. mgr. 46. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „og“ kemur: eða.
- b. Nýr málsliður bætist við, svohljóðandi: Fari eignarhlutir samtímis fram yfir hlutföll skv. 1. mgr. og 1. másl. 2. mgr. skal hærri fjárhæðin af þeim sem umfram eru dregin frá við útreikning eigin fjár hlutaðeigandi stofnunar.

## 8. gr.

Í stað orðanna „Lánastofnun sparisjóðanna eða félagi sem leysir hana af hólmi, sbr. 99. gr.“ í 52. gr. laganna kemur: Sparisjóðabanka Íslands hf.

## 9. gr.

Orðin „eða Lánastofnun sparisjóðanna“ í 53. gr. laganna falla brott.

## 10. gr.

54. gr. laganna orðast svo:

Eigið fé viðskiptabanka og sparisjóða, eins og það er skilgreint skv. 2. mgr., skal á hverjum tíma eigi nema lægri fjárhæð en sem svarar til 8% af áhættugrunni. Áhættugrunnur stofnunar skal metinn með tilliti til heildareigna, liða utan efnahagsreiknings, gengisáhættu og áhættu annarra liða með markaðsáhættu samkvæmt nánari reglum um mat á áhættugrunni til útreiknings á eiginfjárlutfalli viðskiptabanka og sparisjóða sem Seðlabankinn setur. Eiginfjárfrafan skv. 1. másl. skal einnig gilda um samstæðureikning, sbr. 66. gr.

Við útreikning á eiginfjárlutfalli skv. 1. mgr. skal eigið fé samsett af þremur þáttum, eiginfjárfætti A, eiginfjárfætti B og eiginfjárfætti C, og frádráttarliðum skv. 55. gr. Eftirfarandi takmarkanir gilda um einstaka eiginfjárfætti:

1. Eiginfjárfáttur A skal nema að lágmarki helmingi eigin fjár fyrir frádrátt skv. 55. gr.
2. Eiginfjárfáttur B má hæst nema 50% af eiginfjárfætti A.
3. Eiginfjárfáttur C má hæst nema 50% af eiginfjárfætti A. Jafnframt má eiginfjárfáttur C hæst nema 4,8% af reiknuðum áhættugrunni viðskiptabanka eða sparisjóðs vegna markaðsáhættu liða í veltubók og gengisáhættu.

Eiginfjárfáttur A telst vera:

1. Innborgað hlutfé.
2. Varasjóðir, yfirverðsreikningur hlutfjár og óráðstafað eigið fé að frádrögnum tapi ársins.
3. Endurmatsreikningur samkvæmt verðbólguveikningsskilum.
4. Frá eiginfjárfætti A skal draga eigin hlutabréf, viðskiptavild og aðrar óápreifanlegar eignir, svo og áfallnar ófærðar skattskuldbindingar sem rýra möguleika viðskiptabankans eða sparisjóðsins til að mæta tapi.

Eiginfjárfáttur B telst vera:

1. Víkjandi lán sem viðskiptabankar eða sparisjóðir taka gegn útgáfu sérstakrar skulda- viðurkenningar þar sem skýrt er kveðið á um að endurgreiðslutími lánsins sé eigi skemmri en fimm ár og að við gjaldþrot hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóðs eða slit hans fái það endurgreitt á eftir öllum öðrum kröfum á hendur viðskiptabankanum eða sparisjóðnum en endurgreiðslu hlutfjár eða stofnfjár eða sambærilegs eigin fjár ríkisviðskiptabanka. Þegar fimm ár eru eftir af lánstímanum skal lánið reiknast

niður um 20% fyrir hvert ár sem líður af þessum fimm árum. Sé um að ræða lán sem greiðist niður með afborgunum á lánstímanum skal reikna eftirstöðvar hvers árs niður á sambærilegan hátt.

2. Endurmatsreikningur annar en gert er ráð fyrir í eiginfjárbætti A.

Eiginfjárbættur C telst vera víkjandi lán til skamms tíma sem viðskiptabanki eða sparisjóður tekur gegn útgáfu sérstakrar skuldaviðurkenningar þar sem skýrt er kveðið á um að endurgreiðslutími lánsins sé eigi skemmri en tvö ár og að við gjaldþrot hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóðs eða slit hans fái það endurgreitt á eftir öllum öðrum kröfum á hendur viðskiptabankanum eða sparisjóðnum en endurgreiðslu hlutafjár eða stofnfjár eða sambærilegs eigin fjár ríkisviðskiptabanka. Jafnframt skal kveðið á um að óheimilt sé að greiða af láninu eða greiða af því vexti ef eiginfjárhlutfall hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóðs er lægra en 8% eða ef endurgreiðsla höfuðstóls eða greiðsla vaxta veldur því að eiginfjárhlutfallið fer niður fyrir 8%. Tilkynna skal bankaeftirlitinu ef slík greiðsla veldur því að eiginfjárhlutfallið fer niður fyrir 10%. Við mat á eiginfjárbætti C getur bankaeftirlitið heimilað einstökum viðskiptabönkum eða sparisjóðum að tekið sé tillit til hagnaðar af veltubókarviðskiptum að frádreginni fyrirsjáanlegri gjaldfærslu eða arði og að frádregnu nettótapi af annarri starfsemi, enda sé engin þessara fjárhæða meðtalin í eiginfjárbætti A.

Bankaeftirlitið getur veitt heimild til að flýta endurgreiðslu víkjandi lána æski lánveitandi þess, enda hafi slíkt ekki áhrif á viðunandi eiginfjárstöðu hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóðs.

Ráðherra er heimilt að fengnum tillögum bankaeftirlitsins að ákveða í reglugerð að aðrir liðir en greindir eru í 3.–4. mgr. teljist með eigin fé viðskiptabanka eða sparisjóðs.

11. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 55. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „Lánastofnun sparisjóðanna hf., eða félagi sem leysir hana af hólmi, sbr. 99. gr.“ í 1. og 3. tölul. 1. mgr. kemur: Sparisjóðabanka Íslands hf.
- b. 5. og 6. mgr. falla brott.

12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 56. gr. laganna:

- a. Á eftir orðinu „efnahagsreikning“ í 2. málsl. 1. mgr. kemur: fjárstreymisýfirlit.
- b. 2. mgr. orðast svo:

Ársreikningur skal undirritaður af bankaráði eða sparisjóðsstjórn og bankastjórn og sparisjóðsstjórn. Ársreikningur ríkisviðskiptabanka skal auk þess staðfestur af ráðherra. Hafi bankaráðsmaður eða stjórnarmaður sparisjóðs, bankastjóri eða sparisjóðsstjóri mótbáur fram að færa gegn ársreikningi skal hann gera grein fyrir því í áritun sinni.

13. gr.

3. mgr. 57. gr. laganna orðast svo:

Bankaeftirlitið setur reglur að höfðu samráði við reikningsskilaráð um uppsetningu ársreiknings, innihald einstakra liða rekstrar- og efnahagsreiknings og liða utan efnahagsreiknings og skýringar og mat á einstökum liðum.

14. gr.

Í stað orðanna „annars staðar í ársreikningum“ í 1. mgr. 58. gr. laganna kemur: í ársreikningnum.



## 15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 62. gr. laganna:

## a. 5. mgr. orðast svo:

Verði endurskoðendur varir við verulega ágalla í rekstri viðskiptabanka eða sparisjóðs eða atriði er varða innra eftirlit, greiðslutryggingar útlána eða önnur atriði sem veikt geta fjárhagsstöðu hlutaðeigandi stofnunar, svo og ef endurskoðandi hefur ástæðu til að ætla að lög, reglugerðir eða reglur sem gilda um stofnunina hafi verið brotnar, skal endurskoðandi gera stjórn hennar og bankaeftirliti viðvart. Þetta á einnig við um sambærileg atriði sem endurskoðandi viðskiptabanka eða sparisjóðs fær vitneskju um og varða fyrirtæki í nánnum tengslum við hlutaðeigandi stofnun, sbr. 3. mgr. 4. gr. Ákvæði þessarar málsgreinar brjóta ekki í bága við þagnarskyldu endurskoðenda skv. 43. gr. laga þessara eða ákvæði annarra laga.

## b. Í stað 7. mgr. koma tvær nýjar málsgreinar er orðast svo:

Við viðskiptabanka og sparisjóði skal starfa endurskoðunardeild sem annast innri endurskoðun undir stjórn forstöðumanns, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 39. gr. Innri endurskoðun er hluti af skipulagi viðskiptabanka og sparisjóða og er þáttur í eftirlitskerfi þeirra. Bankaeftirlitið getur veitt undanþágu frá starfrækslu slíkrar endurskoðunardeildar og sett þeim stofnunum skilyrði sem slíka undanþágu fá.

Viðskiptabanki eða sparisjóður skal á hverjum tíma hafa yfir að ráða tryggu eftirlitskerfi með áhættu, þar með talið vaxtaáhættu, í tengslum við öll viðskipti sín. Banka- eftirlitið getur sett leiðbeinandi reglur um eftirlitskerfi vegna áhættuþátta í starfsemi viðskiptabanka eða sparisjóðs.

## c. Við 8. mgr., sem verður 9. mgr., bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Bankaeftirlitið setur reglur um endurskoðun viðskiptabanka og sparisjóða.

## d. 9. mgr. fellur brott.

## 16. gr.

Orðin „lánveitingar, ábyrgðir og“ í 1. másl. 7. mgr. 66. gr. laganna falla brott.

## 17. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 67. gr. laganna:

## a. Í stað orðanna „reikningsuppgjör endurskoðanda“ í 2. másl. 3. mgr. kemur: endurskoðað reikningsuppgjör.

## b. Lokamáslíður 4. mgr. fellur brott.

## 18. gr.

X. kafli laganna, er hefur fyrirsögnina **Tryggingarsjóðir innlánsstofnana**, orðast svo:

## a. (75. gr.)

*Tryggingarsjóður viðskiptabanka.*

Viðskiptabankar með staðfestu hér á landi skulu eiga aðild að Tryggingarsjóði viðskiptabanka. Tryggingarsjóður viðskiptabanka er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins. Aðilar að sjóðnum bera ekki ábyrgð á skuldbindingum hans.

Hlutverk Tryggingarsjóðs viðskiptabanka er að tryggja innstæðueiganda skil á greiðslu innstæðu sem hann hefur krafist endurgreiðslu á og viðskiptabanki eða útibú eru ekki fær um að inna af hendi.

Ráðherra skipar sjóðnum stjórn til þriggja ára í senn. Stjórnin skal skipuð þremur mönnum og jafnmörgum til vara. Samband íslenskra viðskiptabanka tilnefnir einn mann í stjórn.

Stjórn Tryggingarsjóðs viðskiptabanka er heimilt að stofna sérstaka lánadeild með aðskildum fjárhag og reikningshaldi. Stofnfé getur að hámarki numið því eigin fé sjóðsins sem er umfram kröfur um lögbundið lágmark í innstæðutryggingadeild skv. 79. gr. Eignir annarrar deildarinnar verða ekki notaðar til að standa skil á skuldbindingum hinnar. Hlutverk lánadeildar er að tryggja fjárhagslegt öryggi viðskiptabanka, svo sem með lánveitingum, yfirtöku eigna, ábyrgðum og öðrum þeim aðgerðum sem samræmast tilgangi deildarinnar.

b. (76. gr.)

*Tryggingarsjóður sparisjóða.*

Tryggingarsjóður sparisjóða er sjálfseignarstofnun sem allir sparisjóðir skulu vera aðilar að. Meginhlutverk Tryggingarsjóðs sparisjóða er að tryggja fjárhagslegt öryggi sparisjóða og full skil á innlánsfé við endurskipulagningu eða slit sparisjóðsins, sbr. nánari ákvæði þessara laga.

Tryggingarsjóður sparisjóða skal starfa í tveimur sjálfstæðum deildum, innstæðudeild og lánadeild, með aðskilinn fjárhag og reikningshald. Eignir annarrar deildarinnar verða ekki notaðar til að standa skil á skuldbindingum hinnar. Hlutverk lánadeildar er að tryggja fjárhagslegt öryggi sparisjóða. Í því skyni er stjórn sjóðsins heimilt að veita sparisjóði lán eða yfirtaka vissar eignir sparisjóðs, ganga í ábyrgðir fyrir sparisjóð, bæta sérstakt tap og kostnað sem sparisjóður verður fyrir og veita sparisjóðum stuðning að öðru leyti á hvern þann hátt sem stjórn sjóðsins ákveður í samræmi við ákvæði laga þessara og samþykktu sjóðsins. Tryggingarsjóði sparisjóða er enn fremur heimilt að veita sparisjóði víkjandi lán í því skyni að efla eiginfjárstöðu hans. Stjórn sjóðsins getur sett skilyrði fyrir veitingu víkjandi láns. Í samþykktum sjóðsins skal setja nánari reglur um starfsemi lánadeildar, svo og reglur um tekjur hennar og lánveitingar. Stjórn Tryggingarsjóðs sparisjóða er heimilt að láta rannsaka rekstur og efnahag sparisjóðs sem veitt er víkjandi lán. Getur stjórnin í þessu sambandi krafist nauðsynlegra upplýsinga frá hlutaðeigandi sparisjóði.

Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum Tryggingarsjóðs sparisjóða. Sérhver aðili að sjóðnum fer á aðalfundi með atkvæðisrétt í samræmi við hlut hans í samanlögðum trygðum innstæðum næstliðið ár fyrir aðalfund. Um aðal- og aukafundi sjóðsins gilda að öðru leyti ákvæði 32.–34. gr. eftir því sem við getur átt.

Stjórn Tryggingarsjóðs sparisjóða fer með málefni hans milli aðal- og aukafunda. Hún skal skipuð fimm mönnum og skulu fjórir stjórnarmenn ásamt jafnmörgum varamönnum kjörmir á aðalfundi til eins árs í senn, hlutbundinni kosningu ef óskað er. Ráðherra tilnefnir einn mann og skal hann tilnefndur til þriggja ára í senn. Stjórn Tryggingarsjóðsins kýs sér formann og skiptir með sér verkum. Nánar skal kveðið á um skipan og verkefni stjórnar og starfsemi sjóðsins að öðru leyti í samþykktum hans.

Stjórnarmenn og starfsmenn Tryggingarsjóðs sparisjóða eru bundnir þagnarskyldu í samræmi við ákvæði 43. gr.

Aðalfundur setur Tryggingarsjóði sparisjóða samþykktir sem háðar skulu staðfestingu ráðherra að fenginni umsögn bankaeftirlitsins.

c. (76. gr. A.)

*Erlend útibú innlánsstofnana.*

Útibúum erlendra viðskiptabanka og sparisjóða með staðfestu í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu, sem starfa hér á landi, er heimil aðild að tryggingarsjóðum innlánsstofnana er starfa í samræmi við ákvæði þessara laga vegna innstæðna sem ekki eru tryggðar með öðrum hætti innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Útibú erlendra viðskiptabanka og sparisjóða, sem hafa staðfestu utan Evrópska efnahagssvæðisins og starfa hér á landi, skulu vera aðilar að Tryggingarsjóði viðskiptabanka eða Tryggingarsjóði sparisjóða, eftir því sem við getur átt, enda sé útibúið ekki aðili að sambærilegu innlánatryggingakerfi í heimaríki sínu.

Ráðherra getur í reglugerð kveðið nánar á um aðild útibúa erlendra viðskiptabanka og sparisjóða að tryggingarsjóðum innlánsstofnana, svo og um þær viðbótartryggingar sem útibú þurfa til þess að geta starfað hér á landi. Um iðgjöld og greiðslur vegna trygginga samkvæmt þessari grein skal nánar kveðið á í reglugerð.

d. (77. gr.)

*Almenn ákvæði um starfsemi tryggingarsjóða.*

Heimilt er innstæðueiganda að krefja tryggingarsjóð um greiðslu innstæðu sem hann hefur krafið viðskiptabanka eða sparisjóð um endurgreiðslu á í samræmi við þá skilmála er um hana gilda og viðskiptabanki eða sparisjóður er að álit bankaeftirlitsins ekki fær um að inna tafarlaust af hendi eða í nánustu framtíð vegna greiðsluerfiðleika. Álit bankaeftirlitsins skal liggja fyrir eigi síðar en þremur vikum eftir að bankaeftirlitið fær fyrst staðfestingu á því að hlutadeigandi viðskiptabanki eða sparisjóður hafi ekki greitt innstæðu eins og honum bar að gera. Greiðsluskylda tryggingarsjóðsins vaknar einnig ef ákveðið er að slíta viðskiptabanka eða sparisjóði, sbr. ákvæði VIII. kafla.

Með innstæðu í 1. mgr. er átt við innstæðu sem tilkomin er vegna innláns eða millifærslu í hefðbundinni almennri bankastarfsemi og viðskiptabanka eða sparisjóði ber að endurgreiða samkvæmt skilmálum er gilda samkvæmt lögum eða samningum. Tryggingin nær hins vegar ekki til skuldabréfa, víxla og annarra krafna sem útgefnar eru af viðskiptabanka eða sparisjóði í formi verðbréfa.

Undanskildar tryggingu skv. 1. mgr. eru innstæður í eigu annarra viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana fyrir þeirra eigin reikning og innstæður sem tengjast málum þar sem sakfelld hefur verið fyrir peningaþvætti, svo og innstæður dóttur- eða móðurfélags þessara stofnana.

Innstæðudeildir tryggingarsjóða innlánsstofnana verða ekki teknar til gjaldþrotaskipta, né verður heimilt að gera aðför í þeim.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um eftirfarandi atriði að höfðu samráði við stjórnir tryggingarsjóða innlánsstofnana:

1. Tilhögun á greiðslum úr tryggingarsjóðum er lög þessi taka til.
2. Skyldu viðskiptabanka og sparisjóða til að upplýsa viðskiptavini um aðild sína að tryggingarsjóðum fyrir innlánsstofnanir og um helstu atriði innstæðutryggingarinnar og jafnframt takmörkun á notkun þessara upplýsinga í samkeppnisskyni.
3. Tryggingu á innstæðu þegar um sameiginlegan innlánsreikning er að ræða eða þegar innstæðueigandi á ekki ótvíræðan rétt til innstæðu.
4. Verksvið stjórnar og ávöxtun á eignum sjóðsins.

Um ársreikning og endurskoðun tryggingarsjóða innlánsstofnana og um eftirlit með starfsemi þeirra fer samkvæmt ákvæðum VII. og XIV. kafla.

Tryggingarsjóðir innlánsstofnana eru undanþegnir tekjuskatti og eignarskatti.

e. (78. gr.)

Auk innstæðutrygginga er tryggingarsjóðum innlánsstofnana heimilt að veita viðskiptabanka eða sparisjóði víkjandi lán úr lánadeild í því skyni að efla eiginfjárstöðu hans, enda verði fjár til þess aflað sérstaklega með lántöku. Stjórn sjóðs getur sett skilyrði fyrir lánveitingu.

Stjórnnum tryggingarsjóða innlánsstofnana er heimilt að láta rannsaka rekstur og efnahag viðskiptabanka eða sparisjóðs sem veitt er víkjandi lán. Stjórn sjóðs getur í þessu sambandi krafist nauðsynlegra upplýsinga frá hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóði.

f. (79. gr.)

Stefnt skal að því að heildareign innstæðudeildar tryggingarsjóða innlánsstofnana nemi a.m.k. 1% af meðaltali tryggðra innstæðna í viðskiptabönkum og sparisjóðum á næstliðnu ári. Hafi heildareign ekki náð lágmarki skv. 1. málsl. skulu allir viðskiptabankar og sparisjóðir greiða eigi síðar en 1. mars ár hvert gjald til sjóðsins er nemur 0,15% af meðaltali tryggðra innstæðna í hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóði á næstliðnu ári, sbr. þó viðmiðunarmörk skv. 1. málsl. þessarar málsgreinar. Þar til heildareign deildarinnar hefur náð tilskildu lágmarki skal hver viðskiptabanki og sparisjóður leggja fram ábyrgðaryfirlýsingu fyrir jafnháum hlut af þeirri fjárhæð er á vantar til að lágmarkinu hafi verið náð og nemur hlut tryggðra innstæðna hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóðs af samanlögðum tryggðum innstæðum. Greiðslur til sjóðsins eru óendurkræfar.

Nýr viðskiptabanki eða sparisjóður skal greiða sérstaklega til sjóðsins 1. mars ár hvert í sjö ár frá því að hann hefur starfsemi hér á landi 0,15% af meðaltali tryggðra innstæðna í hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóði á næstliðnu ári, í fyrsta sinn fullu ári eftir upphaf starfseminnar. Auk þess leggur hlutaðeigandi viðskiptabanki eða sparisjóður fram ábyrgðaryfirlýsingu er stjórn sjóðsins metur gilda fyrir mismun á greiðslu til sjóðsins og lágmarki skv. 1. málsl. þessarar greinar samkvæmt nánari ákvæðum er ráðherra setur í reglugerð.

Nú hrökkva eignir tryggingarsjóða innlánsstofnana ekki til þess að greiða heildarfjárhæð tryggðra innstæðna í hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóði og skal þá greiðslu úr sjóðnum skipt þannig milli innstæðueigenda að heildarinnstæða hvers innstæðueiganda allt að 1,7 milljónum króna er bætt að fullu en allt sem umfram er þessa fjárhæð skal bætt hlutfallslega jafnt eftir því sem eignir sjóðsins hrökkva til. Fjárhæð þessi skal bundin við gengi evrópsku mynteiningarinnar ECU miðað við kaupgengi hennar 3. janúar 1995. Sjóðurinn verður ekki síðar krafinn um frekari greiðslu þótt innstæða hafi ekki verið bætt að fullu. Kröfur um innborgun í sjóðinn á grundvelli ábyrgðaryfirlýsinga geta á hverju ári ekki verið hærri en sem nemur einum tíunda hluta af lágmarksstærð sjóðsins skv. 1. mgr. þessarar greinar. Telji stjórn sjóðsins brýna ástæðu til er henni heimilt að taka lán til að greiða innstæðueigendum hrökkvi eignir sjóðsins ekki til.

Komi til greiðslu úr tryggingarsjóðum innlánsstofnana yfirtekur hann kröfu innstæðueiganda á hendur hlutaðeigandi viðskiptabanka, sparisjóði eða þrotabúi.

g. (80. gr.)

Nú uppfyllir viðskiptabanki eða sparisjóður ekki skyldur sínar gagnvart tryggingarsjóði innlánsstofnunar samkvæmt lögum þessum og skal þá stjórn hans tilkynna það ráðherra án tafar. Hann skal veita hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóði allt að sex mánaða frest til úrbóta. Séu ríkar ástæður að mati ráðherra er honum heimilt að framlengja frestinn um allt að sex mánuði til viðbótar.

Nú rennur frestur skv. 1. mgr. út án þess að hlutaðeigandi viðskiptabanki eða sparisjóður hafi uppfyllt skyldur sínar gagnvart sjóðnum og getur ráðherra þá afturkallað starfsleyfi hans að fengnu álit bankaeftirlitsins, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 89. gr. Ákvæði 2. mgr. 89. gr. á ekki við í slíkum tilfellum. Innstæður, sem stofnað er til áður en frestur skv. 1. mgr. rennur út, skulu njóta tryggingarverndar í samræmi við ákvæði 77. gr.

Ákvæði 1. og 2. mgr. eiga einnig við um útibú erlendra viðskiptabanka og sparisjóða hér á landi sem aðild eiga að tryggingarsjóði innlánsstofnunar. Nú rennur frestur skv. 1. mgr.

út þegar um er að ræða útibú viðskiptabanka eða sparisjóðs með staðfestu í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins og skal þá bankaeftirlitið banna starfsemi þess hér á landi, sbr. 94. gr. Þegar um er að ræða útibú viðskiptabanka eða sparisjóðs með staðfestu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins skal ráðherra afturkalla starfsleyfi þess að fengnu álitni banka-  
eftirlitsins.

## 19. gr.

Á eftir 84. gr. laganna bætist við ný grein, 84. gr. A, svohljóðandi:

Fyrirtæki frá öðru ríki innan hins Evrópska efnahagssvæðis, sem heimilt er samkvæmt samþykktum sínum að stunda þá starfsemi sem tilgreind er í 1. mgr. 44. gr. laga þessara, er heimilt að stofna útibú eða veita þjónustu hér á landi án stofnunar útibús séu eftirtalin skilyrði uppfyllt:

1. Fyrirtækið skal vera dótturfyrirtæki viðskiptabanka eða sparisjóðs eða sameiginlegt dótturfyrirtæki tveggja eða fleiri viðskiptabanka eða sparisjóða skv. 3. mgr. 66. gr.
2. Dótturfyrirtækið skal lúta löggjöf í því ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins sem veitt hefur móðurfyrirtæki eða móðurfyrirtækjum skv. 1. tölul. starfsleyfi og skal dótturfyrirtækið jafnframt stunda umrædda starfsemi í því ríki.
3. Móðurfyrirtækið eða móðurfyrirtækin skulu fara með a.m.k. 90% af atkvæðamagni því sem fylgir hlutum í fyrirtækinu.
4. Móðurfyrirtækið eða móðurfyrirtækin skulu uppfylla skilyrði bankaeftirlits um heilbrigða og trausta stjórnun dótturfyrirtækisins og skulu jafnframt lýsa því yfir með samþykki lögbærra yfirvalda í heimaríki þeirra að þau beri óskipta ábyrgð á skuldbindingum þeim sem dótturfyrirtækið tekur á sig.
5. Dótturfyrirtækið skal heyra undir eftirlit á samstæðugrundvelli sem móðurfyrirtækið eða sérhvert móðurfyrirtækjanna lýtur. Þetta á sérstaklega við um eftirlit með útreikningi á eiginfjárlutfalli, eftirlit með útreikningi á lánnum og ábyrgðum til einstakra viðskiptamanna eða fjárhagslega tengdra aðila og eftirlit með takmörkunum á eignarhlutdeild í öðrum fyrirtækjum, sbr. 46. gr.

Með tilkynningu um starfsemi hér á landi skv. 1. mgr. skal fylgja staðfesting lögbærs yfirvalds í heimaríki móðurfyrirtækis eða móðurfyrirtækja á því að framangreind skilyrði séu uppfyllt. Jafnframt skulu lögbær yfirvöld í heimaríki móðurfyrirtækis eða móðurfyrirtækja lýsa því yfir að þau muni hafa fullnægjandi eftirlit með starfsemi fyrirtækisins. Að öðru leyti skal beita ákvæðum 83., 84. og 85. gr. eftir því sem við á.

Ákvæði 1. og 2. mgr. taka einnig til fyrirtækis sem er í eigu eða undir áhrifum eins eða fleiri dótturfyrirtækja, sbr. ákvæði 66. gr. laga þessara, eftir því sem við getur átt.

## 20. gr.

Við 1. mgr. 85. gr. laganna bætist: og 84. gr., svo og starfsemi fyrirtækja skv. 84. gr. A.

## 21. gr.

Á eftir 87. gr. laganna bætist við ný grein, 87. gr. A, svohljóðandi:

Ákvæði 86. og 87. gr. taka einnig til innlends dótturfyrirtækis viðskiptabanka eða sparisjóðs eða sameiginlegs dótturfyrirtækis tveggja eða fleiri viðskiptabanka eða sparisjóða sem heimilt er samkvæmt samþykktum sínum að stunda þá starfsemi sem tilgreind er í 1. mgr. 44. gr. og uppfylla skilyrði þau sem fram koma í 1.–5. tölul. 1. mgr. 84. gr. A., eftir því sem við getur átt. Tilkynningu bankaeftirlits til lögbærra eftirlitsaðila skv. 2. mgr. 86. gr. eða 2. mgr. 87. gr. skal fylgja staðfesting bankaeftirlits á því að fyrirtækið uppfylli framangreind skilyrði.

Ákvæði 1. mgr. tekur einnig til fyrirtækis sem er í eigu eða undir áhrifum eins eða fleiri dótturfyrirtækja, sbr. ákvæði 66. gr. laga þessara, eftir því sem við getur átt.

Fyrirtæki samkvæmt þessari grein skal lúta eftirliti bankaeftirlitsins. Uppfylli fyrirtæki, sem hafið hefur starfsemi skv. 1. mgr., ekki lengur skilyrði þau sem fram koma í 1.–5. tölul. 1. mgr. 84. gr. A skal bankaeftirlitið skýra viðkomandi lögbæru yfirvaldi frá því.

#### 22. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 89. gr. laganna:

- a. Nýr töluliður, 1. tölul., bætist við, svohljóðandi: hafi hlutaðeigandi stofnun fengið starfsleyfið á grundvelli falsaðra yfirlýsinga eða á annan óeðlilegan hátt.
- b. 2. tölul., sem verður 3. tölul., orðast svo: nýti hlutaðeigandi stofnun ekki starfsleyfið innan tólf mánaða frá því að það var veitt, afsali sér ótvírætt leyfinu eða hætti starfsemi í meira en sex mánuði samfelld.
- c. Nýr töluliður, 6. tölul., bætist við, svohljóðandi: sé það mat bankaeftirlits að nán tengsl viðskiptabanka eða sparisjóðs við einstaklinga eða lögaðila geti hindrað það í eðlilegum eftirlitsaðgerðum. Sama á við ef lög eða reglur, sem um þá aðila gilda, hindra eðlilegt eftirlit. Starfsleyfi verður þó aðeins afturkallað að bankaeftirlitið hafi gert athugasemdir við hlutaðeigandi banka eða sparisjóð áður og gefið fyrirtækinu kost á að leysa úr málinu.

#### 23. gr.

Ný málsgrein, 3. mgr., bætist við 94. gr. laganna, svohljóðandi:

Nú gerist viðskiptabanki eða sparisjóður, sem hlotið hefur starfsleyfi hér á landi og stundar starfsemi í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, brotlegur við lög þess ríkis, og lögbær yfirvöld þess ríkis grípa til ráðstafana sambærilegra þeim sem greinir í 1. mgr., og skal þá bankaeftirlitið aðstoða þarlend lögbær yfirvöld við samskipti þeirra við stjórnendur hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóðs.

#### 24. gr.

99. gr. laganna orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 10. gr. er heimilt að leggja hömlur á viðskipti með hlutabréf í Sparisjóðabanka Íslands hf. sem stofnaður er af sparisjóðunum.

#### 25. gr.

Ákvæði til bráðabirgða III í lögnum fellur brott.

#### 26. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 8. gr. koma þó ekki til framkvæmda fyrr en 1. júlí 1996. Jafnframt falla brott 5.–7. gr. laga nr. 16/1993, um ráðstafanir til að efla eiginfjárstöðu innlánsstofnana.

Þegar löggin hafa öðlast gildi skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 43/1993, um viðskiptabanka og sparisjóði, og gefa þau út svo breytt með samfelldri greinatölu og kaflanúmerum.

### Ákvæði til bráðabirgða.

#### I.

Víkjandi lán, sem viðskiptabanki eða sparisjóður hefur tekið fyrir gildistöku laga þessara og greiðast skulu niður með afborgunum, eru undanþegin ákvæði 3. málsl. 1. tölul. 4. mgr. 54. gr. laganna um endurgreiðslu víkjandi lána sem teljast til eiginfjárbáttar B.

**II.**

Ríkissjóður yfirtekur frá og með gildistöku laga þessara allar eignir og skuldir lánadeildar Tryggingarsjóðs viðskiptabanka.

**III.**

Tryggingarsjóður sparisjóða skal aðlaga samþykktir sínar ákvæðum laganna á fyrsta aðalfundi eftir gildistöku þeirra.

**IV.**

Ríkisviðskiptabanka er fram til 31. desember 1997 heimilt að taka víkjandi lán til endurfjármögnunar víkjandi lánum er bankinn hefur tekið. Hámarksheimild samkvæmt þessu ákvæði miðast við þá fjárhæð sem slík lán námu 1. janúar 1994.

*Gjört í Reykjavík, 10. maí 1996.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Finnur Ingólfsson.*

**LÖG****um breytingu á lögum um innflutning dýra, nr. 54/1990.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 7. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Eigendur dýra og erfðaefnis greiða gjöld fyrir þjónustu sóttvarnastöðvar samkvæmt gjaldskrá er landbúnaðarráðherra setur, að fengnum tillögum yfirdýralæknis. Við ákvörðun um gjaldskrá skal við það miðað að tekjur sóttvarnastöðvar standi undir útgjöldum hennar.

2. gr.

Í stað orðanna „Búnaðarfélag Íslands“ í 1. og 2. mgr. 12. gr. og 1. mgr. 20. gr. laganna kemur: Bændasamtaka Íslands.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 10. maí 1996.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Guðmundur Bjarnason.*

## AUGLÝSING

### um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er komin úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

*Forsætisráðuneytinu, 8. maí 1996.*

**Friðrik Sophusson.**

Guðmundur Árnason.

Nr. 42

13. maí 1996

## LÖG

### um breytingu á skaðabótalögum, nr. 50/1993.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað „7,5-földum“ í 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: tíföldum.

2. gr.

2. mgr. 8. gr. laganna orðast svo:

Þegar miskastig er minna en 10% greiðast engar örorkubætur. Þegar miskastig er 10%, 12%, 15%, 18% og 20% skulu örorkubætur vera 120%, 125%, 130%, 135% eða 140% af bótum fyrir varanlegan miska.

3. gr.

Við lögina bætist ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Dómsmálaráðherra skal skipa nefnd til að vinna að heildarendurskoðun skaðabótalaga. Ráðherra skal leggja fyrir Alþingi frumvarp til breytinga á lögnum eigi síðar en í október 1997.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1996.

*Gjört í Reykjavík, 13. maí 1996.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.



# STJÓRNARTÍÐINDI A 8 – 1996

---

17. maí 1996

109

Nr. 43

## LÖG

um breyting á lögum um framboð og kjör forseta Íslands,  
nr. 36 12. febrúar 1945, með síðari breytingu.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „á kjörskrá“ í 4. gr. laganna kemur: kosningarbærir.

2. gr.

Í stað „128. gr.“ í 1. mgr. 14. gr. laganna, eins og henni var breytt með 2. gr. laga nr. 39/1963, kemur: 120. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 17. maí 1996.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

---

*Davíð Oddsson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI A 9 – 1996

Nr. 44

110

6. maí 1996

## LÖG

um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1993.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsetisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Ríkisreikningur fyrir árið 1993 samþykkist með eftirfarandi niðurstöðum í þús. kr.:

### REKSTRARREIKNINGUR FYRIR ÁRIÐ 1993 A-HLUTI

	Reikningur 1993
<b>Tekjur</b>	
Beinir skattar .....	19.781.326
Óbeinir skattar .....	73.491.080
Fjármunatekjur .....	5.726.280
Aðrar tekjur .....	1.171.212
<b>Tekjur samtals</b>	<b>100.169.898</b>
<b>Gjöld</b>	
Launagjöld .....	35.977.246
Ýmis rekstrargjöld .....	25.540.938
Fjármagnskostnaður .....	13.351.483
Eignakaup .....	2.077.980
Tilfærslur .....	52.259.126
Sértekjur stofnana .....	-9.993.157
<b>Gjöld samtals</b>	<b>119.213.617</b>
<b>Tekjur umfram gjöld</b>	<b>-19.043.719</b>

Reikningur  
1993**Sundurliðun gjalda eftir ráðuneytum**

00	Æðsta stjórn ríkisins .....	1.110.545
01	Forsætisráðuneyti .....	373.745
02	Menntamálaráðuneyti .....	16.445.266
03	Utanríkisráðuneyti .....	1.592.381
04	Landbúnaðarráðuneyti .....	7.572.999
05	Sjávarútvegsráðuneyti .....	1.555.008
06	Dóms- og kirkjumálaráðuneyti .....	5.451.977
07	Félagsmálaráðuneyti .....	5.523.789
08	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti .....	47.957.535
09	Fjármálaráðuneyti .....	20.127.687
10	Samgönguráðuneyti .....	9.491.791
11	Iðnaðarráðuneyti .....	1.063.772
12	Viðskiptaráðuneyti .....	162.665
13	Hagstofa Íslands .....	132.515
14	Umhverfisráðuneyti .....	651.941

**Gjöld samtals 119.213.617**

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 1993  
A-HLUTI

Reikningur  
1993

**Eignir:**

**Veltufjármunir**

<b>Sjóður</b> .....	<b>179.111</b>
Ríkisféhirðir .....	4.865
Aðrir ríkisaðilar .....	174.245
 <b>Bankainnstæður</b> .....	 <b>5.926.975</b>
Seðlabanki Íslands, aðalviðskiptareikningur.....	3.621.313
Seðlabanki Íslands, hlaupareikningar .....	265.733
Innlendar innlánsstofnanir .....	1.531.138
Erlendar innlánsstofnanir .....	508.790
 <b>Skammtímakröfur</b>	
<b>Óinnheimtar ríkistekjur og innheimtufé</b> .....	<b>23.919.365</b>
Almennar ríkistekjur og skyldusparnaður.....	21.905.859
Markaðar ríkistekjur .....	1.784.784
Innheimtufé fyrir aðra .....	154.128
Fyrirfram greiddar geymdar markaðar tekjur .....	74.593
 <b>Skammtímakröfur, aðrar</b> .....	 <b>9.356.036</b>
Fyrirfram greidd gjöld .....	207.699
Áfallnar, ógreiddar vaxtatekjur .....	3.036.073
Viðskiptareikningar, bráðabirgðalán .....	5.723.234
Veitt stutt lán .....	389.030
<b>Skammtímakröfur samtals</b>	<b>33.275.400</b>
 <b>Vöru- og efnisbirgðir</b> .....	 <b>289.351</b>
<b>Veltufjármunir samtals</b>	<b>39.670.837</b>

**Langtímakröfur og áhættufjármunir****Langtímakröfur**

<b>Veitt löng lán, innlend ógengisbundin .....</b>	<b>26.015.385</b>
Stofnanir í A-hluta .....	50.698
Fyrirtæki og sjóðir í B-hluta .....	18.888.372
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs .....	3.317.719
Sveitarfélög .....	88.165
Lánastofnanir .....	929.178
Aðrir .....	2.741.252

<b>Veitt löng lán, innlend gengisbundin .....</b>	<b>20.460.501</b>
Fyrirtæki og sjóðir í B-hluta .....	11.066.028
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs .....	3.026.524
Sveitarfélög .....	3.533.575
Lánastofnanir .....	162.869
Aðrir .....	2.610.752
Gengisauki lána .....	60.753

<b>Veitt löng lán, til erlendra aðila .....</b>	<b>9.620</b>
---	--------------

**Langtímakröfur samtals 46.485.507**

<b>Áhættufjármunir .....</b>	<b>6.153.689</b>
Innlend hlutabréf og stofnfjárframlög .....	4.079.289
Erlend hlutabréf og stofnfjárframlög .....	2.074.400

**Langtímakröfur og áhættufjármunir samtals 52.639.196**

**Eignir samtals 92.310.033**

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 1993  
A-HLUTI

Reikningur  
1993

**Skuldir:**

**Skammtímaskuldir**

<b>Bankareikningar, hlaupareikningsskuld .....</b>	<b>285.065</b>
Seðlabanki Íslands, aðalviðskiptareikningur.....	-
Seðlabanki Íslands, aðrir hlaupareikningar .....	194.244
Innlánsstofnanir .....	90.821
 <b>Krafa á óinnheimtar ríkistekjur, innheimt fé o.fl. ....</b>	 <b>343.252</b>
Markaðar ríkistekjur á teknaliði .....	189.124
Innheimtufé fyrir aðra .....	154.128
 <b>Geymdar markaðar ríkistekjur og innheimtufé .....</b>	 <b>460.841</b>
Markaðar ríkistekjur á teknaliði .....	433.583
Innheimtufé fyrir aðra .....	27.258
 <b>Skammtímaskuldir, aðrar .....</b>	 <b>31.951.021</b>
Ógreidd gjöld.....	2.431.257
Ógreidd gjöld, sérstakar skuldbindingar .....	5.820.859
Viðskiptareikningar, bráðabirgðaskuldir .....	5.737.260
Tekin stutt lán, Seðlabanki .....	-
Tekin stutt lán, ríkisvixlar .....	17.648.923
Tekin stutt lán, innlend önnur .....	312.723
<b>Skammtímaskuldir samtals</b>	<b>33.040.179</b>

Reikningur  
1993**Langtímaskuldir**

<b>Tekin löng lán, innlend ógengisbundin .....</b>	<b>59.057.938</b>
Stofnanir í A-hluta .....	8.251
Seðlabanki Íslands .....	6.454
Fyrirtæki og sjóðir í B-hluta .....	26.738
Innlánsstofnanir .....	6.297.269
Lánastofnanir, innlendir .....	1.248.359
Sveitarfélög .....	927.071
Aðrir .....	50.543.796
<b>Tekin löng lán, innlend gengisbundin .....</b>	<b>1.705.540</b>
Seðlabanki Íslands .....	-
Fyrirtæki og sjóðir í B-hluta .....	8.867
Innlánsstofnanir .....	13.262
Lánastofnanir .....	1.678.144
Aðrir .....	5.267
<b>Tekin löng lán, erlend .....</b>	<b>102.304.726</b>
	<b>Tekin löng lán samtals 163.068.204</b>
<b>Ýmsar langtímaskuldbindingar .....</b>	<b>14.538.508</b>
	<b>Langtímaskuldir samtals 177.606.712</b>
<b>Lífeyrisskuldbindingar .....</b>	<b>60.142.967</b>
	<b>Skuldir samtals 270.789.858</b>
<b>Höfuðstóll</b>	
Höfuðstóll í ársbyrjun .....	-149.888.162
Endurmat veltufjármuna/skammtímaskulda .....	731.699
Endurmat langtímakrafna/langtímaskulda .....	-10.279.639
Tekjur umfram gjöld .....	-19.043.719
	<b>Höfuðstóll í árslok samtals -178.479.825</b>
	<b>Skuldir og höfuðstóll samtals 92.310.033</b>

## 2. gr.

Ríkisreikningur fyrir árið 1993 samþykkt með eftirfarandi niðurstöðum í þús. kr.:

**REKSTRARREIKNINGUR FYRIR ÁRIÐ 1993**  
**B-HLUTI**

	Reikningur 1993
<hr/>	
<b>Rekstrartekjur</b>	
Seldar vörur og þjónusta .....	38.983.048
Seldir happdrættismiðar .....	1.365.098
Aðrar rekstrartekjur .....	957.653
<b>Rekstrartekjur samtals</b>	<b>41.305.799</b>
 <b>Rekstrargjöld</b>	
Hráefni og vörur til endursölu .....	10.198.044
Laun og launatengd gjöld .....	8.840.264
Happdrættisvinningar .....	903.436
Önnur rekstrargjöld .....	11.184.389
Afskriftir .....	2.790.229
Stofnkostnaðarviðfangsefni flutt á efnahag .....	-746.060
<b>Rekstrargjöld samtals</b>	<b>33.170.302</b>
 <b>Rekstrarhagnaður án fjármunatekna og fjármagnsgjalda .....</b>	<b>8.135.497</b>
 <b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld</b>	
Vaxtatekjur .....	12.531.505
Vaxtagjöld .....	-13.581.365
Arður af hlutabréfum .....	686
Endurmat, tekjufært .....	9.148.703
Endurmat, gjaldfært .....	-10.142.308
Reiknaðar tekjur vegna verðbreytinga .....	279.020
Reiknuð gjöld vegna verðbreytinga .....	-1.507.910
<b>Fjármunatekjur umfram fjármagnsgjöld</b>	<b>-3.271.669</b>
 <b>Hagnaður af reglulegri starfsemi .....</b>	<b>4.863.828</b>
<b>Óreglulegar tekjur .....</b>	<b>409.077</b>
<b>Óregluleg gjöld .....</b>	<b>-1.794.885</b>
<b>Framlög (tekjur) og tilfærslur (gjöld) .....</b>	<b>2.792.932</b>
<b>Hagnaður til ráðstöfunar</b>	<b>6.270.952</b>



EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 1993  
B-HLUTI

Reikningur  
1993

**Eignir:**

**Veltufjármunir**

<b>Sjóður og bankainnstæður</b> .....	<b>7.588.421</b>
Sjóður .....	111.342
Banki .....	7.477.079

<b>Skammtímakröfur</b> .....	<b>24.614.145</b>
Fyrirframgreiddur kostnaður .....	1.271.468
Viðskiptareikningur .....	11.188.614
Veitt stutt lán .....	9.920.302
Afallnar ógjaldfallnar tekjur .....	2.233.761

<b>Vöru- og efnisbirgðir</b> .....	<b>2.462.355</b>
<b>Veltufjármunir samtals</b>	<b>34.664.921</b>

**Fastafjármunir**

<b>Langtímakröfur og áhættufjármunir</b> .....	<b>202.452.025</b>
Langtímakröfur/veitt löng lán .....	211.913.463
Hlutfé og stofnfjárframlög .....	451.461
Afskriftarreikningur útlána .....	-9.912.899

<b>Varanlegir rekstrarfjármunir</b> .....	<b>45.995.519</b>
Áhöld, húsgögn, skrifstofuvélar o.þ.h. ....	1.515.183
Rannsóknartæki .....	5.683
Farartæki og vélar .....	9.732.928
Fasteignir .....	24.584.457
Virkjanir, orku- og jarðvarmaveitur og jarðhitarannsóknir .....	9.942.191
Aðrar eignir .....	215.077
<b>Fastafjármunir samtals</b>	<b>248.447.544</b>

<b>Eignir samtals</b>	<b>283.112.465</b>
-----------------------	--------------------

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 1993  
B-HLUTI

Reikningur  
1993

**Skuldir:**

**Skammtímaskuldir**

<b>Bankareikningar, hlaupareikningsskuld .....</b>	<b>438.006</b>
<b>Aðrar skammtímaskuldir .....</b>	<b>12.508.239</b>
Ógreidd gjöld.....	3.883.773
Viðskiptareikningar .....	5.349.099
Tekin stutt lán .....	3.275.367
<b>Skammtímaskuldir samtals</b>	<b>12.946.245</b>

**Langtímaskuldir**

Langtímaskuldir/tekin löng lán samtals .....	181.800.197
<b>Skuldir samtals</b>	<b>194.746.442</b>

**Eigið fé**

Ýmsir eiginfjárreikningar .....	1.127.313
Endurmatsreikningar .....	57.845.928
Höfuðstóll .....	29.392.782

**Eigið fé í árslok samtals 88.366.023**

**Skuldir og eigið fé samtals 283.112.465**

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 6. maí 1996.*

**Friðrik Sophusson.**

**Ólafur G. Einarsson.**  
(L. S.)

**Haraldur Henrysson.**

*Friðrik Sophusson.*

# LÖG

## um mannanöfn.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### I. KAFLI

#### Fullt nafn og nafngjöf.

##### 1. gr.

Fullt nafn manns er eiginnafn hans eða eiginnöfn, millinafn, ef því er að skipta, og kenninafn.

Eiginnöfn og millinafn mega aldrei vera fleiri en þrjú samtals.

##### 2. gr.

Skylt er að gefa barni nafn innan sex mánaða frá fæðingu þess.

Barn öðlast nafn við skírn í þjóðkirkjunni eða skráðu trúfélagi eða með tilkynningu um nafngjöf til Hagstofu Íslands, Þjóðskrár, prests eða forstöðumanns skráðs trúfélags.

##### 3. gr.

Eigi að gefa barni nafn við skírn sem prestur þjóðkirkjunnar, forstöðumaður eða prestur skráðs trúfélags á að annast skal forsjármaður þess, um leið og skírnar er óskað, skýra honum frá því nafni eða nöfnum sem barnið á að hljóta. Sé eiginnafn eða millinafn sem barn á að hljóta ekki á mannanafnaskrá, sbr. 22. gr., skal prestur eða forstöðumaður trúfélags hvorki samþykkja það að svo stöddu né gefa það við skírn heldur skal málið borið undir mannanafnanefnd, sbr. þó 3. mgr. 6. gr. og 7. og 10. gr.

Berist Þjóðskrá tilkynning um eiginnafn eða millinafn sem ekki er á mannanafnaskrá skal það ekki skráð að svo stöddu heldur skal málinu vísað til mannanafnanefndar.

### II. KAFLI

#### Eiginnöfn.

##### 4. gr.

Hverju barni skal gefa eiginnafn, þó ekki fleiri en þrjú.

Þeir sem fara með forsjá barns hafa bæði rétt og skyldu til að gefa því eiginnafn eftir því sem greinir í lögum þessum.

##### 5. gr.

Eiginnafn skal geta tekið íslenska eignarfallsendingu eða hafa unnið sér hefð í íslensku máli. Nafnið má ekki brjóta í bág við íslenskt málkerfi. Það skal ritað í samræmi við almennar ritreglur íslensks máls nema hefð sé fyrir öðrum rithætti þess.

Stúlku skal gefa kvenmannsnafn og dreng skal gefa karlmannsnafn.

Eiginnafn má ekki vera þannig að það geti orðið nafnbera til ama.

### III. KAFLI

#### Millinöfn.

##### 6. gr.

Heimilt er að gefa barni eitt millinafn auk eiginnafns þess eða eiginnafna. Millinafn má hvort heldur er gefa stúlku eða dreng.

Millinafn skal dregið af íslenskum orðstofnum eða hafa unnið sér hefð í íslensku máli en má þó ekki hafa nefnifallsendingu. Nöfn, sem aðeins hafa unnið sér hefð sem annaðhvort eiginnöfn karla eða eiginnöfn kvenna, eru ekki heimil sem millinöfn. Þó er eiginnafn foreldris í eignarfalli heimilt sem millinafn. Millinöfn, sem eru mynduð með sama hætti og föður- og móðurnöfn, sbr. 3. mgr. 8. gr., eru óheimil.

Millinafn, sem víkur frá ákvæðum 2. mgr., er heimilt þegar svo stendur á að eitthvert alsystkini þess sem á að bera nafnið, foreldri, afi eða amma ber eða hefur borið nafnið sem eiginnafn eða millinafn.

Millinafn skal ritað í samræmi við almennar ritreglur íslensks máls nema hefð sé fyrir öðrum rithætti þess.

Millinafn má ekki vera þannig að það geti orðið nafnbera til ama.

#### 7. gr.

Ættarnafn er einungis heimilt sem millinafn í þeim tilvikum sem um getur í þessari grein.

Hver maður, sem ber ættarnafn í þjóðskrá, má breyta því í millinafn, sbr. 15. gr.

Hver maður, sem ekki ber ættarnafn en á rétt til þess, má bera það sem millinafn.

Maður má bera ættarnafn sem millinafn hafi eitthvert alsystkini hans, foreldri, afi eða amma borið það sem eiginnafn, millinafn eða ættarnafn.

Maður á og rétt á að taka sér ættarnafn maka síns sem millinafn. Honum er einnig heimilt að taka sér nafnið sem millinafn beri maki hans það sem millinafn skv. 2. eða 3. mgr.

### IV. KAFLI

#### Kenninöfn.

#### 8. gr.

Kenninöfn eru tvenns konar, föður- eða móðurnöfn og ættarnöfn.

Hver maður skal kenna sig til föður eða móður nema hann eigi rétt á að bera ættarnafn og kjósi að gera svo, sbr. 5. mgr. Manni er enn fremur heimilt að kenna sig til beggja foreldra sinna eða bera ættarnafn sem hann á rétt á til viðbótar því að kenna sig til föður eða móður. Heimilt er að ófeðrað barn sé kennt til afa síns.

Föður- og móðurnöfn eru mynduð þannig að á eftir eiginnafni eða eiginnöfnum og millinafni, ef því er að skipta, kemur nafn föður eða móður í eignarfalli, að viðbættu son ef karlmaður er en dóttir ef kvenmaður er.

Nú óskar maður þess að hann eða barn hans beri kenninafn sem dregið er af erlendu eiginnafni foreldris og má þá með úrskurði mannanafnanefndar laga kenninafnið að íslensku máli.

Maður, sem samkvæmt þjóðskrá ber ættarnafn við gildistöku þessara laga eða bar ættarnafn í gildistíð laga nr. 37/1991, má bera það áfram. Sama gildir um niðja hans hvort heldur er í karlegg eða kvenlegg.

Maður, sem samkvæmt þjóðskrá er kenndur til föður eða móður maka síns við gildistöku þessara laga, má kenna sig svo áfram.

Óheimilt er að taka upp nýtt ættarnafn hér á landi.

#### 9. gr.

Íslenskur ríkisborgari má ekki taka sér ættarnafn maka síns.

Maður, sem við gildistöku þessara laga ber ættarnafn maka síns, má bera það áfram. Eftir að hjúskap lýkur er honum og heimilt að bera ættarnafn fyrrverandi maka síns. Þó getur maður krafist þess að dómsmálaráðherra úrskurði að fyrri maka sé óheimilt að bera ættar-

nafn hans eftir að hinn fyrri maki gengur í hjúskap að nýju. Sé viðkomandi maður látinn hefur eftirlifandi maki hans sama rétt til að gera þess háttar kröfu. Krafa skal gerð innan sex mánaða frá því að hlutaðeigandi gekk í hjúskap. Dómsmálaráðherra reisir úrskurð sinn á því hvort þyngri séu á metum hagsmunir fyrri maka af því að halda nafni eða þau rök sem fram eru borin fyrir því að hann hætti að bera fyrri nafn.

Hafi annað íslenskra hjóna tekið upp föður- eða móðurnafn hins við búsetu erlendis er því skylt að leggja það niður við flutning til landsins. Sama gildir um niðja þeirra.

## V. KAFLI

### Nafnréttur manna af erlendum uppruna.

#### 10. gr.

Skýrslum rannsóknarnefndar flugslysa skal ekki beitt sem sönnunargögnum í opinberum málum, sbr. 4. mgr. 1. gr., enda er markmið flugslysarannsóknna samkvæmt lögum þessum að greina orsakabætti flugslysa í því skyni einu að koma í veg fyrir frekari flugslys. Tilgangurinn er ekki að skipta sök eða ábyrgð. Skal þessa getið á forsíðu hvernar lokaskýrslu sem rannsóknarnefnd flugslysa sendir frá sér.

Í þeim tilvikum sem flugslys verða tilefni rannsókna að hætti laga um meðferð opinberra mála skal rannsóknarnefnd flugslysa veita Rannsóknarlögreglu upplýsingar og gögn sem varða vettvang og úrlausn tæknilegra álitaeftna. Ekki skal afhenda gögn sem geyma framburð aðila og vitna fyrir nefndinni.

## 15. gr.

Aðili máls, eigandi eða flugrekandi viðkomandi loftfars, svo og Flugmálastjórn, skal eiga þess kost, með þeim hætti sem rannsóknarnefnd flugslysa ákveður hverju sinni, að tjá sig um drög að lokaskýrslu nefndarinnar innan tilskilins frests áður en endanlega er gengið frá skýrslunni, sbr. 14. gr., enda liggi ekki fyrir í gögnum málsins afstaða þeirra og rök fyrir henni eða slíkt sé augljóslega óþarft.

## 16. gr.

Rannsóknarnefnd flugslysa getur endurupptekið þegar rannsakað mál, sbr. 14. gr., ef fram koma ný og mikilvæg gögn að hennar mati. Mat nefndarinnar í þessu efni er endanlegt.

## 17. gr.

Rannsóknarnefnd flugslysa skal senda aðilum máls lokaskýrslu rannsóknar og hæfilegan eintakafjölda til Flugmálastjórnar sem afhendir þau þeim er þess óska.

Nefndin skal gefa út heildarskýrslu um störf sín ár hvert.

Skýrslur nefndarinnar má selja á kostnaðarverði.

## 18. gr.

Í reglugerð, sem samgönguráðherra setur, skal nánar kveðið á um störf rannsóknarnefndar flugslysa, þar á meðal um samskipti við aðra rannsóknaraðila, skrifstofuhald, geymslu málsgagna, persónuskilríki um réttarstöðu nefndarmanna og heimildir þeirra í störfum, nauðsynlegan útbúnað og tæki nefndarinnar til vettvangsrannsókna og einstaka þætti málsmeðferðar eftir því sem þurfa þykir.

## 19. gr.

Lög þessi taka þegar gildi.

Með lögum þessum eru numin úr gildi ákvæði 141.–147. gr. laga nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Við gildistöku laga þessara fellur úr gildi skipun núverandi flugslysaneftndar og skal ráðherra eftir gildistöku skipa rannsóknarnefnd flugslysa samkvæmt lögunum.

Sá sem gegnir stöðu framkvæmdastjóra flugslysarannsóknadeildar Flugmálastjórnar skal hafa forgang til starfs formanns rannsóknarnefndar flugslysa og skulu laun og kjör hans eigi skerðast við tilflutninginn.

*Gjört í Reykjavík, 3. júní 1996.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Halldór Blöndal.*

**LÖG**

**um breytingar á Þjóðminjalögum, nr. 88 29. maí 1989,  
með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

28. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

Á eftir 49. gr. laganna kemur nýr kafli, VI. kafli, **Um flutning menningarverðmæta úr landi og um skil menningarverðmæta til annarra landa**, með sjö nýjum greinum, og breytist kafla- og greinatala samkvæmt því. Greinarnar eru svohljóðandi:

a. (50. gr.)

Eigi má flytja úr landi muni og gripi sem hér eru taldir, nema formlegt leyfi Þjóðminjasafns Íslands komi til, sjá þó 51. gr.:

1. Forngrípi, eldri en 100 ára, hvort sem eru í eigu opinberra stofnana, fyrirtækja, félagsamtaka eða einstaklinga.
2. Hluta úr listrænum, sögulegum eða trúarlegum minjum er losaðir hafa verið frá þeim og eldri eru en 100 ára.
3. Málverk og handgerðar myndir úr hvaða efni sem er ef eldri eru en 50 ára og ekki í eigu höfunda þeirra.
4. Mósaikverk sem ekki falla undir 1. eða 2. tölul. og teikningar úr hvaða efni sem er séu myndverkin að öllu leyti handunnin, eldri en 50 ára og ekki í eigu höfunda þeirra.
5. Frumeintök af stungum, þrykki, silkipienti og steinprenti, ásamt tilheyrandi plötum og frumgerð veggsþjalda, séu verkin eldri en 50 ára og ekki í eigu höfunda þeirra.
6. Frumeintök höggmynda eða myndastyttna og eftirmyndir þeirra sem eru gerðar með sömu aðferð og frumeintökin séu verkin eldri en 50 ára og ekki í eigu höfunda þeirra, enda falli þau ekki undir 1. tölul.
7. Ljósmyndir og kvikmyndir og filmur af þeim, enda séu þær eldri en 50 ára og ekki í eigu höfunda myndanna.

8. Bækur, prentaðar fyrir 1500 (vögguprent), svo og handrit, þar með talin landabréf og raddskrár, stakar eða sem safn, sem eldri eru en 50 ára og ekki í eigu höfunda þeirra.
9. Aðrar bækur, eldri en 100 ára, stakar eða sem safn.
10. Prentuð landabréf, eldri en 200 ára.
11. Skjalasöfn hvers konar og hluta þeirra, úr hvaða efni sem er, eldri en 50 ára.
12. Dýrafræðileg, grasafræðileg, bergfræðileg eða líffræðileg söfn og safneintök og sömu-leiðis söfn sem gildi hafa fyrir sagnfræði, steingervingafræði, þjóðflokkafraði eða myntfræði.
13. Samgöngutæki, eldri en 75 ára.
14. Aðrar menningarminjar, eldri en 50 ára.

Leiki vafi á um aldur minja sem taldar eru í 1.–14. tölul. 1. mgr. þessarar greinar sker þjóðminjaráð úr.

b. (51. gr.)

Ákvæði 50. gr. taka til menningarminja er falla undir 1., 2., 8. og 11. tölul. þeirrar greinar án tillits til verðgildis þeirra.

Ákvæði 50. gr. taka til menningarminja er falla undir 4., 5., 7. og 10. tölul. þeirrar greinar sé verðgildi þeirra 1.200.000 kr. eða meira.

Ákvæði 50. gr. taka til menningarminja er falla undir 6., 9., 12., 13. og 14. tölul. þeirrar greinar sé verðgildi þeirra 4.200.000 kr. eða meira.

Ákvæði 50. gr. taka til menningarminja er falla undir 3. tölul. þeirrar greinar sé verðgildi þeirra 12.500.000 kr. eða meira.

Við verðgildismat skal miðað við ætlað markaðsverð hlutaðeigandi menningarminja hér á landi á þeim degi er umsókn um útflutningsleyfi berst Þjóðminjasafni Íslands.

c. (52. gr.)

Þjóðminjasafni Íslands er heimilt, að fengnu samþykki menntamálaráðuneytis, að koma í veg fyrir útflutning menningarminja, jafnt þeirra sem taldar eru í 50. gr. sem annarra, án tillits til aldurs þeirra og verðgildis, ef minjarnar teljast til þjóðardýrgripa eða þær hafa að öðru leyti sérstakt gildi fyrir íslenska þjóðmenningu. Getur þá Þjóðminjasafn Íslands stöðvað útflutning þeirra um stundarsakir meðan leitað er umsagna sérfróðra manna og þar til formleg afstaða ráðuneytisins er fengin. Fallist ráðuneytið eigi á beiðni um útflutningsleyfi er sú niðurstaða bindandi fyrir alla aðila og hið sama gildir um samþykki ráðuneytisins við útflutningi.

d. (53. gr.)

Óheimilt er að flytja til Íslands menningarminjar fari sá flutningur fram í andstöðu við löggjöf í því ríki sem flutt er frá.

Ákvæði 3. og 4. mgr. þessarar greinar og ákvæði 54. gr., svo og ákvæði 55. gr. að því er varðar skil menningarverðmæta til annarra ríkja, gilda einvörðungu um kröfur um skil frá hlutaðeigandi stjórnvöldum í aðildarríkjum sammings um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993. Íslensk stjórnvöld skulu þó jafnframt leitast við eftir föngum að aðstoða við réttmæt skil menningarminja til ríkja er ekki eiga aðild að nefndum samningi hafi minjarnar verið fluttar þaðan í andstöðu við þarlend lög.

Íslenskum stjórnvöldum er skylt að sjá til þess að menningarminjum, sem fluttar hafa verið til Íslands með ólögum hætti, án tillits til núverandi eignaraðildar eða vörslu á þeim, verði skilað til rétttra eigenda eða umsjármanna þeirra erlendis, enda sé skilyrðum 51. gr. um verðmæti þeirra fullnægt. Umsókn þar að lútandi skal borin upp formlega af vald-

bæru stjórnvaldi í hlutaðeigandi ríki og skal henni beint til Þjóðminjasafns Íslands sem gerir síðan viðeigandi ráðstafanir, eftir atvikum í samvinnu við hlutaðeigandi stjórnvöld hér á landi, sbr. nánar 54. gr.

Við verðgildismat menningarminja skv. 3. mgr. þessarar greinar, sbr. og 51. gr., skal miða við þann dag er Þjóðminjasafni Íslands berst krafa um skil á hlutaðeigandi minjum frá réttum stjórnvöldum í öðru ríki. Við ákvörðun verðgildis skal haft mið af ætluðu markaðsverði hér á landi.

e. (54. gr.)

Séu menningarminjar sem fjallað er um í 3. og 4. mgr. 53. gr. í eigu eða vörslu manna héraendis er eigi vilja láta þær af hendi þegar Þjóðminjasafn Íslands krefst þess, sbr. 53. og 55. gr., geta hlutaðeigandi stjórnvöld í öðru ríki, sem bera fram lögformlega kröfu um skil menningarminja, krafist þess fyrir dómi hér á landi, hvort heldur sem er í einkamáli eða opinberu dómsmáli, að eigendum eða vörslumönnum minjanna verði gert að láta þær af hendi og að mælt verði fyrir um að þeim skuli skilað með lögsmætum hætti til þess ríkis er skila krefst. Sé um einkamál að ræða skal það höfðað gegn eiganda minjanna, hvernig sem hann er að minjunum kominn, og jafnframt gegn vörslumanni þeirra sé hann annar en eigandinn. Dómur um skil menningarverðmæta er grundvöllur innsetningargerðar, ef á reynir, en dómi má síðan jafnframt framfylgja með aðstoð sýslumanna, lögreglu og annarra þar til bærra yfirvalda, eftir því sem þörf krefur, fyrir atbeina Þjóðminjasafns Íslands.

Í kröfu um skil menningarminja, sem hér um ræðir og borin er upp fyrir íslenskum stjórnvöldum og dómstóli, ef á reynir, skal minjunum m.a. lýst svo nákvæmlega sem frekast er kostur, svo og menningarlegu gildi þeirra og verðmæti. Þá skal fylgja kröfu skýr yfirlýsing frá hlutaðeigandi stjórnvöldum í því ríki er skila krefst um að munirnir hafi verið fluttir úr því ríki með ólögsmætum hætti.

Krafa um skil menningarminja skv. 1. mgr. þessarar greinar verður eigi höfð uppi fyrir dómi eftir að eitt ár er liðið frá því að hlutaðeigandi stjórnvöld í því ríki er skila krefst fengu vitneskju um hvar menningarminjarnar eru niðurkomnar og hver sé núverandi eigandi eða vörslumaður þeirra hér á landi. Kröfu um skil verður heldur ekki komið að fyrir dómi þegar liðin eru meira en 30 ár frá því að minjarnar voru fluttar ólöglega frá því ríki er skila krefst. Sé um að ræða minjar sem eru hluti af opinberum söfnum í því ríki er skila krefst eða þær heyra til kirkjulegra minja þar er lúta sérstökum verndarráðstöfunum samkvæmt lögum þess ríkis skal þó kröfufresturinn miðast við 75 ár, nema íslenska ríkið hafi skuldbundið sig til þess, gagnvart hlutaðeigandi ríki, að virða lengri frest.

Það ríki, er krafist hefur skila á menningarverðmætum samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, skal bera kostnað af þeim skilum, þar með talið málsmeðferð.

Þeir er komist hafa yfir menningarminjar sem þessi grein tekur til án þess að flutningur minjanna til Íslands hafi verið þeim saknæmur eða þeir hafi að öðru leyti öðlast þær með ólögsmætum hætti geta krafist hæfilegra bóta frá því ríki er skila krefst vegna þess að þeim er gert að skila minjunum. Verður kröfu um bætur af þessum sökum m.a. komið að í dómsmáli sem höfðað er til skila minjanna eða þar sem krafa um skil er borin upp með öðrum hætti, en jafnframt getur grandlaus eigandi minja, sem skilakrafa beinist að, samið við hlutaðeigandi stjórnvöld í því ríki, er skila krefst, um bætur af þessum sökum. Hefur Þjóðminjasafn Íslands milligöngu um þá samningsgerð eftir því sem þörf gerist. Hafi bótakrafa, sem hér um ræðir, verið viðurkennd með dómi eða liggja fyrir formlegur samningur um bætur, þar á meðal dómssátt, getur Þjóðminjasafn Íslands gert það að skilyrði fyrir afhendingu minjanna til hlutaðeigandi erlendra stjórnvalda að bætur verði greiddar.



f. (55. gr.)

Þjóðminjasafn Íslands annast framkvæmd ákvæða þessa kafla laganna fyrir hönd íslenska ríkisins. Það veitir formleg leyfi til útflutnings menningarminja skv. 50. gr. og jafnframt skv. 52. gr. að fengnu samþykki menntamálaráðuneytis. Um framkvæmd leyfisveitinga, m.a. um form leyfis skjala, skal farið að nánari reglum er menntamálaráðherra setur. Þjóðminjasafn leggur mat á verðgildi menningarminja skv. 51. gr., sbr. og 53. gr., og annast um framkvæmd skila á menningarminjum til annarra ríkja skv. 53. gr.

Ákvarðanir um afgreiðslu umsókna um útflutningsleyfi sem hér um ræðir skulu bornar upp í þjóðminjaráði til staðfestingar. Ágreiningi um leyfisveitingar eða synjanir útflutnings á þessu sviði má skjóta til menntamálaráðuneytis, sbr. nánar ákvæði stjórnisýslulaga, nr. 37/1993. Verður þá ekki af útflutningi fyrr en ráðuneytið hefur heimilað hann og lagt fyrir Þjóðminjasafn Íslands að gefa út leyfisbréf þar að lútandi. Til menntamálaráðuneytis má og skjóta ágreiningi um önnur atriði er lúta að framkvæmd ákvæða þessa kafla.

Við mat á gildi menningarminja, er hér um ræðir, svo og um meiri háttar álitæfni, skal Þjóðminjasafn Íslands hafa samráð við forstöðumenn þeirra stofnana hér á landi er einkum varðveita þess konar muni sem mál snýst um hverju sinni. Þar skal m.a. kalla til forstöðumann Listasafns Íslands um myndlistarverk, Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi um handrit, Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns um bækur og handrit og Þjóðskjalasafns Íslands um skjöl. Ef þörf gerist skal og leitað álits sérfróðra manna er eigi starfa við stofnanir þær er hér um ræðir.

Þjóðminjasafn Íslands tekur við kröfum um skil menningarminja frá hlutaðeigandi stjórnvöldum í öðrum ríkjum og sömuleiðis ber það fram kröfur til hlutaðeigandi stjórnvalda erlendis um skil menningarminja frá þeim ríkjum hafi þær verið fluttar frá Íslandi með ólögætum hætti, sbr. 50., 51. og 52. gr., og veitir þeim viðtöku fyrir hönd réttra eigenda eða vörslumanna hérlendis.

Þjóðminjasafn Íslands skal kappkosta að hafa náíð samstarf og samráð við þau stjórnvöld í öðrum ríkjum er fjalla þar um leyfi til útflutnings menningarminja og um skil þeirra, svo og við fjölþjóðlegar stofnanir er láta sig þau mál varða. Þá skal það og leitast við af fremsta megni að upplýsa um vörslustaði menningarminja sem fluttar hafa verið til landsins með óheimilum hætti. Skulu lögreglufirvöld aðstoða við þá leit ef þörf gerist.

Tollayfirvöld skulu tafarlaust tilkynna Þjóðminjasafni Íslands um menningarminjar sem reynt hefur verið að flytja ólöglega til landsins og hið sama gildir um ólögætán útflutning.

Þjóðminjasafni Íslands til ráðuneytis um allt það er snertir framkvæmd ákvæða þessa kafla starfar þriggja manna nefnd kunnáttumanna er menntamálaráðherra skipar til þriggja ára í senn. Skal ráðherra skipa formann nefndarinnar sérstaklega en nefndin skiptir að öðru leyti með sér störfum. Þrír varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Við val aðalmanna og varamanna, annarra en formanns og varaformanns, skal þess gætt að einn þeirra hafi sérkunnáttu á sviði listfræði, annar á sviði menningarsögu eða fornminjafræði, þriðji á sviði bókfræði og hinn fjórði á sviði skjalfræði. Varði mál, sem undir nefndina er borið, sérsvið varamanns skal hann fjalla um það mál jafnhliða aðalmönnum. Menntamálaráðherra ákveður þóknun nefndarinnar og greiðist hún af rekstrarfé Þjóðminjasafns.

g. (56. gr.)

Hvað varðar kröfur um skil menningarminja frá hlutaðeigandi stjórnvöldum í aðildarríkjum að samningi um Evrópska efnahagssvæðið gilda ákvæði þessa kafla um skil á minjum um sem hafa verið fluttar ólöglega frá þeim ríkjum hingað til lands 1. janúar 1995 og síðar. Hið sama tímamark gildir um kröfur íslenskra stjórnvalda um skil menningarminja frá öðrum aðildarríkjum að nefndum samningi.

3. gr.

Við tilvísun til lagagreina, sem varða refsingu ef brotið er gegn ákvæðum þeirra, í 59. gr. (áður 52. gr.) laganna bætist vísun til 50.–53. gr. þeirra.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 3. júní 1996.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Björn Bjarnason.*

## LÖG

### um breyting á lögum nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar, með síðari breytingum.

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 2. mgr. og orðast svo:

Lögin gilda einnig um starfsemi íslenskra skipa utan íslenskrar efnahagslögsögu eftir því sem Ísland hefur skuldbundið sig til í alþjóðasamningum.

2. gr.

Í stað orðanna „Siglingamálastofnunar ríkisins“ í 3. mgr. 10. gr., 1. mgr. 14. gr., 22. gr. og 24. gr. laganna kemur: Hollustuverndar ríkisins.

3. gr.

13. gr. laganna orðast svo:

Allt úrkast efna og hluta í hafið er óheimilt, sbr. þó 2. mgr. þessarar greinar.

Hollustuvernd ríkisins getur heimilað að eftirtöldum efnum og hlutum sé varpað í hafið:

- a. dýpkunarefnum;
- b. náttúrulegum, óvirkum efnum, þ.e. föstum jarðefnum sem ekki hafa hlotið efnafræðilega vinnslu og samsett eru úr efnum sem ólíklegt er að losni út í hafsvæðið;
- c. fiskúrgangi frá fiskverkunarstöðvum.

Við veitingu leyfis skv. 2. mgr. skal taka mið af eðli efnanna og hlutanna, magni þeirra og aðstöðu á losunarstað.

Ráðherra setur í reglugerð ákvæði um úrkast dýpkunarefna að fengnum tillögum Hollustuverndar ríkisins og Siglingastofnunar Íslands. Þar skal sérstaklega kveðið á um magn þeirra mengunarefna sem vísað er til í fylgiskjali 2.

Kostnaður við eftirlit með úrkasti í hafið greiðist af leyfishafa.

## 4. gr.

17. gr. laganna orðast svo:

Nú er sýnt að mengunarvaldi takist ekki að koma í veg fyrir fyrirsjáanlegan skaða af völdum mengunarinnar og skulu þá hafnaryfirvöld tafarlaust hefja aðgerðir til að koma í veg fyrir eða draga úr mengun á viðkomandi hafnarsvæði og Hollustuvernd ríkisins, í samvinnu við Landhelgisgæslu Íslands og Siglingastofnun Íslands, utan hafnarsvæða.

## 5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 18. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „Siglingamálastofnun ríkisins“ kemur: Hollustuvernd ríkisins.
- b. Við greinina bætast tvær nýjar málsgreinar er orðast svo:

Ráðherra er heimilt að fenginni tillögu Hollustuverndar ríkisins og að höfðu samráði við sveitarstjórnir að setja nánari reglur um framkvæmd þessara mála, svo sem um skiptingu landsins í svæði, skipan í svæðisráð, notkun mengunarvarnabúnaðar og stjórn á mengunarstað.

Ráðherra getur að fenginni tillögu Hollustuverndar ríkisins og að höfðu samráði við sveitarstjórnir sett samræmda gjaldskrá vegna notkunar mengunarvarnabúnaðar.

## 6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 21. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „Siglingamálastofnun ríkisins“ kemur: Hollustuvernd ríkisins.
- b. Í stað orðanna „Hollustuverndar ríkisins“ kemur: Siglingastofnunar Íslands.

## 7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 23. gr. laganna:

- a. 2. mgr. fellur brott.
- b. Orðin „að höfðu samráði við heilbrigðismálaráðherra og menntamálaráðherra“ í 3. mgr. falla brott.
- c. Orðin „að höfðu samráði við heilbrigðismálaráðherra“ í 4. mgr. falla brott.

## 8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 32/1986, um varnir gegn mengun sjávar, ásamt síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt.

*Gjört í Reykjavík, 3. júní 1996.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

---

*Guðmundur Bjarnason.*

# LÖG

## um breyting á lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 28/1985, með síðari breytingum.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Sérstakur sjóður ríkisins, ofanflóðasjóður, er í vörslu Viðlagatryggingar Íslands. Ráðstöfunarfé sjóðsins er:

1. Sérstakt gjald, forvarnagjald, sem lagt er á allar húseignir sem eru brunatryggðar hjá váttryggingafélagi sem starfsleyfi hefur hér á landi og nemur 0,2% af váttryggingarverðmæti. Um innheimtu gjaldsins fer skv. 3. og 5. mgr. 11. gr. og 23. gr. laga um Viðlagatryggingu Íslands, nr. 55/1992, með síðari breytingum. Alagning gjalds þessa skal ekki hafa áhrif til hækkunar á innheimtubóknun til váttryggingafélaga.
2. 5% af árlegum heildariðgjaldatekjum Viðlagatryggingar Íslands. Þó skal það á árunum 1996–2000, eða vegna fimm næstu iðgjaldaára, vera 38% af heildariðgjaldatekjum Viðlagatryggingar Íslands.
3. Á árunum 1996–1999, eða vegna fjögurra næstu iðgjaldaára, 10% aukaálag á iðgjöld viðlagatrygginga samkvæmt lögum nr. 36/1995.
4. Árlegt framlag á fjárlögum í samræmi við framkvæmdaáætlun sem lögð skal fram við gerð fjárlaga hverju sinni.
5. Vaxtatekjur, sbr. 11. gr.
6. Aðrar tekjur.
7. Lán til starfsemi sjóðsins sem eru með ábyrgð ríkissjóðs og háð samþykki fjármálaráðuneytisins.

#### 2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

1. Inngangur 1. mgr. orðast svo:

Fé ofanflóðasjóðs, sbr. 10. gr., skal notað til að greiða kostnað við rekstur sjóðsins, rekstur ofanflóðanefndar, sbr. 8. gr., og kostnað við varnir gegn ofanflóðum sem hér segir.

2. 3. málsl. 2. mgr. orðast svo: Skulu lánskjör vera hin sömu og sjóðnum standa til boða, sbr. 10. gr.

#### 3. gr.

13. gr. laganna fellur brott og breytist greinatala samkvæmt því.

#### 4. gr.

### Ákvæði til bráðabirgða.

Á árinu 1996 er ofanflóðasjóði heimilt að taka lán að upphæð allt að 800 millj. kr.

#### 5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 3. júní 1996.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Guðmundur Bjarnason.*

# LÖG

## um breytingu á lögum nr. 9/1970, um Iðnþróunarsjóð, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

a. 3. mgr. orðast svo:

Fyrir verkefni skv. 1.–4. tölul. 2. mgr. skal Iðnþróunarsjóður halda sérstakan afskriftareikning. Samhliða ákvörðunum um lánveitingar, ábyrgðir og hlutafjárþátttöku skal ákveða samsvarandi framlög á afskriftareikninginn. Fjárhæðirnar, sem bætt er við afskriftareikninginn, skulu í hverju tilviki samsvara þeirri áhættu sem tekin er og vera í samræmi við reglur sem ráðherra staðfestir.

b. Við bætist ný málsgrein, 4. mgr., sem orðast svo:

Stjórn sjóðsins skal gera rekstraráætlun fyrir hvert almanaksár. Skal hún miðast við að ekki sé gengið á eigið fé sjóðsins. Til verkefna skv. 1.–4. tölul. 2. mgr. má ekki verja hærrí upphæð en svo að afskriftir vegna þeirra, sbr. 3. mgr., rúmist innan ramma rekstraráætlunar.

2. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Eigið fé Iðnþróunarsjóðs við gildistöku laga nr. 20/1995, um breytingu á lögum nr. 9/1970, um Iðnþróunarsjóð, telst vera stofnframlag ríkissjóðs til hans.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Lög nr. 9/1970, um Iðnþróunarsjóð, með síðari breytingum, falla úr gildi 31. desember 1997.

### Ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku laga þessara skal stjórn sjóðsins gera rekstraráætlun sem miðast við eiginfjárstöðu sjóðsins við síðustu áramót.

*Gjört í Reykjavík, 3. júní 1996.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Finnur Ingólfsson.*

## LÖG

## um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Í stað 2. mgr. 111. gr. laganna koma fjórar málsgreinar er orðast svo:

Það skal vera stefna við innheimtu á tekjuskatti og eignarskatti samkvæmt lögum þessum að allir gjaldendur, sem eins stendur á um við innheimtu, vanskil og nauðungaraðgerðir, skuli hljóta sams konar meðferð.

Telji innheimtumaður tók á að tryggja greiðslu kröfu, sem ella mundi tapast, með samningi um greiðslu skal hann gefa fjármálaráðherra skýrslu um málavöxtu. Fjármálaráðherra er heimilt að samþykkja slíkan samning, að fenginni umsögn Ríkisendurskoðunar.

Telji innheimtumaður að hagsmunum ríkissjóðs verði betur borgið með nauðasamningi gjaldanda við skuldheimtumenn skal hann gefa fjármálaráðherra skýrslu um málavöxtu. Fjármálaráðherra er heimilt að samþykkja nauðasamning, að fenginni umsögn Ríkisendurskoðunar, enda sé eftirfarandi skilyrðum fullnægt:

1. Gjaldandi sé skuldlaus í virðisaukaskatti, staðgreiðslu opinberra gjalda, tryggingagjaldi og vörugjaldi.
2. Skattkröfur séu ekki tilkomnar vegna endurákvörðunar skattyfirvalda á gjöldum vegna skattsvika.
3. Ljóst sé að hagsmunum ríkissjóðs verði betur borgið með nauðasamningi.

Að loknu hverju innheimtuári skal Ríkisendurskoðun gefa Alþingi skýrslu um alla samninga skv. 3. mgr. og nauðasamninga skv. 4. mgr.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1996.

*Gjört í Reykjavík, 30. maí 1996.***Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Friðrik Sophusson.*

## LÖG

## um réttaraðstoð við einstaklinga sem leita nauðasamninga.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Til að auðvelda einstaklingi, sem á í verulegum fjárhagsörðugleikum, að leita nauðasamnings er ríkinu heimilt að veita réttaraðstoð eftir því sem nánar er ákveðið í lögum þessum.

## 2. gr.

Sá sem leita vill réttaraðstoðar samkvæmt lögum þessum skal beina skriflegri umsókn til dómsmálaráðherra þar sem fram komi fullt nafn umsækjanda, kennitala og lögheimili, auk þess sem greint skal nákvæmlega frá efnahag hans, tekjum og fjölskylduáðstæðum, svo og efnahag og tekjum maka ef því er að skipta. Í greinargerð umsækjanda um efnahag skulu koma fram upplýsingar um eignir hans og andvirði þeirra annars vegar og skuldir hins vegar þannig að greint sé frá höfuðstól hvernar skuldar ásamt áföllnum vöxtum og kostnaði, gjalddaga og hvort trygging hafi verið sett fyrir greiðslu skuldar. Þá skal og gera grein fyrir ástæðum fjárhagsörðugleika umsækjanda.

Með umsókn skulu fylgja gögn um efnahag umsækjanda, síðasta skattframtal hans og önnur nauðsynleg gögn til að unnt sé að leggja mat á hvort réttaraðstoð verði veitt skv. 4. gr.

## 3. gr.

Dómsmálaráðherra skipar nefnd þriggja manna til fjögurra ára í senn til að veita umsögn um umsóknir skv. 2. gr. Skal einn nefndarmaður skipaður samkvæmt tilnefningu fjármálaráðherra, annar samkvæmt tilnefningu félagsmálaráðherra, en þann þriðja skipar dómsmálaráðherra án tilnefningar og er hann formaður nefndarinnar. Varamenn skulu tilnefndir og skipaðir með sama hætti.

## 4. gr.

Telji nefndin líkur á að umsækjandi geti ráðið bót á fjárhagsörðugleikum sínum með nauðasamningi, þar á meðal að samningurinn muni fást staðfestur, getur hún lagt til við dómsmálaráðherra að réttaraðstoð verði veitt.

Dómsmálaráðherra getur því aðeins veitt réttaraðstoð að nefndin mæli með því.

Í þágu þess sem veitt er réttaraðstoð skal greiða úr ríkissjóði kostnað af aðstoð við að leita nauðasamnings ásamt tryggingu fyrir kostnaði við undirbúning og gerð nauðasamnings. Í þessu skyni getur réttaraðstoð þó ekki numið hærri fjárhæð samanlagt en 250.000 kr. handa hverjum umsækjanda miðað við vísitölu neysluverðs 1. febrúar 1996, 174,9 stig.

## 5. gr.

Dómsmálaráðherra fer með framkvæmd laga þessara. Getur hann sett nánari ákvæði í þeim efnum með reglugerð.

## 6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1996.

*Gjört í Reykjavík, 5. júní 1996.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**  
(L. S.)

*Þorsteinn Pálsson.*

# LÖG

## um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd Norðurlandasamning um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### 1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd Norðurlandasamning um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu sem gerður var í Arendal 14. júní 1994 og prentaður er sem fylgiskjal með lögum þessum.

### 2. gr.

Þegar samningur sá er um ræðir í 1. gr. hefur öðlast gildi að því er Ísland varðar skulu ákvæði hans hafa lagagildi hér á landi.

### 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 5. júní 1996.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Halldór Ásgrímsson.*

## Fylgiskjal.

### **NORÐURLANDASAMNINGUR um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu.**

Ríkisstjórnir Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, sem veita því athygli að Norðurlandasamningurinn um almannatryggingar frá 15. júní 1992 á aðeins við um almannatryggingabætur, en það er breyting frá því sem var í fyrri Norðurlandasamningi um félagslegt öryggi sem fól einnig í sér félagslega aðstoð,

sem álíta að auk réttar til félagslegra úrræða sem felast í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið frá 2. maí 1992 sé enn þörf á sérstökum norrænum reglum um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu,

sem álíta að í vissu tilliti beri að rýmka réttinn, sem er tryggður með Norðurlandasamningnum um rétt norrænna ríkisborgara til að nota eigin tungu í öðru norrænu landi frá 17. júní 1981, til að nota eigið tungumál í öðru norrænu landi á sviði heilbrigðis- og félagsmála,

hafa komið sér saman um að gera Norðurlandasamning um félagslega aðstoð og félagslega þjónustu, svohljóðandi:



## I. HLUTI

### Almenn ákvæði.

#### 1. gr.

##### *Skilgreiningar.*

Í samningi þessum merkja orðin:

- a. „norrænt land“: sérhvert samningsríkjanna,
- b. „norrænn ríkisborgari“: ríkisborgara norræns lands,
- c. „hlutaðeigandi stjórnvald“:
  - í Danmörku: félagsmálaráðherrann,
  - í Finnlandi: félags- og heilbrigðismálaráðuneytið,
  - á Íslandi: félagsmálaráðuneytið,
  - í Noregi: félags- og heilbrigðismálaráðuneytið,
  - í Svíþjóð: ríkisstjórnina (félagsmálaráðuneytið),
  - eða það stjórnvald sem nefnd stjórnvöld tilnefna,
- d. „stofnun“: lands-, svæðis- eða staðbundið stjórnvald eða stofnun sem veitir aðstoð.

#### 2. gr.

##### *Efnislegt gildissvið.*

1. Samningurinn tekur til allrar löggjafar í norrænum löndum sem gildir á hverjum tíma um eftirtalin félagsleg málefni:

- a. félagslega aðstoð og félagslega þjónustu,
- b. aðrar félagslegar bætur sem ákvæði Norðurlandasamningsins um almannatryggingar frá 15. júní 1992 taka ekki til.
2. Ákvæði 5. og 9. gr. gilda einnig um löggjöf um heilbrigðisþjónustu.

3. Þegar samningur þessi er samþykktur skal hvert norrænu landanna leggja fram skrá yfir gildandi löggjöf sem samningurinn nær til. Síðan skal sérhvert land fyrir lok febrúar-mánaðar ár hvert tilkynna danska utanríkisráðuneytinu um þær breytingar á skránni sem verða vegna löggjafar sem sett hefur verið á næstliðnu almanaksári.

#### 3. gr.

##### *Persónulegt gildissvið.*

Ef annað er ekki tekið fram í einstökum greinum tekur samningurinn til:

- a. norrænna ríkisborgara,
- b. annarra einstaklinga með löglega búsetu í norrænu landi.

#### 4. gr.

##### *Jafnrétti norrænna ríkisborgara.*

Við framkvæmd þeirrar löggjafar í norrænu landi, sem samningurinn tekur til, njóta ríkisborgarar annarra norrænna landa, sem dvelja með lögmætum hætti tímabundið eða hafa löglega búsetu í landinu, jafnréttis á við eigin ríkisborgara landsins.

## II. HLUTI

### Sérákvæði.

#### 5. gr.

##### *Notkun norrænna tungumála.*

1. Ríkisborgari norræns lands á rétt á að nota íslensku, dönsku, finnsku, norsku eða sænsku þegar hann sendir stjórnvaldi í öðru norrænu landi skrifleg erindi í einstökum mál-

um sem varða rétt til félagslegrar aðstoðar eða félagslegrar þjónustu. Í slíkum málum skal hlutaðeigandi stjórnvald sjá til þess að einstaklingurinn fái nauðsynlega aðstoð túlks eða þýðanda í þessum tungumálum sé þess þörf.

2. Í þeim tilvikum þegar tungumál ræður miklu um að markmiðinu með félagslegri aðstoð og félagslegri þjónustu verði náð skal stofnun, eftir því sem við verður komið, nota tungumál sem einstaklingurinn skilur.

3. Ákvæðin í 1. og 2. mgr. eiga einnig við um heilbrigðisþjónustu og lækni meðferð.

4. Að öðru leyti gilda ákvæðin í Norðurlandasamningnum um rétt norrænna ríkisborgara til að nota eigin tungu í öðru norrænu landi frá 17. júní 1981.

#### 6. gr.

##### *Félagsleg aðstoð og félagsleg þjónusta við tímabundna dvöl í öðru norrænu landi.*

Ef einstaklingur, sem samningurinn tekur til og dvelur með lögmætum hætti tímabundið í öðru norrænu landi, þarf skyndilega á félagslegri aðstoð og félagslegri þjónustu að halda skal hann fá slíka aðstoð frá því landi sem hann dvelur í samkvæmt lögum þess eins og þörf hans fyrir aðstoð segir til um.

#### 7. gr.

##### *Vernd gegn heimsendingu.*

Norrænan ríkisborgara má ekki senda heim vegna þarfar hans fyrir félagslega aðstoð ef fjölskylduaðstæður hans, tengsl við það land sem hann býr í eða aðstæður að öðru leyti mæla með því að hann verði um kyrrt og í engum tilvikum hafi hann búið með lögmætum hætti í landinu undanfarin þrjú ár.

#### 8. gr.

##### *Samstarf um ferð til annars norræns lands.*

Þegar sú staða kemur upp hjá stjórnvaldi í norrænu landi að öðru norrænu landi ber að taka á móti einstaklingi sem samningurinn tekur til hvílir skylda á því stjórnvaldi, þegar þess gerist þörf, að skipuleggja ferðina að því marki sem nauðsynlegt er í samvinnu við ábyrga stofnun í hinu norræna landinu.

#### 9. gr.

##### *Flutningur einstaklinga, sem hafa þörf fyrir meðferð eða umönnun í lengri tíma, til annars norræns lands.*

1. Þegar einstaklingur, sem samningurinn tekur til, þarfnast meðferðar eða umönnunar í lengri tíma og óskar að flytja frá einu norrænu landi til annars norræns lands sem hann tengist sérstökum böndum skulu ábyrg stjórnvöld í löndunum tveimur leitast við að greiða fyrir slíkum flutningi, enda bæti hann stöðu viðkomandi einstaklings í lífinu.

2. Ábyrg stjórnvöld í landinu sem flutt er frá og landinu sem flutt er til geta ákveðið í samkomulaginu um flutninginn að skipta kostnaðinum af meðferð eða umönnun á milli stjórnvalda í löndunum tveimur.

3. Að svo miklu leyti sem samkomulag það, sem getið er um í 2. mgr., nær til skiptingar á kostnaði sökum greiðslna vegna veikinda skal líta á það sem samning skv. 1. mgr. 23. gr. Norðurlandasamningsins um almannatryggingar frá 15. júní 1992.

## 10. gr.

*Skipan ferðapjónustu.*

Sveitarfélögum á landamærasvæðum milli norræna landa ber að hafa samstarf um að haga ferðapjónustu með þeim hætti að fötluðum og öldruðum einstaklingum verði gert kleift að ferðast til nágrannasveitarfélags í hinu landinu með sama hætti og til nágranna-sveitarfélags innan landamæra eigin lands.

## 11. gr.

*Fyrirframgreiðsla barnsmeðlags.*

1. Einstaklingur, sem samningurinn tekur til og sem flytur frá einu norrænu landi til annars norræns lands, á rétt á fyrirframgreiðslu barnsmeðlags í síðarnefnda landinu á sömu forsendum og ríkisborgarar þess lands frá þeim tíma sem hann tekur upp búsetu í landinu.

2. Skjal um rétt til barnsmeðlags, sem gefið er út í norrænu landi, skal einnig teljast gildur grundvöllur fyrirframgreiðslu meðlags í öðru norrænu landi. Ef skjalið geymir ekki úrskurd dómstóls eða annars opinbers stjórnvalds skal það áritað vottorði um að samkvæmt því sé unnt að innheimta hjá hinum meðlagsskylda í landinu sem það var gefið út í.

3. Heimilt er að lækka fyrirframgreiðslu meðlags um þá fyrirframgreiðslu sem hefur verið greidd í öðru norrænu landi fyrir sama tímabil.

## III. HLUTI

**Önnur ákvæði.**

## 12. gr.

*Ákvæði um framkvæmd.*

Hlutaðeigandi stjórnvöld skulu saman setja þær reglur sem þörf er á til þess að tryggja samræmda norræna framkvæmd þessa samnings.

## 13. gr.

*Samstarf stjórnvalda og stofnana.*

1. Stjórnvöldum og stofnunum ber að veita gagnkvæmt liðsinni við framkvæmd þessa samnings að því marki sem nauðsynlegt er, m.a. með því að veita félagslega þjónustu á landamærasvæðum á milli norræna landa. Í sérhverju norrænu landi skal vera stofnun tilnefnd af hlutaðeigandi stjórnvöldum sem tengiliður.

2. Við samstarf í málum sem varða börn skal gefa sérstakan gaum að þörfum barnsins, möguleikum þess til að hafa samband við einstaklinga sem skipta það miklu og eigin óskum barnsins.

## 14. gr.

*Gildistaka.*

1. Samningurinn gengur í gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru tveir heilir almanaksmánuðir frá því að allir samningsaðilar hafa tilkynnt danska utanríkisráðuneytinu um samþykki sitt á samningnum.

2. Hvað snertir Færeyjar, Grænland og Álandseyjar gengur samningurinn ekki í gildi fyrir en fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru tveir heilir almanaksmánuðir frá því að ríkisstjórn Danmerkur eða ríkisstjórn Finnlands, eftir því sem við á, hefur tilkynnt danska utanríkisráðuneytinu að landsstjórn Færeyja, landsstjórn Grænlands eða lögþing Álandseyja hafi tilkynnt að samningurinn skuli gilda í Færeyjum, á Grænlandi eða á Álandseyjum, eftir því sem við á.

3. Danska utanríkisráðuneytið tilkynnir öðrum samningsaðilum og skrifstofu norrænu ráðherranefndarinnar um móttöku þessara tilkynninga og gildistökudag samningsins.

## 15. gr.

*Uppsögn.*

1. Sérhver samningsaðili getur sagt samningnum upp með skriflegri tilkynningu þess efnis til danska utanríkisráðuneytisins en það skýrir öðrum samningsaðilum frá móttöku tilkynningarinnar og efni hennar.

2. Uppsögn gildir aðeins fyrir þann samningsaðila sem hefur lagt hana fram og tekur hún gildi sex mánuðum eftir þann dag sem danska utanríkisráðuneytið tók við tilkynningu um hana.

## 16. gr.

*Ákvæði í samningi um almannatryggingar felld úr gildi.*

Þegar þessi samningur gengur í gildi fellur síðasti málslíður 30. gr. Norðurlandasamnings um almannatryggingar frá 15. júní 1992 úr gildi.

## 17. gr.

*Varðveisla frumtextans.*

Frumtexti þessa samnings skal varðveittur í danska utanríkisráðuneytinu sem lætur öðrum samningsaðilum í té staðfest afrit af honum.

Þessu til staðfestu hafa neðangreindir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað þennan samning.

Gjört í Arendal 14. júní 1994 í einu eintaki á íslensku, dönsku, finnsku, norsku og sænsku og skulu allir textarnir jafngildir.

## FORSETABRÉF

um frestun á fundum Alþingis.

FORSETI ÍSLANDS  
*gjörir kunnugt:*

Að ég, samkvæmt tillögu forsætisráðherra og með skírskotun til samþykkis Alþingis, fresta fundum Alþingis, 120. löggjafarþings, frá 5. júní 1996 til septemberloka.

*Gjört í Reykjavík, 5. júní 1996.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Davíð Oddsson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI A 11 – 1996

5. júní 1996

177

Nr. 68

## LÖG

um breyting á lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar,  
með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### 1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Greiða skal í ríkissjóð sérstakan skatt, þungaskatt, af eftirtöldum ökutækjum:

- a. bifreiðum sem skráðar eru hér á landi og nota annan orkugjafa en bensín,
- b. eftirvögnum sem skráðir eru hér á landi og eru 6.000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd,
- c. bifreiðum sem skráðar eru erlendis og nota annan orkugjafa en bensín og fluttar eru hingað til lands til notkunar,
- d. eftirvögnum sem skráðir eru erlendis og eru 6.000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd og fluttir eru hingað til lands til notkunar.

Við ákvörðun á því hvort greiða eigi þungaskatt af ökutæki, sem skráð er hér á landi, skal líta til skráningar þess í ökutækjaskrá.

Bifreiðar erlendra sendisveita og bifreiðar erlendra ræðismanna sem eigi eru íslenskir ríkisborgarar eru undanþegnar skattskyldu.

### 2. gr.

Á eftir orðinu „vegáætlun“ í 2. gr. laganna kemur: að frádragnum 0,5% sem renna í ríkissjóð til að standa straum af kostnaði við framkvæmd laga þessara.

### 3. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Ríkisskattstjóri annast álagningu þungaskatts og aðra framkvæmd laganna. Ríkisskattstjóra er heimilt að fela skattstjórum og Vegagerðinni framkvæmd einstakra verkefna sem honum eru falin í lögnum.

### 4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á A-lið 4. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „frá og með árinu 1986 greiða árlega þungaskatt“ í 1. mgr. kemur: greiða fast gjald þungaskatts.

## b. 2. mgr. orðast svo:

94.273 kr. af fólksbifreiðum að eigin þyngd allt að 999 kg, 113.163 kr. af fólksbifreiðum að eigin þyngd 1.000–1.499 kg og 132.053 kr. af fólksbifreiðum að eigin þyngd 1.500–1.999 kg. Af bifreiðum þyngri en 2.000 kg skal gjaldið hækka um 7.555 kr. fyrir hver 200 kg.

## c. Við 4. mgr. bætist nýr málslíður er orðast svo: Skráning ökutækis samkvæmt þessari málsgrein tekur gildi á næsta gjaldtímabili eftir að heimild hefur verið veitt og gildir í a.m.k. tólf mánuði.

## 5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á B-lið 4. gr. laganna:

## a. 2. mgr. orðast svo:

Kílómetragjald skv. 1. mgr. þessa staflíðar skal vera sem hér segir:

Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg	Kílómetragjald, kr.	Leyfð heildarþyngd ökutækis, kg	Kílómetragjald, kr.
4.000–4.999	7,09	18.000–18.999	18,50
5.000–5.999	7,54	19.000–19.999	19,92
6.000–6.999	8,15	20.000–20.999	20,98
7.000–7.999	8,56	21.000–21.999	22,19
8.000–8.999	8,93	22.000–22.999	23,59
9.000–9.999	9,33	23.000–23.999	24,71
10.000–10.999	9,90	24.000–24.999	25,83
11.000–11.999	10,27	25.000–25.999	27,09
12.000–12.999	11,57	26.000–26.999	28,29
13.000–13.999	12,65	27.000–27.999	29,55
14.000–14.999	14,00	28.000–28.999	30,81
15.000–15.999	15,07	29.000–29.999	32,06
16.000–16.999	16,27	30.000–30.999	33,32
17.000–17.999	17,45	31.000 og yfir	34,58

## b. 3. mgr. orðast svo:

Nú er ökutæki eingöngu notað vegna flutninga þar sem leyfð heildarþyngd nýtist ekki til fulls og getur eigandi eða umráðamaður þá fengið gjaldþyngd ökutækisins skráða lægri en leyfð heildarþyngd þess er. Þó skal gjaldþyngd ekki vera lægri en eigin þyngd ökutækis. Ríkisskattstjóri veitir heimild samkvæmt þessari grein og getur bundið hana tilteknum tímamörkum. Ef í ljós kemur við eftirlit að heildarþyngd ökutækis með farmi er meiri en skráð gjaldþyngd þess skv. 1. mgr. skal heimild til að skrá gjaldþyngd niður afturkölluð og ekki veitt á ný fyrr en að liðnum fullum tveimur árum. Þungaskattur skal vera 70% lægri af akstri almenningsvagna í áætlunarferðum. Enn fremur skal endurgreiða 70% þungaskatts sem greiddur hefur verið af akstri ökutækja í eigu sérleyfishafa á leiðum sem sérleyfi þeirra nær til.

## c. Eftirfarandi breytingar verða á 4. mgr.:

1. Í stað orðanna „Ráðherra er heimilt að ákveða að veittur skuli allt að 10% afsláttur“ kemur: Veita skal 10% afslátt.
2. Orðin „allt að“ þar sem þau koma fyrir í málsgreininni falla brott.
3. Í stað orðsins „má“ kemur: skal.

- d. Við bætist ný málsgrein sem verður 5. mgr. og orðast svo:  
Samanlögð gjaldþyngd samtengdra ökutækja skal vera að hámarki 40.000 kg fyrir fimm ása samtengd ökutæki og 44.000 kg fyrir sex ása samtengd ökutæki.
- e. Við bætist ný málsgrein sem verður 7. mgr. og orðast svo:  
Ef skylt er að búa ökutæki ökurita til eftirlits með aksturs- og hvíldartíma ökumanna samkvæmt reglugerð nr. 136/1995 skal ökuritinn notaður sem ökumælir. Nú er ökuriti notaður sem ökumælir og er ökumanni þá skylt að hafa skráningarblað (skífu) í ökuritanum.
- f. Í stað orðsins „Ráðherra“ í 6. mgr., er verður 8. mgr., kemur: Ríkisskattstjóri.

## 6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á C-lið 4. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra í reglugerð“ í 1. mgr. kemur: skv. 3. mgr.
- b. Við bætist ný málsgrein er orðast svo:  
Af öðrum ökutækjum skráðum erlendis skal greiða þungaskatt fyrir hverja byrjaða viku sem ökutækið er hér á landi sem hér segir:

Eigin þyngd bifreiðar, kg	Þungaskattur fyrir hverja byrjaða viku, kr.	Eigin þyngd bifreiðar, kg	Þungaskattur fyrir hverja byrjaða viku, kr.
Allt að 1.000	3.246	2.800–2.999	5.336
1.000–1.999	4.035	3.000–3.199	5.556
2.000–2.199	4.386	3.200–3.399	5.807
2.200–2.399	4.623	3.400–3.599	6.029
2.400–2.599	4.863	3.600–3.799	6.285
2.600–2.799	5.096	3.800–3.999	6.519

Sé eigin þyngd ökutækis meiri en 4.000 kg skal þungaskattur fyrir hverja byrjaða viku hækka um 1.000 kr. fyrir hver byrjuð 1.000 kg sem eigin þyngd er umfram 4.000 kg. Við ákvörðun þungaskatts samkvæmt þessari málsgrein reiknast brot úr viku sem heil vika.

## 7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „bifreiðaskrá“ í 1. mgr. kemur: ökutækjaskrá.
- b. Í stað orðanna „lögreglustjóra (bifreiðaeftirliti)“ í 1. og 2. mgr. kemur: skráningaraðila.
- c. 4. mgr. orðast svo:  
Þungaskattur af ökutækjum sem nota innlenda orkugjafa í tilraunaskyni skal vera 50% lægri en þungaskattur skv. 4. gr.
- d. 5. mgr. fellur brott.

## 8. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Ökumaður ökutækis sem þungaskattur er greiddur af skv. B-lið 4. gr. skal við lok hvers dags, sem ökutæki er ekið, lesa kílómetrastöðu af ökumæli og skrá hana í sérstaka akstursbók sem ríkisskattstjóri gefur út. Ef annars konar ökumælir en ökuriti er notaður skal ökumaður skrá kílómetrastöðu hraðamælis daglega í akstursbókina, hins vegar er honum ein-

ungis skylt að skrá kílómetrastöðu öikumælis einu sinni í viku. Ökumaður skal athuga hvort ökurita eða öikumælir og hraðamælir hafi talið rétt og að kílómetrastöðu beri saman við akstur dagsins. Ökumaður skal staðfesta skráningu með nafnritun sinni.

Eiganda eða umráðamanni fólksbifreiðar sem er undir 4.000 kg að leyfðri heildarþyngd og ekki er nýtt til atvinnurekstrar er ekki skylt að skrá kílómetrastöðu öikumælis og hraðamælis oftar en einu sinni í mánuði.

Eigandi og umráðamaður ökutækis bera ábyrgð á að öikumælir telji rétt og að akstur sé skráður í akstursbók við lok hvers dags sem ökutæki er ekið.

Eiganda eða umráðamanni ökutækis ber að varðveita skráningarblöð ökurita og akstursbók í sjö ár frá lokum gjaldárs.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð ákveðið að aðrar reglur gildi um skráningu í akstursbók vegna notkunar eftirvagna sem skráðir eru hér á landi og eru 6.000 kg eða meira að leyfðri heildarþyngd.

### 9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á A-lið 7. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „næsta mánaðar eftir gjalddaga“ í 1. mgr. kemur: sama mánaðar.
- b. Við 3. mgr. bætast tveir nýir málslíðir er orðast svo: Sama gildir ef framvísað hefur verið útflutnings- og innflutningsskýrslum til sönnunar á tímabundnum útflutningi í jafnlangan tíma. Þá er ríkisskattstjóra heimilt að lækka eða endurgreiða fast gjald að rétttri tiltölu ef sýnt er fram á það með fullnægjandi hætti að bifreið hafi ekki verið í notkun hér á landi í a.m.k. þrjátíu daga samfellt vegna viðgerðar á viðurkenndu verkstæði, þó ekki hærri fjárhæð en sem nemur gjaldi í þrjátíu daga.

### 10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á B-lið 7. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „næsta mánaðar eftir gjalddaga“ í 1. mgr. kemur: sama mánaðar.
- b. Í stað orðanna „eftirlitsmanns fjármálaráðuneytis eða bifreiðaeftirlits“ í 2. mgr. kemur: álestraraðila.
- c. 3. mgr. orðast svo:  
Nú kemur í ljós við skráningu á kílómetrastöðu ökurita eða öikumælis og hraðamælis, sbr. 6. gr., eða við skoðun á skráningarblöðum ökurita að einhver fyrrgreindra mæla telur rangt eða telur ekki og skal ökumaður þá svo fljótt sem honum er unnt tilkynna um bilun mælis til Vegagerðarinnar. Jafnframt skal hann, innan tveggja virkra daga frá því er bilun í mæli kom fram, fara með hann á löggilt verkstæði til viðgerðar.
- d. 4. mgr. orðast svo:

Ef taka þarf öikumæli úr ökutæki til viðgerðar skal lesið af öikumælinum áður en hann er tekinn úr og annar settur í stað hins bilaða. Tilkynna skal þegar í stað til Vegagerðarinnar ef nýr öikumælir er settur í ökutæki. Jafnframt skal lesið af öikumæli sem settur er í ökutækið. Nú verður því ekki við komið að setja annan öikumæli í ökutæki og er þá heimilt að aka án öikumælis gegn greiðslu daggjalds, enda sé það tilkynnt til Vegagerðarinnar á eyðublaði í því formi sem ríkisskattstjóri ákveður. Heimild skal ekki veitt til lengri tíma en fimm virkra daga. Greiða skal daggjald fyrir þann tíma sem ekið er án öikumælis og skal gjaldið nema sem svarar til a.m.k. 200 km aksturs fyrir hvern dag sem heimildin nær til. Heimilt skal við ákvörðun gjaldsins að miða við raunverulegan akstur verði því komið við samkvæmt fyrirliggjandi gögnum.



## 11. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Innheimtumenn ríkissjóðs annast innheimtu þungaskatts.

## 12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „taka af henni skráningamerki og afhenda þau lögreglustjóra, en lögreglustjóri skal ekki afhenda þau aftur fyrir en færðar hafa verið sönnur á greiðslu skattsins“ í 1. mgr. kemur: og tilkynna lögreglu um það þegar í stað.

b. 2. mgr. orðast svo:

Óheimilt er að skrá eigendaskipti að ökutæki, nema greiddur hafi verið gjaldfallinn þungaskattur. Sé þungaskattur greiddur eftir akstri er óheimilt að skrá eigendaskipti, nema lesið hafi verið af öikumæli og þungaskattur vegna þess álestrar greiddur. Verði eigendaskipti að ökutæki skal lækkun þungaskatts skv. 4. mgr. B-liðar 4. gr. ákvarðast til þess dags sem eigendaskipti eru skráð í ökutækjaskrá.

c. 5. mgr. fellur brott.

## 13. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Ríkisskattstjóri annast eftirlit með því að gjaldskyld ökutæki, skráning þeirra og búnaður, svo og skráning ökumanna á akstri, sé í samræmi við fyrirmæli laga þessara, reglur um ökumæla og skráningu ökutækisins í ökutækjaskrá.

Eftirlitsmönnum er heimilt að stöðva ökutæki og gera þær athuganir á ökutækinu sem taldar eru nauðsynlegar til að staðreyna að ökutæki, mælabúnaður þess og skráning ökumanns á akstri sé í samræmi við skráningu ökutækisins í álestrarskrá ökumæla, lög þessi og reglugerðir settar samkvæmt þeim. Þannig er heimilt að mæla heildarþyngd ökutækis, athuga ökurita eða ökumæli og hraðamæli og kanna skráningarskírteini, skráningarblöð ökurita og akstursbók ökutækis. Jafnframt er eftirlitsmönnum heimilt að leggja hald á skráningarblöð ökurita og akstursbók. Að öðru leyti fer um eftirlit samkvæmt lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, eftir því sem þau geta átt við.

## 14. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

a. 2. másl. 1. mgr. orðast svo: Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir vaxtalögum, nr. 25/1987, með síðari breytingum.

b. 3. másl. 1. mgr. fellur brott.

c. 2. mgr. orðast svo:

Þungaskatti, álagi og viðurlögum fylgir lögtaksréttur. Jafnframt fylgir þungaskatti og álagi lögveð í viðkomandi ökutæki.

d. 3. mgr. fellur brott.

## 15. gr.

Við lögina bætast níu nýjar greinar er orðast svo:

a. (12. gr.)

Komi í ljós að ökutæki hafi verið í röngum gjaldflokki, ranglega skráð í ökutækjaskrá eða að fast gjald þungaskatts hafi að öðru leyti ekki verið réttilega á lagt skal ríkisskattstjóri tilkynna eiganda eða umráðamanni ökutækisins skriflega um fyrirhugaða endurákvörðun fasts gjalds og skora á hann að láta í té skýringar og gögn innan a.m.k. fimmtán daga. Berist ríkisskattstjóra ekki fullnægjandi skýringar eða gögn eiganda eða umráðamanns innan frests endurákvæðar ríkisskattstjóri fast gjald.

## b. (13. gr.)

Ríkisskattstjóri annast á gjalddaga álagningu kílómetragjalds vegna ökutækja sem færð hafa verið til álestrar á álestrartímabili, sbr. 3. gr. Ríkisskattstjóri skal jafnframt, sé lesið af öikumæli ökutækis utan álestrartímabils, annast álagningu kílómetragjalds vegna aksturs frá síðasta álestri til álestrardags.

Ef eigandi eða umráðamaður ökutækis lætur ekki lesa af öikumæli þess á álestrartímabili skal ríkisskattstjóri áætla þungaskatt. Áætlun skal svara til þess að ökutækinu hafi verið ekið 8.000 km á mánuði, nema fyrirbyggjandi gögn bendi til þess að akstur kunni að hafa verið meiri. Þó skal áætlun vegna fólksbifreiða sem falla undir 2. mgr. 6. gr. nema sem svarar til þess að bifreiðinni hafi verið ekið 2.000 km á mánuði. Ríkisskattstjóri skal tilkynna innheimtumanni og skattgreiðanda um áætlanir sem gerðar hafa verið. Komi eigandi eða umráðamaður með ökutæki til álestrar utan álestrartímabils skal álestur tekinn sem kæra og sendur ríkisskattstjóra til ákvörðunar. Komi eigandi eða umráðamaður, sem sætt hefur áætlun á fyrri gjaldtímabilum, með ökutæki til álestrar á álestrartímabili gjaldtímabils sem ekki hefur verið áætlað fyrir skal álagning miðast við að allur aksturinn hafi átt sér stað á því.

Til viðbótar áætlun og álagningu skv. 2. mgr. skal bætt við álagi sem skal vera 1% af fjárhæð þungaskatts fyrir hvern dag sem dregið hefur verið að koma með ökutækið til álestrar fram yfir lok álestrartímabils. Álag skal vera að hámarki 10% af fjárhæð þungaskatts. Gjalddagi álags skal vera sá sami og gjalddagi þungaskatts. Fella má niður álag ef aðili færir gildar ástæður sér til málsbóta og getur ríkisskattstjóri metið það í hverju tilviki hvað teljist gildar ástæður í þessu sambandi.

## c. (14. gr.)

Berist ríkisskattstjóra, fyrir eða eftir álagningu, tilkynning um að ökutæki hafi heimildarlaust verið í umferð án þess að vera búið öikumæli, akstur hafi verið ranglega færður eða ekki færður í akstursbók, öikumælir hafi verið óvirkur, innsigli verið rofið eða mælir talið of lítið eða telji ríkisskattstjóri að öðru leyti að akstur ökutækis hafi verið meiri en álestur af öikumæli gefur til kynna skal hann tilkynna eiganda eða umráðamanni ökutækisins skriflega um fyrirhugaða endurákvörðun vegna vantalsins aksturs og skora á hann að láta í té skýringar og gögn innan a.m.k. fimmtán daga. Berist ríkisskattstjóra fullnægjandi skýringar eða gögn innan frests endurávarðar hann skatt á grundvelli fyrirbyggjandi gagna, en að öðrum kosti endurávarðar hann skatt skv. 2. mgr.

Endurákvörðun vegna vantalsins aksturs skal nema sem svarar til 2.000 km aksturs fyrir hverja byrjaða viku sem talið verður að akstur hafi verið vantallinn, nema fyrirbyggjandi gögn bendi til þess að akstur kunni að hafa verið meiri. Þó skal endurákvörðun vegna vantalsins aksturs bifreiða sem falla undir 2. mgr. 6. gr. nema sem svarar til 500 km aksturs fyrir hverja byrjaða viku sem talið verður að akstur hafi verið vantallinn. Ríkisskattstjóri skal tilkynna innheimtumanni og skattgreiðanda um endurákvörðun.

Verði talið að akstur á því tímabili sem endurákvörðun nær til hafi að einhverju leyti komið fram á kílómetrastöðu öikumælis skal sá akstur koma til frádráttar við endurákvörðun.

## d. (15. gr.)

Berist ríkisskattstjóra tilkynning eftirlitsmanna um að heildarþyngd ökutækis með farni hafi mælst vera meiri en sem nemur gjaldþyngd þess skal hann tilkynna eiganda eða umráðamanni ökutækisins skriflega um fyrirhugaða endurákvörðun vegna vanreiknaðrar gjaldþyngdar og skora á hann að láta í té skýringar og gögn innan a.m.k. fimmtán daga. Berist ríkisskattstjóra ekki fullnægjandi skýringar eða gögn eiganda eða umráðamanns innan frests endurávarðar ríkisskattstjóri skatt vegna vanreiknaðrar gjaldþyngdar.

Endurákvörðun vegna of lágrar gjaldþyngdar, sbr. 1. mgr., skal nema sem svarar til mismunar á kílómetragjaldi gjaldþyngdar og þeirrar þyngdar er mælist við eftirlit. Endurákvörðun skal ná til alls aksturs ökutækisins á síðustu sextíu dögum áður en mæling fer fram.

Hafi gjaldþyngd ökutækis verið rangt skráð í álestrarskrá ökutækja er heimilt að endurákvörða þungaskatt miðað við rétta gjaldþyngd vegna aksturs ökutækisins frá því er gjaldþyngd var skráð.

e. (16. gr.)

Heimild til endurákvörðunar skatts skv. 12., 14. og 15. gr. nær til þungaskatts síðustu sex ára sem næst eru á undan því ári er endurákvörðun fer fram. Verði skattskyldum aðila eigi um það kennt að þungaskattur var vanálagður er þó eigi heimilt að endurákvörða honum skatt nema vegna síðustu tveggja ára sem næst eru á undan því ári sem endurákvörðun fer fram á.

f. (17. gr.)

Eiganda og/eða umráðamanni ökutækis er heimilt að kæra til ríkisskattstjóra álagningu þungaskatts skv. 3. og 13. gr. innan þrjátíu daga frá því að skatturinn var ákvarðaður.

Heimilt er að kæra endurákvörðun skv. 12., 14. og 15. gr. og úrskurð ríkisskattstjóra um kæru skv. 1. mgr. til yfirsattanefndar. Kærufrestur er þrjátíu dagar frá póstlagningu endurákvörðunar eða úrskurðar ríkisskattstjóra. Yfirsattanefnd kveður upp fullnaðarúrskurð.

g. (18. gr.)

Brjótandi eða umráðamaður ökutækis af ásetningu eða stórkostlegu gáleysi gegn ákvæðum laga þessara, svo sem með því að ökutæki hafi heimildarlaust verið í umferð án þess að vera búíð ökumæli, skráning þess í ökutækjaskrá hafi verið röng, ökumælir hafi verið óvirkur, innsigli verið rofið, mælir talið of lítið, ekki hafi verið komið með ökutæki til álestrar innan þrjátíu daga frá lokum álestrartímabils, akstur verið ranglega færður eða ekki færður í akstursbók eða heildarþyngd ökutækis með farmi hafi verið meiri en gjaldþyngd þess, skal hann greiða sekt allt að tífaldrí þeirri fjárhæð sem ætla má að hann hafi dregið undan eða ofendurgreidd hafi verið. Sekt samkvæmt þessari grein skal nema að lágmarki tvöfaldri þeirri fjárhæð sem ætla má að dregin hafi verið undan eða ofendurgreidd hafi verið. Séu brot stórfelld eða ítrekuð gegn lögum þessum má auk sektar beita varðhaldi eða fangelsi. Tilraun og hlutdeild í brotum samkvæmt lögum þessum er refsiverð skv. III. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Ef skattrannsóknarstjóri ríkisins telur að brot skv. 1. mgr. varði ekki þyngri refsingu en sekt er honum heimilt að ljúka máli með því að gefa eiganda eða umráðamanni ökutækis kost á að greiða sekt, sem greiðist innan tveggja mánaða, í stað sektarmeðferðar skv. 19. gr. Sé sekt greidd innan þess tíma telst máli vera lokið af hálfu skattyfirvalda. Greiðist sekt ekki fer um sektarmeðferð skv. 19. gr.

Hafi eigandi eða umráðamaður ökutækis brotið gegn 1. mgr. án þess að talið verði að akstur hafi verið vantallinn skal ríkisskattstjóri ákvarða honum sekt að lágmarki 5.000 kr. en að hámarki 50.000 kr. Sektarákvörðun ríkisskattstjóra er kæránleg til yfirsattanefndar innan þrjátíu daga frá póstlagningu ákvörðunar. Sektarfjárhæð, sem ríkisskattstjóri ákvarðar, dregst frá sektarfjárhæð skv. 1. og 2. mgr.

Gera má lögðila sekt fyrir brot á lögum þessum óháð því hvort brotið megi rekja til saknæms verknaðar fyrrisvarsmanns eða starfsmanns lögðilans.

h. (19. gr.)

Yfirskattanefnd úrskurðar sektir skv. 1. mgr. 18. gr., nema máli sé vísað til opinberrar rannsóknar og dómsmeðferðar skv. 2. mgr. Úrskurður yfirskattanefndar er fullnaðar-úrskurður. Vararefsing fylgir ekki sektarúrskurðum nefndarinnar.

Skattrannsóknarstjóri ríkisins getur eftir kröfu sökunauts eða af sjálfsdáðum vísað máli til opinberrar rannsóknar.

Sök skv. 18. gr. fyrnist á sex árum miðað við upphaf rannsóknar á vegum skattrannsóknarstjóra ríkisins eða rannsóknarlögreglustjóra ríkisins gegn skattaðila sem sökunaut, enda verði ekki óeðlilegar tafir á rannsókn máls eða ákvörðun refsingar.

i. (20. gr.)

Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

Um þau atriði, sem ekki er kveðið sérstaklega á um í lögum þessum, fer samkvæmt lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, eftir því sem við á.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Ákvæði til bráðabirgða.

#### I.

Ákvæði laga þessara um álagningu þungaskatts, svo og um áætlun á þungaskatti og álag á skattinn ef mætt er of seint eða ekki er mætt í álestur, skulu gilda við álagningu þungaskatts vegna aksturs á öðru gjaldtímabili ársins 1996. Ákvæði laganna um skyldu til skráningar í akstursbók, eftirgjöf þungaskatts, endurákvörðun og refsingu skulu gilda um akstur frá upphafi þriðja gjaldtímabils ársins 1996, 11. júní 1996. Ákvæði laganna um málsmeðferð vegna brota á lögum nr. 3/1987 skulu gilda um brot sem framin voru fyrir gildistöku laga þessara.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal ákvæðum þessara laga frá gildistöku þeirra ætíð beitt við ákvörðun þungaskatts vegna aksturs á fyrri gjaldtímabilum, að því leyti sem þau eru ívilnandi fyrir greiðendur skattsins.

#### II.

Frá og með 1. ágúst 1996 falla úr gildi heimildir sem verkstæðum hafa verið veittar til ísetningar og úrtöku öikumæla og mælabúnaðar. Verkstæði, sem óska eftir að fá slíka heimild, skulu sækja um það til ríkisskattstjóra.

*Gjört í Reykjavík, 5. júní 1996.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Davíð Oddsson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI A 12 – 1996

5. júní 1996

185

Nr. 69

## LÖG

um breyting á tollalögum, nr. 55 30. mars 1987,  
með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 1. gr. laganna:

- a. Skilgreining á hugtakinu „Tollyfirvald“ verður svohljóðandi: Ríkistollstjóri og tollstjórar.
- b. Eftirfarandi orðaskilgreiningar bætast við málsgreinina:

*Skjalasending milli tölva (SMT):* Sendingar á gögnum milli gagnavinnslukerfa sem fylgja ákveðnum stöðlum.

*Rammaskeyti:* Safn samstæðra gagna sem raðað er saman samkvæmt ákveðnum stöðlum fyrir skeyti til flutnings með rafeindaboðum milli tölva og forsniðið er þannig að unnt sé í tölvu að lesa það og vinna sjálfvirkt á vélrænan og ótvíræðan hátt. Rammaskeytin skulu gerð samkvæmt alþjóðlega viðurkenndum staðli sem samþykktur hefur verið til nota við tollafgreiðslu af ríkistollstjóra, sbr. staðal Sameinuðu þjóðanna (UN/EDIFACT) fyrir SP-rammaskeyti vegna tollafgreiðslu, og í þeim eiga að koma fram sömu upplýsingar og í þeim tollskjölum sem þau eiga að koma í staðinn fyrir og send eru á milli innflytjenda, útflytjenda, farmflytjenda, tollyfirvalda og annarra, auk annarra upplýsinga sem um ræðir í lögum þessum.

*Gagnaflutningur:* Sending rammakeyta milli innflytjenda, útflytjenda, farmflytjenda, tollyfirvalda og annarra vegna tollafgreiðslu.

*Gagnaflutningsnet:* Almennt gagnaflutningsnet Póst- og símamálastofnunarinnar eða annað sambærilegt gagnaflutningsnet sem notar viðurkenndan alþjóðlegan staðal, t.d. X. 400, og fullnægir skilyrðum ríkistollstjóra að öðru leyti.

*Gagnahólf:* Gagnahólf í gagnaflutningsneti, skráð á nafn SMT-notanda, þar sem unnt er að geyma rammakeyti frá SMT-notanda og tollyfirvöldum.

*Lykilorð að gagnahólfi:* Sérstakt stafrænt auðkenni sem gerir SMT-notanda mögulegt að fá aðgang að gagnahólfi sínu í gagnaflutningsneti til að senda rammakeyti eða veita þeim viðtöku.

*Tölvukerfi ríkistollstjóra:* Tölvukerfi og hugbúnaður sem notaður er af tollyfirvöldum við tollafgreiðslu, m.a. álagningu aðflutningsgjalda og innheimtu þeirra.

*Umflutningur:* Flutningur vöru innan lands undir tolfefirliti frá aðkomufari um borð í útflutningsfar, enda sé upphaflegur ákvörðunarstaður vörunnar annar en Ísland.

*Leyndarkóðun og stafræn undirskrift:* Leyndarkóðun á rammakeyti kemur í veg fyrir að annar en viðtakandi, sem hefur til þess réttan lykिल, geti lesið innihald skeytis-

ins. Með stafrænni undirskrift er tryggt að rammaskeyti hafi borist frá tilgreindum sendanda og innihaldi þess hafi ekki verið breytt.

## 2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 6. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „eða ákveða fast gjald fyrir smásendingar, sem sendar eru í pósti, í stað reiknaðra aðflutningsgjalda“ í 2. másl. 2. tölul. kemur: ákveðið fyrir smásendingar fast gjald eða hundraðshlutagjald (%-gjald) sem ekki sé hærra en meðaltal þeirra gjalda sem hvíla á slíkum vörum, auk virðisaukaskatts, sbr. lög nr. 50/1988, um virðisauka-skatt.
- b. Við 7. tölul. bætist ný málsgrein sem verður 4. mgr. og orðast svo:  
Ákvæði töluliðar þessa skulu gilda eftir því sem við getur átt um bifreiðar sem erlendir ferðamannahópar, ferðaskrifstofur eða aðrir, sem atvinnu hafa af slíkum fólksflutningum, flytja til landsins vegna hópferðalaga um landið, enda verði þær fluttar úr landi með þeim ferðamannahópi sem bifreiðin var ætluð í upphafi.
- c. Við 13. tölul. bætist nýr málsliður er orðast svo: Hafi tollur verið endurgreiddur eða felldur niður samkvæmt heimild þessari getur fullbúna varan ekki notið fríðindameðferðar samkvæmt EES-samningnum og öðrum fríverslunar- eða milliríkjasamningum, nema annað leiði af efni þeirra.

## 3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

- a. 2. másl. 1. mgr. fellur brott.
- b. Við greinina bætist ný málsgrein er orðast svo:  
Ráðherra getur með reglugerð sett nánari reglur um tollmeðferð samkvæmt þessari grein og bundið hana þeim skilyrðum sem tryggi framkvæmd hennar.

## 4. gr.

Á eftir orðunum „greitt er eða greiða ber fyrir vörurnar“ í 1. mgr. 8. gr. laganna kemur: við sölu þeirra til útflutnings til landsins.

## 5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „sölugengi myntar sem skráð er af Seðlabanka Íslands“ í 1. mgr. kemur: opinbert viðmiðunargengi sem skráð er af Seðlabanka Íslands.
- b. 2. mgr. orðast svo:  
Seðlabanki Íslands skal tilkynna ríkistollstjóra daglega um opinbert viðmiðunargengi erlendrar myntar.

## 6. gr.

14. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

*SMT-tollafgreiðsla o.fl.*

Þeir sem stunda innflutning á vörum í atvinnuskyni skulu áður en vara eða sending er tekin úr vörslu farmflytjanda eða annars vörsluaðila senda viðkomandi tollstjóra með skjalasendingum milli tölva þær upplýsingar sem láta ber honum í té við tollafgreiðslu vara, hér eftir nefnt SMT-tollafgreiðsla. Þegar um er að ræða SMT-tollafgreiðslu skal viðkomandi veittur greiðslufrestur á aðflutningsgjöldum, sbr. 109. gr., og hann skuldfærður fyrir lánuðum aðflutningsgjöldum, nema greiðsla í ríkissjóð fari þegar fram með SMT-milli-

færslu af bankareikningi innflytjanda. Sama gildir um þá sem hafa leyfi til að reka frísvæði eða almennar tollvörugæmslur og umboðsaðila er koma fram gagnvart tolyfirvöldum við SMT-tollafgreiðslu fyrir hönd innflytjenda eða viðtakenda vara, enda ábyrgjast þessir aðilar og innflytjendur eða viðtakendur vara *in solidum* greiðslu aðflutningsgjalda. Rekstraraðilar frísvæðis og almennra tollvörugæmslna, sem og umboðsaðilar, bera þó eigi ábyrgð ef þeir hafa sent rammaskýti eða aðflutningsskýrslu sem byggist á röngum eða ófullnægjandi upplýsingum frá innflytjanda eða viðtakanda vörunnar, nema hlutaðeigandi rekstrar- eða umboðsaðilar hafi vitað eða mátt vita að upplýsingarnar væru rangar eða ófullnægjandi.

Aðflutningsskýrsla, sem send er með rammaskýti, telst vera móttækin hjá tollstjóra við skráningu í tölvukerfi ríkistollstjóra. Vara eða sending telst þá vera tekin til tollmeðferðar, enda fullnægi upplýsingarnar, sem veittar eru með þessum hætti, að öllu leyti þeim skilyrðum sem þurfa að vera fyrir hendi til þess að unnt sé að heimila afhendingu vöru eða sendingar þegar í stað. Um ábyrgð leyfishafa á réttmæti þeirra upplýsinga sem koma fram í rammaskýti fer eftir ákvæðum 17. gr.

Þegar SMT-tollafgreiðsla fer fram skal innflytjandi senda aðflutningsskýrslu um viðkomandi vöru eða sendingu með rammaskýti um gagnaflutningsnet til tollstjóra þar sem tollmeðferð á að fara fram. Innflytjandi skal nota gagnahólf sem skráð er á nafn hans. Sama gildir um þá sem hafa leyfi til að reka frísvæði eða almennar tollvörugæmslur og koma fram gagnvart tolyfirvöldum við SMT-tollafgreiðslu fyrir hönd innflytjenda eða viðtakenda vara, enda ábyrgist umboðsaðilar og innflytjendur eða viðtakendur vara *in solidum* greiðslu aðflutningsgjalda.

Rammaskýti samkvæmt þessari grein skal vera í samræmi við fyrirmynd að rammaskýti fyrir aðflutningsskýrslu eins og ákveðið er af ríkistollstjóra.

Ríkistollstjóri getur ákveðið að stöðva móttöku skeyta sem send eru í tölvukerfi ríkistollstjóra vegna breytinga á aðflutningsgjöldum, tollskrá, tollgengi eða af öðrum ástæðum sem gera það nauðsynlegt að hans mati.

Þeir sem koma fram gagnvart tolyfirvöldum vegna SMT-tollafgreiðslu skulu varðveita í bókhaldi sínu á aðgengilegan og tryggilegan hátt öll gögn sem snerta tollmeðferð vara og sendinga, hvort sem þau eru skrifleg eða ekki. Þeir skulu halda fullkomna skrá eða gagnadagbók í rétttri tímaröð og geyma óbreytt öll rammaskýti sem þeir senda tollstjórum eða móttaka frá þeim. Þegar gagnadagbók er haldin á tölvutæku formi skal á auðveldan hátt vera unnt að nálgast rammaskýti og endurmynda þau á læsilegan hátt og prenta þau, ef þess er óskað. Ákveða má í reglugerð að nefndir aðilar skuli prenta á pappír og varðveita tilkynningu tollstjóra um skuldfærslu aðflutningsgjalda og að hún skuli varðveitast með tilheyrandi tollskjölum, sbr. og m.a. VIII. kafla laga um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með áorðnum breytingum. Að öðru leyti ber að varðveita bókhaldsgögn í samræmi við lög nr. 145/1994, um bókhald, með síðari breytingum, og fyrirmæli sett samkvæmt þeim.

Reglur 6. mgr. þessarar greinar um varðveislu gagna skulu enn fremur eiga við, eftir því sem við getur átt, um varðveislu gagna af hálfu annarra aðila en þeirra sem ráðstafa vöru eða sendingu til tollmeðferðar samkvæmt lögum þessum, t.d. flutningsmiðlara, farmflytjenda, tollvörugæmslna og rekstraraðila frísvæða, varðandi gögn og upplýsingar sem þessir aðilar hafa sent tolyfirvöldum eða móttekið frá þeim vegna tollmeðferðar vara samkvæmt lögum þessum.

Ráðherra getur með reglugerð sett almenn skilyrði sem innflytjendur og aðrir þurfa að uppfylla vegna SMT-tollafgreiðslu. Þar skal enn fremur kveðið á um tryggingar fyrir lánuðum aðflutningsgjöldum, frest til skila á upplýsingum um innflutta vöru, uppgjörstímabil, gjalddaga og skil aðflutningsgjalda, greiðslu kostnaðar vegna gagnaflutnings og gjaldtöku vegna þessarar tollmeðferðar, varðveislu gagna sem snerta tollmeðferð og innflutning vara, endurskoðun aðflutningsgjalda, tolleftirlit og önnur atriði eftir því sem nauðsyn ber til.

Sé vara ekki flutt inn í atvinnuskyni og innflytjandi, viðtakandi eða aðilar, sem fá heimild til að koma fram fyrir þeirra hönd, nýta ekki þjónustu þeirra sem um ræðir í 1. mgr. skulu þeir láta tollstjóra í té skriflega aðflutningsskýrslu um vöru áður en hún er tekin úr vörslu farmflytjanda, pósthöfnunar eða annars aðila sem hefur slíkar vörur í sinni vörslu.

Ráðherra getur í reglugerð eða með öðrum fyrirmælum heimilað afhendingu og viðtöku póstsendinga og vara sem ekki eru á farmskrá, án þess að aðflutningsskýrsla samkvæmt þessari grein sé send eða afhent tollstjóra.

Ríkistollstjóri getur ákveðið að taka upp leyndarkóðun og stafræna undirskrift í því skyni að vernda upplýsingar í rammaskeyti og staðfesta uppruna þeirra.

#### 7. gr.

15. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

##### *Form aðflutningsskýrslu.*

Ríkistollstjóri ákveður form aðflutningsskýrslu og hvaða upplýsingar skuli þar koma fram, svo sem um innflytjanda, vöru, flutningsfar og annað sem nauðsynlegt getur talist og varðar innflutning. Ákvæði þetta gildir bæði um aðflutningsskýrslu sem send er tollstjóra með tollskjalasendingum milli tölva vegna SMT-tollafgreiðslu og skriflega aðflutningsskýrslu sem annars ber að afhenda tollstjóra.

Ríkistollstjóri skal hafa til sölu eyðublöð fyrir skriflegar aðflutningsskýrslur. Er honum heimilt að ákveða verð eyðublaðanna með hliðsjón af kostnaði við prentun, dreifingu og aðra umsýslu tollyfirvalda.

Innflytjendur geta sjálfir lagt til eyðublöð fyrir aðflutningsskýrslur, enda uppfylli þau skilyrði sem ríkistollstjóri setur um form þeirra.

#### 8. gr.

16. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

##### *Ábyrgð á upplýsingum sem gefnar eru með aðflutningsskýrslu.*

Sá sem sendir tollstjóra aðflutningsskýrslu um vöru með rammaskeyti um gagnaflutningsnet vegna SMT-tollafgreiðslu ber ábyrgð á því að upplýsingar, sem þar eru veittar, séu réttar. Enn fremur ber hann ábyrgð á að um sé að ræða allar þær upplýsingar sem eiga að koma fram vegna tollafgreiðslunnar og að þær séu byggðar á þeim tollskjölum sem hefði átt að leggja fram með aðflutningsskýrslu ef vöru hefði ekki verið ráðstafað til SMT-tollafgreiðslu. Þessi málsgrein tekur til innflytjanda og annarra sem ráðstafa vöru til SMT-tollafgreiðslu, auk aðila sem heimild hafa til að skuldbinda þá.

Innflytjandi, eigandi eða annar aðili, sem afhendir tollstjóra skriflega aðflutningsskýrslu eða veitir upplýsingar með öðrum hætti vegna tollafgreiðslu vöru, ber ábyrgð á því að þær upplýsingar séu réttar. Sama gildir um hvern þann sem kemur fram gagnvart tollstjóra fyrir hönd aðila sem um ræðir í þessari grein.

Sá aðili, sem sent hefur rammaskeyti eða aðflutningsskýrslu fyrir hönd innflytjanda, ber ekki ábyrgð á röngum eða ófullnægjandi upplýsingum, nema hann hafi vitað eða mátt vita að upplýsingar innflytjanda væru rangar eða ófullnægjandi.

#### 9. gr.

20. gr. laganna ásamt fyrirsögn orðast svo:

##### *Tollafgreiðsla farangurs ferðamanna og farmanna.*

Ferðamenn og farmenn, sem koma til landsins frá útlöndum, skulu gera tollgæslunni grein fyrir tollskyldum varningi sem þeir hafa meðferðis. Sama gildir um varning sem er háður sérstökum innflutningsskilyrðum eða óheimilt er að flytja til landsins. Þeim er skylt



að opna töskur og aðrar umbúðir um farangur þegar tollvörður óskar þess, taka upp úr þeim og veita þá aðstoð og gefa þær upplýsingar um farangurinn sem óskað er eftir.

Þar sem tollafgreiðsla ferðamanna fer fram er tollstjóra heimilt að hafa aðskilda tollafgreiðslu, annars vegar fyrir þá sem hafa meðferðis tollskyldan varning eða varning sem háður er sérstökum innflutningsskilyrðum eða óheimilt er að flytja til landsins og hins vegar fyrir þá sem hafa engan slíkan varning meðferðis. Farþegar skulu þá sjálfir velja sér tollafgreiðslu og teljast þeir með vali sínu gefa til kynna hvort þeir hafi meðferðis varning sem þeim ber að gera tollgæslunni grein fyrir.

Taki tollgæslan farangur í sína vörslu til skoðunar síðar getur viðkomandi krafist þess að hann sé innsiglaður þar til skoðun fer fram og að honum verði gefinn kostur á að vera viðstaddur skoðunina. Enn fremur skal honum látin í té fullnægjandi kvittun ef hann óskar þess.

Með ferðamönnum er í grein þessari átt við farþega sem koma til landsins frá útlöndum með skipum eða flugvélum, en farmenn eru skipverjar og flugliðar sem eru í áhöfn slíkra fara.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari reglur um tollafgreiðslu samkvæmt þessari grein.

#### 10. gr.

Við 21. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verður 3. mgr. og orðast svo:

Reynist við tollafgreiðslu nauðsynlegt að fresta lokaákvörðun um tollverð vöru samkvæmt ákvæðum 8.–11. gr. eða önnur atriði sem lög þessi taka til skal innflytjanda engu að síður heimilt að leysa til sín vöruna, að því tilskildu að hann setji fullnægjandi tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda sem kunna að verða lögð á vöruna, tollstjóri telji ekki ástæðu til að halda vörunni vegna endanlegrar ákvörðunar um þau atriði sem upplýsingar skortir um eða ágreiningur er um og ákvæði annarra laga séu því ekki til fyrirstöðu.

#### 11. gr.

22. gr. laganna orðast svo:

Tollyfirvald getur neitað um SMT-tollafgreiðslu ef upplýsingar, sem láta ber viðkomandi tollstjóra í té í rammaskýti sem sent er með skjalasendingum milli tölva, eru ekki réttar, þeim er áfátt eða öðrum skilyrðum um tollafgreiðslu ekki fullnægt.

Sama gildir ef aðflutningsskýrslueyðublað er ekki rétt og nákvæmlega útfyllt, tilskilin gögn ekki afhent eða öðrum settum skilyrðum um tollmeðferð vöru eða sendingar ekki fullnægt.

#### 12. gr.

Við 24. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verður 1. mgr. og orðast svo:

Tollyfirvöldum er skylt að veita almennar upplýsingar og leiðbeiningar um tollflokkun vöru, ákvörðun tollverðs, gjaldtöku, útfyllingu á aðflutningsskýrslum, kæruleiðir og hvaðeina sem lýtur að tollafgreiðslu, sbr. þó 141. gr.

#### 13. gr.

Við 27. gr. laganna bætist nýr málslíður sem orðast svo: Ráðherra getur þó með reglugerð breytt mörkum tollumdæma ef sérstaklega stendur á.

#### 14. gr.

Orðið „tollgæslustjóri“ í fyrirsögn VI. kafla laganna og orðin „og tollgæslustjóra“ í 2.–4. mgr. 28. gr. þeirra falla brott.

## 15. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 29. gr. laganna:

- a. Orðin „í samráði við tollgæslustjóra“ í 1. másl. falla brott.
- b. Í stað orðsins „Tollgæslustjóri“ í 3. másl. kemur: Tollstjóri.
- c. Við bætist nýr málsliður er orðast svo: Tilkynna skal ríkistollstjóra þegar um slík leyfi.

## 16. gr.

1. másl. 30. gr. laganna orðast svo: Fjármálaráðherra er æðsti yfirmaður tollamála samkvæmt lögum þessum og hefur eftirlit með því að ríkistollstjóri, ríkistollanefnd og tollstjórar ræki skyldur sínar.

## 17. gr.

Í stað 31.–40. gr. laganna koma tíu nýjar greinar, ásamt fyrirsögnum, er orðast svo:

## a. (31. gr.)

*Ríkistollstjóri.*

Fjármálaráðherra skipar ríkistollstjóra.

Ríkistollstjóri ræður aðra starfsmenn embættisins og skiptir með þeim verkum. Að tilögu ríkistollstjóra getur ráðherra ákveðið að einn þeirra skuli vera staðgengill ríkistollstjóra.

## b. (32. gr.)

Ríkistollstjóri fer í umboði ráðherra með yfirstjórn tollheimtu og tolleftirlits hvarvetna á tollsvæði ríkisins.

Ríkistollstjóri skal auk annarra starfa sem honum eru falin lögum samkvæmt hafa eftirlit með störfum tollstjóra og umboðsmanna þeirra og gæta þess að tollframkvæmdin sé í samræmi við lög og reglur og önnur fyrirmæli varðandi tollamálefni og alþjóðasamninga um þau efni sem Ísland er aðili að. Ríkistollstjóri getur kannað tollskjöl aðila og hvert það atriði er varðar framkvæmd laga þessara og annarra laga um tolla og aðra skatta eða gjöld sem lögð eru á af tollstjórum eða umboðsmönnum þeirra. Getur hann í því skyni krafist allra upplýsinga og gagna sem hann telur þörf á frá tollstjórum, umboðsmönnum þeirra og öðrum þeim sem fram koma gagnvart tollstjórum vegna tollafgreiðslu samkvæmt lögum þessum eða öðrum lögum, svo og þeim sem um ræðir í 24. og 122. gr.

Ríkistollstjóri getur að eigin frumkvæði eða samkvæmt kærufarið rannsókn á hverju því atriði er varðar innflutning, umflutning og útflutning á vörum til og frá landinu og ferðir og flutning fara og fólks til og frá landinu, svo og flutning á ótollafgreiddum varningi innan lands samkvæmt lögum þessum eða öðrum lagafyrirmælum.

Ríkistollstjóri getur falið tollvörðum við embætti sitt að annast eftirlits- og rannsóknarstörf hvar sem er á landinu og er tollstjórum skylt að veita nauðsynlega aðstoð við framkvæmd starfanna. Hann getur á sama hátt falið öðrum starfsmönnum störf á sínu starfssviði hvar sem er á landinu.

Ríkistollstjóri skal annast framkvæmd og samskipti við erlend tollyfirvöld samkvæmt þeim milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að og lúta að framkvæmd tollamála, nema annað sé þar ákveðið.

## c. (33. gr.)

Ríkistollstjóri setur tollstjórum og umboðsmönnum þeirra starfsreglur og fyrirmæli varðandi tollframkvæmd. Hann skal veita þeim leiðbeiningar um tollframkvæmdina og kynna

þeim dóma, úrskurði og aðrar ákvarðanir sem þýðingu kunna að hafa fyrir störf þeirra. Ríkistollstjóri skal gefa út leiðbeiningar, úrskurði og önnur gögn sem hann metur að rétt sé að kynnt verði fyrirtækjum og almenningi.

Við embætti ríkistollstjóra skal vera tollskóli er veiti tollstarfsmönnum fræðslu í tollamálum. Gera má það að skilyrði fyrir ráðningu í fasta stöðu að viðkomandi hafi lokið prófi frá skólanum. Ráðherra setur nánari reglur um nám við skólann.

Ráðherra er heimilt að ákveða að innheimt skuli gjald vegna kostnaðar sem hlýst af námskeiðshaldi við skólann fyrir aðra en tollstarfsmenn.

d. (34. gr.)

Ríkistollstjóri skal sjá um þróun og rekstur þess tölvu- og upplýsingakerfis sem notað er af hálfu tollyfirvalda við tollafgreiðslu samkvæmt lögum þessum. Hann getur sett innflytjendum, útflytjendum, farmflytjendum og öðrum, sem senda tollyfirvöldum upplýsingar vegna tollafgreiðslu um gagnaflytningarnet, samskiptareglur.

Ríkistollstjóri ákveður form tollskjala og eyðublaða sem notuð eru við tollframkvæmdina og hvaða atriði skuli þar tilgreina.

e. (35. gr.)

Telji ríkistollstjóri ástæðu að lögum til að breyta ákvörðun tollstjóra um eitthvað sem lýtur að framkvæmd laga þessara eða annarra laga um tollamál, m.a. gjöld og skatta sem tollstjórar leggja á og innheimta, getur hann skriflega og með rökstuddum hætti breytt ákvörðun tollstjóra eða falið honum að taka málið upp að nýju, enda séu skilyrði 98. og 99. gr. uppfyllt ef um hækkun gjalda er að ræða.

Aður en ríkistollstjóri tekur ákvörðun skv. 1. mgr. um breytingu á gjaldtöku skal málsaðilum gefinn kostur á að tjá sig. Endurákvörðun ríkistollstjóra um breytingu á gjöldum skal rökstudd þannig að ljóst megi vera á hvaða forsendum hún er byggð. Gjaldanda skal send tilkynning um endurákvörðun með ábyrgðarbréfi og honum jafnframt bent á heimild til að kæra endurákvörðunina til ríkistollanefndar, sbr. 101. gr. Hafi tollstjóra verið falin endurákvörðun gjalda samkvæmt þessari grein gilda sömu málsmeðferðarreglur.

Ákvæði 1. og 2. mgr. taka ekki til úrskurðar og ákvörðunar tollstjóra skv. 100. og 142. gr.

f. (36. gr.)

#### *Tollstjórar.*

Tollstjórar eru tollstjórinn í stjórnsýsluumdæmi Reykjavíkur og sýslumenn í öðrum stjórnsýsluumdæmum, sbr. lög nr. 92/1989, um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði.

Ráðherra skipar tollstjóran í Reykjavík og skal hann fullnægja sömu almennu hæfiskilyrðum og héraðsdómarar til skipunar í embætti, sbr. lög nr. 92/1989, um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði.

Tollstjórar, hver í sínu tollumdæmi, annast álagningu og innheimtu tolla og annarra skatta og gjalda sem greiða ber við tollafgreiðslu samkvæmt lögum þessum eða öðrum lögum. Þeir annast jafnframt hver í sínu tollumdæmi eftirlit með innflutningi, umflutningi og útflutningi á vörum til og frá landinu og ferðum og flutningi fara og fólks til og frá landinu, svo og flutningi á ótollafgreiddum varningi innan lands, auk annars eftirlits lögum samkvæmt.

Tollstjórar ráða tollverði og aðra tollstarfsmenn og skipta með þeim störfum og starfa þeir í umboði og á ábyrgð viðkomandi tollyfirvalds.

g. (37. gr.)

Fjármálaráðherra og dómsmálaráðherra geta ákveðið að þar sem henta þykir skuli lög-reglumenn annast tolleftirlit jafnframt öðrum löggæslustörfum.

Fela má starfsmönnum Landhelgisgæslu Íslands að annast tolleftirlit.

Þegar lögreglumönnum, starfsmönnum Landhelgisgæslu Íslands eða öðrum er falið að vinna tollgæslustörf, án þess að þeir hafi tollgæslu að aðalstarfi, hafa þeir sömu heimildir til starfa og gegna sömu starfsskyldum og tollverðir.

Tollstjórar geta falið tollvörðum að gegna almennum löggæslustörfum, hverjum í sínu tollumdæmi.

h. (38. gr.)

*Ríkistollanefnd.*

Ríkistollanefnd skal vera óháður úrskurðaraðili í ágreiningsmálum sem til hennar er skotið skv. 101. og 102. gr. um ákvörðun tolla og annarra skatta og gjalda sem greiða ber við tollafgreiðslu, tollverð, tollflokkun og annað eftir því sem lög þessi mæla fyrir um.

Ráðherra skipar þrjú menn í ríkistollanefnd, þar af einn sem formann og skal hann fullnægja skilyrðum til skipunar í héraðsdómaraembætti. Aðrir nefndarmenn skulu hafa staðgóða þekkingu á tollamálum. Nefndarmenn skulu skipaðir til tveggja ára í senn. Við skipun í nefndina skal þess gætt að nefndarmenn séu óháðir tollyfirvöldum og hagsmunaaðilum.

i. (39. gr.)

Um kærur til ríkistollanefndar og störf hennar fer eftir ákvæðum 101. og 102. gr.

j. (40. gr.)

*Vanháfi.*

Eigi má maður taka þátt í rannsókn eða annarri meðferð máls, hvorki ákvörðun né kærur, ef honum hefði borið að víkja sæti sem héraðsdómari í málinu.

18. gr.

2. mgr. 47. gr. laganna orðast svo:

Ríkistollstjóri ákveður gerð innsigla og notkun þeirra.

19. gr.

Við 50. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verður 1. mgr. og orðast svo:

Tollyfirvöld annast rannsókn brota á lögum þessum að svo miklu leyti sem slík rannsókn er ekki í höndum lögreglu. Skulu þau, hvenær sem þess er þörf, hefja rannsókn út af vitneskju eða grun um refsivert brot. Hafi tollstjóri grun um að stórfelld tollsvik hafi verið framin skal hann þegar tilkynna það ríkistollstjóra sem ákveður um framhald málsins. Um rannsókn skulu að öðru leyti gilda ákvæði laga nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála.

20. gr.

Í stað orðsins „hafnsögumenn“ í 3. mgr. 52. gr. laganna kemur: leiðsögumenn.

21. gr.

1. mgr. 53. gr. laganna orðast svo:

Ríkistollstjóri ákveður form skýrslna og skjala vegna fara í utanlandsferðum og hvaða upplýsingar skuli þar koma fram, svo sem um flutningsfar, vörur sem það flytur og annað sem nauðsynlegt getur talist og varðar ferðir þess til og frá landinu. Ákvæði þetta gildir

bæði um skýrslur og skjöl sem sendar eru tollstjóra með skjalasendingum milli tölva vegna SMT-tollafgreiðslu og um skriflegar skýrslur og skjöl sem annars ber að afhenda tollstjóra. Upplýsingar þessar skulu sendar eða afhentar fyrir eða við komu fars inn á tollsvæði ríkisins en fyrir brottför sé far á leið til útlanda. Ákvæði 14.–25. gr. skulu að öðru leyti gilda eftir því sem við getur átt um slíkar SMT-tollafgreiðslur.

## 22. gr.

54. gr. laganna orðast svo:

Vörur skulu settar á farmskrá til þeirrar tollhafnar sem er ákvörðunarstaður þeirra.

## 23. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 64. gr. laganna:

a. Orðin „og tollgæslustjóra“ í 1. másl. 2. mgr. falla brott.

b. 6. mgr. orðast svo:

Farmflytjendum er heimilt að geyma umflutningsvörur í geymslu- eða afgreiðslu-stöðum sem viðurkenndir hafa verið samkvæmt þessari grein.

## 24. gr.

Orðin „í samræði við tollgæslustjóra“ í 65. gr. laganna falla brott.

## 25. gr.

1. mgr. 79. gr. laganna orðast svo:

Fjármálaráðherra er heimilt að reka eða leyfa rekstur verslana með tollfrjálsar vörur, þar á meðal áfengi og tóbak, í flugstöðvum á Reykjavíkflugvelli, Keflavíkflugvelli, Akureyrarflugvelli, Egilsstaðaflugvelli og Ísafjarðarflugvelli í tengslum við farþegaflug milli landa. Heimild þessi gildir einnig um sams konar rekstur í Reykjavíkurhöfn, Ísafjarðarhöfn, Akureyrarhöfn, Seyðisfjarðarhöfn og Vestmannaeyjahöfn. Birgðir slíkra verslana má geyma í tollfrjálsum birgðageymslum sem eingöngu eru ætlaðar til þeirra nota.

## 26. gr.

Í stað 97.–100. gr. laganna koma fjórar nýjar greinar, ásamt fyrirsögnum, er orðast svo:

a. (97. gr.)

*Álagning tolla og annarra gjalda.*

Tollstjórar annast álagningu tolla og annarra gjalda sem greiða ber við tollafgreiðslu vara.

Ráðherra getur ákveðið með reglugerð að innflytjandi eða umboðsmaður hans skuli reikna út tolla og önnur gjöld í aðflutningsskýrslu.

Ef tollstjóra er látin í té útreiknuð aðflutningsskýrsla má hann leiðrétt augljósar reikningsskekkjur. Enn fremur má hann leiðrétt einstaka liði aðflutningsskýrslu ef óyggjandi upplýsingar eru fyrir hendi, en gera skal hann innflytjanda viðvart um slíkar breytingar.

Ef aðflutningsskýrslu er ekki skilað innan tilskilins frests, sbr. 3. mgr. 14. gr. og 23. gr., getur tollstjóri áætlað aðflutningsgjöld eða knúð innflytjanda til að skila aðflutningsskýrslu með stöðvun tollafgreiðslu.

b. (98. gr.)

Komi í ljós eftir að aðflutningsskýrsla hefur verið látin tollstjóra í té að hún eða einstakir liðir hennar eða fylgiskjöl eru ófullnægjandi, óglögg eða tortryggileg, eigi skráð á lögmælt-

an hátt eða undirrituð á ófullnægjandi hátt eða tollstjóri telur frekari skýringa þörf á einhverju atriði skal hann skora á viðkomandi að bæta úr því innan ákveðins tíma og láta í té skýringar og þau gögn sem tollstjóri telur þörf á. Fáir tollstjóri fullnægjandi skýringar og gögn innan frests leggur hann toll og önnur gjöld á samkvæmt aðflutningsskjölum og fengnum skýringum og gögnum. Ef eigi er bætt úr annmörkum á aðflutningsskýrslu, svar frá viðkomandi berst ekki innan tiltekins tíma, skýringar hans eru ófullnægjandi, eigi eru send þau gögn sem óskað er eftir eða send gögn eru ófullnægjandi eða tortryggileg skal tollstjóri áætla aðflutningsgjöld.

Telji tollstjóri að mat vegna ákvörðunar tollverðs eða annarra atriða sem varða tollafgreiðslu vöru sé eigi á færi annarra en sérfróðra manna skal honum heimilt án dómskvaðninga að láta mat fara fram á kostnað innflytjanda. Um matið skulu gilda ákvæði IX. kafla laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, eftir því sem við getur átt. Tollstjóra er einnig heimilt að láta fara fram sérfræðilega rannsókn á vöru á kostnað innflytjanda sé það talið nauðsynlegt vegna tollflokunar hennar samkvæmt tollskrá.

Ef innflytjandi vill ekki una við ákvörðun tollstjóra samkvæmt þessari grein getur hann óskað eftir úrskurði tollstjóra skv. 100. gr.

c. (99. gr.)

#### *Endurákvörðun gjalda.*

Tollstjóri skal í samræmi við ákvæði þessarar greinar endurákvæða innflytjanda aðflutningsgjöld ef í ljós kemur að þau voru ekki rétt ákvörðuð við tollafgreiðslu.

Hafi innflytjandi eða sá sem ráðstafaði vöru til tollmeðferðar látið tollstjóra í té við tollafgreiðslu fullnægjandi upplýsingar og, eftir atvikum, gögn sem byggja mátti rétta álagningu aðflutningsgjalda á skal tollstjóri hafa lokið endurákvörðun aðflutningsgjalda innan 60 daga, talið frá því að hann heimilaði afhendingu vöru. Hafi heimild verið veitt til innflutnings vöru tímabundið en síðan komið til endanlegrar tollafgreiðslu hennar skal frestur til endurákvörðunar vera 60 dagar, talið frá því að aðflutningsgjöld voru ákvörðuð.

Áður en til endurákvörðunar tollstjóra á aðflutningsgjöldum kemur skv. 1. mgr. skal hann tilkynna viðkomandi skriflega um að til endurákvörðunar geti komið og lýsa í meginatriðum þeim ástæðum sem hann telur að eigi að leiða til þess. Skal tollstjóri jafnframt gefa viðkomandi kost á að tjá sig um hina fyrirhuguðu endurákvörðun innan hæfilegs frests og, eftir atvikum, framvísa þeim gögnum sem hann telur máli kunna að skipta við þá ákvörðun. Tilkynningu um að til endurákvörðunar geti komið skal tollstjóri senda eigi síðar en 45 dögum frá því að afhending vöru var heimiluð.

Endurákvörðun aðflutningsgjalda skv. 2. mgr. skal rökstudd þannig að ljóst megi vera á hvaða forsendum ákvörðun er byggð. Innflytjanda skal tilkynnt um endurákvörðun með ábyrgðarbréfi og honum jafnframt bent á heimild til að kæra hana til ríkistollanefndar, sbr. 101. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. er tollstjóra heimilt að endurákvæða aðflutningsgjöld sex ár aftur í tímann, talið frá tollafgreiðsludegi, í eftirfarandi tilvikum, enda sé gætt ákvæða 3. og 4. mgr. þessarar greinar eftir því sem við á:

1. Hafi framlögðum gögnum eða þeim upplýsingum, sem látin voru í té við tollafgreiðslu, verið áfátt þannig að ekki var unnt að byggja á þeim rétta álagningu aðflutningsgjalda. Skiptir í því sambandi ekki máli hvort innflytjandi eða sá sem ráðstafaði vöru til tollafgreiðslu vissi eða mátti vita um réttmæti þessara gagna eða upplýsinga.
2. Hafi innflytjandi vitað eða mátt vita um rétta tollmeðferð vöru. Það getur m.a. átt við hafi innflytjandi áður fengið úrskurð tollstjóra eða bindandi ákvörðun tollstjóra um tollflokun vöru í tiltekið tollskránumer samkvæmt tollskrá en síðan tollflokkað sams

konar vöru í annað tollskrárnúmer við tollafgreiðslu eða áður flutt inn sams konar vöru og fengið tollafgreidda í ákveðnu tollskrárnúmeri án athugasemda eða með samþykki tollstjóra.

3. Þegar um SMT-tollafgreiðslu er að ræða.

Um greiðslu vaxta vegna oftekinna aðflutningsgjalda gilda ákvæði laga nr. 29/1995, um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda, með síðari breytingum.

Um greiðslu dráttarvaxta af vangreiddum aðflutningsgjöldum gilda ákvæði vaxtalaga, nr. 25/1987, með síðari breytingum.

d. (100. gr.)

*Kæur til tollstjóra.*

Telji innflytjandi ákvörðun tollstjóra um gjaldskyldu, tollflokkun, tollverð eða fjárhæð aðflutningsgjalda við tollmeðferð vöru eigi rétta getur hann sent skriflega rökstudda kæru, studda nauðsynlegum gögnum, til viðkomandi tollstjóra. Ef ágreiningur er um tollmeðferð vöru sem hefur verið endanlega tollafgreidd skal kæra send tollstjóra innan 60 daga frá tollafgreiðsludegi eða innan 60 daga frá póstlagningardegi tilkynningar um endurákvörðun tollstjóra á aðflutningsgjöldum skv. 99. gr.

Telji tollstjóri óljóst á hvaða rökum kæra er reist eða að fylgigögn séu ófullnægjandi skal hann gefa kæranda kost á að bæta úr því innan hæfilegs tíma. Ef þess er eigi gætt varða meinbugir frávísun kæru.

Úrskurða skal um kæru svo fljótt sem verða má og eigi síðar en innan 30 daga frá því að gagnaöflun er lokið. Úrskurður tollstjóra skal rökstuddur þannig að ljóst megi vera á hvaða forsendum hann er byggður. Innflytjanda skal sendur úrskurður í ábyrgðarbréfi og honum bent á heimild til að kæra úrskurðinn til ríkistollanefndar, sbr. 101. gr.

27. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 101. gr. laganna:

a. 1. mgr. ásamt fyrirsögn greinarinnar orðast svo:

*Kæur til ríkistollanefndar*

Innflytjandi getur skotið endurákvörðun ríkistollstjóra skv. 35. gr., úrskurði tollstjóra skv. 100. gr. og ákvörðun tollstjóra skv. 142. gr. til ríkistollanefndar innan 60 daga, talið frá póstlagningu úrskurðar eða ákvörðunar.

b. 2. mgr. orðast svo:

Ríkistollstjóri getur skotið úrskurði tollstjóra skv. 100. gr. og ákvörðun tollstjóra skv. 142. gr. til ríkistollanefndar innan sama frests og greindur er í 1. mgr.

c. 5. mgr. orðast svo:

Nefndin skal hafa úrskurðað í öllum kærum innan 30 daga frá því að gagnaöflun er lokið. Sé munnlegur málflutningur viðhafður skal úrskurður kveðinn upp innan 30 daga frá lokum málflutnings.

d. Við bætast tvær nýjar málsgreinar sem verða 6. og 7. mgr. og orðast svo:

Ríkistollanefnd er heimilt að kveða sér til aðstoðar við úrlausn ágreiningsmála sérfróða menn og krefjast upplýsinga samkvæmt ákvæðum laga þessara.

Úrskurður ríkistollanefndar er fullnaðarúrskurður á stjórnsýslustigi. Málskot til almennra dómstóla um úrlausnarefni sem farið hefur fyrir nefndina frestar eða breytir ekki niðurstöðu hennar fyrr en dómur er genginn.

## 28. gr.

1. og 3. mgr. 102. gr. laganna falla brott.

## 29. gr.

Í stað tilvísunarinnar „36/1986“ í 2. mgr. 105. gr. laganna kemur: 25/1987.

## 30. gr.

106. gr. laganna orðast svo:

Aðflutningsgjöld skal greiða tollstjóra í því tollumdæmi þar sem vara er flutt úr fari því sem hana flytur til landsins samkvæmt farmskrá. Sé vara framsend ótollafgreidd í annað tollumdæmi en þar sem afferming fór fram, sbr. VII. kafla, skal þó greiða gjöldin í því tollumdæmi sem varan er send til.

Aðflutningsgjöld af póstsendingum skulu greidd í því pósthúsi þar sem þeirra skal vitjað samkvæmt tilkynningu pósthúss.

Aðflutningsgjöld af vörum í tollvörugemymslu eða á frísvæði skulu greidd tollstjóra í því tollumdæmi þar sem tollvörugemymsla eða frísvæði er, nema vörurnar séu framsendar ótollafgreiddar í annað tollumdæmi, en þá skal greiða gjöldin þar.

Hafi innflytjanda verið veittur greiðslufrestur á aðflutningsgjöldum skv. 109. gr. skal hann greiða aðflutningsgjöld þar sem hann á lögheimili.

## 31. gr.

107. gr. laganna orðast svo:

Póst- og símamálastofnun annast innheimtu aðflutningsgjalda af póstsendingum sem hún sér um flutning á og afhendingu á þeim undir eftirliti tollstjóra samkvæmt nánari reglum sem fjármálaráðherra setur.

Tollstjóri getur heimilað aðilum, sem annast vörslu ótollafgreiddra vara samkvæmt VII., VIII. og IX. kafla laga þessara, að veita greiðslu aðflutningsgjalda viðtöku og standa ríkissjóði skil á þeim. Binda má leyfi því skilyrði að leyfishafi setji ríkissjóði tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda og annarra gjalda sem leiða kann af tollmeðferð vöru hjá leyfishafa.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari fyrirmæli um framkvæmd þessarar greinar.

## 32. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 108. gr. laganna:

- a. Á undan orðunum „stöðvun tollafgreiðslu“ kemur: dráttarvexti og.
- b. Við greinina bætast tvær nýjar málsgreinar er orðast svo:

Eindagi aðflutningsgjalda, sem innflytjandi hefur vanreiknað í aðflutningsskýrslu eða vanreiknuð reynast samkvæmt upplýsingum sem gefnar hafa verið við tollafgreiðslu, er tollafgreiðsludagur varanna.

Ef aðflutningsgjöld eru ekki greidd á eindaga eins og hann er ákveðinn samkvæmt þessari grein skal frá og með eindaga reikna dráttarvexti af kröfunni fram að greiðsludegi. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta skulu gilda ákvæði vaxtalaga, nr. 25/1987, með áorðnum breytingum.

## 33. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 109. gr. laganna:

- a. Orðin „enda hafi þeir verið skráðir skv. 110. gr.“ í 1. mgr. falla brott.
- b. Í stað 1. og 2. másl. 3. mgr. kemur nýr málsliður er orðast svo: Ráðherra ákveður í reglugerð uppgjörstímabil og eindaga lánaðra aðflutningsgjalda.
- c. Í stað tilvísunarinnar „36/1986“ í 3. mgr. kemur: 25/1987.



## 34. gr.

110. gr. laganna fellur brott.

## 35. gr.

Við 111. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verður 6. mgr. og orðast svo:

Um mótmæli gegn nauðungarsölu gilda ákvæði XI. og XIV. kafla laga nr. 90/1991, um nauðungarsölu.

## 36. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 121. gr. laganna:

a. 1. mgr. orðast svo:

Þeir sem stunda útflutning á vörum í atvinnuskyni skulu, áður en vara eða sending er afhent farmflytjanda eða öðrum vörsluaðila til útflutnings, senda viðkomandi tollstjóra með skjalasendingum milli tölva þær upplýsingar sem láta ber honum í té við tollafgreiðslu vara. Ákvæði 14.–25. gr. skulu að öðru leyti gilda um útflutning eftir því sem við getur átt.

b. 2. mgr. fellur brott.

c. 6. mgr. fellur brott.

## 37. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 122. gr. laganna:

a. Við 2. mgr. bætist nýr málslíður er orðast svo: Sé útflytjandi framleiðsluvara sem um ræðir í 1. mgr. annar en framleiðandi þeirra skal auk upprunavottorðs útflytjanda liggja fyrir yfirlýsing framleiðanda sem staðfesti að framleiðsluvörurnar uppfylli skilyrði um fríðindameðferð samkvæmt fríverslunar- eða milliríkjasamningi sem Ísland er aðili að.

b. 5. mgr. fellur brott.

c. Við bætist ný málsgrein er orðast svo:

Ráðherra getur með reglugerð eða öðrum fyrirmælum sett nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar.

## 38. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 126. gr. laganna:

a. 1. og 2. mgr. orðast svo:

Hver sem af ásetningi, stórfelldu gáleysi eða ítrekað veitir rangar eða villandi upplýsingar um tegund, magn eða verðmæti farms eða vöru eða leggur ekki fram til tollmeðferðar gögn sem lög þessi taka til skal sæta sektum sem nema skulu að lágmarki tvöfaldri en að hámarki tíufaldri þeirri fjárhæð sem undan var dregin af aðflutningsgjöldum.

Hafi brot skv. 1. mgr. verið framið með þeim ásetningi að svíkja undan eða fá ívilnun á aðflutningsgjöldum skal það, auk sekta, varða varðhaldi eða fangelsi ef miklar sakir eru eða brot er ítrekað.

b. Síðari málslíður 4. mgr. fellur brott.

c. Við bætist ný málsgrein er orðast svo:

Gera má lögaðila og fyrirsvarsmanni hans að greiða *in solidum* sekt fyrir brot á lögum þessum þrátt fyrir að ekki sé upplýst um saknæman verknað starfsmanna lögaðilans, enda hafi brotið verið framið til hagsbóta fyrir lögaðilann.

## 39. gr.

134. gr. laganna fellur brott.

## 40. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 139. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „Tollyfirvöldum“ og „tollyfirvald“ í 2. mgr. kemur: Tollstjóra, og: tollstjóri.
- b. Á eftir orðunum „ólöglegan innflutning“ í 2. mgr. kemur: eða önnur brot gegn lögum þessum.
- c. Í stað fjárhæðanna „50.000 kr.“ og „100.000 kr.“ í 2. mgr. kemur: 75.000 kr., og: 300.000 kr.
- d. Við bætist ný málsgrein sem verður 3. mgr. og orðast svo:  
Sektir og eignaupptaka samkvæmt þessari grein skulu ákveðnar af tollstjóra eða lög-  
lærðum fulltrúa hans.
- e. 3. mgr., sem verður 4. mgr., orðast svo:  
Senda skal ríkissaksóknara skrá um mál sem lokið er skv. 2. mgr. eftir þeim reglum sem dómsmálaráðherra setur, en m.a. skulu ákvæði 19. og 115. gr. laga nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, gilda um færslu á sakaskrá og leiðbeiningu ríkissaksóknara um sektarfjárhæð fyrir hverja tegund brots.

## 41. gr.

142. gr. laganna orðast svo:

Ef óskað er bindandi upplýsinga um tollflokkun vöru skal senda skriflega beiðni þar að lútandi til tollstjóra. Tollstjóri tekur ákvörðun um tollflokkun vöru samkvæmt þessari grein sem er bindandi fyrir fyrirspyrjanda og tollyfirvöld, nema hún sé afturkölluð af tollstjóra eða henni breytt eftir kæru til ríkistollanefndar, sbr. 101. gr.

Tollstjóra er ekki skylt að verða við beiðni skv. 1. mgr. ef hún lýtur að vöru sem þegar hefur verið tollafgreidd eða vöru sem er í sendingu sem flutt hefur verið til landsins. Sama gildir ef beiðni reynist augljóslega vera tilefnislaus.

Erindi skulu fylgja þau gögn sem eru nauðsynleg til þess að unnt sé að ákveða tollflokkun vöru, svo sem teikning, mynd, vörulýsing eða bæklingur. Ef nauðsyn ber til að mati tollstjóra getur hann sett skilyrði um að sýnishorn af vöru sé lagt fram áður en hann tekur ákvörðun um tollflokkun.

Tollstjóri skal svara beiðni skriflega innan 30 daga frá því að hún berst. Í svari tollstjóra skal í meginatriðum koma fram á hvaða rökum niðurstaða er byggð. Telji tollstjóri að beiðni hafi ekki að geyma fullnægjandi upplýsingar eða henni fylgi ekki nauðsynleg gögn til þess að unnt sé að ákveða tollflokkun skal hann tilkynna viðkomandi hvaða upplýsingar eða gögn vanti. Þegar úr því hefur verið bætt skal tollstjóri svara beiðni innan 30 daga. Afrit af svari tollstjóra ásamt ljósriti af mikilvægustu gögnum skal sent ríkistollstjóra sem skotið getur ákvörðuninni til ríkistollanefndar.

## 42. gr.

146. gr. laganna orðast svo:

Ríkistollstjóri setur nánari reglur um skil tollstjóra á upplýsingum úr aðflutnings- eða útflutningsskjölum og öðrum gögnum að höfðu samráði við Hagstofu Íslands.

## 43. gr.

Á eftir orðunum „einfalda tollmeðferð“ í 147. gr. laganna kemur: vegna gagnkvæmra upplýsingaskipta og innheimtu vangreiddra gjalda.

44. gr.

Við löginn bætist ný grein sem verður 149. gr. og orðast svo:

Ákvæði laga þessara um innflutning skulu gilda um útflutning og umflutning eftir því sem við getur átt.

45. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Þegar lög þessi hafa öðlast gildi skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 55 30. mars 1987, ásamt síðari breytingum og breytingum á viðaukum við þau, og gefa þau út með samfelldri greinatölu svo breytt.

46. gr.

Við gildistöku laga þessara kemur í stað orðsins „tollgæslustjóra“ í 3. mgr. 4. gr. laga nr. 56/1972, um lögreglumenn: ríkistollstjóra.

### Ákvæði til bráðabirgða.

Nú er starfsmaður leystur frá starfa vegna vanheilsu eða slysa, sem honum verður ekki með skynsamlegu mati gefin sök á, og ber þá að greiða honum þau föstu laun er stöðu hans fylgja í þrjá mánuði.

Nú tekur maður sem látið hefur af starfi vegna vanheilsu aftur við starfi í starfsgrein og skal þá starfsaldur hans áður og eftir lagður saman og veitir þá sama rétt og óslitin þjónusta.

Um greiðslu til maka látins starfsmanns fer eftir ákvæðum 1. mgr.

#### 22. gr.

Þegar einhver hluti launa er greiddur í fríðu, svo sem jarðarafnotum, húsnæði, ljósi, hita, fæði og öðru, skulu þessi hlunnindi metin árlega af ríkisskattstjóra og matsverðið dregið frá heildarlauninum.

#### 23. gr.

Starfsmanni er óheimilt að gefa út ávísanir á laun sem ekki eru í gjalddaga komin, nema sveitarstjórn veiti til þess samþykki sitt hverju sinni. Sú heimild má þó ekki fara fram úr fjórðungi árslauga. Enginn vinnur rétt samkvæmt slíkri ávísun, nema samþykki sé fengið.

#### 24. gr.

Nú þykir hlýða að dómi sveitarstjórnar að starfsmaður beri einkennisbúning eða einkennismerki önnur í starfi sínu og ber sveitarsjóði að leggja hann eða þau merki til starfsmanni að kostnaðarlausu eftir þeim reglum sem sveitarstjórn setur.

#### 25. gr.

Starfsmenn, er veita heimili forstöðu, eiga rétt til þess að vinna tvo þriðju hluta ákveðins vinnutíma gegn samsvarandi frádrætti í launum, enda megi slíkt verða að skaðlausu.

Samsvarandi ívilnun má og öðrum veita er sérstaklega er farið, svo sem vegna heilsuveilu.

#### 26. gr.

Nú gegnir starfsmaður samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar jafnhliða sínum starfa öðrum starfa og fær hann þá hálf þau föstu byrjunarlaun er þeim starfa fylgja og aukatekjur allar. Ef slíkum starfa er skipt milli tveggja eða fleiri starfsmanna kveður sveitarstjórn á um þóknun hvers þeirra með hliðsjón af vinnu og aðstöðu að öðru leyti.

#### 27. gr.

Sveitarstjórn ákveður í samþykktum sínum daglegan vinnutíma starfsmanna, svo og þóknun fyrir verk sem unnin eru utan þess tíma.

### VI. KAFLI

#### Skyldur starfsmanna.

#### 28. gr.

Starfsmanni er skylt að rækja starf sitt með alúð og samviskusemi í hvívetna. Hann skal gæta kurteisi, lipurðar og réttsýni í starfi sínu. Hann skal forðast að hafast nokkuð það að í starfi sínu eða utan þess sem er honum til vanvirðu eða álitshnekkis eða varpað getur rýrð á það starf eða starfsgrein sem hann vinnur við.

#### 29. gr.

Skylt er starfsmanni að hlýða löglegum fyrirkipunum yfirmanna um starf sitt.

Þrátt fyrir ákvæði laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna er skólastjórum og staðgenglum þeirra óheimilt að gera verkfall. Fyrir 1. febrúar ár hvert skal sveitarstjórn birta lista yfir þá sem falla undir málsgrein þessa.

Ágreiningur um það hvort maður falli undir ákvæði 2. mgr. þessarar greinar skal lagður fyrir Félagsdóm sem sker úr honum til fullnustu.

30. gr.

Starfsmenn skulu koma stundvíslega til starfa, hvort heldur er að morgni eða eftir hlé. Yfirmenn skulu fylgjast með stundvísi starfsmanna. Hafa skal stimpilklukkur á skrifstofum og vinnustofum, þar sem því verður við komið, og halda skal skrá um hvernig starfsmenn koma til vinnu.

Starfsmanni er skylt að vinna án endurgjalds yfirvinnu allt að tvöföldum þeim tíma er hann hefur verið frá starfi án gilda forfalla eða hlíta því að dregið sé af launum sem því nemur.

Nú sýnir starfsmaður óstundvísi og vanrækslu í starfi sínu og lætur ekki skipast við áminningu yfirboðara og varðar það brottvikningu um stundarsakir eða fyrir fullt og allt ef miklar sakir eru.

31. gr.

Skylt er starfsmönnum að vinna yfirvinnu sem yfirboðarar telja nauðsynlega. Þó er engum starfsmanni skylt að vinna meiri yfirvinnu í viku hverri en nemur þriðjungi af lögmaeltum vikulegum vinnutíma.

32. gr.

Hverjum starfsmanni er skylt að gæta þagmælsku um atriði er hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli málsins. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

33. gr.

Skylt er starfsmanni að hlíta breytingum lögum samkvæmt á störfum hans og verkahring frá því er hann tók við starfi, enda hafi breytingin ekki áhrif til skerðingar á launakjörum hans eða réttindum. Sama er um breytingar sem yfirmaður ákveður en þeirri ákvörðun má skjóta til sveitarstjórnar.

VII. KAFLI  
Um aukastörf.

34. gr.

Heimilt er að fela starfsmanni að vinna fyrir sanngjarnt endurgjald aukastörf í þágu sveitarfélags, enda valdi það ekki vanrækslu á þeim störfum er stöðu hans fylgja.

Áður en starfsmaður stofnar til atvinnurekstrar, hyggst taka við starfi í þjónustu annars aðila en sveitarfélags gegn varanlegu kaupi eða ganga í stjórn atvinnufyrirtækis ber honum að skýra sveitarstjórn eða eftir atvikum skólastjóra frá því. Innan tveggja vikna skal honum skýrt frá því ef áðurnefnd starfsemi telst ósamrýmanleg stöðu hans og honum bannað að hafa hana með höndum.

Rétt er að banna starfsmanni slíka starfsemi sem í 2. mgr. segir ef síðar er leitt í ljós að hún fer ekki saman við starf hans í þjónustu sveitarfélags.

VIII. KAFLI  
Um félagsskap starfsmanna.

35. gr.

Við endurskoðun laga þessara, svo og við samningu samþykktá í tengslum við þau, skal jafnan gefa stéttarfélagum starfsmanna kost á að fylgjast með og fjalla um ágreiningsatriði þau sem upp koma.

IX. KAFLI  
Gildistaka o.fl.

36. gr.

Lög þessi eru sett með vísan til b-liðar 1. mgr. 57. laga um grunnskóla, nr. 66/1995. Við flutning grunnskólanna til sveitarfélaga yfirtaka sveitarfélögin ráðningar og ráðningarsamninga núverandi starfsmanna. Kennarar og skólastjórnendur, sem starfað hafa hjá ríki fyrir flutninginn, skulu halda öllum starfsréttindum sínum óbreyttum, þar með töldum réttindum sem byggjast á starfs- og þjónustualdri. Flutningurinn felur því ekki í sér niðurlagningu stöðu í skilningi 14. gr. laga nr. 38/1954 og gilda ákvæði hennar því ekki um starfsmenn í skilningi laga þessara.

37. gr.

Eftir flutning grunnskólanna frá ríki til sveitarfélaga skulu starfsmenn ekki njóta lakari réttinda í veikindaforföllum og barnsburðarleyfum en þeir njóta nú og kveðið er á um í reglugerðum nr. 410/1989, um barnsburðarleyfi starfsmanna ríkisins, og nr. 411/1989, um veikindaförl starfsmanna ríkisins.

38. gr.

Þeir starfsmenn, sem ráðnir voru án skriflegs ráðningarsamnings fyrir 1. janúar 1975 og hafa starfað óslitið síðan, hafa sömu réttindi og skipaður starfsmaður.

39. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. ágúst 1996.

*Gjört í Reykjavík, 11. júní 1996.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**  
(L. S.)

*Björn Bjarnason.*

LÖG

um breytingu á ýmsum lögum vegna sameiningar  
Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda  
í Bændasamtök Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

**Breyting á lögum nr. 56 19. júní 1933, um viðauka við  
og breyting á lögum nr. 68/1917, um áveitu á Flóann.**

Í stað orðanna „Búnaðarfélagi Íslands“ í 11. gr. laganna kemur: Bændasamtökum Íslands.



## 2. gr.

**Breyting á lögum nr. 117 30. desember 1943, um viðauka við lög nr. 56/1933, um viðauka við og breyting á lögum nr. 68/1917, um áveitu á Flóann.**

Í stað orðanna „Búnaðarfélag Íslands“ í 1. gr. laganna og „Búnaðarfélags Íslands“ í 2. gr. kemur: Bændasamtök Íslands og Bændasamtaka Íslands.

## 3. gr.

**Breyting á lögum um eignarnámsheimild á nokkrum löndum og á afnotarétti landsvæða í Hafnarfirði, Garðahreppi og Grindavíkurhreppi og um stækkun lögsagnarumdæmis Hafnarfjarðarkaupstaðar, nr. 11/1936.**

a. 2. másl. 2. mgr. 2. gr. laganna fellur brott.

b. Í stað orðanna „Búnaðarfélag Íslands“ í 3. gr. laganna kemur: Bændasamtök Íslands.

## 4. gr.

**Breyting á lögum nr. 101/1940, um breyting á lögum nr. 11/1936 (Eignarnámsheimild á nokkrum löndum o.fl.).**

Í stað orðanna „Búnaðarfélags Íslands“ í 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: Bændasamtaka Íslands.

## 5. gr.

**Breyting á landskiptalögum, nr. 46/1941, með síðari breytingum.**

Í stað orðanna „Búnaðarfélags Íslands“ í 2. mgr. 11. gr. og í 2. másl. 1. mgr. 16. gr. laganna kemur: Bændasamtaka Íslands.

## 6. gr.

**Breyting á lögum um skógrækt, nr. 3/1955, með síðari breytingum.**

Í stað orðanna „Búnaðarfélags Íslands“ í b-lið 28. gr. laganna kemur: Bændasamtaka Íslands.

## 7. gr.

**Breyting á girðingarlögum, nr. 10/1965, með síðari breytingum.**

Í stað orðanna „stjórn Búnaðarfélags Íslands tilnefnir einn af jarðræktarráðunautum félagsins“ í 1. mgr. 6. gr. laganna kemur: stjórn Bændasamtaka Íslands tilnefnir einn mann.

## 8. gr.

**Breyting á lögum um landgræðslu, nr. 17/1965, með síðari breytingum.**

a. 1. mgr. 3. gr. laganna orðast svo:

Landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn landgræðslumála og skipar hann landgræðslustjóra.

b. Í stað orðanna „Búnaðarfélags Íslands“ í 2. tölul. 1. mgr. 7. gr. og 1. mgr. 20. gr. laganna kemur: Bændasamtaka Íslands.

## 9. gr.

**Breyting á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64/1965, með síðari breytingum.**

a. Í stað orðanna „Búnaðarfélags Íslands“ í 30. gr. laganna kemur: Bændasamtaka Íslands.

- b. Í stað 4.–8. másl. 1. mgr. 34. gr. laganna koma fjórir málsliðir, svohljóðandi: Bændasamtök Íslands fjóra menn, þar af tvo landsráðunauta. Framleiðsluráð landbúnaðarins einn mann. Bændaskólarnir tvo menn. Garðyrkjuskóli ríkisins einn mann.

## 10. gr.

**Breyting á lögum um Framleiðnisjód landbúnaðarins,  
nr. 89/1966, með síðari breytingum.**

- a. 2. gr. laganna orðast svo:  
Stjórn Framleiðnisjóds skal skipuð fimm mönnum sem landbúnaðarráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Tveir skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Bændasamtaka Íslands, einn samkvæmt tilnefningu ráðherra byggðamála og tveir án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður stjórnarinnar. Varamenn skal skipa með sama hætti.
- b. 5. gr. og 1. mgr. 6. gr. laganna falla brott.

## 11. gr.

**Breyting á lögum um gæðamat á æðardún,  
nr. 39/1970, með síðari breytingu.**

Í stað orðanna „Búnaðarfélag Íslands“ í 5. gr. laganna kemur: Bændasamtaka Íslands.

## 12. gr.

**Breyting á lögum um lax- og silungsveiði,  
nr. 76/1970, með síðari breytingum.**

- a. Í stað orðanna „Búnaðarfélag Íslands“ í 1. mgr. 88. gr. laganna kemur: Bændasamtaka Íslands.
- b. 2. másl. 3. mgr. 95. gr. laganna orðast svo: Í yfirmati eiga sæti þrír menn sem ráðherra skipar, þar af einn samkvæmt tilnefningu veiðimálanefndar.

## 13. gr.

**Breyting á lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám,  
ræktun og byggingar í sveitum, nr. 45/1971, með síðari breytingum.**

Í stað orðanna „skulu fulltrúi frá stéttarsambandi bænda og fulltrúi frá Búnaðarfélagi Íslands“ í 2. gr. laganna kemur: skulu tveir fulltrúar frá Bændasamtökum Íslands.

## 14. gr.

**Breyting á lögum um náttúruvernd, nr. 47/1971, með síðari breytingum.**

Í stað orðanna „Búnaðarfélag Íslands“ í 2. tölul. 2. mgr. 4. gr. laganna kemur: Bændasamtök Íslands. Orðin „Stéttarsamband bænda“ í sama tölulið falla brott.

## 15. gr.

**Breyting á lögum um heftingu landbrots og varnir gegn ágangi vatna,  
nr. 43/1975, með síðari breytingum.**

Í stað orðanna „Búnaðarfélag Íslands“ í 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: Bændasamtaka Íslands.

## 16. gr.

**Breyting á ábúðarlögum, nr. 64/1976, með síðari breytingum.**

- a. Í stað orðanna „Búnaðarfélag Íslands“ í 4. mgr. 11. gr., 2. mgr. 17. gr. og 3. mgr. 24. gr. laganna kemur: Bændasamtaka Íslands.

- b. Í stað orðanna „Byggingastofnunar landbúnaðarins“ í 2. mgr. 17. gr. laganna kemur: Stofnlánadeildar landbúnaðarins.

17. gr.

**Breyting á jarðalögum, nr. 65/1976, með síðari breytingum.**

- a. Í stað orðanna „Búnaðarfélags Íslands“ í 3. mgr. 6. gr. laganna og í stað sömu orða í 1. og 3. mgr. 12. gr., 13.–15. gr., 3. mgr. 22. gr., 3. mgr. 29. gr., 2. mgr. 38. gr., a-lið 1. mgr. 47. gr., 2., 4. og 5. mgr. 49. gr. og 69. gr. kemur (í viðeigandi beygingarföllum): Bændasamtök Íslands.
- b. Í stað orðanna „Búnaðarfélagið lætur“ í 3. mgr. 22. gr. laganna kemur: Bændasamtök Íslands láta.
- c. Í stað orðsins „sýslunefnd“ í 69. gr. laganna kemur: héraðsnefnd.

18. gr.

**Breyting á lögum um tekju- og eignarskatt, nr. 75/1981, með síðari breytingum.**

Orðin „og Búnaðarfélag Íslands“ í 2. tölul. 4. gr. laganna falla brott.

19. gr.

**Breyting á lögum um Lífeyrissjóð bænda, nr. 50/1984, með síðari breytingum.**

- a. 4. másl. 3. gr. laganna orðast svo: Tveir skulu tilnefndir af stjórn Bændasamtaka Íslands en einn skipaður án tilnefningar.
- b. 4. gr. laganna orðast svo:  
Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af löggildum endurskoðanda er sjóðstjórn ræður og að auki af tveimur endurskoðendum sem skipaðir eru til fjögurra ára í senn af ráðherra sem fer með lífeyrismál. Skulu þeir tilnefndir af stjórn Bændasamtaka Íslands.

20. gr.

**Breyting á jarðræktarlögum, nr. 56/1987, með síðari breytingum.**

- a. 2. gr. laganna orðast svo:  
Bændasamtök Íslands hafa á hendi umsjón með framkvæmd ræktunarmála og jarðabóta samkvæmt lögum þessum, enda sé skipulag þeirra og starfsreglur í samræmi við ákvæði laganna.
- b. Í stað orðanna „Búnaðarfélag Íslands“ í 3.–7. gr. laganna og í stað sömu orða í 10.–19. gr. og orðanna „Stéttarsambands bænda“ í 11. gr. kemur (í viðeigandi beygingarföllum): Bændasamtök Íslands.

21. gr.

**Breyting á lögum um Hagþjónustu landbúnaðarins, nr. 63/1989.**

Í stað orðanna „Búnaðarfélags Íslands“ í 3. gr. laganna og í stað sömu orða í ákvæði til bráðabirgða kemur (í viðeigandi beygingarföllum): Bændasamtök Íslands.

22. gr.

**Breyting á lögum um búfjárrækt, nr. 84/1989, með síðari breytingu.**

Í stað orðanna „Búnaðarfélag Íslands“ í 4. gr. laganna og í stað sömu orða í 5., 8., 9. og 11.–17. gr. kemur (í viðeigandi beygingarföllum): Bændasamtök Íslands.

## 23. gr.

**Breyting á lögum um Búnaðarmálasjóð, nr. 41/1990, með síðari breytingum.**

- a. Í stað orðanna „Stéttarsambands bænda“ í 3. málsl. 1. mgr. 3. gr. laganna og í stað sömu orða í 2. mgr. 4. gr. og 5. og 6. gr. kemur (í viðeigandi beygingarföllum): Bændasamtök Íslands.
- b. 1. mgr. 4. gr. laganna orðast svo:  
Tekjum af búnaðarmálasjóðsgjaldi, sem innheimt er skv. 1. gr. og A- og B-liðum 2. gr., skal skipt þannig:

	Greiðsla af A-flokki skv. 2. gr.	Greiðsla af B-flokki skv. 2. gr.
Til Bændasamtaka Íslands	0,125%	0,325%
Til búnaðarsambanda	0,250%	0,500%
Til búgreinafélaga	0,075%	0,075%
Til Stofnlánadeildar landbúnaðarins	0,100%	0,200%

- c. Í stað orðanna „Stéttarsambands bænda, Búnaðarfélags Íslands“ í 7. gr. laganna kemur: Bændasamtaka Íslands.

## 24. gr.

**Breyting á lögum um flokkun og mat á gærum og ull,  
nr. 57/1990, með síðari breytingum.**

Í stað orðanna „Stéttarsambandi bænda“ í 2. mgr. 6. gr. laganna kemur: Bændasamtök-um Íslands.

## 25. gr.

**Breyting á lögum um búfjárhald, nr. 46/1991, með síðari breytingum.**

Í stað orðanna „Búnaðarfélags Íslands“ í 3. gr. laganna og í stað sömu orða í fyrri málslið 8. gr. og 3. mgr. 10. gr. kemur (í viðeigandi beygingarföllum): Bændasamtök Íslands.

## 26. gr.

**Breyting á lögum um Jarðasjóð, nr. 34/1992, með síðari breytingu.**

Í stað orðanna „stjórnnum Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda“ í 2. mgr. 1. gr. laganna kemur: stjórn Bændasamtaka Íslands.

## 27. gr.

**Breyting á lögum um sinubrennur og meðferð elds á víðavangi, nr. 61/1992.**

Í stað orðanna „Búnaðarfélags Íslands“ í 4. gr. laganna kemur: Bændasamtaka Íslands.

## 28. gr.

**Breyting á lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim,  
nr. 25/1993, með síðari breytingum.**

Í stað orðanna „Búnaðarfélag Íslands og Stéttarsamband bænda tilnefna sinn manninn hvor“ í 27. gr. laganna kemur: Bændasamtök Íslands tilnefna tvo menn.

## 29. gr.

**Breyting á lögum um dýravernd, nr. 15/1994.**

Í stað orðanna „Einn tilnefndur af Búnaðarfélagi Íslands“ í 2. mgr. 17. gr. laganna kemur: Einn tilnefndur af Bændasamtökum Íslands.

## 30. gr.

**Breyting á lögum um eftirlit með fódri, áburði og sáðvöru, nr. 22/1994.**

- a. Í stað orðanna „einum tilnefndum af Búnaðarfélagi Íslands“ í 1. og 2. tölul. 2. mgr. 3. gr. laganna kemur: einum tilnefndum af Bændasamtökum Íslands.
- b. Í stað orðanna „Búnaðarfélags Íslands“ í 2. mgr. 5. gr. laganna kemur: Bændasamtaka Íslands.

## 31. gr.

**Breyting á lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994.**

Í stað orðanna „einum af Búnaðarfélagi Íslands“ í 2. mgr. 3. gr. laganna kemur: einum af Bændasamtökum Íslands.

## 32. gr.

**Breyting á lögum um útflutning hrossa, nr. 161/1994.**

- a. Í stað orðanna „Búnaðarfélagi Íslands“ í 1. mgr. 4. gr. laganna og í stað sömu orða í 6. gr. kemur (í viðeigandi beygingarföllum): Bændasamtök Íslands.
- b. Í stað orðanna „Búnaðarfélag Íslands getur“ í 2. mgr. 4. gr. laganna kemur: Bændasamtök Íslands geta.

## 33. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi eftirtalin lög og lagaákvæði:

- a. Lög um mótak, nr. 16/1940.
- b. Lög nr. 7/1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum.
- c. III. kafli laga nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.
- d. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 40/1972, um sameiningu Borgarfjarðarhrepps og Loðmundarfjarðarhrepps í Norður-Múlasýslu í einn hrepp.
- e. Lög nr. 12/1984, um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán.
- f. Lög nr. 77/1936, um viðauka við og breyting á lögum nr. 43 19. maí 1930, um greiðslu kostnaðar af Skeiðaáveitunni o.fl.

*Gjört í Reykjavík, 11. júní 1996.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Guðmundur Bjarnason.*

# LÖG

## um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um gagnkvæma stjórnsýsluaðstoð í skattamálum.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að fullgilda fyrir Íslands hönd samning um gagnkvæma stjórnsýsluaðstoð í skattamálum sem gerður var í Strassborg 25. janúar 1988 og prentaður er sem fylgiskjal með lögum þessum.

#### 2. gr.

Þegar samningur sá er um ræðir í 1. gr. hefur öðlast gildi að því er Ísland varðar skulu ákvæði hans hafa lagagildi hér á landi.

#### 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 5. júní 1996.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Halldór Ásgrímsson.*

### Fylgiskjal.

## SAMNINGUR um gagnkvæma stjórnsýsluaðstoð í skattamálum.

### INNGANGSORÐ

Aðildarríki Evrópuráðsins og aðildarlönd Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunarinnar (OECD), sem undirritað hafa samning þennan,

líta svo á að sú þróun sem orðið hefur í tilflutningi fólks, fjármagns, varnings og þjónustu milli landa — þótt hún sé í sjálfu sér mjög til góðs — hafi aukið möguleika á að sniðganga skatta og draga undan skatti og því sé þörf aukinnar samvinnu skattyfirvalda;

fagna hinum ýmsu aðgerðum sem gripið hefur verið til á síðari árum meðal þjóða, bæði tvíhliða og marghliða, til að hamlar gegn því að skattar séu sniðgengnir og dregið sé undan skatti á alþjóðavettvangi;

telja samræmdar aðgerðir ríkja nauðsynlegar til að stuðla að hvers kyns stjórnsýsluaðstoð í málum sem varða skatta af öllu tagi, um leið og réttindum skattgreiðenda er tryggð fullnægjandi vernd;

viðurkenna að alþjóðleg samvinna geti haft mikilvægu hlutverki að gegna í því að auðvelda réttar ákvarðanir um skattskyldu og stuðla að því að tryggja réttindi skattgreiðenda;

telja að viðurkenna beri að grundvallarreglur um að hver maður eigi rétt á að réttindi hans og skyldur séu ákvörðuð í samræmi við viðeigandi réttarfarsreglur skuli gilda um skattamálefni í öllum ríkjum og að ríkjum beri að leitast við að vernda réttmæta hagsmuni skattgreiðenda, þar á meðal með viðeigandi vernd gegn mismunun og tvísköttun;

eru því ákveðið þeirrar skoðunar að ríki skuli ekki gera ráðstafanir eða veita upplýsingar nema í samræmi við lög sín og framkvæmdavenjur, með hliðsjón af nauðsyn þess að vernda upplýsingaleynd og með tilliti til alþjóðasamninga um friðhelgi einkalífsins og streymi persónulegra upplýsinga;

óska að gera með sér samning um gagnkvæma stjórnsýsluaðstoð í skattamálum;

hafa komið sér saman um eftirfarandi:

## I. KAFLI Gildissvið samningsins.

### 1. gr.

*Markmið samningsins og aðilar sem hann tekur til.*

1. Aðildarríki skulu veita hvert öðru stjórnsýsluaðstoð í skattamálum, sbr. þó ákvæði IV. kafla. Slík aðstoð getur, þar sem það á við, falið í sér ráðstafanir handhafa dómsvalds.

2. Í slíkri stjórnsýsluaðstoð skal felast:

- a. skipti á upplýsingum, þar á meðal skattrannsóknir sem fram fara samtímis og þátttaka í skattrannsóknnum erlendis;
- b. aðstoð við heimtu, þar með taldar tryggingarráðstafanir; og
- c. birting skjala.

3. Aðildarríki skal veita stjórnsýsluaðstoð hvort sem sá aðili, sem í hlut á, er heimilisfastur eða hefur ríkisfang í aðildarríki eða í einhverju öðru ríki.

### 2. gr.

*Skattar sem samningurinn tekur til.*

1. Samningur þessi tekur til:

a. eftirtalinna skatta:

- i. skatta á tekjur og hagnað,
  - ii. skatta á ágóða af eignum sem lagðir eru á óháð sköttum á tekjur eða hagnað,
  - iii. skatta á hreina eign,
- sem lagðir eru á af hálfu aðildarríkis; og

b. eftirtalinna skatta:

- i. skatta á tekjur, hagnað, ágóða af eignum eða hreina eign sem lagðir eru á af hálfu sjálfstjórnarhéraða eða sveitarstjórna aðildarríkis,
- ii. skyldubundinna almannatryggingagjalda sem greiða ber hinu opinbera eða almannatryggingastofnunum sem komið hefur verið á fót samkvæmt opinberum rétti, og

- iii. annarra flokka skatta, nema tolla, sem lagðir hafa verið á af hálfu aðildarríkis, þ.e.:
- A. skatta á bú, erfðafé eða gjafir,
  - B. skatta á fasteignir,
  - C. almennra neysluskatta, svo sem virðisaukaskatts eða söluskatts,
  - D. sérskatta á vörur og þjónustu, svo sem vörugjalda,
  - E. skatta á notkun eða eignarrétt á vélknúnum ökutækjum,
  - F. skatta á notkun eða eignarrétt á lausafé öðru en vélknúnum ökutækjum,
  - G. allra annarra skatta;
- iv. skatta í flokkum þeim sem greinir í iii-lið hér að framan sem lagðir eru á af hálfu sjálfstjórnarhéraða eða sveitarstjórna aðildarríkis.
2. Gildaðandi skattar, sem samningur þessi tekur til, eru skráðir í viðauka A eftir þeim flokkum sem í 1. mgr. greinir.
3. Samningsaðilar skulu tilkynna aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins eða aðalframkvæmdastjóra OECD (sem hér eftir eru nefndir „vörsluaðilar“) um hverja þá breytingu sem gera ber á viðauka A vegna breytingar á skrá þeirri sem í 2. mgr. greinir. Slík breyting skal öðlast gildi á fyrsta degi næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er vörsluaðili tekur við slíkri tilkynningu.
4. Samningur þessi skal frá gildistöku hans einnig taka til allra skatta sömu eða svipaðrar tegundar sem lagðir eru á í samningsríki eftir að samningurinn öðlast gildi gagnvart því aðildarríki til viðbótar við eða í staðinn fyrir þá skatta sem þegar hafa verið skráðir í viðauka A, og skal viðkomandi aðildarríki í slíkum tilvikum tilkynna öðrum hvorum vörsluaðilanum um skatt þann sem um ræðir.

## II. KAFLI

### Almennar skilgreiningar.

#### 3. gr.

##### *Skilgreiningar.*

1. Í samningi þessum hafa neðangreind hugtök eftirfarandi merkingu nema annað leiði af samhenginu:
- a. hugtakið „beiðniríki“ merkir hvert það aðildarríki sem óskar stjórnsýsluaðstoðar í skattamáli og hugtakið „aðstoðarríki“ merkir hvert það aðildarríki sem beið er að veita slíka aðstoð;
  - b. hugtakið „skattur“ merkir hvern þann skatt eða almannatryggingagjald sem samningur þessi tekur til skv. 2. gr.;
  - c. hugtakið „skattkrafa“ merkir hverja þá skattfjárhæð sem gjaldfallin er og ógreidd, ásamt vöxtum af henni, tilheyrandi stjórnsýslusektum og heimtukostnaði;
  - d. hugtakið „bær stjórnvöld“ merkir aðila þá og stjórnvöld sem skráð eru í viðauka B;
  - e. hugtakið „ríkisborgari“ merkir, er það lýtur að aðildarríki:
    - i. alla þá menn sem hafa ríkisfang í því aðildarríki og
    - ii. alla lögaðila, sameignarfélög, samtök og aðra aðila sem byggja réttarstöðu sína sem slíkir á gildandi lögum þess aðildarríkis.
- Að því er varðar hvert það aðildarríki, sem gefið hefur yfirlýsingu um það, skulu framangreind hugtök hafa þá merkingu sem skilgreind er í viðauka C.
2. Hvað snertir beitingu aðildarríkis á samningi þessum skal hvert það hugtak, sem ekki er þar skilgreint, hafa þá merkingu sem það hefur samkvæmt lögum þess aðildarríkis um þá skatta sem samningur þessi tekur til nema annað leiði af samhenginu.
3. Aðildarríki skulu tilkynna öðrum hvorum vörsluaðilanum um hverja þá breytingu sem gera ber á viðaukum B og C. Skal slík breyting öðlast gildi á fyrsta degi næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er viðkomandi vörsluaðili tekur við slíkri tilkynningu.



### III. KAFLI Eðli aðstoðar.

#### I. hluti.

#### *Upplýsingaskipti.*

##### 4. gr.

#### *Almenn ákvæði.*

1. Aðildarríki skulu skiptast á öllum upplýsingum, einkum þeim sem kveðið er á um í þessum hluta, sem fyrirjábanlega skipta máli varðandi:

- a. álagningu og innheimtu skatta, og heimtu og fullnustu skattkrafna, og
- b. málsókn fyrir stjórnvaldi eða höfðun máls fyrir dómi.

Ekki skal skipt á upplýsingum samkvæmt samningi þessum sem ólíklegt er að skipti máli í þessum tilgangi.

2. Aðildarríki má aðeins nota upplýsingar sem fengnar eru samkvæmt samningi þessum sem sönnunargagn í sakamáli ef aðildarríki það, sem upplýsingarnar veitti, hefur áður heimilað það. Þó geta tvö eða fleiri aðildarríki gert með sér gagnkvæmt samkomulag um að falla frá skilyrðinu um áður veitta heimild.

3. Sérhvert aðildarríki getur í yfirlýsingu til annars hvors vörsluaðilans skýrt frá því að samkvæmt landslögum sé stjórnvöldum þess heimilt að láta mann, sem heimilisfastur er þar í landi eða hefur þar ríkisfang, vita áður en upplýsingar, sem hann varða, eru veittar skv. 5. og 7. gr.

##### 5. gr.

#### *Skipti á upplýsingum samkvæmt beiðni.*

1. Að ósk beiðniríkis skal aðstoðarríki veita beiðniríkinu allar þær upplýsingar sem getið er um í 4. gr. og varða ákveðna aðila eða lögskipti.

2. Nú nægja upplýsingar í skattskrám aðstoðarríkisins ekki til þess að það geti orðið við beiðni um upplýsingar og skal það þá gera allar viðeigandi ráðstafanir til að veita beiðniríkinu þær upplýsingar sem óskað er.

##### 6. gr.

#### *Sjálfkrafa upplýsingaskipti.*

Tvö eða fleiri aðildarríki skulu, innan þeirra málaflokka og samkvæmt þeim starfsháttum sem þau skulu koma sér saman um, skiptast sjálfkrafa á upplýsingum sem getið er í 4. gr.

##### 7. gr.

#### *Skipti á upplýsingum án beiðni.*

1. Við eftirfarandi aðstæður skal aðildarríki veita öðru aðildarríki upplýsingar sem það hefur vitneskju um án undanfarandi beiðni:

- a. ef fyrrnefnda aðildarríkið hefur ástæðu til að ætla að hitt aðildarríkið kunni að verða fyrir skattatapi;
- b. ef skattskyldur aðili fær lækkan eða undanþágu frá skatti í fyrrnefnda aðildarríkinu sem leiða mundi til skattahækkunar eða skattskyldu í hinu aðildarríkinu;
- c. ef lögskipti í atvinnurekstri milli aðila sem skattskyldur er í einu aðildarríki og aðila sem skattskyldur er í öðru aðildarríki fara fram gegnum eitt land eða fleiri á þann hátt að leiða kunni til skattsparnaðar í öðru hvoru aðildarríkinu eða báðum;
- d. ef aðildarríki hefur ástæðu til að ætla að óeðlilegur tilflutningur á hagnaði milli hópa fyrirtækja kunni að leiða til skattsparnaðar;
- e. ef upplýsingar sem fyrrnefnda aðildarríkið hefur fengið frá hinu aðildarríkinu hafa gert því kleift að afla upplýsinga sem máli kunna að skipta varðandi ákvörðun um skattskyldu í síðarnefnda aðildarríkinu.

2. Hvert aðildarríki skal gera þær ráðstafanir og beita þeim aðferðum sem nauðsynlegar eru til að tryggja að upplýsingar þær, sem fjallað er um í 1. mgr., verði tiltækar til miðlunar til annars aðildarríkis.

#### 8. gr.

##### *Skattrannsóknir sem fara fram samtímis.*

1. Tvö eða fleiri aðildarríki skulu að beiðni eins þeirra ráðgast sín á milli til að ákveða í hvaða málum og með hvaða hætti skattrannsóknir, sem fara fram samtímis, skuli eiga sér stað. Hvert aðildarríki, sem í hlut á, skal ákveða hvort það óski þess að taka þátt í tiltekinni skattrannsókn sem fer fram samtímis eða ekki.

2. Í samningi þessum merkir samtímis skattrannsókn tilhögun sem tvö eða fleiri aðildarríki koma á með sér til að rannsaka samtímis, hvort á sínu landsvæði, skattamálefni aðila, eins eða fleiri, sem þeir hafa sameiginlega eða tengda hagsmuni af, í því skyni að skiptast á öllum upplýsingum sem máli skipta og fram koma við rannsóknina.

#### 9. gr.

##### *Skattrannsóknir erlendis.*

1. Að beiðni bærs stjórnvalds beiðniríkis getur bært stjórnvald aðstoðarríkis heimilað fulltrúum hins bæra stjórnvalds beiðniríkisins að vera viðstaddir viðeigandi hluta skattrannsóknar í aðstoðarríkinu.

2. Sé fallist á beiðnina skal hið bæra stjórnvald aðstoðarríkisins tilkynna hinu bæra stjórnvaldi beiðniríkisins eins fljótt og unnt er um stað og stund rannsóknarinnar, um stjórnvald það eða embættismann sem falið hefur verið að gera rannsóknina og um aðferðir og skilyrði sem uppfylla þarf í aðstoðarríkinu við framkvæmd rannsóknarinnar. Allar ákvarðanir, er lúta að framkvæmd skattrannsóknarinnar, skulu teknar af aðstoðarríkinu.

3. Aðildarríki getur tjáð öðrum hvorum vörsluaðilanum um þá fyrirætlun sína að fallast almennt ekki á slíkar beiðnir sem í 1. mgr. ræðir. Slíka yfirlýsingu má gefa eða afturkalla hvenær sem er.

#### 10. gr.

##### *Ósamrýmanlegar upplýsingar.*

Nú fær aðildarríki upplýsingar um skattamálefni aðila frá öðru aðildarríki sem ekki virðast samrýmast upplýsingum sem það hefur undir höndum og skal hann þá tilkynna það því aðildarríki sem upplýsingarnar veitti.

#### II. hluti.

##### *Aðstoð við heimtu.*

#### 11. gr.

##### *Heimta skattkrafna.*

1. Að ósk beiðniríkis skal aðstoðarríki gera nauðsynlegar ráðstafanir til að heimta skattkröfur fyrrnefnda ríkisins eins og þær væru kröfur þess sjálfs, sbr. þó ákvæði 14. og 15. gr.

2. Ákvæði 1. mgr. tekur einungis til skattkrafna sem með skjali hefur verið veitt heimild til fullnustu á í beiðniríkinu og, hafi viðkomandi aðildarríki ekki komið sér saman um annað, sem ekki er mótmælt.

Beinist krafan hins vegar gegn aðila sem ekki er heimilisfastur í beiðniríkinu á 1. mgr. aðeins við ef kröfunni verður ekki lengur mótmælt, hafi viðkomandi aðildarríki ekki komið sér saman um annað.

3. Skyldan til að veita aðstoð við heimtu skattkrafna sem varða látinn mann eða dánarbú hans takmarkast við verðmæti búsins eða eigna þeirra sem falla í hlut hvers viðtakanda

verðmæta úr búinu, eftir því hvort kröfuna skuli heimta hjá búinu eða hjá þeim sem veitt hafa viðtöku verðmætum úr því.

## 12. gr.

*Tryggingarráðstafanir.*

Að ósk beiðniríkis skal aðstoðarríki gera tryggingarráðstafanir með það fyrir augum að heimta skattfjárhæð, jafnvel þótt kröfunni sé mótmælt eða ekki sé enn fyrir hendi skjal er heimili fullnustu hennar.

## 13. gr.

*Skjöl er fylgja skulu beiðni.*

1. Beiðni um stjórnsluástoð samkvæmt þessum hluta skulu fylgja:

a. yfirlýsing um að skattkrafan varði skatt er samningur þessi tekur til og, sé um heimtu að ræða, um að skattkröfunni hafi ekki verið eða verið ekki mótmælt, sbr. þó 2. mgr.

11. gr.;

b. staðfest endurrit skjals þess er heimilar fullnustu í beiðniríkinu; og

c. sérhver þau skjöl önnur sem þörf er á vegna heimtu eða tryggingarráðstafana.

2. Skjal það, er veitir heimild til fullnustu í beiðniríkinu, skal, þar sem við á og samkvæmt ákvæðum þeim er gilda í aðstoðarríkinu, samþykkt eða viðurkennt eða það stutt eða leyst af hólmi með skjali sem heimilar fullnustu í síðarnefnda ríkinu svo fljótt sem unnt er eftir að beiðni um ástoð er móttekin.

## 14. gr.

*Frestir.*

1. Úr álitaeftum varðandi fresti, sem gilda um hvenær skattkröfu verður ekki lengur fullnægt, skal leyst samkvæmt lögum beiðniríkisins. Í beiðni um ástoð skulu tilgreindar upplýsingar um þann frest.

2. Heimtuaðgerðir er aðstoðarríkið lætur fram fara vegna beiðni um ástoð, sem samkvæmt lögum þess ríkis mundu slíta eða rjúfa frest þann er í 1. mgr. greinir, skulu einnig hafa þau áhrif samkvæmt lögum beiðniríkisins. Aðstoðarríkið skal veita beiðniríkinu vitneskju um slíkar aðgerðir.

3. Aðstoðarríkinu er ekki í neinu tilviki skylt að sinna beiðni um ástoð sem borin er fram eftir að 15 ár eru liðin frá dagsetningu hins upphaflega skjals sem heimilar fullnustu.

## 15. gr.

*Forgangur.*

Skattkrafa sú, sem ástoð er veitt til heimta á, skal ekki hafa neinn forgang í aðstoðarríkinu sem skattkröfum þess ríkis er sérstaklega veittur, enda þótt beitt sé sömu heimtuaðferðum og gilda um skattkröfur þess sjálfs.

## 16. gr.

*Greiðslufrestur.*

Aðstoðarríkið getur veitt greiðslufrest eða heimilað greiðslu með afborgunum ef lög þess eða stjórnsluvenjur heimila það við svipaðar aðstæður, en fyrst skal það upplýsa beiðniríkið um það.

## III. hluti.

*Birting skjala.*

## 17. gr.

*Birting skjala.*

1. Að ósk beiðniríkis skal aðstoðarríki birta viðtakanda skjöl, þar á meðal þau sem varða dómsúrskurði, sem upprunnin eru í beiðniríkinu og varða skatt sem samningur þessi tekur til.

2. Aðstoðarríkið skal birta skjöl:

- með þeim hætti sem kveðið er á um í lögum þess um birtingu skjala sem eru að verulegu leyti sama eðlis;
- að svo miklu leyti sem unnt er, með sérstökum hætti sem beiðniríkið óskar eftir eða þeim hætti sem næst honum kemst samkvæmt lögum þess sjálfs.

3. Aðildarríki getur birt aðila skjal beint með pósti á landsvæði annars aðildarríkis.

4. Ekkert í samningi þessum skal túlka þannig að það valdi ógildingu birtingar á skjali af hálfu aðildarríkis sem fram hefur farið í samræmi við lög þess.

5. Nú er skjal birt samkvæmt grein þessari og þarf þá ekki að fylgja því þýðing. Þó skal aðstoðarríkið, þegar það telur sýnt að viðtakandi skilji ekki það tungumál sem skjalið er ritað á, hlutast til um að fá það þýtt eða að gerður verði af því útdráttur á opinberu tungumáli þess eða einu þeirra. Að öðrum kosti getur það farið þess á leit við beiðniríkið að það láti annaðhvort þýða skjalið eða láti fylgja því útdrátt á einu hinna opinberu tungumála aðstoðarríkisins, Evrópuráðsins eða OECD.

## IV. KAFLI

**Ákvæði er lúta að hvers konar aðstoð.**

## 18. gr.

*Upplýsingar er beiðniríki skal veita.*

1. Í beiðni um aðstoð skal tilgreina, þar sem við á:

- stjórnvald það eða stofnun sem átti frumkvæði að beiðni hins bæra stjórnvalds;
- nafn, heimilisfang og öll önnur atriði er orðið geta til hjálpar við að staðfesta hver sá er sem beiðnin lýtur að;
- sé um beiðni um upplýsingar að ræða, í hvaða formi beiðniríkið óskar að þær séu veittar til að þörfum þess sé fullnægt;
- sé um beiðni um heimtúaðstoð eða tryggingarráðstafanir að ræða, eðli skattkröfunnar, sundurliðun hennar og eignir þær er staðið geta henni til fullnustu;
- sé um beiðni um birtingu skjals að ræða, eðli og efni skjals þess er birta skal;
- hvort hún samræmist lögum og stjórnsluvenjum beiðniríkisins og hvort hún sé réttmæt í ljósi skilyrða 19. gr.

2. Um leið og einhverjar aðrar upplýsingar, sem máli skipta varðandi beiðni um aðstoð, koma til vitundar beiðniríkinu skal það framsenda þær aðstoðarríkinu.

## 19. gr.

*Möguleiki á að synja beiðni.*

Aðstoðarríki er ekki skylt að fallast á beiðni ef beiðniríkið hefur ekki neytt allra þeirra úrræða sem tiltæk eru á landsvæði þess nema það væri of miklum erfiðleikum bundið að grípa til slíkra úrræða miðað við aðstæður.

**Endurprentað blað.**

## 20. gr.

*Svar við beiðni um aðstoð.*

1. Sé fallist á beiðni um aðstoð skal aðstoðarríkið tjá beiðniríkinu svo fljótt sem unnt er til hvaða aðgerða hefur verið gripið og hvern árangur aðstoðin hefur borið.
2. Sé beiðni hafnað skal aðstoðarríkið svo fljótt sem unnt er tjá beiðniríkinu þá ákvörðun og ástæður hennar.
3. Nú hefur beiðniríkið í tengslum við beiðni um upplýsingar tilgreint með hvaða hætti það óskar eftir að upplýsingarnar séu veittar og aðstoðarríkið hefur tök á að veita þær með þeim hætti og skal það þá verða við því.

## 21. gr.

*Persónuvernd og takmarkanir aðstoðarskyldu.*

1. Ekkert í samningi þessum skal hafa áhrif á réttindi eða réttarvernd sem aðilum er veitt samkvæmt lögum eða stjórnsluvenjum aðstoðarríkisins.
2. Með þeirri undantekningu sem í 14. gr. getur skulu ákvæði samnings þessa ekki túlkun þannig að lögð sé á aðstoðarríkið skylda til að:
  - a. gera ráðstafanir sem ekki samrýmast lögum eða stjórnsluvenjum þess sjálfs eða lögum eða stjórnsluvenjum beiðniríkisins;
  - b. gera ráðstafanir sem það telur andstæðar allsherjarreglu (ordre public) eða grundvallarhagsmunum sínum;
  - c. veita upplýsingar sem ekki er unnt að afla samkvæmt lögum eða stjórnsluvenjum þess sjálfs eða lögum eða stjórnsluvenjum beiðniríkisins.
  - d. veita upplýsingar sem afhjúpa mundu leyndarmál á sviði viðskipta, kaupsýslu, verslunar eða sérfræðistarfa, eða viðskiptaferli, eða upplýsingar sem væri andstætt allsherjarreglu (ordre public) eða grundvallarhagsmunum þess að láta uppi;
  - e. veita stjórnsluáðstoð ef og að svo miklu leyti sem það telur skattlagninguna í beiðniríkinu vera andstæða meginreglum um skattlagningu eða ákvæðum samnings til að komast hjá tvísköttun eða einhvers annars samnings sem aðstoðarríkið hefur gert við beiðniríkið;
  - f. veita aðstoð ef beiting samnings þessa ylli mismunun milli ríkisborgara aðstoðarríkisins og ríkisborgara beiðniríkisins við sömu aðstæður.

## 22. gr.

*Leynd.*

1. Öllum upplýsingum, sem aðildarríki fær samkvæmt samningi þessum, skal haldið leyndum á sama hátt og upplýsingum sem fengnar eru samkvæmt lögum þess sjálfs, eða samkvæmt kröfum um leynd sem gilda í því aðildarríki sem upplýsingarnar veitir ef þær kröfur eru strangari.
2. Hvað sem öðru líður skulu slíkar upplýsingar aðeins látnar í té aðilum eða yfirvöldum (þar á meðal dómstólum og stjórnslu- eða eftirlitsaðilum) sem starfa við að leggja á, innheimta eða heimta skatta hjá því aðildarríki eða leita fullnustu, lögsækja eða ákvarða um áfrýjun vegna þeirra. Aðeins framangreindir aðilar eða yfirvöld mega nota þessar upplýsingar og þá aðeins í framangreindum tilgangi. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. mega þeir láta þær uppi í opnum réttarhöldum eða í dómsúrlausnum varðandi þá skatta hafi bær stjórnvöld þess aðildarríkis, sem upplýsingarnar lét í té, áður heimilað það. Þó geta tvö eða fleiri aðildarríki gert með sér gagnkvæmt samkomulag um að falla frá skilyrðinu um áður veitta heimild.
3. Hafi aðildarríki gert þann fyrirvara sem í a-lið 1. mgr. 30. gr. greinir skal ekkert annað aðildarríki, sem fær frá því upplýsingar, nota þær um skatta í flokki sem fellur undir fyr-

irvarann. Á sama hátt skal það aðildarríki, sem fyrirvarann gerði, ekki nota upplýsingar, sem fengnar eru samkvæmt samningi þessum, um skatta í flokki sem fellur undir fyrirvarann.

4. Þrátt fyrir ákvæði 1., 2. og 3. mgr. getur aðildarríki, sem fær upplýsingar, notað þær í öðrum tilgangi þegar nota má þær upplýsingar í þeim sama tilgangi samkvæmt lögum þess aðildarríkis sem þær veitti og bært stjórnvald þess aðildarríkis heimilar þá notkun. Upplýsingar, sem eitt aðildarríki hefur veitt öðru aðildarríki, má síðarnefnda ríkið framsenda þriðja aðildarríkinu, enda hafi bært stjórnvald fyrstnefnda ríkisins áður veitt til þess heimild.

### 23. gr.

#### *Rekstur máls.*

1. Mál varðandi ráðstafanir, sem aðstoðarríkið hefur gripið til samkvæmt samningi þessum, skal aðeins borið fyrir viðeigandi stofnun þess ríkis.

2. Mál varðandi ráðstafanir sem beiðniríkið hefur gripið til samkvæmt samningi þessum, einkum þau sem á sviði heimtu lúta að tilvist eða fjárhæð skattkröfunnar eða að skjali því sem heimilar fullnustu hennar, skulu einungis borin fyrir viðeigandi stofnun þess ríkis. Nú er það gert og skal beiðniríkið þá upplýsa aðstoðarríkið um það sem þá skal fresta mála-rekstrinum meðan beiðið er ákvörðunar viðkomandi stofnunar. Þó skal aðstoðarríkið, ef beiðniríkið óskar þess, grípa til tryggingarráðstafana til að tryggja heimtu. Einnig getur hver sá aðili, sem hagsmuna hefur að gæta, upplýst aðstoðarríkið um slíkan málarekstur. Er slíkar upplýsingar berast skal aðstoðarríkið, ef þörf krefur, ráðfæra sig við beiðniríkið um málið.

3. Jafnskjótt og lokaákvörðun í máli hefur verið tekin skal aðstoðarríkið eða beiðniríkið, eftir því sem við á, tilkynna hinu ríkinu um ákvörðunina og hvaða áhrif hún hafi á aðstoðarbeiðnina.

## V. KAFLI

### Sérstök ákvæði.

#### 24. gr.

#### *Framkvæmd samningsins.*

1. Samskipti aðildarríkja vegna framkvæmdar samnings þessa skulu fara fram á milli bærra stjórnvalda aðildarríkjanna. Hin bæru stjórnvöld geta haft beint samband í þessu skyni og geta heimilað lægra settum stjórnvöldum að koma fram fyrir sína hönd. Bær stjórnvöld tveggja eða fleiri aðildarríkja geta gert með sér gagnkvæmt samkomulag um hvernig beita skuli samningnum þeirra á milli.

2. Nú telur aðstoðarríki að beiting samnings þessa mundi í einstöku máli hafa alvarlegar og óæskilegar afleiðingar og skulu þá bær stjórnvöld aðstoðarríkisins og beiðniríkisins bera saman ráð sín og leitast við að leysa það með gagnkvæmu samkomulagi.

3. Samræmingarnefnd, sem skipuð skal fulltrúum bærra stjórnvalda aðildarríkjanna, skal fylgjast með framkvæmd og þróun samnings þessa á vegum OECD. Í því skyni skal samræmingarnefndin gera tillögur um sérhverjar þær aðgerðir sem líklegar eru til að ná fram markmiðum samnings þessa. Hún skal einkum vera vettvangur til athugunar á nýjum leiðum og aðferðum til að auka alþjóðasamvinnu í skattamálum og getur hún lagt til endurskoðun eða breytingar á samningi þessum eftir því sem við á. Ríki, sem undirritað hafa samning þennan en enn ekki fullgilt hann, viðurkennt eða samþykkt, eiga rétt á að senda áheyrnarfulltrúa á fundi nefndarinnar.

4. Aðildarríki getur beiðið samræmingarnefndina að láta í té álitserðir um túlkun ákvæða samningsins.

5. Nú kemur upp ágreiningur eða vafi milli tveggja eða fleiri aðildarríkja um framkvæmd eða túlkun samningsins og skulu þá bær stjórnvöld þessara aðildarríkja leitast við að leysa málið með gagnkvæmu samkomulagi. Skýra skal samræmingarnefndinni frá samkomulaginu.

6. Aðalframkvæmdastjóri OECD skal skýra aðildarríkjum og þeim ríkjum, er undirritað hafa samninginn en enn ekki fullgilt hann, viðurkennt eða samþykkt, frá álitserðum sem samræmingarnefndin hefur látið í té samkvæmt ákvæðum 4. mgr. þessarar greinar og frá gagnkvæmu samkomulagi sem gert er skv. 5. mgr. þessarar greinar.

25. gr.

*Tungumál.*

Beiðnir um aðstoð og svör við þeim skulu rituð á einu hinna opinberu tungumála OECD og Evrópuráðsins, eða á hverju því tungumáli öðru sem viðkomandi samningsríki verða bæði ásátt um.

26. gr.

*Kostnaður.*

Verði viðkomandi aðildarríki ekki ásátt um annað skal:

- a. aðstoðarríkið bera venjulegan kostnað af aðstoð;
- b. beiðniríkið bera sérstakan kostnað af aðstoð.

**VI. KAFLI**

**Lokaákvæði.**

27. gr.

*Aðrir alþjóðasamningar eða önnur skipan mála.*

1. Möguleikar þeir til aðstoðar, sem samningur þessi kveður á um, skulu ekki takmarka möguleika samkvæmt núgildandi eða síðari alþjóðasamningum eða annarri skipan mála milli viðkomandi aðildarríkja, eða öðrum samningum sem varða samvinnu í skattamálum, né sæta takmörkunum af þeim.

2. Þrátt fyrir ákvæði samnings þessa skulu þau aðildarríki, sem aðild eiga að Efnahagsbandalagi Evrópu, beita þeim sameiginlegu reglum sem gilda innan þess bandalags í samskiptum sínum.

28. gr.

*Undirritun og gildistaka samningsins.*

1. Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar af hálfu aðildarríkja Evrópuráðsins og aðildarlanda OECD. Hann er háður fullgildingunni, viðurkenningunni eða samþykkingunni. Fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykkisskjali skal koma í vörslu hjá öðrum hvorum vörsluaðilanum.

2. Samningur þessi öðlast gildi á fyrsta degi næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er fimm ríki hafa lýst því yfir að þau vilji vera bundin af samningnum samkvæmt ákvæðum 1. mgr.

3. Gagnvart hverju aðildarríki Evrópuráðsins og hverju aðildarlandi OECD, sem síðar lýsir því yfir að það vilji vera bundið af samningnum, skal hann öðlast gildi á fyrsta degi næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykkisskjali er komið í vörslu.

## 29. gr.

*Landsvæði sem samningurinn tekur til.*

1. Hvert ríki getur, þegar undirritun fer fram eða þegar það kemur fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykkisskjali sínu í vörslu, tilgreint það eða þau landsvæði sem samningur þessi skal taka til.

2. Sérhvert ríki getur, hvenær sem er síðar með yfirlýsingu til annars hvors vörsluaðilans, fært út gildissvið samnings þessa til sérhvers annars landsvæðis sem þar er tilgreint. Að því er slík landsvæði varðar skal samningurinn öðlast gildi á fyrsta degi næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er vörsluaðili tekur við slíkri yfirlýsingu.

3. Hverja þá yfirlýsingu, sem gefin er samkvæmt annarri hvorri málsgreininni hér að framan, má, að því er það landsvæði varðar sem þar er tilgreint, afturkalla með tilkynningu til annars hvors vörsluaðilans. Skal afturköllunin öðlast gildi á fyrsta degi næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er vörsluaðilinn tekur við tilkynningunni.

## 30. gr.

*Fyrirvarar.*

1. Sérhvert ríki getur, þegar undirritun fer fram eða þegar það kemur fullgildingar-, viðurkenningar- eða samþykkisskjali sínu í vörslu, eða hvenær sem er eftir það, lýst því yfir að það áskilji sér rétt til:

- a. að veita enga aðstoð sem lýtur að sköttum annarra aðildarríkja í þeim flokkum sem tilgreindir eru í b-lið 1. mgr. 2. gr., enda hafi það ekki tilgreint neinn eigin skatt úr þeim flokki í viðauka A við samninginn;
- b. að veita ekki aðstoð við heimtu skattkröfu eða stjórnsýslusektar vegna neinna skatta, eða aðeins vegna skatta í einum flokki eða fleirum sem tilgreindir eru í 1. mgr. 2. gr.;
- c. að veita ekki aðstoð varðandi neina skattkröfu sem í gildi er þann dag er samningurinn öðlast gildi gagnvart því ríki, eða, hafi fyrirvari áður verið gerður skv. a- eða b-lið hér að framan, þann dag er fyrirvarinn er afturkallaður hvað varðar skatta í viðkomandi flokki;
- d. að veita ekki aðstoð við birtingu skjala vegna neinna skatta, eða aðeins vegna skatta í einum flokki eða fleirum sem tilgreindir eru í 1. mgr. 2. gr.;
- e. að leyfa ekki birtingu skjala með pósti eins og kveðið er á um í 3. mgr. 17. gr.

2. Aðra fyrirvara má ekki gera.

3. Eftir að samningurinn hefur öðlast gildi gagnvart aðildarríki getur það gert einn eða fleiri þeirra fyrirvara sem tilgreindir eru í 1. mgr. og hann gerði ekki þegar fullgilding, viðurkenning eða samþykkt átti sér stað. Slíkur fyrirvari öðlast gildi á fyrsta degi næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er annar hvor vörsluaðilinn tekur við fyrirvaranum.

4. Hvert það aðildarríki, sem gert hefur fyrirvara skv. 1. eða 3. mgr., getur afturkallað hann að öllu leyti eða að hluta með tilkynningu til annars hvors vörsluaðilans. Afturköllunin öðlast gildi á þeim degi er viðkomandi vörsluaðili tekur við tilkynningunni.

5. Aðildarríki, sem gert hefur fyrirvara við ákvæði í samningi þessum, getur ekki krafist þess að neitt annað aðildarríki beiti því ákvæði, en þó getur það, ef um fyrirvara að hluta er að ræða, krafist þess að ákvæðinu verði beitt að svo miklu leyti sem það hefur samþykkt það sjálft.

## 31. gr.

*Uppsögn.*

1. Sérhvert aðildarríki getur hvenær sem er sagt upp samningi þessum með tilkynningu til annars hvors vörsluaðilans.



2. Slík uppsögn skal öðlast gildi á fyrsta degi næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er vörsluaðilinn tekur við tilkynningunni.

3. Sérhvert aðildarríki, sem segir upp samningnum, skal áfram bundið af ákvæðum 22. gr. svo lengi sem það hefur í vörslum sínum skjöl eða upplýsingar sem fengist hafa samkvæmt samningi þessum.

### 32. gr.

#### *Vörsluaðilar og störf þeirra.*

1. Vörsluaðili sá, sem aðgerð er beint til eða tilkynningu eða orðsendingu hefur verið komið á framfæri við, skal tilkynna aðildarríkjum Evrópuráðsins og aðildarlöndum OECD um:

- a. allar undirritanir;
- b. afhendingu allra fullgildingar-, viðurkenningar- og samþykktarskjala;
- c. alla gildistökdaga samnings þessa samkvæmt ákvæðum 28. og 29. gr.;
- d. allar yfirlýsingar sem gefnar eru samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 4. gr. eða 3. mgr. 9. gr., svo og afturkallanir allra slíkra yfirlýsinga;
- e. alla fyrirvara sem gerðir eru samkvæmt ákvæðum 30. gr. og allar afturkallanir fyrirvara sem gerðar eru samkvæmt ákvæðum 4. mgr. 30. gr.;
- f. allar tilkynningar sem mótteknar eru samkvæmt ákvæðum 3. eða 4. mgr. 2. gr., 3. mgr. 3. gr., 29. gr. eða 1. mgr. 31. gr.;
- g. allar aðrar aðgerðir, tilkynningar og orðsendingar sem samning þennan varða.

2. Vörsluaðili sá, sem tekur við orðsendingu eða annast tilkynningu samkvæmt ákvæðum 1. mgr., skal þegar upplýsa hinn vörsluaðilann um það.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Strassborg 25. janúar 1988, í jafngildum textum á ensku og frönsku, í tveimur eintökum og skal annað þeirra varðveitt í skjalasafni Evrópuráðsins en hitt í skjalasafni OECD. Aðalframkvæmdastjórn Evrópuráðsins og OECD skulu senda staðfest endurrit til hvers aðildarríkis Evrópuráðsins og aðildarlands OECD.

### VIÐAUKI A

#### **Skattar sem samningurinn tekur til.**

(2. mgr. 2. gr. samningsins.)

#### **Ísland.**

A-liður 1. mgr. 2. gr.:

- i. tekjuskattur til ríkisins, sérstakur tekjuskattur til ríkisins;
- ii. eignarskattur til ríkisins, sérstakur eignarskattur til ríkisins;
- iii. tekju- og eignarskattur innlánsstofnana.

## B-liður 1. mgr. 2. gr.:

- i. útsvar til sveitarfélaga;
- ii. tryggingagjald,  
gjald í framkvæmdasjóð aldraðra;
- iii. A. erfðafjárskattur;
- B. fasteignaskattur sveitarfélaga,  
sérstakur skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði;
- C. virðisaukaskattur,  
vörugjald;
- D. skemmtanaskattur,  
flugvallarskattur,  
skilagjald á einnota umbúðir fyrir drykkjarvörur,  
höfundarréttargjald;
- E. bifreiðagjald,  
þungaskattur,  
veggjald,  
bensíngjald,  
sérstakt gjald af bifreiðum og bifhjólum;
- F. iðnaðarmálagjald,  
Iðnlánasjóðsgjald,  
markaðsgjald;
- G. skipulagsgjald,  
stimpilgjald,  
skipagjald,  
vitagjald.

## VIÐAUKI B

**Bær stjórnvöld.**

(D-liður 1. mgr. 3. gr. samningsins.)

**Ísland.**

Hugtakið „bært stjórnvald“ merkir: Fjármálaráðherra eða umboðsmann hans.

## VIÐAUKI C

**Skilgreining hugtaksins „ríkisborgari“ að því  
er samning þennan varðar.**

(E-liður 1. mgr. 3. gr. samningsins.)

**Ísland.**

Hugtakið „ríkisborgari“ merkir:

Menntamálaráðherra skipar samstarfsnefnd um starfsnám á framhaldsskólastigi til fjögurra ára í senn. Nefndin skal skipuð 18 fulltrúum, þar af 12 tilnefndum af eftirtöldum aðilum atvinnulífs: fimm frá Alþýðusambandi Íslands, þar af skal einn vera fulltrúi nema, einn frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, fimm frá Vinnuveitendasambandi Íslands og einn frá Vinnumálasambandi samvinnufélaga. Leitast skal við að fulltrúar atvinnulífsins komi úr sem flestum atvinnugreinum. Auk þess sitja í nefndinni einn fulltrúi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, tveir fulltrúar tilnefndir sameiginlega af samtökum kennara og skólustjórnenda, og skal annar þeirra vera starfsmenntakennari en hinn stjórnandi starfsmenntaskóla, og þrír fulltrúar skipaðir án tilnefningar. Menntamálaráðherra skipar formann nefndarinnar.

Samtök atvinnurekenda, launþega og sveitarfélaga greiða kostnað af störfum fulltrúa sinna í samstarfsnefndinni en menntamálaráðuneytið greiðir kostnað af störfum fulltrúa menntamálaráðherra og leggur nefndinni til skrifstofuþjónustu.

## 27. gr.

Samstarfsnefnd um starfsnám á framhaldsskólastigi stuðlar að tengslum skóla og atvinnulífs og er menntamálaráðherra til ráðuneytis um stefnumótun í starfsnámi og setningu almennra reglna um skipan og framkvæmd starfsnáms. Nefndin gerir tillögur um skipan starfsgreina í starfsgreinaflokkum í samráði við samtök atvinnurekenda og launþega í viðkomandi greinum, forgangsráðun verkefna í starfsnámi, svo og sérstakar tilraunir og þróunarverkefni. Nefndin setur sér starfsreglur sem öðlast gildi við staðfestingu menntamálaráðherra.

## 28. gr.

Menntamálaráðherra skipar til fjögurra ára í senn starfsgreinaráð fyrir starfsgreinaflokkum eða starfsgreinar. Í starfsgreinaráði skulu eiga sæti fulltrúar tilnefndir af samtökum atvinnurekenda og launþega í viðkomandi starfsgreinum og einn fulltrúi menntamálaráðherra.

Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Allar starfsgreinar, sem njóta fræðslu á framhaldsskólastigi, skulu eiga kost á fulltrúaaðild að starfsgreinaráði og skal gætt jafnræðis milli fulltrúa atvinnurekenda og launþega. Formaður skal kjörinn úr hópi fulltrúa til tveggja ára í senn. Ef ekki tekst að skipa starfsgreinaráð er menntamálaráðherra heimilt að skipa tímabundið sérstaka starfshópa til að sinna verkefnum starfsgreinaráðs.

Samtök atvinnurekenda og launþega greiða kostnað af störfum fulltrúa sinna í starfsgreinaráði og menntamálaráðuneytið greiðir kostnað af störfum fulltrúa menntamálaráðherra og af sérfræðilegri vinnu við námskrárgerð.

#### 29. gr.

Starfsgreinaráð skilgreinir þarfir starfsgreina fyrir kunnáttu og hæfni starfsmanna og setur fram markmið starfsnáms.

Starfsgreinaráð gerir tillögur um uppbyggingu starfsnáms og námskrá í sérgreinum viðkomandi starfsnáms, svo og um tilhögun námsmats, þar með talin sveinspróf og eftirlit með gæðum kennslu og námsefnis. Það gerir einnig tillögur að skiptingu náms í skóla og á vinnustað, svo og reglum um vinnustaðanám, viðurkenningu á vinnustöðum til að taka nema í starfsþjálfun eða á námssamning og aðstöðu, búnað og kennarakost skóla sem annast starfsnám.

Starfsgreinaráð skal hafa frumkvæði að tillögugerð um breytta skipan náms og vera stjórnvöldum til ráðuneytis í málum er varða menntun í starfsgreinum er undir ráðið heyra.

Að fengnum tillögum starfsgreinaráðs gefur menntamálaráðherra út námskrá í sérgreinum starfsnáms sem hluta af aðalnámskrá framhaldsskóla og reglur um framkvæmd starfsnáms í einstökum starfsgreinum.

#### 30. gr.

Til að stuðla að sem bestu samstarfi skóla og atvinnulífs og ýta undir frumkvæði þeirra við þróun starfsnáms er skólanefnd heimilt að setja á fót eina eða fleiri ráðgjafarnefndir við skóla með fulltrúum atvinnulífs í viðkomandi byggðarlagi og skal gætt jafnræðis milli fulltrúa atvinnurekenda og launþega. Skólar leiti til starfsgreinaráða um tilnefningar fulltrúa í ráðgjafarnefndir í byggðarlagi.

#### 31. gr.

Menntamálaráðherra getur, að fenginni umsögn starfsgreinaráðs og stofnaðila, gert framhaldsskóla eða deild í framhaldsskóla að kjarnaskóla um lengri eða skemmri tíma. Í samráði við starfsgreinaráð hefur kjarnaskóli forgöngu um að þróa námsefni, námsskipan og kennsluáferðir í starfsnámi og aðstoðar aðra skóla og fyrirtæki við umbætur í kennslu og þjálfun á viðkomandi sviði.

Í samningi, er menntamálaráðherra gerir við þá stofnun er tekur að sér hlutverk kjarnaskóla, skal verkefnið skilgreint, stjórnun þess, lengd samningstíma og hvernig úttekt þess skuli háttáð. Hagsmunaaðilar á vinnumarkaði geta átt aðild að slíkum samningi.

#### 32. gr.

Verknám og starfsþjálfun á vinnustað byggist á ákvæðum aðalnámskrár og reglum um vinnustaðanám í viðkomandi starfsgrein. Um vinnustaðanám skal gera sérstakan starfsþjálfunarsamning milli skóla og vinnustaðar eða námssamning milli nema og vinnuveitanda.

Námssamningur skal undirritaður við upphaf vinnustaðanáms og staðfestur innan eins mánaðar. Þar skal tilgreindur reynslu- og gildistími samningsins. Ákvæði um laun og önnur

starfskjör skulu vera í samræmi við gildandi kjarasamninga að því er varðar nema í viðkomandi starfsnámi.

Í reglugerð, sem menntamálaráðherra setur, skulu vera ákvæði um starfsþjálfunarsamninga. Þar skal einnig kveðið á um form, staðfestingu og skráningu námssamninga, svo og samningsslit og meðferð ágreiningsefna er upp kunna að koma varðandi framkvæmd samnings. Áður en reglugerð þessi er sett skal leitað umsagnar aðila vinnumarkaðar og samtaka nemenda.

## X. KAFLI

### Fullorðinsfræðsla og endurmenntun.

#### 33. gr.

Menntamálaráðherra getur heimilað framhaldsskóla að bjóða nám í öldungaeildum. Nám í öldungaeildum skal vera jafngilt námi á einstökum námsleiðum framhaldsskólans, en skipulagning náms og kennsluhættir taki mið af því að um fullorðna nemendur er að ræða.

Fyrir kennslu í slíku námi skulu nemendur greiða gjald sem nemur sem næst þriðjungi kennslulauna. Menntamálaráðherra setur reglur um hlutdeild öldungaeildarnemenda í efniskostnaði. Nánari ákvæði um þessa starfsemi skulu sett í reglugerð.

#### 34. gr.

Framhaldsskóla er heimilt, með samþykki menntamálaráðherra, að starfrækja endurmenntunarnámskeið eða annars konar nám í samráði eða samvinnu við faggreinafélög, stéttarfélag, atvinnurekendur eða aðra hagsmuna- eða áhugahópa, t.d. með farskólasniði.

Halda skal kostnaði vegna þessara námskeiða aðgreindum frá öðrum rekstri skólans og skal hann greiddur að fullu af þeim aðilum er að námskeiðum standa með skólanum eða með þáttökugjöldum.

Gera skal samning milli samstarfsaðila og skólans þar sem gengið er frá fyrirkomulagi og full greiðsla kostnaðar tryggð.

#### 35. gr.

Framhaldsskóla er heimilt með samþykki menntamálaráðherra að stofna, í samvinnu við sveitarfélög, faggreinafélög, stéttarfélög, atvinnurekendur eða aðra hagsmuna- og áhugahópa, fullorðinsfræðslumiðstöð, sbr. 33. og 34. gr. Samstarfsaðilar skulu gera með sér samning um starfsemina. Nánari ákvæði um þessa starfsemi skal setja í reglugerð.

## XI. KAFLI

### Skólasafn.

#### 36. gr.

Í öllum framhaldsskólum skal vera skólasafn. Hlutverk þess er að vera upplýsingamiðstöð fyrir nemendur og kennara. Það skal búið bókum og nýsigögnum auk annars safnkosts sem tengist kennslugreinum skóla. Í tengslum við húsnæði skólasafns skal vera lesaðstaða með aðgangi að upplýsingaritum á skólasafni.

Í starfsemi skólasafns skal leggja áherslu á að þjálfar nemendur í sjálfstæðri leit upplýsinga og notkun gagnabanka.

## XII. KAFLI

**Stofnun og bygging framhaldsskóla.**

## 37. gr.

Ríki eða sveitarfélög, eitt eða fleiri, geta haft frumkvæði að stofnun nýs framhaldsskóla en skóli verður þó eigi stofnaður nema með samþykki Alþingis. Ákvæði þetta á þó ekki við um skóla sem stofnaðir kunna að verða samkvæmt ákvæðum 41. gr.

Standi ríki og sveitarfélag/sveitarfélög sameiginlega að stofnun framhaldsskóla skal gera samning milli aðila um nýframkvæmdir, stofnbúnað og endurbyggingu húsnæðis sem ríki og sveitarfélög samþykkja að standa að vegna framhaldsskóla. Þar skulu m.a. vera ákvæði um stjórn framkvæmda, byggingarhraða og greiðslustreymi. Heimilt er að fela sveitarfélögum, sem aðild eiga að framhaldsskóla, að fara með undirbúning og umsjón með byggingarframkvæmdum.

Samningar um framkvæmdir skulu undirritaðir af menntamálaráðherra og fjármálaráðherra annars vegar og hlutaðeigandi sveitarstjórn eða sveitarstjórnnum hins vegar. Fjármálaráðherra skal kynna fjárlaganefnd slíka samninga.

Kostnaður við byggingarframkvæmdir, aðrar framkvæmdir á lóð og stofnbúnað framhaldsskóla og heimavista við þá skiptist þannig að ríkissjóður greiðir 60% áætlaðs kostnaðar samkvæmt viðmiðunarreglum (normkostnaður) þegar sveitarfélag eða sveitarfélög annast undirbúning og verkframkvæmd. Hlutur sveitarfélags eða sveitarfélaga er þá sá hluti kostnaðar sem ríkissjóður greiðir ekki. Lóðir undir framhaldsskóla skulu sveitarfélög leggja til án kvaða eða gjalda. Þegar ríkissjóður ber ábyrgð á undirbúningi verks og stjórnar framkvæmdum, án íhlutunar sveitarfélags eða sveitarfélaga, greiðir sveitarfélag eða sveitarfélög 40% miðað við normkostnað en ríkissjóður hinn hlutann. Heimilt er ráðuneytinu að semja um aðra kostnaðaraðild þegar um búnað verknámshúsnæðis er að ræða að fengnu samþykki fjárlaganefndar.

Ákveði Alþingi að stofna skóla án aðildar sveitarfélags eða sveitarfélaga greiðist allur stofnkostnaður úr ríkissjóði.

Þar sem heimavistir verða reistar í tengslum við framhaldsskóla má gerð húsnæðis og búnaðar miðast við að nýta megi aðstöðuna til gistihúsarekstrar utan reglulegs skólatíma. Um umframkostnað, sem af því kann að leiða, skal samið sérstaklega milli byggingaraðila. Um notkun heimavistarhúsnæðis utan skólatíma skal gerður sérstakur samningur í samráði við menntamálaráðuneyti og hann staðfestur af skólanefnd.

Menntamálaráðherra skal í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga setja viðmiðunarreglur um stærð og gerð húsnæðis fyrir framhaldsskóla og málsmeðferð varðandi undirbúning framkvæmda samkvæmt þessari grein. Menntamálaráðuneytið skal að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga setja reglur um viðmiðun stofnkostnaðar og búnaðar (norm) er skipting áætlaðs byggingarkostnaðar miðist við.

## 38. gr.

Skólamannvirki þau, sem lög þessi taka til, skulu vera eign ríkis og sveitarfélaga í sömu hlutföllum og stofnkostnaður er greiddur eða hefur verið greiddur sé um eldra húsnæði að ræða.

Verði húsnæði framhaldsskóla ráðstafað til annarra nota en framhaldsskólanáms skulu eignaraðilar gera með sér samkomulag þar um. Verði eign seld öðrum hvorum eignaraðila skal hún metin af dómkvöddum mönnum.



### XIII. KAFLI Rekstur framhaldsskóla.

#### 39. gr.

Ríkissjóður greiðir samkvæmt lögum þessum rekstrarkostnað framhaldsskóla. Hver skóli er sjálfstæð rekstrareining og hefur sérstaka fjárveitingu á fjárlögum. Menntamálaráðherra gerir tillögur til fjárveitingar á fjárlögum til hvers skóla á grundvelli samþykkrar kennslu- og fjárhagsáætlunar skólans til þriggja ára. Áætlun þessi skal endurskoðuð árlega með tilliti til nemendafjölda skólans.

Ríkissjóður greiðir allan launakostnað vegna kennslu, stjórnunar og annarra starfa. Menntamálaráðherra skal gefa út reglugerð þar sem settar eru fram reglur (reiknilíkan) til að reikna út kennslukostnað skóla. Við útreikninga þessa skal miðað við fjölda nemenda, lengd og tegund náms, fjölda kennslustunda á viku samkvæmt aðalnámskrá, kostnað sem leiðir af kjarasamningum og annað sem kann að skipta máli. Í reglugerð þessari skulu einnig vera viðmiðunarreglur um framlög til annarra starfa en kennslu.

Auk launakostnaðar greiðir ríkissjóður annan rekstrarkostnað skóla, svo og viðhald húsa og tækja. Rekstrarframlag er greitt til skóla samkvæmt ákvæðum í samningi er gerður skal við menntamálaráðuneytið. Heimilt er skólanefnd, ef þörf krefur, að millifæra fé af rekstrarlið fjárlaga til launaliðar og af launalið til rekstrarliðar.

Meiri háttar viðhald framhaldsskóla í eigu ríkissjóðs skal greitt af sérstakri fjárveitingu til þessa verkefnis sem ákveðin er í fjárlögum í samræmi við sérstaka viðhaldsáætlun til þriggja ára í senn sem menntamálaráðherra gerir. Um undirbúning viðhaldsfrankvæmda og umsjón með þeim fer með sama hætti og aðrar slíkar frankvæmdir á vegum ríkisins.

Heimilt er að ráða sérstakan fjármálafulltrúa til þess að annast fjárreiður skóla og bókhald og starfar hann undir stjórn skólameistara.

#### 40. gr.

Þar sem talið er nauðsynlegt að reka heimavist við framhaldsskóla er ríkið rekur greiðir ríkissjóður kostnað við umsjón og almennan rekstur. Nemendur bera sjálfir hluta sérgreinds kostnaðar í heimavistum og rekstri mötuneyta samkvæmt sérstökum reglum sem menntamálaráðherra setur.

Skólameistari hefur umsjón með rekstri heimavistar og mötuneytis nemenda.

### XIV. KAFLI Ýmis ákvæði.

#### 41. gr.

Einkaaðilar eða samtök geta stofnað og rekið skóla á framhaldsskólástigi.

Menntamálaráðherra getur veitt slíkum skólum viðurkenningu á grundvelli laga og reglugerða er varða framhaldsskóla og rekstur þeirra að uppfylltum skilyrðum sem sett skulu í reglugerð.

Ekki eiga einkaskólar kröfu til styrks af almannafé. Alþingi ákveður framlag ríkissjóðs til þessara skóla. Njóti einkaskólar framlags af opinberu fé skal gerður verksamningur milli menntamálaráðherra og rekstraraðila skólans um fjárveitingu, rekstur, stjórnun og eigur eftir því sem við á.

#### 42. gr.

Samtök atvinnurekenda og launþega geta gerst aðilar að stofnun og/eða rekstri framhaldsskóla eða hluta hans. Um slíka aðild skal gerður samningur milli aðila er kveði á um framlög og aðild að stjórnun hans, ef um slíkt á að vera að ræða.

## 43. gr.

Heimilt er að nýta skólhúsnæði til félagsstarfsemi utan reglulegs skólatíma, enda greiddist fyrir leiga sem nemur a.m.k. kostnaði fyrir rafmagn, hita, ræstingu og vörslu. Skólanefnd setur almennar reglur um slíka ráðstöfun skólhúsnæðis.

Hagnaði af leigu skólhúsnæðis og heimavista, sbr. 40. gr., skal verja til viðhalds og endurnýjunar húsnæðis og búnaðar.

## 44. gr.

Menntamálaráðherra getur heimilað framhaldsskóla að gera tilraunir með ákveðna þætti skólustarfs með undanþágu frá ákvæðum laga þessara og reglugerðum er settar kunna að verða samkvæmt þeim.

Um fjárframlög til tilraunastarfs af þessu tagi fer samkvæmt ákvörðun Alþingis hverju sinni. Slíkum tilraunum skulu ávallt sett eðlileg tímamörk og í leyfi kveðið á um úttekt að tilraun lokinni.

## 45. gr.

Árlega skal veita fé á fjárlögum til Þróunarsjóðs framhaldsskóla og heyrir hann undir menntamálaráðherra sem setur reglur um styrkveitingar úr sjóðnum.

## 46. gr.

Menntamálaráðherra gerir Alþingi grein fyrir framkvæmd skólustarfs í framhaldsskólum landsins á þriggja ára fresti.

## XV. KAFLI

**Gildistaka, brottfallin lög o.fl.**

## 47. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. ágúst 1996 og skulu komin að fullu til framkvæmda í upphafi skólaársins 2000–2001. Þó skal gildistöku 11. gr. laga þessara frestað þar til réttindi ríkisstarfsmanna til æviráðningar, sem leiða má af ákvæðum laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, hafa verið afnumin.

## 48. gr.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög um framhaldsskóla, nr. 57/1988, með áorðnum breytingum, að undanskildum ákvæðum 12. og 13. gr. þeirra laga sem halda skulu gildi sínu þar til ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 38/1954, er kveða á um æviráðningu ríkisstarfsmanna, hafa verið afnumin, sbr. 47. gr. Einnig falla úr gildi við gildistöku laga þessara lög um fiskvinnsluskóla, nr. 55/1971, með áorðnum breytingum, lög um almenna fullorðinsfræðslu, nr. 47/1992, lög um vélstjórnarnám, nr. 11/1985, og lög um Stýrimannaskólann í Reykjavík, nr. 22/1972.

**Ákvæði til bráðabirgða.****I.**

Ákvæði í 24. gr. um samræmd lokapróf úr framhaldsskóla skulu ekki komin að fullu til framkvæmda fyrr en skólaárið 2000–2001.

**II.**

Ákvæði um starfsnám í 25.–32. gr. skulu vera komin til fullra framkvæmda innan fjögurra ára frá gildistöku laga þessara. Menntamálaráðherra setur í reglugerð áætlun um framkvæmd ákvæða greina þessara að höfðu samráði við samstarfsnefnd um starfsnám á framhaldsskólastigi, sbr. 26. gr. Ef þörf þykir skal fara fram endurskoðun þessara lagagreina í kjölfar úttektar á framkvæmd þeirra.

**III.**

Næstu tvö ár frá gildistöku laganna getur menntamálaráðherra veitt heimild til að umsækjandi gangist undir verklegt sveinspróf í löggiltri iðngrein án undangengins skólanáms. Að þeim tíma liðnum er óheimilt að gangast undir slíkt próf án undangengins skólanáms.

Skilyrði fyrir próftöku eru eftirfarandi:

- a. vottorð um að viðkomandi hafi unnið við iðnina í tíu ár undir stjórn meistara,
- b. vottorð iðnmeistara um að hann telji umsækjanda hæfan til að gangast undir sveinspróf,
- c. umsagnir viðkomandi sveinafélags og starfsgreinaráðs.

Standist umsækjandi prófið öðlast hann sveinsbréf sem veitir þó ekki rétt til inngöngu í meistaraskóla.

*Gjört í Reykjavík, 11. júní 1996.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Björn Bjarnason.*

**LÖG**

**um breyting á lögum nr. 134/1993, um iðnaðarmálagjald.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. mgr. 1. gr. laganna fellur brott.

2. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Til iðnaðar telst öll starfsemi sem fellur undir atvinnugreinanúmer sem upp eru talin í viðauka við lög þessi.

Undanþegin gjaldinu eru fyrirtæki sem að öllu leyti eru í eign opinberra aðila, svo og fyrirtæki sem stofnuð eru samkvæmt sérstökum lögum til að vera eign opinberra aðila að verulegu leyti nema annars sé getið í þeim lögum.

3. gr.

Við lögin bætist nýr viðauki sem verður hluti af lögum þessum og orðast svo:

**Viðauki.**

Til iðnaðar skv. 1. mgr. 2. gr. skulu teljast eftirtaldar atvinnugreinar samkvæmt Íslenskri atvinnugreinaflokkun, ÍSAT 95:

- |         |   |
|---------|---|
| 10      | Kolanám og mívinnsla.                       |
| 11      | Vinnsla á hráolíu, jarðgasi o.fl.           |
| 12      | Nám á úran- og þórín málmgrýti.             |
| 13      | Málmnám og málmvinnsla.                     |
| 14      | Nám og vinnsla annarra hráefna úr jörðu.    |
| Úr 15   | <i>Matvæla- og drykkjarvöruiðnaður:</i>     |
| 15.20.8 | Lagmetisiðja og framleiðsla sjávarréttanna. |

- 15.3 Vinnsla ávaxta og grænmetis.  
 15.43 Framleiðsla smjörlíkis og svipaðrar feiti til manneldis.  
 15.6 Framleiðsla á kornvöru, mjölva og mjölvavöru.  
 15.7 Fóðurframleiðsla.  
 15.8 Annar matvælaíðnaður.  
 15.9 Drykkjarvöruíðnaður.  
 16 Tóbaksiðnaður.  
 17 Textíliðnaður.  
 18 Fataíðnaður; sútun og litun loðskinna.  
 19 Leðuriðnaður.  
 20 Trjáíðnaður.  
 21 Pappírsiðnaður.  
 22 Útgáfustarfsemi og prentiðnaður. Þó ekki 22.31, fjölföldun hljóðritaðs efnis, og 22.32, fjölföldun myndefnis.  
 23 Framleiðsla á koxi, olíuvörum og kjarnorkueldsneyti.  
 24 Efnaiðnaður.  
 25 Gúmmí- og plastvöruframleiðsla.  
 26 Gler-, leir- og steinefnaiðnaður.  
 27 Framleiðsla málma.  
 28 Málmsmíði og viðgerðir.  
 29 Vélsmíði og vélaviðgerðir.  
 30 Framleiðsla á skrifstofuvélum og tölvum.  
 31 Framleiðsla og viðgerðir annarra ótalinna rafmagnsvéla og tækja.  
 32 Framleiðsla og viðgerðir fjarskiptabúnaðar og tækja.  
 33 Framleiðsla og viðhald á lækningatækjum, mæli- og rannsóknartækjum, úrum o.fl.  
 34 Framleiðsla vélknúinna ökutækja annarra en vélhjóla.  
 35 Framleiðsla annarra farartækja.  
 36 Húsgagnaiðnaður, skartgripasmíði, hljóðfærasmíði, sportvörugerð, leikfangagerð og annar ótalinn iðnaður.  
 37 Endurvinnsla.  
 45 Byggingastarfsemi og mannvirkjagerð.  
 Úr 50 *Sala, viðhald og viðgerðir á bílum o.fl.; bensinstöðvar:*  
 50.2 Bílaviðgerðir og viðhald; hjólbarðaviðgerðir.  
 52.7 Viðgerðir á hlutum til einkanota og heimilisnota.  
 72 Tölvur og tölvuþjónusta.  
 Úr 74 *Önnur viðskipti og sérhæfð þjónusta:*  
 74.81 Ljósmyndaðþjónusta.  
 Úr 93 *Önnur persónuleg þjónustustarfsemi:*  
 93.02 Hárgreiðslu- og snyrtistofur.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar.

*Gjört í Reykjavík, 11. júní 1996.***Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Halldór Ásgrímsson.*

# FJÁRAUKALÖG

fyrir árið 1995, sbr. lög nr. 163/1995.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Samkvæmt niðurstöðum greiðsluuppgjörs ríkissjóðs 1995 verða eftirtaldar breytingar á greiðslufirliti A-hluta ríkissjóðs 1995 frá 1. gr. fjárlaga fyrir árið 1995, sbr. lög nr. 163/1995:

## Greiðslufirlit ríkissjóðs

	Þús. kr.	Þús. kr.
<b>Rekstrarreikningur</b>		
<b>Tekjur</b> .....		<b>-7 000</b>
Tekjuskattar .....	1 062 000	
Tryggingagjöld, launaskattar .....	93 000	
Eignaskattar .....	182 000	
Skattar á vörur og þjónustu .....	-1 642 000	
Vaxtatekjur .....	239 000	
Aðrar tekjur .....	59 000	
<b>Gjöld</b> .....		<b>-2 093 800</b>
Samneysla .....	785 000	
Rekstrargjöld .....	449 000	
Viðhald .....	336 000	
Neyslu- og rekstrartilfærslur .....	-813 100	
Vaxtagjöld .....	-190 000	
Fjárfesting .....	-1 875 800	
<b>Gjöld umfram tekjur</b> .....		<b>-2 086 800</b>
<b>Lánahreyfingar</b>		
Veitt lán, nettó .....		53 000
Hluta- og stofnfjárframlög .....		-425 000
Viðskiptareikningar .....		-49 000
<b>Hrein lánsfjárförf A-hluta ríkissjóðs</b> .....		<b>-1 665 800</b>
Afborganir af teknum lánnum .....		1 320 000
<b>Heildarlánsfjárförf A-hluta ríkissjóðs</b> .....		<b>-2 985 800</b>
Lántökur .....		-3 000 000
<b>Greiðslujöfnuður, sjóðsbreyting</b> .....		<b>-14 200</b>

## 2. gr.

Útgjöld ríkissjóðs breytast frá ákvæðum 2. gr. fjárlaga fyrir árið 1995, sbr. 2. gr. laga nr. 163/1995, samkvæmt nánari sundurliðun í 3. gr.:

	Þús.kr.	Þús.kr.
00 Æðsta stjórn ríkisins .....	19 654	
01 Forsætisráðuneyti .....	46 545	
02 Menntamálaráðuneyti .....	293 137	
03 Utanríkisráðuneyti .....	220 181	
04 Landbúnaðarráðuneyti .....	167 708	
05 Sjávarútvegssráðuneyti .....	89 451	
06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti .....	87 073	
07 Félagsmálaráðuneyti .....	353 664	
08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti .....	55 000	
09 Fjármálaráðuneyti .....	657 961	
10 Samgönguráðuneyti .....	70 534	
11 Iðnaðarráðuneyti .....	16 712	
12 Viðskiptaráðuneyti .....	-3 467	
13 Hagstofa Íslands .....	2 215	
14 Umhverfissráðuneyti .....	17 503	
		<hr/>
Samtals öll ráðuneyti		2 093 871

## 3. gr.

Sundurliðun gjalda skv. 2. gr. á stofnanir er þessi:

<b>00 Æðsta stjórn ríkisins</b>		
101 Embætti forseta Íslands .....	4.603	
520 Opinberar heimsóknir .....	3.798	
610 Umboðsmaður Alþingis .....	614	
Óhafnar fjárveitingar .....	-28.669	
		<hr/>
Samtals ráðuneyti		-19.654
<b>01 Forsætisráðuneyti</b>		
190 Ýmis verkefni .....	747	
901 Húsameistari ríkisins .....	28.622	
Óhafnar fjárveitingar .....	-75.914	
		<hr/>
Samtals ráðuneyti		-46.545

**02 Menntamálaráðuneyti**

201 Háskóli Íslands	6.310
203 Raunvísindastofnun Háskólans	6.176
205 Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi	2.894
206 Orðabók Háskólans	2.359
207 Íslensk málstöð	121
209 Verkfræðistofnun Háskóla Íslands	18.434
210 Háskólinn á Akureyri	169
211 Tækniskóli Íslands	900
221 Kennaraháskóli Íslands	2.060
236 Vísindasjóður	564
303 Menntaskólinn á Laugarvatni	3.930
304 Menntaskólinn við Hamrahlíð	16.313
305 Menntaskólinn við Sund	4.302
306 Framhaldsskóli Vestfjarða	1.917
308 Menntaskólinn í Kópavogi, fjölbraut	5.175
309 Kvennaskólinn í Reykjavík	4.849
352 Flensborgarskóli, fjölbraut	1.905
356 Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	3.145
359 Verkmenntaskólinn á Akureyri	6.491
360 Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	2.119
430 Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra	409
506 Vélskóli Íslands	1.588
507 Stýrimannaskólinn í Reykjavík	1.598
523 Fósturskóli Íslands	4.481
531 Íþróttakennaraskóli Íslands	716
551 Hússtjórnarskólinn Hallormsstað	1.924
562 Leiklistarskóli Íslands	3.745
571 Sjómannaskólahúsið	858
580 Samvinnuskólinn	200
700 Grunnskólar, Reykjavík	34.367
701 Grunnskólar, Reykjanesi	67.249
703 Grunnskólar, Vesturlandi	4.695
704 Grunnskólar, Vestfjörðum	5.772
705 Grunnskólar, Norðurlandi vestra	4.060
707 Grunnskólar, Austurlandi	2.284
711 Fræðsluskrifstofa Reykjanessumdæmis	89
713 Fræðsluskrifstofa Vesturlandsumdæmis	59
715 Fræðsluskrifstofa Norðurlandsumdæmis vestra	109
718 Fræðsluskrifstofa Suðurlandsumdæmis	604
725 Námsgagnastofnun	510
730 Skólabúðir að Reykjum	1.944
750 Skólar fyrir fatlaða	543
752 Öskjuhlíðarskóli	2.879
799 Heyrnleysingjaskólinn	2.144

884	Jöfnun á námskostnaði	7.595
904	Safnahúsið við Hverfisgötu	3.583
905	Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn	2.435
909	Blindrabókasafn Íslands	791
972	Íslenski dansflokkurinn og Listdansskólinn	21.271
973	Þjóðleikhús	13.230
974	Sinfóníuhljómsveit Íslands	45
977	Þjóðarbókhlaða	56.318
979	Húsafriðunarsjóður	663
980	Listskreytingasjóður	1
983	Ýmis fræðistörf	13.828
985	Alþjóðleg samskipti	373
997	Uppgjör við sveitarfélög	49
999	Ýmislegt	1.135
	Óhafnar fjárveitingar	-647.414

Samtals ráðuneyti

-293.137

**03 Utanríkisráðuneyti**

101	Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa	19.005
201	Sýslumaðurinn á Keflavíkflugvelli	4.480
301	Sendiráð Íslands í Bonn	2.522
302	Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn	2.205
303	Sendiráð Íslands í London	3.483
304	Sendiráð Íslands í Moskvu	267
305	Sendiráð Íslands í Ósló	1.577
306	Sendiráð Íslands í París og fastanefnd hjá Evrópuráðinu, OECD og UNESCO	3.142
307	Sendiráð Íslands í Stokkhólmi	1.095
308	Sendiráð Íslands í Washington	3.450
309	Fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og aðalræðismaður Íslands í New York	3.975
310	Sendiráð Íslands í Brussel og hjá Evrópubandalaginu	3.676
311	Fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafsbandalaginu	1.760
312	Fastanefnd Íslands hjá alþjóðastofnunum og EFTA í Genf	3.239
314	Sendiráð Íslands í Peking	657
	Óhafnar fjárveitingar	-274.714

Samtals ráðuneyti

-220.181

**04 Landbúnaðarráðuneyti**

101	Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	7.348
211	Rannsóknastofnun landbúnaðarins	2.479
233	Yfirdýralæknir	6.776
261	Bændaskólinn á Hvanneyri	4.880



271 Bændaskólinn á Hólum . . . . .	7.174	
293 Hagþjónusta landbúnaðarins . . . . .	216	
321 Skógrækt ríkisins . . . . .	48	
331 Héraðsskógar . . . . .	50	
831 Jarðasjóður og Jarðeignir ríkisins . . . . .	35	
841 Fiskeldisrannsóknir . . . . .	61	
Óhafnar fjárveitingar . . . . .	-196.775	
		<hr/>
Samtals ráðuneyti		-167.708

**05 Sjávarútvegsráðuneyti**

101 Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa . . . . .	56	
203 Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins . . . . .	14.199	
901 Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna . . . . .	28	
Óhafnar fjárveitingar . . . . .	-103.734	
		<hr/>
Samtals ráðuneyti		-89.451

**06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti**

101 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa . . . . .	1.283	
103 Lagasafn . . . . .	529	
190 Ýmis verkefni . . . . .	57	
212 Héraðsdómur Vesturlands . . . . .	20	
213 Héraðsdómur Vestfjarða . . . . .	533	
232 Opinber réttaraðstoð . . . . .	3.797	
302 Rannsóknarlögregla ríkisins . . . . .	1.961	
311 Lögreglustjórinn í Reykjavík . . . . .	24.304	
321 Almannaþing ríkisins . . . . .	875	
391 Húsnæði löggæslustofnana . . . . .	2.760	
412 Sýslumaðurinn á Akranesi . . . . .	16.160	
416 Sýslumaðurinn á Patreksfirði . . . . .	1.571	
419 Sýslumaðurinn á Hólmavík . . . . .	97	
426 Sýslumaðurinn á Seyðisfirði . . . . .	4.590	
429 Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði . . . . .	103	
433 Sýslumaðurinn á Selfossi . . . . .	3.089	
434 Sýslumaðurinn í Keflavík . . . . .	4.735	
437 Sýslumaðurinn í Kópavogi . . . . .	3.457	
490 Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta . . . . .	29.811	
491 Húsnæði og búnaður sýslumanna . . . . .	24.739	
501 Fangelsismálastofnun ríkisins . . . . .	18.358	
701 Biskup Íslands . . . . .	24.627	
Óhafnar fjárveitingar . . . . .	-254.529	
		<hr/>
Samtals ráðuneyti		-87.073

**07 Félagsmálaráðuneyti**

331 Vinnueftirlit ríkisins	14.092
700 Málefni fatlaðra	1.226
701 Málefni fatlaðra, Reykjavík	10.130
702 Málefni fatlaðra, Reykjanesi	4.807
703 Málefni fatlaðra, Vesturlandi	1.223
704 Málefni fatlaðra, Vestfjörðum	3.445
706 Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra	8.757
707 Málefni fatlaðra, Austurlandi	703
708 Málefni fatlaðra, Suðurlandi	2.802
711 Styrktarfélag vangefinna	5.774
750 Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	184
Óhafnar fjárveitingar	-406.807

Samtals ráðuneyti

-353.664

**08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti**

101 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	48
201 Tryggingastofnun ríkisins	10.408
204 Lífeyristryggingar	20.000
206 Sjúkratryggingar	107.080
214 Eftirlaunasjóður aldraðra	9.000
301 Landlæknir	5.935
315 Héraðslæknir á Norðurlandi Eystra	11
324 Heyrnar- og talmeinstöð Íslands	12.518
350 Sjúkrahúsið Akranesi	1
355 Sjúkrahús Austur-Húnavetninga, Blönduósi	1
360 Sjúkrahúsið Seyðisfirði	543
371 Ríkisspítalar	33.592
510 Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	5.420
511 Heilsugæsla í Reykjavík, Austurbæjarumdæmi nyrðra	411
512 Heilsugæsla í Reykjavík, Austurbæjarumdæmi syðra	4.276
513 Heilsugæsla í Reykjavík, Miðbæjarumdæmi	1.433
514 Heilsugæsla í Reykjavík, Vesturbæjarumdæmi	6.032
515 Heilsugæslustöðin Lágmúla í Reykjavík	700
522 Heilsugæslustöðin Borgarnesi	929
524 Heilsugæslustöðin Ólafsvík	2.704
525 Heilsugæslustöðin Grundarfirði	53
526 Heilsugæslustöðin Búðardal	846
541 Heilsugæslustöðin Hvammstanga	1
551 Heilsugæslustöðin Ólafsfirði	1
555 Heilsugæslustöðin Kópaskeri	48
556 Heilsugæslustöðin Raufarhöfn	217
564 Heilsugæslustöðin Neskaupstað	1
567 Heilsugæslustöðin Djúpavogi	9
568 Heilsugæslustöðin Höfn í Hornafirði	171

575 Heilsugæslustöðin Hellu .....	507	
578 Heilsugæslustöðin Hveragerði .....	35	
579 Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn .....	151	
583 Heilsugæslustöðin Garðabæ .....	547	
584 Heilsugæslustöðin Kópavogi .....	2.116	
585 Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi .....	1.761	
Óhafnar fjárveitingar .....	-282.506	
		-55.000
Samtals ráðuneyti		
<b>09 Fjármálaráðuneyti</b>		
103 Ríkisbókhald .....	1.353	
104 Ríkisfjárhirsla .....	15	
105 Ríkislögmaður .....	93	
202 Skattstofan í Reykjavík .....	7.181	
204 Skattstofa Vestfjarða .....	75	
205 Skattstofa Norðurlands vestra .....	717	
207 Skattstofa Austurlands .....	376	
208 Skattstofa Suðurlands .....	141	
209 Skattstofa Vestmannaeyja .....	132	
262 Tollstjórinn í Reykjavík .....	1.732	
381 Uppbætur á lifeyri .....	6.609	
402 Fasteignamat ríkisins .....	262	
989 Launa- og verðlagsmál .....	53.479	
Óhafnar fjárveitingar .....	-730.126	
		-657.961
Samtals ráðuneyti		
<b>10 Samgönguráðuneyti</b>		
101 Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa .....	1.161	
341 Siglingamálastofnun ríkisins .....	677	
471 Flugmálastjórn .....	1.006	
Óhafnar fjárveitingar .....	-73.378	
		-70.534
Samtals ráðuneyti		
<b>11 Iðnaðarráðuneyti</b>		
101 Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa .....	4.428	
203 Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins .....	2.076	
240 Iðnaðarrannsóknir .....	1.353	
301 Orkustofnun .....	2.316	
302 Rafmagnseftirlit ríkisins .....	7.213	
Óhafnar fjárveitingar .....	-34.098	
		-16.712
Samtals ráðuneyti		

**12 Viðskiptaráðuneyti**

101 Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa .....	4.412	
301 Löggildingarstofan .....	3.359	
Óhafnar fjárveitingar .....	-4.304	
		<hr/>
Samtals ráðuneyti		3.467

**13 Hagstofa Íslands**

101 Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa .....	9.274	
Óhafnar fjárveitingar .....	-11.489	
		<hr/>
Samtals ráðuneyti		-2.215

**14 Umhverfissráðuneyti**

101 Umhverfissráðuneyti, aðalskrifstofa .....	5.695	
201 Náttúruverndarráð .....	3.433	
202 Náttúrurannsóknastöðin við Mývatn .....	152	
221 Hollustuvernd ríkisins .....	3.453	
310 Landmælingar Íslands .....	149	
410 Veðurstofa Íslands .....	3.593	
Óhafnar fjárveitingar .....	-33.978	
		<hr/>
Samtals ráðuneyti		-17.503

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 11. júní 1996.***Vigdís Finnbogadóttir.**  
(L. S.)

---

*Davíð Oddsson.*

## LÖG

## um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1994.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisreikningur fyrir árið 1994 samþykkist með eftirfarandi niðurstöðum í þús. kr.:

## REKSTRARREIKNINGUR FYRIR ÁRIÐ 1994

## A-HLUTI

Reikningur  
1994**Tekjur:****Skatttekjur**

Skattar á tekjur einstaklinga .....	15.231.878
Skattar á tekjur lögaðila .....	3.264.802
Tryggingagjöld .....	10.689.838
Eignarskattar .....	3.722.836
Virðisaukaskattur.....	39.792.967
Tollar, vörugjöld og önnur gjöld af innflutningi .....	12.316.306
Aðrir skattar á vöru og þjónustu.....	7.861.206
Skattar ótaldir annars staðar .....	6.877.330
<b>Skatttekjur samtals .....</b>	<b>99.757.163</b>

**Rekstrartekjur**

Arðgreiðslur .....	2.781.538
Vaxtatekjur .....	5.010.312
Aðrar rekstrartekjur.....	2.676.745
Rekstrartekjur samtals.....	10.468.595
<b>Sala eigna .....</b>	<b>138.599</b>

**Tekjur samtals .....** **110.364.357****Gjöld:**

Æðsta stjórn ríkisins .....	1.179.483
Forsætisráðuneyti .....	2.580.630
Menntamálaráðuneyti .....	17.194.580
Utanríkisráðuneyti .....	1.682.908
Landbúnaðarráðuneyti.....	6.794.580

	Reikningur 1994
Sjávarútvegsráðuneyti .....	918.046
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti .....	5.991.830
Félagsmálaráðuneyti .....	8.721.486
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti .....	47.322.164
Fjármálaráðuneyti .....	21.961.461
Samgönguráðuneyti .....	9.348.753
Iðnaðarráðuneyti .....	1.259.777
Viðskiptaráðuneyti .....	243.064
Hagstofa Íslands .....	158.918
Umhverfisráðuneyti .....	581.126
<b>Gjöld samtals .....</b>	<b>125.938.805</b>
<b>Tekjujöfnuður .....</b>	<b>-15.574.448</b>

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 1994  
A-HLUTI

	Reikningur 1994
<b>Eignir:</b>	
<b>Veltufjármunir</b>	
Sjóður og bankareikningar .....	6.309.606
Óinnheimtar ríkistekjur .....	23.661.623
Skammtímakröfur, aðrar .....	4.668.427
Vöru- og efnisbirgðir .....	313.237
<b>Veltufjármunir samtals .....</b>	<b>34.952.893</b>
<b>Langtímakröfur</b>	
Veitt löng lán .....	55.383.018
Hlutabréf .....	3.056.611
Stofnfjárframlög .....	4.335.737
<b>Langtímakröfur samtals .....</b>	<b>62.775.366</b>
<b>Eignir samtals .....</b>	<b>97.728.259</b>
<b>Skuldir:</b>	
<b>Skammtímaskuldir</b>	
Bankareikningar, hlaupareikningsskuldir .....	408.307
Krafa á ríkistekjur og innheimtufé .....	1.186.428
Ógreidd gjöld (án vaxta) .....	2.034.253
Áfallnir ógjaldfallnir vextir .....	6.185.692
Tekin stutt lán .....	15.361.488
Aðrar skammtímaskuldir .....	5.241.081
<b>Skammtímaskuldir samtals .....</b>	<b>30.417.249</b>
<b>Langtímaskuldir</b>	
Áfallnir ógjaldfallnir vextir .....	16.823.820
Tekin löng innlend lán .....	68.111.504
Tekin löng erlend lán .....	113.633.069

Reikningur  
1994

<b>Langtímaskuldir og ógjaldfallnir vextir samtals .....</b>	<b>198.568.393</b>
<b>Lífeyrisskuldbindingar .....</b>	<b>64.060.163</b>
<b>Höfuðstóll:</b>	
Höfuðstóll í ársbyrjun .....	-178.479.824
Endurmat .....	-1.263.274
Tekjujöfnuður .....	-15.574.448
Höfuðstóll í árslok .....	-195.317.546
<b>Skuldir og höfuðstóll samtals .....</b>	<b>97.728.259</b>

2. gr.

Ríkisreikningur fyrir árið 1994 samþykkt með eftirfarandi niðurstöðum í þús. kr.:

**REKSTRARREIKNINGUR FYRIR ÁRIÐ 1994**  
**B-HLUTI**

Reikningur  
1994

<b>Tekjur:</b>	
Rekstrartekjur .....	39.740.013
Vaxtatekjur .....	15.803.297
Aðrar fjármunatekjur .....	138.863
Framlög samtals .....	11.145.608
Óreglulegar tekjur .....	481.961
<b>Tekjur samtals .....</b>	<b>67.309.742</b>
<b>Gjöld:</b>	
<b>Rekstrargjöld</b>	
Laun og launatengd gjöld .....	8.507.384
Hráefni og vörur til endursölu .....	9.431.387
Afskriftir .....	2.733.418
Önnur rekstrargjöld .....	11.194.212
<b>Rekstrargjöld samtals .....</b>	<b>31.866.401</b>
Vaxtagjöld .....	16.260.861
Önnur fjármagnsgjöld .....	670.944
Tilfærslur .....	8.742.775
Óregluleg gjöld .....	1.747.533
<b>Gjöld samtals .....</b>	<b>59.288.514</b>
<b>Hagnaður til ráðstöfunar .....</b>	<b>8.021.228</b>

EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 1994  
B-HLUTI

Reikningur  
1994

**Eignir:**

<b>Veltufjármunir</b>	
Sjóður og bankainnstæður: .....	8.602.628
Skammtímakröfur .....	18.955.589
Vöru- og efnisbirgðir .....	1.522.984
<b>Veltufjármunir samtals.....</b>	<b>29.081.201</b>

**Langtímakröfur og áhættufjármunir**

Langtímakröfur/veitt löng lán.....	228.267.368
Afskriftareikningur útlána .....	-9.908.467
Hlutfé og stofnfjárframlög .....	866.257
<b>Langtímakröfur og áhættufjármunir samtals .....</b>	<b>219.225.158</b>

**Varanlegir rekstrarfjármunir**

Farartæki og vélar .....	10.370.287
Fasteignir.....	23.131.483
Orkumannvirki .....	10.135.285
Aðrar eignir.....	1.816.385
<b>Varanlegir rekstrarfjármunir samtals .....</b>	<b>45.453.440</b>

**Eignir samtals .....** **293.759.799**

**Skuldir:****Skammtímaskuldir**

Bankareikningar, hlaupareikningsskuld .....	209.018
Ógreidd gjöld .....	3.073.131
Viðskiptareikningar .....	6.779.124
Tekin stutt lán .....	1.121.753
<b>Skammtímaskuldir samtals .....</b>	<b>11.183.026</b>

**Langtímaskuldir**

Langtímaskuldir/tekin löng lán samtals .....	196.083.112
<b>Langtímaskuldir samtals .....</b>	<b>196.083.112</b>

**Eigið fé:**

Eigið fé í ársbyrjun .....	88.366.023
Tekjujöfnuður .....	-259.145
Aðrar breytingar .....	-1.613.217
<b>Eigið fé í árslok samtals .....</b>	<b>86.493.661</b>

**Skuldir og eigið fé samtals .....** **293.759.799**



3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 11. júní 1996.***Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

---

*Davíð Oddsson.***LÖG****um breyting á lögum um meðferð opinberra mála,  
nr. 19 26. mars 1991, með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

25. gr. laganna orðast svo:

1. Með ákærvald fara ríkissaksóknari og lögreglustjórar, þar á meðal ríkislögreglustjóri.  
2. Ríkissaksóknari er æðsti handhafi ákærvalds. Hann skal skipaður af forseta Íslands og fullnægja lagaskilyrðum til skipunar í dómaraembætti við Hæstarétt. Hann skal njóta sömu lögkjara og hæstaréttardómarar, eftir því sem við verður komið.

3. Ríkissaksóknari hefur embættisskrifstofu í Reykjavík. Honum til aðstoðar eru vararíkissaksóknari og saksóknarar sem dómsmálaráðherra skipar. Skal vararíkissaksóknari fullnægja sömu lagaskilyrðum og ríkissaksóknari en aðrir saksóknarar skilyrðum til skipunar í embætti héraðsdómara. Ríkissaksóknari ræður annað starfslíð við embætti sitt.

4. Dómsmálaráðherra er heimilt að skipa saksóknara við einstök embætti lögreglustjóra, þar á meðal embætti ríkislögreglustjóra, til að annast saksókn og málflutning samkvæmt lögum þessum í umboði þeirra. Saksóknarar skulu fullnægja skilyrðum til skipunar í embætti héraðsdómara.

2. gr.

1. másl. 2. mgr. 26. gr. laganna orðast svo: Nú telur dómsmálaráðherra að ákvörðun um að fella niður mál, þar á meðal skv. 2. mgr. 114. gr., sé lögum andstæð eða fjarstæð að öðru leyti, og getur hann þá lagt til við forseta Íslands að ákvörðunin skuli felld úr gildi.

3. gr.

27. gr. laganna orðast svo:

1. Ríkissaksóknari skal, eftir því sem unnt er, fylgjast með því að þeir sem afbrot fremja verði beittir lögmeiltum viðurlögum.

2. Ríkissaksóknari gefur út almenn fyrirmæli um meðferð ákærvalds. Hann hefur eftirlit með framkvæmd ákærvalds hjá lögreglustjórum.

3. Ríkissaksóknari höfðar opinber mál ef um er að ræða eftirgreind brot á almennum hegningarlögum:

- a. brot á ákvæðum X.–XVI. kafla laganna,
- b. brot á ákvæðum XVII. kafla laganna, öðrum en 155.–158. gr.,
- c. brot á ákvæðum XVIII.–XXII. kafla laganna,
- d. brot á ákvæðum XXIII. kafla laganna, öðrum en 215. og 219. gr., ef brot tengist broti á umferðarlögum, og 217. gr.,
- e. brot á ákvæðum XXIV. og XXV. kafla laganna, öðrum en 231. og 232. gr.,
- f. brot á 251. og 252. gr. laganna.

4. Ef háttsemi felur í sér annað eða önnur brot en tilgreind eru í 3. mgr., auk brots eða brota sem þar eru greind, tekur ríkissaksóknari ákvörðun um það hvort hann höfðar málið sjálfur eða hvort lögreglustjóri gerir það.

5. Ríkissaksóknari getur gefið öðrum ákærendum fyrirmæli um einstök mál sem þeim er skylt að hlíta. Hann getur kveðið á um rannsókn máls, mælt fyrir um framkvæmd hennar og fylgst með henni.

6. Ríkissaksóknari tekur ákvörðun um áfrýjun máls.

#### 4. gr.

28. gr. laganna orðast svo:

1. Lögreglustjórar, þar á meðal ríkislögreglustjóri, höfða önnur opinber mál en þau sem ríkissaksóknari höfðar skv. 3. mgr. 27. gr. Ríkissaksóknari getur þó tekið ákvörðun um saksókn í sínar hendur, þar á meðal gefið út ákæru, hvenær sem hann telur þess þörf.

2. Lögreglustjóri vísar máli til ákvörðunar ríkissaksóknara ef hann telur að mál eigi að höfða í öðru umdæmi, ef hann telur sig vanhæfan eða ef mál er vandasamt, m.a. þegar vafi leikur á um hvort mál skuli höfða. Ef ríkissaksóknari telur, að athugun lokinni, ástæðu til að höfða mál gerir hann það sjálfur eða leggur fyrir lögreglustjóra að gera það.

3. Nú hefur lögreglustjóri ákveðið að falla frá saksókn skv. 113. gr., og ber honum þá að tilkynna ríkissaksóknara það. Ef ríkissaksóknari telur að ekki hafi verið efni til að falla frá saksókn getur hann, innan tveggja mánaða frá því að sú ákvörðun var tekin, ákveðið að höfða mál sjálfur eða lagt fyrir lögreglustjóra að gera það.

4. Lögreglustjóri, þar á meðal ríkislögreglustjóri, sem stýrt hefur rannsókn brots höfðar að jafnaði opinbert mál vegna brotsins, nema ríkissaksóknari höfði mál samkvæmt lögum þessum.

5. Dómsmálaráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um verkaskiptingu milli ríkislögreglustjóra og annarra lögreglustjóra skv. 1. mgr.

#### 5. gr.

Í stað orðanna „rannsóknarlögreglustjóra ríkisins“ í 1. mgr. 29. gr. laganna kemur: ríkislögreglustjóra.

#### 6. gr.

Í stað orðanna „Rannsóknarlögreglu ríkisins“ í 1. mgr. 66. gr. laganna kemur: ríkislögreglustjóra.

#### 7. gr.

Í stað orðsins „Lögreglumönnum“ í 1. mgr. 97. gr. laganna kemur: Lögreglu.

## 8. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 98. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „Lögreglumönnum“ í upphafi greinarinnar kemur: Lögreglu.
- b. E- og f-liðir falla brott.

## 9. gr.

4. mgr. 113. gr. laganna orðast svo:

4. Í málum þar sem lögreglustjóri fer með ákærvald getur hann fallið frá saksókn. Ef hann telur ástæðu til að falla frá saksókn skv. 2. mgr. en vafa leika á heimild til þess skal hann senda ríkissaksóknara málið með tillögum sínum.

## 10. gr.

114. gr. laganna orðast svo:

1. Nú er mál fellt niður skv. 112. gr. eða fallið er frá saksókn skv. 113. gr. og skal ákær-  
andi sem þá ákvörðun tók tilkynna sakborningi hana og ef því er að skipta þeim sem mis-  
gert hefur verið við. Í tilkynningu skal tiltekið við hvaða lagaheimild ákvörðunin styðst.

2. Sá sem ekki vill una við ákvörðun lögreglustjóra skv. 1. mgr. getur kært hana til ríkis-  
saksóknara innan eins mánaðar frá því að honum var tilkynnt um hana. Skal ríkissaksóknari  
taka afstöðu til kærunnar innan eins mánaðar frá því að hún berst honum, nema svo standi  
á sem í 3. mgr. 28. gr. segir.

## 11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1997.

## 12. gr.

Við gildistöku laga þessara breytast eftirtalin ákvæði almennra hegningarlaga, nr. 19/  
1940, sbr. lög nr. 17/1962 og nr. 20/1981:

- a. Í stað orðanna „saksóknara ríkisins“ í 1. mgr. 56. gr. laganna kemur: ákæranda.
- b. Í stað orðsins „saksóknari“ í 2., 5. og 6. mgr. 56. gr., 1. og 2. málsl. 1. mgr. og 2. mgr.  
58. gr. og 1.–3. mgr. 59. gr. laganna kemur (í viðeigandi beygingarfalli): ákærandi.
- c. Í stað orðanna „(rannsóknarlögreglustjóra ríkisins)“ í 1. mgr. 59. gr. laganna kemur:  
(ríkislögreglustjóra).

*Gjört í Reykjavík, 12. júní 1996.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**  
(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

**LÖG****um breytingu á lögum um gjald af áfengi, nr. 96 28. júní 1995.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Af innheimtu gjaldi skv. 3. gr. skal 1% renna í Forvarnasjóð. Tilgangur sjóðsins skal vera að stuðla að forvörnum gegn áfengis- og fíkniefnaneyslu. Styrki skal veita úr sjóðnum til forvarnastarfa á verkefnagrundvelli. Heilbrigðisráðherra skipar fjögurra manna sjóðstjórn. Fjármálaráðherra, menntamálaráðherra og dómsmálaráðherra tilnefna einn stjórnarmann hver en þann fjórða skipar heilbrigðisráðherra án tilnefningar og skal hann vera formaður stjórnar. Heilbrigðisráðherra setur nánari reglur um sjóðinn með reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 12. júní 1996.***Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

---

*Friðrik Sophusson.***LÖG****um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðsins „virðisaukaskatt“ í 1. málsl. 2. mgr. 42. gr. laganna kemur: 60% þess virðisaukaskatts.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1996.

*Gjört í Reykjavík, 12. júní 1996.***Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

---

*Friðrik Sophusson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI A 13 – 1996

12. júní 1996

281

Nr. 87

## LÖG

### um staðfesta samvist.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Tveir einstaklingar af sama kyni geta stofnað til staðfestrar samvistar.

2. gr.

Ákvæði II. kafla hjúskaparlaga gilda um skilyrði til þess að samvist verði staðfest samkvæmt lögum þessum, sbr. þó 2. mgr.

Staðfesting samvistar getur aðeins farið fram ef báðir einstaklingarnir eða annar þeirra er íslenskur ríkisborgari sem á lögheimili hér á landi.

3. gr.

Áður en staðfesting fer fram skulu aðilar leggja fram vottorð þess efnis að könnun hafi átt sér stað á skilyrðum fyrir staðfestri samvist.

Ákvæði III. kafla hjúskaparlaga gilda um framkvæmd á könnun skilyrða fyrir staðfestri samvist.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um könnun á skilyrðum fyrir staðfestri samvist.

4. gr.

Sýslumenn og löglærðir fulltrúar þeirra framkvæma staðfestingu á samvist.

Ákvæði 21.–26. gr. hjúskaparlaga gilda um framkvæmd staðfestingar eftir því sem við á.

5. gr.

Staðfesting samvistar hefur, með þeim undantekningum sem greinir í 6. gr., sömu réttaráhrif og stofnun hjúskapar. Ákvæði laga sem varða hjúskap og maka gilda um staðfesta samvist og einstaklinga í staðfestri samvist.

6. gr.

Ákvæði ættleiðingarlaga um hjón og laga um tæknifrjógvun gilda ekki um staðfesta samvist.

Ákvæði í alþjóðlegum samningum sem Ísland er aðili að gilda ekki um staðfesta samvist nema aðrir sammingsaðilar fallist á það.

## 7. gr.

Staðfestri samvist lýkur við andlát samvistarmaka, með ógildingu staðfestrar samvistar eða með lögskilnaði.

## 8. gr.

Ákvæði hjúskaparlaga um ógildingu hjúskapar, hjónaskilnaði og fjárskipti milli hjóna vegna hjúskaparslita gilda um ógildingu og slit staðfestrar samvistar, sbr. þó 2.–4. mgr. Önnur ákvæði laga sem varða lok hjúskapar og réttaráhrif þeirra gilda um lok staðfestrar samvistar.

Sýslumaður eða dómari leitar sátta samkvæmt reglum 42. gr. hjúskaparlaga.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 114. gr. hjúskaparlaga er ávallt heimilt að höfða mál skv. 113. gr. laganna vegna staðfestrar samvistar fyrir íslenskum dómstólum hafi staðfesting farið fram hér á landi.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 123. gr. hjúskaparlaga, er íslenskum stjórnvöldum ávallt heimilt að leysa úr málum vegna staðfestrar samvistar sem stofnað er til hér á landi.

## 9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 27. júní 1996.

*Gjört í Reykjavík, 12. júní 1996.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Þorsteinn Pálsson.*

## LÖG

### um eftirlit með fiskveiðum utan lögsögu Íslands.

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Eftirlitsmönnum Fiskistofu er heimilt að fara í eftirlitsferðir með íslenskum skipum við veiðar utan íslensku lögsögunnar. Um eftirlit með framkvæmd laga þessara gilda ákvæði laga um stjórn fiskveiða og laga um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum eftir því sem við á. Auk þess skal ráðherra með reglugerð gera íslenskum skipum að sæta því eftirliti sem kveðið er á um í samningum sem Ísland er aðili að.

Fyrir leyfi til veiða á úthafinu skal greiða gjald skv. 3. mgr. 18. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða. Útgerðir skipa sem fá úthlutað veiðiheimildum úr stofnum sem veiðast bæði innan og utan lögsögu Íslands skulu greiða sérstakt gjald — veiðieftirlitsgjald — vegna eftirlits með veiðum skipanna. Gilda um það ákvæði laga um stjórn fiskveiða varðandi gjaldskyldu, gjaldstofn, gjaldstig, álagningu og innheimtu.

Útgerðir skipa, sem stunda veiðar á sjávardýrum úr öðrum stofnum en þeim sem um er rætt í 2. mgr., skulu greiða sérstakt gjald — veiðieftirlitsgjald — vegna eftirlits með veiðum skipanna. Skal gjaldið renna til reksturs veiðieftirlits Fiskistofu. Gjald af hverju einstöku skipi skal vera 30 aurar á hvert aflakíló metið til þorskígilda í samræmi við verðmætastuðla sem ákveðnir eru á grundvelli laga um stjórn fiskveiða. Skulu útgerðir fiskiskipa greiða gjaldið í samræmi við ákvæði 4. og 5. mgr.

Útgerð skips, sem fær úthlutað veiðiheimildum úr stofnum sem veiðast alfarið utan lögsögu Íslands, skal greiða gjald skv. 3. mgr. fyrir hvert úthlutað aflakíló. Skal gjaldið greitt fyrir fram við útgáfu tilkynningar um aflamark er kveður á um heimild til að veiða tiltekið magn sjávardýra á viðkomandi fiskveiðiári, vertíð eða veiðitímabili og skal gjaldstofn miðaður við úthlutað aflamark. Gjaldið er ekki endurkræft þótt veiðiheimildir hafi ekki verið nýttar.

Fari stjórn veiða á þeim stofnum, sem veiðast alfarið utan lögsögu Íslands, fram með öðrum hætti en úthlutun veiðiheimilda til skipa skal gjald skv. 3. mgr. innheimt árlega eftir á samhliða gjaldi af almennu veiðileyfi skv. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, af skipum er hafa það leyfi. Innheimta af afla fiskiskipa, er hafa ekki leyfi til veiða í atvinnuskyni samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða, fer fram á sama tíma. Skulu ákvæði 3. mgr. gilda um álagningu gjaldsins en gjaldstofn miðast við landaðan afla viðkomandi fiskiskips er veiðar stundar úr þessum stofnum á tólf mánaða tímabili frá 1. ágúst til 31. júlí fyrir upphaf hvers fiskveiðiárs.

eindaga eða frá úrskurði skattyfirvalda um vanskil og álag, með því m.a. að setja starfsstöðvar, skrifstofur, útibú, tæki og vörur undir innsigli þar til full skil hafa verið gerð.

### *Refsingar.*

#### 19. gr.

Skýri skattskyldur eða greiðsluskyldur maður af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi rangt eða villandi frá einhverju því er máli skiptir um staðgreiðsluskil hans skal hann greiða fésekt allt að tífaldrí þeirri skattfjárhæð sem vanrækt var greiðsla á og aldrei lægri fésekt en nemur tvöfaldrí skattfjárhæðinni. Stórfellt brot gegn ákvæði þessu varðar við 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga.

Hver sá skilaskyldur aðili, sem af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi skýrir rangt eða villandi frá einhverju því er máli skiptir um staðgreiðsluskil sín, hefur ekki haldið eftir staðgreiðslu af vaxtatekjum og arði samkvæmt lögum þessum eins og honum bar, hefur ekki afhent skilagreinar á lögmæltum tíma eða hefur ekki innt af hendi þá staðgreiðslu af vaxtatekjum og arði samkvæmt lögum þessum sem hann hefur haldið eftir eða honum bar að halda eftir, skal greiða fésekt allt að tífaldrí þeirri skattfjárhæð sem hann vanrækti að halda eftir eða standa skil á og aldrei lægri fésekt en nemur tvöfaldrí skattfjárhæðinni nema þyngri refsing liggi við brotinu eftir 247. gr. almennra hegningarlaga. Álag skv. 17. gr. dregst frá sektarfjárhæð. Stórfellt brot gegn ákvæði þessu varðar við 1. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga.

Hafi skilaskyldur aðili af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi vanrækt að halda bókhald skv. 10. gr. varðar það brot við refsíákvæði laga um bókhald en við 2. mgr. 262. gr. almennra hegningarlaga sé um meiri háttar brot að ræða.

Ef maður af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi vanrækir tilkynningarskyldu sína skv. 11. gr., upplýsingaskyldu skv. 15. gr., vanrækir að veita upplýsingar eða láta í té aðstoð, skilagreinar, skýrslur eða gögn, svo sem ákveðið er í lögum þessum, skal hann sæta sektum eða varðhaldi.

Skýri skilaskyldur aðili af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi rangt eða villandi frá einhverju er varðar skilaskyldu hans má gera honum sekt þótt upplýsingarnar geti ekki haft áhrif á skilaskyldu hans eða greiðsluskil. Sömu refsingu varðar það skattskyldan aðila (rétt-hafa) sem lætur greiða sér vaxtatekjur eða arð samkvæmt lögum þessum, vitandi um að skilaskyldur aðili hefur eigi haldið eftir staðgreiðslu af þessum tekjum sem skylt er samkvæmt lögum þessum, eða skýrir rangt eða villandi frá einhverju er varðar skilaskyldu eða greiðsluskyldu vegna hans þótt upplýsingarnar geti ekki haft áhrif á þessi skil.

Verði brot á 1. eða 2. mgr. ákvæðisins uppvíst við skipti dánarbús skal greiða úr búinu fésekt, allt að fjórfaldrí þeirri skattfjárhæð sem vanrækt var greiðsla á og aldrei lægri fésekt en nemur skattfjárhæðinni að viðbættum helmingi hennar. Álag skv. 17. gr. dregst frá sektarfjárhæð. Sé svo ástatt sem segir í 5. mgr. má gera búinu sekt.

Hver sá sem af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi lætur skattyfirvöldum í té rangar eða villandi upplýsingar eða gögn varðandi skilaskyldu annarra aðila eða aðstoðar við ranga eða villandi skýrslugjöf til skattyfirvalda skal sæta þeirri refsingu er segir í 1. eða 2. mgr. þessarar greinar.

Tilraun til brota eða hlutdeild í brotum á lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga og varðar fésektum allt að hámarki því sem ákveðið er í öðrum ákvæðum þessarar greinar.

Gera má lögaðila fésekt fyrir brot á lögum þessum óháð því hvort brotið megi rekja til saknæms verknaðar fyrirsvarsmanns eða starfsmanns lögaðilans. Hafi fyrirsvarismaður hans eða starfismaður gerst sekur um brot á lögum þessum má auk refsingar, sem hann sætir, gera

lögaðilanum sekt og sviptingu starfsréttinda, enda sé brotið drýgt til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann hafi notið hagnaðar af brotinu.

*Málsmeðferð og fyrningarreglur.*

20. gr.

Sektir skv. 19. gr. skulu úrskurðaðar af yfirséttanefnd nema máli sé vísað til opinberrar rannsóknar og dómsmeðferðar skv. 2. mgr. Skattrannsóknarstjóri ríkisins sendir yfirséttanefnd mál til úrskurðar. Við meðferð mála hjá yfirséttanefnd skal veita sakborningi færi á að halda uppi vörnum. Úrskurðir yfirséttanefndar eru fullnaðarúrskurðir og fylgir þeim ekki vararefsing.

Rannsóknarlögregla ríkisins fer með frumrannsókn opinberra mála vegna brota á lögum þessum. Skattrannsóknarstjóri ríkisins getur vísað máli til opinberrar rannsóknar af sjálfsdáðum, svo og eftir ósk sakbornings ef hann vill ekki hlíta því að mál hans verði afgreitt af yfirséttanefnd skv. 1. mgr.

Mál vegna brota á lögum þessum sæta meðferð opinberra mála. Greiðslukröfu má hafa uppi og dæma í slíkum málum.

Sektir fyrir brot gegn lögum þessum renna í ríkissjóð. Um innheimtu sekta, er yfirséttanefnd úrskurðar, gilda sömu reglur og um innheimtu vanskilafjár og álags eftir lögum þessum. Einnig má beita ákvæðum 4. mgr. 18. gr. eftir því sem við á.

Sök skv. 19. gr. fyrnist á sex árum miðað við upphaf rannsóknar á vegum skattrannsóknarstjóra ríkisins eða Rannsóknarlögreglu ríkisins, enda verði ekki óeðlilegar tafir á rannsókn máls eða ákvörðun refsingar.

*Uppgjör staðgreiðslu.*

21. gr.

Ákvæði VIII. kafla laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum, um ákvörðun skatts af vöxtum og arði, uppgjör staðgreiðslu af þeim tekjum og innheimtu þeirra skulu gilda eftir því sem við á.

*Reglugerðarheimild.*

22. gr.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd laga þessara.

*Gildistaka.*

23. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. janúar 1997.

24. gr.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Aðilar, sem skilaskyldir eru skv. 3. gr., skulu strax við gildistöku laga þessara og eigi síðar en 31. desember 1996 senda ríkisskattstjóra tilkynningu um starfsemi sína sem þá skráir viðkomandi á skrá um skilaskylda aðila. Aðili, sem fellur undir 3. gr., getur farið fram á undanþágu frá færslu í skrá um skilaskylda aðila, enda hafi viðkomandi ekki milli-göngu um innheimtu, fjárvörslu eða aðra sýslan með peningalegar eignir annarra.

Vanræki aðili tilkynningarskyldu sína skv. 1. mgr. skal ríkisskattstjóri úrskurða hann sem skilaskyldan aðila og tilkynna honum það.

Tilkynningar samkvæmt þessu ákvæði skulu vera á þar til gerðu eyðublaði sem ríkisskattstjóri lætur gera. Ríkisskattstjóri ákveður hvaða upplýsingar skuli gefa á þessu eyðublaði.

*Gjört í Reykjavík, 14. júní 1996.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Friðrik Sophusson.*

## LÖG

**um breytingu á lögum um almannatryggingar,  
nr. 117/1993, með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 10. gr. laganna bætist ný málsgrein sem hljóðar svo:

Við útreikning örorkulífeyris og tekjutryggingar, sbr. 12. og 17. gr. laga þessara, er ráðherra heimilt að hækka tekjuviðmiðun þeirra lífeyrisþega sem fengið hafa eingreiðslu skaðabóta vegna örorku að frádregnum áætluðum örorkulífeyri og tekjutryggingu til framtíðar frá Tryggingastofnun ríkisins.

Ráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd þessa ákvæðis.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 14. júní 1996.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Ingibjörg Pálmadóttir.*

## AUGLÝSING

**um meðferð forsetavalds í fjarveru forseta Íslands.**

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, fór til útlanda í dag.

Í fjarveru hennar fara forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar með vald forseta Íslands, samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar.

*Forsætisráðuneytinu, 18. júní 1996.*

**Davíð Oddsson.**

*Guðmundur Árnason.*



## LÖG

um breyting á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt,  
með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. mgr. 8. gr. laganna orðast svo:

Til tekna sem vextir, sbr. 1. mgr., af kröfum eða inneignum, sem ekki eru tengdar atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, teljast vextir sem greiddir eru eða eru greiðslukræfir og greiddar verðbætur á afborganir og vexti, svo og gengishækkun hlutdeildarskírteina. Til tekna í þessu sambandi teljast enn fremur hvers kyns gengishagnaður og afföll af keyptum verðbréfum, víxlum og sérhverjum öðrum kröfum og hvers kyns aðrar tekjur af peningalegum eignum. Ákvörðun tekna skal vera þannig:

1. Vextir af reikningum í innlánsstofnunum skulu teljast til tekna þegar þeir eru færðir eiganda til eignar á reikningi.
2. Vextir af kröfu skulu teljast til tekna þegar þeir eru greiddir eða greiðslukræfir.
3. Afföll, þ.e. mismunur á uppreiknuðu nafnverði kröfu á kaupdegi að frádrögnum kaupverði hennar, skal færa til tekna í hlutfalli við afborganir nafnverðs þegar þær greiðast.

Við vexti af verðbréfum sem ekki eru með árlegri greiðslu skal, þegar skattur er reiknaður af vöxtunum, bætast sérstakt álag sem miðast við að ársávöxtun eftir skatt yfir reikningstímabilið sé sem næst því sem verið hefði við árlega staðgreiðslu. Seðlabanki Íslands skal reikna út stuðul í þessu sambandi fyrir hvert tekjuár í upphafi næsta árs á eftir tekjuárinu. Nánar skal kveðið á um útreikning þennan í reglugerð.

4. Áfallinn gengishagnað á hverja úttekt af reikningi eða afborgun af kröfu í erlendri mynt skal færa til tekna. Heimilt skal þó að miða við meðaltal stöðu reiknings í upphafi og í lok árs eða á innborgunar- og úttektardegi innan ársins nema um veruleg viðskipti sé að ræða. Nánari reglur hér að lútandi skulu settar í reglugerð í samræði við Seðlabanka Íslands.
5. Vextir, arður og önnur ávöxtun af lífeyristryggingum, söfnunaryggingum, einstaklinga hjá líftryggingafélögum skulu teljast til tekna þegar slíkar tekjur koma til greiðslu, nema að því leyti sem lífeyristryggingar, söfnunaryggingar, verða skattlagðar sem tekjur samkvæmt öðrum ákvæðum laga þessara.

2. gr.

9. gr. laganna orðast svo ásamt fyrirögn:

**Skattskyldur arður.**

Til arðs af hlutum og hlutabréfum í félögum, sem um ræðir í 1. tölul. 1. mgr. 2. gr., telst auk venjulegrar arðgreiðslu sérhver afhending verðmæta til hlutareiganda eða hluthafa er telja verður sem tekjur af hlutareign þeirra í félaginu.

Arður af eigin hlutum eða hlutabréfum telst hvorki til tekna né gjalda hjá hlutafélagi.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 16. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „fimm“ í 1. mgr. kemur: tvö.
- b. Í stað orðsins „fimm“ í 4. mgr. kemur: tveggja.

## 4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. laganna:

- a. Í stað 2. mgr. koma tvær málsgreinar er orðast svo:

Hagnaður af sölu hlutabréfa telst mismunur á söluverði þeirra annars vegar og kaupverði þeirra hins vegar. Kaupverð hlutabréfa, sem skattaðili hefur eignast við samruna hlutafélaga skv. 56. gr., skal ákvarðast jafnt kaupverði þeirra hlutabréfa er hann lét af hendi. Þegar ákveða skal hagnað af sölu hlutabréfa skal kaupverð hvers hlutabréfs teljast jafnt meðalkaupverði allra hlutabréfa sömu tegundar á hendi sama eiganda.

Nú er félagi slitið án þess að um samruna félaga sé að ræða, sbr. 56. gr., og skal þá litið á það sem sölu hlutafjár á hendi eiganda og úthlutunina sem söluverð. Sé hlutafé í hlutafélagi lækkað og það greitt út til hluthafa skal líta svo á að um sé að ræða sölu hlutafjár á hendi eiganda til hlutafélagsins.

- b. Í stað orðanna „á árinu 1990 og síðar“ í 1. másl. 3. mgr. (er verður 4. mgr.) kemur: á árunum 1990–1996.
- c. Á eftir orðinu „fyrir“ í 3. másl. 3. mgr. kemur: eða á árinu 1997 eða síðar.
- d. Við greinina bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Unnt er að fara fram á frestun á tekjufærslu söluhagnaðar manns af sölu hlutabréfa um tvenn áramót frá söluþegi að svo miklu leyti sem fjárhæð hans er umfram 3.000.000 kr. hjá einstaklingum og 6.000.000 kr. hjá hjónum. Kaupi hann önnur hlutabréf í stað hinna seldu innan þess tíma færast söluhagnaðurinn til lækkunar á því kaupverði hinna nýju bréfa sem ákvörðun söluhagnaðar samkvæmt þessari grein miðast við. Nemi kaupverð hinna keyptu hlutabréfa lægri fjárhæð en söluhagnaðurinn telst mismunurinn til skattskyldra tekna á kaupári hinna keyptu bréfa. Ef hlutabréf eru ekki keypt innan tilskilins tíma telst hagnaðurinn með skattskyldum tekjum á því ári þegar hann myndast. Ákvæði þessarar málsgreinar taka ekki til söluhagnaðar sem myndaðist í atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi.

## 5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 30. gr. laganna:

- a. 1., 2. og 3. tölul. B-liðar falla brott.
- b. Við lokamálsgrein 4. tölul. B-liðar (sbr. b-lið 2. gr. laga nr. 147/1994), er verður 1. tölul., bætist nýr málsliður er orðast svo: Frádráttur samkvæmt þessum lið heimilast frá þeim tekjum manna er greindir í A- og B-lið 7. gr.
- c. Við B-lið bætist nýr töluliður, er verður 2. tölul., sem orðast svo: Nú verður greiðslufall á kröfu sem vextir, sbr. 2. mgr. 8. gr., hafa verið reiknaðir af og frestast þá greiðsla skatts af slíkum vöxtum.

Heimilt er að mótreikna tapaða vexti við fjármagnstekjur hafi skattur þegar verið greiddur af vöxtunum. Skal það gert á því ári þegar sýnt er að krafa sem vextir voru reiknaðir af fæst ekki greidd og skal gera grein fyrir henni í skattframtali viðkomandi tekjuárs. Með sama hætti fer um aðrar fjármagnstekjur, sbr. 3. mgr. 67. gr. Heimildin nær til fimm ára aftur í tímann frá og með tekjuári. Sé ekki um fjármagnstekjur að ræða á því tekjuári þegar mótreikningur á sér stað yfirfærast mótreikningsheimildin til næsta skattframtals í allt að fimm ár. Heimild samkvæmt þessari málsgrein tekur einungis til fjármagnstekna utan rekstrar hjá einstaklingum og þeirra lögaðila sem ekki hafa með höndum atvinnurekstur.

Ákvæði 2. mgr. þessarar greinar um heimild til að draga frá beinan kostnað við öflun tekna gilda ekki um leigutekjur, vexti eða aðrar fjármagnstekjur.

- d. Orðin „í stað beins kostnaðar skv. 2. mgr.“ í 1. másl. 3. mgr. falla brott.
- e. 4. mgr. greinarinnar fellur brott.

## 6. gr.

Í stað 2. og 3. másl. 8. tölul. 31. gr. laganna koma fjórir málsliðir, svohljóðandi: Frádráttur þessi skal þó aldrei vera hærri en nemur 7% af nafnverði hlutafjár. Sé í eigu hlutafélags íbúðarhús, sumarhús, fólksbifreiðar, skemmtibátar eða aðrar eignir sem ekki tengjast rekstrarþörf félagsins og ætlaðar eru til einkaparfa hluthafa, stjórnarmanna eða framkvæmdastjóra félagsins eða skylduliðs þeirra manna skal verðmæti þeirra eigna dregið frá nafnverði áður en arður samkvæmt þessum tölulið er ákvarðaður. Nú nýtir hlutafélag ekki að fullu frádráttarheimild samkvæmt þessum tölulið og er þá heimilt að flytja ónýtta frádráttarheimild til næstu ára. Arður samkvæmt þessum tölulið er frádráttarbær frá tekjum þess árs sem hann er reiknaður af.

## 7. gr.

Við 67. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, er verða 3. og 4. mgr., sem orðast svo:

Tekjuskattur af fjármagnstekjum einstaklinga utan rekstrar skal vera 10% af þeim tekjum. Til fjármagnstekna teljast í þessu sambandi tekjur skv. 1.–8. tölul. C-liðar 7. gr., þ.e. vextir, arður, leigutekjur, söluhagnaður og aðrar eignatekjur. Ákvæði þessarar málsgreinar taka þó ekki til hagnaðar af sölu hlutabréfa, þar með talið við innlausn þeirra, t.d. við slit félags og lækkun hlutafjár, ef hagnaðurinn fer fram úr 3.000.000 kr. hjá einstaklingi og 6.000.000 kr. hjá hjónum. Fer um skatthlutfall og álagningu á slíkan söluhagnað eftir ákvæðum 1. mgr. þessarar greinar og skulu reglur 4. mgr. um tekjuviðmiðun ekki eiga við um umframfjárhæðina.

Sú fjárhæð, sem reiknast skv. 3. mgr., skal vera endanleg álagning á fjármagnstekjur. Skulu engin önnur opinber gjöld, sem reiknuð eru á tekjuskattsstofn, leggjast á þessar tekjur. Sömu leiðis skulu tekjurnar ekki taldar til tekjuskattsstofns til viðmiðunar við útreikning bóta eða annarra greiðslna samkvæmt lögum um almannatryggingar, lögum um húsaleigubætur eða öðrum lögum nema sérstaklega sé kveðið á um það í þeim lögum. Um afdrátt skatts af vaxtatekjum og arði samkvæmt þessari málsgrein skulu á tekjuárinu gilda lög um staðgreiðslu skatts af slíkum tekjum samkvæmt því sem nánar er kveðið á um í þeim lögum.

## 8. gr.

Á eftir 3. másl. 2. mgr. A-liðar 68. gr. laganna kemur nýr málsliður er orðast svo: Þeim hluta persónuafsláttar, sem þá er óráðstafað, skal ráðstafað til að greiða tekjuskatt sem lagður er á fjármagnstekjur, sbr. 3. mgr. 67. gr.

## 9. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 69. gr. laganna:

- a. 2. másl. 3. mgr. B-liðar orðast svo: Með tekjuskattsstofni í þessu sambandi er átt við tekjur skv. II. kafla laganna, þó ekki tekjur skv. 3. tölul. C-liðar 7. gr., að teknu tilliti til frádráttar skv. 1., 3. og 5. tölul. A-liðar 1. mgr. og 2. mgr. 30. gr. og frádráttar skv. 31. gr.
- b. 3. másl. 3. mgr. C-liðar fellur brott.
- c. 2. másl. 4. mgr. C-liðar orðast svo: Með tekjuskattsstofni í þessu sambandi er átt við tekjur skv. II. kafla laganna, að teknu tilliti til frádráttar skv. 1., 3. og 5. tölul. A-liðar 1. mgr. og 2. mgr. 30. gr. og frádráttar skv. 31. gr.

## 10. gr.

Við 72. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, er verða 3. og 4. mgr., svohljóðandi:

Lögaðilar þeir, er undanþegnir eru skattskyldu skv. 2., 3., 5., 6. og 7. tölul. 4. gr., skulu þrátt fyrir það greiða tekjuskatt af fjármagnstekjum, sbr. 3., 4. og 5. tölul. C-liðar 7. gr., svo og skv. 8. tölul. sama stafliðar 7. gr., að því er varðar söluhagnað af hlutabréfum. Skal hann vera 10% af þeim stofni. Afdráttur skatts og innborgun hans samkvæmt lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur skal vera fullnaðargreiðsla og koma í stað álagningar samkvæmt lögum þessum. Þó skulu þeir aðilar, sem þessi málsgrein tekur til og sjálfir annast um innheimtu vaxta í eigin lánaumsýslu eða fá vaxtatekjur sem ekki er dregin af staðgreiðsla, skila greinargerð um vaxtatekjur til skattýfirvalda og standa skil á 10% tekjuskatti af slíkum vöxtum að tekjuári loknu. Þeir aðilar, sem þessi málsgrein tekur til og hafa aðrar fjármagnstekjur, skulu sömuleiðis standa skil á 10% tekjuskatti af slíkum tekjum að tekjuári loknu. Við ákvörðun á stofnverði eigna sem félög, sbr. 5. tölul. 4. gr., eignast við gjöf skal við sölu miðað við að stofnverðið sé markaðsverð á yfirtökudegi félagsins á eigninni. Ríkisskattstjóri setur nánari reglur um skilagreinar og skil vegna þessarar málsgreinar.

Eftirtaldir aðilar eru undanþegnir ákvæðum 3. mgr.:

1. Lánasjóður íslenskra námsmanna, Byggingastofnun, Byggingarsjóður ríkisins, Byggingarsjóður verkamanna, Framkvæmdasjóður fatlaðra, Framkvæmdasjóður aldraðra, Framleiðnisjóður landbúnaðarins, Lánasjóður sveitarfélaga, Lánasjóður Vestur-Norðurlanda, Seðlabanki Íslands og lífeyrissjóðir, sbr. lög nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda.
2. Lánastofnanir sem skattskyldar eru samkvæmt lögum nr. 65/1982, um skattskyldu lánastofnana, með síðari breytingum, en fjármagnstekjur þeirra falla undir almenna skattskyldu samkvæmt þeim lögum.

## 11. gr.

4. mgr. 110. gr. laganna orðast svo:

Álagða skatta, að frádregnu því sem greiða ber fyrir álagningu skv. 2. mgr. þessarar greinar auk mismunar sem fram kemur á álagningu tekjuskatts og staðgreiðslu launamanns, sbr. 35. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, að frádreginni staðgreiðslu samkvæmt lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur og að frádregnum bótum skv. 69. gr., skal greiða með sem næst jöfnum greiðslum á þeim gjalddögum sem eftir eru á árinu þegar álagning fer fram.

## 12. gr.

Á eftir orðinu „laga“ í 1. mgr. 121. gr. laganna, sbr. 20. gr. laga nr. 145/1995, kemur: eða laga um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur.

## 13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda við staðgreiðslu gjalda á árinu 1997 og við álagningu gjalda á árinu 1998 fyrir tekjuárið 1997. Breyting á nafnverði hlutafjár, sbr. 1. málsl. 6. gr., skal koma til framkvæmda í fyrsta sinn á árinu 1998 vegna verðbreytingarstuðuls ársins 1997.

Nú selur maður hlutabréf á árinu 1996 og skal þá hagnaður af sölu þeirra skattlagður með 10% skatthlutfalli, enda sé salan ekki þáttur í atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi mannsins og hagnaðurinn nemi lægri upphæð en 3.000.000 kr. hjá einstaklingi eða 6.000.000 kr. hjá hjónum. Söluhagnaður sá, er þessi málsgrein tekur til, telst ekki til út-

svarsstofns. Ákvæði lokamálsgreinar 17. gr., um heimild til frestunar á tekjufærslu og um ráðstöfun á söluhagnaði til kaupa á hlutabréfum, skulu gilda um söluhagnað umfram fjárhæðarmörk í 1. másl.

## 14. gr.

**Ákvæði til bráðabirgða.****I.**

*Vextir af bréfum og kröfum hjá aðilum utan rekstrar  
sem stofnað var til fyrir 1. janúar 1997.*

Vextir eins og þeir eru skilgreindir í 2. mgr. 8. gr. af bréfum og kröfum sem gefin voru út eða til var stofnað fyrir 1. janúar 1997 teljast eigi til skattskyldra vaxtatekna að því leyti sem þeir voru áfallnir 1. janúar 1997.

**II.***Jöfnunarverð hlutabréfa.*

Á árunum 1997 og 1998 reiknast jöfnunarverðmæti hlutabréfa í samræmi við þetta ákvæði hjá þeim félögum sem skráð voru, sbr. 1. tölul. 2. gr. laga nr. 75/1981, í árslok 1996.

Jöfnunarverðmæti hlutabréfa í félagi skal vera nafnverð hlutabréfa í árslok 1996 að viðbætti þeirri fjárhæð sem heimilt væri að gefa út af jöfnunarhlutabréfum samkvæmt þeim reglum sem um það giltu í árslok 1996. Gera skal grein fyrir útreikningi jöfnunarverðmætis með framtalsskilum á árunum 1997, 1998 eða 1999. Skattstjóri skal staðfesta útreikninginn.

Jöfnunarverðmæti samkvæmt þessu ákvæði skal árlega tilgreina á skattframtali hlutafélagsins og á hlutafjármiðum. Ríkisskattstjóri skal gefa út reglur og útbúa eyðublöð til notkunar við framkvæmd þessa ákvæðis.

Hafi seljandi hlutabréfa eignast hin seldu hlutabréf fyrir 1. janúar 1997 skal jöfnunarverðmætið skv. 2. mgr. þessa ákvæðis lagt til grundvallar sem kaupverð án framreiknings skv. 26. gr. laga nr. 75/1981 við útreikning á söluhagnaði hlutabréfa. Í stað jöfnunarverðmætis er heimilt að miða við upphaflegt kaupverð, að viðbættum breytingum samkvæmt verðbreytingarstuðli skv. 26. gr. til ársloka 1996, sé það hærra. Um söluhagnað þeirra sem eignast hin seldu hlutabréf eftir gildistöku laga þessara fer eftir ákvæðum 2. mgr. 17. gr.

Hafi hlutafélag ekki gefið út jöfnunarhlutabréf eða, ef um einkahlutafélag er að ræða, tilkynnt nýtt nafnverð formlega til hlutafélagaskrár eða tilgreint jöfnunarverðmæti með þeim hætti sem áskilið er í 2. og 3. mgr. ákvæðis þessa í síðasta lagi með skattframtali 1999, vegna tekna á árinu 1998 og eigna í lok þess árs, skal jöfnunarverðmæti við sölu bréfa vera nafnverð hlutabréfanna í árslok 1996.

Hlutafélögum er heimilt að gefa út jöfnunarhlutabréf eða, ef um einkahlutafélög er að ræða, tilkynna nýtt nafnverð formlega til hlutafélagaskrár, allt að því að heildarnafnverð hlutafjár nái jöfnunarverðmæti eins og það reiknast skv. 2. mgr. þessa ákvæðis. Jöfnunarverðmætið, ásamt heimild til útgáfu jöfnunarhlutabréfa, skal síðan hækka eða lækka eftir verðbreytingarstuðli skv. 26. gr. laga nr. 75/1981, í fyrsta sinn við útreikning á árinu 1998 samkvæmt verðbreytingarstuðli sem birtur er í árslok 1997. Hlutafélögum er, þannig að skattfrjálst sé hjá hluthöfum, jafnframt heimilt að gefa út jöfnunarhlutabréf eða, ef um einkahlutafélag er að ræða, tilkynna nýtt nafnverð formlega til hlutafélagaskrár, vegna innborgaðs hlutafjár eftir 1. janúar 1997, og takmarkast heimildin við innborgað hlutafé eftir að það hefur verið hækkað eða lækkað eftir verðbreytingarstuðli skv. 26. gr. laga nr. 75/1981 frá innborgunarári til ársins á undan útgáfuári, að frádregnu nafnverði.

**III.***Vextir af örorkubótum.*

Nú hefur einstaklingur fengið greiddar bætur fyrir varanlega örorku á árunum 1992–1996 og þær verið ákveðnar í einu lagi til greiðslu og er honum þá heimilt á árunum 1997–2001 að færa til frádráttar á móti fjármagnstekjum sínum fjárhæð sem svarar til lækkunar útborgaðra bóta vegna eingreiðsluhagræðis og nemi 5% af fjárhæð bótanna.

*Gjört í Reykjavík, 14. júní 1996.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

---

*Friðrik Sophusson.*

**LÖG**

**um breyting á lögum nr. 29/1963,  
um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins,  
ásamt síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 1. mgr. 3. gr. kemur ný málsgrein er orðast svo:

Kennarar og skólastjórnendur, sem ráðnir eru samkvæmt ákvæðum laga um réttindi og skyldur kennara og skólastjórnenda grunnskóla og starfa við skóla sem eru reknir af sveitarfélögum samkvæmt lögum um grunnskóla, skulu vera sjóðfélagar og greiða iðgjöld til sjóðsins, enda uppfylli ráðning þeirra skilyrði a-liðar I. tölul. 1. mgr. um ráðningartíma og starfshlutfall. Kennurum og skólastjórnendum er þó heimilt að greiða í annan lífeyrissjóð, ef viðkomandi sveitarfélag samþykkir aðild þeirra að þeim sjóði. Sama gildir um aðra starfsmenn grunnskóla og fræðsluskrifstofa sem ráðnir voru af ríkinu og áttu aðild að lífeyrissjóðnum 31. júlí 1996 og ráðnir eru til áframhaldandi starfs við grunnskóla sveitarfélaga og skólaskrifstofur þeirra.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. ágúst 1996.

*Gjört í Reykjavík, 14. júní 1996.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

---

*Friðrik Sophusson.*

## LÖG

um breytingu á lögum um fjarskipti, nr. 73 28. maí 1984,  
sbr. lög nr. 32 14. apríl 1993.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna:

- a. Orðin „eiga og“ í 1. málsl. 1. mgr. falla brott.
- b. Í stað síðari málsliðar 1. mgr. koma þrjú nýir málsliðir er orðast svo: Samgönguráðherra er heimilt að veita aðila rekstrarleyfi til að annast þá fjarskiptaþjónustu sem ríkið hefur einkarétt á skv. 1. málsl. Við útgáfu rekstrarleyfis skulu tiltekna þær skyldur og kvaðir sem rekstrarleyfinu fylgja, sbr. 3. mgr. Samgönguráðherra skal hafa eftirlit með því að leyfishafi virði þær kvaðir og skyldur sem mælt er fyrir um í rekstrarleyfi.
- c. Í stað orðanna „Póst- og símamálastofnuninni“ í 6. mgr. kemur: Rekstrarleyfishafa skv. 1. mgr.
- d. Orðin „sem ekki fara um fjarskiptavirki ríkisins“ í 8. mgr. falla brott.

## 2. gr.

8. gr. laganna fellur brott.

## 3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „Póst- og símamálastofnuninni“ í 1. mgr. kemur: þeim sem rekstrarleyfi hefur skv. 1. mgr. 2. gr.
- b. Í stað orðanna „Menn, sem í þágu Póst- og símamálastofnunarinnar“ í 2. mgr. kemur: Menn, sem á grundvelli 1. mgr.

## 4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „ríkisins“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: rekstrarleyfishafa.
- b. Í stað orðanna „Póst- og símamálastofnunina“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: rekstrarleyfishafa.
- c. Í stað orðanna „Póst- og símamálastofnuninni“ í 2. mgr. kemur: rekstrarleyfishafa.
- d. Í stað orðanna „fjarskiptavirkja ríkisins er Póst- og símamálastofnuninni“ í 3. mgr. kemur: fjarskiptavirkja rekstrarleyfishafa er honum.

## 5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

- a. Orðið „ríkisins“ í 1. mgr. fellur brott.
- b. Á eftir orðunum „komið má“ í 1. mgr. kemur: rekstrarleyfishafi.
- c. 1. málsl. 2. mgr. orðast svo: Skylt er þeim sem á eða rekur fjarskiptavirki að bæta tjón á landi manna, mannvirkjum eða öðrum eignum sem hlotist hefur af lagningu eða viðhaldi fjarskiptavirkja.

## 6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 15. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „ríkisins“ í 1. málsl. kemur: rekstrarleyfishafa.
- b. Orðið „ríkisins“ í 2. málsl. fellur brott.

## 7. gr.

Í stað orðanna „fjarskiptavirkja ríkisins“ í 16. gr. laganna kemur: við fjarskiptavirki.

## 8. gr.

17. gr. laganna orðast svo:

Í leyfisbréfum, er Fjarskiptaeftirlit ríkisins gefur út skv. 6. gr. laga þessara, skal leggja á starfsmenn við fjarskiptavirki sem leyfisbréfið hljóðar um sams konar skyldur og mælt er fyrir um í 15. og 16. gr., enda varði brot á þeim skyldum sömu viðurlögum og mælt er fyrir um í lögum þessum. Sama gildir um þá sem fá réttindi til uppsetningar og tengingar fjarskiptavirkja skv. 3. gr.

## 9. gr.

Í stað orðanna „Póst- og símamálastofnuninni“ í 20. gr. laganna kemur: samgönguráðherra.

## 10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 21. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „Póst- og símamálastofnuninni“ kemur: samgönguráðherra.
- b. Í stað orðanna „henni“ og „hún“ kemur: honum, og: hann.

## 11. gr.

Fyrirsögn X. kafla laganna verður: **Viðurlög við brotum á lögum þessum, takmörkun ábyrgðar o.fl.**

## 12. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 23. gr. laganna:

- a. 3. tölul. orðast svo: Brot gegn 15.–17. gr. varðar sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að einu ári, en allt að þremur árum ef sakir eru miklar. Sé brot framið af gáleysi varðar það sektum.
- b. 4. tölul. fellur brott.
- c. Á eftir 8. tölul. kemur nýr töluliður, svohljóðandi: Rekstrarleyfishafi skv. 1. mgr. 2. gr. laganna skal undanþeginn bótaábyrgð á tjóni sem rekja má til sambandsleysis, rofa á fjarskiptum eða annarra truflana sem kunna að verða á rekstri fjarskiptanetsins, eða mistaka við afgreiðslu símskeyta, hvort sem rekja má slíkt til línubilana, bilana í sambandastöðvum eða annarra ástæðna. Slík ábyrgðartakmörkun er þó bundin við að tjónið verði ekki rakið til stórfelldra mistaka starfsmanna rekstrarleyfishafa.

## 13. gr.

Á eftir 23. gr. laganna kemur ný grein er orðast svo:

Eigi síðar en 1. júlí 1998 skal notkunargjald fyrir talsímaþjónustu vera hið sama alls staðar á landinu og skal innheimta sérstaks álags vegna langlínusamtala óheimil.



## 14. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Þegar Póstur og sími hf. tekur til starfa veitir samgönguráðherra félaginu rekstrarleyfi skv. 1. mgr. 2. gr. laga þessara og skal það rekstrarleyfi gilda þar til réttur til að veita einkaleyfi til almenns fjarskiptareksturs fellur niður samkvæmt reglum Evrópusambandsins. Á sama tíma skal öðrum óheimilt að eiga eða reka almennt fjarskiptanet.

## 15. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1997.

*Gjört í Reykjavík, 14. júní 1996.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Halldór Blöndal.*

## LÖG

**um breytingu á lögum um almannatryggingar,  
nr. 117/1993, með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Við 1. mgr. 33. gr. laganna bætist nýr stafliður, er verður g-liður, svohljóðandi: Að veita styrk til kaupa á næringarefnum og sérfæði sem lífsnauðsynlegt er vegna hamlaðrar líkamsstarfsemi.

## 2. gr.

3. mgr. 33. gr. laganna orðast svo:

Tryggingaráð setur reglur um greiðslu styrkja skv. a-, b- og g-liðum. Afla skal greiðsluheimildar frá Tryggingastofnun ríkisins fyrir fram. Tryggingastofnun getur áskilið vottorð sérfræðings um nauðsyn hjálpartækis, þjálfunar, næringarefnis eða sérfæðis.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 14. júní 1996.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Ingibjörg Pálmadóttir.*

**LÖG****um breytingu á lögum nr. 74/1984, um tóbaksvarnir.**

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „skráð sé aðvörun“ í 1. mgr. kemur: skráðar séu viðvaranir.
- b. Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:  
Sígarettupakka skal merkja sérstaklega með upplýsingum um tjöru- og nikótíninnihald.

## 2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

- a. Við 1. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Þrátt fyrir það er Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins heimilt að gefa út verðskrá fyrir tóbak og birta skrá yfir skaðleg efni í tóbaksvörum.
- b. Við 2. mgr. bætist: og í myndskreytingu á varningi.
- c. 3. mgr. orðast svo:  
Með auglýsingum er í lögum þessum m.a. átt við:
  1. hvers konar tilkynningar til almennings eða sérstakra markhópa, þar á meðal útstillingar í gluggum verslana, hvers konar skilti og svipaðan búnað,
  2. alla notkun hefðbundinna tóbaksvörumerkja (heita og auðkenna) eða hluta þeirra; undanskildar eru þó vörur sem framleiddar eru undir slíkum merkjum, enda gilda auglýsingatakmarkanir laganna um þær að öðru leyti,
  3. hvers konar umfjöllun í fjölmiðlum um einstakar vörutegundir nema ljóst sé að hún miði beinlínis að því að koma á framfæri upplýsingum sem draga úr skaðsemi tóbaksneyslu,
  4. dreifingu vörusýna til neytenda.

## 3. gr.

8. gr. laganna orðast svo:
  - 8.1. Tóbak má hvorki selja né afhenda einstaklingum yngri en 18 ára. Bann þetta skal auglýst með áberandi hætti þar sem tóbak er selt. Leiki vafi á um aldur kaupandans getur sala því aðeins farið fram að hann sýni með skilríkjum fram á að hann sé orðinn 18 ára.
  - 8.2. Bannað er að flytja inn, framleiða og selja leikföng eða sælgæti sem er eftirlíking af sígarettum, vindlum eða reykjarpípum eða er ætlað að minna á tóbak með öðrum hætti, svo sem myndskreytingu.
  - 8.3. Bannað er að selja tóbak úr sjálföldum.
  - 8.4. Ekki er heimilt að selja sígarettur í minna magni en heilum 20 stykkja pökkum.
  - 8.5. Bannað er að flytja inn, framleiða og selja fínkornótt neftóbak og munntóbak, að undanskildu skrotóbaki.
  - 8.6. Ekki má selja tóbak í skólum, stofnunum fyrir börn og unglunga eða á heilbrigðisstofnunum.

## 4. gr.

3. másl. fyrri málsgreinar 9. gr. laganna orðast svo: Á þeim veitingastöðum þar sem megináhersla er lögð á kaffiveitingar og matsölu skulu þó ávallt vera reyklaus svæði, ekki síðri en þau svæði þar sem reykingar eru leyfðar, og tryggja skal að aðgangur að þeim liggi ekki um reykingasvæði.

## 5. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

- 10.1. Tóbaksreykingar eru með öllu óheimilar:
  1. Í grunnskólum, á leikskólum, hvers konar dagvistum barna og í húsakynnum sem eru fyrst og fremst ætluð til félags-, íþrótt- og tómstundastarfa barna og unglinga.
  2. Á opinberum samkomum innan húss sem einkum eru ætlaðar börnum eða unglingum.
  3. Í framhaldsskólum og sérskólum.
  4. Á heilsugæslustöðvum, á læknastofum og öðrum stöðum þar sem veitt er heilbrigðisþjónusta. Það á þó ekki við íbúðarherbergi vistmanna á hjúkrunar- og dvalarheimilum en þar er þó skylt að gefa þeim sem ekki reykja kost á reyklusum íbúðarherbergjum.
  5. Á sjúkrahúsum. Þó má leyfa reykingar sjúklinga í vissum tilvikum. Ráðherra setur reglugerð þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd undanþágunnar.
- 10.2. Forstöðumenn allra annarra opinberra stofnana en um getur í 1. mgr. skulu í samráði við starfsfólk gera áætlun um bann við reykingum innan viðkomandi stofnunar sem kemur til framkvæmda eigi síðar en fyrir lok ársins 2000. Innan sérhverrar stofnunar skal þó heimilt að gera ráð fyrir afdrepi þar sem reykingar eru heimilaðar.

## 6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 14. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „um skaðsemi tóbaksneyslu“ í 1. mgr. kemur: í því skyni að draga úr tóbaksneyslu.
- b. Í stað orðsins „ríkisfjölmíðlum“ í 2. tölul. 1. mgr. kemur: fjölmíðlum.
- c. 2. mgr. orðast svo:
 

Fræðsla um áhrif tóbaksneyslu og leiðir til að draga úr henni skal veitt á heilsugæslustöðvum og sjúkrahúsum.

## 7. gr.

15. gr. laganna orðast svo:

- 15.1. Skylt er að verja a.m.k. 0,7% af brúttósölu tóbaks til tóbaksvarnastarfs.
- 15.2. Tóbaksvarnanefnd ráðstafar fénu í samráði við ráðherra.

## 8. gr.

18. gr. laganna orðast svo:

- 18.1. Heilbrigðisnefndir, Vinnueftirlit ríkisins, Siglingastofnun Íslands og Flugmálastjórn hafa, eftir því sem við á, eftirlit með því að virt séu ákvæði III. kafla laga þessara í samræmi við þau lög sem gilda um þessar stofnanir.
- 18.2. Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd eftirlitsins.

## 9. gr.

Í stað orðanna „2. og 3. mgr.“ í 3. mgr. 19. gr. laganna kemur: 2.–6. mgr.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1996. Þó skal 5. efnismgr. 3. gr. ekki öðlast gildi fyrr en 1. febrúar 1997.

*Gjört í Reykjavík, 14. júní 1996.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Ingibjörg Pálmadóttir.*

## LÖG

### um breytingu á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

5. mgr. 12. gr. laganna orðast svo:

Ef launamaður eða maki hans hefur eigi nýtt allan persónuafslátt launamannsins og ekki haft tekjur sem undanþegnar eru staðgreiðslu sem honum samsvarar er launamanni heimilt að sækja um útgáfu skattkorts sem hefur uppsafnaðan persónuafslátt frá ársbyrjun staðgreiðsluárs til næsta mánaðar á undan útgáfudegi. Ríkisskattstjóri annast útgáfu skattkorts með uppsöfnuðum persónuafslætti. Falla má frá skilyrðum um útgáfu skattkortsins ef óbyggjandi upplýsingar liggja fyrir um uppsöfnun hans, t.d. skráning fyrri launagreiðanda á kortið um nýtingu afsláttarins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 14. júní 1996.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Friðrik Sophusson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI A 15 – 1996

14. júní 1996

337

Nr. 103

## LÖG

### um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að stofna hlutafélag um rekstur Póst- og símamálastofnunar, sem nefnist Póstur og sími hf., og að leggja til hlutafélagsins allar eignir og skuldir Póst- og símamálastofnunar, réttindi, skuldbindingar og viðskiptavild svo sem nánar greinir í lögum þessum.

Við stofnun félagsins skal allt hlutafé þess vera í eigu íslenska ríkisins og skal sala þess óheimil án samþykkis Alþingis.

2. gr.

Tilgangur félagsins er að veita hvers konar fjarskiptaþjónustu, pósthjónustu og fjármála-lega umsýslu á grundvelli laga og reglugerða sem þar gilda, svo og að reka aðra skylda starfsemi. Þá skal félaginu einnig heimilt að standa að stofnun og gerast eignaraðili að öðrum félögum og fyrirtækjum.

Heimilt er hlutafélaginu að stofna nýtt félag eða félög, sem alfarið verði í eigu þess, til þess að annast ákveðna þætti í starfsemi þess. Í sama tilgangi getur hlutafélagið ákveðið skiptingu þess í samræmi við ákvæði 133. gr. hlutafélagalaga, nr. 2/1995.

Hlutafélaginu er heimilt að gera hvers konar samninga við aðra aðila til að ná tilgangi sínum á sem hagkvæmastan hátt skv. 1. mgr. þessarar greinar.

Tilgangi og verkefnum félagsins skal nánar lýst í samþykktum þess.

3. gr.

Ákvæði 2. mgr. 14. gr. laga um hlutafélög, nr. 2/1995, gildir ekki um innborgun hlutafjár. Þá gildir 2. mgr. 3. gr. laganna ekki um tölu stofnenda í hlutafélaginu og 1. mgr. 20 gr. sömu laga ekki um tölu hluthafa.

Í stofnyfirlýsingu skal mælt fyrir um þau atriði sem áskilið er að fram komi í stofnsamningi samkvæmt hlutafélagalögum að öðru leyti en getið er um í lögum þessum.

Að öðru leyti skulu ákvæði laga um hlutafélög gilda um hið nýja félag.

A 26

Gutenberg

**Endurprentuð örk.**

## 4. gr.

Nafnverð stofnhlutafjár skal nema 75% af bókfærðu eigin fé Póst- og símamálastofnunar samkvæmt endurskoðuðum efnahagsreikningi 31. desember 1995 sem jafnframt skal gilda sem stofnefnahagsreikningur félagsins, en 25% af eigin fé skal færa í varasjóð. Hlutfé skal þó taka breytingum til hækkunar eða lækkunar samkvæmt niðurstöðu matsnefndar, sbr. 5. gr.

Eitt hlutabréf skal gefið út við skráningu félagsins. Hlutabréf, sem gefið verður út í tengslum við stofnun félagsins eða skiptingu þess samkvæmt niðurlagsákvæði í 2. mgr. 2. gr., skal undanþegið stimpilgjöldum.

## 5. gr.

Samgönguráðherra skipar nefnd þriggja óvilhallra manna til að endurmeta eignir stofnunarinnar, skuldbindingar og viðskiptavild, svo og til að leggja mat á aðra eigna- og skuldaliði efnahagsreiknings stofnunarinnar. Við endanlegt mat á stofnhlutfé skal jafnframt taka tillit til áhrifa verðbreytinga og rekstrar á efnahag á árinu 1996. Niðurstöður nefndarinnar skulu liggja fyrir í síðasta lagi 1. október 1996 og skal hlutfé félagsins ákvarðast í samræmi við þær, sbr. 4. gr.

## 6. gr.

Stjórn Pósts og síma hf. skal skipuð sjö aðalmönnum og sjö til vara. Þeir skulu kosnir á aðalfundi ár hvert. Ef félaginu verður skipt í tvö félög í samræmi við niðurlagsákvæði 2. mgr. 2. gr. skulu stjórnir beggja skipaðar á sama hátt.

Samgönguráðherra fer með eignaraðild ríkissjóðs að Pósti og síma hf.

## 7. gr.

Póstur og sími hf. skal taka til starfa 1. janúar 1997.

Samgönguráðherra skipar þriggja manna undirbúningsnefnd til þess að annast undirbúning og nauðsynlegar aðgerðir vegna breytingarinnar. Nefndin skal hafa heimild til þess að gera hvers kyns löggerninga sem eru nauðsynlegir til undirbúnings stofnunar félagsins og fyrirhugaðri starfrækslu. Við stofnun skal félagið bundið við umrædda löggerninga.

## 8. gr.

Fastráðnir starfsmenn Póst- og símamálastofnunar skulu eiga rétt á störfum hjá hinu nýja félagi og skulu þeim boðnar stöður hjá því, sambærilegar þeim er þeir áður gegndu hjá stofnuninni, enda haldi þeir hjá félaginu réttindum sem þeir höfðu þegar áunnið sér hjá stofnuninni. Þó fer um biðlaunarétt þeirra eftir þeim lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins sem í gildi eru við gildistöku laga þessara.

Nú hefur félagið boðið fastráðnum starfsmanni Póst- og símamálastofnunar sambærilega stöðu hjá félaginu með eigi lakari launum en hann áður naut og fellur biðlaunaréttur þá niður ef starfsmaður hafnar boðinu eða hefur ekki samþykkt það innan sex vikna frá því honum barst boðið.

Ef fastráðinn starfsmaður Póst- og símamálastofnunar, sem ráðinn hefur verið hjá félaginu samkvæmt ákvæðum 1. og 2. mgr., fær eigi að síður greidd biðlaun eða bætur fyrir missi biðlauna úr ríkissjóði vegna formbreytingar þeirrar á starfsemi stofnunarinnar, sem lög þessi kveða á um, fellur sjálfkrafa niður biðlaunaréttur hans hjá félaginu.

Fastráðinn starfsmaður stofnunarinnar, sem hefur áunnið sér rétt til lífeyrisgreiðslna samkvæmt ákvæðum 12. gr. laga nr. 29/1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum, og hefur ráðist til starfa hjá félaginu með óskertum launum skv. 1. og

2. mgr. þessarar greinar, heldur þeim réttindum gagnvart félaginu sem 12. gr. greinir, en á ekki jafnframt rétt til greiðslu lífeyris úr sjóðnum meðan hann heldur óskertum launum sínum hjá félaginu skv. 9. mgr. 12. gr. laga nr. 29/1963, með síðari breytingum.

9. gr.

Samgönguráðherra veitir félaginu rekstrarleyfi á tilteknum sviðum til þeirrar starfsemi sem af verkefnum félagsins leiðir samkvæmt lögum og öðrum stjórnvaldsfyrirmælum. Við útgáfu rekstrarleyfa getur ráðherra bundið þau þeim skilyrðum sem nauðsynleg eru til að tryggja hagsmunum viðskiptavina félagsins.

10. gr.

Stjórn hlutafélagsins setur gjaldskrá fyrir félagið þar sem m.a. skal gætt almennra arðsemissjónarmiða og jafnframt tekið tillit til tækninýjunga sem haft geta áhrif á söluverð þjónustu félagsins. Setning gjaldskrár er þó háð samþykki samgönguráðherra að því er varðar verðlagningu á póst- og símaþjónustu innan lands sem er veitt vegna einkaleyfis sem félagið kann að hafa á hverjum tíma.

Gjaldskrá fyrir einkaleyfisþjónustu öðlast gildi þegar hún hefur verið staðfest af samgönguráðherra og birt í Stjórnartíðindum.

11. gr.

Nú selur félagið búnað og þjónustu í samkeppni við aðra á frjálsum markaði og skal félagið þá í þeim tilvikum halda fjárreiðum deilda í einkaréttarþjónustu aðskildum frá öðrum rekstri. Félaginu er óheimilt að nota fjármagn frá rekstri, sem grundvallast á rekstrarleyfi, til þess að lækka verð á búnaði eða þjónustu sem seld er í samkeppni. Samgönguráðuneytið skal fylgjast með því að einkaréttarrekstur sé nægilega aðgreindur frá samkeppnisrekstri félagsins.

12. gr.

Póstur og sími hf. skal greiða skatta eftir almennum reglum sem tíðkast um hlutafélög og arð eftir því sem afkoma félagsins leyfir.

13. gr.

Pósti og síma hf. er skylt að halda uppi tilskilinni öryggisþjónustu fyrir landsmenn sem nánar er skilgreind í reglugerð sem ráðherra setur.

14. gr.

Nú óska stjórnvöld eftir því að Póstur og sími hf. leggi í framkvæmdir eða rekstur til almannaheilla í öryggisskyni fyrir landsmenn eða vegna byggðasjónarmiða sem ljóst er að ekki skilar arði og skal þá gera um það samning milli ríkisstjórnarinnar og Pósts og síma hf.

15. gr.

Póstur og sími hf. yfirtækur í samræmi við 1. gr. allar eignir, réttindi og skuldbindingar Póst- og símamálastofnunar frá og með 1. janúar 1997. Yfirtakan veitir samningsaðilum stofnunarinnar ekki heimild til uppsagnar fyrirliggjandi samningssambanda.

16. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1996.

Við yfirtöku Pósts og síma hf. á eignum, réttindum og skyldum Póst- og símamálastofnunar 1. janúar 1997 falla úr gildi lög um stjórn og starfrækslu póst- og símamála, nr. 36/1977, með síðari breytingum.

### Ákvæði til bráðabirgða.

#### I.

Þrátt fyrir ákvæði 16. gr. skal samgönguráðherra eigi síðar en 1. júlí 1996 skipa nefnd þá sem mælt er fyrir um í 5. gr.

#### II.

Þrátt fyrir ákvæði 16. gr. skal samgönguráðherra eigi síðar en 1. júlí 1996 skipa undirbúningsnefnd þá sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 7. gr. og skal nefndin taka til starfa þegar í stað.

#### III.

Á stofnfundi félagsins sem haldinn skal eigi síðar en 27. desember 1996 skal samgönguráðherra skipa félaginu stjórn sem starfa skal fram að fyrsta aðalfundi, sbr. 6. gr.

*Gjört í Reykjavík, 14. júní 1996.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Halldór Blöndal.*

## LÖG

### um breyting á lögum um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað, nr. 88/1995, með síðari breytingu.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 13. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo:

Nú tekur alþingismaður, er nýtur biðlauna skv. 1. mgr., við starfi í þjónustu ríkisins eða annars aðila áður en þriggja eða sex mánaða tímabilið er liðið og skulu þá launagreiðslur samkvæmt þessari grein falla niður ef laun þau er nýja starfinu fylgja eru jöfn eða hærri en biðlaunagreiðslur til hans. Ef launin í nýja starfinu eru lægri skal greiða honum launamuninn til loka þriggja eða sex mánaða tímabilsins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 14. júní 1996.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Davíð Oddsson.*



## LÖG

um breyting á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða,  
með síðari breytingum.

## HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskránnar

forsætisráðherra, forseti Alþings og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

## 1. gr.

Orðin „þó er óheimilt að breyta leyfðum heildarafla þorsks eftir 15. apríl“ í 3. málsl. 2. mgr. 3. gr. laganna falla brott.

## 2. gr.

Við 2. málsl. 2. mgr. 5. gr. laganna bætist: nema bátur komi í stað báts sem hefur verið dæmdur óbætandi vegna sjóttjóns.

## 3. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Bátar minni en 6 brl., sem stundað hafa veiðar með línu og handfærum með dagatak-mörkunum eða á þorskaflahámarki, krókabátar, skulu frá og með fiskveiðiárinu sem hefst 1. september 1996 stunda veiðar skv. 9. mgr. þessarar greinar. Þessum bátum er einungis heimilt að stunda veiðar með handfærum og línu, eða einungis með handfærum, sbr. 6. mgr. þessarar greinar. Þó er sjávarútvegsráðherra heimilt að veita þeim leyfi til að stunda veiðar á botndýrum með þeim veiðarfærum sem til þarf, svo sem plógum og gildrum, og til hrognkelsaveiða í net.

Krókabátum gefst frá og með fiskveiðiári því sem hefst 1. september 1996 kostur á að velja á milli þess að stunda veiðar með þorskaflahámarki skv. 4.–5. mgr. og þess að stunda veiðar í tiltekinn fjölda sóknardaga eftir annarri hvorri þeirra aðferða sem nánar er lýst í 6.–10. mgr. Eigandi krókabáts skal tilkynna Fiskistofu um val sitt fyrir 1. júlí 1996. Innan sama frests getur eigandi krókabáts komið fram athugasemdum við Fiskistofu um útreikning á þorskaflahámarki. Velji eigandi krókabáts ekki fyrir tilskilinn tíma skal bátur stunda veiðar á þorskaflahámarki. Sætti eigandi sig ekki við úrskurð Fiskistofu um þorskaflahámark getur hann, innan mánaðartíma frá því að úrskurður liggur fyrir, skotið málinu til sérstakrar kæruneftndar sem ráðherra skipar. Skal hún skipuð þremur mönnum og skal formaður hennar fullnægja skilyrðum til að vera skipaður héraðsdómari. Úrskurðir kæruneftndar eru fullnaðarúrskurðir innan stjórnkerfisins.

Heildarþorskaflaviðmiðun fyrir krókabáta skal vera 13,9% af ákvörðuðum heildarþorskafla hvers fiskveiðiárs en þó ekki lægri en 21.500 lestir, miðað við óslægðan fisk. Frá þessari heildarþorskaflaviðmiðun dragast 500 lestir til og með fiskveiðiárinu 1998/1999, samkvæmt ákvæði til bráðabirgða II laga nr. 83/1995.

Þorskaflahámark þeirra báta sem þann kost velja skal á hverju fiskveiðiári vera sama hlutfall af heildarþorskaflaviðmiðun fyrir krókabáta og nam hlutfalli hvers báts í 21.000 lestum, miðað við reiknað þorskaflahámark skv. 2. gr. laga nr. 83/1995.

Heimilt er að framselja þorskaflahámark krókabáts til annars krókabáts eða báta en það er háð því skilyrði að allt hámarkið sé flutt af viðkomandi bát, enda falli veiðileyfi niður og rétti til endurnýjunar sé afsalað. Heimilt er að flytja allt að 20% af þorskaflahámarki frá einu fiskveiðiári yfir á það næsta. Enn fremur er heimilt að flytja til krókabáts á þorskafla-

hámarki, innan hvers fiskveiðiárs, úthlutað aflamark í þorski skv. 7. gr., um þann flutning gilda almennar reglur um flutning aflamarks. Tilkynna skal Fiskistofu fyrir fram um flutning þorskaflahámarks milli báta og öðlast hann ekki gildi fyrr en Fiskistofa hefur staðfest flutninginn.

Bátum sem velja sóknardaga gefst kostur á að velja um að stunda veiðar með handfærum og línu skv. 7.–8. mgr. þessarar greinar eða einungis með handfærum skv. 9.–10. mgr. þessarar greinar. Sóknardagur telst vera 24 klukkustundir frá upphafi veiðiferðar. Ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um fyrirkomulag sóknardaga og eftirlit með þeim. Ráðherra getur heimilað að veiðar í sérhæfð veiðarfæri samkvæmt lokamálslið 1. mgr., sem og veiðar með sérhæfðri línu til veiða á háfiskum, séu utan sóknardaga.

Sameiginlegur hámarksþorskaflí þeirra báta er velja að stunda veiðar með handfærum og línu skal á hverju fiskveiðiári vera sama hlutfall af heildarþorskaflaviðmiðun fyrir krókabáta og nam samanlagðri hlutdeild þessara báta í 21.000 lestum, miðað við reiknað þorskaflahámark, skv. 2. gr. laga nr. 83/1995. Á fiskveiðiárinu sem hefst 1. september 1996 skulu sóknardagar þessara báta vera 84, miðað við veiðar með handfærum. Ef bátur rær með línu skal margfalda fjölda nýtttra daga með tölunni 1,9 á tímabilinu frá 1. maí til 1. september, en með tölunni 1,35 á öðrum tíma. Sé einn maður í áhöfn krókabáts er óheimilt að róa með og eiga í sjó fleiri en 12 bala alls af línu fyrir hvern sóknardag en 20 bala séu tveir eða fleiri í áhöfn. Miðað er við að 500 krókar séu á línu í hverjum bala.

Fjöldi sóknardaga þeirra báta er þennan kost velja er ákveðinn fyrir hvert fiskveiðiár, í fyrsta sinn fyrir fiskveiðiárið sem hefst 1. september 1997, með því að reikna meðalaflla á hvern leyfðan sóknardag næstliðins fiskveiðiárs og deila þeirri tölu í hámarksaflla þeirra á fiskveiðiárinu. Sóknardögum skal fækka eða fjölga um heila daga og er broti sleppt.

Sameiginlegur hámarksþorskaflí þeirra báta er velja að stunda veiðar með handfærum eingöngu skal á hverju fiskveiðiári vera sama hlutfall af heildarþorskaflaviðmiðun fyrir krókabáta og nam samanlagðri hlutdeild þessara báta í 21.000 lestum, miðað við reiknað þorskaflahámark skv. 2. gr. laga nr. 83/1995. Á fiskveiðiárinu sem hefst 1. september 1996 skulu sóknardagar þessara báta vera 84.

Fjöldi sóknardaga þeirra báta er þennan kost velja er ákveðinn fyrir hvert fiskveiðiár, í fyrsta sinn fyrir fiskveiðiárið sem hefst 1. september 1997, með því að reikna meðalaflla á hvern leyfðan sóknardag næstliðins fiskveiðiárs og deila þeirri tölu í hámarksaflla þeirra á fiskveiðiárinu. Sóknardögum skal fækka eða fjölga um heila daga og er broti sleppt.

#### 4. gr.

Á eftir 6. gr. laganna kemur ný grein, 6. gr. a, sem orðast svo:

Heimilt er án sérstaks leyfis að stunda fiskveiðar í tómstundum til eigin neyslu. Slíkar veiðar er einungis heimilt að stunda með handfærum án sjálfvirknibúnaðar. Aflla, sem veiddur er samkvæmt heimild í þessari málsgrein, er óheimilt að selja eða fénýta á annan hátt.

Ráðherra er heimilt að ákveða árlega að á tilteknum fjölda opinberra sjóstangaveiðimóta teljist afli ekki til aflamarks eða þorskaflahámars og veiðidagar ekki til sóknardaga, enda sé aflinn einungis fénýttur til að standa straum af kostnaði við mótshaldið.

#### 5. gr.

2. tölul. 3. mgr. 7. gr. laganna fellur brott.

#### 6. gr.

Fyrri málsliður 6. mgr. 10. gr. laganna fellur brott.

## 7. gr.

Við 4. mgr. 12. gr. laganna bætist nýr málslíður er orðast svo: Tefjist skip frá veiðum í sex mánuði eða lengur innan fiskveiðiárs vegna tjóns eða meiri háttar bilana hefur afli þess fiskveiðiárs ekki áhrif til niðurfellingar aflahlutdeildar eða veiðileyfis samkvæmt þessari grein.

## 8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1996, nema ákvæði 2. gr. sem öðlast þegar gildi.

**Ákvæði til bráðabirgða.****I.**

Heimild til að framselja þorskaflahámark krókabáts til annars krókabáts eða báta, með því skilyrði að allt hámarkið sé flutt af viðkomandi bát, veiðileyfi falli niður og rétti til endurnýjunar sé afsalað, skal taka þegar gildi. Enn fremur skal heimild 2. mgr. 6. gr. a er varðar sjóstangaveiðimót þegar taka gildi.

**II.**

Reikna skal sérstaka viðbótarafhlutdeild til handa skipum sem stundað hafa línuveiðar á fiskveiðiárunum 1993/1994, 1994/1995 og 1995/1996 í mánuðunum nóvember, desember, janúar og febrúar þar sem afli var aðeins að hálfu talinn til aflamarks skv. 6. mgr. 10. gr. Skal samanlögð viðbótarafhlutdeild þessara skipa vera jöfn hlutfallinu milli 30 af hundraði línuafla þeirra á þessum þremur árum í framangreindum mánuðum af þorski og ýsu og úthlutaðs heildaraflamarks af sömu tegundum á sömu árum að viðbættum samánlögðum hálfum línuafla í framangreindum mánuðum á sömu árum hins vegar. Skal aflahlutdeild allra skipa endurreiknuð að teknu tilliti til þessa.

Viðbótarafhlutdeild línuskipa af hvorri tegund skv. 1. mgr. skal skiptast milli þeirra í hlutfalli við þann afla af tegundinni sem ekki taldist til aflamarks vegna reglna um línu-tvöföldun á tveimur bestu af framangreindum þremur fiskveiðiárum.

*Gjört 19. júní 1996.*

**Davíð Oddsson.**

**Ólafur G. Einarsson.**  
(L. S.)

**Haraldur Henrýsson.**

*Þorsteinn Pálsson.*

21. júní 1996

Nr. 106

**AUGLÝSING**

**um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.**

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er komin úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

*Forsætisráðuneytinu, 21. júní 1996.*

**Davíð Oddsson.**

*Ólafur Davíðsson.*

# LÖG

## um breytingu á póstlögum, nr. 33/1986.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

Í stað orðanna „Póst- og símamálastofnun“ í upphafi 4. gr. laganna kemur: „Íslenska ríkið“.

Við 4. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Samgönguráðherra er heimilt að veita Pósti og síma hf. rekstrarleyfi til að annast þá póstpjónustu sem ríkið hefur einkarétt á samkvæmt þessari grein.

#### 2. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Íslenska ríkið hefur einkarétt á uppsetningu póstkassa á almannafæri.

Notkun póstlúðurs með eða án stjarna eða örva, til auðkenningar póstpjónustu, er einungis heimil Pósti og síma hf.

#### 3. gr.

19. gr. laganna orðast svo:

Samgönguráðherra setur, að fengnum tillögum frá Pósti og síma hf., gjaldskrá fyrir þjónustu sem lýtur einkarétti. Jafnframt getur hann ákveðið gjaldskrá fyrir flutning og dreifingu dagblaða, vikublaða og tímarita á vegum Pósts og síma hf.

#### 4. gr.

25. gr. laganna orðast svo:

Ríkið hefur einkarétt á útgáfu frímerkja. Með orðinu frímerki er átt við gjaldmiðil sem ætlaður er til greiðslu fyrir póstpjónustu sem innt er af hendi í umboði ríkisins.

#### 5. gr.

Í stað orðanna: „Póst- og símamálastofnun“ og „póst- og símamálastjóri“ í niðurlagi 5. gr. laganna, 1. mgr. 6. gr., 7., 9., 20., 21., 23., 26., 27., 31., 34. og 36. gr. kemur „Póstur og sími hf.“ með fallbreytingum eftir því sem við á.

#### 6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1997.

*Gjört í Reykjavík, 14. júní 1996.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Halldór Blöndal.*

## LÖG

um breyting á lögum um eftirlaun alþingismanna,  
nr. 46/1965, með síðari breytingum.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

- a. Á eftir 2. másl. greinarinnar kemur nýr máslíður er orðast svo: Á sama hátt greiðir forseti Alþingis í sjóðinn 4% af forsetalaunum eins og þau eru ákveðin á hverjum tíma og miðast mótframlag úr ríkissjóði við þau laun.
- b. Við greinina bætast þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:  
Með „alþingismaðni“ er í lögum þessum átt við þann sem tekið hefur fast sæti á Alþingi. Sömu reglur skulu einnig gilda um ráðherra sem ekki er jafnframt alþingismaður.

Varþingmaður skal einnig greiða í sjóðinn af þingfararkaupi sínu og eiga rétt til eftirlauna skv. 2.–3. gr.

Þegar réttindi alþingismanna samkvæmt lögnum eru reiknuð út skal telja með þann tíma sem þeir greiddu í sjóðinn sem varþingmenn.

## 2. gr.

Við 3. gr. laganna bætist ný málsgrein, 5. mgr., er orðast svo:

Þeir sem gegnt hafa embætti forseta Alþingis eftir gildistöku laga nr. 88/1995 skulu, auk réttar skv. 1. og 2. mgr. þessarar greinar, eiga rétt til viðbótargreiðslna úr sjóðnum eftir sömu reglum og gilda um eftirlaun ráðherra, sbr. lög nr. 47/1965, með síðari breytingum, fyrir þann tíma er þeir voru í embætti. Greiðslur samkvæmt þessari málsgrein og greiðslur úr eftirlaunadeild ráðherra, sem fyrrverandi forseti kann að eiga rétt á, mega þó aldrei nema samtals hærri fjárhæð en 50% af ráðherralaunum og skerðast greiðslur samkvæmt þessari málsgrein sem því nemur.

## 3. gr.

4. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 73/1982, orðast svo:

Eftirlifandi maki alþingismanns, fyrrverandi alþingismanns eða varþingmanns á rétt á eftirlaunum að honum látnum samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

Eftirlaunaréttur maka alþingismanns eða fyrrverandi alþingismanns skal vera 20% af þingfararkaupi að viðbættum helmingnum af þeim hundraðshluta sem hinn látni alþingismaður hafði áunnið sér skv. 1.–2. mgr. 3. gr. Sé makalífeyrir samkvæmt þessari málsgrein hærri hundraðshluti en sá sem hinn látni alþingismaður hafði áunnið sér skal það sem umfram er falla niður eftir þrjú ár eða þegar yngsta barn hans verður 18 ára ef síðar er.

Eftirlifandi maki varþingmanns skal eiga rétt á eftirlaunum er nema helmingnum af þeim hundraðshluta sem hinn látni varþingmaður hafði áunnið sér skv. 1.–2. mgr. 3. gr. Hafi samanlögð þingseta varamanns numið tveimur árum á eftirlifandi maki þó sama rétt og eftirlifandi makar alþingismanna og fyrrverandi alþingismanna skv. 2. mgr. þessarar greinar.

Eftirlifandi maki fyrrverandi forseta Alþingis á rétt á viðbótargreiðslu sem nemur helmingi þess réttindahlutfalls af ráðherralaunum sem forsetinn hafði aflað sér skv. 5. mgr. 3. gr. laganna, auk 20% nema makinn eigi jafnframt rétt í ráðherradeild sjóðsins.

Eftirlaun maka fylgja þingfararkaupi alþingismanna eins og það er á hverjum tíma og eru sá hundraðshluti þess sem eftirlaunaréttur skv. 2.–4. mgr. þessarar greinar segir til um.

Reglur 4.–7. mgr. 14. gr. laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins skulu gilda um makalífeyri alþingismanna eftir því sem við á.

4. gr.

Við 5. gr. laganna bætist ný málsgrein, 2. mgr., er orðast svo:

Ákvæði þessarar greinar gilda ekki um börn eða kjörbörn varaþingmanna nema þingseta varaþingmanns hafi varað a.m.k. tvö ár samanlagt.

5. gr.

6. gr. laganna fellur brott.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði a-liðar 1. gr. gilda frá 1. júlí 1995.

Ný ákvæði 4. og 5. gr. laganna skerða ekki rétt þeirra er við gildistöku þessara laga taka maka- eða barnalífeyri úr sjóðnum eða hafa þá öðlast rétt til slíkrar greiðslu.

*Gjört í Reykjavík, 14. júní 1996.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Davíð Oddsson.*

## LÖG

um breyting á lögum nr. 92 24. maí 1994,  
um Þróunarsjóð sjávarútvegsins,  
með síðari breytingum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþings og forseti Hæstaréttar,

*gjöra kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Í stað „1. maí 1995“ í lok ákvæðis til bráðabirgða II í lögnum kemur: 1. september 1995.

2. gr.

Ákvæði til bráðabirgða III í lögnum orðast svo:

Sjávarútvegsráðherra er, þrátt fyrir ákvæði 7. gr., heimilt að ákveða að til ársloka 1996 skuli styrkur vegna úreldingar krókabáta vera hærra hlutfall af húftryggingarmati en gildir um önnur skip og getur styrkurinn ákveðist hærrí vegna krókabáta á sóknardögum en vegna krókabáta á þorskaflahámarki. Jafnframt er heimilt að ákveða að til 1. október 1996 geti úr-

eldingarstyrkur vegna krókabáta á sóknardögum numið að hámarki 80% af húftryggingarverðmæti en að hámarki 60% af húftryggingarverðmæti vegna krókabáta á þorskaflahámarki. Á sama tímabili er Þróunarsjóði heimilt að kaupa krókabáta sem hafa verið úreltir. Getur sjóðurinn m.a. notað þá til þróunarverkefna erlendis.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört 19. júní 1996.*

**Davíð Oddsson.**

**Ólafur G. Einarsson.**  
(L. S.)

**Haraldur Henrýsson.**

*Þorsteinn Pálsson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI A 16 – 1996

---

Nr. 110

348

27. júní 1996

## AUGLÝSING

um breyting á viðauka I við lög nr. 97/1987,  
um vörugjald, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á viðauka I við lög nr. 97/1987, um vörugjald, sbr. lög nr. 89/1996:

1. Tollskránnúmerið 4016.9925 falli brott úr A-lið viðaukans.
2. Tollskránnúmerið 8544.3000 falli brott úr D-lið viðaukans.
3. Í stað tollskránnúmersins 8543.8001 í F-lið viðaukans komi: 8543.8100.

2. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 11. gr. laga nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum, til að öðlast gildi þegar í stað.

*Fjármálaráðuneytinu, 27. júní 1996.*

F. h. r.

**Indriði H. Þorláksson.**

---

*Guðrún Ásta Sigurðardóttir.*



# STJÓRNARTÍÐINDI A 17 – 1996

24. júní 1996

349

Nr. 111

## AUGLÝSING

### um breytingu á þingsályktun um vegáætlun fyrir árin 1995-1998.

Alþingi ályktar, skv. V. kafla vegalaga, nr. 45/1994, að eftirfarandi breytingar skuli gerðar á vegáætlun fyrir árin 1995–1998:

- a. Fyrir árið 1996 skal framkvæmdum í vegamálum hagað samkvæmt eftirfarandi vegáætlun:

#### I. ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN (Fjárhæðir í m.kr.)

	1996
<b>1.1. Markaðar tekjur:</b>	
1. Bensingjald	4.405
2. Þungaskattur, árgjald	685
3. Þungaskattur, km-gjald	1.560
4. Bætt innheimta þungaskatts	100
5. Innheimtuátak í þungaskatti	50
6. Hækkun á þungaskatti	34
<b>1.2. Fært í ríkissjóð</b>	<b>-637</b>
	<b>6.197</b>
<b>1.3. Framkvæmdaáttak:</b>	
1. Frá mörkuðum tekjustofnum	350
2. Framlag úr ríkissjóði	350
3. Lánsfé	0
4. Endurgreiðsla lánsfjár í lið 1.3.3.	-50
	<b>650</b>
	<b>Samtals 6.847</b>

#### II. SKIPTING ÚTGJALDA (Fjárhæðir í m.kr.)

	1996
<b>2.1. Stjórn og undirbúningur:</b>	
1. Skrifstofukostnaður	140
2. Tæknilegur undirbúningur	144
	<b>284</b>
<b>2.2. Viðhald þjóðvega:</b>	
1. Almenn þjónusta	
1. Sameiginlegt	215
2. Vegir og vegyfirborð	335
3. Bryr og önnur vegamannvirki	35
4. Vegmerkingar og vegbúnaður	220
	<b>805</b>
2. Vetrarþjónusta	660

		1996
3.	Viðhald	
1.	Endurnýjun bundinna slitlaga	493
2.	Endurnýjun malarslitlaga	205
3.	Styrkingar og endurbætur	260
4.	Viðhald brúa og varnargarða	100
5.	Öryggisaðgerðir	94
6.	Vatnaskemmdir	92
		1.244
4.	Þéttbýlisvegir	310
<b>2.3.</b>	<b>Til nýrra þjóðvega:</b>	
1.	Stofnvegir	
1.	Almenn verkefni og bundin slitlög	782
2.	Höfuðborgarsvæðið	431
3.	Stórverkefni	463
4.	Frankvæmdaátak	650
2.	Tengivegir	275
3.	Til brúagerða	
1.	Brýr 10 m og lengri	118
2.	Smábrýr	12
4.	Girðingar	28
		2.759
<b>2.4.</b>	<b>Til safnvega:</b>	159
<b>2.5.</b>	<b>Til landsvega:</b>	60
<b>2.6.</b>	<b>Til styrkvega:</b>	25
<b>2.7.</b>	<b>Til reiðvega:</b>	10
<b>2.8.</b>	<b>Til tilrauna:</b>	65
<b>2.9.</b>	<b>Til flóabáta:</b>	466
<b>Samtals</b>		<b>6.847</b>

## SUNDURLIÐUN

**2.3. Til nýrra þjóðvega.***1. Stofnvegir.***1.1. Almenn verkefni og bundin slitlög.**

Vegnr.	Vegheiti	1996
Kaflannr.	Kaflaheiti	m.kr.
1	Hringvegur	
a6	Kirkjubæjarklaustur-Skál	7
1	Hringvegur	
d6	Vegamót við Hveragerði	19
31	Skálholtsvegur	
02	Helgastaðir-Biskupstungnabraut	56
37	Laugarvatnsvegur	
04	Reykjavegur-Biskupstungnabraut	22
41	Reykjanesbraut	
14-19	Endurbætur	65
1	Hringvegur	
g5	Lýsing Borgamesi	8
54	Ólafsvíkurvegur	
07-08	Lágafell-Staðará	28
09	Urriðaa-Bjarnarfoss	35
57	Snæfellsnesvegur	
12	Búlandshöfði	40
58	Stykkishólmsvegur	
01	Lýsing	5
60	Vestfjarðavegur	
10	Gilsfjörður	21

Vegnr. Kaflnr.	Vegheiti Kafleheiti	1996 m.kr.
60	Vestfjarðavegur	
21	Gilsfjörður . . . . .	21
47	Jarðgöng . . . . .	89
61	Djúpvegur	
25-30	Ísafjarðardjúp . . . . .	21
62	Barðastrandarvegur	
02	Brjánslækur-Kross . . . . .	19
1	Hringvegur	
m4	Um Bólstaðarhlíðarbrekku . . . . .	5
76	Siglufjarðarvegur	
09	Ólafsfjarðarvegur-Almenningsnöf . . . . .	48
1	Hringvegur	
p6	Dagverðareyrarvegur-Akureyri . . . . .	10
q7	Fosshóll-Aðaldalsvegur . . . . .	25
r1	Garður-Geiteyjarströnd . . . . .	21
82	Ólafsfjarðarvegur	
08	Ólafsfjörður-Vatnsendi . . . . .	25
85	Norðausturvegur	
06	Húsavík-Héðinshöfði . . . . .	21
10	Krossdalur-Vestursandsvegur . . . . .	21
1	Hringvegur	
t0	Dimmidalur-Skóghlíð . . . . .	15
u3-u4	Krossá-Búðá . . . . .	15
y2	Skeiðarársandur . . . . .	10
85	Norðausturvegur	
35	Sandvíkurheiði-Hvammserði . . . . .	37
93	Seyðisfjarðarvegur	
02	Borgarfjarðarvegur-Langahlíð . . . . .	31
96	Suðurfjarðarvegur	
02	Eyri-Pernunes . . . . .	32
03	Pernunes-Vattames . . . . .	10
	Samtals	782

## 1.2. Höfuðborgarsvæðið.

Vegnr. Kaflnr.	Vegheiti Kafleheiti	1996 m.kr.
1	Hringvegur	
e2	Reiðgöng . . . . .	16
e3	Rauðavatn-Nesbraut . . . . .	31
f3	Í Mosfellsbæ . . . . .	30
41	Reykjanesbraut	
12	Gatnamót við Fífuhvammsveg . . . . .	7
14	Gatnamót við Ásbraut . . . . .	68
49	Nesbraut	
02	Höfðabakki-Miklabraut . . . . .	56
03	Breikkun Miklubrautar . . . . .	22
411	Amarnesvegur	
04	Bæjarbraut-Reykjanesbraut . . . . .	8
	Greiðsla skulda í Reykjavík . . . . .	193
	Samtals	431

## 1.3. Stórverkefni.

Vegnr.	Vegheiti	1996
Kaflannr.	Kaflaheiti	m.kr.
60	Vestfjarðavegur	
10	Gilsfjörður . . . . .	82
47	Jarðgöng . . . . .	191
61	Djúpvegur	
25–30	Ísafjarðardjúp . . . . .	59
1	Hringvegur	
	Tenging Norður- og Austurlands . . . . .	127
	Austurlandsgöng . . . . .	4
	Samtals	463

1.5. Framkvæmdaáttak.  
Almenn verkefni.

Vegnr.	Vegheiti	1996
Kaflannr.	Kaflaheiti	m.kr.
1	Hringvegur	
b4	Vík–Hvammásá . . . . .	16
b8	Sandhólmavegur–Dímonarvegur . . . . .	3
26	Landvegur	
02	Hagabraut–Galtalækur . . . . .	14
31	Skálholtsvegur	
02	Helgastaðir–Biskupstungnabraut . . . . .	4
32	Þjórsárdalsvegur	
02	Stóranúpsvegur–Ásólfstaðir . . . . .	14
41	Reykjanesbraut	
14–19	Endurbætur . . . . .	23
417	Bláfjallavegur	
01	Hringvegur–Bláfjöll . . . . .	17
50	Borgarfjarðarbraut	
03	Bæjarsveitarvegur–Kleppjamsreykir . . . . .	22
60	Vestfjarðavegur	
07	Búðardalur–Klofningsvegur . . . . .	14
60	Vestfjarðavegur	
39	Þverá í Brekkudal . . . . .	6
61	Djúpvegur	
07–09	Skriðnesenni–Kollafjarðarnes . . . . .	2
45	Óshlíð . . . . .	8
62	Barðastrandarvegur	
02	Brjánslækur–Kross . . . . .	7
1	Hringvegur	
k1	Við Staðarskála, lýsing . . . . .	2
75	Sauðárkróksbraut	
05	Skagavegur–Flugvöllur, lýsing . . . . .	3
76	Siglufjarðarvegur	
02	Framnes–Sauðárkróksbraut . . . . .	21
1	Hringvegur	
q8	Við Laugar . . . . .	5
r1	Garður–Geiteyjarströnd . . . . .	4
85	Norðausturvegur	
25	Þistilfjörður, flugvöllur . . . . .	10
87	Kísilvegur	
04–05	Hveravellir–Þverá . . . . .	23
829	Eyjafjarðarbraut eystri	
01	Þverá–Laugaland . . . . .	24
1	Hringvegur	
t2	Við Fellabæ . . . . .	7

Vegnr.	Vegheiti	1996
Kaflnr.	Kaflaheiti	m.kr.
92	Norðfjarðarvegur	
00	Egilsstaðir	4
06	Reyðarfjörður	3
10	Göng-Oddsdalur	17
	Samtals	273

## Höfuðborgarsvæðið.

Vegnr.	Vegheiti	1996
Kaflnr.	Kaflaheiti	m.kr.
49	Nesbraut	
01	Gatnamót við Höfðabakka	34
02	Höfðabakki-Míklabraut	283
450	Sundabraut, undirbúningur	2
	Fífuhvammsvegur	10
	Göngubrýr og undirgöng	38
	Skiltabrýr	5
	Óráðstafað	5
	Samtals	377
	Framkvæmdaátak samtals	650

## 2. Tengivegir.

Vegnr.	Vegheiti	1996
Kaflnr.	Kaflaheiti	m.kr.
25	Þykkvabæjarvegur	
02	Hrafnóftir-Ásvegur	5
26	Landvegur	
02	Hagabraut-Galtalækur	9
208	Búlandsvegur	
00-01	Hringvegur-Fjallabaksleið nyrðri	4
253	Gunnarshólmavegur	
01	Voðmúlastaðir-Gunnarshólmi	11
255	Akureyjarvegur	
01	Strandarhöfuð-Njálsbúð	11
262	Vallavegur	
01	Um Efrahol	1
282	Ásmundarstaðavegur	
01	Hringvegur-Ásmundarstaðir	2
32	Þjórsárdalsvegur	
02	Stóranúpsvegur-Ásólfstaðir	9
35	Biskupstungnabraut	
07	Bræðratunguvegur-Laugarvatnsvegur	9
304	Oddgeirshólavegur	
01	Hringvegur-Oddgeirshólar	5
316	Kaldaðarnesvegur	
01	Eyrbakkavegur-Litla-Sandvík	1
374	Hvammsvegur	
01	Hringvegur-Hringvegur	3
417	Bláfjallavegur	
01	Hringvegur-Bláfjöll	14
427	Ísólfsskála- og Krýsuvíkurvegur	
	Frumhönnun Suðurstrandarvegur	7

Vegnr.	Vegheiti Kaflar.	Kaflaheiti	1996 m.kr.
1		Hringvegur	
	g1	Um Botnsvog . . . . .	6
50		Borgarfjarðarbraut	
	03	Bæjarsveitarvegur–Kleppjámsreykir . . . . .	17
505		Melasveitarvegur	
	01	Snjóastaðir . . . . .	5
518		Hálsasveitarvegur	
	02	Reykholt–Stóriás . . . . .	10
540		Hraunhreppsvegur	
	01	Snjóastaðir . . . . .	5
574		Útnesvegur	
	01	Við Kamb . . . . .	4
612		Örlygshafnarvegur	
	01	Barðastrandarvegur–Flugvallarvegur . . . . .	5
635		Snæfjallastrandarvegur	
	01	Djúpvegur–Nauteyri . . . . .	11
645		Drangsnesvegur	
	01	Strandavegur–Hella . . . . .	14
715		Viðidalsvegur	
	01	Hringvegur–Kolugil . . . . .	1
722		Vatnsdalsvegur	
	01–04	Hringvegur–Hringvegur . . . . .	17
752		Skagafjarðarvegur	
	02	Héraðsdalsvegur–Svartárdalsvegur . . . . .	10
792		Flugvallarvegur Siglufirði	
		Norðurtún–flugvöllur . . . . .	2
793		Skarðsvegur	
	01	Flugvallarvegur–skíðasvæði . . . . .	2
		Skíðavegur í Tindastól . . . . .	2
807		Skíðadalsvegur	
	01	Sakka–Hofsá . . . . .	21
848		Mývatnsvegur	
	01	Neslandavík–Kísilvegur . . . . .	16
853		Hvammavegur	
	01	Hagi–Ystihvammur . . . . .	5
85		Norðausturvegur	
	40	Hlíðarvegur–Deildarlækur . . . . .	8
94		Borgarfjarðarvegur	
	06	Um Selfjót . . . . .	5
931		Upphéraðsvegur	
	04	Brekkugerði–Hengifossá . . . . .	18
		Samtals	275

*3. Til brúagerða.*  
**1. Brýr 10 m og lengri.**

	1996 m.kr.
Húsá í Mýrdal (1) . . . . .	12
Jökulfall á Kerlingarfjallav. (F347, landsv.) . . . . .	9
Þverá í Brekkudal (60) . . . . .	11
Djúpadalsá (1) . . . . .	30
Djúpá hjá Krossi (1) . . . . .	14
Eyvindará (93) . . . . .	42
	<u>118</u>

- b. Lýsing eftirtaldrá vega í III. kafla, FLOKKUN VEGA, liðnum 3.1. STOFN- OG TENGIVEGIR EFTIR KJÖRDÆMUM, orðast svo:
1. 1 Hringvegur: (Reykjaneskjördæmi.) Frá sýslumörkum við Sandskeið um Lækjarbotna, ofan Reykjavíkur, um Mosfellssveit, Kjalarnes og í jarðgöng undir Hvalfjörð á móts við Tíðaskarð.
  2. 1 Hringvegur: (Vesturlandskjördæmi.) Frá sýslumörkum í Hvalfjarðargöngum, inn fyrir Akrafjall, út fyrir Hafnarfjall, yfir Borgarfjörð hjá Borgarnesi, um Eskiholt, Norðurárdal, að sýslumörkum á Holtavörðuheidi.
  3. 47 Hvalfjarðarvegur: (Reykjaneskjördæmi.) Af Hringvegi við Ártúnsá, inn Hvalfjörð að sýslumörkum í Hvalfjarðarbotni.
  4. 47 Hvalfjarðarvegur: (Vesturlandskjördæmi.) Frá sýslumörkum í Hvalfjarðarbotni út Hvalfjarðarströnd á Hringveg sunnan Laxár.
  5. 51 Akrafjallsvegur: Af Hringvegi austan við Innrihólm, út fyrir Akrafjall, skammt austan Akraneskaupstaðar, inn með Akrafjalli norðanverðu á Hringveg hjá Urriðaá.
  6. 506 Grundartangavegur: Af Hringvegi hjá Klafastöðum að Grundartangahöfn.
  7. 509 Akranesvegur: Af Akrafjallsvegi innan kaupstaðar að ferjubryggju á Akranesi.
  8. 503 Innnesvegur: Af Akrafjallsvegi hjá Reyni um Ytrahólm og Esjubraut á Akranesi að Akranesvegi.
  9. 501 Innrahólmsvegur: Af Innnesvegi hjá Miðgarði að Kirkjubóli.
  10. 48 Kjósarskarðsvegur: Af Hvalfjarðarvegi norðan Laxár, um Reynivelli og Kjósarskarð að sýslumörkum vestan Stíflisdalsvatns.
  11. 460 Eyrarfjallsvegur: Af Hvalfjarðarvegi hjá Kiðafelli, sunnan Eyrarfjalls á Hvalfjarðarveg hjá Felli.
  12. 461 Meðalfellsvegur: Af Hvalfjarðarvegi hjá Skorá, norðan Meðalfellsvatns á Kjósarskarðsveg sunnan brúar á Laxá hjá Vindáshlíð.
  13. 50 Borgarfjarðarbraut: Af Hvalfjarðarvegi við Ferstiklu, um Geldingadraga, Hestháls og Bæjarsveit, yfir brú á Hvítá hjá Kljáfossi, um Stafholtstungur á Vesturlandsveg hjá Haugum.
  14. 502 Svínadalvegur: Af Hvalfjarðarvegi hjá Miðfelli, norður yfir Laxá hjá Hóli, um Eyri á Borgarfjarðarbraut gegnt Geitabergi.

c. Við liðinn **3.2.1. Stofnvegir** í III. kafla, FLOKKUN VEGA, bætist:

**47 Hvalfjarðarvegur.**

**509 Akranesvegur.**

*Samgönguráðuneytinu, 24. júní 1996.*

**Halldór Blöndal.**

*Jón Birgir Jónsson.*

## AUGLÝSING

**um flugmálaáætlun árin 1996-1999.**

Alþingi ályktar að framkvæmdum í flugmálum og rekstri flugvalla skuli hagað samkvæmt eftirfarandi flugmálaáætlun fyrir árin 1996-1999.

## I. ÁÆTLUN UM FJÁRÖFLUN

(Fjárhæðir í millj. kr.)

	1996	1997	1998	1999
<b>1.1 Markaðar tekjur:</b>				
1. Flugvallagjald .....	427	442	442	442
*2. Eldsneytisgjald .....	46	46	46	46
3. Lendingargjöld .....	50	50	50	50
4. Loftferðaefirlitsgjöld .....	14	14	14	14
5. Leigugjöld .....	18	18	18	18
6. Þjónustugjöld .....	72	72	72	72
7. Aðrar tekjur .....	51	51	51	51
	678	693	693	693
<b>1.2 Önnur framlög:</b>				
1. ICAO-tekjur .....	400	400	400	400
2. Framlag úr ríkissjóði .....	406	496	496	496
3. Umframtekjur frá 1995 .....	49	0	0	0
<b>Samtals:</b>	<b>1.533</b>	<b>1.589</b>	<b>1.589</b>	<b>1.589</b>

\* Tekjur sem bundnar eru til framkvæmda í flugmálum samkvæmt lögum nr. 31/1987, um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum.

## II. SKIPTING ÚTGJALDA

(Fjárhæðir í millj. kr.)

	1996	1997	1998	1999
<b>2.1 Rekstur:</b>				
1. Allar deildir .....	766	766	766	766
2. Alþjóðaflugþjónustan .....	435	435	435	435
	1.201	1.201	1.201	1.201
<b>2.2 Áætlunarflugvellir I:</b>				
1. Flugbrautir og stæði .....	23	10	20	6
2. Bundið slitlag .....	53	167	181	190
3. Byggingar .....	44	40	10	5
4. Slökkvi- og björgunarbúnaður .....	10	0	10	0
5. Snjóhreinsibúnaður .....	42	6	9	19
6. Aðflugs- og ljósabúnaður .....	19	2	4	0
7. Veðurmælíbúnaður .....	12	10	10	5
8. Varaafli .....	6	2	8	4
9. Til rannsókna og þróunarverkefna .....	0	10	10	10
10. Ýmis búnaður .....	13	2	2	7
	222	249	264	246
<b>2.3 Áætlunarflugvellir II:</b>				
1. Flugbrautir og stæði .....	0	0	15	15
2. Bundið slitlag .....	10	30	0	2
3. Byggingar .....	3	8	2	10
4. Slökkvi- og björgunarbúnaður .....	0	0	0	0
5. Snjóhreinsibúnaður .....	10	8	0	11
6. Aðflugs- og ljósabúnaður .....	0	0	10	6
7. Veðurmælíbúnaður .....	0	0	0	0
8. Varaafli .....	0	0	0	0
9. Ýmis búnaður .....	0	1	0	8
	23	47	27	52



	1996	1997	1998	1999
<b>2.4 Áætlunarflugvellir III:</b>				
1. Flugbrautir og stæði .....	0	0	0	0
2. Bundið slitlag .....	15	0	0	0
3. Byggingar .....	3	0	0	0
4. Slökkvi- og björgunarbúnaður .....	0	0	0	0
5. Snjöhreinsibúnaður .....	0	0	0	0
6. Aðflugs- og ljósabúnaður .....	0	0	0	0
7. Veðurmælíbúnaður .....	0	0	0	0
8. Varaafl .....	0	0	0	0
9. Ýmis búnaður .....	0	0	0	3
	18	0	0	3
<b>2.5 Aðrir flugvellir og landingarstaðir:</b>				
1. Óskipt .....	6	12	12	12
<b>2.6 Flugumferðar- og flugleiðsöguþjónusta:</b>				
1. Flugstjórnarmiðstöð o.fl. ....	15	20	20	20
2. GPS-leiðréttingarst. og athuganir .....	15	20	15	10
3. Annað .....	10	10	20	15
	40	50	55	45
<b>2.7 Til leiðréttingar og brýnna verkefna:</b>				
1. Óskipt .....	17	20	20	20
<b>2.8 Yfirstjórn:</b>				
1. Stjórnunarkostnaður .....	6	10	10	10
<b>Samtals:</b>	<b>1.533</b>	<b>1.589</b>	<b>1.589</b>	<b>1.589</b>

### III. FLOKKUN FLUGVALLA

#### 3.1 Áætlunarflugvellir I:

Reykjavík, Akureyri, Vestmannaeyjar, Egilsstaðir, Ísafjörður, Hornafjörður, Húsavík og Sauðárkrókur.

#### 3.2 Áætlunarflugvellir II:

Patreksfjörður, Bíldudalur, Siglufjörður, Vopnafjörður, Grímsey, Norðfjörður, Flateyri og Þingeyri.

#### 3.3 Áætlunarflugvellir III:

Mývatn, Hólmavík, Raufarhöfn, Gjögur, Kópasker, Borgarfjörður eystri og Þórshöfn.

#### 3.4 Aðrir flugvellir og landingarstaðir:

**A. Þjónustuflygvellir:** Bakkafjörður, Bakki, Blönduós, Borgarnes, Breiðdalsvík, Ólafsfjörður, Reykhólar, Reykjanes við Djúp, Rif, Selfoss, Stykkishólmur og Vík.

**B. Aðrir flugvellir:** Alftaver, Fagurhólsmýri, Fáskrúðsfjörður, Geysir, Grímsstaðir, Herðubreiðarlindir, Hrafnseyri, Húsafell, Hveravellir, Kerlingarfjöll, Kirkjubæjarklaustur, Nýidalur, Skálavátn, Sprengisandur og Þórsmörk.

**C. Sportflugvellir:** Flúðir, Hella, Melgerðismelar og Sandskeið.

**D. Landingarstaðir:** Arngerðareyri, Búðardalur, Bæir, Dagverðará, Djúpivogur, Einholtsmelar, Grundarfjörður, Hrísey, Hvammstangi, Ingjaldssandur, Kaldármelar, Króksfjarðarnes, Melanes, Sandármelar, Skógarsandur, Stórholt, Stóri-Kroppur og Tálknafjörður.

**E. Landingarstaðir í eigu og í umsjá annarra aðila en Flugmálastjórnar:** Auðkúluheiði, Forsæti, Gunnarsholt, Hvolsvöllur, Múlakot og Þórisós.

**IV. SUNDURLIÐUN FRAMKVÆMDA**  
(Fjárhæðir í millj. kr.)

Staður/verkefni	1996	1997	1998	1999
<b>4.1 Reykjavík</b>				
1. Girðing	5			
2. Endurnýjun slitlags	8	117	181	170
3. Til rannsóknna og þróunarverkefna		10	10	10
4. Ýmis búnaður	5			
	<b>18</b>	<b>127</b>	<b>191</b>	<b>180</b>
<b>4.2 Akureyri</b>				
1. Endurbætur eldri flugstöðvar	7	10		
2. Breikkun malbiks	25			
3. Nýtt slitlagsyfirlag	10	30		
4. Bílastæði og lóð	5	10		
5. Stækkun flugvélahlaðs			5	5
6. Veðurmælitæki	12			
7. Leiðarljós	4	2		
8. Ýmis búnaður	3			
	<b>66</b>	<b>52</b>	<b>5</b>	<b>5</b>
<b>4.3 Vestmannaeyjar</b>				
1. Vörubifreið/snjótönn	15			
2. Sandgeymsla			5	
3. Snjóblásari			3	3
4. Varaafl		2		
5. Veðurmælíbúnaður		5		
6. Hindranalýsing			4	
7. Flugstöð, athugun	1			
8. Ýmis búnaður	1		2	
	<b>17</b>	<b>7</b>	<b>14</b>	<b>3</b>
<b>4.4 Egilsstaðir</b>				
1. Flugbraut	5			
2. Snjóblásari	7			
3. Slökkvibúnaður	10			
4. Stækkun tækjageymslu	9			
5. Flugstöð	10	5	5	
6. Ýmis búnaður	2	1		2
	<b>43</b>	<b>6</b>	<b>5</b>	<b>2</b>
<b>4.5 Ísafjörður</b>				
1. Ný tækjageymsla	1			
2. Snjóblásari	10			
3. Hindranalýsing	15			
4. Varaafl	6			
5. Bílastæði og lóð			15	
6. Nýtt slitlagsyfirlag				20
7. Veðurmælíbúnaður		5		
8. Flugstöð	1	15		
9. Ýmis búnaður		1		
	<b>33</b>	<b>21</b>	<b>15</b>	<b>20</b>
<b>4.6 Hornafjörður</b>				
1. Lenging flugbrautar	8			
2. Breikkun bundins slitlags		20		
3. Sandgeymsla				5
4. Vörubifreið/snjótönn			6	
5. Veðurmælíbúnaður				5

Staður/verkefni	1996	1997	1998	1999
6. Varaafl . . . . .				4
7. Ýmis búnaður . . . . .	2			3
	<b>10</b>	<b>20</b>	<b>6</b>	<b>17</b>
<b>4.7 Húsavík</b>				
1. Tækjageymsla . . . . .	15	10		
2. Slökkvibifreið . . . . .			10	
3. Vörubifreið . . . . .				4
4. Veðurmælíbúnaður . . . . .			5	
5. Varaafl . . . . .			4	
6. Ýmis búnaður . . . . .				1
	<b>15</b>	<b>10</b>	<b>19</b>	<b>5</b>
<b>4.8 Sauðárkrókur</b>				
1. Bundið slitlag . . . . .	10			
2. Snjósópur . . . . .	10			
3. Snjóblásari . . . . .				12
4. Vörubifreið/snjótönn . . . . .		6		
5. Veðurmælíbúnaður . . . . .			5	
6. Varaafl . . . . .			4	
7. Ýmis búnaður . . . . .				1
	<b>20</b>	<b>6</b>	<b>9</b>	<b>13</b>
<b>4.9 Patreksfjörður</b>				
1. Bundið slitlag . . . . .	10			
2. Snjósópur . . . . .	10			
3. Tækjageymsla . . . . .		6		
4. Ýmis búnaður . . . . .				1
	<b>20</b>	<b>6</b>	<b>0</b>	<b>1</b>
<b>4.10 Bíldudalur</b>				
1. Snjósópur . . . . .		8		
2. Tækjageymsla . . . . .				10
3. Flugbrautarljós . . . . .			10	
4. Aðflugshallaljós . . . . .				6
5. Ýmis búnaður . . . . .				1
	<b>0</b>	<b>8</b>	<b>10</b>	<b>17</b>
<b>4.11 Grímsey</b>				
1. Endurbætur flugstöðvar . . . . .	3			
2. Ýmis búnaður . . . . .		1		1
	<b>3</b>	<b>1</b>	<b>0</b>	<b>1</b>
<b>4.12 Siglufjörður</b>				
1. Snjóblásari . . . . .				11
2. Ýmis búnaður . . . . .				1
	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>12</b>
<b>4.13 Þórshöfn</b>				
1. Farþegaskýli . . . . .	3	2	2	
2. Ýmis búnaður . . . . .				1
	<b>3</b>	<b>2</b>	<b>2</b>	<b>1</b>
<b>4.14 Hólmavík</b>				
1. Ýmis búnaður . . . . .				1
	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>1</b>

Staður/verkefni	1996	1997	1998	1999
<b>4.15 Gjögur</b>				
1. Ýmis búnaður .....				1
	0	0	0	1
<b>4.16 Mývatn</b>				
1. Búndið slitlag .....	15			
2. Ýmis búnaður .....				1
	15	0	0	1
<b>4.17 Vopnafjörður</b>				
1. Búndið slitlag .....		30		1
2. Ýmis búnaður .....				1
	0	30	0	2
<b>4.18 Þingeyri</b>				
1. Flugbraut/öryggissvæði .....			15	16
2. Ýmis búnaður .....				1
	0	0	15	17
<b>4.19 Norðfjörður</b>				
1. Búndið slitlag .....				1
2. Ýmis búnaður .....				1
	0	0	0	2
<b>4.20 Aðrir flugvelliir og landingarstaðir</b>				
1. Óskipt .....	6	12	12	12
	6	12	12	12
<b>4.21 Flugumferðar- og flugleiðsögubúnaður</b>				
1. Flugstjórnarmiðstöð o.fl. ....	15	20	20	20
2. GPS-leiðréttingarstöðvar og athuganir .....	15	20	15	10
3. Upplýsingakerfi .....	4	9	10	5
4. Flugprófunartæki .....	1	1	10	10
5. Selárdalur, varaafli .....	5			
	40	50	55	45
<b>4.22 Til leiðréttinga og brýnna verkefna</b>				
1. Óskipt .....	17	20	20	20
	17	20	20	20
<b>4.23 Yfirstjórn</b>				
1. Stjórnunarkostnaður .....	6	10	10	10
	6	10	10	10
	<b>Samtals:</b>	<b>332</b>	<b>388</b>	<b>388</b>
	<b>Til reksturs flugvalla:</b>	<b>190</b>	<b>100</b>	<b>100</b>

Samgönguráðuneytinu, 20. júní 1996.

**Halldór Blöndal.**

*Halldór S. Kristjánsson.*

# STJÓRNARTÍÐINDI A 18 – 1996

12. júlí 1996

361

Nr. 113

## LÖG

### um viðskiptabanka og sparisjóði.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Að ég skv. 26. gr. laga nr. 39/1996 hef látið fella meginmál þeirra laga inn í lög nr. 43/1993, um viðskiptabanka og sparisjóði, og gef þau út svo breytt:

#### I. KAFLI

##### Almenn ákvæði.

###### 1. gr.

Lög þessi gilda um viðskiptabanka í eigu ríkisins, hér eftir nefndir ríkisviðskiptabankar, viðskiptabanka sem reknir eru af hlutafélögum, hér eftir nefndir hlutafélagsbankar, og sparisjóði.

###### 2. gr.

Viðskiptabönkum og sparisjóðum er einungis heimilt, nema annað leiði af lögum, að stunda viðskiptabanka- eða sparisjóðastarfsemi eins og hún er skilgreind í V. kafla laga þessara.

###### 3. gr.

Viðskiptabönkum og sparisjóðum er skylt og einum heimilt, nema lög ákveði annað, að nota í firma sínu eða til nánari skýringar á starfsemi sinni orðið „banki“ eða „sparisjóður“ eitt sér eða samtengt öðrum orðum, sbr. þó 5. mgr. 82. gr.

Viðskiptabanki má ekki auðkenna starfsemi sína á þann hátt að unnt sé að líta svo á að um Seðlabanka Íslands geti verið að ræða.

#### II. KAFLI

##### Stofnun, starfsleyfi o.fl.

###### 4. gr.

Óheimilt er að hefja starfsemi viðskiptabanka eða sparisjóðs nema að fengnu starfsleyfi viðskiptaráðherra. Skráning hlutafélagsbanka í hlutafélagaskrá veitir ekki sjálfkrafa rétt til að hefja slíka starfsemi.

Umsókn um starfsleyfi skal vera skrifleg. Henni skal fylgja lýsing á starfseminni þar sem fram kemur, meðal annars, hvaða starfsemi ætlunin er að stunda og lýsing á innra skipulagi viðskiptabankans eða sparisjódóðsins. Jafnframt skulu fylgja upplýsingar um stofnendur, hlutafé eða stofnfé, hluthafa eða stofnfjáreigendur og hlut hvers um sig, auk annarra upplýsinga og gagna sem viðskiptaráðherra ákveður. Samþykktir skulu fylgja umsókn um starfsleyfi hlutafélagsbanka eða sparisjódóðs.

Með umsókn skulu, auk upplýsinga skv. 2. mgr., fylgja gögn um nán tengsl stofnunar við einstaklinga eða lögaðila. Með nánnum tengslum er átt við innbyrðis tengsl tveggja eða fleiri einstaklinga eða lögaðila sem fela í sér beina eða óbeina hlutdeild þessara aðila sem nemur a.m.k. 20% af eigin fé eða atkvæðisrétti fyrirtækis. Einnig er um nán tengsl að ræða ef fyrrgreindir aðilar, eða dótturfélög þeirra, hafa vegna samninga yfirráð í fyrirtæki (viðskiptabanka eða sparisjódóði) eða sambærileg innbyrðis tengsl eins eða fleiri lögaðila eða einstaklinga við fyrirtæki.

Áður en ráðherra afgreiðir umsókn um starfsleyfi skal hann leita umsagnar bankaeftirlits Seðlabanka Íslands.

Ákvörðun um umsókn um starfsleyfi skal ávallt liggja fyrir innan þriggja mánaða frá því að fullbúin umsókn barst ráðherra, sbr. ákvæði III. kafla.

Birta skal tilkynningar um starfsleyfi viðskiptabanka og sparisjódóða í Lögbirtingablaði.

#### 5. gr.

Einungis einstaklingar og lögaðilar búsettir hér á landi geta verið stofnendur viðskiptabanka eða sparisjódóðs, sbr. þó 8. gr.

Ríkisborgarar og lögaðilar annarra ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins eru undanþegnir búsetuskilyrði 1. mgr. Ráðherra er heimilt að veita ríkisborgurum annarra ríkja sömu undanþágu.

Viðskiptabanki eða sparisjódóður sem sækir um starfsleyfi skv. 4. gr. skal hafa höfuðstöðvar sínar hér á landi.

#### 6. gr.

Viðskiptabanki eða sparisjódóður verður ekki stofnaður með lægra hlutafé eða stofnfé en 400 milljónum króna og skal hlutafé eða stofnfé aldrei nema lægri fjárhæð. Fjárhæð þessi skal bundin við gengi evrópsku mynteiningarinnar ECU miðað við kaupgengi hennar á útgáfudegi laga þessara.

Ráðherra er heimilt að víkja frá lágmarkskröfum 1. mgr. um fjárhæð stofnfjár í sparisjódóði að fengnum tillögum bankaeftirlitsins og Tryggingarsjódóðs sparisjódóða. Þó skal stofnfé aldrei nema lægri fjárhæð en 80 milljónum króna og vera bundið gengi evrópsku mynteiningarinnar ECU samkvæmt því sem segir í 1. mgr.

Viðskiptabanka eða sparisjódóði er óheimilt að hefja starfsemi fyrr en hlutafé eða stofnfé hefur verið greitt að fullu í reiðufé.

#### 7. gr.

Starfandi viðskiptabönkum eða sparisjódóðum við gildistöku laga þessara með eigið fé lægra en það hlutafé eða stofnfé sem mælt er fyrir um í 1. eða 2. mgr. 6. gr. er heimilt að halda áfram starfsemi sinni, enda fari eigið fé þeirra ekki niður fyrir þá fjárhæð sem það nam við gildistöku laganna. Nú fer eigið fé niður fyrir framangreind mörk og er þá bankaeftirlitinu heimilt að

veita hlutaðeigandi stofnun hæfilegan frest til úrbóta. Uppfylli stofnunin ekki skilyrðin um eigið fé að liðnum veittum fresti skal starfsleyfi hennar afturkallað samkvæmt ákvæðum XIII. kafla.

Yfirtaki nýir aðilar starfsemi viðskiptabanka eða sparisjóðs sem starfar skv. 1. mgr. skal eigið fé stofnunarinnar hafa náð því lágmarki sem kveðið er á um í 1. eða 2. mgr. 6. gr. innan þriggja mánaða frá yfirtökunni.

#### *A. Ríkisviðskiptabankar.*

##### 8. gr.

Ríkisviðskiptabankar eru sjálfstæðar stofnanir og lúta sérstakri stjórn samkvæmt lögum þessum. Þeir verða einungis stofnaðir samkvæmt sérstökum lögum.

Heimili og varnarþing ríkisviðskiptabanka er í Reykjavík nema annað leiði af lögum.

Ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum ríkisviðskiptabanka. Ríkisviðskiptabanka er óheimilt án samþykkis Alþingis að taka víkjandi lán í því skyni að efla eiginfjárstöðu sína umfram það sem Tryggingarsjóður viðskiptabanka getur veitt, sbr. 75. gr. laga þessara.

Nánar skal kveðið á um starfsemi ríkisviðskiptabanka í reglugerð.

#### *B. Hlutfélagsbankar.*

##### 9. gr.

Einungis hlutfélögum er heimilt að reka viðskiptabanka aðra en ríkisviðskiptabanka. Ákvæði laga um hlutfélög gilda um hlutfélagsbanka nema annað sé boðið í lögum þessum.

##### 10. gr.

Engar hömlur má leggja á viðskipti með hluti í hlutfélagsbanka, sbr. þó 100. gr.

Í samþykktum skal kveðið á um atkvæðisrétt sem fylgir hlutum í hlutfélagsbanka og um meðferð hans. Í samþykktum er óheimilt að veita tilteknum hlutum aukið atkvæðagildi eða skipa hlutum með öðrum hætti í sérstaka flokka.

Þeir hluthafar, sem eiga eða hyggjast eignast virkan eignarhlut í viðskiptabanka, skulu fyrir fram tilkynna bankaeftirlitinu þar um. Með virkum eignarhlut er átt við beina eða óbeina hlutdeild sem nemur 10% eða meira af eigin fé eða atkvæðisrétti eða aðra hlutdeild sem gerir kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun viðkomandi stofnunar. Einnig skal hlutaðeigandi tilkynna bankaeftirlitinu ef hann hyggst auka við hlutfjáreign sína það mikið að hlutur hans í hlutfélagsbanka eða samsvarandi réttur til meðferðar atkvæða nemi 20%, 33% eða 50% eða svo stórum hluta að hlutfélagsbanki verði talinn dótturfyrirtæki hans.

Ráðherra getur að fenginni tillögu bankaeftirlitsins synjað hluthafa um að eignast hlut eða um rétt til meðferðar atkvæða skv. 3. mgr. telji hann viðkomandi ekki hæfan til þess með tilliti til heilbrigðs og trausts reksturs hlutaðeigandi stofnunar. Rökstudd synjun ráðherra skal hafa borist hlutaðeigandi innan þriggja mánaða frá þeim degi er tilkynning skv. 3. mgr. berst bankaeftirlitinu.

Sé um að ræða aukningu á eignarhlut skv. 3. mgr. er ráðherra heimilt að kveða á um hvenær henni skuli í síðasta lagi hrint í framkvæmd, enda hafi henni ekki verið hafnað.

Hyggist hluthafi, sem á 10% eða meira af hlutafé í hlutfélagsbanka, draga úr hlutfjáreign sinni skal hann tilkynna það bankaeftirlitinu fyrir fram og einnig hver eignarhlutur hans muni verða. Fari eignarhluturinn niður fyrir 20%, 33%, 50% eða svo mikið að bankinn hættir að vera dótturfyrirtæki hlutaðeigandi, sbr. 3. mgr., skal það einnig tilkynnt.

## 11. gr.

Þegar tilkynning hefur borist um kaup eða eigendaskipti hlutabréfa í hlutafélagsbanka sem valda því að hlutafjäreign fer yfir eða undir þau mörk sem tilgreind eru í 3., 4. eða 5. mgr. 10. gr. skal bankaráð eða bankastjórn tilkynna bankaeftirlitinu þar um án ástæðulauss dráttar.

Eigi sjaldnar en einu sinni á ári skal hlutafélagsbanki tilkynna bankaeftirlitinu um þá hlut-hafa sem eiga 10% eða meira af hlutafé bankans og hlutafjäreign hvers þeirra.

## 12. gr.

Fari aðili, sem á svo mikinn hlut í hlutafélagsbanka sem segir í 3. mgr. 10. gr., þannig með hlut sinn að skaði heilbrigðan og traustan rekstur bankans getur ráðherra að fenginni tillögu bankaeftirlitsins ákveðið að þessum hlutum fylgi ekki atkvæðisréttur eða lagt fyrir hlutaðeigandi banka að grípa til viðeigandi ráðstafana.

Ráðherra getur að fenginni tillögu bankaeftirlitsins ákveðið að eignarhlutum, sem ekki hafa verið tilkynntir fyrir fram skv. 3. mgr. 10. gr., fylgi ekki atkvæðisréttur. Synji ráðherra ekki viðkomandi um að eignast hlut eða auka við hann skv. 4. og 5. mgr. 10. gr. fá þessir hlutir atkvæðisrétt að nýju.

Hafi ráðherra ákveðið skv. 1. eða 2. mgr. að hlutum fylgi ekki atkvæðisréttur skulu þeir hlutir ekki teknir með við útreikning á því hve miklum hluta atkvæða mælt hafi verið fyrir á hluthafafundum.

## 13. gr.

Viðskiptabanka er óheimilt að eiga sjálfur eða taka að veði meira en 10% af eigin hlutafé. Eignist stofnunin meira af hlutafénu, svo sem með kaupum eða fyrir annað framsal, skal hún hafa selt hlutabréf þannig að lögmæltu marki sé náð innan þriggja mánaða.

## 14. gr.

Ákvæði 10.–12. gr. eiga einnig við um sparisjóði, eftir því sem við getur átt.

*C. Sparisjóðir.*

## 15. gr.

Stofnfjäreigendur í sparisjóði skulu ekki vera færri en 30.

Á stofnfundi sparisjóðs fer hver stofnandi með eitt atkvæði. Stofnfundur setur sparisjóði samþykktir. Í þeim skulu vera ákvæði sem varða sérstaklega hlutaðeigandi sparisjóð, svo sem:

1. heiti sparisjóðs,
2. heimili sparisjóðs og varnarþing,
3. heildarupphæð stofnfjár, skipting í stofnfjárhluti og atkvæðisréttur,
4. reglur um eigendaskipti að stofnfjárhlutum og aukningu stofnfjár,
5. kosning sparisjóðsstjórnar og störf hennar,
6. breytingar á samþykktum og
7. slit á sparisjóði og ráðstöfun eigin fjár í því sambandi.

Ákvörðun um breytingu á samþykktum sparisjóðs verður því aðeins gild að hún hljóti samþykki  $\frac{2}{3}$  hluta greiddra atkvæða, svo og samþykki stofnfjäreigenda sem ráða yfir minnst  $\frac{2}{3}$  hlutum þess stofnfjár sem farið er með atkvæði fyrir á fundi stofnfjäreigenda.

Þegar starfsemi sparisjóðs er bundin við ákveðið svæði skulu stofnfjäreigendur vera búsettir eða reka atvinnu eða aðra starfsemi á því svæði, sbr. þó 2. mgr. 5. gr.



## 16. gr.

Gefin skulu út stofnfjárbréf fyrir skráðum stofnfjárhlutum og skulu þau undirrituð af sparisjóðsstjórn. Þau má ekki afhenda fyrr en hlutur er að fullu greiddur. Stofnfjárbréf skulu hljóða á nafn og verða þau ekki framseld til handhafa þannig að gildi hafi gagnvart sparisjóðnum. Í stofnfjárbréfi skal greina:

1. heiti sparisjóðs og heimilisfang,
2. númer og fjárhæð hlutar,
3. nafn, heimilisfang og kennitölu stofnfjáreiganda,
4. útgáfudag stofnfjárbréfs,
5. efni 18. gr. og 20.–21. gr. laga þessara og
6. sérstök atriði er varða réttindi og skyldur stofnfjáreiganda.

Færð skal skrá yfir stofnfjáreigendur og skulu þeir allir eiga aðgang að henni.

## 17. gr.

Stofnfjáreigendur bera ekki persónulega ábyrgð á skuldbindingum sparisjóðs umfram stofnfé sitt.

Stofnfjáreigendur hafa ekki rétt til ágóðahlutar af rekstrarafgangi sparisjóðs umfram það sem mælt er fyrir um í lögum þessum.

Stofnfjáreigendur skulu einungis njóta arðs af innborguðu stofnfé sínu.

Stofnfé verður ekki endurgreitt til stofnfjáreigenda nema samkvæmt ákvæðum 70. gr.

## 18. gr.

Sala eða annað framsal stofnfjárhlutar í sparisjóði er óheimilt nema með samþykki sparisjóðsstjórnar. Veðsetning stofnfjárhlutar í sparisjóði er óheimil.

## 19. gr.

Sparisjóði er óheimilt að eiga sjálfur meira en 10% af eigin stofnfé. Eignist sparisjóður meira af stofnfénu vegna ákvæða 20. og 21. gr. skal hann hafa selt stofnfjárhlut þannig að lögmæltu marki sé náð innan þriggja mánaða.

## 20. gr.

Stjórn sparisjóðs er heimilt að innleysa stofnfjárhlut í sparisjóði þegar svo stendur á sem hér segir:

1. við andlát stofnfjáreiganda,
2. við eigendaskipti á stofnfjárhlut þegar fjárslit fara fram milli hjóna og
3. við brottflutning stofnfjáreiganda af starfssvæði sjóðsins.

Stjórn sparisjóðs er skylt að innleysa stofnfjárhlut í eftirgreindum tilvikum:

1. þegar stofnun, sem er eigandi að stofnfjárhlut, er slitið eða hún lögð niður,
2. við gjaldþrotaskipti á búi stofnfjáreiganda og
3. við fjárnám í stofnfjárhlut stofnfjáreiganda.

## 21. gr.

Nú synjar sparisjóður um heimild til sölu stofnfjárhlutar, sbr. 18. gr., eða neytir ekki heimildar til innlausnar skv. 1. mgr. 20. gr. og skal hann þá, ef óskað er, hafa milligöngu um sölu

hlutarins eða innleysa hann innan árs frá því er skrifleg beiðni kom fram um sölu eða innlausn, sbr. þó ákvæði 19. gr.

Fari innlausn stofnfjárlutar fram skal hlutur innleystur á nafnverði að viðbætti ónýttri heimild til endurmats stofnfjár skv. 23. gr.

#### 22. gr.

Fundur stofnfjáreigenda getur ákveðið að auka stofnfé í starfandi sparisjóði og sett reglur um áskrift nýrra stofnfjárluta í samræmi við ákvæði í samþykktum.

Það verð, sem nýr stofnfjáreigandi skal greiða fyrir hlut, skal vera nafnverð hans að viðbætti ónýttri heimild til endurmats stofnfjár skv. 23. gr.

#### 23. gr.

Frá ársbyrjun 1993 er sparisjóðum heimilt að endurmeta stofnfé sjóðsins og greiða inn á stofnfjárreikninga stofnfjáreigenda. Við endurmat þetta skal hafa hliðsjón af eftirgreindum atriðum:

1. verðlagsbreytingum frá 1. janúar 1992 miðað við lánsjaravísitölu og
2. stöðu eigin fjár hjá sparisjóði.

Nýtt stofnfé nýtur hlutfallslega endurmats miðað við inngreiðslu þess innan ársins.

### III. KAFLI

#### Synjun umsókna um starfsleyfi.

#### 24. gr.

Uppfylli viðskiptabanki eða sparisjóður, eftir því sem við á, ekki skilyrði 2. mgr. 4. gr. um form umsóknar, 5. gr. um stofnendur, 6. gr. um stofnfé, 8. gr. um stofnun ríkisviðskiptabanka, 9. gr. um stofnun hlutafélagsbanka, 1.–3. mgr. 10. gr. um hluti í hlutafélagsbanka, 2. mgr. 15. gr. um stofnun sparisjóðs og 38. gr. um stjórn viðskiptabanka eða sparisjóðs skal umsókn um starfsleyfi synjað.

#### 25. gr.

Ráðherra er heimilt að synja umsókn um starfsleyfi, að fengnum tillögum bankaeftirlitsins, sé eignarhlutur hluthafa í hlutafélagsbanka eða stofnfjáreiganda í sparisjóði skv. 10. gr. talinn ósamrýmanlegur eðlilegum rekstri hlutaðeigandi stofnunar.

Ráðherra er og heimilt að synja umsókn um starfsleyfi ef nán tengsl viðskiptabanka eða sparisjóðs við einstaklinga eða lögaðila geta að mati bankaeftirlits hindrað það í eðlilegum eftirlitsaðgerðum. Sama á við ef lög eða reglur, sem um slíka einstaklinga eða lögaðila gilda, hindra eðlilegt eftirlit.

#### 26. gr.

Synjun ráðherra á starfsleyfi skal rökstudd og send umsækjanda skriflega.

## IV. KAFLI

**Stjórn.***A. Ríkisviðskiptabankar.*

## 27. gr.

Yfirstjórn ríkisviðskiptabanka er í höndum viðskiptaráðherra og bankaráðs svo sem fyrir er mælt í lögum þessum.

Bankaráð ríkisviðskiptabanka skipa fimm menn kjörnir hlutbundinni kosningu af Alþingi til fjögurra ára í senn ásamt jafnmörgum til vara. Ráðherra skipar formann bankaráðs til fjögurra ára úr hópi hinna kjörnu aðalmanna og annan varaformann. Umboð bankaráðs gildir þar til nýtt hefur verið kjorið.

Ráðherra ákveður þóknun bankaráðsmanna og varamanna þeirra.

## 28. gr.

Ráðherra getur hvenær sem er krafðið bankaráð upplýsinga um rekstur og hag hlutaðeigandi ríkisviðskiptabanka.

## 29. gr.

Bankastjórn ríkisviðskiptabanka skal skipuð þremur bankastjórum sem skulu eigi ráðnir til lengri tíma en sex ára í senn. Hafi bankastjóri brotið af sér í starfi getur bankaráð vikið honum frá fyrirvaralaust og án launa. Bankaráð skal skýra bankastjóra skriflega frá ástæðum fyrir frávikningu úr starfi.

Auglýsa skal opinberlega eftir umsóknum um stöður bankastjóra með hæfilegum fyrirvara.

*B. Hlutafélagsbankar.*

## 30. gr.

Hluthafafundur fer með æðsta vald í málefnum hlutafélagsbanka samkvæmt því sem lög og samþykktir bankans ákveða.

## 31. gr.

Stjórn hlutafélagsbanka nefnist bankaráð. Bankaráðið fer með málefni hlutafélagsbanka milli hluthafafunda.

Bankaráð hlutafélagsbanka skal skipað eigi færri en fimm mönnum og jafnmörgum til vara. Bankaráð skal kjorið af hluthöfum á aðalfundi.

*C. Sparisjóðir.*

## 32. gr.

Fundur stofnfjáreigenda fer með æðsta vald í málefnum sparisjóðs samkvæmt því sem lög og samþykktir sparisjóðsins ákveða. Stjórn sparisjóðs fer með málefni hans milli þeirra funda.

Aðalfundur skal halda samkvæmt ákvæðum samþykktta, þó eigi sjaldnar en einu sinni á ári og aldrei síðar en níu mánuðum frá lokum hvers reikningsárs.

Aukafundur skal halda ef stofnfjáreigendur, sem fara með minnst  $\frac{1}{3}$  hluta stofnfjár, krefjast þess skriflega og greina fundarefni.

Aukafundur skal annars halda þegar sparisjóðsstjórn telur þess þörf.

## 33. gr.

Fundir stofnfjáreigenda skulu boðaðir með þeim hætti sem samþykktir ákveða en þó með tíu daga fyrirvara hið skemmsta. Fundarboði skal fylgja dagskrá fundarins. Stofnfjáreiganda er óheimilt að fela öðrum umboð sitt á framangreindum fundum nema slíkt sé leyft í samþykktum sparisjóðs.

Afl atkvæða samkvæmt reglum 35. gr. ræður úrslitum á fundum nema öðruvísi sé mælt í lögum þessum.

Hver stofnfjáreigandi á rétt til að fá ákveðið mál tekið til úrlausnar á fundum stofnfjáreigenda sparisjóðs ef hann gerir skriflega kröfu um það til sparisjóðsstjórnar með svo miklum fyrirvara að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins.

## 34. gr.

Á aðalfundi skal m.a. taka eftirgreind mál fyrir:

1. skýrslu stjórnar um starfsemi liðins starfsárs,
2. staðfestingu á endurskoðuðum ársreikningi og ráðstöfun tekjuafgangs að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnar, sbr. 59. gr.,
3. kosningu sparisjóðsstjórnar, sbr. 36. gr., og endurskoðanda, sbr. 60. gr.,
4. þóknun stjórnarmanna, svo og þóknun endurskoðanda, að fengnum tillögum sparisjóðsstjórnar,
5. breytingar á samþykktum sparisjóðs og
6. önnur mál sem aðalfundur skal fjalla um samkvæmt lögum þessum eða sparisjóðsstjórn ákveður að leggja fyrir fundinn.

## 35. gr.

Stofnfjáreigendur skulu eiga jafnan hlut nema samþykktir heimili annað.

Stofnfjáreigendur skulu eiga jafnan atkvæðisrétt nema öðruvísi sé ákveðið í samþykktum sparisjóðs. Þó er einstökum stofnfjáreigendum aldrei heimilt, fyrir sjálfs sín hönd eða annarra, að fara með meira en 5% af heildaratkvæðamagni í sparisjóði, sbr. þó 98. gr. ef sveitarfélag er eini stofnfjáreigandinn.

Óheimilt er að fara með atkvæðisrétt samkvæmt þeim stofnfjárbréfum sem sparisjóður á sjálfur, sbr. 19. gr.

Þar sem talað er um heildaratkvæðamagn í sparisjóði í lögum þessum er átt við heildaratkvæðamagn að frádregnum atkvæðum samkvæmt þeim stofnfjárbréfum sem sparisjóður á sjálfur.

## 36. gr.

Í stjórn sparisjóðs skulu sitja fimm menn. Stofnfjáreigendur kjósa þrjá stjórnarmenn en hlutaðeigandi sveitarstjórnir eða héraðsnefndir tilnefna tvo stjórnarmenn samkvæmt nánari ákvæðum í samþykktum sjóðsins. Séu sveitarstjórnir einu stofnfjáreigendurnir kjósa hlutaðeigandi sveitarstjórnir, eða fulltrúar þeirra, alla stjórnina í samræmi við samþykktir sparisjóðsins. Stjórnin kys sér formann úr sínum hópi. Heimilt er að kjósa varamenn, jafnmarga aðalmönnum, eftir sömu reglum og gilda um kosningu aðalmanna. Kosning stjórnar skal vera hlutbundin ef óskað er.

Nú eru stofnfjáreigendur í sparisjóði fleiri en 150 og er þá heimilt að ákveða í samþykktum sparisjóðs að aðalfundur kjósi fulltrúaráð skipað að minnsta kosti 21 fulltrúa. Fulltrúaráð

skal kosið til þriggja ára og þriðjungur árlega nema í fyrsta skipti. Fulltrúaráð kýs stjórn sparisjóðsins samkvæmt reglum 1. mgr. eftir því sem við getur átt.

Stjórnarmenn, sem eru ekki kosnir af stofnfjáreigendum, sitja aðal- og aukafundi án atkvæðisréttar.

Umboð stjórnarmanns gildir þann tíma sem til er tekinn í samþykktum. Kjörtímabili skal vera lokið við lok aðalfundar í síðasta lagi fjórum árum eftir kjörið.

### 37. gr.

Nú sameinast tveir eða fleiri sparisjóðir og er þá heimilt að ákveða í samþykktum að stjórn sparisjóðsins verði kosin hlutbundinni kosningu af sérstöku fulltrúaráði.

Fulltrúaráð skal þannig skipað:

1. að  $\frac{3}{5}$  hlutum af stofnfjáreigendum hlutaðeigandi sparisjóða samkvæmt samningi þeirra þar um,
2. að  $\frac{2}{5}$  hlutum af hlutaðeigandi sveitarstjórnnum eða héraðsnefndum enda hafi sveitarstjórnir eða sýslunefndir áður kosið til stjórnar sparisjóða.

Við sameiningu sparisjóða er heimilt að ákveða í samþykktum að starfa skuli staðbundnar stjórnir, þriggja til fimm manna, á starfssvæði sparisjóðanna eins og það var fyrir sameiningu, kjörnar skv. 36. gr. Stjórn sparisjóðsins setur staðbundnum stjórnnum erindisbréf þar sem starfssviði þeirra er nánar lýst og skal það staðfest á fundi stofnfjáreigenda.

### *D. Sameiginleg ákvæði.*

#### 38. gr.

Bankastjórar viðskiptabanka og sparisjóðsstjórar skulu vera búsettir hér á landi, vera fjárráða, hafa óflekkað mannorð og aldrei hafa verið sviptir forræði yfir búi sínu.

Auk þess að fullnægja skilyrðum 1. mgr. skal menntun eða starfsreynsla og starfsferill bankastjóra og sparisjóðsstjóra vera með þeim hætti að tryggt sé að þeir geti gegnt stöðu sinni á forsvaranlegan hátt.

Bankaráðsmenn og stjórnarmenn sparisjóðs skulu einnig uppfylla skilyrði 1. mgr. Ríkisborgarar annarra ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins eru þó undanþegnir búsetuskilyrðinu. Ráðherra er heimilt að veita ríkisborgurum annarra ríkja sömu undanþágu.

Bankastjórum og sparisjóðsstjórum er óheimilt að eiga sæti í bankaráði eða stjórn sparisjóðs.

#### 39. gr.

Bankaráð eða sparisjóðsstjórn hefur yfirumsjón með starfsemi viðskiptabanka eða sparisjóðs í samræmi við lög þessi, reglugerðir eða samþykktir. Bankaráð eða sparisjóðsstjórn skal einnig hafa með höndum almennt eftirlit með rekstri hlutaðeigandi stofnunar. Bankaráð eða sparisjóðsstjórn annast m.a. eftirfarandi verkefni:

1. að ráða bankastjóra eða sparisjóðsstjóra, ákveða laun og ráðningarkjör þeirra og verkskiptingu samkvæmt sérstöku erindisbréfi sem gildir í ákveðinn tíma,
2. að ráða forstöðumann endurskoðunardeildar, sbr. 7. mgr. 62. gr.,
3. að staðfesta ráðningu staðgengla bankastjóra eða sparisjóðsstjóra samkvæmt tillögum bankastjórnar eða sparisjóðsstjóra,
4. að staðfesta tillögur bankastjórnar eða sparisjóðsstjóra um höfuðþætti í stjórnskipulagi hlutaðeigandi stofnunar,

5. að móta stefnu í vaxta- og gjaldskrármálum og setja almennar reglur um lánveitingar og ábyrgðir stofnunarinnar, hvort tveggja að fenginni umsögn bankastjóra eða sparisjóðs-  
stjóra,
6. að setja að fenginni tillögu bankastjóra eða sparisjóðsstjóra leiðbeiningar um árlega upp-  
lýsingagjöf til bankaráðs eða sparisjóðsstjórnar um veitt lán og ábyrgðir til einstaklinga  
og lögaðila sem, beint eða óbeint, vegna eignarhlutdeildar eða á annan hátt hafa veruleg  
áhrif á ráðstafanir hlutaðeigandi stofnunar eða eru undir stjórn einstaklinga eða lögaðila  
sem hafa slík áhrif,
7. að ákveða hvaða starfsmenn, auk bankastjóra eða sparisjóðsstjóra, hafa heimild til að  
skuldbinda hlutaðeigandi stofnun og setja reglur þar um,
8. að ákveða hver skuli taka sæti af hálfu viðskiptabanka eða sparisjóðs í stjórn stofnunar  
eða atvinnufyrirtækis nema lög kveði á um annað,
9. að taka ákvörðun um ráðstöfun á tekjuafgangi til varasjóðs og annarra sjóða ríkisvið-  
skiptabanka eða leggja tillögur um þessi atriði fyrir hluthafafund eða aðalfund hlutafé-  
lagsbanka eða aðalfund sparisjóðs,
10. að taka ákvörðun um að stofna eða leggja niður útibú,
11. að taka ákvörðun um byggingu, kaup, sölu og veðsetningu á fasteignum stofnunarinnar,
12. að ákveða kaup og sölu hlutabréfa og annarra eignarhluta í félögum eða stofnunum sem  
viðskiptabanki eða sparisjóður á aðild að og
13. að taka ákvörðun um samruna hlutaðeigandi stofnunar við aðra viðskiptabanka eða  
sparisjóði, sbr. 72. og 74. gr.

Áður en ákvörðun er tekin skv. 7.–13. tölul. 1. mgr. skal leitað tillagna bankastjóra eða  
sparisjóðsstjóra.

Bankaráð og sparisjóðsstjórn fjalla einnig um önnur mál sem þau skulu annast samkvæmt  
lögum þessum, reglugerðum eða samþykktum hlutaðeigandi stofnana, svo og þau mál sem  
bankastjórar og sparisjóðsstjórar leggja fyrir bankaráð eða sparisjóðsstjórn.

#### 40. gr.

Bankaráð eða sparisjóðsstjórn heldur fundi eftir þörfum eða samkvæmt því sem ákveðið er  
í reglugerðum eða samþykktum. Bankaráðsfundi og stjórnarfundum sparisjóðs skal ætíð halda  
ef einn eða fleiri bankaráðsmenn eða stjórnarmenn sparisjóðs óska þess eða telji banka- eða  
sparisjóðsstjórar þess þörf. Bankastjórar og sparisjóðsstjórar sitja bankaráðsfundi eða stjórn-  
arfundum sparisjóðs og taka þátt í umræðum nema bankaráð eða sparisjóðsstjórn ákveði annað.

Fundir eru lögmatir ef meiri hluti bankaráðsmanna eða stjórnarmanna sparisjóðs er á  
fundi. Afl atkvæða ræður úrslitum við afgreiðslu máls. Falli atkvæði jöfn ræður atkvæði  
formanns. Um það sem gerist á bankaráðsfundum og stjórnarfundum sparisjóðs skal haldin  
gerðabók og fundargerðir staðfestar á þann hátt sem bankaráð eða stjórn sparisjóðs ákveður.

Bankaráðsmenn eða stjórnarmenn sparisjóðs og varamenn þeirra skulu ekki taka þátt í  
meðferð máls er varðar viðskipti þeirra sjálfra eða fyrirtækja sem þeir eiga hlut í, sitja í stjórn  
hjá, eru fyrirsvarsmenn fyrir eða eiga að öðru leyti verulegra hagsmuna að gæta í. Sama gildir  
um þátttöku bankaráðsmanna eða stjórnarmanna sparisjóðs í meðferð máls er varðar aðila  
sem eru þeim tengdir, persónulega eða fjárhagslega.

Bankaráðsmenn og stjórnarmenn sparisjóðs, varamenn þeirra, endurskoðendur og aðrir  
starfsmenn mega ekki koma fram sem umboðsaðilar annarra gagnvart hlutaðeigandi stofnun.

## 41. gr.

Bankastjórar og sparisjóðsstjórar bera ábyrgð á daglegum rekstri hlutaðeigandi stofnunar og fara með ákvörðunarvald í öllum málefnum hennar sem ekki eru öðrum falin með lögum þessum. Þeim ber að sjá um að reksturinn sé í öllum greinum samkvæmt lögum þessum, reglugerðum eða samþykktum og ákvörðunum bankaráðs eða sparisjóðsstjórnar.

## 42. gr.

Bankastjórum og sparisjóðsstjórum er óheimilt, nema að fengnu leyfi bankaráðs eða sparisjóðsstjórnar, að sitja í stjórn stofnana og atvinnufyrirtækja utan viðskiptabanka eða sparisjóðs eða taka þátt í atvinnurekstri að öðru leyti nema lög kveði á um annað eða um sé að ræða stofnun eða atvinnufyrirtæki sem hlutaðeigandi stofnun á aðild að.

Um heimildir annarra starfsmanna skv. 1. mgr. fer samkvæmt reglum sem bankaráð eða sparisjóðsstjórn setja að fengnum tillögum bankastjóra eða sparisjóðsstjóra.

## 43. gr.

Bankaráðsmenn, stjórnarmenn sparisjóðs, bankastjórar og sparisjóðsstjórar, endurskoðendur og aðrir starfsmenn viðskiptabanka eða sparisjóðs eru bundnir þagnarskyldu um allt það er varðar hagi viðskiptamanna hlutaðeigandi stofnunar og um önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls nema dómari úrskurði að upplýsingar sé skylt að veita fyrir dómi eða lögreglu eða skylda sé til að veita upplýsingar lögum samkvæmt. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

## V. KAFLI

**Starfsemi.**

## 44. gr.

Starfsemi viðskiptabanka og sparisjóða er fólgin í geymslu og ávöxtun fjár, miðlun á peningum, verðbréfavíðskiptum og annarri þjónustustarfsemi sem er í eðlilegum tengslum við slík viðskipti:

1. Móttaka innlána og annarra endurgreiðanlegra fjármuna frá almenningi.
2. Útlánastarfsemi, m.a.:
  - a. neytendalán,
  - b. langtímaveðlán,
  - c. kröfukaup og kaup skuldaskjala og
  - d. viðskiptalán.
3. Fjármögnunarleiga.
4. Greiðslumiðlun.
5. Útgáfa og umsýsla greiðslumiðla (t.d. greiðslukorta, ferðatékka og víxla).
6. Að veita ábyrgðir og tryggingar.
7. Viðskipti fyrir eigin reikning eða fyrir viðskiptavini með:
  - a. greiðsluskjöl á peningamarkaði (ávísanir, víxla, önnur sambærileg greiðsluskjöl o.s.frv.),
  - b. erlendan gjaldeyri,
  - c. framvirka samninga og skiptirétt (vilnanir),
  - d. gengisbundin bréf og vaxtabréf og
  - e. verðbréf.
8. Þátttaka í útboðum verðbréfa og þjónustuviðskipti tengd slíkum útboðum.

9. Ráðgjöf til fyrirtækja um uppbyggingu höfuðstóls, áætlanagerð og skyld mál og ráðgjöf og þjónusta varðandi samruna fyrirtækja og kaup á þeim.
10. Peningamiðlun.
11. Stjórnun og ráðgjöf varðandi samval verðbréfa.
12. Varsla og ávöxtun verðbréfa.
13. Upplýsingar um lánstraust (láns hæfni).
14. Útleiga geymsluhólf.

Um verðbréfavíðskipti viðskiptabanka og sparisjóða gilda eftir því sem við getur átt ákvæði laga um verðbréfavíðskipti.

Viðskiptabönkum, sparisjóðum og öðrum stofnunum, sem til þess hafa sérstaka lagaheimild, er einum heimilt að taka við innlánnum frá almenningi til geymslu og ávöxtunar.

Viðskiptabönkum og sparisjóðum er heimilt að stunda váttryggingarstarfsemi með stofnun dótturfyrirtækis.

Viðskiptabönkum og sparisjóðum er einnig heimilt að stunda aðra starfsemi en um ræðir í 1. mgr., enda sé slík hliðarstarfsemi í eðlilegu framhaldi af viðskiptabanka- eða sparisjóðsstarfsemi. Til framangreindrar starfsemi þarf samþykki bankaeftirlitsins sem jafnframt getur ákveðið að hún skuli stunduð í sérstöku félagi.

#### 45. gr.

Viðskiptabönkum og sparisjóðum er heimilt án takmarkana að yfirtaka eignir til að tryggja fullnustu kröfu. Eignirnar skulu seldar jafnskjótt og það er talið hagkvæmt að mati banka- stjórnar eða sparisjóðsstjóra.

Viðskiptabönkum og sparisjóðum er heimilt að stunda tímabundið aðra starfsemi en þá sem um getur í 44. gr. ef það er einungis í þeim tilgangi að ljúka viðskiptum fyrirtækja við viðskiptabanka eða sparisjóð eða liður í endurskipulagningu á starfsemi viðskiptaaðila þessara stofnana. Skýrsla hér að lútandi skal send bankaftirlitinu.

#### 46. gr.

Viðskiptabankar og sparisjóðir mega ekki eiga eða taka að veði eignarhluti í einstökum fyrirtækjum sem stunda aðra starfsemi en þá sem getið er í 44. gr. og nema hærri fjárhæð en 15% af eigin fé hlutaðeigandi stofnunar áður en tekið hefur verið tillit til frádráttar skv. 4. mgr. 55. gr. Eignarhlutur viðskiptabanka eða sparisjóðs og heildarskuldbindingar fyrirtækis gagnvart hlutaðeigandi stofnun skulu vera innan þeirra marka sem getur í reglum er ráðherra setur að fengnum tillögum bankaftirlitsins um hámark lána og ábyrgða til einstakra viðskiptamanna eða fjárhagslega tengdra aðila.

Samtala virkra eignarhluta, sbr. skilgreiningu skv. 3. mgr. 10. gr., má ekki nema hærri fjárhæð en 60% af eigin fé viðskiptabanka eða sparisjóðs áður en tekið hefur verið tillit til frádráttar skv. 4. mgr. 55. gr. Bókfært virði samanlagðra eignarhluta, sem viðskiptabanki eða sparisjóður hefur eignast, má ekki nema hærri fjárhæð en 100% af eigin fé þeirra. Eignarhlutir sem dregin skulu frá við útreikning á eigin fé og eignarhlutir í fyrirtækjum, sem mynda samstæðu með viðskiptabanka eða sparisjóði, skulu ekki teknir með við útreikning hlutfalla skv. 1. mgr. og 1. og 2. málsl. þessarar málsgreinar. Tímabundinn eignarhlutur viðskiptabanka eða sparisjóðs í fyrirtæki skv. 45. gr. skal ekki tekinn með við útreikning skv. 1. mgr. og 2. málsl. þessarar málsgreinar.

Heimilt er að eignarhlutir viðskiptabanka eða sparisjóða fari fram yfir hlutföll skv. 1. mgr. eða 1. málsl. 2. mgr., enda sé sú fjárhæð, sem umfram er, dregin frá við útreikning eigin



fjár hlutaðeigandi stofnunar. Fari eignarhlutir samtímis fram yfir hlutföll skv. 1. mgr. og 1. málsl. 2. mgr. skal hærri fjárhæðin af þeim sem umfram eru dregin frá við útreikning eigin fjár hlutaðeigandi stofnunar.

Viðskiptabankar og sparisjóðir skulu gefa bankaeftirlitinu sundurliðað yfirlit yfir eignarhluti í öðrum viðskiptabönkum eða sparisjóðum sem þeir hafa eignast eða tekið að veði, sbr. þó 18. gr.

Veiti viðskiptabanki eða sparisjóður lán til kaupa á eigin hlutabréfum eða stofnfjárhlutum fyrir hærri fjárhæð en 5% af heildarfjárhæð hlutafjár eða stofnfjár hlutaðeigandi stofnunar skulu settar óumdeildar tryggingar fyrir lánnum sem eru umfram framangreint hlutfall.

#### 47. gr.

Viðskiptabönkum og sparisjóðum er óheimilt að veita bankastjórum eða sparisjóðsstjórum lán eða ganga í ábyrgðir fyrir þá nema fyrirgreiðsla til þeirra sé samþykkt af bankaráði eða sparisjóðsstjórn, bókuð í gerðabók og sé á engan hátt frábrugðin sambærilegri fyrirgreiðslu til annarra viðskiptamanna. Bankastjórum og sparisjóðsstjórum er óheimilt að vera ábyrgðarmenn gagnvart hlutaðeigandi stofnun. Ákvæði þessarar greinar gildir einnig um maka þeirra.

Að öðru leyti fer um viðskipti starfsmanna við hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóð eftir reglum sem bankaráð eða sparisjóðsstjórn setur að fengnum tillögum bankastjóra eða sparisjóðsstjóra.

#### 48. gr.

Innlánsreikningar, fjárvörslureikningar og geymsluhólf skulu skráð á nafn viðskiptamanns ásamt heimilisfangi hans og kennitölu. Sömu upplýsinga skal einnig aflað við stofnun annarra viðskiptasambanda hlutaðeigandi stofnunar og viðskiptamanna hennar, eftir því sem unnt er.

#### 49. gr.

Glatist innlánskilríki eða viðtökuskírteini er viðskiptabanki eða sparisjóður hafa gefið út fyrir handveði eða geymslufé getur bankaráð eða sparisjóðsstjórn stefnt til sín handhafa nefndra skjala með þriggja mánaða fyrirvara frá síðustu birtingu áskorunar sem birt skal þrisvar sinnum í Lögbirtingablaði.

Gefi enginn sig fram áður en fyrirvarinn er liðinn falla niður öll réttindi á hendur viðskiptabanka eða sparisjóði samkvæmt innlánskilríkinu eða viðtökuskírteininu. Skal viðskiptabanki eða sparisjóður þá, að ósk þess sem fengið hafði hið fyrra innlánskilríki eða viðtökuskírteini afhent úr hlutaðeigandi stofnun, gefa út nýtt honum til handa eða þeim sem sannar að hann leiði rétt sinn löglega frá þessum aðila og skal hið nýja skjal vera með sömu skilmálum og hið fyrra.

#### 50. gr.

Innlánskilríki viðskiptabanka eða sparisjóða, ávísanir og hvers konar skuldbindingar sem gefnar eru út í nafni þeirra, skuldbindingar sem veita þeim handveðsrétt, arðmiðar af skuldbréfum þeirra og framsöl skulu undanþegin stimpilgjaldi.

Ákvæði 1. mgr. á einnig við um aðrar stofnanir eða sjóði sem lög þessi taka til.

## 51. gr.

Viðskiptabanki eða sparisjóður má ekki eiga fasteignir eða hluti í félögum um fasteignir fyrir hærri fjárhæð en sem nemur 20% af eigin fé. Fasteignir sem viðskiptabanki eða sparisjóður notar vegna starfseminnar og fasteignir, sem hlutaðeigandi stofnun hefur yfirtekið til lúkningar kröfu skv. 1. mgr. 45. gr., reiknast þó ekki með.

## 52. gr.

Við ákvörðun vaxta og þjónustugjalda er viðskiptabönkum og sparisjóðum óheimilt að hafa samráð við aðrar innlánsstofnanir. Sparisjóðum er þó heimilt að fela Sparisjóðabanka Íslands hf. að leggja fyrir hlutaðeigandi sparisjóð leiðbeinandi tillögur um vexti og þjónustugjöld enda brjóti slíkt ekki í bága við ákvæði samkeppnislaga, sbr. IV. kafla þeirra laga.

## VI. KAFLI

## Um laust fé og eigið fé.

## 53. gr.

Viðskiptabankar og sparisjóðir skulu kappkosta að hafa ætíð yfir að ráða nægilegu lausu fé til að geta innt af hendi úttektir á innlánsfé og aðrar greiðslur sem starfsemi hlutaðeigandi stofnana fylgja. Með lausu fé er átt við peninga í sjóði, óbundnar nettóinnstæður í innlendum og erlendum innlánsstofnunum, ríkisvixla og aðrar sambærilegar nettóeignir.

## 54. gr.

Eigið fé viðskiptabanka og sparisjóða, eins og það er skilgreint skv. 2. mgr., skal á hverjum tíma eigi nema lægri fjárhæð en sem svarar til 8% af áhættugrunni. Áhættugrunnur stofnunar skal metinn með tilliti til heildareigna, liða utan efnahagsreiknings, gengisáhættu og áhættu annarra liða með markaðsáhættu samkvæmt nánari reglum um mat á áhættugrunni til útreiknings á eiginfjárlutfalli viðskiptabanka og sparisjóða sem Seðlabankinn setur. Eiginfjárfraðan skv. 1. málsl. skal einnig gilda um samstæðureikning, sbr. 66. gr.

Við útreikning á eiginfjárlutfalli skv. 1. mgr. skal eigið fé samsett af þremur þáttum, eiginfjárfætti A, eiginfjárfætti B og eiginfjárfætti C, og frádráttarliðum skv. 55. gr. Eftirfarandi takmarkanir gilda um einstaka eiginfjárfætti:

1. Eiginfjárfáttur A skal nema að lágmarki helmingi eigin fjár fyrir frádrátt skv. 55. gr.
2. Eiginfjárfáttur B má hæst nema 50% af eiginfjárfætti A.
3. Eiginfjárfáttur C má hæst nema 50% af eiginfjárfætti A. Jafnframt má eiginfjárfáttur C hæst nema 4,8% af reiknuðum áhættugrunni viðskiptabanka eða sparisjóðs vegna markaðsáhættu liða í veltubók og gengisáhættu.

Eiginfjárfáttur A telst vera:

1. Innborgað hlutafé.
2. Varasjóðir, yfirverðsreikningur hlutafjár og óráðstafað eigið fé að frádregnu tapi ársins.
3. Endurmatsreikningur samkvæmt verðbólgu-reikningsskilum.
4. Frá eiginfjárfætti A skal draga eigin hlutabréf, viðskiptavild og aðrar óáþreifanlegar eignir, svo og áfallnar ófærðar skattskuldbindingar sem rýra möguleika viðskiptabankans eða sparisjóðsins til að mæta tapi.

Eiginfjárfáttur B telst vera:

1. Víkjandi lán sem viðskiptabankar eða sparisjóðir taka gegn útgáfu sérstakrar skuldaviðurkenningar þar sem skýrt er kveðið á um að endurgreiðslutími lánsins sé eigi skemmri en fimm ár og að við gjaldprot hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóðs eða slit hans fáiast það endurgreitt á eftir öllum öðrum kröfum á hendur viðskiptabankanum eða sparisjóðnum en endurgreiðslu hlutafjár eða stofnfjár eða sambærilegs eigin fjár ríkisvið-

skiptabanka. Þegar fimm ár eru eftir af lánstímanum skal lánið reiknast niður um 20% fyrir hvert ár sem líður af þessum fimm árum. Sé um að ræða lán sem greiðist niður með afborgunum á lánstímanum skal reikna eftirstöðvar hvers árs niður á sambærilegan hátt.

2. Endurmatsreikningur annar en gert er ráð fyrir í eiginfjárfætti A.

Eiginfjárfáttur C telst vera víkjandi lán til skamms tíma sem viðskiptabanki eða sparisjóður tekur gegn útgáfu sérstakrar skuldaviðurkenningar þar sem skýrt er kveðið á um að endurgreiðslutími lánsins sé eigi skemmri en tvö ár og að við gjaldþrot hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóðs eða slit hans fái það endurgreitt á eftir öllum öðrum kröfum á hendur viðskiptabankanum eða sparisjóðnum en endurgreiðslu hlutafjár eða stofnfjár eða sambærilegs eigin fjár ríkisviðskiptabanka. Jafnframt skal kveðið á um að óheimilt sé að greiða af láninu eða greiða af því vexti ef eiginfjárlutfall hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóðs er lægra en 8% eða ef endurgreiðsla höfuðstóls eða greiðsla vaxta veldur því að eiginfjárlutfallið fer niður fyrir 8%. Til kynna skal bankaeftirlitinu ef slík greiðsla veldur því að eiginfjárlutfallið fer niður fyrir 10%. Við mat á eiginfjárfætti C getur bankaeftirlitið heimilað einstökum viðskiptabönkum eða sparisjóðum að tekið sé tillit til hagnaðar af veltubókarviðskiptum að frádræginni fyrirsjáanlegri gjaldfærslu eða arði og að frádrægnu nettótapi af annarri starfsemi, enda sé engin þessara fjárhæða meðtalin í eiginfjárfætti A.

Bankaeftirlitið getur veitt heimild til að flýta endurgreiðslu víkjandi lána æski lánveitandi þess, enda hafi slíkt ekki áhrif á viðunandi eiginfjárstöðu hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóðs.

Ráðherra er heimilt að fengnum tillögum bankaeftirlitsins að ákveða í reglugerð að aðrir líðir en greindir eru í 3.–4. mgr. teljist með eigin fé viðskiptabanka eða sparisjóðs.

55. gr.

Frá eigin fé skv. 2. mgr. 54. gr. skal draga bókfært virði á eignarhlutum og víkjandi lánnum viðskiptabanka eða sparisjóða hjá öðrum þeim félögum sem stunda starfsemi sem talin er upp í 44. gr. í samræmi við eftirfarandi ákvæði í 1.–3. tölul., sbr. þó 2. mgr.:

1. Eignarhlutur í félögum þar sem eignarhlutir hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóðs nema meira en 10% af hlutfé viðkomandi félaga. Enn fremur víkjandi lán hjá sömu félögum. Eignarhlutur sparisjóðs í Sparisjóðabanka Íslands hf. er undanskilinn.
2. Eignarhlutur í félagi, sem viðskiptabanki eða sparisjóður hefur eignast tímabundið vegna endurskipulagningar þess félags, skal ekki dragast frá.
3. Eignarhlutur í félögum þar sem eignarhlutir viðskiptabanka eða sparisjóðs nema allt að 10% af hlutfé viðkomandi félaga, svo og eignarhlutur sparisjóðs í Sparisjóðabanka Íslands hf. Frádrátturinn takmarkast við þá heildarfjárhæð eignarhluta og víkjandi lána sem er umfram 10% af eigin fé viðskiptabanka eða sparisjóðs eins og það er reiknað skv. 2. mgr. 54. gr. fyrir frádrátt samkvæmt þessari grein.

Eignarhlutir og víkjandi lán hjá öðrum félögum, sbr. 1. mgr., sem reiknast með í samstæðu-reikningi hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóðs, dragast ekki frá eigin fé hlutaðeigandi stofnunar.

Eignarhlutir og víkjandi lán hjá dótturfélögum, sem reka váttryggingarstarfsemi skv. 3. mgr. 44. gr. eða starfsemi skv. 4. mgr. sömu greinar, dragast frá eigin fé við útreikning á eiginfjárlutfalli skv. 2. mgr. 54. gr.

Frá eigin fé dragast enn fremur eignarhlutir í félögum sem eru umfram þau mörk sem greinir í 1. mgr. og 1. málsl. 2. mgr. 46. gr.

## VII. KAFLI

**Ársreikningur, endurskoðun og samstæðureikningskil.**

## 56. gr.

Bankaráð og bankastjórar eða sparisjósstjórn og sparisjósstjórar skulu semja ársreikning fyrir hvert reikningsár. Ársreikningur skal hafa að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, fjárstreymisyfirlit og skýringar. Enn fremur skal semja skýrslu stjórnar sem ásamt ársreikningi mynda eina heild. Reikningsár viðskiptabanka og sparisjóða er almanaksárið.

Ársreikningur skal undirritaður af bankaráði eða sparisjósstjórn og bankastjórum og sparisjósstjórum. Ársreikningur ríkisviðskiptabanka skal auk þess staðfestur af ráðherra. Hafi bankarádsmaður eða stjórnarmaður sparisjóds, bankastjóri eða sparisjósstjóri mótbáru fram að færa gegn ársreikningi skal hann gera grein fyrir því í áritun sinni.

## 57. gr.

Ársreikningur skal gefa glögga mynd af fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu viðskiptabanka eða sparisjóds. Hann skal gerður í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju og innihalda m.a. rekstrarreikning, efnahagsreikning og skýringar og upplýsingar um liði utan efnahagsreiknings.

Bankaefirlitið skal sjá til þess í samráði við reikningsskilaráð að á hverjum tíma liggi fyrir skilgreining á góðri reikningsskilavenju við gerð ársreiknings og árshlutareiknings viðskiptabanka og sparisjóða.

Bankaefirlitið setur reglur að höfðu samráði við reikningsskilaráð um uppsetningu ársreiknings, innihald einstakra liða rekstrar- og efnahagsreiknings og liða utan efnahagsreiknings og skýringar og mat á einstökum liðum.

## 58. gr.

Í skýrslu stjórnar skal koma fram yfirlit yfir starfsemi hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóds á árinu, svo og upplýsingar um atriði sem mikilvæg eru við mat á fjárhagslegri stöðu hlutaðeigandi stofnunar og afkomu hennar á reikningsárinu er ekki koma fram í ársreikningum.

Í skýrslu stjórnar skal enn fremur upplýst um eftirfarandi:

1. atburði eftir uppgjörsdag sem hafa verulega þýðingu,
2. væntanlega þróun stofnunarinnar og
3. aðgerðir sem hafa þýðingu fyrir framtíðarþróun hennar.

Skýrsla stjórnar skal veita upplýsingar um fjölda starfsmanna að meðaltali á reikningsárinu, heildarfjárhæð launa, þóknana eða annarra greiðslna til starfsmanna, bankaráðs, bankastjóra, sparisjósstjórnar, sparisjósstjóra og annarra í þjónustu hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóds. Sé um ágóðahlut að að ræða til bankaráðs eða sparisjósstjórnar og bankastjóra eða sparisjósstjóra skal hann sérgreindur. Í skýrslu stjórnar skal upplýst um fjölda hluthafa eða stofnfjäreigenda í lok reikningsárs. Að öðru leyti gilda ákvæði hlutafélagalaga eftir því sem við á.

Bankaráð og sparisjósstjórn skulu í skýrslu stjórnar gera tillögu um ráðstöfun á hagnaði hlutaðeigandi stofnana eða jöfnun taps.

## 59. gr.

Hagnaði sparisjóds skal ráðstafað sem hér segir:

1. Aðalfundur getur ákveðið, að fengnum tillögum sparisjósstjórnar, að greiða stofnfjäreigendum arð af stofnfé. Tryggingarsjóður sparisjóða ákveður árlega hámarkshlutfall arðgreiðslu. Óheimilt er að flytja arðgreiðsluheimild milli ára.
2. Hagnað, sem ekki er ráðstafað skv. 1. tölul., skal leggja í varasjóð.

## 60. gr.

Ársreikningar viðskiptabanka og sparisjóða skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda eða endurskoðunarstofu. Ársreikningur ríkisviðskiptabanka skal þó endurskoðaður af Ríkisendurskoðun og löggiltum endurskoðanda sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn.

Endurskoðandi skv. 1. másl. 1. mgr. skal kjörinn á aðalfundi viðskiptabanka eða sparisjóðs til eins árs í senn.

Kjósa skal endurskoðanda viðskiptabanka eða sparisjóðs sem endurskoðanda í móður-, systur- og dótturfélagi ef þess er nokkur kostur.

Skylt er að veita endurskoðanda aðgang að öllum eignum, bókum, fylgiskjölum og öðrum gögnum viðskiptabanka og sparisjóðs. Jafnframt skulu bankaráð eða sparisjóðsstjórn og starfsmenn hlutaðeigandi stofnunar veita honum allar umbeðnar upplýsingar sem unnt er að láta í té.

## 61. gr.

Endurskoðandi viðskiptabanka eða sparisjóðs má ekki eiga sæti í stjórn, vera starfsmaður stofnunarinnar eða starfa í þágu hennar að öðru en endurskoðun.

Endurskoðandi viðskiptabanka eða sparisjóðs má ekki vera skuldugur þeirri stofnun sem hann annast endurskoðun hjá, hvorki sem aðalskuldari né ábyrgðarmaður. Hið sama gildir um maka hans.

## 62. gr.

Endurskoðandi skal endurskoða ársreikning viðskiptabanka eða sparisjóðs í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Með endurskoðun sinni skal hann komast að rökstuddri niðurstöðu um áreiðanleika þeirra upplýsinga sem ársreikningurinn veitir. Endurskoðandi skal ganga úr skugga um að ársreikningurinn sé gerður í samræmi við lög, reglur, samþykktir og góða reikningsskilavenju.

Endurskoðandi skal árita ársreikning, greina frá niðurstöðum endurskoðunarinnar og láta í ljós álit. Í árituninni skal m.a. felast yfirlýsing um að ársreikningurinn hafi verið endurskoðaður og gerður í samræmi við ákvæði laga, reglna og samþykta og góða reikningsskilavenju.

Telji endurskoðandi að skýrsla stjórnar hafi ekki að geyma þær upplýsingar sem ber að veita eða sé hún ekki í samræmi við ársreikning skal hann vekja á því athygli í áritun sinni og veita viðbótarupplýsingar sé þess kostur. Að öðru leyti getur endurskoðandi greint frá þeim atriðum í áritun sinni sem hann telur eðlilegt að komi fram í ársreikningi.

Ábendingar og athugasemdir, sem endurskoðandi vill koma á framfæri við bankaráð og sparisjóðsstjórn eða bankastjóra og sparisjóðsstjóra, skal bera fram skriflega og veita skal þessum aðilum hæfilegan frest til þess að svara.

Verði endurskoðendur varir við verulega ágalla í rekstri viðskiptabanka eða sparisjóðs eða atriði er varða innra eftirlit, greiðslutryggingar útlána eða önnur atriði sem veikt geta fjárhagsstöðu hlutaðeigandi stofnunar, svo og ef endurskoðandi hefur ástæðu til að ætla að lög, reglugerðir eða reglur sem gilda um stofnunina hafi verið brotnar, skal endurskoðandi gera stjórn hennar og bankaeftirliti viðvart. Þetta á einnig við um sambærileg atriði sem endurskoðandi viðskiptabanka eða sparisjóðs fær vitneskju um og varða fyrirtæki í nánnum tengslum við hlutaðeigandi stofnun, sbr. 3. mgr. 4. gr. Ákvæði þessarar málsgreinar brjóta ekki í bága við þagnarskyldu endurskoðanda skv. 43. gr. laga þessara eða ákvæði annarra laga.

Endurskoðandi hefur rétt til að sitja bankaráðsfundi og stjórnarfundum sparisjóðs þar sem

fjallað er um ársreikning. Einnig hefur hann rétt til að sitja aðalfundi viðskiptabanka og sparisjóðs.

Við viðskiptabanka og sparisjóði skal starfa endurskoðunardeild sem annast innri endurskoðun undir stjórn forstöðumanns, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 39. gr. Innri endurskoðun er hluti af skipulagi viðskiptabanka og sparisjóða og er þáttur í eftirlitskerfi þeirra. Bankaeftirlitið getur veitt undanþágu frá starfrækslu slíkrar endurskoðunardeildar og sett þeim stofnunum skilyrði sem slíka undanþágu fá.

Viðskiptabanki eða sparisjóður skal á hverjum tíma hafa yfir að ráða tryggu eftirlitskerfi með áhættu, þar með talið vaxtaáhættu, í tengslum við öll viðskipti sín. Bankaeftirlitið getur sett leiðbeinandi reglur um eftirlitskerfi vegna áhættuþátta í starfsemi viðskiptabanka eða sparisjóðs.

Bankaeftirlitið skal sjá til þess í samráði við Félag löggiltra endurskoðenda og aðra hlutaðeigandi aðila að á hverjum tíma liggi fyrir skilgreining á góðri endurskoðunarvenju við endurskoðun hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum. Bankaeftirlitið setur reglur um endurskoðun viðskiptabanka og sparisjóða.

#### 63. gr.

Bankaeftirlitið getur látið fara fram sérstaka endurskoðun hjá viðskiptabanka eða sparisjóði og ráðið til þess löggiltan endurskoðanda. Bankaeftirlitinu er heimilt að láta hlutaðeigandi stofnun bera kostnaðinn af slíkri endurskoðun.

#### 64. gr.

Endurskoðaður og undirritaður ársreikningur viðskiptabanka eða sparisjóðs ásamt skýrslu stjórnar skal sendur bankaeftirlitinu innan tíu daga frá undirritun en í síðasta lagi þremur mánuðum eftir lok reikningsárs.

Hafi á aðalfundi verið samþykktar breytingar á undirrituðum ársreikningi skal breyttur ársreikningur sendur bankaeftirlitinu innan tíu daga frá aðalfundi og gerð grein fyrir þeim breytingum sem gerðar hafa verið.

Ársreikningur viðskiptabanka og sparisjóðs ásamt skýrslu stjórnar skal liggja frammi á afgreiðslustað hlutaðeigandi stofnunar og afhentur hverjum viðskiptaaðila sem þess óskar innan tveggja vikna frá staðfestingu ráðherra þegar um ríkisviðskiptabanka er að ræða eða samþykkt aðalfundar þegar um aðra viðskiptabanka eða sparisjóði er að ræða.

#### 65. gr.

Bankaeftirlitið setur reglur um:

1. mánaðarleg efnahagsyfirlit,
2. árshlutauppgjör á eiginfjárlutfalli, sbr. 54. gr.,
3. árshlutarekstraruppgjör og efnahagsuppgjör og
4. lausafjáruppgjör, sbr. 53. gr.

Árshlutauppgjör, sem viðskiptabankar og sparisjóðir birta opinberlega, skulu vera á samræmdu formi sem bankaeftirlitið ákveður.

Bankaeftirlitið getur veitt undanþágu frá ákvæðum um gerð árshlutauppgjörs.

## 66. gr.

Viðskiptabanki eða sparisjóður, sem er móðurfyrirtæki, myndar ásamt dótturfyrirtæki samstæðu.

Viðskiptabanki eða sparisjóður telst vera móðurfyrirtæki þegar hlutaðeigandi stofnun:

1. ræður yfir meiri hluta atkvæða í öðru fyrirtæki,
2. á eignarhluti í öðru fyrirtæki og hefur rétt til að tilnefna eða víkja frá meiri hluta stjórnarmanna eða stjórnenda,
3. á eignarhluti í öðru fyrirtæki og hefur rétt til að hafa afgerandi áhrif á starfsemi þess á grundvelli samþykktu fyrirtækisins eða samnings við það,
4. á eignarhluti í öðru fyrirtæki og ræður, á grundvelli samnings við aðra hluthafa eða eignaraðila, meiri hluta atkvæða í fyrirtækinu eða
5. á eignarhluti í öðru fyrirtæki og hefur ráðandi stöðu í því.

Fyrirtæki, sem hafa þau tengsl við móðurfyrirtæki sem lýst er í 2. mgr., teljast vera dótturfyrirtæki.

Við mat á atkvæðisrétti og réttindum til að tilnefna eða víkja frá stjórnarmönnum eða stjórnendum skal leggja saman réttindi sem bæði móður- og dótturfyrirtæki ráða yfir.

Við mat á atkvæðisrétti í dótturfyrirtæki skal ekki talinn með atkvæðisréttur sem fylgir eigin hlutum dótturfyrirtækisins eða dótturfélögum þess.

Bankaefirlitið setur nánari reglur um gerð samstæðureikningsskila.

Ákvæði 46. gr. um eignarhluti o.fl., 51. gr. um fasteignir og 53.–55. gr. um laust fé og eigið fé skulu einnig gilda þegar um samstæðu er að ræða. Bankaráð, sparisjóðsstjórn, bankastjórar og sparisjóðsstjórar móðurfyrirtækisins skulu sjá um framkvæmd þessa ákvæðis.

Ákvæði 56.–58. gr. um ársreikning og skýrslu stjórnar, 1. og 4. mgr. 60. gr. um endurskoðun ársreikninga, 1. mgr. 61. gr. og 62. gr. um endurskoðendur, 1. og 2. mgr. 64. gr. um ársreikninga og 2. mgr. 93. gr. um eftirlitsskyldu bankaefirlitsins gilda eftir því sem við á bæði fyrir samstæðuna og fyrir einstök fyrirtæki samstæðunnar. Ákvæði 3. mgr. 64. gr. um skil á ársreikningi til bankaefirlitsins og 65. gr. um hvernig standa skuli að upplýsingaskyldu viðskiptabanka og sparisjóða gilda einnig fyrir samstæðuna.

Bankaefirlitið getur ákveðið að ákvæði 7. og 8. mgr. þessarar greinar gildi einnig fyrir önnur tilvik þegar um er að ræða viðskiptabanka eða sparisjód sem einn og sér eða í samstarfi við annan aðila er í þannig eignatengslum við fyrirtæki að nauðsynlegt teljist að beita þessum reglum.

Ákvæði 7. og 8. mgr. þessarar greinar gilda ekki um fyrirtæki sem viðskiptabanki eða sparisjóður hefur eignast tímabundið hlut í, annaðhvort til að tryggja fullnustu kröfu eða vegna endurskipulagningar þess fyrirtækis. Bankaefirlitið getur þó ákveðið að umrædd ákvæði skuli gilda.

Bankaefirlitið getur veitt undanþágu frá ákvæðum 7. og 8. mgr. þessarar greinar.

## VIII. KAFLI

## Slit viðskiptabanka og sparisjóða.

## 67. gr.

Hafi bankaráð eða sparisjóðsstjórn eða bankastjórar eða sparisjóðsstjórar hlutaðeigandi stofnunar ástæðu til að ætla að eigið fé hennar sé undir því lágmarki sem kveðið er á um í 54. gr. ber þeim þegar í stað að tilkynna það bankaefirlitinu. Sambærileg skylda hvílir á endurskoðanda hlutaðeigandi stofnunar hafi hann ástæðu til að ætla að stjórnendur hennar hafi ekki rækt skyldu sína skv. 1. málsl. þessarar málsgreinar.

Er bankaeftirlitinu berst tilkynning skv. 1. mgr. eða telur af öðru tilefni ástæðu til að ætla að eigið fé viðskiptabanka eða sparisjóðs sé undir því lágmarki sem kveðið er á um í 54. gr. skal það krefja stjórn stofnunarinnar þegar í stað um reikningsuppgjör sem henni ber að afhenda innan hæfilegs frests.

Komi fram í reikningsuppgjöri að hætti 2. mgr. að eigið fé viðskiptabanka eða sparisjóðs fullnægi ekki ákvæðum 54. gr. skal bankaráð eða sparisjóðsstjórn án tafar boða til fundar hluthafa eða stofnfjáreigenda til ákvörðunar og afhenda síðan bankaeftirlitinu greinargerð þar sem fram kemur til hverra ráðstafana hún hyggst grípa af þessu tilefni. Skal bankaeftirlitið þegar afhenda ráðherra endurskoðað reikningsuppgjör og greinargerð bankaráðs eða sparisjóðsstjórnar ásamt umsögn sinni. Ákvæði þessarar málsgreinar tekur einnig til ríkisviðskiptabanka eftir því sem við getur átt. Í slíkum tilvikum skal ráðherra leggja fyrir Alþingi tillögu um ráðstafanir er grípa skuli til.

Þegar ráðherra hafa borist gögn skv. 3. mgr. er honum heimilt að veita hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóði frest í allt að sex mánuði til þess að auka eigið fé að lágmarki skv. 54. gr. Séu til þess ríkar ástæður að mati ráðherra er honum heimilt að framlengja þennan frest í allt að sex mánuði til viðbótar.

#### 68. gr.

Bú viðskiptabanka eða sparisjóðs verður ekki tekið til gjaldþrotaskipta eftir almennum reglum.

Slíta ber viðskiptabanka eða sparisjóði í eftirtöldum tilvikum:

1. ef ráðherra synjar viðskiptabanka eða sparisjóði um frest að hætti 4. mgr. 67. gr. eða frestur samkvæmt því ákvæði er á enda án þess að stofnuninni hafi tekist að auka eigið fé fram yfir það lágmark sem kveðið er á um í 54. gr.,
2. ef skylt er að slíta viðskiptabanka eða sparisjóði samkvæmt samþykktum hlutaðeigandi stofnunar,
3. ef hluthafafundur eða fundur stofnfjáreigenda ákveður að slíta viðskiptabanka eða sparisjóði.

Í þeim tilvikum, sem getið er í 2. eða 3. tölul. 2. mgr., skal bankaeftirlitið samkvæmt beiðni ráðherra afla reikningsuppgjörs stjórnar hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóðs á sama hátt og skv. 2. mgr. 67. gr. og afhenda það honum ásamt álitsgerð sinni um hvort eignir viðskiptabankans eða sparisjóðsins hrökkvi fyrir skuldum.

Ákvörðun skv. 3. tölul. 2. mgr. er því aðeins gild að hún hljóti samþykki minnst  $\frac{2}{3}$  hluta greiddra atkvæða, svo og samþykki stofnfjáreigenda sem ráða yfir minnst  $\frac{2}{3}$  hlutum þess stofnfjár sem farið er með atkvæði fyrir á fundi stofnfjáreigenda.

#### 69. gr.

Þegar skylt er að slíta viðskiptabanka eða sparisjóði skv. 1. tölul. 2. mgr. 68. gr. eða þegar fram kemur af álitsgerð bankaftirlitsins, í tilvikum sem eiga undir 2. eða 3. tölul. sama ákvæðis, að óvíst sé að eignir viðskiptabanka eða sparisjóðs hrökkvi til greiðslu skulda stofnunarinnar skal ráðherra senda héraðsdómara á varnarþingi hlutaðeigandi stofnunar kröfu um að bú hennar verði tekið til gjaldþrotaskipta. Bann í lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. við því að bú opinberrar stofnunar verði tekið til gjaldþrotaskipta er ekki því til fyrirstöðu að slíkt sé gert varðandi ríkisviðskiptabanka.

Þegar skylt er að slíta viðskiptabanka eða sparisjóði skv. 2. eða 3. tölul. 2. mgr. 68. gr. og bankaftirlitið telur sýnt að eignir hlutaðeigandi stofnunar hrökkvi fyrir skuldum skal ráðherra



senda héraðsdómara á varnarþingi stofnunarinnar kröfu um að bú hennar verði tekið til skipta til slita á viðskiptabankanum eða sparisjóðnum.

Þegar héraðsdómari hefur kannað hvort fullnægt sé skilyrðum 68. gr. fyrir kröfunni skal hann kveða upp úrskurð um hvort orðið skuli við henni.

Í innköllun í bú viðskiptabanka eða sparisjóðs skal tekið fram hvort það hafi verið tekið til skipta að hætti 1. eða 2. mgr.

#### 70. gr.

Leiði ekki annað af ákvæðum þessara laga skulu um skipti á búi viðskiptabanka eða sparisjóðs gilda almennar reglur laga um gjaldþrotaskipti o.fl. eftir því sem átt getur við að því undanteknu að ákvæði þeirra um riftun ráðstafana gilda ekki um skipti sem komin eru til skv. 2. mgr. 69. gr.

Þegar ákvæði laga um gjaldþrotaskipti o.fl. miða réttaráhrif við frest dag skal jafngilda þeim degi við skipti á búi viðskiptabanka eða sparisjóðs sá dagur sem ráðherra hefur veitt frest að hætti 4. mgr. 67. gr. en sé slíkur frestur ekki undanfari skipta skal miðað við þann dag sem héraðsdómara berst krafa ráðherra skv. 1. eða 2. mgr. 69. gr.

Þegar allar skuldir sparisjóðs hafa verið greiddar skal greiða stofnfjáreigendum eignarhlut þeirra af eftirstöðvum eigna sjóðsins. Þeim eignum, sem þá kunna að vera eftir, skal ráðstafað í samræmi við ákvæði samþykta sparisjóðsins. Þó er ekki heimilt að ráðstafa eftirstöðvum eigna til stofnfjáreigenda, sbr. 4. mgr. 17. gr.

#### 71. gr.

Þegar skipt er búi ríkisviðskiptabanka skal ráðherra njóta sömu heimilda til að sækja skiptafundi og til að halda þar uppi mótmælum eða gera kröfur og lánardrottinn sem fer með viðurkennda kröfu í búið.

### IX. KAFLI

#### Samruni.

#### 72. gr.

Samruni viðskiptabanka eða sparisjóða er því aðeins heimill að ákvörðum þar að lútandi hafi hlotið samþykki minnst  $\frac{2}{3}$  hluta greiddra atkvæða, svo og samþykki hluthafa eða stofnfjáreigenda viðkomandi stofnana sem ráða yfir minnst  $\frac{2}{3}$  hlutum þess hlutafjár eða stofnfjár sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundum eða fundum stofnfjáreigenda að fengnu samþykki ráðherra og umsögn bankaeftirlitsins. Um samruna hlutafélagsbanka gilda að öðru leyti ákvæði laga um hlutafélög eftir því sem við getur átt og samningar hlutaðeigandi aðila.

Við samruna viðskiptabanka eða sparisjóða við einstaka rekstrarhluta annarra stofnana skal fara að hætti 1. mgr.

Við samruna skv. 1. og 2. mgr. tekur hin sameinaða stofnun við allri starfsemi, réttindum og skyldum hlutaðeigandi stofnana.

Viðskiptabanka eða sparisjóði, sem er slitið vegna samruna skv. 1. mgr., er ekki skylt að gefa út innköllun til lánardrottna eða halda eignum sínum aðgreindum. Breyting á eignaskráningu í veðmálabókum vegna samruna viðskiptabanka eða sparisjóða er undanþegin stimpilgjöldum.

Auglýsa skal samruna viðskiptabanka- eða sparisjóðastarfsemi í Lögbirtingablaði. Í auglýsingu skal tilgreina hvenær samruni tekur gildi, nöfn hlutaðeigandi stofnana, frest til að gera athugasemdir við yfirfærslu innlánsreikninga, hugsanlegar breytingar á greiðslustöðum skuldaskjala og annað sem kunngera þarf viðskiptamönnum sérstaklega.

## 73. gr.

Við samruna tveggja eða fleiri viðskiptabanka eða sparisjóða skal eigið fé, sem verður til við samruna, ekki vera lægra en samanlagt eigið fé hlutaðeigandi stofnana á þeim tíma sem samruni átti sér stað, enda hafi lágmarki skv. 1. eða 2. mgr. 6. gr. ekki verið náð.

## 74. gr.

Samruni ríkisviðskiptabanka við annan viðskiptabanka eða sparisjód er aðeins heimill að fengnu leyfi ráðherra. Að öðru leyti gilda ákvæði 72. gr. um slíkan samruna eftir því sem við getur átt.

## X. KAFLI

**Tryggingarsjóðir innlánsstofnana.***Tryggingarsjóður viðskiptabanka.*

## 75. gr.

Viðskiptabankar með staðfestu hér á landi skulu eiga aðild að Tryggingarsjóði viðskiptabanka. Tryggingarsjóður viðskiptabanka er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins. Aðilar að sjóðnum bera ekki ábyrgð á skuldbindingum hans.

Hlutverk Tryggingarsjóðs viðskiptabanka er að tryggja innstæðueiganda skil á greiðslu innstæðu sem hann hefur krafist endurgreiðslu á og viðskiptabanki eða útibú eru ekki fær um að inna af hendi.

Ráðherra skipar sjóðnum stjórn til þriggja ára í senn. Stjórnin skal skipuð þremur mönnum og jafnmörgum til vara. Samband íslenskra viðskiptabanka tilnefni einn mann í stjórn.

Stjórn Tryggingarsjóðs viðskiptabanka er heimilt að stofna sérstaka lánadeild með aðskildum fjárhag og reikningshaldi. Stofnfé getur að hámarki numið því eigin fé sjóðsins sem er umfram kröfur um lögbundið lágmark í innstæðutryggingadeild skv. 80. gr. Eignir annarrar deildarinnar verða ekki notaðar til að standa skil á skuldbindingum hinnar. Hlutverk lánadeildar er að tryggja fjárhagslegt öryggi viðskiptabanka, svo sem með lánveitingum, yfirtöku eigna, ábyrgðum og öðrum þeim aðgerðum sem samræmast tilgangi deildarinnar.

*Tryggingarsjóður sparisjóða.*

## 76. gr.

Tryggingarsjóður sparisjóða er sjálfseignarstofnun sem allir sparisjóðir skulu vera aðilar að. Meginhlutverk Tryggingarsjóðs sparisjóða er að tryggja fjárhagslegt öryggi sparisjóða og full skil á innlánsfé við endurskipulagningu eða slit sparisjóðsins, sbr. nánari ákvæði þessara laga.

Tryggingarsjóður sparisjóða skal starfa í tveimur sjálfstæðum deildum, innstæðudeild og lánadeild, með aðskilinn fjárhag og reikningshald. Eignir annarrar deildarinnar verða ekki notaðar til að standa skil á skuldbindingum hinnar. Hlutverk lánadeildar er að tryggja fjárhagslegt öryggi sparisjóða. Í því skyni er stjórn sjóðsins heimilt að veita sparisjóði lán eða yfirtaka vissar eignir sparisjóðs, ganga í ábyrgðir fyrir sparisjód, bæta sérstakt tap og kostnað sem sparisjóður verður fyrir og veita sparisjóðum stuðning að öðru leyti á hvern þann hátt sem stjórn sjóðsins ákveður í samræmi við ákvæði laga þessara og samþykktu sjóðsins. Tryggingarsjóði sparisjóða er enn fremur heimilt að veita sparisjóði víkjandi lán í því skyni að efla eiginfjárstöðu hans. Stjórn sjóðsins getur sett skilyrði fyrir veitingu víkjandi láns. Í samþykktum sjóðsins skal setja nánari reglur um starfsemi lánadeildar, svo og reglur um tekjur

hennar og lánveitingar. Stjórn Tryggingarsjóðs sparisjóða er heimilt að láta rannsaka rekstur og efnahag sparisjóðs sem veitt er víkjandi lán. Getur stjórnin í þessu sambandi krafist nauðsynlegra upplýsinga frá hlutaðeigandi sparisjóði.

Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum Tryggingarsjóðs sparisjóða. Sérhver aðili að sjóðnum fer á aðalfundi með atkvæðisrétt í samræmi við hlut hans í samanlögðum tryggðum innstæðum næstliðið ár fyrir aðalfund. Um aðal- og aukafundi sjóðsins gilda að öðru leyti ákvæði 32.–34. gr. eftir því sem við getur átt.

Stjórn Tryggingarsjóðs sparisjóða fer með málefni hans milli aðal- og aukafunda. Hún skal skipuð fimm mönnum og skulu fjórir stjórnarmenn ásamt jafnmörgum varamönnum kjörnir á aðalfundi til eins árs í senn, hlutbundinni kosningu ef óskað er. Ráðherra tilnefni einn mann og skal hann tilnefndur til þriggja ára í senn. Stjórn Tryggingarsjóðsins kýs sér formann og skiptir með sér verkum. Nánar skal kveðið á um skipan og verkefni stjórnar og starfsemi sjóðsins að öðru leyti í samþykktum hans.

Stjórnarmenn og starfsmenn Tryggingarsjóðs sparisjóða eru bundnir þagnarskyldu í samræmi við ákvæði 43. gr.

Aðalfundur setur Tryggingarsjóði sparisjóða samþykktir sem háðar skulu staðfestingu ráðherra að fenginni umsögn bankaeftirlitsins.

*Erlend útibú innlánsstofnana.*

77. gr.

Útibúum erlendra viðskiptabanka og sparisjóða með staðfestu í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu, sem starfa hér á landi, er heimil aðild að tryggingarsjóðum innlánsstofnana er starfa í samræmi við ákvæði þessara laga vegna innstæðna sem ekki eru tryggðar með öðrum hætti innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Útibú erlendra viðskiptabanka og sparisjóða, sem hafa staðfestu utan Evrópska efnahagssvæðisins og starfa hér á landi, skulu vera aðilar að Tryggingarsjóði viðskiptabanka eða Tryggingarsjóði sparisjóða, eftir því sem við getur átt, enda sé útibúið ekki aðili að samþæfilegu innlánatryggingakerfi í heimaríki sínu.

Ráðherra getur í reglugerð kveðið nánar á um aðild útibúa erlendra viðskiptabanka og sparisjóða að tryggingarsjóðum innlánsstofnana, svo og um þær viðbótartryggingar sem útibú þurfa til þess að geta starfað hér á landi. Um iðgjöld og greiðslur vegna trygginga samkvæmt þessari grein skal nánar kveðið á í reglugerð.

*Almenn ákvæði um starfsemi tryggingarsjóða.*

78. gr.

Heimilt er innstæðueiganda að krefja tryggingarsjóð um greiðslu innstæðu sem hann hefur krafist viðskiptabanka eða sparisjóð um endurgreiðslu á í samræmi við þá skilmála er um hana gilda og viðskiptabanki eða sparisjóður er að áliti bankaeftirlitsins ekki fær um að inna tafarlaust af hendi eða í nánustu framtíð vegna greiðsluerfiðleika. Álit bankaeftirlitsins skal liggja fyrir eigi síðar en þremur vikum eftir að bankaeftirlitið fær fyrst staðfestingu á því að hlutaðeigandi viðskiptabanki eða sparisjóður hafi ekki greitt innstæðu eins og honum bar að gera. Greiðsluskylda tryggingarsjóðsins vaknar einnig ef ákveðið er að slíta viðskiptabanka eða sparisjóði, sbr. ákvæði VIII. kafla.

Með innstæðu í 1. mgr. er átt við innstæðu sem tilkomin er vegna innláns eða millifærslu í hefðbundinni almennri bankastarfsemi og viðskiptabanka eða sparisjóði ber að endurgreiða samkvæmt skilmálum er gilda samkvæmt lögum eða samningum. Tryggingin nær hins vegar

ekki til skuldabréfa, víxla og annarra krafna sem útgefnar eru af viðskiptabanka eða sparissjóði í formi verðbréfa.

Undanskildar tryggingu skv. 1. mgr. eru innstæður í eigu annarra viðskiptabanka, sparissjóða og annarra lánastofnana fyrir þeirra eigin reikning og innstæður sem tengjast málum þar sem sakfelld hefur verið fyrir peningabætti, svo og innstæður dóttur- eða móðurfélags þessara stofnana.

Innstæðudeildir tryggingarsjóða innlánsstofnana verða ekki teknar til gjaldprotaskipta, né verður heimilt að gera aðför í þeim.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um eftirfarandi atriði að höfðu samráði við stjórnir tryggingarsjóða innlánsstofnana:

1. Tilhögun á greiðslum úr tryggingarsjóðum er lög þessi taka til.
2. Skyldu viðskiptabanka og sparissjóða til að upplýsa viðskiptavini um aðild sína að tryggingarsjóðum fyrir innlánsstofnanir og um helstu atriði innstæðutryggingarinnar og jafnframt takmörkun á notkun þessara upplýsinga í samkeppnisskyni.
3. Tryggingu á innstæðu þegar um sameiginlegan innlánsreikning er að ræða eða þegar innstæðueigandi á ekki ótvíræðan rétt til innstæðu.
4. Verksvið stjórnar og ávöxtun á eignum sjóðsins.

Um ársreikning og endurskoðun tryggingarsjóða innlánsstofnana og um eftirlit með starfsemi þeirra fer samkvæmt ákvæðum VII. og XIV. kafla.

Tryggingarsjóðir innlánsstofnana eru undanþegnir tekjuskatti og eignarskatti.

#### 79. gr.

Auk innstæðutrygginga er tryggingarsjóðum innlánsstofnana heimilt að veita viðskiptabanka eða sparissjóði víkjandi lán úr lánadeild í því skyni að efla eiginfjárstöðu hans, enda verði fjár til þess aflað sérstaklega með lántöku. Stjórn sjóðs getur sett skilyrði fyrir lánveitingu.

Stjórnnum tryggingarsjóða innlánsstofnana er heimilt að láta rannsaka rekstur og efnahag viðskiptabanka eða sparissjóðs sem veitt er víkjandi lán. Stjórn sjóðs getur í þessu sambandi krafist nauðsynlegra upplýsinga frá hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparissjóði.

#### 80. gr.

Stefnt skal að því að heildareign innstæðudeildar tryggingarsjóða innlánsstofnana nemi a.m.k. 1% af meðaltali tryggðra innstæðna í viðskiptabönkum og sparissjóðum á næstliðnu ári. Hafi heildareign ekki náð lágmarki skv. 1. málsl. skulu allir viðskiptabankar og sparissjóðir greiða eigi síðar en 1. mars ár hvert gjald til sjóðsins er nemur 0,15% af meðaltali tryggðra innstæðna í hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparissjóði á næstliðnu ári, sbr. þó viðmiðunarmörk skv. 1. málsl. þessarar málsgreinar. Þar til heildareign deildarinnar hefur náð tilskildu lágmarki skal hver viðskiptabanki og sparissjóður leggja fram ábyrgðaryfirlýsingu fyrir jafnháum hlut af þeirri fjárhæð er á vantar til að lágmarkinu hafi verið náð og nemur hlut tryggðra innstæðna hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparissjóðs af samanlögðum tryggðum innstæðum. Greiðslur til sjóðsins eru óendurkræfar.

Nýr viðskiptabanki eða sparissjóður skal greiða sérstaklega til sjóðsins 1. mars ár hvert í sjö ár frá því að hann hefur starfsemi hér á landi 0,15% af meðaltali tryggðra innstæðna í hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparissjóði á næstliðnu ári, í fyrsta sinn fullu ári eftir upphaf starfseminnar. Auk þess leggur hlutaðeigandi viðskiptabanki eða sparissjóður fram ábyrgðaryfirlýsingu er stjórn sjóðsins metur gilda fyrir mismun á greiðslu til sjóðsins og lágmarki skv. 1. málsl. þessarar greinar samkvæmt nánari ákvæðum er ráðherra setur í reglugerð.

Eftir að taka lífeyris hefst skulu breytingar á lífeyrisgreiðslum ákveðnar til samræmis við meðalbreytingar sem verða á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu, sbr. 2. mgr., og skal Hagstofa Íslands reikna þær mánaðarlega.

- c. Við 2. mgr., sem verður 4. mgr., bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Sjóðfélagi, sem nær 95 ára markinu eftir að hann nær 64 ára aldri, getur ekki nýtt sér heimild samkvæmt þessari málsgrein.
- d. 3. mgr., sem verður 5. mgr., orðast svo:
 

Lífeyrisréttur hjá þeim sem njóta útreiknings skv. 4. mgr. skal aukast um 2% fyrir hvert ár í fullu starfi frá því að iðgjaldagreiðsluskyldu lýkur og þar til taka lífeyris hefst, en um hlutfallslega lægri hundraðshluta fyrir skemmra starfstímabil og minna starfshlutfall.
- e. 4. og 5. mgr. falla brott.
- f. Í stað orðanna „á hverjum tíma“ í 1. másl. 6. mgr., sem verður 2. mgr., kemur: við starfslok.
- g. 9. mgr., sem verður 8. mgr., orðast svo:
 

Sjóðfélagi, sem gegnir starfi sem uppfyllir aðildarskilyrði að sjóðnum skv. 4. gr., á ekki auk launa jafnframt rétt til lífeyris meðan hann gegnir því starfi. Sama á við um þá sem fá greidd óskert laun, sem starfinu fylgja, eftir að þeir láta af störfum.

## 16. gr.

8.–11. mgr. 12. gr. a í lögunum, sem verður 25. gr., falla brott.

## 17. gr.

Á 13. gr. laganna, sem verður 26. gr., verða eftirfarandi breytingar:

- a. Orðin: „í samráði við landlækni“ í 1. mgr. falla brott.
- b. Í stað „12. gr.“ í 2. og 3. mgr. kemur: 24. gr.

## 18. gr.

Á 14. gr. laganna, sem verður 27. gr., verða eftirfarandi breytingar:

- a. 2. mgr. orðast svo:
 

Upphæð makalífeyris er helmingur af áunnum ellilífeyrisrétti hins látna sjóðfélaga. Makalífeyrir hækkar síðan um 20% af launum þeim er hann miðast við ef hinn látni sjóðfélagi hefur verið í fullu starfi við starfslok, en hækkinin verður hlutfallslega lægri ef sjóðfélaginn hefur verið í lægra starfshlutfalli við starfslok. Viðbótarlífeyrir þessi greiðist þó einungis ef hinn látni sjóðfélagi hefur uppfyllt eitt af þremur eftirgreindum skilyrðum:

  1. Hann hafi verið í starfi er veitti honum aðild að sjóðnum við andlátíð.
  2. Hann hafi hafið töku lífeyris fyrir andlátíð og upphaf lífeyristöku hans hafi verið í beinu framhaldi af starfi sem veitti honum aðild að sjóðnum.
  3. Hann hafi greitt iðgjöld til sjóðsins sem nema iðgjaldagreiðslum af fullu starfi í 15 ár eða meira og ekki greitt iðgjald til annars sjóðs eftir að greiðslum til þessa sjóðs lauk.
- b. 3. mgr. fellur brott.
- c. Á eftir 5. mgr., sem verður 4. mgr., kemur ný málsgrein er verður 5. mgr. og orðast svo:
 

Hafi hjúskap lokið vegna skilnaðar skal útreikningur makalífeyris miðast við þann tíma er hinn látni sjóðfélagi hafði átt aðild að sjóðnum þegar hjúskap var slitið. Viðbótarlífeyrir skv. 2. mgr. greiðist ekki í því tilviki.
- d. 6. mgr. orðast svo:
 

Þegar sjóðfélagi, sem verið hefur tvígiftur, deyr og lætur eftir sig maka og fyrrverandi maka á lífi skiptist makalífeyririnn á milli þeirra þannig að réttur fyrrverandi

- maka ákvarðast samkvæmt reglu 5. mgr. en réttur maka telst frá þeim degi er hinum fyrra hjúskap var slitið. Hliðstæð regla gildir séu réttthafar makalífeyris fleiri en tveir.
- e. Í stað orðanna „Nú lætur sjóðfélagi ekki eftir sig maka“ í 1. másl. 7. mgr. kemur: Hafi sjóðfélagi verið utan hjónabands við andlátið.

## 19. gr.

Við 15. gr. laganna, sem verður 28. gr., bætast tvær nýjar málsgreinar sem orðast svo: Þegar lífeyrisgreiðslur skulu miðast við herra launað starf en lokastarf skv. 1. eða 2. mgr. eða skv. 6. mgr. 24. gr. skal við ákvörðun um lífeyri miða við meðalhækkanir á launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu skv. 3. mgr. 24. gr. frá þeim tíma er starfsmaður lætur af sínu herra launaða starfi og þar til taka lífeyris hefst.

Hafi starfsmaður látið af hinu herra launaða starfi fyrir árslok 1996 skal þó miða breytingar á lífeyri við breytingar á þeim launum, er starfinu fylgdu, fram til ársloka 1996. Eftir það skal farið eftir reglu 3. mgr.

## 20. gr.

Á 17. gr. laganna, sem verður 30. gr., verða eftirfarandi breytingar:

- Tilvísunin „sbr. 12. og 14. gr.“ í 2. másl. 1. mgr. fellur brott.
3. másl. 1. mgr. orðast svo: Eigi sjóðfélagi réttindi hjá sjóðnum vegna þriggja ára eða lengri greiðslutíma reiknast lífeyrir þó samkvæmt reglum 3. og 4. mgr. 28. gr.
- Í stað „16. gr.“ í 4. másl. 1. mgr. kemur: 29. gr.
2. mgr. orðast svo:

Sé staða eða starfi sjóðfélagsins lagður niður á hann rétt á að vera áfram í sjóðnum og greiða iðgjöld sem miðuð séu við þau laun er hann hafði er staða hans var lögð niður og frá þeim tíma skulu iðgjaldagreiðslur síðan breytast til samræmis við meðalbreytingar sem verða á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu, sbr. 3. mgr. 24. gr.

## 21. gr.

Við 19. gr. laganna, sem verður 31. gr., bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Heimilt er að endurgreiða iðgjald til erlendra ríkisborgara sem flytjast úr landi, enda sé slíkt ekki óheimilt samkvæmt milliríkjasamningum sem Ísland á aðild að.

## 22. gr.

Á 25. gr. laganna, sem verður 33. gr., verða eftirfarandi breytingar:

1. mgr. orðast svo:

Nú verður hækkun á áður úrskurðuðum elli-, örorku- og makalífeyri vegna almennrar hækkunar á launum opinberra starfsmanna og endurgreiðir þá ríkissjóður og aðrir þeir launagreiðendur, sem tryggja starfsmenn sína í sjóðnum, þá hækkun er þannig verður á lífeyrisgreiðslum. Hafi sjóðfélagi greitt iðgjald til sjóðsins vegna starfa hjá fleiri en einum launagreiðanda skal skipting á skuldbindingum milli launagreiðenda reiknast samkvæmt þeim launum sem áunninn réttur er reiknaður eftir og í hlutfalli við réttindaávinning hjá hverjum launagreiðanda.

2. mgr. fellur brott.

- Við greinina bætast tvær nýjar málsgreinar sem orðast svo:

Hafi innan árs, áður en taka lífeyris hefst, verið gerðar breytingar á föstum launum fyrir dagvinnu hjá tilteknum sjóðfélaga, og þessar breytingar eru umfram almennar breytingar á launum opinberra starfsmanna, skal reikna skuldbindingar launagreiðenda skv. 1. mgr. út frá launum eins og þau voru fyrir þessa hækkun.

Stjórn sjóðsins er heimilt að fengnu samþykki fjármálaráðuneytisins að taka við skuldabréfi til greiðslu á áföllnum skuldbindingum annarra launagreiðenda en ríkissjóðs skv. 1. mgr. þessarar greinar enda sé skuldin tryggð með fullnægjandi hætti. Skuldbindingin sem gerð er upp skal byggð á tryggingafræðilegu mati miðað við uppgjörsdag. Launagreiðandi, sem gert hefur upp skuldbindingu sína með útgáfu skuldabréfs samkvæmt þessari málsgrein, ber ekki frekari ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins vegna þess tímabils og þeirra starfsmanna sem uppgjorið tekur til.

#### 23. gr.

Við lögin bætist ný grein sem verður 34. gr. og orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 33. gr. skal ríkissjóður endurgreiða þá hækkun sem þar er kveðið á um vegna kennara og skólastjórnaenda grunnskóla sem aðild eiga að B-deild sjóðsins. Til frádráttar endurgreiðslu ríkissjóðs samkvæmt sama ákvæði komi tekjur af viðbótar-iðgjaldi skv. 2. mgr. þessarar greinar.

Til viðbótar iðgjaldi launagreiðenda skv. 23. gr. skulu launagreiðendur greiða 9,5% iðgjald til B-deildar sjóðsins af föstum launum fyrir dagvinnu, persónuuppþót og orlofsuppþót kennara og skólastjórnaenda grunnskóla sem eru sjóðfélagar, ávinna sér lífeyrisréttindi hjá B-deild sjóðsins og starfa við skóla sem reknir eru af sveitarfélögum samkvæmt lögum um grunnskóla.

#### *C. Stofnun nýrrar deildar við sjóðinn.*

#### 24. gr.

Við lögin bætist ný grein sem verður 12. gr. og orðast svo:

A-deild lífeyrissjóðsins greiðir sjóðfélögum ellilífeyri og örorkulífeyri og eftirlifandi maka þeirra og börnum, og eftir atvikum sambúðaraðila, lífeyri samkvæmt ákvæðum þeim sem hér fara á eftir. Auk ákvæða þessarar greinar gilda ákvæði 13.–21. gr. sérstaklega um deildina.

#### 25. gr.

Við lögin bætist ný grein sem verður 13. gr. og orðast svo:

Iðgjald til A-deildar sjóðsins skal reiknað af heildarjárhæð greiddra launa og endurgjalds fyrir hvers konar vinnu, starf og þjónustu og skal iðgjaldastofninn vera hinn sami og gjaldstofn tryggingagjalds, sbr. III. kafla laga nr. 113/1990, um tryggingagjald. Ökutækjastyrkur, dagpeningar, fæðispeningar og þess háttar greiðslur, sem eru endurgreiðsla á útlögðum kostnaði, teljast þó ekki til iðgjaldastofns. Iðgjald launagreiðenda til deildarinnar skv. 4. mgr. telst sömuleiðis aldrei til iðgjaldastofnsins.

Sjóðfélagar greiða 4% af launum skv. 1. mgr. í iðgjald til A-deildar sjóðsins. Launagreiðanda ber að halda iðgjöldum eftir af launum sjóðfélaga og greiða þau sjóðnum innan tveggja vikna frá útborgun þeirra.

Sjóðfélagar og launagreiðendur þeirra bera eigi ábyrgð á skuldbindingum deildarinnar nema með iðgjöldum sínum.

Launagreiðendur greiða að lágmarki 6% af launum þeim er sjóðfélagar taka hjá þeim, sbr. 1. mgr. þessarar greinar, í iðgjald til A-deildar sjóðsins og skal greiða þau sjóðnum samtímis iðgjöldum sjóðfélaga. Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós að iðgjald sjóðfélaga til sjóðsins ásamt mótfirlagi atvinnurekenda dugi ekki til greiðslu á skuldbindingum sjóðsins skal stjórn sjóðsins hækka framlag launagreiðenda í samræmi við niðurstöðu athugunarinnar. Við ákvörðun á greiðslum launagreiðenda umfram 6% af launum sjóðfélaga ráði það sjónarmið að hrein eign A-deildar lífeyrissjóðsins til greiðslu lífeyris ásamt núvirði

framtíðariðgjalda til A-deildarinnar séu á hverjum tíma jafnhá núvirði væntanlegs lífeyris vegna þegar greiddra iðgjalda og framtíðariðgjalda. Áætlun um framtíðariðgjöld og væntanlegan lífeyri skal miða við sjóðfélaga á þeim tíma sem tryggingafræðileg athugun tekur til.

Iðgjald launagreiðenda skv. 4. mgr. skal endurskoða árlega og skal ákvörðun um hækkun þess eða lækkingu liggja fyrir eigi síðar en 1. október fyrir komandi almanaksár.

Heimilt er að setja ákvæði í samþykktir sjóðsins um að lífeyrissjóðurinn megi taka við viðbótariðgjaldi sem greitt verði umfram iðgjald skv. 2. og 4., sbr. 5. mgr., og að viðbótariðgjaldi þessu verði varið til ávinnslu réttinda hjá lífeyrissjóðnum eftir nánari reglum í samþykktum sjóðsins og í samræmi við tillögur tryggingafræðinga.

#### 26. gr.

Við löginn bætist ný grein sem verður 14. gr. og orðast svo:

Samanlögð iðgjöld sjóðfélaga A-deildar hvert almanaksár skulu umreiknuð í stig sem mynda grundvöll lífeyrisréttinda hans.

Til grundvallar stigaútreikningi skal leggja samanlögð grundvallarlaun almanaksársins. Grundvallarlaun miðað við janúar 1996 skulu vera 49.084 kr., og skulu þau taka sömu hlutfallsbreytingum og vísitala neysluverðs frá 174,2 stigum.

Stig hvers árs reiknast þannig að í árslauð sjóðfélaga sem iðgjald er greitt af (þ.e. 4% iðgjald skv. 1. og 2. mgr. 13. gr. margfaldað með 25) er deilt með grundvallarlaunum ársins skv. 2. mgr.

Stig ársins skal reikna með þremur aukastöfum.

Stig verði ekki reiknuð eftir lok þess mánaðar sem sjóðfélagi nær 70 ára aldri, enda greiði sjóðfélagar ekki iðgjald til sjóðsins eftir að þeim aldri er náð.

#### 27. gr.

Við löginn bætist ný grein sem verður 15. gr. og orðast svo:

Hver sjóðfélagi, sem greitt hefur iðgjald til A-deildar sjóðsins, á rétt á lífeyri frá næstu mánaðamótum eftir að hann verður 65 ára.

Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af grundvallarlaunum eins og þau eru á hverjum tíma og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda sjóðfélaga skv. 14. gr., margfölduð með 1,90.

Sjóðfélagi A-deildar er heimilt að hefja töku ellilífeyris áður en hann nær 65 ára aldri, en þó ekki fyrr en næstu mánaðamót eftir að hann verður 60 ára. Upphæð ellilífeyris skal þá lækka frá því sem segir í 2. mgr. um 0,5% af óskertum áunnum lífeyrisrétti fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði sem vantar á 65 ára aldur er taka lífeyris hefst.

Sjóðfélagi A-deildar er heimilt að fresta töku lífeyris eftir að hann nær 65 ára aldri. Upphæð ellilífeyris vegna réttinda sem hann ávann sér fram til 65 ára aldurs skal þá hækka frá því sem segir í 2. mgr. um 0,5% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði sem töku lífeyris er frestað fram yfir 65 ára aldurinn, en þó ekki lengur en til 70 ára aldurs.

Haldi sjóðfélagi í A-deild sjóðsins áfram að ávinna sér réttindi eftir að hann hefur hafið töku ellilífeyris skulu viðbótarstig hans reiknuð á ný þegar hann hefur náð 70 ára aldri. Réttindi, sem sjóðfélagi ávinnur sér eftir að taka lífeyris hefst, reiknast án hækkunar skv. 4. mgr. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. skulu stig samkvæmt þessari málsgrein margfölduð með 0,95 við útreikning ellilífeyris.

#### 28. gr.

Við löginn bætist ný grein sem verður 16. gr. og orðast svo:

Sjóðfélagi, sem verður fyrir orkutapi sem telja verður að nemi 40% eða meira og hefur áunnið sér alls a.m.k. 2 stig, á rétt á örorkulífeyri úr sjóðnum í samræmi við áunnin stig fram að orkutapi.

Réttur til örorkulífeyris stofnast aðeins ef sjóðfélagi hefur orðið fyrir tekjuskerðingu af völdum orkutapsins. Aldrei skal samanlagður örorkulífeyrir og barnalífeyrir skv. 18. gr. vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar.

Hundraðshluta orkutaps og tímasetningu þess skal ákvarða að fengnum upplýsingum um heilsufarssögu og starfsorku umsækjanda aftur í tímann. Tryggingayfirlæknir skal meta hundraðshluta orkutaps og tímasetningu þess. Fyrstu fimm árin eftir orkutapið skal mat þess aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna því starfi er hann hefur gegnt og aðild hans að sjóðnum er tengd. Að því tímabili loknu skal hundraðshluti orkutaps ákvarðaður að nýju með tilliti til vanhæfni sjóðfélagans til að gegna almennum störfum.

Heimilt er, að fengnu álit tryggingayfirlæknis, að setja það skilyrði fyrir greiðslu örorkulífeyris að sjóðfélagi fari í endurhæfingu sem bæt gæti heilsufar hans.

Þegar skilyrði 1. mgr. og þessarar málsgreinar eru uppfyllt miðast hámark örorkulífeyris við áunninn lífeyrisrétt skv. 15. gr. að viðbættum lífeyri er svarar til þess stigafjölda sem sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 65 ára aldurs, reiknuðum samkvæmt ákvæðum 9. mgr., margfölduðum með 1,90, enda hafi sjóðfélagi:

- greitt iðgjöld til sjóðsins a.m.k. þrjú af undanfarandi fjórum almanaksárum og áunnið sér eigi minna en 0,5 stig hvert þessara þriggja ára,
- greitt iðgjöld til sjóðsins a.m.k. sex mánuði á undanfarandi tólf mánuðum,
- ekki orðið fyrir orkutapi sem rekja megi til ofnotkunar áfengis, lyfja eða fíkniefna.

Eigi sjóðfélaginn jafnframt rétt á örorkulífeyri úr öðrum sjóði skal hann því aðeins njóta framreikningsréttinda úr þessum sjóði að hann hafi síðast greitt iðgjöld til hans.

Þó svo að lífeyrissjóðurinn hafi gert samning við aðra lífeyrissjóði um réttindaflutninga samkvæmt heimild í 20. gr. stofnast ekki réttur til framreiknings í þessum sjóði ef sjóðfélagi hefur skipt um starf og af þeim sökum hafið iðgjaldagreiðslur til þessa sjóðs á síðustu 24 mánuðum fyrir orkutap og rekja má starfsskiptin til versnandi heilsufars sem leitt hefur til orkutapsins. Eigi sjóðfélagi, sem þessi málsgrein tekur til, ekki rétt á framreiknuðum örorkulífeyri úr öðrum lífeyrissjóði skal þó framreikna réttindi hjá þessum sjóði, enda hafi örorka sjóðfélaga skv. 1. mgr. komið til að mati tryggingayfirlæknis eftir að sjóðfélagi hóf iðgjaldagreiðslur til þessa sjóðs.

Hafi sérstakar ástæður, svo sem aldur sjóðfélaga, búseta hans erlendis eða nám, orðið þess valdandi að hann hefur ekki getað uppfyllt tímaskilyrði þau sem nefnd eru í a-lið 5. mgr. er sjóðstjórn heimilt að stytta þann tíma sem þar er krafist í tvö undanfarandi almanaksár, enda verði talið fullvíst að ororku verði ekki rakin til tíma fyrir orkutap.

Eigi sjóðfélagi, sem ekki hefur náð 65 ára aldri er hann verður fyrir orkutapi, rétt skv. 5. mgr. á framreikningi stiga skal sá framreikningur vera reiknaður út frá meðaltali stiga sjóðfélaga næstu þrjú almanaksárin fyrir orkutapið. Telji sjóðstjórnin þetta þriggja ára meðaltal vera sjóðfélaganum óhagstætt vegna sjúkdómsforfalla eða atvinnuleysis er henni heimilt að leggja til grundvallar meðaltal stiga fleiri ár aftur í tímann og sleppa úr meðaltalinu því almanaksári sem lakast er.

Hafi sjóðfélagi haft skerta almenna starfsorku fyrir þann tíma er hann hóf iðgjaldagreiðslur til sjóðsins og meta má þá starfsorkuskerðingu 50% eða meira skal reikna meðaltal stiga hans öll þau almanaksár sem hann hefur greitt iðgjald til sjóðsins. Skal þá í slíkum tilvikum miða framreikning við þetta meðaltal.

Nú hafa iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga til lífeyrissjóða verið svo stopular að þær hafa fallið niður eða verið innan við 0,5 stig á ári fleiri en eitt almanaksár eftir lok þess árs er sjóðfélagi náði 25 ára aldri og sennilegt má telja að vanheilsa, áfengisneysla eða notkun lyfja og fíkniefna hafi átt þátt í stopulum greiðslum, og skal þá framreikningstími stytur í hlut-

fallinu milli fjölda almanaksára sem árleg stig hafa verið undir 0,5 og fjölda almanaksára frá 25 ára aldri fram til orkutaps. Sama gildir ef stopular iðgjaldagreiðslur stafa af undanskoti frá greiðsluskyldu til lífeyrissjóða.

Nemi árlegt meðaltal sem miða skal framreikning við skv. 9. eða 10. mgr. meira en sex stigum skal reikna með meðaltalinu allt að 10 árum, en síðan til 65 ára aldurs, reiknað með sex stigum á ári að viðbættum helmingi þeirra stiga sem umfram eru.

Ef rekja má sjúkdóma þá sem valda orkutapi sjóðfélaga svo langt aftur í tímann að nemi a.m.k. helmingi almanaksára frá lokum þess árs er sjóðfélagi náði 16 ára aldri til þess tíma er orkutap telst hafa orðið skulu framreiknuð stig aldrei reiknast fleiri en þau stig sem sjóðfélaginn hefur áunnið sér í lífeyrissjóðum fram að orkutapi.

Örorkulífeyrir er sami hundradshluti af hámarksörorkulífeyri og orkutapið er metið, sbr. þó 1. mgr.

Örorkulífeyrir greiðist einungis ef orkutap og tekjumissir vegna orkutaps vara í þrjá mánuði eða lengri tíma.

Skylt er sjóðfélaga, sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur slíks lífeyris, að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt og atvinnutekjur sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til lífeyris.

Stjórn sjóðsins skal lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra sjóðfélaga sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömuleiðis ber henni að hækka örorkulífeyrinn ef örorkan vex til muna frá því sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi sjóðfélaginn á þeim tíma er örorkan óx ekki verið í starfi er veitti honum lífeyrisréttindi í öðrum lífeyrissjóði.

Örorkulífeyrir fellur niður við 65 ára aldur. Ellilífeyrir skal þá ákveðinn þannig að auk áunninna stiga skal reikna að þeim hluta, er hundradshluti örorku segir til um, stig sem við úrskurð örorkulífeyris voru reiknuð sjóðfélaganum fram til 65 ára aldurs. Aldrei skal þó slík viðbót við áunnin stig vera meiri en svo að heildarstigafjöldi hvert almanaksár verði hærri en almennt tíðkast í starfsgrein hlutaðeigandi sjóðfélaga.

#### 29. gr.

Við lögina bætist ný grein sem verður 17. gr. og orðast svo:

Nú andast sjóðfélagi sem naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum eða greitt hafði iðgjald til hans a.m.k. sex mánuði á undanfarandi tólf mánuðum og lætur eftir sig maka og á þá hinn eftirlifandi maki rétt á lífeyri úr sjóðnum. Fullur makalífeyrir skal að lágmarki greiddur í 36 mánuði og 50% makalífeyrir í 24 mánuði til viðbótar.

Láti sjóðfélagi eftir sig eitt barn eða fleiri innan 22 ára aldurs sem hann hefur átt með eftirlifandi maka sínum skal fullur makalífeyrir greiddur fram að 22 ára aldri yngsta barnsins, enda sé það á framfæri makans. Kjörbarn þeirra veitir sama rétt og börn samkvæmt þessari grein. Hafi ættleiðingin átt sér stað eftir 60 ára aldur sjóðfélagens, eftir að hann missti starfsorku sína eða innan árs áður en hann lést, skal stjórn sjóðsins þó úrskurða um hvort greiða skuli eftirlifandi maka lífeyri samkvæmt þessari grein.

Sé maki a.m.k. 50% öryrki skal greiddur makalífeyrir meðan sú örorka varir, enda sé eftirlifandi maki yngri en 67 ára við fráfall sjóðfélagens.

Jafnframt skal greiða makalífeyri ótímabundið til eftirlifandi maka sjóðfélaga sem fæddir eru fyrir 1. janúar 1945 með þeim takmörkunum sem hér segir: Makalífeyrir skv. 6. mgr. skal lækka um 2% fyrir hvert ár sem makinn er fæddur eftir 1. janúar 1925, 2% að auki fyrir hvert ár sem makinn er fæddur eftir 1. janúar 1930, 2% að auki fyrir hvert ár sem makinn er fæddur eftir 1. janúar 1935 og 2% að auki fyrir hvert ár sem makinn er fæddur eftir 1. janúar 1940.

Nú lætur sjóðfélagi ekki eftir sig maka og er þá stjórn sjóðsins heimilt að greiða lífeyri skv. 1.–3. mgr. til aðila sem sannanlega hefur annast heimili hins látna um langt árabil fyrir andlát hans.

Upphæð óskerts makalífeyris er hundraðshluti af grundvallarlaunum eins og þau eru á hverjum tíma og nemur hundraðshluti þessi samanlögðum stigafjölda sem sjóðfélaganum er reiknaður, margfölduðum með 0,95. Þegar skilyrði 1. mgr. um iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt skal auk áunninna stiga telja þau stig sem ætla má að sjóðfélaginn hefði áunnið sér fram til 65 ára aldurs, reiknuð í samræmi við ákvæði 9. mgr. 16. gr. Hafi sjóðfélaginn notið örorkulífeyris úr sjóðnum skal reikna stig frá þeim tíma er honum var veittur örorkulífeyrir og til þess tíma er makalífeyrir er veittur, allt að 65 ára aldri, í samræmi við ákvæði lokamálsgreinar 16. gr., en síðan til 65 ára aldurs í samræmi við stig þau sem lögð voru til grundvallar örorkulífeyri. Veiti dauðsfallið eftirlifandi maka jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum sjóði skal hann því aðeins njóta framreikningsréttinda úr þessum sjóði að hinn látni hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs. Séu skilyrði 1. mgr. um iðgjaldagreiðslutíma ekki uppfyllt ákvarðast upphæð makalífeyris í samræmi við 2. mgr. 19. gr.

Rétthafi samkvæmt þessari grein telst sá eða sú sem við andlátið var í hjúskap með sjóðfélagi, staðfestri samvist, sbr. lög nr. 87/1996, eða óvígðri sambúð, enda hafi fjárfélagi ekki verið slitið fyrir andlát sjóðfélagsins. Með óvígðri sambúð er hér átt við sambúð karls og konu sem eiga sameiginlegt lögheimili, eru samvistum, eiga barn saman eða konan er þunguð eða sambúðin hefur varað samfleytt í a.m.k. eitt ár. Réttur til makalífeyris fellur niður ef makinn gengur í hjónaband á ný eða stofnar til sambúðar sem jafna má til hjúskapar, en gengur aftur í gildi ef síðara hjónabandinu er slitið án réttar til lífeyris.

### 30. gr.

Við lögin bætist ný grein sem verður 18. gr. og orðast svo:

Nú andast sjóðfélagi sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins eða notið úr honum örorkulífeyris í a.m.k. sex mánuði á undanfarandi tólf mánuðum, og eiga þá börn hans og kjörbörn sem hann lætur eftir sig og yngri eru en 22 ára rétt á lífeyri úr sjóðnum til 22 ára aldurs. Veiti fráfall sjóðfélagsins börnunum jafnframt rétt til lífeyris úr öðrum lífeyrissjóði skal lífeyrir úr þessum sjóði þó bundinn því skilyrði að sjóðfélaginn hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.

Fullur barnalífeyrir vegna fráfalls sjóðfélaga er 10.000 kr. með hverju barni fyrir hvern almanaksmánuð. Fjárhæð þessi breytist í hlutfalli við breytingu á grundvallarfjárhæð, sbr. 2. mgr. 14. gr. Fullur barnalífeyrir greiðist ef árleg stig, áætluð í samræmi við 6. mgr. 17. gr., eru a.m.k. 1 stig. Séu áætluð árleg stig færri lækkar barnalífeyrir frá sjóðnum hlutfallslega og fellur niður ef árlegur stigafjöldi er minni en 0,5.

Sé sjóðfélagi, sem uppfyllir skilyrði a- og b-liðar 5. mgr. 16. gr., úrskurðaður örorkulífeyrir úr sjóðnum vegna 100% örorku öðlast börn hans, fædd fyrir orkutap eða á næstu tólf mánuðum þar á eftir, svo og kjörbörn sem ættleidd hafa verið fyrir orkutap, sama rétt og börn látins sjóðfélaga njóta skv. 2. mgr. með þeirri undantekningu að fjárhæð fulls barnalífeyris fyrir hvern almanaksmánuð er 7.500 kr. með hverju barni. Sé örorka skv. 16. gr. metin lægri en 100% skal barnalífeyrir sjóðsins vera hlutfallslega lægri. Barnalífeyrir, sem greiddur er vegna örorku sjóðfélaga, fellur ekki niður þó að sjóðfélaginn nái ellilífeyrisaldri.

Fósturbörn og stjúpborn, sem sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, skulu eiga rétt á barnalífeyri. Skulu lífeyrisgreiðslur sjóðsins vegna slíkra barna vera hinar sömu og vera mundu ef um börn eða kjörbörn væri að ræða.

Barnalífeyrir greiðist framfærandi barnsins til 18 ára aldurs þess, en eftir það til barnsins.



## 31. gr.

Við lögin bætist ný grein sem verður 19. gr. og orðast svo:

Tímabil er iðgjaldagreiðslur hafa sannanlega fallið niður vegna veikinda eða atvinnuleysis reiknast ekki með þegar úrskurða skal hvort skilyrði um iðgjaldagreiðslutíma eru uppfyllt.

Réttur til elli-, örorku- og makalífeyris fellur ekki niður þótt sjóðfélagi hætti iðgjaldagreiðslu. Rétturinn miðast þá einungis við áunnin geymd stig, sbr. þó 1. mgr.

## 32. gr.

Við lögin bætist ný grein sem verður 20. gr. og orðast svo:

Í samþykktum sjóðsins er heimilt að hafa ákvæði um gerð samninga við aðra lífeyris-sjóði um tilhögun réttindaflutninga.

## 33. gr.

Við lögin bætist ný grein sem verður 21. gr. og orðast svo:

Lífeyrir greiðist mánaðarlega eftir á, í fyrsta sinn fyrir næsta mánuð eftir þann mánuð þegar lífeyrisréttur myndaðist og í síðasta sinn fyrir þann mánuð þegar réttur til lífeyris fellur úr gildi. Sjóðfélagi, sem hefur töku lífeyris í beinu framhaldi af starfslokum og hefur fengið fyrir fram greidd laun, skal þó fá lífeyri greiddan fyrir fram.

Nú nær lífeyrisgreiðsla ekki fjárhæð er svarar til a.m.k. eins stigs réttinda og fyrirsjáanlegt er að um sameiningu við önnur réttindi verður ekki að ræða, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að inna greiðsluna af hendi í einu lagi samkvæmt reglum í samræmi við tillögur tryggingafræðinga.

*D. Gildistaka og lagaskil.*

## 34. gr.

I. kafli laga þessara öðlast gildi 1. janúar 1997 og gildir um allar iðgjaldagreiðslur til sjóðsins og lífeyrisgreiðslur úr honum eftir gildistöku þeirra. Ákvæði um niðurfellingu 2. mgr. 25. gr. laga nr. 29/1963 tekur þó gildi 1. janúar 1998.

Eftir gildistöku breytinga samkvæmt lögum þessum á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 29/1963, skal fella meginmál breytinganna inn í þau lög, ásamt síðari breytingum, og gefa þau út svo breytt. Skal lögnum þá kaflaskipt þannig að I. kafli nái yfir 1.–11. gr. og heiti: **Almenn ákvæði**. II. kafli nái yfir 12.–21. gr. og heiti: **A-deild lífeyris-sjóðsins**. III. kafli nái yfir 22.–34. gr. og heiti: **B-deild lífeyrissjóðsins** og IV. kafli nái síðan yfir 35.–38. gr. og heiti: **Gildistaka og lagaskil**.

## 35. gr.

Við lögin bætist ný grein sem verður 35. gr. og orðast svo:

Sjóðfélagar sem hefja töku lífeyris í beinu framhaldi af starfi og þeir sem fá lífeyrisgreiðslur úr sjóðnum við gildistöku laga þessara geta, þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 24. gr. laganna og 1. mgr. 34. gr. laga þessara, valið hvort lífeyrisgreiðslur til þeirra breytist til samræmis við breytingar sem verða á launum er á hverjum tíma eru greidd fyrir það starf sem þeir gegndu síðast, eða eftir atvikum við breytingar á launum fyrir hærra launað starf samkvæmt ákvæðum 6. mgr. 24. gr. og 1. eða 2. mgr. 28. gr. laganna, eða hvort þær skuli breyttast samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 24. gr. laganna. Setja skal nánari ákvæði í samþykktir sjóðsins um með hvaða hætti vali sjóðfélaga samkvæmt þessu verði háttað og innan hvaða tímamarka þeir skuli tilkynna sjóðnum um þessa ákvörðun

## 36. gr.

Við lögina bætist ný grein sem verður 36. gr. og orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 30. gr. skal reikna lífeyri þeirra sjóðfélaga, sem greitt hafa skemur en þrjú ár til sjóðsins, þegar þeir hefja iðgjaldagreiðslu til A-deildar þannig að miðað verði við meðalhækkanir á launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu frá því að starfsmaður hættir iðgjaldagreiðslu til B-deildar sjóðsins og þar til taka lífeyris hefist samkvæmt reglum 3. mgr. 28. gr. og 3. mgr. 24. gr., enda sé samanlagður iðgjaldagreiðslutími til A-deildar og B-deildar a.m.k. þrjú ár.

## 37. gr.

Við lögina bætist ný grein sem verður 37. gr. og orðast svo:

Sjóðfélagar, sem rétt eiga á að greiða iðgjald til B-deildar lífeyrissjóðsins skv. 4. gr. en kjósa fremur að greiða til A-deildar, eiga ekki rétt til töku ellilífeyris úr B-deild á meðan þeir gegna störfum sem uppfylla aðildarskilyrði 4. gr.

Að öðru leyti skal setja ákvæði í samþykktir sjóðsins til að koma í veg fyrir niðurfall réttinda eða tvítryggingu réttinda þegar sjóðfélagi flytur sig úr B-deild sjóðsins í A-deild.

## 38. gr.

Við lögina bætist ný grein sem verður 38. gr. og orðast svo:

Hafi sjóðfélagi, sem er látinn við gildistöku laga þessara, verið giftur oftari en einu sinni og látið eftir sig maka og fyrrverandi maka ákvarðast réttur til lífeyris milli fleiri en eins rétthafa makalífeyris eftir eldri lögum. Heimilt er þó að skipta rétti til makalífeyris milli fyrrverandi maka og síðari sambúðaraðila eftir gildistöku laga þessara samkvæmt ákvæðum 7. mgr. 27. gr.

### Ákvæði til bráðabirgða.

#### I.

Félagsmenn í stéttarfélögum, sem samkvæmt ákvæðum laga nr. 29/1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og laga nr. 16/1965, um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna, hefðu átt skylduáðild að þessum sjóðum, skulu eiga rétt til aðildar að A-deild sjóðsins þar til samið hefur verið um lífeyrissjóðsaðild fyrir þessa starfsmenn, þó svo að ákvæði 1. og 2. mgr. 3. gr. laganna taki ekki til þeirra, og skulu launagreiðendur þeirra þá greiða iðgjald þeirra vegna til sjóðsins samkvæmt ákvæðum 13. gr. laganna.

#### II.

Þrátt fyrir ákvæði 4. og 5. mgr. 13. gr. laganna skal iðgjald launagreiðenda vera 11,5% á árunum 1997–99.

#### III.

Eigi síðar en fimm árum eftir gildistöku laga þessara skal stjórn sjóðsins ákveða nýja hækkunarprósentu skv. 4. mgr. 15. gr. laganna í samræmi við tillögur tryggingafræðinga, þó aldrei hærri en 0,8%. Við þá tillögugerð skal viðbótarkostnaður vegna tilfærslu sjóðfélaga úr B-deild sjóðsins í A-deild skv. 4. og 5. mgr. 4. gr. laganna útreiknaður og metinn til breytingar á annars ákveðinni prósentu.

#### IV.

Þeir starfsmenn Ríkisspítala, sem aðild eiga að sjóðnum í árslok 1996 og eru í störfum sem flytjast til Sjúkrahúss Reykjavíkur og halda þeim áfram, skulu eiga rétt til áframhaldandi aðildar að B-deild sjóðsins með óslitinni réttindaávinnslu.

## II. KAFLI

**Um breytingu á lögum nr. 16/1965, um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna.***A. Efnisbreytingar á lögnum.*

## 39. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Sjóðurinn heitir Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík. Hlutverk sjóðsins er að tryggja sjóðfélögum, eftirlifandi mökum þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum þessara laga.

## 40. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Stjórn sjóðsins skal skipuð fjórum mönnum og skipar fjármálaráðherra tvo þeirra og stjórn Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga tvo. Jafnframt skulu sömu aðilar skipa jafnmarga menn til vara. Skipunartími stjórnarmanna er þrjú ár. Stjórnin kýs formann úr sínum hópi til eins árs í senn.

## 41. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Stjórn sjóðsins fer með yfirstjórn hans. Stjórnin skal fjalla um allar meiri háttar ákvarðanir varðandi stefnumótun sjóðsins og starfsemi. Hún skal annast um að nægjanlegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna sjóðsins. Stjórnin skal móta fjárfestingarstefnu og ávaxta fé sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu. Stjórn sjóðsins setur honum samþykktir í samræmi við ákvæði þessara laga og ákvæði annarra laga um lífeyrissjóði eftir því sem við á. Í samþykktum sjóðsins skal m.a. kveðið á um hvernig ávaxta skuli fé hans.

Fjármálaráðherra staðfestir hvort samþykktir sjóðsins og breytingar á þeim séu í samræmi við þessi lög og önnur lög um lífeyrissjóði að fenginni umsögn bankaeftirlits Seðlabanka Íslands.

## 42. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Stjórn lífeyrissjóðsins ákveður hvernig haga skuli afgreiðslu sjóðsins.

## 43. gr.

Síðari málsliður 6. gr. laganna orðast svo: Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun án sérstakrar þóknunar.

## 44. gr.

7. gr. laganna fellur brott.

## 45. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Hver sjóðfélagi sem greitt hefur iðgjald til sjóðsins á rétt á lífeyri frá næstu mánaðamótum eftir að hann verður 65 ára, enda hafi hann þá látið af þeim störfum sem veitt hafa honum aðild að sjóðnum.

Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af þeim föstu launum fyrir dagvinnu, persónuuppbót og orlofsuppbót samkvæmt kjarasamningum sem við starfslok fylgja stöðu þeirri fyrir fullt starf er sjóðfélagi gegndi síðast. Hundraðshluti þessi fer eftir iðgjaldagreiðslutíma og

starfshlutfalli sjóðfélagans og er 2% fyrir hvert ár í fullu starfi sem iðgjöld hafa verið greidd fyrir, en hlutfallslega lægri fyrir minna starfshlutfall. Fyrir hvert fullt ársstarf eftir að iðgjaldagreiðslu lýkur og þar til sjóðfélaginn öðlast rétt til að láta af störfum og fá ellilífeyri bætist við 1% af föstum ársláunum fyrir fullt starf en 2% fyrir hvert fullt ársstarf eftir að iðgjaldagreiðslu er lokið og hann hefur öðlast rétt til að fá lífeyri.

Eftir að taka lífeyris hefst skulu breytingar á lífeyrisgreiðslum síðan ákveðnar til samræmis við meðalbreytingar sem verða á föstum láunum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu, sbr. 2. mgr., og skal Hagstofa Íslands reikna þær mánaðarlega.

Þegar sjóðfélagi hefur náð því að samanlagður lífaldur og iðgjaldagreiðslutími er 95 ár, hann er orðinn 60 ára og lætur af störfum, á hann rétt á lífeyri úr sjóðnum. Sjóðfélagi, sem notfærir sér þessa reglu, skal greiða iðgjald til sjóðsins þar til 95 ára markinu er náð. Lífeyrisréttur hans skal vera 2% fyrir hvert ár í fullu starfi sem iðgjöld hafa verið greidd fyrir, en hlutfallslega lægri fyrir skemmra starfstímabil og minna starfshlutfall, en þó ekki meira en 64% að náðu 95 ára markinu. Iðgjaldagreiðsluskylda sjóðfélaga fellur niður þegar 95 ára markinu er náð. Sjóðfélagi, sem nær 95 ára markinu eftir að hann nær 64 ára aldri, getur ekki nýtt sér heimild samkvæmt þessari málsgrein.

Lífeyrisréttur hjá þeim sem njóta útreiknings skv. 4. mgr. skal aukast um 2% fyrir hvert ár í fullu starfi frá því iðgjaldagreiðsluskylda lýkur og þar til taka lífeyris hefst, en um hlutfallslega lægri hundraðshluta fyrir skemmra starfstímabil og minna starfshlutfall.

Hafi sjóðfélagi gegnt herra launuðu starfi eða störfum í a.m.k. tíu ár fyrir á sjóðfélagatíma sínum í Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga skal miða lífeyrinn við hæst launaða starfið, enda hafi hann gegnt því í a.m.k. tíu ár, ella skal miða við það herra launaða starf sem hann að viðbættum enn herra launuðum störfum gegndi í a.m.k. tíu ár.

Heimilt er stjórn sjóðsins að greiða ellilífeyrispegum á aldrinum 65 til 67 ára uppbót á lífeyri allt að einstaklingslífeyri almannatrygginga. Skilyrði fyrir slíkri uppbót er að sjóðfélaginn sé ekki lengur fullfær um að gegna starfi sínu. Til sönnunar því ber viðkomandi að leggja fram umsögn yfirmanns síns um starfshæfnina og vottorð tryggingayfirlæknis um heilsufar.

Sjóðfélagi, sem gegnir starfi sem uppfyllir aðildarskilyrði að sjóðnum skv. 17. gr., á ekki auk launa jafnframt rétt til lífeyris meðan hann gegnir því starfi.

#### 46. gr.

Við lögina bætist ný grein sem verður 9. gr. og orðast svo:

Vaktavinnufólk, þ.e. þeir sjóðfélagar sem hafa vinnutíma sem breytist reglubundið, skal fá rétt til sérstaks viðbótarlífeyris (ellilífeyris, örorkulífeyris eða makalífeyris) úr Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga, enda sé því skylt að greiða iðgjald af vaktaálagsgreiðslum til sjóðsins.

Sama gildir um það starfsfólk sem hefur vinnuskyldu eingöngu á nóttunni, þ.e. á tímabilinu frá kl. 22.00 til 9.00, og skal þá álagsgreiðslan verða grundvöllur iðgjalda og lífeyrisréttinda.

Sjóðfélagi greiði 4% af vaktaálaginu í iðgjöld og launagreiðandi 6%.

Stjórn lífeyrissjóðsins ákveður á hverjum tíma hver skuli vera viðmiðunarmánaðarlaun þau sem lífeyririnn ákvarðast af og iðgjaldið er metið eftir.

Breyti stjórn lífeyrissjóðsins viðmiðunarmánaðarlauninum skal hún jafnframt ákveða hvort og þá hvernig skuli umreikna áunninn lífeyrisrétt fyrir ára.

Iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga af vaktaálagi skulu ár hvert metnar þannig til lífeyrisréttinda að reiknað sé hvað iðgjaldagreiðslur ársins samsvara margra mánaða iðgjaldagreiðslu af viðmiðunarlaunum.

Fyrir jafngildi hverrar tólf mánaða iðgjaldagreiðslu ávinnst réttur til ellilífeyris og örorkulífeyris sem nemur 2% af viðmiðunarlaunum og réttur til makalífeyris sem nemur 1% af viðmiðunarlaunum.

## 47. gr.

Á 9. gr. laganna, sem verður 10. gr., verða eftirfarandi breytingar:

a. 1. og 2. mgr. orðast svo:

Hver sjóðfélagi sem greitt hefur iðgjöld til sjóðsins á rétt á örorkulífeyri ef hann verður fyrir orkutapi er tryggingayfirlæknir metur 10% eða meira. Örorkumat þetta skal aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna starfi því er hann hefur gegnt og aðild hans að sjóðnum er tengd. Þrátt fyrir örorku á enginn rétt á örorkulífeyri meðan hann heldur fullum föstum launum fyrir starf það er hann gegndi eða fær jafnhá laun fyrir annað starf sem veitir lífeyrissjóðsréttindi, og aldrei skal örorkulífeyrir vera hærri en sem nemur þeim tekjumissi sem sjóðfélaginn hefur sannanlega orðið fyrir sökum örorkunnar.

Hámark örorkulífeyris miðast við áunninn lífeyrisrétt skv. 8. gr. Hafi sjóðfélaginn greitt iðgjöld til sjóðsins undanfarin þrjú almanaksár og a.m.k. í sex mánuði á undanfarandi tólf mánuðum miðast hámark örorkulífeyris þó við áunninn lífeyrisrétt skv. 8. gr., að viðbættum einstaklingslífeyri almannatrygginga. Ef rekja má aðalorsök örorkunnar til starfs í þágu stöðu þeirrar sem öryrkinn gegndi skal þó reikna áunninn lífeyrisrétt eins og sjóðfélaginn hefði gegnt stöðu sinni til 65 ára aldurs.

b. Í stað „60 ára“ í 4. málsl. 3. mgr. kemur: 65 ára.

c. Síðari málsliður 4. mgr. fellur brott.

d. Í stað orðsins „hjúkrunarkonur“ í síðari málslið 5. mgr. kemur: hjúkrunarfræðinga.

e. 6. mgr. fellur brott.

## 48. gr.

10. gr. laganna verður 11. gr. og orðast svo:

Nú andast sjóðfélagi og lætur hann eftir sig maka á lífi og á þá makinn rétt til lífeyris úr sjóðnum.

Upphæð makalífeyris er helmingur af áunnum ellilífeyrisrétti hins látna sjóðfélaga. Makalífeyrir hækkar síðan um 20% af launum þeim er hann miðast við ef hinn látni sjóðfélagi hefur verið í fullu starfi við starfslok, en hækkunin verður hlutfallslega lægri ef sjóðfélaginn hefur verið í lægra starfshlutfalli við starfslok. Viðbótarlífeyrir þessi greiðist þó einungis ef hinn látni sjóðfélagi hefur uppfyllt eitt af þremur eftirgreindum skilyrðum:

1. Hann hafi verið í starfi er veitti honum aðild að sjóðnum við andlátíð.

2. Hann hafi hafið töku lífeyris fyrir andlátíð og upphaf lífeyristöku hans hafi verið í beinu framhaldi af starfi sem veitti honum aðild að sjóðnum.

3. Hann hafi greitt iðgjöld til sjóðsins sem nemur iðgjaldagreiðslum af fullu starfi í 15 ár eða meira og ekki greitt iðgjald til annars sjóðs eftir að greiðslum til þessa sjóðs lauk.

Nú hefur sjóðfélagi gengið í hjónaband eftir að hann var orðinn 60 ára eða á þeim tíma er hann naut lífeyris úr sjóðnum eða hann var lagstur banaleguna og úrskurðar þá stjórn sjóðsins hvort eftirlifandi maki hans skuli njóta lífeyris úr sjóðnum eða eigi.

Réttur til lífeyris samkvæmt þessari grein fellur niður ef eftirlifandi maki gengur í hjónaband að nýju, en kemur aftur í gildi sé hinu síðara hjónabandi slitið, enda veiti það hjónaband eigi rétt til lífeyris úr sjóðnum. Veiti síðara hjónabandið einnig rétt til lífeyris má eftirlifandi maki velja um hvort hann tekur lífeyrinn eftir fyrri eða síðari makann.

Hafi hjúskap lokið með skilnaði skal útreikningur makalífeyris miðast við þann tíma er hinn látni sjóðfélagi hafði átt aðild að sjóðnum þegar hjúskap var slitið. Viðbótarlífeyrir skv. 2. mgr. greiðist ekki í því tilviki.

Þegar sjóðfélagi sem verið hefur tvígiftur deyr og lætur eftir sig maka og fyrrverandi maka á lífi skiptist makalífeyririnn á milli þeirra þannig að réttur fyrrverandi maka ákvarðast samkvæmt reglu 5. mgr. en réttur maka telst frá þeim degi er hinum fyrra hjúskap var slitið. Hliðstæð regla gildir séu réttthafar makalífeyris fleiri en tveir.

Hafi sjóðfélagi verið utan hjónabands við andlátið, en einstæð móðir hans, ógift systir hans eða annar ógiftur aðili hefur sannanlega annast heimili hans um árabíl fyrir andlát hans, þó eigi skemur en fimm ár, er stjórn sjóðsins heimilt að greiða hlutaðeigandi makalífeyri, svo sem um ekkju eða ekkil væri að ræða. Á sama hátt er sjóðstjórn heimilt að greiða sambúðarmanni og sambúðarkonu lífeyri ef sjóðfélagi lætur eftir sig barn innan 18 ára alders sem hann hefur átt með hinu eftirlifandi. Einnig er sjóðstjórn heimilt að greiða sambúðarkonu eða sambúðarmanni lífeyri í 24 mánuði þótt ekki sé fullnægt skilyrðum 1. málsl. um sambúðartíma, eða ef sambúðaraðili er 50% öryrki eða meira.

#### 49. gr.

11. gr. laganna verður 12. gr.

#### 50. gr.

Við 12. gr. laganna, sem verður 13. gr., bætast tvær nýjar málsgreinar og orðast svo:

Þegar lífeyrisgreiðslur skulu miðast við herra launað starf en lokastarf skv. 1. eða 2. mgr., eða skv. 6. mgr. 8. gr., skal við ákvörðun um lífeyri miða við meðalhækkanir á launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu skv. 3. mgr. 8. gr. frá þeim tíma er starfsmaður lætur af sínu herra launaða starfi og þar til taka lífeyris hefst.

Hafi starfsmaður látið af hinu herra launaða starfi fyrir árslok 1996 skal þó miða breytingar á lífeyri við breytingar á þeim launum, er starfinu fylgdu, fram til ársloka 1996. Eftir það skal farið eftir reglu 3. mgr.

#### 51. gr.

13. gr. laganna verður 7. gr. og orðast svo:

Sjóðfélagar greiða 4% af föstum launum sínum fyrir dagvinnu, persónuuppbót og orlofsuppbót í iðgjald til sjóðsins. Launagreiðanda ber að halda iðgjöldum eftir af launum sjóðfélaga og greiða þau sjóðnum innan tveggja vikna frá útborgun launanna.

Sjóðfélagar bera eigi ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins nema með iðgjöldum sínum.

Launagreiðendur greiða 6% af föstum launum fyrir dagvinnu, persónuuppbót og orlofsuppbót, er sjóðfélagi tekur hjá þeim, í iðgjöld til sjóðsins og skal greiða þau sjóðnum samtímis iðgjöldum sjóðfélaga.

Þegar sjóðfélagi hefur greitt iðgjöld til sjóðsins í 32 ár falla iðgjaldagreiðslur hans niður. Þó er sjóðfélagi, er gegnt hefur um lengri eða skemmri tíma hlutastarfi, heimilt að greiða áfram iðgjald til sjóðsins af föstum launum sínum fyrir dagvinnu allt að því marki að jafngildi iðgjaldagreiðslu af launum fyrir fullt starf í 32 ár. Launagreiðanda skal þá skylt að greiða iðgjald að sínum hluta, sbr. 3. mgr. Eftir að iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga falla niður samkvæmt þessari málsgrein eða 4. mgr. 8. gr. greiðir launagreiðandi hans 10% af launum þeim sem tilgreind eru í 3. mgr. í iðgjald til sjóðsins.

## 52. gr.

14. gr. laganna orðast svo:

Nú lætur sjóðfélagi af öðrum ástæðum en elli eða örorku af stöðu þeirri er veitti honum aðgang að sjóðnum og fellur þá niður réttur hans og skylda til að greiða framvegis iðgjöld til sjóðsins. Ellilífeyrir hans, örorkulífeyrir og lífeyrir eftirlifandi maka miðast þá við starfstíma hans og laun þau er hann hafði er hann lét af stöðu þeirri er veitti aðgang að sjóðnum, en tekur sömu breytingum og lífeyrir annarra eftir að taka lífeyris hefst. Eigi sjóðfélagi réttindi hjá sjóðnum vegna þriggja ára eða lengri greiðslutíma reiknast lífeyrir þó samkvæmt reglum 3. og 4. mgr. 13. gr. Hafi hann gegnt stöðunni skemur en 32 ár skal lífeyrir barna hans ákveðinn þannig að full upphæð skv. 12. gr. skal margfölduð með hlutfallinu á milli þess ellilífeyris sem hann hefur öðlast rétt til og þess ellilífeyris sem hann hefði öðlast rétt til ef hann hefði gegnt starfinu í 32 ár.

Sé staða eða starfi sjóðfélagsins lagður niður á hann rétt á að vera áfram í sjóðnum og greiða iðgjöld sem miðuð séu við þau laun er hann hafði er staða hans var lögð niður og frá þeim tíma skulu iðgjaldagreiðslur síðan breytast til samræmis við meðalbreytingar sem verða á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu, sbr. 3. mgr. 8. gr.

## 53. gr.

Við 15. gr. laganna bætist ný málsgrein og orðast svo:

Heimilt er að endurgreiða iðgjald til erlendra ríkisborgara sem flytjast úr landi, enda sé slíkt ekki óheimilt samkvæmt milliríkjasamningum sem Ísland á aðild að.

## 54. gr.

16. gr. laganna orðast svo:

Stjórn sjóðsins skal árlega láta tryggingafræðing rannsaka fjárhag sjóðsins. Þyki honum rannsókn sín leiða í ljós að fjárhagsgrundvöllur sjóðsins sé ótryggur skal hann gera tillögur til stjórnar sjóðsins um aðgerðir til að efla hann.

## 55. gr.

17. gr. laganna orðast svo:

Allir hjúkrunarfræðingar, sem aðild áttu að sjóðnum við árslok 1996 og vinna hjúkrunarstörf í þjónustu ríkis, bæjar- og sveitarfélaga eða annarra opinberra stofnana eða við heilbrigðisstofnanir sem eru viðurkenndar af heilbrigðisstjórninni, skulu eiga rétt til aðildar að sjóði þessum.

Heimild til aðildar að sjóðnum hafa einnig aðrir hjúkrunarfræðingar sem aðild áttu að sjóðnum við árslok 1996 á meðan þeir starfa að hjúkrun, enda sé viðkomandi eigi ráðinn til skemmri tíma en eins árs, eða með a.m.k. þriggja mánaða uppsagnarfresti.

Hjúkrunarfræðingar, sem aðild áttu að sjóðnum við árslok 1996 og starfa að félagsmálum á vegum Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, hafa jafnframt heimild til aðildar að sjóðnum, enda séu ráðningarkjör þeirra hin sömu og hjá öðrum sjóðfélögum.

Kjósi sjóðfélagi, sem 1.–3. mgr. taka til, að greiða fremur iðgjald til A-deildar Lífeyris-sjóðs starfsmanna ríkisins er honum það þó heimilt, enda hafi hann tilkynnt sjóðnum um þá ákvörðun sína fyrir 1. desember 1997. Fellur þá niður réttur hans til að greiða iðgjald til Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga. Eigi sjóðfélagi rétt til aðildar að sjóðnum skv. 2. eða 3. mgr. þarf samþykki launagreiðanda fyrir því að hefja iðgjaldagreiðslur til A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Sjóðfélagi, sem greiðir iðgjald til Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga eftir 1. desember 1997, getur einungis hafið greiðslu til A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins ef hann skiptir um starf, enda uppfylli hið nýja starf hans aðildarskilyrði að

þeim sjóði, eða ef iðgjaldagreiðslur hans hafa fallið niður af öðrum ástæðum í tólf mánuði eða lengur.

Sjóðfélagi, sem ekki greiddi iðgjald til sjóðsins við árslok 1996, án þess þó að formlegu ráðningarsambandi hafi verið slitið, hefur sama rétt til aðildar að lífeyrissjóðnum og þeir einstaklingar sem falla undir 1.–3. mgr.

Falli iðgjaldagreiðslur til Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga niður af öðrum ástæðum en tilgreindar eru í 5. mgr., t.d. vegna þess að viðkomandi sjóðfélagi hættir í starfi eða skiptir um starf, hefur sjóðfélagi áfram rétt til aðildar að sjóðnum, svo fremi hann hefji aftur starf sem veitir honum rétt til sjóðsaðildar innan tólf mánaða frá því að iðgjaldagreiðslur féllu niður. Ef iðgjaldagreiðslur til sjóðsins falla hins vegar niður í tólf mánuði eða lengri tíma, eða réttindaávinnsla án iðgjaldagreiðslu fellur niður í jafnlangan tíma, á viðkomandi einstaklingur ekki framar rétt á aðild að Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga.

Sjóðfélagar, sem greiddu iðgjald til Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga eða áunnu sér réttindi hjá sjóðnum án iðgjaldagreiðslu á árinu 1996, þó að þeir hafi ekki verið í starfi sem veitti þeim rétt til aðildar að lífeyrissjóðnum í lok þess árs, eiga sama rétt til aðildar að þessum sjóði og þeir sem um ræðir í 1.–3. mgr. hefji þeir þar tilgreind störf á árinu 1997.

56. gr.

20. og 22. gr. laganna falla brott.

57. gr.

21. gr. laganna, sem verður 20. gr., orðast svo:

Nú verður hækkun á áður úrskurðuðum elli-, örorku- og makalífeyri vegna almennrar hækkunar á launum opinberra starfsmanna og endurgreiðir þá ríkissjóður og aðrir þeir launagreiðendur, sem tryggja starfsmenn sína í sjóðnum, honum þá hækkun er þannig verður á lífeyrisgreiðslum. Hafi sjóðfélagi greitt iðgjald til sjóðsins vegna starfa hjá fleiri en einum launagreiðanda skal skipting á skuldbindingum milli launagreiðenda reiknast samkvæmt þeim launum sem áunninn réttur er reiknaður eftir og í hlutfalli við réttindaávinning hjá hverjum launagreiðanda.

Hafi innan árs áður en taka lífeyris hefst verið gerðar breytingar á föstum launum fyrir dagvinnu hjá tilteknum sjóðfélaga, og þessar breytingar eru umfram almennar breytingar á launum opinberra starfsmanna, skal reikna skuldbindingar launagreiðenda skv. 1. mgr. út frá launum eins og þau voru fyrir þessa hækkun.

### *B. Gildistaka og lagaskil.*

58. gr.

II. kafli laga þessara öðlast gildi 1. janúar 1997 og gilda um þá sem hefja töku lífeyris eftir gildistöku þeirra. Lífeyrisréttur þeirra sem byrjaðir eru töku lífeyris fyrir gildistöku laga þessara, svo og lífeyrisréttur maka þeirra og maka sjóðfélaga sem látist hafa fyrir gildistöku laganna, fer eftir reglum laga nr. 16/1965. Ákvæði 3. mgr. 8. gr. um að breytingar á lífeyrisgreiðslum skuli ákveðnar til samræmis við meðalbreytingar sem verða á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu gildir þó um allar lífeyrisgreiðslur frá 1. janúar 1997.

Eftir gildistöku breytinga samkvæmt lögum þessum á lögum um Lífeyrissjóð hjúkrunarkvænna, nr. 16/1965, skal fella meginmál breytinganna inn í þau lög, ásamt síðari breytingum, og gefa lögín út svo breytt.



## 59. gr.

Við lögin bætist ný grein sem verður 21. gr. og orðast svo:

Sjóðfélagar, sem hefja töku lífeyris í beinu framhaldi af starfi, og þeir sem fá lífeyrisgreiðslur úr sjóðnum við gildistöku laga þessara geta, þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 8. gr. laganna og 1. mgr. 58. gr. laga þessara, valið hvort lífeyrisgreiðslur til þeirra breytist til samræmis við breytingar sem verða á launum er á hverjum tíma eru greidd fyrir það starf sem þeir gegndu síðast eða eftir atvikum við breytingar á launum fyrir herra launað starf samkvæmt ákvæðum 6. mgr. 8. gr. og 1. eða 2. mgr. 13. gr. laganna, eða hvort þær skuli breytast samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 8. gr. laganna. Setja skal nánari ákvæði í samþykktir sjóðsins um með hvaða hætti vali sjóðfélaga samkvæmt þessu verði háttað og innan hvaða tíma marka þeir skuli tilkynna sjóðnum um þessa ákvörðun

## 60. gr.

Við lögin bætist ný grein sem verður 22. gr. og orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 4. mgr. 8. gr. á sjóðfélagi, sem náð hefur 55 ára aldri við gildistöku laga þessara, rétt á lífeyri frá næstu mánaðamótum eftir að hann verður 60 ára, enda hafi hann þá látið af þeim störfum sem veitt hafa honum aðild að sjóðnum.

Jafnframt eiga sjóðfélagar, sem eru á aldrinum frá 45 ára til 55 ára við gildistöku laga þessara, rétt á að hefja töku lífeyris á aldrinum frá 60 ára til 65 ára, þó svo að þeir uppfylli ekki aldursskilyrði 4. mgr. 8. gr., enda hafi þeir þá látið af þeim störfum sem veitt hafa aðild að sjóðnum. Réttur til töku lífeyris samkvæmt þessari málsgrein ákvarðast þannig að við 60 ára aldursmarkið bætist 0,5 mánuðir fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði sem hlutað-eigandi sjóðfélaga vantar til að hafa náð 55 ára aldri við gildistöku laga þessara.

## 61. gr.

Við lögin bætist ný grein sem verður 23. gr. og orðast svo:

Við gildistöku laga þessara skal reikna áunninn lífeyrisrétt allra sjóðfélaga eftir iðgjaldagreiðslutíma og hæsta starfshlutfalli sem viðkomandi sjóðfélagi hefur greitt iðgjald af til sjóðsins, eða áunnið sér réttindi fyrir án iðgjalda, í a.m.k. eitt ár samfellt eða samtals í þrjú ár, en þó aldrei af herra starfshlutfalli en 100%. Hafi sjóðfélagi þannig greitt iðgjald til sjóðsins af fullu starfi samfellt í a.m.k. eitt ár, eða samtals í þrjú ár ef ekki hefur verið um samfelldan tíma að ræða, skal reikna honum 2% réttindaávinning fyrir hvert iðgjaldagreiðsluár, og hlutfallslega fyrir hluta úr ári. Hafi hæsta starfshlutfall, sem sjóðfélagi hefur greitt iðgjald af til sjóðsins, eða áunnið sér réttindi fyrir án iðgjalda, í a.m.k. eitt ár samfellt eða samtals í þrjú ár, verið lægra en 100% skal hins vegar reikna hlutfallslega lægri réttindi fyrir hvert iðgjaldagreiðsluár. Útreiknuð réttindi samkvæmt þessu skulu þó aldrei vera lægri en réttur skv. 2. mgr. 8. gr.

Hafi sjóðfélagi náð hæsta starfshlutfalli sínu samtals í eitt ár eða lengri tíma, án þess að um samfellu í iðgjaldagreiðslum í eitt ár hafi verið að ræða, er stjórn sjóðsins heimilt að leggja það til grundvallar útreikningi skv. 1. mgr., enda hafi sjúkdómsforföll, atvinnuleysi eða sambærilegar ástæður komið í veg fyrir samfelldar iðgjaldagreiðslur.

## 62. gr.

Við lögin bætist ný grein sem verður 24. gr. og orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 14. gr. skal reikna lífeyri þeirra sjóðfélaga sem greitt hafa skemur en þrjú ár til sjóðsins þegar þeir hefja iðgjaldagreiðslu til A-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins þannig að miðað verði við meðalhækkunar á launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu frá því starfsmaður hættir iðgjaldagreiðslu til Lífeyrissjóðs hjúkrunar-

fræðinga og þar til taka lífeyris hefst samkvæmt reglum 3. mgr. 13. gr. og 3. mgr. 8. gr., enda sé samanlagður iðgjaldagreiðslutími til Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga og Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins a.m.k. þrjú ár.

## 63. gr.

Við löginn bætist ný grein sem verður 25. gr. og orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 7. gr. og 4. mgr. 8. gr., um niðurfellingu iðgjaldagreiðslu sjóðfélaga eftir 32 ár eða samkvæmt 95 ára reglu, þurfa þeir hjúkrunarfræðingar, sem lokið hafa iðgjaldagreiðslu í 30 ár skv. 7. gr. laga nr. 16/1965, ekki að greiða iðgjald til sjóðsins. Lífeyrissjóðnum er þó heimilt að taka við iðgjöldum frá viðkomandi hjúkrunarfræðingum samkvæmt beiðni þeirra frá gildistöku laga þessara og þar til þeir hafa lokið iðgjaldagreiðslu skv. 4. mgr. 7. gr. eða 4. mgr. 8. gr.

## 64. gr.

Við löginn bætist ný grein sem verður 26. gr. og orðast svo:

Sjóðfélagar eiga ekki rétt til töku ellilífeyris úr Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga á meðan þeir gegna hjúkrunarstörfum sem veita þeim rétt til aðildar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

Að öðru leyti skal setja ákvæði í samþykktir sjóðsins til að koma í veg fyrir niðurfall réttinda eða tvítryggingu réttinda þegar sjóðfélagi flytur sig úr Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga í A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.

*Gjört á Bessastöðum, 27. desember 1996.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

*Friðrik Sophusson.*

## LÖG

### um pósthjónustu.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### I. KAFLI

#### Gildissvið laganna og markmið.

##### 1. gr.

Lög þessi gilda um pósthjónustu og aðra starfsemi er varðar viðtöku, flokkun, flutning og skil á póstsendingum gegn greiðslu.

Markmið laganna er að tryggja hagkvæma og virka pósthjónustu um land allt.

#### II. KAFLI

#### Orðskýringar.

##### 2. gr.

Merking orða í lögum þessum er sem hér segir:

*Póstsending:* Hvers konar bréf eða önnur sending sem flutt er með pósthjónustuaðila.

*Póstmeðferð:* Viðtaka, flokkun, flutningur og skil á póstsendingum.

*Póstþjónusta:* Póstmeðferð hvers konar bréfa og annarra sendinga, með eða án utanáskriftar.

*Grunnpóstþjónusta:* Póstmeðferð bréfa og annarra sendinga með utanáskrift sem veða allt að 20 kg að þyngd.

*Póstþjónustuaðili:* Aðili sem veitir hvers kyns póstþjónustu.

*Póstrekandi:* Aðili sem annast einn eða fleiri þætti grunnpóstþjónustu.

*Rekstrarleyfishafi:* Aðili sem hefur leyfi til grunnpóstþjónustu skv. 11. gr. laganna.

*Einkaréttarhafi:* Aðili sem samkvæmt sérstöku leyfi fer með einkarétt og skyldur ríkisins skv. IV. kafla laganna.

*Póstkassi:* Kassi sem ætlaður er fyrir viðtöku og uppsöfnun bréfaþóstsendinga, til frekari póstmeðferðar.

*Frímerki:* Gjaldmiðill, útgefinn af ríkinu, sem ætlaður er til greiðslu fyrir póstþjónustu. Frímerki skal bera áletrunina „ÍSLAND“.

*Gjaldmerki:* Merki, sem ætluð eru til álimingar á póstsendingar og notuð eru af póstþjónustuaðilum og með auðkenni þeirra, til staðfestingar því að greitt hafi verið fyrir póstþjónustu.

*Fjármunapóstsending:* Greiðsluviðskipti með millifærslum (póstgíró), póstávísanir, póströfur og önnur fjármunapjónusta.

### III. KAFLI

#### Yfirstjórn póstmála.

##### 3. gr.

Samgönguráðherra fer með yfirstjórn póstmála.

Póst- og fjarskiptastofnun skal hafa umsjón með póstmálum hér á landi og eftirlit með framkvæmd laga þessara.

### IV. KAFLI

#### Skyldur ríkisins og einkaréttur.

##### 4. gr.

##### *Skyldur ríkisins.*

Íslenska ríkið skal tryggja landsmönnum reglulega grunnpóstþjónustu vegna eftirfarandi sendingartegunda:

1. Bréfa, án tillits til innihalds, sem lögð eru í umslög eða sambærilegar umbúðir með utanáskrift.
2. Skriflegra utanáritaðra orðsendinga með sérstöku innihaldi, þar með talinna póstkorta.
3. Annarra sendinga með utanáskrift og prentuðu innihaldi, sem er að öllu leyti eins, t.d. verðlista og bæklinga án ytri umbúða.
4. Dagblaða, vikublaða og tímarita, með utanáskrift eða annarri sambærilegri tilgreiningu.
5. Böggla með utanáskrift.

Jafnframt skal ríkið tryggja póstmeðferð vegna eftirfarandi þjónustubátta:

1. Fjármunapóstsendinga.
2. Abyrgðarsendinga.
3. Verðsendinga.
4. Sendinga með blindralettri.

Í reglugerð skal kveðið á um þyngdarmörk, umfang og nánari skilgreiningu sendinga skv. 1. og 2. mgr.

## 5. gr.

*Þjónustuskýlda til og frá útlöndum.*

Um þjónustuskýldu ríkisins vegna grunnpóstþjónustu til og frá útlöndum fer samkvæmt alþjóðlegum samningum.

## 6. gr.

*Einkaréttur ríkisins til póstmeðferðar.*

Íslenska ríkið hefur einkarétt á póstmeðferð eftirfarandi póstsendinga:

1. Lokaðra bréfaþóstsendinga hvert svo sem innihald þeirra kann að vera.
2. Annarra lokaðra sendinga sem uppfylla skilyrði til þess að vera veitt viðtaka í póst, að svo miklu leyti sem innihald þeirra er ritaðar orðsendingar eða prentaðar tilkynningar, útfylltar með skrift, að undanskildum vörureikningum, fylgiseðlum, farmskrám og svipuðum fylgiskjölum með sendingum.

Ríkið hefur einnig einkarétt til póstmeðferðar á póstsendingum skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr., öðrum en hraðsendingum, sem koma erlendis frá og eiga að fara til viðtakenda hér á landi. Hefur ríkið enn fremur einkarétt til póstmeðferðar á slíkum póstsendingum sem ætlaðar eru viðtakendum í útlöndum.

Einkarétturinn nær ekki til póstmeðferðar með verðlista, bæklinga, blöð og tímarit með utanáskrift sé innihald allra sendinga eins og án umbúða eða um þær búð í gagnsæjum umbúðum.

Sérhverjum er heimilt að sinna póstþjónustu innan eigin starfsemi.

Samgönguráðherra er heimilt að setja í reglugerð ákvæði um takmörkun eða afnám einkaréttar vegna póstmeðferðar póstsendinga sem koma erlendis frá og eiga að fara til viðtakenda hér á landi, svo og á póstsendingum sem ætlaðar eru viðtakendum í útlöndum.

## 7. gr.

*Uppsetning póstkassa.*

Íslenska ríkið hefur einkarétt á uppsetningu póstkassa á almannafæri og á stöðum sem almenningur hefur aðgang að.

## 8. gr.

*Útgáfa frímerkja.*

Íslenska ríkið hefur einkarétt á útgáfu frímerkja.

## 9. gr.

*Auðkenni.*

Íslenska ríkinu er einu heimilt að nota póstlúður, með eða án stjörnu eða örva, í myndmerki til auðkenningar póstþjónustu.

## 10. gr.

*Póstsendingar sem fluttar eru til útlanda í því skyni að senda þær aftur til Íslands.*

Ef póstsendingar, sem falla undir grunnpóstþjónustu, eru fluttar frá landinu til póstmeðferðar í öðru landi, með það fyrir augum að þær séu sendar aftur hingað til lands og bornar út hér á landi, getur póstrekanði neitað að taka við beim.

## V. KAFLI

**Rekstrarleyfi, skyldur o.fl.**

## 11. gr.

*Útgáfa rekstrarleyfa.*

Öðrum en þeim sem fengið hafa til þess rekstrarleyfi Póst- og fjarskiptastofnunar er óheimilt að annast grunnpóstþjónustu. Í rekstrarleyfi skal tilgreina til hvaða þátta grunnpóstþjónustu rekstrarleyfið nær og þær kvaðir og skilyrði sem leyfinu fylgja.

Samgönguráðherra er heimilt að mæla fyrir um það í reglugerð að einstakir þættir grunnpóstþjónustu skuli undanþegnir rekstrarleyfi.

## 12. gr.

*Útgáfa rekstrarleyfis til einkaréttarhafa.*

Íslenska ríkinu er heimilt að fela póstrekanda að fara með einkarétt sinn og skyldur samkvæmt lögum þessum.

Póst- og fjarskiptastofnun veitir leyfi til að annast einkarétt ríkisins skv. IV. kafla laganna.

## 13. gr.

*Skilyrði.*

Póst- og fjarskiptastofnun setur skilyrði fyrir rekstrarleyfisveitingu skv. 11. og 12. gr. Skulu skilyrðin vera skýr og þannig að gætt sé jafnræðis meðal umsækjenda og leyfishafa.

Rekstrarleyfi skulu að jafnaði vera tímabundin.

Skilyrði fyrir leyfisveitingu geta verið eitt eða fleiri, þar með talið:

- a. að greitt sé leyfisgjald og rekstrargjald í samræmi við lög um Póst- og fjarskiptastofnun og lög um aukatekjur ríkissjóðs,
- b. að uppfylltar séu þjónustu- og gæðakröfur,
- c. að tryggt sé að almenningur njóti aðgengis að grunnpóstþjónustu,
- d. að skylt sé að annast sérstök verkefni þótt þau séu ekki arðbær, sbr. 4. gr. laganna,
- e. að gjaldskrá einkaréttarhafa sé háð samþykki Póst- og fjarskiptastofnunar og að gjaldskrár fyrir einkaréttarþjónustu sæti eftirliti hennar, sbr. VI. kafla laganna,
- f. að virtar séu uppgjors- og bókhaldsreglur sem settar kunna að vera,
- g. að sett sé trygging fyrir greiðslu kostnaðar vegna skila á póstsendingum til viðtakenda ef til gjaldþrots eða rekstrarstöðvunar rekstrarleyfishafa kemur,
- h. að rekstrarleyfishafi sæti eftirliti Póst- og fjarskiptastofnunar að því er varðar fjárhagslega stöðu á hverjum tíma með tilliti til hættu á rekstrarstöðvun,
- i. að alþjóðasamningar á sviði póstmála séu virtir,
- j. að rekstrarleyfishafi taki þátt í fjölþjóðlegu samstarfi á sviði póstmála.

Heimilt er að breyta skilyrðum fyrir rekstrarleyfi, enda hafi forsendur fyrir því breyst eða þær brostið. Skilyrðum má einnig breyta til samræmis við breytingar á lögum og reglum og þegar alþjóðasamningar gefa tilefni til slíks.

Póst- og fjarskiptastofnun getur, auk skilyrða skv. 3. mgr., sett einkaréttarhafa almenn skilyrði sem varða skyldur ríkisins skv. 4. gr. Þá getur stofnunin gert einkaréttarhafa að gefa út frímerki og nota sérstakt auðkenni fyrir starfsemi sína, t.d. póstlúður, með eða án stjörnu og örva eða annarra tákna. Einkaréttarhafi getur heimilað þriðja aðila að nota auðkennið, enda starfi hann í hans þágu.

## 14. gr.

*Skylda til að bera út dagblöð, vikublöð og tímarit.*

Samgönguráðherra er heimilt að mæla fyrir um að einkaréttarhafar annist pósthæðferð utanáritaðra dagblaða, vikublaða og tímarita á Íslandi samkvæmt sérstakri gjaldskrá, lægri en fyrir aðrar pósthæðferðir af sömu þyngd, stærð og umfangi að öðru leyti. Samgönguráðherra skilgreinir nánar í reglugerð hvað teljist til dagblaða, vikublaða og tímarita samkvæmt þessari grein.

Póst- og fjarskiptastofnun ber að bæta einkaréttarhafa upp mismun á burðagjaldi samkvæmt gjaldskrá hans og því gjaldi sem samgönguráðherra mælir fyrir um skv. 1. mgr. fyrir sambærilegar sendingar.

## 15. gr.

*Flutningur fyrir einkaréttarhafa.*

Aðilum, sem annast flutning á pósthæðferðum fyrir einkaréttarhafa, er óheimilt, án samþykkis einkaréttarhafans, að hafa meðferðis aðrar sendingar við slíkan flutning. Aðilum, sem halda uppi reglubundnum farþegaflutningum, er þó heimilt að flytja slíkar sendingar með flutningatækjum sínum.

## 16. gr.

*Skylda til að flytja pósthæðferðir í grunnpóstþjónustu.*

Hver sá sem heldur uppi reglubundnum flutningum innan lands eða til útlanda er skyldugur til, sé þess óskað, að flytja pósthæðferðir í grunnpóstþjónustu milli endastöðva og pósthæðferðir á leiðinni, enda komi eðlileg greiðsla fyrir. Slíkar pósthæðferðir njóta forgangs fram yfir annan vöruflutning.

## 17. gr.

*Ábyrgðar- og verðsendingar.*

Pósthæðferðir er unnt að senda sem ábyrgðarsendingar. Enn fremur er unnt að senda pósthæðferðir, þar með talda böggla, sem verðsendingar.

## VI. KAFLI

**Viðskiptaskilmálar, gjaldskrár o.fl.**

## 18. gr.

*Viðskiptaskilmálar fyrir grunnpóstþjónustu, uppgjör- og bókhaldsreglur.*

Póstrekendur skulu semja og birta opinberlega almenna viðskiptaskilmála sína sem um grunnpóstþjónustu gilda. Póstrekendur skulu senda til Póst- og fjarskiptastofnunar svo fljótt sem auðið er viðskiptaskilmála sína, svo og breytingar á þeim.

Gjaldskrár fyrir grunnpóstþjónustu skulu taka mið af raunkostnaði við að veita þjónustuna að viðbættum hæfilegum hagnaði. Þær skulu vera gagnsæjar og í samræmi við jafnræðisreglur.

Einkaréttarhafi skal gefa út sérstaka gjaldskrá fyrir þá þjónustu sem lýtur einkarétti. Gjaldskráin skal staðfest af Póst- og fjarskiptastofnun.

Samgönguráðherra er heimilt að setja í reglugerð sérstakar reglur um bókhald pósthæðferðir, sundurgreiningu þess og fjárhagslegan aðskilnað milli pósthæðferðir og annars reksturs og milli einkaréttarþjónustu og annarrar þjónustu.

19. gr.

*Gjaldfrjálsar póstsendingar.*

Póstsending sem ekki ber gjald samkvæmt alþjóðasamningum skal einnig vera gjaldfrjáls innan lands.

## VII. KAFLI

**Skráning póstrekenda, merking pósts o.fl.**

20. gr.

*Skráningarskylda.*

Póstrekendum, öðrum en þeim sem hafa rekstrarleyfi skv. 11. gr. eða fara með einkarétt ríkisins skv. 12. gr., ber að skrá starfsemi sína hjá Póst- og fjarskiptastofnun.

Samgönguráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um skráningarskyldu póstrekenda, þar með talið hvaða upplýsingar skuli veita við skráningu.

21. gr.

*Merking pósts.*

Póstsendingar skulu merktar með áprentun eða öðru auðkenni er sýni hvaða póstrekendur annast póstméðferð þeirra.

22. gr.

*Gjaldmerki.*

Póstþjónustuaðilum er heimilt að nota til álímingar á póstsendingar gjaldmerki til staðfestingar því að greitt hafi verið fyrir póstþjónustu. Skulu slík gjaldmerki bera auðkenni viðkomandi póstþjónustuaðila.

## VIII. KAFLI

**Almennar reglur um póstþjónustu.**

23. gr.

*Afhending póstsendingar.*

Póstsendingu skal dreift til eða afhent þeim sem hún er stíluð á eða hefur umboð til móttöku hennar, í pósthólf viðkomandi eða þangað sem utanáskrift segir að öðru leyti til um.

24. gr.

*Vörslur póstsendinga.*

Póstsending telst í vörslu póstþjónustuaðila frá viðtöku og þar til hún hefur verið afhent viðtakanda í samræmi við 23. gr.

25. gr.

*Bréfastassar og bréfarifur.*

Húseigendum er skylt að hafa bréfarifur á útihurðum eða setja upp bréfastassa í eða við hús sín á eigin kostnað.

Samgönguráðherra setur nánari ákvæði þar um í reglugerð.

26. gr.

*Ráðstöfunarréttur yfir póstsendingu.*

Sendandi telst eigandi og hefur ráðstöfunarrétt yfir póstsendingu sem hann hefur afhent póstþjónustuaðila uns hún hefur verið afhent viðtakanda.

## 27. gr.

*Hættulegir hlutir o.fl.*

Póstsending má ekki innihalda neitt sem bannað er að flytja eða dreifa eða sem að ytra útliti ber með sér eitthvað ólöglegt, ósæmilegt eða móðgandi.

Óskýlt er að taka við póstsendingu sem hætta getur stafað af eða erfiðleikar eru á að flytja, svo og hlutum sem óheimilt er að flytja samkvæmt öðrum lögum eða reglum.

## 28. gr.

*Verðmæti.*

Póstsendingar, aðrar en ábyrgðarsendingar og verðsendingar, mega ekki innihalda peningaseðla, mynt eða neins konar verðskjöl á handhafa, dýra málma, skartgripa eða hliðstæð verðmæti.

## 29. gr.

*Óskilapóstur, ógreiddar og vangreiddar póstsendingar o.fl.*

Samgönguráðherra getur mælt fyrir um í reglugerð hvernig fara skuli með póstsendingar sem ekki verður komið til skila, hvort heldur til viðtakanda eða sendanda, svo og sendingar sem bera það með sér að vera ógreiddar eða vangreiddar.

Samgönguráðherra er á sama hátt heimilt að mæla fyrir um meðferð póstsendinga sem lenda fyrir mistök hjá öðrum póstpjónustuaðila en þeim sem ætlað var að annast sendinguna.

## IX. KAFLI

**Greiðslur fyrir óarðbæra þjónustu.**

## 30. gr.

*Jöfnunargjald.*

Til að standa straum af greiðslu fjárframlaga til að fjármagna skyldubundna grunnpóstþjónustu þar sem slík þjónusta er óarðbær skal innheimta álag, jöfnunargjald, sem rennur til Póst- og fjarskiptastofnunar.

Skal jöfnunargjaldið lagt á alla rekstrarleyfishafa í hlutfalli við bókfærða veltu af grunnpóstþjónustu. Með bókfærðri veltu er átt við rekstrartekjur sem rekstrarleyfishafi hefur af leyfisbundinni starfsemi sinni hér á landi. Sá þáttur rekstrarleyfishafa sem lýtur leyfisbundinni starfsemi hér á landi skal vera bókhaldslega aðskilinn frá annarri starfsemi leyfishafans.

Jöfnunargjald samkvæmt lögum þessum skal ákveðið árlega með lögum, í fyrsta skipti fyrir gjaldárið 1998.

Jöfnunargjald má draga frá tekjum þess rekstrarárs þegar stofn þess myndaðist.

Um álagningu og innheimtu jöfnunargjalds fer samkvæmt ákvæðum VIII.–XIV. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, eftir því sem við á og skulu innheimtuaðilar standa Póst- og fjarskiptastofnun skil á innheimtum gjöldum mánadarlega.

Samgönguráðherra setur með reglugerð nánari fyrirmæli um fjárframlög og jöfnunargjöld í póstpjónustu, þar á meðal um útreikning á kostnaði við að veita þjónustuna og um útreikning rekstrartaps.

Kostnaður sem rekja má til ákvarðana samgönguráðherra skv. 1. mgr. 14. gr. skal greiddur með framlagi úr ríkissjóði eftir því sem ákveðið er í fjárlögum.



## 31. gr.

*Fjárframlög.*

Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að veita fjárframlög til rekstrarleyfishafa sem annast óarðbæra þjónustu skv. 30. gr. eftir umsókn viðkomandi. Póst- og fjarskiptastofnun getur krafist þess að umsækjandi upplýsi nákvæmlega hvert rekstartap sé af starfseminni og hvernig það sundurliðist. Þá getur stofnunin við umsókn um fjárframlög krafist skýrslna löggiltra endurskoðenda eða falið slíkum aðilum að yfirfara umsóknina, ásamt fylgigögnum. Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að krefjast aðgangs að bókhaldi rekstrarleyfishafa áður en ákvörðun er tekin um fjárframlög samkvæmt ákvæði þessu.

Fjárframlög skulu að jafnaði miðuð við eitt ár í senn. Telji Póst- og fjarskiptastofnun eða rekstrarleyfishafi að forsendur fyrir ákvörðun fjárframlaga hafi breyst verulega er unnt að krefjast endurskoðunar á framlaginu.

Nú er hluti af starfsemi rekstrarleyfishafa háður fjárframlögum samkvæmt ákvæði þessu og getur Póst- og fjarskiptastofnun þá krafist þess að sá þáttur starfseminnar sé bókhaldslega aðskilinn frá annarri starfsemi viðkomandi.

Póst- og fjarskiptastofnun skal skera úr ágreiningi um fjárframlög, þar á meðal um endurskoðun slíkra framlaga.

## X. KAFLI

**Póstleynd o.fl.**

## 32. gr.

*Póstleynd.*

Einungis má veita upplýsingar um póstsendingar og notkun pósthjónustu að undan- gengnum dómsúrskurði eða samkvæmt heimild í öðrum lögum.

Öllum sem starfa við pósthjónustu, hvort sem er samkvæmt ráðningarsamningi eða verk- samningi, er óheimilt að gefa óviðkomandi aðilum upplýsingar um póstsendingar eða gefa öðrum tækifæri til þess að verða sér úti um slíka vitneskju. Enn fremur er þeim óheimilt að opna eða lesa það sem afhent er til póstsendingar. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

## 33. gr.

*Undanþágur.*

Þrátt fyrir ákvæði 32. gr. er heimilt að opna án dómsúrskurðar þær póstsendingar sem ekki er unnt að koma til skila til þess að freista þess að komast að því hverjir sendendur eru svo að unnt sé að endursenda þær. Enn fremur er heimilt að leyfa að sendingar séu opnaðar þegar það er óhjákvæmilegt vegna flutnings þeirra eða til að kanna hugsanlegar skemmdir á innihaldi. Hið sama á við þegar rökstuddur grunur leikur á um að ekki hafi verið forsvar- anlega búið um sendingu vegna innihalds hennar eða að sending innihaldi hluti sem hættu- leg getur verið að senda.

Böggla sem fluttir eru til landsins frá útlöndum má opna ef nauðsynlegt er vegna ákvörðunar aðflutningsgjalda. Aðrar lokaðar póstsendingar má ekki opna vegna ákvörðunar aðflutningsgjalda nema í viðurvist viðtakanda.

Póstsendingar til einstaklinga sem úrskurðaðir hafa verið gjaldþrota má afhenda skipta- stjórur eftir beiðni þeirra, enda beri þær með sér að varða fjárhagsmálefni þrotamanns. Sendingar til látinna manna skal á sama hátt afhenda skiptastjóra þegar um opinber skipti er að ræða. Þegar um einkaskipti er að ræða skulu allar póstsendingar afhentar forráða- manni dánarbús nema þær beri það með sér að vera einkabréf. Skal sending þá endursend með viðeigandi skýringu áritaðri á sendinguna sjálfa.

Samgönguráðherra setur í reglugerð nánari reglur um póstleynd og opnun póstsendinga án dómsúrskurðar.

XI. KAFLI  
**Skaðabætur.**

34. gr.

*Gildissvið kaflans.*

Ákvæði þessa kafla eiga einungis við um grunnpóstþjónustu.

35. gr.

*Ábyrgðartakmarkanir.*

Skaðabætur greiðast ekki fyrir glataðar póstsendingar, nema póstrekkandi hafi tekið á sig slíka ábyrgð sérstaklega, sbr. þó 36.–38. gr. Sama gildir þótt innihaldið glatist að nokkru eða öllu leyti.

Póstrekandi er óskýlt að greiða skaðabætur þegar póstsendingum seinkar, hver svo sem orsökina kann að vera.

36. gr.

*Ábyrgðarsendingar og böggla.*

Fyrir ábyrgðarsendingar og böggla, sem glatast eða eyðileggjast að einhverju eða öllu leyti, á sendandi rétt á skaðabótum er svari til hins raunverulega verðmætis. Póst- og fjarskiptastofnun setur reglur um hámark ábyrgðar sem póstrekkendur skulu taka á sig samkvæmt ákvæði þessu.

37. gr.

*Verðsendingar.*

Fyrir verðsendingar, sem glatast eða eyðileggjast að einhverju eða öllu leyti, á sendandi rétt á skaðabótum er svari til hins raunverulega verðmætis, en þó aldrei hærra en nemur hinu tilgreinda verði.

38. gr.

*Fjármunapóstsendingar.*

Póstrekandi ber fulla ábyrgð á því fé sem hann hefur tekið við til sendingar sem fjármunapóstsendingu.

39. gr.

*Óbeint tjón.*

Skaðabætur ná aðeins til verðs þess hlutar sem glatast hefur eða þeirrar rýrnunar sem hinir skemmdu hlutir hafa orðið fyrir.

Eigi er skylt að bæta ábata- eða afnotamissi, tjón vegna rýrnunar á verðgildi peninga eða aðrar óbeinar afleiðingar skaðans.

40. gr.

*Póstsendingar á milli landa.*

Um skaðabætur fyrir póstsendingar milli landa skal farið samkvæmt gildandi milliríkjasamningum.

Verði tjón á sendingu meðan hún er á íslensku póstsvæði greiðast þó skaðabætur eins og um innlenda sendingu sé að ræða, enda sé það hagstæðara fyrir hlutadeigandi tjónþola.

41. gr.

*Sérstök tilvik.*

Póst- og fjarskiptastofnun getur í sérstökum undantekningartilvikum mælt fyrir um það með úrskurði að póstrekkandi skuli þrátt fyrir ábyrgðartakmarkanir greiða skaðabætur fyrir

póstsendingar, ef tjónið er slíkt og aðstæður allar þess eðlis að ákvæði þessa kafla um takmarkaðar skaðabætur þykja ekki eiga við, t.d. þar sem tjóni er valdið af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi póstrekanda eða starfsmanna hans.

42. gr.

*Fyrning skaðabótakröfu.*

Skylda til greiðslu skaðabóta fellur niður sé þeirra ekki krafist innan árs frá því viðkomandi póstsending var afhent til flutnings.

XII. KAFLI

**Milliríkjasamningar.**

43. gr.

*Póstþjónusta við önnur lönd.*

Ákvæði laga þessara gilda einnig um póstþjónustu við önnur lönd að svo miklu leyti sem þau brjóta ekki í bága við milliríkjasamninga um póstþjónustu.

44. gr.

*Þáttaka póstrekenda í alþjóðlegu samstarfi.*

Póst- og fjarskiptastofnun getur mælt fyrir um að póstrekendur skuli taka þátt í samstarfi sem leiðir af alþjóðlegum skuldbindingum á sviði póstmála.

XIII. KAFLI

**Viðurlög.**

45. gr.

Brot á lögum þessum varða sektum, en varðhaldi allt að sex mánuðum ef sakir eru miklar. Gáleysisbrot skulu varða sektum.

Brot gegn X. kafla laganna, um póstleynd, varða sektum eða varðhaldi eins og mælt er fyrir um í 1. mgr. Sé brotið framið í ávinningsskyni, hvort sem er í eigin þágu eða annarra, má refsfa með fangelsi allt að þremur árum.

XIV. KAFLI

**Reglugerðir.**

46. gr.

Reglugerðir um framkvæmd laga þessara setur samgönguráðherra.

XV. KAFLI

**Gildistaka og brottfallin lög.**

47. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1997. Jafnframt falla úr gildi póstlög, nr. 33 5. maí 1986, með síðari breytingu.

*Gjört á Bessastöðum, 27. desember 1996.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

*Halldór Blöndal.*

# LÖG

## um fjarskipti.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### I. KAFLI

#### Gildissvið laganna og markmið.

##### 1. gr.

Lög þessi taka til fjarskipta og fjarskiptaþjónustu.

Markmið fjarskiptalaga er að tryggja örugg fjarskipti og sem hagkvæmasta fjarskiptaþjónustu hér á landi.

Íslenska ríkið skal tryggja eftir því sem unnt er að öllum landsmönnum bjóðist aðgangur að talsímaþjónustu og öðrum fjarskiptum, eftir því sem nánar er mælt fyrir um í lögum þessum.

### II. KAFLI

#### Orðskýringar.

##### 2. gr.

Merking nokkurra orða sem notuð eru í lögum þessum er sem hér segir:

*Fjarskipti:* Það sem nefnt er „Telecommunication“ í alþjóðafjarskiptasamningum (nú Convention Internationale des Telecommunications, Nice 1989) og merkir hvers konar sendingu og móttöku tákna, merkja, skriftar, mynda og hljóða eða hvers konar boðmiðlun eftir leiðslum með raföldum (radio) eða öðrum rafsegulkerfum.

*Fjarskiptavirki:* Hvers konar tæki, tækjahlutar, leiðslur, búnaður og því um líkt sem sérstaklega er ætlað til að koma á fjarskiptum eða reka þau, hvort heldur er til sendingar eða móttöku.

*Almennt fjarskiptanet:* Innviðir fyrir almenn fjarskipti sem gera kleift að flytja merki milli skilgreindra nettengipunkta með rafþræði, örbylgjum, ljóstæknilögum aðferðum eða með öðrum rafsegulaðgerðum.

*Fjarskiptaþjónusta:* Þjónusta sem að nokkru eða öllu leyti felst í því að beina merkjum um fjarskiptanet með fjarskiptaaðferðum, öðrum en sjónvarpi eða hljóðvarpi.

*Almenn fjarskiptaþjónusta:* Fjarskiptaþjónusta, sbr. hér að framan, sem ætluð er til almenningsnota eða önnur starfsemi sem miðar að því að flytja fjarskiptaboð milli óskyldra og ótengdra aðila í atvinnuskyni.

*Alþjónusta:* Afmarkaðir þættir fjarskipta, sem boðnir eru öllum notendum á viðráðanlegu verði, óháð landfræðilegri staðsetningu þeirra. Nánar skal mælt fyrir um í reglugerð, sem samgönguráðherra setur, hvaða þættir fjarskiptaþjónustu falli undir alþjónustu.

*Talsímaþjónusta:* Þjónusta, seld almenningi, sem fólgin er í beinum rauntímaflutningi á tali um sjálfvirkt fjarskiptanet þannig að notandi getur notað búnað tengdan við tengipunkt á netinu til að hafa samband við annan notanda sem tengdur er við annan tengipunkt.

*Virðisaukandi þjónusta:* Þjónusta þar sem virðisaukandi þáttum er bætt við fjarskiptaþjónustu.

*Rekstrarleyfishafi:* Aðili, einstaklingur, félag eða stofnun, sem fengið hefur leyfi Póst- og fjarskiptastofnunar til að reka fjarskiptaþjónustu og/eða til reksturs fjarskiptanets.

*Nettengipunktur:* Allar efnislegar tengingar og tækniforskriftir varðandi aðgang að þeim sem eru hluti af almenna fjarskiptanetinu og nauðsynlegar fyrir aðgang og skilvirk fjarskipti um viðkomandi net.

*Kapalkerfi:* Þráðbundið kerfi sem ætlað er til dreifingar á útvarpsmerkjum til almennings.

*Lokaðir notendahópar:* Hópar einstaklinga, félaga eða stofnana sem þurfa ekki að vera tengd fjárhagslega, en líta má á sem aðila með viðvarandi viðskiptatengsl vegna sameiginlegrar viðskiptastarfsemi þar sem innri fjarskiptaþarfir verða til vegna þeirra hagsmuna sem liggja að baki viðskiptatengsla þeirra.

*Símatorgsþjónusta:* Upplýsingaþjónusta með sjálfvirkri svörun sem veitt er gegn gjaldi í gegnum sérstök upphringinúmer sem upplýsingaveitanda er úthlutað.

### III. KAFLI

#### Um yfirstjórn fjarskiptamála.

3. gr.

Samgönguráðherra fer með yfirstjórn fjarskiptamála.

Póst- og fjarskiptastofnun skal hafa umsjón með fjarskiptamálum hér á landi og hafa eftirlit með framkvæmd laga þessara.

### IV. KAFLI

#### Réttur til að veita rekstrarleyfi.

4. gr.

Íslenska ríkið hefur eitt rétt til þess að veita leyfi til reksturs fjarskiptaþjónustu hér á landi, í íslenski landhelgi og lofthelgi og til þess að veita leyfi til reksturs almenns fjarskiptanets.

Fjarskiptaleyfi skulu eingöngu veitt íslenskum aðilum eða aðilum með staðfesturétt innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Samgönguráðherra getur mælt fyrir um það í reglugerð að rekstrarleyfi megi veita öðrum aðilum en þeim sem tilteknir eru í 2. mgr.

### V. KAFLI

#### Rekstrarleyfi, undanþágur.

5. gr.

#### Útgáfa rekstrarleyfa.

Póst- og fjarskiptastofnun veitir leyfi til fjarskiptaþjónustu og til þess að reka almennt fjarskiptanet, þar með talið kapalkerfi, samkvæmt lögum þessum. Í rekstrarleyfi skal skilgreina til hvaða þjónustu leyfið nær.

Ekki þarf sérstakt leyfi til að veita virðisaukandi þjónustu eða til sölu á almennum notendabúnaði.

6. gr.

#### Skilyrði fyrir rekstrarleyfisveitingum.

Póst- og fjarskiptastofnun setur skilyrði fyrir rekstrarleyfisveitingu skv. 5. gr. Skulu skilyrði vera hlutlæg, skýr og þannig að gætt sé jafnræðis meðal umsækjenda og leyfishafa. Rekstrarleyfi skulu vera tímabundin.

Skilyrði fyrir rekstrarleyfi geta verið eitt eða fleiri, þar með talið:

- a. að greitt sé leyfisgjald og rekstrargjald í samræmi við lög um Póst- og fjarskiptastofnun og lög um aukatekjur ríkissjóðs,
- b. að rekstrarleyfishafi veiti þá þjónustu sem leyfið nær til á öllu landinu eða á tilteknum landsvæðum, og að hún nái til tekkins hluta landsmanna innan tímamarka sem Póst- og fjarskiptastofnun ákveður,

- c. að aðgangur að fjarskiptaneti rekstrarleyfishafa sé að jafnaði opinn öllum á viðkomandi landsvæði, samkvæmt skilmálum sem tryggja að jafnræðis sé gætt,
- d. að rekstrarleyfishafi bjóði fjarskiptaþjónustu til útlanda þar sem það á við,
- e. að búnaður rekstrarleyfishafa sé ætíð í samræmi við tæknistaðla sem Póst- og fjarskiptastofnun mælir fyrir um og uppfylli á hverjum tíma tilskildar tækniröfur til að veita alhliða fjarskiptaþjónustu á viðkomandi sviði,
- f. að rekstrarleyfishafi fullnægi á hverjum tíma kröfum um tæknilega þekkingu, samkvæmt reglum sem Póst- og fjarskiptastofnun setur,
- g. að viðskiptaskilmálar rekstrarleyfishafa í alþjónustu séu háðir samþykki Póst- og fjarskiptastofnunar og að gjaldskrár fyrir alþjónustu sæti eftirliti hennar, sbr. VI. kafla laganna,
- h. að rekstrarleyfishafi sem leyfi hefur til reksturs almenns fjarskiptanets skuldbindi sig til að annast uppsetningu og viðhald slíks nets á starfssvæði sínu, tengja fjarskiptanet sitt fjarskiptanetum annarra rekstrarleyfishafa og veita öðrum rekstrarleyfishöfum heimild til samtengingar við fjarskiptanet sitt, sbr. VII. kafla laganna,
- i. að notendum verði úthlutað númer úr þeim númeraröðum, sem Póst- og fjarskiptastofnun hefur veitt rekstrarleyfishafa heimild til að nota, í samræmi við reglur sem stofnunin setur,
- j. að rekstrarleyfishafi haldi skrá yfir notendur fjarskiptaþjónustunnar og gefi út eða taki þátt í útgáfu slíkrar skrár, en veiti ella öðrum heimild til útgáfu notendaskrár samkvæmt fyrirmælum Póst- og fjarskiptastofnunar. Þá má gera rekstrarleyfishafa skylt að veita eða láta í té sambærilegar upplýsingar gegnum sérstakt upplýsinganúmer,
- k. að erlendu rekstrarleyfishafi setji upp starfsstöð hér á landi eða hafi hér á landi fulltrúa sem umboð hefur til að koma fram fyrir hönd rekstrarleyfishafa gagnvart notendum hér á landi,
  - l. að rekstrarleyfishafi geti sætt eftirliti Póst- og fjarskiptastofnunar á fjárhagsstöðu sinni með tilliti til hugsanlegrar hættu á rekstrarstöðvun,
- m. að rekstrarleyfishafi fullnægi á hverjum tíma, eftir gildistöku leyfisins, þeim tilskipunum og reglum sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið, og þeim skuldbindingum sem Ísland undirgengst samkvæmt gildandi alþjóðasamningum á sviði fjarskiptamála,
- n. að lokaðir notendahópar afhendi Póst- og fjarskiptastofnun fyrir fram lista yfir meðlimi með símanúmerum þeirra eða öðru kennimerki, enda geta þeir uppfært hann eftir þörfum. Lokaðir notendahópar skulu einnig, ef þess er óskað, halda skrá yfir upphafs- og endastað hvers uppkalls í því skyni að auðvelda eftirlit,
- o. að rekstrarleyfishafi taki þátt í alþjóðlegu samstarfi á sviði fjarskiptamála. Nánar skal mælt fyrir um skilyrði fyrir rekstrarleyfisveitingum í reglugerð.

## 7. gr.

### Skylda til að veita alþjónustu.

Við útgáfu rekstrarleyfa til þeirra sem veita fjarskiptaþjónustu á almennum fjarskiptanetum getur Póst- og fjarskiptastofnun mælt svo fyrir að auk þess að uppfylla skilyrði skv. 6. gr. skuli rekstrarleyfishafa skylt að veita alþjónustu á starfssvæði sínu.

Sjái rekstrarleyfishafi sér ekki fært að veita tilteknum aðila alþjónustu skv. 1. mgr., svo sem vegna fjarlægðar, kostnaðar eða annars óhagræðis, skal ágreiningur vegna synjunar borinn undir Póst- og fjarskiptastofnun til úrskurðar.

8. gr.

**Fjöldi rekstrarleyfishafa.**

Þegar takmarka þarf fjölda rekstrarleyfishafa á einstökum þjónustusviðum skal taka mið af því hve mörgum er hægt að heimila af tæknilegum ástæðum að veita þjónustuna, en að jafnaði skal þess gætt að samkeppni sé nægileg með tilliti til hagsmuna notenda fjarskiptaþjónustu.

Póst- og fjarskiptastofnun skal ákveða hversu mörgum aðilum verði veitt rekstrarleyfi í þeim tilvikum þar sem takmarka þarf fjölda rekstrarleyfa.

9. gr.

**Útboð.**

Póst- og fjarskiptastofnun getur ákveðið að rekstrarleyfi, sbr. 8. gr., skuli veitt að undan- gengnu útboði.

Útboð skal að jafnaði vera opið. Póst- og fjarskiptastofnun semur útboðsskilmála þar sem meðal annars skal mælt fyrir um þá þjónustu sem boðin er út og um lágmarksboð.

Póst- og fjarskiptastofnun annast eða hefur umsjón með útboðum þessum.

10. gr.

**Undanþágur.**

Póst- og fjarskiptastofnun getur heimilað einstökum mönnum, félögum eða stofnunum að setja upp og reka fjarskiptanet til eigin nota, án þess að uppfyllt séu skilyrði skv. 6. gr., enda verði þau ekki nýtt fyrir aðra.

Póst- og fjarskiptastofnun getur heimilað lokuðum notendahópum að setja upp og reka fjarskiptanet til eigin nota og skulu þá ekki sett önnur skilyrði fyrir leyfisveitingu en um getur í a-, j-, k-, m- og o-liðum 6. gr.

Fjarskipti, sem eingöngu eru boð eða sendingar með þræði innan húsakynna heimilis, fyrirtækis eða stofnunar, svo sem í sjúkrahúsum, gistihúsum, skólum og verksmiðjum, heyra ekki undir lög þessi.

Póst- og fjarskiptastofnun sker úr ágreiningi um hvort fjarskipti falli undir ákvæði laga þessara eða ekki og hvort undanþáguheimildir 1.–3. mgr. eigi við.

**VI. KAFLI****Viðskiptaskilmálar, gjaldskrár, uppgjör- og bókhaldsreglur.**

11. gr.

Rekstrarleyfishafi í alþjónustu eða sem leyfi hefur til reksturs almenns fjarskiptanets skal semja og birta opinberlega þá skilmála sem gilda um fjarskiptaþjónustu hans. Þar skal mælt fyrir um biðtíma eftir tengingu við fjarskiptanet, eftir því sem við á, um viðgerðir eða lagfæringar ef tenging rofnar og um þjónustu rekstrarleyfishafa að öðru leyti.

Rekstrarleyfishafa er heimilt að breyta skilmálum sínum skv. 1. mgr., enda sé slík breyting tilkynnt viðskiptamönnum rekstrarleyfishafa með hæfilegum fyrirvara.

Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að mæla fyrir um breytingar á skilmálum ef þeir teljast ekki í samræmi við rekstrarleyfi.

Póst- og fjarskiptastofnun skal hafa almennt eftirlit með gjaldskrár í alþjónustu. Gjaldtaka í alþjónustu skal taka mið af raunkostnaði við að veita þjónustuna að viðbættum hæfilegum hagnaði. Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að mæla fyrir um hámarksverð í alþjónustu þegar sérstaklega stendur á.

Samgönguráðherra er heimilt, vegna eftirlits með verðlagningu alþjónustu, að setja í reglugerð sérstakar reglur um bókhald fjarskiptafyrirtækja, sundurgreiningu þess og fjárhagslegan aðskilnað milli einstakra rekstrarþátta fjarskiptaþjónustu annars vegar og fjárhagslegan aðskilnað fjarskiptaþjónustu frá annarri starfsemi rekstrarleyfishafa hins vegar.

## VII. KAFLI

**Um samtengingu neta.**

12. gr.

**Samtenging fjarskiptaneta.**

Nú vill rekstrarleyfishafi tengja fjarskiptanet sitt fjarskiptaneti annars rekstrarleyfishafa, og skulu þá viðkomandi aðilar leita samkomulags um tenginguna og skilmála hennar.

Náist ekki innan hæfilegs tíma, sem lengstur skal vera þrjár mánuðir, samkomulag milli rekstrarleyfishafa um að net skuli samtengd getur hvor aðili um sig leitað til Póst- og fjar-skiptastofnunar sem skal leita sátta með aðilum, sbr. 13. gr.

Telji stofnunin að samtenging geti valdið hættu á rekstrartruflunum á viðkomandi fjar-skiptaneti eða samtengdum fjarskiptanetum getur stofnunin mælt svo fyrir að fjarskiptanet skuli ekki samtengd.

13. gr.

**Eftirlit með verðlagningu við samtengingu fjarskiptaneta o.fl.**

Verðlagning rekstrarleyfishafa á þjónustu fyrir afnot annars rekstrarleyfishafa af fjar-skiptaneti skal taka mið af raunkostnaði þess sem viðkomandi fjarskiptanet rekur að teknu tilliti til hæfilegs hagnaðar.

Póst- og fjar-skiptastofnun getur krafist þess að samningar sem gerðir eru milli rekstrar-leyfishafa um samtengingu fjarskiptaneta séu lagðir fyrir stofnunina.

Náist ekki samkomulag milli rekstrarleyfishafa um gjald og aðra samningsskilmála vegna samtengingar fjarskiptaneta, sbr. 2. mgr. 12. gr., skal Póst- og fjar-skiptastofnun hafa milligöngu um ákvörðun samningsskilmála milli aðila. Getur stofnunin í því sambandi lagt fram miðlunartillögu eða á annan hátt gert tillögur um sættir. Náist ekki samkomulag, þrátt fyrir sáttatilaunir sem lengst skulu taka sex mánuði, skal Póst- og fjar-skiptastofnun að kröfu aðila ákveða skilmála fyrir samtengingu. Við ákvörðun skilmála vegna samtengingar skal taka mið af fyrimælum 1. mgr.

Póst- og fjar-skiptastofnun getur við sáttameðferð eða ákvarðanatöku skv. 3. mgr. krafist upplýsinga úr bókhaldi rekstrarleyfishafa og falið löggiltum endurskoðendum að yfirfara slík gögn.

Þegar sérstaklega stendur á getur Póst- og fjar-skiptastofnun að kröfu annars hvors aðila mælt fyrir um breytingu á samningum um samtengingu neta eða á ákvörðunum sínum þar að lútandi.

Samgönguráðherra er heimilt að mæla fyrir um í reglugerð bókhaldslegan aðskilnað eða aðgreiningu einstakra rekstrarþátta þannig að unnt sé að fylgjast með stofnkostnaði og kostnaði af rekstri samtengdra fjarskiptaneta.

## VIII. KAFLI

**Samningar og greiðslur fyrir alþjónustu.**

14. gr.

**Rekstur til almannaheilla. Umsóknir um fjárframlög og greiðslur þeirra.**

Telji rekstrarleyfishafi að alþjónusta, sem honum er gert skylt að veita samkvæmt rekstrarleyfi, sbr. 7. gr., sé rekin með tapi eða sé óarðbær getur hann krafist þess að honum verði með fjárframlögum tryggt eðlilegt endurgjald fyrir þá starfsemi sem um ræðir. Skal slík beiðni send Póst- og fjar-skiptastofnun.

Nú berst Póst- og fjar-skiptastofnun beiðni um fjárframlög skv. 1. mgr., og ekki verður talið að þjónustan verði tryggð með öðrum hagkvæmari hætti, en jafnframt talið að þjónust-



an sé óhjákvæmileg og verði ekki aflögð, og skal stofnunin þá með fjárframlögum tryggja rekstrarleyfishafa eðlilegt endurgjald fyrir þá þjónustu sem veitt er.

Skal Póst- og fjarskiptastofnun krefjast þess að rekstrarleyfishafi upplýsi nákvæmlega hvert rekstrartap af starfsemi er og hvernig það sundurliðast.

Póst- og fjarskiptastofnun getur við mat á fjárframlögum krafist skýrslna löggiltra endurskoðenda, eða falið slíkum aðila að gera úttekt á rekstrarafkomu á viðkomandi rekstrar sviði. Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að krefjast aðgangs að bókhaldi rekstrarleyfishafa við mat á fjárframlögum og eftirliti með þeim.

Fjárframlög skulu að jafnaði miðuð við eitt ár í senn. Nú telur annar hvor aðili að forsendur fyrir ákvörðun fjárframlaga hafi breyst verulega, og getur hvor um sig þá krafist endurskoðunar á framlaginu.

Nú er hluti af starfsemi rekstrarleyfishafa háður fjárframlögum samkvæmt ákvæði þessu, og getur Póst- og fjarskiptastofnun þá krafist þess að sá þáttur starfseminnar sé bókhaldslega aðskilinn frá annarri starfsemi leyfishafans.

Póst- og fjarskiptastofnun skal skera úr ágreiningi um fjárframlög, þar á meðal um greiðslur samkvæmt þessari grein.

#### 15. gr.

#### **Jöfnunargjald.**

Til að stranda straum af greiðslu fjárframlaga samkvæmt þessum kafla skal innheimta álag, jöfnunargjald, sem rennur til Póst- og fjarskiptastofnunar.

Skal jöfnunargjaldið lagt á rekstrarleyfishafa innan viðkomandi þjónustusviðs, í hlutfalli við bókfærða veltu á viðkomandi þjónustusviði. Með bókfærðri veltu er átt við rekstrartekjur sem rekstrarleyfishafi hefur af leyfisbundinni starfsemi hér á landi. Sá þáttur rekstrarleyfishafa sem lýtur að leyfisbundinni starfsemi hér á landi skal vera bókhaldslega aðskilinn frá annarri starfsemi leyfishafans.

Jöfnunargjald samkvæmt lögum þessum skal ákveðið árlega með lögum, í fyrsta skipti fyrir gjaldárið 1998.

Jöfnunargjald má draga frá tekjum þess rekstrarárs þegar stofn þess myndaðist.

Um álagningu og innheimtu jöfnunargjalds fer samkvæmt ákvæðum VIII.–XIV. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, eftir því sem við á og skulu innheimtuaðilar standa Póst- og fjarskiptastofnun skil á innheimtum gjöldum mánáðarlega.

Samgönguráðherra setur með reglugerð nánari fyrir mæli um fjárframlög og jöfnunargjöld í fjarskiptaþjónustu, þar á meðal um útreikning á kostnaði við að veita fjarskiptaþjónustu, og um útreikning rekstrartaps.

Í þeim tilfellum þar sem ekki verður beitt jöfnunargjaldi skal kostnaður vegna óarðbærrar alþjónustu skv. 7. gr. greiddur úr ríkissjóði eftir því sem kveðið er á um í fjárlögum.

#### IX. KAFLI

#### **Samningar og greiðslur fyrir óarðbæra þjónustu, aðra en alþjónustu.**

#### 16. gr.

Nú óskar samgönguráðherra eftir því að lagt sé í framkvæmdir eða rekstur sem er til almannaheilla í öryggisskyni, eða vegna byggðasjónarmiða, og ætla má að skili ekki arði, án þess þó að um alþjónustu sé að ræða, og skal Póst- og fjarskiptastofnun þá falið að gera um slíkt samning við rekstrarleyfishafa á viðkomandi sviði.

Kostnaður sem rekja má til ákvarðana samgönguráðherra skv. 1. mgr. skal að jafnaði greiddur úr ríkissjóði, eftir því sem kveðið er á um í fjárlögum.

## X. KAFLI

**Leynd og vernd fjarskipta.**

17. gr.

**Þagnarskylda.**

Allir þeir sem starfa við fjarskiptavirki, hvort sem um er að ræða starfsmenn rekstrarleyfishafa eða aðra, skulu skyldir, bæði meðan þeir gegna starfinu og eftir að þeir hafa látið af því, að halda leyndu fyrir óviðkomandi aðilum öllu því sem um fjarskiptavirkin fer, hvort sem um er að ræða efni skeyta eða samtala eða hvort fjarskipti hafa átt sér stað og milli hverra.

Ekki má án undangengins dómsúrskurðar heimila óviðkomandi aðilum að sjá skeyti eða önnur skjöl sem um fjarskiptavirkin fara eða hlusta á fjarskiptasamtöl eða hljóðrita þau. Um aðgang lögreglu að upplýsingum um fjarskipti skal fara samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála.

Rekstrarleyfishöfum skal heimilt að skrá upplýsingar um fjarskipti sem um fjarskiptavirki þeirra fara, enda sé um að ræða lið í reikningsfærslu gagnvart viðkomandi notanda.

Samgönguráðherra setur reglur um skráningu og meðferð upplýsinga um fjarskipti, að fengnum tillögum Póst- og fjarskiptastofnunar.

18. gr.

**Vernd skeyta- og merkjasendinga.**

Enginn sem starfar við fjarskiptavirki má aflaga, ónýta eða skjóta undan skeytum, myndum eða öðrum merkjum sem afhent eru til flutnings um fjarskiptavirkin eða liðsinna öðrum við þess konar athæfi.

Sá sem fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekur við símskeytum, myndum eða öðrum fjarskiptamerkjum eða hlustar á fjarskiptasamtöl má ekki skrá neitt slíkt hjá sér eða notfæra sér það á nokkurn hátt. Berist manni með slíkum hætti skeyti eða skjal skal viðkomandi tilkynna sendanda að slíkt hafi ranglega borist sér. Skylt er að gæta fyllsta trúnaðar í slíkum tilfellum.

## XI. KAFLI

**Eftirlit með búnaði, leyfisbréf o.fl.**

19. gr.

**Gerðarsamþykki búnaðar.**

Ekki má flytja inn, smíða eða setja á markað fjarskiptavirki eða annan búnað, er tengja á við almennt fjarskiptanet, nema að viðkomandi búnaður eða einstakir hlutar hans hafi eða fái gerðarsamþykki, sbr. 2.–5. mgr.

Öll fjarskiptavirki skulu fá gerðarsamþykki Póst- og fjarskiptastofnunar, nema fyrir liggja að þau hafi þegar fengið gerðarsamþykki, sbr. 6. mgr.

Fjarskiptavirki sem þurfa gerðarsamþykki eru:

- a. öll fjarskiptavirki fyrir þráðlaus fjarskipti, enda hafi undanþága ekki verið veitt,
- b. allur notendabúnaður, þ.e. fjarskiptavirki sem tengjast eða geta tengst almennum fjarskiptanetum.

Nú liggja fyrir vottorð og mælingarskýrslur um fjarskiptavirki frá faggiltri prófunarstöð, innlendri eða erlendri, um að það sé í samræmi við viðurkennda staðla og reglur, og skal þá leggja slík gögn til grundvallar við útgáfu gerðarsamþykkis. Að öðrum kosti skal leggja mælingar og prófanir Póst- og fjarskiptastofnunar til grundvallar.

Öll fjarskiptavirki sömu gerðar og hinn samþykkti búnaður skal merkja á þann hátt sem stofnunin ákveður. Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að veita undanþágu frá skyldu til

gerðarsamþykkis fjarskiptavirkja, enda sé búnaðurinn merktur á þann hátt sem stofnunin ákveður.

Hafi fjarskiptavirki CE-merkingu til staðfestingar á því að það uppfylli viðeigandi kröfur um fjarskiptavirki innan Evrópska efnahagssvæðisins þarf Póst- og fjarskiptastofnun ekki að gefa út gerðarsamþykki. Á sama hátt má fella niður kröfu um gerðarsamþykki Póst- og fjarskiptastofnunar ef fjarskiptavirki hefur sérstaka merkingu í samræmi við samevrópskar reglur sem íslensk stjórnvöld hafa skuldbundið sig til að hlíta.

Póst- og fjarskiptastofnun skal hafna viðurkenningu á fjarskiptavirki eða öðrum búnaði ef hann er ekki í samræmi við staðla sem gilda um fjarskiptabúnað á Evrópska efnahagssvæðinu. Jafnframt er Póst- og fjarskiptastofnun heimilt að afturkalla fyrri yfirlýsingu ef breyting verður á staðlacröfum eða ef forsendur fyrir leyfisveitingu hafa breyst eða brostið.

20. gr.

### **Réttindi til að starfa við fjarskiptavirki.**

Þeir sem annast uppsetningu og aðra tæknþjónustu við fjarskiptavirki skulu hafa til þess réttindi samkvæmt reglugerð sem samgönguráðherra setur.

21. gr.

### **Sérstök leyfisbréf og skírteini.**

Póst- og fjarskiptastofnun gefur út leyfisbréf og skírteini til handa þeim aðilum sem samkvæmt sérstökum lögum eða alþjóðasamþykktum hafa fengið leyfi til eða skuldbundið sig til að halda uppi fjarskiptum á ákveðnum sviðum. Í leyfisbréfum skal kveðið á um tæknilega eiginleika fjarskiptavirkja í samræmi við settar reglur og alþjóðasamþykktir, svo sem um tíðni og útgeislað afl. Póst- og fjarskiptastofnun hefur eftirlit með starfsemi þessara fjarskiptavirkja.

## **XII. KAFLI**

### **Um fjarskiptavirki í farartækjum.**

22. gr.

#### **Fjarskiptavirki í farartækjum.**

Samgönguráðherra getur mælt fyrir um það í reglugerð að íslensk skip, loftför og önnur farartæki séu búin fjarskiptavirkjum.

23. gr.

#### **Fjarskiptavirki í erlendum farartækjum.**

Fjarskiptavirki í erlendum skipum, flugvélum eða öðrum erlendum farartækjum, sem eru innan íslenskrar land- eða lofthelgi, má aðeins nota í samræmi við íslensk lög og reglugerðir. Póst- og fjarskiptastofnun getur bannað notkun fjarskiptavirkja í erlendum förum innan íslenskrar lögsögu ef talið er að notkun þeirra sé andstæð íslenskum reglum.

## **XIII. KAFLI**

### **Sérstök ákvæði um þráðlaus fjarskipti.**

24. gr.

#### **Notkun tíðnirófs.**

Póst- og fjarskiptastofnun skal stuðla að sem hagkvæmastri nýtingu tíðnirófsins, skipuleggja notkun þess og úthluta tíðnum. Samgönguráðherra getur með reglugerð sett nánari reglur um skipulagningu og úthlutun tíðna.

25. gr.

**Leyfi fyrir búnaði og kerfum til þráðlausra fjarskipta.**

Búnað fyrir þráðlaus fjarskipti, bæði sendi- og viðtæki, má aðeins hafa undir höndum, setja upp eða nota að fengnu leyfi Póst- og fjarskiptastofnunar, sbr. XI. kafla laganna. Skulu leyfin vera tímabundin. Slíkt leyfi má binda skilyrðum, m.a. að því er varðar sendiafl, staðsetningu búnaðar, bandbreidd, útbreiðslusvæði og tengingar við almennt fjarskiptanet.

Leyfi skv. 1. mgr. geta ýmist verið einstaklingsbundin eða almenn fyrir notkun tiltekinna gerða fjarskiptatækja, samkvæmt ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar.

Kerfi með tækjum fyrir þráðlaus fjarskipti má aðeins setja upp eða nota að fengnu leyfi Póst- og fjarskiptastofnunar. Slíkt leyfi má binda skilyrðum, m.a. að því er varðar öryggisráðstafanir gegn óheimilli notkun kerfisins.

Samgönguráðherra getur sett reglugerð um uppsetningu og notkun búnaðar og kerfa fyrir þráðlaus fjarskipti.

26. gr.

**Synjun um leyfi. Afturköllun.**

Póst- og fjarskiptastofnun getur synjað um tíðniúthlutun ef ekki hefur verið aflað nauðsynlegs leyfis til að reka fjarskiptanet eða fjarskiptaþjónustu.

Tíðniúthlutun má afturkalla ef nauðsynlegt leyfi skv. 1. mgr. fellur úr gildi eða ef aðrar mikilvægar forsendur fyrir úthlutun eða leyfi breytast eða bresta, t.d. vegna alþjóðlegs samkomulags sem Ísland er aðili að.

## XIV. KAFLI

**Eftirlit með símatorgsþjónustu.**

27. gr.

Póst- og fjarskiptastofnun setur reglur um símatorgsþjónustu sem staðfestar skulu af samgönguráðherra.

Nú telur Póst- og fjarskiptastofnun að símatorgsþjónusta sé andstæð almennu siðferði, svo sem vegna kláms eða því um líks, og getur Póst- og fjarskiptastofnun þá mælt fyrir um fyrirvaralaus stöðvun slíkrar starfsemi.

## XV. KAFLI

**Uppsetning og vernd fjarskiptavirkja.**

28. gr.

**Heimild til að leggja fjarskiptaleiðslur, um eignarnám o.fl.**

Nú er rekstrarleyfishafa nauðsynlegt að leggja leiðslur fjarskiptavirkja um land annars manns, yfir það eða í jörðu, yfir hús eða önnur mannvirki á landinu, á þeim, gegnum þau eða undir þeim, og er eiganda viðkomandi fasteignar þá skylt að heimila slíkt. Hafa skal samráð við eigendur eða umráðamenn slíkra fasteigna og mannvirkja um hvar leiðslur eru lagðar og skal þess gætt að sem minnst sé raskað hagsmunum eiganda viðkomandi eignar. Starfsmenn við fjarskiptavirki skulu gæta þess að valda eigendum og íbúum ekki meiri óþægindum en brýnustu nauðsyn ber til.

Nú verður tjón á landi manna, mannvirkjum eða öðrum eignum við lagningu fjarskiptavirkja eða viðhald þeirra, og ekki verður úr bætt, eða lagning fjarskiptavirkja leiðir til takmörkunar á afnotamöguleikum viðkomandi eignar, og skal eigandi fjarskiptavirkis þá bæta tjónið. Náist ekki samkomulag um bótafjárhæð skulu bæturnar metnar samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms.

Ef rekstrarleyfishafa er nauðsynlegt að tryggja sér land, lóð eða aðra eign í sambandi við lagningu eða rekstur almennra fjarskiptavirkja og samningum um kaup verður ekki við komið má samgönguráðherra heimila, að fenginni umsögn Póst- og fjarskiptastofnunar, að eign eða hluti hennar sé tekinn eignarnámi gegn endurgjaldi sem meta skal samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms. Samþykki ráðherra fyrir eignarnámi skal m.a. háð því að eignarnemi setji tryggingu fyrir greiðslu áætlaðra eignarnámsbóta og kostnaðar við matið. Nú fást eignarnámsbætur ekki greiddar hjá eignarnema, og skal ríkissjóður þá ábyrgjast greiðslu þeirra, enda hafi eignarnámspoli staðið tilhlýðilega að innheimtu þeirra hjá eignarnema.

#### 29. gr.

##### **Vernd fjarskiptavirkja.**

Þar sem fjarskiptavirki eru má ekki reisa mannvirki, setja upp tæki, leggja pípur, raflagnir, leiðslur og því um líkt, gera jarðrask eða aðrar ráðstafanir er af geta hlotist skemmdir á fjarskiptavirkjum eða truflanir á rekstri þeirra, nema áður hafi verið aflað upplýsinga um legu þeirra og samráð verið haft við eiganda fjarskiptavirkisins um tilhögun framkvæmdanna.

Nú reynist nauðsynlegt vegna verklegra framkvæmda að flytja til eða breyta legu fjarskiptavirkja, og ber þá sá sem slíka framkvæmd annast allan kostnað sem af því kann að leiða, beinan og óbeinan, nema annað hafi orðið að samkomulagi.

Ef jarðrask eða aðrar framkvæmdir hafa leitt til skemmda á fjarskiptavirkjum eða truflunum á rekstri þeirra skal sá sem þeim hefur valdið þegar í stað tilkynna það til eiganda fjarskiptavirkisins. Er tjónvaldi jafnframt skylt að bæta allt tjón sem af skemmdunum leiðir, bæði beint og óbeint, þar á meðal viðskiptatap, nema hann sýni fram á að ekki hafi verið komist hjá tjóni þó að fyllsta aðgæsla hefði verið sýnd.

Nú liggur fyrir að tæki, raflagnir, pípur, leiðslur eða því um líkt valda truflun á rekstri fjarskiptavirkis, og er rekstrarleyfishafa þá heimilt að krefjast úrbóta frá eiganda án tafar, en ella er rekstrarleyfishafa heimilt að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir truflun þá sem af þessu hlýst. Nú er truflun að þessu leyti að rekja til gáleysis eiganda viðkomandi búnaðar, og ber eiganda þá að greiða allan kostnað sem af úrbótum leiðir.

#### 30. gr.

##### **Vernd sæstrengja.**

Þar sem fjarskiptastrengir liggja í sjó skulu sjófarendur sýna aðgæslu og gæta varúðar. Nú er tjóni valdið á fjarskiptastreng af ásetningi eða gáleysi, og skal þá sá sem tjóni hefur valdið bæta beint og óbeint fjártjón sem af því hlýst, nema hann sýni fram á að hann hafi gert allar nauðsynlegar varúðarráðstafanir til þess að komast hjá tjóni.

#### 31. gr.

##### **Viðgerð sæstrengja.**

Þegar skip er innan eða utan landhelgi að starfa við lagningu eða viðgerð fjarskiptastrengja og ber til sýnis alþjóðamerki eða önnur merki er gefa þetta til kynna, skulu önnur skip, sem sjá eða eiga að geta séð þessi merki, halda sig eigi skemmra en mílufjórðung frá sæsímaskipinu. Net og önnur veiðarfæri skal hafa í sömu fjarlægð. Fiskiskip skulu þó hafa 12 stunda frest til þess að fjarlægja veiðarfæri sem í sjó liggja.

Nú hefur dufl verið lagt út vegna lagningar eða viðgerðar á sæstreng, og skulu skip þá halda sig og veiðarfærum sínum eigi skemmra en mílufjórðung frá duflinu.

32. gr.

**Aðgerðir til verndar sæstrengjum, bætur o.fl.**

Ef skip hefur orðið að sleppa akkeri eða leggja net eða önnur veiðarfæri í sölurnar til þess að komast hjá því að skemma sæstrengi á það kröfu um skaðabætur frá eiganda strengjanna, enda hafi skipið sjálft ekki stofnað til hættunnar af gáleysi.

Ef unnt er skulu skipverjar þegar færa til bókar skýrslu um tjónið sem staðfest skal af stjórnanda skipsins. Að auki skal eiganda sæstrengsins eða forsvarsmanni eiganda tilkynnt um atburðinn eins fljótt og kostur er.

33. gr.

**Takmörkun fjarskipta vegna truflana.**

Póst- og fjarskiptastofnun getur látið innsigla fjarskiptavirki eða hluta þeirra eða bannað notkun þeirra og eftir atvikum fyrirskipað að fá þau afhent til geymslu undir innsigli, ef fjarskiptavirkin trufla önnur fjarskipti eða hætta er á að öryggi fjarskipta sé raskað.

## XVI. KAFLI

**Fjarskipti á hættutímum.**

34. gr.

Á ófriðartímum getur samgönguráðherra samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnar mælt fyrir um stöðvun fjarskipta sem teljast hættuleg öryggi ríkisins.

Í neyðartilvikum, svo sem þegar um er að ræða eldgos, jarðskjálfta, snjóflóð o.s.frv., getur samgönguráðherra að beiðni almannavarnaráðs mælt fyrir um takmörkun fjarskipta sem truflað geta neyðar- og öryggisfjarskipti. Á sama hátt skal heimilt að mæla fyrir um að tiltekin fjarskiptavirki skuli notuð í þágu björgunaraðgerða og að sett skuli upp ný fjarskiptavirki. Komi endurgjald til greina greiðist það úr ríkissjóði samkvæmt mati.

## XVII. KAFLI

**Ábyrgðartakmarkanir, útilokun sambanda, aðfararheimild.**

35. gr.

**Ábyrgðartakmarkanir.**

Þeim sem hefur leyfi til reksturs almenns fjarskiptanets samkvæmt lögum þessum er heimilt í viðskiptaskilmálum sínum að undanþiggja sig bótaábyrgð á tjóni sem rekja má til sambandsleysis, rofa á fjarskiptum eða annarra truflana sem kunna að verða á rekstri fjarskiptanetsins eða mistaka við afgreiðslu símskeyta, hvort sem slíkt má rekja til línubilana, bilana í sambandastöðvum eða annarra ástæðna. Slík ábyrgðartakmörkun er þó bundin við að tjónið verði ekki rakið til stórfelldra mistaka starfsmanna rekstrarleyfishafa.

36. gr.

**Útilokun sambanda.**

Rekstrarleyfishafa er heimilt að mæla svo fyrir í viðskiptaskilmálum sínum að notanda, sem ekki stendur skil á áföllnum gjöldum á réttum gjalddaga fyrir fjarskipti eða afnot fjarskiptavirkja, megi útiloka frá almennum fjarskiptum um óákveðinn tíma eða þar til hann hefur greitt skuld sína að fullu.

37. gr.

**Aðfararheimild.**

Gjaldfallnar kröfur rekstrarleyfishafa vegna afnotagjalda og tengdrar þjónustu, á hendur skráðum rétt höfum í talsímabjónustu, má taka fjárnámi samkvæmt aðfararlögum án undan-genginnar dómsúrlausnar eða dómsáttar.

## XVIII. KAFLI

**Viðurlög o.fl.**

38. gr.

Brot á lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum, en varðhaldi allt að sex mánuðum ef sakir eru miklar eða brot ítrekuð. Gáleysisbrot skulu eingöngu varða sektum.

Brot gegn X. kafla laganna um leynd og vernd fjarskipta varða refsingu svo sem mælt er fyrir um í 1. mgr. Sé slíkt brot framið í ávinningsskyni, hvort sem er í eigin þágu eða annarra, má refsa með fangelsi allt að þremur árum.

Uptæk skal gera tæki þau og hluti sem í heimildarleysi hafa verið flutt inn, smíðuð eða starfrækt, sbr. 69. gr. almennra hegningarlaga, með síðari breytingum.

39. gr.

Notkunargjald fyrir talsímabjónustu hjá hverjum rekstrarleyfishafa fyrir sig skal vera hið sama alls staðar á landinu eigi síðar en 1. júlí 1998 og skal þá innheimta sérstaks álags vegna langlínusamtala óheimil.

## XIX. KAFLI

**Reglugerðir.**

40. gr.

Samgönguráðherra setur í reglugerð nánari fyriræli um framkvæmd fjarskiptamála.

## XX. KAFLI

**Gildistaka.**

41. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1997.

Jafnframt falla þá úr gildi lög um fjarskipti, nr. 73/1984, með síðari breytingum. Ákvæði 1. mgr. 3. gr., 3. og 4. mgr. 6. gr., 7. gr. og 17. gr. laganna er fjalla um Fjarskiptaeftirlit ríkisins skulu þó halda gildi sínu þar til Póst- og fjarskiptastofnun tekur til starfa 1. apríl 1997.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Samgönguráðherra skal veita Pósti og síma hf. einkaleyfi til þess að reka almenna talsímabjónustu hér á landi og til þess að eiga og reka almennt fjarskiptanet. Skal það rekstrarleyfi Pósts og síma hf. gilda þar til réttur til að veita einkaleyfi til almenns fjarskiptareksturs fellur niður eða eigi síðar en 1. janúar 1998. Á sama tíma skal öðrum óheimilt að eiga og reka almennt fjarskiptanet og veita almenna talsímabjónustu.

Um skilyrði fyrir einkaleyfi og um gjaldtöku á gildistíma einkaleyfis fer skv. 9. og 10. gr. laga um stofnun hlutafélags um rekstur Póst- og símamálastofnunar, nr. 103/1996.

*Gjört á Bessastöðum, 27. desember 1996.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

*Halldór Blöndal.*

# LÖG

## um breyting á lögum um listamannalaun, nr. 35/1991.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### 1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Alþingi veitir árlega fé á fjárlögum til þess að launa listamenn í samræmi við ákvæði laga þessara í þeim tilgangi að efla listsköpun í landinu.

#### 2. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Starfslaun listamanna skulu veitt úr fjórum sjóðum:

- a. Launasjóði rithöfunda,
- b. Launasjóði myndlistarmanna,
- c. Tónskáldasjóði,
- d. Listasjóði.

Þrír fyrstnefndu sjóðirnir eru sérgreindir sjóðir. Listasjóður er almennur sjóður en sinnir einkum öðrum listgreinum en þeim sem falla undir sérgreindu sjóðina. Allir sjóðirnir veita starfslaun, svo og náms- og ferðastyrki.

#### 3. gr.

3. gr. laganna orðast svo:

Þriggja manna stjórn listamannalauna hefur yfirumsjón með sjóðum skv. 2. gr. Stjórnin skal skipuð af menntamálaráðherra til þriggja ára í senn, einum samkvæmt tilnefningu Bandalags íslenskra listamanna, einum tilnefndum af Háskóla Íslands, en af Listaháskóla Íslands þegar stofnaður verður, og loks einum án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Stjórn listamannalauna skal m.a. annast vörslu sjóðanna og sjá um bókhald, en hún getur falið öðrum aðila að sjá um þessa þætti fyrir sína hönd ef allir stjórnarmenn samþykkja.

Stjórnin úthlutar fé úr Listasjóði, en sérstakar úthlutunarnefndir fyrir hvern hinna sérgreindu sjóða veita fé úr þeim, sbr. 12. gr.

#### 4. gr.

4. gr. laganna orðast svo:

Starfslaun miðast við lektorslaun II við Háskóla Íslands eins og þau eru á hverjum tíma. Þau sem taka starfslaun skulu vera á skrá hjá stjórn listamannalauna og fá greidd starfslaun mánaðarlega að viðbættu 6% álagi. Þau skulu eiga kost á aðild að Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda. Þau skulu ekki gegna föstu starfi meðan á starfslaunatímanum stendur. Starfslaunaþegar skulu skila skýrslu um störf sín á starfslaunatímanum eigi síðar en ári eftir að honum lýkur. Stjórn listamannalauna má fella niður starfslaun sem veitt eru til lengri tíma en sex mánaða ef talið er að viðkomandi listamaður sinni ekki list sinni.

#### 5. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Samanlögð starfslaun miðast við 1.200 mánaðarlaun eða 100 árslaun.



## 6. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Launasjóður rithöfunda veitir árlega starfslaun og styrki sem svara til 480 mánaðarlauna. Rétt til greiðslu úr sjóðnum hafa íslenskir rithöfundar og höfundar fræðiritra. Heimilt er og að greiða úr sjóðnum fyrir þýðingar á íslensku.

Þriggja manna nefnd, sem menntamálaráðherra skipar árlega samkvæmt tillögum Rithöfundasambands Íslands, úthlutar fé úr Launasjóði rithöfunda. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Ákvörðun úthlutunarnefndar er endanleg og verður ekki áfrýjað.

## 7. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Launasjóður myndlistarmanna veitir árlega starfslaun og styrki sem svara til 320 mánaðarlauna.

Þriggja manna nefnd, sem menntamálaráðherra skipar árlega samkvæmt tillögum Sambands íslenskra myndlistarmanna, úthlutar fé úr Launasjóði myndlistarmanna. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Ákvörðun úthlutunarnefndar er endanleg og verður ekki áfrýjað.

## 8. gr.

8. gr. laganna orðast svo:

Tónskáldasjóður veitir árlega starfslaun og styrki sem svara til 100 mánaðarlauna.

Þriggja manna nefnd, sem menntamálaráðherra skipar árlega samkvæmt tillögum Tónskáldafélags Íslands, úthlutar fé úr Tónskáldasjóði. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Ákvörðun úthlutunarnefndar er endanleg og verður ekki áfrýjað.

## 9. gr.

9. gr. laganna orðast svo:

Listasjóður veitir starfslaun og styrki er svara til 300 mánaðarlauna og skal allt að þriðjungi þeirra varið til stuðnings leikhópum svo sem mælt er fyrir um í ákvæðum leiklistarlaga, enda verði því framlagi Listasjóðs einvörðungu varið til greiðslu starfslauna til einstakra leikhúslistamanna. Stjórn listamannaalauna getur falið framkvæmdastjórn leiklistaráðs að fjalla um veitingu þessara starfslauna.

Listasjóður veitir einnig sérstök framlög til listamanna sem notið höfðu listamannaalauna nokkur ár fyrir 31. desember 1991 og höfðu þá náð 60 ára aldri.

Við úthlutun úr Listasjóði skulu þær umsóknir njóta forgangs sem lúta að viðfangsefnum er ekki falla undir verksvið annarra sjóða, sbr. 2. gr.

Ákvörðun stjórnar Listasjóðs um úthlutun er endanleg og verður ekki áfrýjað.

## 10. gr.

10. gr. laganna orðast svo:

Starfslaun skulu veitt til hálfis eða eins árs, til tveggja ára eða þriggja. Stjórn Listamannaalauna og úthlutunarnefndum er þó heimilt að úthluta starfslaunum til skemmri tíma en hálfis árs, þó aldrei skemur en til þriggja mánaða. Sú upphæð, sem varið er til þessa, sem og til náms- og ferðastyrkja, skal ekki vera hærri en sem nemur 10% þeirra mánaðarlauna sem hver sjóður hefur til úthlutunar árlega. Miða skal við að fjórðungur heildarstarfslauna hvers sjóðs samkvæmt lögum þessum verði að jafnaði veittur til listamanna sem taka laun í meira en eitt ár.

## 11. gr.

12. gr. laganna orðast svo:

Menntamálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd laga þessara, m.a. um skilgreiningu á því hvað teljist fast starf, sbr. 4. gr., og um tilhögun tilnefninga af hálfu tilnefningar- aðila í úthlutunarnefndir, sbr. 6.–8. gr. Þá skal enn fremur setja nánari ákvæði í reglugerð um skilmála fyrir veitingu starfslauna, þar með talið um endurgreiðslu þeirra ef gegn þeim skilmálum er brotið.

Við framkvæmd þessarar greinar skal haft samráð við Rithöfundasamband Íslands, Samband íslenskra myndlistarmanna, Tónskáldafélag Íslands og Bandalag íslenskra listamanna eftir því sem við á hverju sinni.

## 12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 31. desember 1996.

*Gjört á Bessastöðum, 27. desember 1996.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

*Björn Bjarnason.*

Nr. 145

27. desember 1996

## LÖG

**um breytingu á höfundalögum, nr. 73 29. maí 1972,  
sbr. lög nr. 78 30. maí 1984 og lög nr. 57 2. júní 1992.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Við 11. gr. a laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Þá skal þeim sem öðlast hafa rétt til notkunar tölvuforrits heimilt án sérstaks leyfis forritshöfundar að skoða, rannsaka eða prófa forritið í því skyni að kanna virkni þess og þær hugmyndir og þau grundvallarsjónarmið sem einstakir þættir forritsins hvíla á að því tilskildu að aðgerðir þessar tengist þeim afnotum sem rétthafa eru heimil í sambandi við nýtingu forritsins.

Ekki er heimilt að víkja frá ákvæðum greinar þessarar með samningum.

## 2. gr.

23. gr. a laganna orðast svo:

Verki, sem er löglega útvarpað beint eða um gervihnött, má endurvarpa til almennings um kapalckerfi óbreyttu og samtímis hinni upphaflegu útsendingu, að því tilskildu að sá sem ber ábyrgð á endurvarpinu hafi aflað sér heimildar til þess með samningum við samtök sem annast réttargæslu fyrir verulegan hluta íslenskra höfunda á sviði viðkomandi verks og hlotið til þess lögformlega viðurkenningu menntamálaráðuneytisins skv. 23. gr. Höfundar er standa utan samtakanna skulu njóta sama réttar til endurgjalds fyrir afnot verka sinna og félagsmenn, sbr. 1. og 3. mgr. 23. gr. Endurvarp um kapalckerfi, sem tekur til færri samtengdra íbúða en 25 í fjöleignarhúsi eða nærlægum húsum, er þó heimilt án leyfis eða endurgjalds til höfundar.

Náist ekki samkomulag um leyfisveitingu skv. 1. mgr. eða um skilyrði fyrir henni, þar á meðal um fjárhæð þóknunar, getur hvor aðili um sig skotið því ágreiningsefni til sátta-meðferðar hjá úrskurðarnefnd skv. 57. gr. Menntamálaráðuneytið getur sett frekari reglur um framkvæmd þessarar greinar.

### 3. gr.

Við 42. gr. a laganna bætast þrjár nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Einnig er heimil afritun forrits og þýðing eða afþýðing þess þegar slíkt er óhjákvæmilegt til öflunar upplýsinga sem þörf er á til að ná fram rekstrarsamhæfni sjálfstæðs forrits við önnur forrit að fullnægðum eftirgreindum skilyrðum:

1. að sú aðgerð sé framkvæmd af þeim aðila sem aflað hefur sér með lögmætum hætti heimildar til notkunar forritsins,
2. að slíkar upplýsingar hafi ekki verið tiltækar aðilum sem um getur í 1. tölul. með greiðum hætti,
3. að aðgerðirnar takmarkist við þann hluta hins upphaflega forrits sem nauðsynlegar eru til þess að ná fram rekstrarsamhæfni.

Upplýsingar, sem aflað hefur verið með heimild í grein þessari, verða aðeins notaðar til að auðvelda rekstrarsamhæfni við önnur forrit, en ekki á neinn þann hátt er raski lögmætum hagsmunum hins upprunalega forritshöfundar til eðlilegrar hagnýtingar þess né brjóti gegn höfundarétti hans á annan hátt.

Ekki er heimilt að víkja frá ákvæðum greinar þessarar með samningum.

### 4. gr.

43. gr. laganna orðast svo:

Höfundaréttur helst uns 70 ár eru liðin frá næstu áramótum eftir lát höfundar. Nú er um verk að ræða sem ákvæði 7. gr. taka til og skal þá telja greint 70 ára tímabil frá næstu áramótum eftir lát þess höfundar sem lengst lifir. Höfundaréttur að kvikmyndaverkum helst þó aðeins í 70 ár eftir dánarár þess sem lengst lifir af eftirgreindum höfundum kvikmynda-verks:

1. Aðalleikstjórar.
2. Handritshöfundar, þar með taldir höfundar samtalstexta.
3. Tónhöfundar sé tónlistin sérstaklega samin til afnota í kvikmyndaverkum.

### 5. gr.

44. gr. laganna orðast svo:

Þegar verk hefur verið birt án þess að höfundur hafi verið nafngreindur, sbr. 2. mgr. 8. gr., helst höfundaréttur að verkinu uns 70 ár eru liðin frá næstu áramótum eftir birtingu þess. Nú er um verk að ræða sem birt er í einstökum hlutum, svo sem heftum, bindum eða með öðrum hliðstæðum hætti, og gildir þá sjálfstæður verndartími fyrir hvern einstakan hluta.

Ef höfundur er nafngreindur með þeim hætti sem segir í 2. mgr. 8. gr. áður en framangreint 70 ára tímabil er liðið eða leitt er í ljós að höfundur var látinn er verkið birtist skal um gildistíma höfundaréttar fara eftir ákvæðum 43. gr.

Sé um verk að ræða sem ekki hefur verið birt og höfundur ókunnur fellur höfundarétturinn niður er 70 ár eru liðin frá næstu áramótum eftir tilurð verksins.

## 6. gr.

Á eftir 44. gr. laganna kemur ný grein, 44. gr. a, svohljóðandi:

Hafi verk ekki verið birt almenningi innan verndartímabils skv. 43. og 44. gr. skal sá sem fyrst birtir verkið að því liðnu öðlast hliðstæðan rétt til fjárhagsnytja af verkinu og höfundar hafa samkvæmt ákvæðum laga þessara. Verndin helst uns 25 ár eru liðin frá næstu áramótum eftir birtingu.

## 7. gr.

45. gr. laganna orðast svo:

Listflytjandi hefur einkarétt til eintakagerðar af listflutningi sínum og hvers konar dreifingar hans til almennings, sbr. þó ákvæði 47. gr. Samkvæmt þessu eru óheimilar án hans samþykkis m.a. þær aðgerðir sem hér eru taldar:

1. Uptaka til endurflutnings á beinum listflutningi hans. Það telst beinn listflutningur sem listflytjandi flytur persónulega, þar á meðal flutningur í útvarp. Nú hefur útvarpsstofnun framkvæmt bráðabirgðaupptöku á persónulegum listflutningi og fer þá um útvarp eftir slíkri upptöku sem um beinan listflutning.
2. Útvarp á beinum listflutningi.
3. Dreifing beins listflutnings með tækniáferðum, um þráð eða þráðlaust, frá flutningsstað til annarra tiltekinna staða sem almenningur á aðgang að.
4. Eftirgerð á upptöku listflutnings og dreifing til almennings uns 50 ár eru liðin frá næstu áramótum eftir að flutningur fór fram. Sé upptöku listflutnings dreift til almennings innan greinds verndartímabils skal vernd þó haldast í 50 ár frá næstu áramótum eftir fyrstu dreifingu hennar.

Nú hefur listflytjandi veitt með samningi framlag til kvikmyndaverks og getur hann þá ekki, nema áskilnaður sé gerður á annan veg, hindrað leigu á eintökum kvikmyndaverksins.

Um upptöku, eftirgerð og dreifingu listflutnings, sem um getur í 1. mgr., skulu gilda eftir því sem við á ákvæði 2.–6. mgr. 2. gr., 4. gr., 7. gr., 8. gr., 1. mgr. 11. gr., 1. mgr. 14. gr., 3. mgr. 15. gr., 18. gr., 21. gr., 2. mgr. 23. gr., 24. gr., 26.–31. gr. og 53. gr. Ákvæði 1. mgr. 24. gr. gilda þó aðeins um upptökur sem fyrst eru seldar eða ráðstafað til eignar með öðrum hætti með samþykki rétthafa innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Standi fleiri en 12 listflytjendur að listflutningi nægir samþykki stéttarfélags flytjenda til eftirgerðar og endurnota, enda komi greiðsla fyrir flutninginn.

## 8. gr.

Á eftir 45. gr. laganna bætist við ný grein, 45. gr. a., svohljóðandi:

Listflutningi, sem er löglega útvarpað beint eða um gervihnött, má endurvarpa til almennings um kapalckerfi óbreyttu og samtímis hinni upphaflegu útsendingu að því tilskildu að sá sem ber ábyrgð á endurvarpinu hafi aflað sér heimildar til þess með samningum við samtök sem annast réttargæslu fyrir verulegan hluta íslenskra listflytjenda og framleiðenda og hlotið til þess lögformlega viðurkenningu menntamálaráðuneytisins, sbr. þó ákvæði 47. gr., varðandi flutning efnis á markaðshljóðritum. Rétthafar, er standa utan samtakanna, skulu njóta sama réttar og félagsmenn, sbr. 1. og 3. mgr. 23. gr. Endurvarp um kapalckerfi, sem tekur til færri samtengdra íbúða en 25 í fjöleignarhúsi eða nærlægum húsum, er þó heimilt án leyfis eða endurgjalds til rétthafa samkvæmt grein þessari.

Náist ekki samkomulag um leyfisveitingu skv. 1. mgr. eða um skilyrði fyrir henni, þar á meðal um fjárhæð þóknunar, getur hvor aðili um sig skotið því ágreiningsefni til sáttameðferðar hjá úrskurðarnefnd skv. 57. gr. Menntamálaráðuneytið getur sett frekari reglur um framkvæmd þessarar greinar.

## 9. gr.

46. gr. laganna orðast svo:

Óheimil er eftirgerð og hvers kyns dreifing til almennings á myndritum og hljóðritum, þar á meðal hljómplötum, án samþykkis framleiðanda uns liðin eru 50 ár frá næstu áramótum eftir að frumupptaka var framkvæmd. Sé upptöku dreift til almennings innan greinds verndartímabils skal vernd þó haldast í 50 ár frá næstu áramótum eftir fyrstu dreifingu.

Beita skal, eftir því sem við á, ákvæðum 2.–6. mgr. 2. gr., 7. gr., 8. gr., 1. mgr. 11. gr., 1. mgr. 14. gr., 3. mgr. 15. gr., 18. gr., 2. mgr. 23. gr. og 1. og 2. mgr. 24. gr. Ákvæði 1. mgr. 24. gr. gilda þó aðeins um upptökur sem fyrst eru seldar eða ráðstafað til eignar með öðrum hætti með samþykki réttihafa innan Evrópska efnahagssvæðisins.

## 10. gr.

47. gr. laganna orðast svo:

Nú er hljóðrit, sem út hefur verið gefið, notað á því tímabili sem í 46. gr. getur til flutnings í útvarpi eða til annarrar opinberrar dreifingar listflutnings, hvort heldur með beinni notkun eða eftir útvarpi, og ber þá notanda að greiða framleiðanda þess og listflytjanda sameiginlega þóknun fyrir afnotin.

Krafa til endurgjalds skv. 1. mgr. verður aðeins gerð af innheimtusamtökum framleiðenda og listflytjendafélaga. Samtökunum skulu settar samþykktir í samvinnu við menntamálaráðuneytið og vera háðar staðfestingu þess. Í samþykktum þessum skal m.a. kveða á um skiptingu tekna með aðildarfélögum samtakanna.

Þegar framleiðandi hljóðrits eða listflytjandi á rétt til þóknunar samkvæmt þessari grein skal hún fara eftir heildarsamningi milli innheimtusamtaka skv. 2. mgr. og notanda eða samtökum hans. Ágreiningi um þóknun geta aðilar skotið til úrskurðarnefndar skv. 57. gr. Nefndin getur gert notanda að setja viðhlítandi tryggingu fyrir greiðslu þóknunar þar til hún hefur verið ákveðin en ella mælt fyrir um stöðvun á notkun verndaðra markaðshljóðrita uns trygging hefur verið sett. Innheimtusamtökunum skal þó heimilt að setja gjaldskrár um flutning af hljóðritum utan útvarps. Slíkar gjaldskrár skulu háðar samþykki menntamálaráðuneytisins.

Beita skal, eftir því sem við á, 1. mgr. 14. gr., 3. mgr. 15. gr., 21. gr. og 54. gr. Sama gildir um 27.–31. gr. að því er listflytjendur varðar. Ákvæði þessi gilda ekki um kvikmyndir og myndbönd.

## 11. gr.

Á eftir 2. mgr. 60. gr. laganna bætist við ný málsgrein, svohljóðandi:

Ákvæði 44. gr. a gilda um birtingu verka sem framkvæmd er af ríkisborgurum eða mönnum búsettum í landi innan Evrópska efnahagssvæðisins.

## 12. gr.

61. gr. laganna orðast svo:

Ákvæði laga þessara skulu einnig taka til bókmenntaverka og listaverka sem orðið hafa til fyrir gildistöku laganna. Sama gildir um listflutning, hljóðrit og myndrit, sbr. V. kafla laganna.

Ákvæði 1. mgr. gilda þó ekki um ráðstafanir sem hafa átt sér stað eða áunnin réttindi þriðja aðila á grundvelli eldri laga. Heimil er áframhaldandi dreifing til almennings eða opinber sýning á eintökum verks eða listflutnings ef gerð eintakanna var frjáls á þeim tíma er dreifing eða sýning þeirra fór fram, þó þannig að ákvæði 24. gr. um bann við leigu og útláni á verkum haldi gildi sínu.

Ef eintakagerð verks eða listflutnings, sem ekki nýtur verndar samkvæmt áðurgildandi lögum, er hafin fyrir gildistöku laganna eða verulegur undirbúningur slíkrar eintakagerðar er hafinn er heimilt að ljúka áætlaðri, nauðsynlegri og venjubundinni eintakagerð, þó í síðasta lagi 1. janúar árið 2000. Heimilt er að dreifa eintökum sem þannig eru gerð til almennings eða sýna þau opinberlega.

Nú er verk eða listflutningur hluti upptöku til flutnings í útvarpi sem gerð er meðan verkið eða listflutningurinn nýtur ekki verndar eða fer fram á grundvelli heimildar í 3. mgr. og er þá heimilt að nýta slíkar upptökur til útvarpsflutnings fram til 1. janúar árið 2000. Sama á við um opinbera birtingu kvikmyndaverka.

Ef verndartími verks eða listflutnings verður styttri á grundvelli breytts verndartíma samkvæmt lögum þessum en hann hefði verið samkvæmt áður gildandi lögum fer um verndartíma samkvæmt áður gildandi lögum. Þetta gildir þó ekki ef ákvæði 3. mgr. 44. gr. eiga við.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 27. desember 1996.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

*Björn Bjarnason.*

Nr. 146

27. desember 1996

## LÖG

### um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### I. KAFLI

#### Gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að draga sem mest úr hættu og tjóni af raforkuvirkjum, neysluveitum og rafföngum og truflunum af völdum starfrækslu þeirra.

2. gr.

Ákvæði laga þessara ná til virkja og raffanga í landi, en ekki til eigin virkja farartækja, svo sem skipa, flugvéla og bifreiða.

Ef ágreiningur verður um það hvort tiltekin virki falli undir lög þessi sker ráðherra úr.

3. gr.

Í lögum þessum hafa eftirfarandi orð merkingu sem hér segir:

*Ábyrgðarmaður:* Eigandi, umráðamaður eða annar sá sem tilnefndur hefur verið til að annast uppsetningu eða rekstur raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga og ber ábyrgð á lög-mætu ástandi þeirra.

*Einkarafstöð:* Rafstöð í einkaeign sem er staðbundin og framleiðir rafmagn fyrir neysluveitu og fær ekki rafmagn frá rafveitu.

*Innri öryggisstjórnun:* Skilgreint eftirlitskerfi til að tryggja að kröfum um gæði vinnu og öryggi búnaðar, sem gerðar eru í samræmi við lög og reglugerðir, sé fullnægt.

*Innri öryggisstjórnunarkerfi:* Kerfisbundnar ráðstafanir sem tryggja að starfsemi sé samkvæmt öryggiskröfum laga og reglugerða og sönnur eru færðar á með skráningu.

*Löggiltur rafverktaki:* Sá sem hlotið hefur löggildingu Löggildingarstofu til rafvirkjunarstarfa.

*Neysluveita:* Raflögn og raflagnabúnaður innan við stofnkassa (eða búnað sem gegnir hlutverki stofnkassa).

*Raffang:* Hvers konar hlutur sem kemur að gagni við nýtingu rafmagns.

*Raforkuvirki:* Mannvirki til vinnslu og dreifingar rafmagns.

*Rafskoðunarstofa:* Faggiltur óháður aðili sem hefur starfsleyfi frá Löggildingarstofu til að annast skoðanir á raftækisviði.

*Rafveita:* Fyrirtæki sem framleiðir, flytur, dreifir og/eða selur rafmagn.

*Skoðun:* Faglegt mat á hönnun raforkuvirkja, frágangi þeirra og samsetningu eða þjónustu við þau til að ákvarða samræmi þeirra við kröfur gildandi laga, reglugerða og annarra lögmætra fyrirmæla.

*Virki:* Samheiti fyrir raforkuvirki og neysluveitur.

*Yfireftirlit:* Eftirlit með að ákvæðum þessara laga sé fylgt í framkvæmd með fullnægjandi hætti í samræmi við lög og reglugerðir sem settar eru á grundvelli þeirra.

## II. KAFLI

### Öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga.

#### 4. gr.

Raforkuvirki, neysluveitur og rafföng skulu vera þannig úr garði gerð, notuð, þeim haldið við og eftir þeim litið að hætta af þeim fyrir heilsu og öryggi manna og dýra, svo og hætta á umhverfisspjöllum, verði svo lítil sem við verði komið.

Raforkuvirki, neysluveitur og rafföng mega ekki hafa í för með sér hættu á tjóni á eignum manna eða hættu á truflunum á starfrækslu rafmagnsbúnaðar sem fyrir er. Sé unnt að afstýra því með öryggisráðstöfunum skulu þær gerðar á kostnað eiganda hins nýja búnaðar. Þó má skylda eiganda eldri búnaðarins til að bera nokkurn hluta kostnaðarins ef framkvæmd öryggisráðstafana er til verulegra hagsbóta fyrir starfrækslu búnaðarins framvegis. Svo má og ákveða að eigandi eldri búnaðarins skuli kosta að nokkru eða öllu leyti öryggisráðstafanir sem framvegis verða hluti af búnaði hans og hans eign ef þær eru nauðsynlegar sökum þess að eldri búnaðurinn hefur verið ófullkomnari eða miður tryggur en venja er til eða krafist er um nýjan búnað á þeim tíma þegar ráðstafanir koma til framkvæmda.

Rafföng, neysluveitur og raforkuvirki má því aðeins setja á markað og taka í notkun að hönnun þeirra, gerð og frágangur stofni ekki öryggi manna og dýra, umhverfi eða eignum í hættu þegar þau eru rétt upp sett, þeim við haldið og þau notuð með þeim hætti sem til er ætlast.

#### 5. gr.

Ábyrgðarmenn raforkuvirkja og neysluveitna bera ábyrgð á að þau séu í lögmætu ástandi. Á sama hátt skulu framleiðendur, innflytjendur og seljendur raffanga bera ábyrgð á lögmætu ástandi við sölu þeirra.

Í því skyni að tryggja öryggi raforkuvirkja og rekstur þeirra sem frekast er unnt skulu ábyrgðarmenn raforkuvirkja rafveitna og stóriðjuvera, samkvæmt ákvörðun ráðherra, koma upp innra öryggisstjórnunarkerfi með virkjum sem að mati Löggildingarstofu uppfyllir skilyrði laga þessara. Einnig skulu rafverktakar koma upp innri öryggisstjórnun með eigin starfsemi sem að mati Löggildingarstofu uppfyllir skilyrði laga þessara.

### III. KAFLI Rafmagnseftirlit.

#### 6. gr.

Yfireftirlit með öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga samkvæmt lögum þessum skal vera í höndum Löggildingarstofu.

Hlutverk Löggildingarstofu á sviði rafmagnsöryggis skal m.a. vera eftirfarandi:

1. vera ráðherra til ráðuneytis um rafmagnsöryggismál;
2. hafa faglega umsjón með framkvæmd rafmagnsöryggismála;
3. annast löggildingu rafverktaka, veita skoðunarstofum og ábyrgðarmönnum rafveitna starfsleyfi, ákveða viðurlög og beita sviptingum ef skilyrði leyfis eru ekki uppfyllt eða lögboðnar skyldur eru vanræktar;
4. skera úr ágreiningi um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, svo og skera úr um til hvaða öryggisráðstafana skuli grípa til að afstýra hættu og hver beri ábyrgð á og kostnað af framkvæmd úrbóta.

#### 7. gr.

Með reglubundnum hætti skal fara fram skoðun á því hvort raforkuvirki, neysluveitur og rafföng og starfsemi þeirra er hlotið hafa löggildingu eða starfsleyfi Löggildingarstofu uppfylli ákvæði þessara laga.

#### 8. gr.

Einstaklingar og lögaðilar sem stofna vilja til reksturs rafskoðunarstofu skulu sækja um starfsleyfi til Löggildingarstofu. Til að öðlast slík leyfi skal rafskoðunarstofa vera faggilt í samræmi við lög um vog, mál og faggildingu, nr. 100/1992.

Starfsleyfi skulu ná til landsins alls og vera veitt til fimm ára í senn. Löggildingarstofa getur að undangenginni áminningu svipt rafskoðunarstofu starfsleyfi ef hún fullnægir ekki lengur skilyrðum leyfisins eða vanrækir skyldur sínar.

#### 9. gr.

Hlutverk rafskoðunarstofa í eftirliti með vörnum gegn hættu og tjóni af raforkuvirkjum, neysluveitum og rafföngum skal vera sem hér greinir:

1. að skoða ný og eldri raforkuvirki, og neysluveitur;
2. að skoða innra öryggisstjórnunarkerfi rafveitna og framkvæmd þess;
3. að skoða aðstoðu og búnað rafverktaka;
4. að skoða innra öryggisstjórnunarkerfi rafverktaka og framkvæmd þess;
5. að skoða rafföng og raforkuvirki á markaði.

Í þeim tilvikum sem ekki er fyrir hendi faggilt rafskoðunarstofa til þess að annast skoðanir á tilteknu sviði skal Löggildingarstofa annast þær og sú starfsemi vera faggilt.

#### 10. gr.

Starfsmenn Löggildingarstofu og starfsmenn rafskoðunarstofa sem hafa starfsleyfi á rafmagnsöryggisviði skv. 8. gr. skulu ætíð hafa óhindraðan aðgang að raforkuvirkjum, neysluveitum, starfsstöðum rafverktaka og rafföngum sem til skoðunar eru hverju sinni og rétt til að taka sýni og gera þær athuganir og rannsóknir sem nauðsynlegar eru taldar í því skyni að varna hættu á tjóni af völdum rafmagns. Ábyrgðarmenn raforkuvirkja og neysluveitna og rafverktakar, svo og framleiðendur, innflytjendur og seljendur raffanga, skulu veita þá aðstoð og upplýsingar er þörf krefur og óskað er eftir.



## 11. gr.

Telji starfsmenn rafveitna, rafskoðunarstofa eða rafverktaki að tiltekin neysluveita, raf-föng eða hvers konar hlutar raforkuvirkja séu varhugaverðir eða uppfylli ekki skilyrði laga þessara skal án tafar senda tilkynningu þess efnis til Löggildingarstofu. Tilkynning skal einnig send til Löggildingarstofu ef skoðunarstofa telur að tiltekinn rafverktaki, starfsmaður rafveitu eða ábyrgðarmaður rafveitu uppfylli ekki ákvæði laga þessara.

Berist Löggildingarstofu tilkynning skv. 1. mgr. þessarar greinar eða verði hún að öðru leyti þess áskynja að hætta kunni að stafa af rafmagnsbúnaði skal stofnunin tafarlaust grípa til þeirra úrræða sem grein þessi mælir fyrir um.

Leiki rökstuddur grunur á því að rafmagnsbúnaður uppfylli ekki skilyrði laga þessara eða reglugerða á grundvelli þeirra getur Löggildingarstofa tímabundið bannað sölu eða notkun á meðan rannsókn fer fram í málinu.

Leiði rannsókn Löggildingarstofu í ljós að rafmagnsbúnaður uppfylli ekki skilyrði laga þessara eða reglugerða á grundvelli þeirra getur Löggildingarstofa bannað sölu hans, stöðvað notkun, bannað uppsetningu og krafist niðurtöku og innköllunar.

Telji Löggildingarstofa að einstaklingur eða lögaðili sem starfar samkvæmt leyfi eða löggildingu hennar hafi brotið ákvæði leyfisins eða löggildingarinnar skal stofnunin, áður en gripið er til leyfissviptingar, senda viðkomandi fyrirmæli þar sem tilgreina skal ávirðingar, benda á leiðir til úrbóta og tilgreina fyrir hvaða tíma framkvæma skuli úrbætur.

Ákvörðunum og fyrirmælum Löggildingarstofu má skjóta til úrskurðar ráðherra en mál-skot frestar ekki framkvæmd ákvörðunar.

## 12. gr.

Starfsmenn Löggildingarstofu og rafskoðunarstofa eru bundnir þagnarskyldu um atriði er þeir fá vitneskju um í starfi sínu og atvinnuleynd hvílir yfir. Það skal þó ekki vera því til fyrirstöðu að Löggildingarstofa birti opinberlega upplýsingar um hættuleg raforkuvirki, neysluveitur og rafföng ef brýna nauðsyn ber til sökum þess að af hlutum þessum stafar hætta.

## 13. gr.

Ráðherra setur í reglugerð um raforkuvirki ákvæði til varnar hættu og tjóni af rafmagni og til varnar truflunum á starfrækslu raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga sem fyrir eru eða síðar kunna að koma. Jafnframt setur ráðherra nánari ákvæði um framkvæmd laganna.

Í reglugerð skal setja ákvæði um:

1. gerð, tilhögun, setningu, starfrækslu og eftirlit með raforkuvirkjum og neysluveitum, svo og öðrum mannvirkjum sem sett eru eða notuð svo nálægt raforkuvirkjum og neysluveitum að tjón, hætta eða tilfinnanleg truflun geti stafað af;
2. framkvæmd og tilhögun yfireftirlits Löggildingarstofu;
3. ábyrgð ábyrgðarmanna á ástandi virkja og meðferð þeirra;
4. takmörkun á eða bann við innflutningi, sölu, smíði innan lands og notkun raffanga og einstakra hluta raforkuvirkja eða neysluveitna sem fullnægja ekki settum skilyrðum;
5. skyldur ábyrgðarmanna til þess að tilkynna, gefa skýrslu um og halda skrá yfir raforkuvirki og neysluveitur sem fyrir hendi eru, um ný virki og aukningu og endurbætur eldri virkja;
6. heimild til handa Löggildingarstofu til að láta stöðva um stundarsakir starfrækslu raforkuvirkja eða neysluveitna og rjúfa rafstraum hjá einstökum notendum og fyrirtækjum sem hlíta ekki ákvæðum laga þessara og reglugerða á grundvelli þeirra, svo og svipta þá löggildingu eða starfsleyfi sem gerst hafa brotlegir við lög þessi eða reglugerðir á grundvelli þeirra;

7. innra öryggisstjórnunarkerfi og viðurkenningu Löggildingarstofu á því, svo og um skyldur ábyrgðarmanna, sbr. 5. gr.;
8. tíðni, umfang og framkvæmd skoðana sem skulu vera í samræmi við þá hættu sem stafar af gerð raforkuvirkis, neysluveitu eða raffangs, sbr. 7. gr.;
9. eftirlit með raforkuvirkjum, neysluveitum og rafföngum, innfluttum eða smíðuðum innan lands;
10. starfsleyfi tilnefndra ábyrgðarmanna rafveitna, starfsleyfi rafskoðunarstofa, löggildingingu rafverktaka og um skilyrði sem fullnægja þarf;
11. fræðslu og upplýsingar um hættu af rafmagni og leiðir til að verjast henni;
12. birtingu niðurstaðna skoðana, upplýsinga um slys og tjón og annarra upplýsinga um rafmagnsöryggismál;
13. heimildir Löggildingarstofu til að setja nánari reglur um tæknilega útfærslu á gerð, tilhögun, eftirliti og starfrækslu raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, svo og á skoðunaraðferðum rafskoðunarstofa og rafverktaka.

Í reglugerð er ráðherra heimilt að setja ákvæði um raforkuvirki eða rafföng sem falla ekki undir ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, þar með taldar bókanir hans og viðauka.

#### IV. KAFLI

#### Gjaldtaka.

##### 14. gr.

Til reksturs rafmagnsöryggismála sem Löggildingarstofu eru falin samkvæmt lögum þessum skal aflað fjár á eftirfarandi hátt:

1. Vegna yfireftirlits Löggildingarstofu með rafveitum skulu rafveitur árlega greiða til stofnunarinnar gjald sem nemur allt að 0,2% af heildartekjum þeirra af raforkusölu og leigu mælitækja, að frádregnu andvirði aðkeyptrar raforku og virðisaukaskatti. Ef eigandi raforkuvers notar sjálfur alla orku sem þar er unnin eða verulegan hluta hennar og hún er ekki mæld eða verðlögð eða ekki er vitað um tekjur af raforkusölu skal hann greiða gjald af áætlaðri notkun. Undanþegin ákvæðum þessa töluliðar er raforkusala til Íslenska álfélagsins hf. og Íslenska járnblendifélagsins hf., svo og til annarra iðjuvera sem undanþegin kunna að verða með lögum.
2. Vegna úrtaksskoðana sem Löggildingarstofa lætur framkvæma á búnaði rafveitna og skoðana á innri öryggisstjórnun þeirra skulu rafveitur greiða skoðunarkostnað samkvæmt gjaldskrá sem Löggildingarstofa gefur út og ráðherra staðfestir.
3. Vegna yfireftirlits Löggildingarstofu og úrtaksskoðana sem stofnunin lætur framkvæma á búnaði stóriðjuvera sem kaupa eða framleiða raforku sem undanskilin er gjaldtöku skv. 1. tölul. skulu eigendur þeirra greiða skoðunarkostnað samkvæmt gjaldskrá sem Löggildingarstofa gefur út og ráðherra staðfestir.

Undir gjaldtöku samkvæmt tölulið þessum má fella kostnað við yfireftirlit og skoðanir á einkarafstöðvum.

4. Vegna yfireftirlits Löggildingarstofu og þeirra úrtaksskoðana sem stofnunin lætur framkvæma á nýjum neysluveitum og neysluveitum í rekstri og þrátt fyrir ákvæði annarra laga um rafveitur skulu rafveitur árlega greiða til stofnunarinnar gjald sem nemur allt að 0,6% af heildartekjum þeirra af raforkusölu og leigu mælitækja, að frádregnu andvirði aðkeyptrar raforku og virðisaukaskatti.

Undanþegin ákvæðum þessa töluliðar er raforkusala til Íslenska álfélagsins hf. og Íslenska járnblendifélagsins hf., svo og til annarra iðjuvera sem undanþegin kunna að verða með lögum.

5. Vegna yfireftirlits Löggildingarstofu og eftirlits með rafföngum á markaði sem stofnunin lætur framkvæma skulu innflytjendur og innlendir framleiðendur greiða til stofnunarinnar eftirlitsgjald af eftirlitsskyldum rafföngum sem má vera allt að 0,15% af tollverði innfluttrar vöru eða af sambærilegum gjaldstofni innlendarar vöru.

Undanþegin þessari gjaldtöku eru rafföng sem seld eru úr landi.

6. Vegna yfireftirlits Löggildingarstofu og þeirra úrtaksskoðana sem stofnunin lætur framkvæma á aðstöðu, búnaði og innri öryggisstjórnun rafverktaka skulu rafverktakar greiða skoðunarkostnað samkvæmt gjaldskrá sem Löggildingarstofa gefur út og ráðherra staðfestir.

7. Löggildingarstofu er heimilt að láta prófa rafföng innlendra framleiðenda sem sett eru á markað í fyrsta sinn. Framleiðendur raffanga greiða Löggildingarstofu fyrir slíkar prófanir samkvæmt gjaldskrá sem stofnunin gefur út og ráðherra staðfestir.

8. Löggildingarstofu er heimilt að láta framkvæma aukaskoðanir eða auka tíðni úrtaksskoðana hjá aðilum sem ítrekað hafa orðið uppvisir að því að uppfylla ekki skilyrði laga þessara eða reglugerða á grundvelli þeirra. Þeir sem slíkar aukaskoðanir beinast að skulu greiða kostnað sem af þeim hlýst samkvæmt gjaldskrá sem Löggildingarstofa gefur út og ráðherra staðfestir.

Ráðherra getur í reglugerð sett nánari ákvæði um gjöld þessi. Í reglugerð getur ráðherra heimilað rafveitum, eigendum neysluveitna og rafverktökum að semja beint við rafskoðunarstofur um skoðanir skv. 2., 3. og 6. tölul. þessarar greinar.

## V. KAFLI

### Ýmis ákvæði.

#### 15. gr.

Ef ekki er farið að ákvörðunum eða fyrirmælum Löggildingarstofu samkvæmt lögum þessum getur stofnunin ákveðið að sá eða þeir sem ákvörðunin beinist gegn greiði dagsektir þar til farið verður að þeim. Dagsektir geta numið frá 10 til 500 þús. kr. á dag. Ákvörðun um dagsektir skal tilkynnt bréflaga á sannanlegan hátt þeim sem hún beinist að.

Ákvarðanir skv. 1. mgr. um að leggja á dagsektir eru aðfararhæfar, svo og sakarkostnaður. Við aðför samkvæmt ákvörðunum um dagsektir skal kveðja gerðarþola fyrir héraðsdóm og um málsmeðferð skal fara skv. 13. kafla aðfararlaga.

Öll gjöld og dagsektir samkvæmt lögum þessum má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

#### 16. gr.

Með dómi er heimilt að gera upptæk raforkuvirki og rafföng sem framleidd eru, seld, afhent eða notuð andstætt ákvæðum laga þessara, reglugerða og öryggisfyrirmælum Löggildingarstofu.

#### 17. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum. Með mál út af brotum á lögum þessum og reglugerðum á grundvelli þeirra skal farið að hætti opinberra mála.

#### 18. gr.

Rafveitur geta óskað eftir allt að tólf mánaða aðlögunartíma frá gildistöku laga þessara til að hverfa frá eftirliti með rafmagnslögnum og tækjum sem notuð eru í sambandi við veitur þeirra. Rafveitur skulu hafa samráð við Löggildingarstofu um þá aðlögun. Á aðlögunartíma skal skoðun rafveitna fylgja reglum Löggildingarstofu sem eru þær sömu fyrir landið allt. Grein þessi frestar ekki gildistöku ákvæða 14. gr. laga þessara.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 60 31. maí 1979, um Rafmagnseftirlit ríkisins.

*Gjört á Bessastöðum, 27. desember 1996.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

*Finnur Ingólfsson.*

## LÖG

### um Póst- og fjarskiptastofnun.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

#### **Yfirstjórn o.fl.**

Póst- og fjarskiptastofnun hefur umsjón með framkvæmd fjarskipta- og póstmála hér á landi eftir því sem mælt er fyrir um í lögum þessum og öðrum lögum sem um fjarskipta- og póstmál fjalla.

Póst- og fjarskiptastofnun er sjálfstæð stofnun, en undir yfirstjórn samgönguráðherra.

2. gr.

#### **Starfsmenn.**

Samgönguráðherra skipar forstöðumann Póst- og fjarskiptastofnunar til fimm ára í senn. Forstöðumaður stjórnar daglegum rekstri og gætir þess að stofnunin starfi í samræmi við lög og reglugerðir á hverjum tíma. Forstöðumaður Póst- og fjarskiptastofnunar ræður annað starfsfólk stofnunarinnar.

Starfsmenn Póst- og fjarskiptastofnunar mega ekki vera stjórnarmenn eða starfsmenn félaga eða annarra aðila sem þeir hafa eftirlit með. Þeir mega ekki vera í hagsmunum- eða fjárhagstengslum við slíka aðila eða samtök þeirra.

3. gr.

#### **Verkefni.**

Verkefni Póst- og fjarskiptastofnunar eru m.a.:

1. Að gefa út og veita leyfi til fjarskipta- og póstpjónustu samkvæmt lögum um fjarskipti og lögum um póstpjónustu.
2. Að hafa eftirlit með því að leyfishafar uppfylli og virði þau skilyrði og aðrar kvaðir sem rekstrarleyfunum fylgja.
3. Að hafa eftirlit með því að ákvæði laga um fjarskipti og laga um póstpjónustu, auk reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim, séu virt.
4. Að vera ráðgefandi fyrir stjórnvöld og ráðuneyti á sviði fjarskipta- og póstmála og hafa eftirlit með því að Ísland uppfylli á hverjum tíma þær skuldbindingar sem mælt er fyrir um í alþjóðlegum samningum á sviði fjarskipta- og póstmála.
5. Að gera áætlanir um notkun tíðnirófsins í samræmi við alþjóðlegar reglur og úthluta tíðnum til einstakra leyfishafa og fyrir mismunandi þjónustu, þar með talið útvarpsþjónustu.

6. Að setja reglur um tæknilega eiginleika kapalkerfa og hafa eftirlit með því að þeim sé framfylgt.
7. Að hafa eftirlit með viðskiptaskilmálum leyfishafa, gjaldskrá og bókhaldi, þar sem það á við.
8. Að hafa umsjón með og ákvarða fjárframlög vegna alþjónustu og óarðbærrar þjónustu.
9. Að hafa eftirlit með fjarskiptabúnaði.
10. Að setja reglur um úthlutun notendanúmera.
11. Að hafa eftirlit með samtengingu fjarskiptaneta.
12. Að veita leyfi til að annast uppsetningu og aðra tækniþjónustu við fjarskiptavirki.
13. Að framkvæma gerðarprófanir, gefa út gerðarsamþykki og hafa umsjón með innflutningi fjarskiptabúnaðar.
14. Að taka þátt í samstarfi sem leiðir af alþjóðlegum skuldbindingum á sviði fjarskipta- og póstmála.
15. Að gefa út öryggisvottorð fyrir fjarskiptabúnað þar sem þess er krafist samkvæmt lögum og reglugerðum.
16. Að annast skráningu og halda skrá yfir póstrekendur.
17. Annað sem lýtur að framkvæmd fjarskipta- og póstmála hér á landi.

#### 4. gr.

##### **Eftirlit með leyfishöfum.**

Póst- og fjarskiptastofnun hefur eftirlit með starfsemi leyfishafa. Með leyfishöfum í lögum þessum er átt við þá aðila sem hafa rekstrarleyfi til fjarskiptaþjónustu og þá sem rekstrarleyfi hafa eða eru skráningarskyldir samkvæmt lögum um pósthjónustu. Póst- og fjarskiptastofnun er jafnframt heimilt að hafa eftirlit með fjárhagsstöðu leyfishafa.

#### 5. gr.

##### **Eftirlitsúrræði Póst- og fjarskiptastofnunar og viðurlög.**

Póst- og fjarskiptastofnun getur krafist þess að leyfishafar upplýsi um alla þætti starfsemi sinnar sem leyfið eða skráningin tekur til. Getur stofnunin krafist hvort sem er munnlegra eða skriflegra upplýsinga, innan hæfilegs frests sem hún ákveður.

Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt við eftirlit með fjárhagsstöðu að krefjast þess að leyfishafar láti stofnuninni í té ársreikninga, milliuppgjör, yfirlýsingar endurskoðenda eða aðrar sambærilegar upplýsingar. Telji Póst- og fjarskiptastofnun að fjárhagsstaða leyfishafa sé slík að hætta sé á að viðkomandi uppfylli ekki skyldur þær sem mælt er fyrir um í rekstrarleyfi getur stofnunin krafist þess að bætt verði úr innan tiltekins frests.

Til að framfylgja eftirlitsskyldu sinni samkvæmt lögum þessum er Póst- og fjarskiptastofnun heimilt, án sérstakrar tilkynningar eða dómsúrskurðar, að fara eftirlitsferðir í húskynni leyfishafa.

Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að leggja á og innheimta dagsektir af leyfishöfum, uppfylli þeir ekki skilyrði sem þeim hafa verið sett eða aðrar kvaðir sem á þá hafa verið lagðar samkvæmt lögum um fjarskipti og lögum um pósthjónustu. Geta dagsektir numið frá 50.000 til 500.000 kr. á dag. Eru slíkar sektir aðfararhæfar skv. 5. tölul. 1. mgr. 1. laga nr. 90/1989, um aðför.

Vanræki leyfishafi skyldur sínar samkvæmt rekstrarleyfi eða uppfylli ekki kröfur sem Póst- og fjarskiptastofnun setur um úrbætur getur stofnunin svipt viðkomandi leyfi til fjarskipta- eða pósthjónustu, að undangenginni skriflegri aðvörun.

Ef grunur vaknar um að aðili reki leyfis- eða skráningarskylda pósth- eða fjarskiptastarfsemi án þess að hafa til þess rekstrarleyfi skal Póst- og fjarskiptastofnun krefjast þess að

viðkomandi upplýsi um starfsemi sína. Vanræki viðkomandi að veita umbeðnar upplýsingar eða ef ætla má að grunur sé á rökum reistur getur stofnunin krafist opinberrar rannsóknar og saksóknar samkvæmt lögum nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála.

Samgönguráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd eftirlits Póst- og fjarskiptastofnunar.

#### 6. gr.

##### **Þagnarskylda.**

Starfsmenn Póst- og fjarskiptastofnunar eru bundnir þagnarskyldu. Þeir mega ekki að viðlagðri ábyrgð skýra óviðkomandi frá því sem þeir komast að í starfi sínu og leynt á að fara um viðskipti og rekstur aðila sem þeir hafa eftirlit með. Sama gildir um endurskoðendur og aðra sérfræðinga sem starfa á vegum stofnunarinnar. Þagnarskylda helst þótt látið sé af störfum.

Með gögn og aðrar upplýsingar, t.d. að því er varðar viðskiptahagsmuni sem stofnunin aflar við framkvæmd eftirlits eða af öðrum ástæðum, skal að jafnaði fara sem trúnaðarmál.

#### 7. gr.

##### **Kvartanir.**

Telji notandi fjarskipta- eða pósthjónustu, rekstrarleyfishafi eða aðrir sem hagsmuna hafa að gæta að leyfishafi brjóti gegn skyldum sínum samkvæmt lögum um fjarskipti eða lögum um pósthjónustu, eða gegn skilyrðum sem mælt er fyrir um í rekstrarleyfi, getur hlut- aðeigandi beint kvörtun til Póst- og fjarskiptastofnunar um að hún láti málið til sín taka.

Póst- og fjarskiptastofnun skal leita álits viðkomandi leyfishafa á kvörtuninni og jafnframt freista þess að jafna ágreining aðila. Ella skal úr ágreiningi skorið með úrskurði.

Úrskurðum Póst- og fjarskiptastofnunar má skjóta til úrskurðarnefndar skv. 8. gr. innan fjögurra vikna frá því viðkomandi varð kunnugt um úrskurð stofnunarinnar.

#### 8. gr.

##### **Úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála.**

Ákvarðanir og úrskurðir Póst- og fjarskiptastofnunar sæta kæru til sérstakrar nefndar, úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála. Í úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála sitja þrír menn sem skipaðir eru af samgönguráðherra og jafnmargir til vara. Formaður og varaformaður skulu skipaðir eftir tilnefningu Hæstaréttar. Einn nefndarmaður ásamt varamanni skal skipaður samkvæmt tilnefningu stjórnar Verkfræðingafélags Íslands. Samgönguráðherra skipar einn nefndarmann ásamt varamanni án tilnefningar. Formaður og varaformaður skulu fullnægja hæfisskilyrðum hæstaréttardómara. Skipunartími nefndarinnar er fjögur ár.

Úrskurður nefndarinnar skal að jafnaði liggja fyrir innan átta vikna frá því kæra berst henni.

Úrskurðir nefndarinnar skulu vera endanlegir á stjórnslustigi. Nú vill aðili ekki una úrskurði nefndarinnar og getur hann þá borið úrskurðinn undir dómstóla, en slíkt mál skal höfða innan sex mánaða frá því aðili fékk vitneskju um úrskurð nefndarinnar. Málshöfðun frestar ekki gildistöku úrskurða nefndarinnar.

Um starfshætti nefndarinnar, málsmeðferð, málskotsgjald o.fl. skal mælt fyrir í reglugerð.

## 9. gr.

**Gjaldtaka o.fl.**

Fyrir útgáfu rekstrarleyfisbréfa og skráningu póstrekenda greiðist gjald til ríkissjóðs samkvæmt lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs.

Rekstrarleyfishafar skulu árlega greiða rekstrargjald sem nemur 0,25% af bókfærðri veltu. Með bókfærðri veltu er átt við rekstrartekjur sem leyfishafi hefur af leyfisbundinni starfsemi sinni hér á landi.

Við útgáfu rekstrarleyfa til fjarskiptaþjónustu, þar sem takmarka þarf fjölda rekstrarleyfishafa, er heimilt að innheimta sérstakt gjald fyrir rekstrarleyfi, auk gjalda samkvæmt 1. og 2. mgr. Póst- og fjarskiptastofnun getur ákveðið að gjaldið skuli ákvarðast með útboði.

Póst- og fjarskiptastofnun getur gerð leyfishöfum að greiða samkvæmt reikningi kostnað vegna sérstakra kannana sem stofnunin telur nauðsynlegt að framkvæma vegna eftirlits með starfsemi á þeirra vegum og ósanngjarnt telst að jafna á alla leyfishafa.

Samgönguráðherra setur gjaldskrá fyrir aðra þjónustu Póst- og fjarskiptastofnunar.

Allar tekjur samkvæmt þessari grein skulu renna óskiptar til Póst- og fjarskiptastofnunar.

Gjöld samkvæmt þessari grein má draga frá tekjum þess rekstrarárs þegar stofn þeirra myndaðist.

Um álagningu og innheimtu gjalda samkvæmt þessari grein fer samkvæmt ákvæðum VIII.–XIV. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, eftir því sem við á og skulu innheimtuaðilar standa Póst- og fjarskiptastofnun skil á innheimtum gjöldum mánaðarlega.

## 10. gr.

**Skýrsla.**

Póst- og fjarskiptastofnun skal árlega birta skýrslu um starfsemi sína. Í skýrslunni skal m.a. greint frá útgefnum leyfum og birtur listi yfir leyfishafa og skráða póstrekendur.

## 11. gr.

**Reglugerðir.**

Samgönguráðherra setur í reglugerð nánari fyriræli um framkvæmd laganna.

## 12. gr.

**Gildistaka.**

Lög þessi öðlast gildi þann 1. janúar 1997.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Póst- og fjarskiptastofnun skal taka til starfa þann 1. apríl 1997. Frá gildistöku laga þessara og til þess tíma er Póst- og fjarskiptastofnun tekur til starfa skal samgönguráðuneytið annast þau verkefni sem Póst- og fjarskiptastofnun er falið í lögum þessum.

Póst- og fjarskiptastofnun yfirtekur eignir og skuldir Fjarskiptaftirlits ríkisins frá og með gildistöku laga þessara.

*Gjört á Bessastöðum, 27. desember 1996.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

*Halldór Blöndal.*

## LÖG

um breytingu á lögum nr. 97/1987,  
um vörugjald, með síðari breytingum.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. mgr. 3. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „C–F-liðum“ í 1. málsl. kemur: C–E-liðum.
- b. 4. tölul. fellur brott.

## 2. gr.

Í stað orðanna „C–F-liðum“ í 6. gr. laganna kemur: C–E-liðum.

## 3. gr.

Í stað orðanna „C–F-liðum“ í 1. mgr. 7. gr. laganna kemur: C–E-liðum.

## 4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á viðauka I við löggin:

- a. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum í A-lið viðaukans breytist fjárhæð magn-gjalds úr 65 kr./kg í 60 kr./kg:

1704.1000	1704.9007	1806.2006	1806.3209	1806.9039
1704.9001	1704.9009	1806.2009	1806.9023	2106.9061
1704.9002	1806.1000	1806.3101	1806.9024	3003.9001
1704.9003	1806.2001	1806.3109	1806.9025	3004.5004
1704.9004	1806.2003	1806.3201	1806.9026	3004.9004
1704.9005	1806.2004	1806.3202	1806.9028	3302.1021
1704.9006	1806.2005	1806.3203	1806.9029	3302.1030

- b. Af vörum í eftirgreindum tollskrárnúmerum í A-lið viðaukans breytist fjárhæð magn-gjalds úr 12 kr./kg í 10 kr./kg:

2006.0011	2006.0030	2008.2001	2008.5009	2008.9100
2006.0012	2007.1000	2008.2009	2008.6001	2008.9201
2006.0019	2007.9100	2008.3001	2008.6009	2008.9209
2006.0021	2007.9900	2008.3009	2008.7001	2008.9901
2006.0022	2008.1101	2008.4001	2008.7009	2008.9902
2006.0023	2008.1109	2008.4009	2008.8001	2008.9909
2006.0029	2008.1900	2008.5001	2008.8009	2106.9062

- c. Eftirgreind tollskrárnúmer falla brott úr A-lið viðaukans: 1806.9027 og 3302.1029.

- d. Af vörum í öllum tollskrárnúmerum sem tilgreind eru í B-lið viðaukans breytist fjárhæð magn-gjalds úr 9 kr./l í 8 kr./l.

- e. Eftirgreind tollskrárnúmer bætast við C-lið viðaukans:



8708.1000	8708.3900	8708.6000	8708.9100	8708.9900
8708.2900	8708.4000	8708.7000	8708.9300	
8708.3100	8708.5000	8708.8000	8708.9400	

f. Eftirgreind tollskrárnúmer falla brott úr C-lið viðaukans:

3303.0001	3305.3000	3307.9009	3702.4402	3702.9200
3303.0002	3305.9000	3701.2000	3702.5100	3702.9300
3304.1000	3307.1000	3701.9109	3702.5200	3702.9400
3304.2000	3307.2000	3701.9909	3702.5300	3702.9500
3304.3000	3307.3000	3702.2000	3702.5400	
3304.9100	3307.4100	3702.3100	3702.5500	
3304.9900	3307.4900	3702.3200	3702.5600	
3305.2000	3307.9002	3702.3909	3702.9100	

g. Eftirgreind tollskrárnúmer falla brott úr D-lið viðaukans:

8708.1000	8708.5000	8708.9300	9608.3100	9608.9100
8708.2900	8708.6000	8708.9400	9608.3900	9608.9900
8708.3100	8708.7000	8708.9900	9608.4000	9609.1000
8708.3900	8708.8000	9608.1000	9608.5000	9609.2000
8708.4000	8708.9100	9608.2000	9608.6000	9609.9000

h. Eftirgreind tollskrárnúmer bætast við E-lið viðaukans:

8527.1201	8527.2900	8528.1302	8543.9001	9305.2100
8527.1209	8527.3101	8528.1309	9301.0000	9305.2900
8527.1301	8527.3102	8528.2109	9302.0000	9305.9000
8527.1302	8527.3109	8528.2209	9303.1000	9306.1000
8527.1309	8527.3200	8528.3009	9303.2000	9306.2100
8527.1900	8527.3900	8529.1009	9303.3000	9306.2900
8527.2101	8527.9009	8529.9009	9303.9009	9306.3009
8527.2102	8528.1202	8543.8100	9304.0000	9306.9009
8527.2109	8528.1209	8543.8901	9305.1000	9307.0000

i. F-liður viðaukans fellur brott.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. febrúar 1997.

### Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði laga þessara skulu taka til allra vara sem ótollafgreiddar eru við gildistöku þeirra, þó ekki vara sem afhentar hafa verið með bráðabirgðatollafgreiðslu, svo og til allra innlendra framleiðsluvara sem ekki hafa verið seldar eða afhentar þann dag.

*Gjört á Bessastöðum, 27. desember 1996.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

*Friðrik Sophusson.*

# LÖG

## um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### 1. gr.

Í stað orðanna „falla undir gjaldflokk D í lögum nr. 97/1987, um vörugjald“ í 8. tölul. 2. mgr. 14. gr. laganna kemur: flokkast undir tollskrárnúmer sem talin eru upp í viðauka við lög þessi.

### 2. gr.

Við 7. mgr. 16. gr. laganna bætist nýr málslíður er orðast svo: Hafi aðili talið til innskatts virðisaukaskatt af öflun eða leigu ökutækis en ökutækið er síðar tekið til annarrar notkunar þar sem honum er heimill minni eða enginn frádráttarréttur ber honum að tilkynna það til skattstjóra áður en notkun er breytt og fjarlægja auðkenni sem sett hafa verið á ökutækið samkvæmt þessari grein.

### 3. gr.

25. gr. laganna orðast svo:

Skattstjóri skal ákvarða virðisaukaskatt skráðs aðila á hverju uppgjörstímabili.

Hann skal rannsaka virðisaukaskattsskýrslur og leiðréttu þær ef þær eða einstakir liðir þeirra eru í ósamræmi við lög þessi eða fyrirmæli sem sett verða samkvæmt þeim. Þá skal skattstjóri áætla skatt af viðskiptum þeirra aðila sem ekki senda skýrslur innan tilskilins tíma, senda enga skýrslu eða ef skýrslu eða fylgigögnum er ábótavant. Áætlun skal vera svo rífleg að eigi sé hætt við að skattfjárhæð sé áætluð lægri en hún er í raun og veru. Skattstjóri skal tilkynna innheimtumanni og skattgreiðanda um áætlanir og leiðréttingar sem gerðar hafa verið. Þó skal skattstjóri ávallt leiðréttu augljósar reikningssekkjur án sérstakrar tilkynningar til skattgreiðanda.

Sé innskattur á einhverju uppgjörstímabili hærri en útskattur skal skattstjóri rannsaka skýrslu sérstaklega. Fallist skattstjóri á skýrsluna tilkynnir hann aðila og innheimtumanni ríkissjóðs um samþykki sitt til endurgreiðslu. Innheimtumaður ríkissjóðs skal endurgreiða aðila mismuninn. Kröfu um vangoldin opinber gjöld og skatta til ríkissjóðs ásamt verðbótum, álagi og dráttarvöxtum skal skuldajafna á móti endurgreiðslum samkvæmt lögum þessum.

Hafi skýrslu verið skilað á tilskildum tíma skal endurgreiðsla fara fram innan fimmtán daga frá lokum skilafrests. Endurgreiðsla má þó aðeins fara fram að skattákvörðun liggja fyrir vegna fyrri tímabila. Berist skýrsla eftir lok skilafrests skal endurgreiðsla fara fram innan fimmtán daga frá því að skattstjóri kveður upp úrskurð skv. 29. gr. Geti skattstjóri ekki vegna aðstæðna aðila gert nauðsynlegar athuganir á gögnum þeim er skýrslugjöfin byggist á, þar með talið að aðili hafi lagt fram röng eða villandi gögn, framlengist framangreindur frestur um þann tíma sem slíkar aðstæður ríkja.

Komi í ljós að endurgreiðsla samkvæmt þessari grein hafi verið of há skal skattstjóri þegar í stað tilkynna aðila og innheimtumanni ríkissjóðs þar um. Aðila ber eigi síðar en sjö dögum eftir tilkynningu skattstjóra um of háa endurgreiðslu að greiða innheimtumanni það sem ofgreitt var.

## 4. gr.

26. gr. laganna orðast svo:

Komi í ljós annmarkar á virðisaukaskattsskýrslu, fyrir eða eftir ákvörðun skv. 25. gr., eða telji skattstjóri frekari skýringa þörf á einhverju atriði varðandi virðisaukaskattsskil aðila skal hann skriflega skora á aðila að bæta úr því innan ákveðins tíma og láta í té skriflegar skýringar og þau gögn sem skattstjóri telur þörf á að fá. Fái skattstjóri fullnægjandi skýringar og gögn innan frests ákvarðar hann eða endurákvæðar virðisaukaskatt samkvæmt virðisaukaskattsskýrslu og fengnum skýringum og gögnum. Ef eigi er bætt úr annmörkum á virðisaukaskattsskýrslu, svar aðila berst ekki innan tiltekins tíma, skýringar hans eru ófullnægjandi eða eigi eru send þau gögn sem óskað er eftir er skattstjóra heimilt að áætla virðisaukaskatt aðila.

Þá er skattstjóra heimilt að áætla virðisaukaskatt ef í ljós kemur að virðisaukaskattsskýrsla styðst ekki við tilskilið bókhald samkvæmt lögum nr. 145/1994, um bókhald, samkvæmt ákvæðum laga þessara eða ákvæðum reglugerða settra samkvæmt þeim. Jafnframt er skattstjóra heimilt að áætla virðisaukaskatt aðila ef í ljós kemur að færsla á innskatti eða útskatti, eða öðrum þáttum sem virðisaukaskattsskýrsla byggist á, styðst ekki við lögmæt gögn. Sama gildir ef bókhald og þau gögn, sem liggja fyrir um fjárhæðir virðisaukaskattsskýrslu, verða ekki talin nægilega örugg eða ef tekjuskráning, þar með talin notkun sjóðvélar eða útbúnaður hennar eða notkun og form reikninga, er ekki í samræmi við ákvæði laga þessara eða reglugerða settra samkvæmt þeim. Enn fremur er heimilt að áætla virðisaukaskatt aðila ef ekki er lagt fram bókhald eða þau gögn sem skattyfirvöld kunna að biðja um til að sannprófa virðisaukaskattsskýrslu. Áætlun skal vera svo rífleg að eigi sé hætt við að skattfjárhæð sé áætluð lægri en hún er í raun og veru. Ákvæði 27. gr. á við um áætlun samkvæmt þessari grein.

Við ákvörðun eða endurákvörðun, sbr. 1. og 2. mgr., skal skattstjóri tilkynna aðila skriflega um fyrirhugaðar breytingar og af hvaða ástæðum þær eru gerðar til að aðili geti tjáð sig skriflega um efni máls og lagt fram viðbótargögn. Við endurákvörðun skal skattstjóri þó veita aðila a.m.k. 15 daga frest frá póstlagningu tilkynningar um fyrirhugaðar breytingar. Sé ekki kunnugt um dvalarstað aðila er skattstjóra heimilt að gera breytingar án þess að tilkynna um þær.

Skattstjóri skal að jafnaði innan tveggja mánaða frá lokum þess frests sem skattstjóri hefur veitt aðila til að tjá sig um fyrirhugaðar breytingar kveða upp rökstuddan úrskurð um endurákvörðun skv. 3. mgr. og tilkynna hann í ábyrgðarbréfi. Tilkynning um skattbreytingu skal send viðkomandi innheimtumanni ríkissjóðs við uppkvaðningu úrskurðar. Samrit úrskurðar skal samtímis sent ríkisskattstjóra. Heimilt er aðila að kæra úrskurð skattstjóra til yfirskattanefndar samkvæmt ákvæðum laga nr. 30/1992, um yfirskattanefnd.

Heimild til endurákvörðunar virðisaukaskatts samkvæmt þessari grein nær til skatts síðustu sex ára sem næst eru á undan því ári þegar endurákvörðun fer fram. Sama gildir um endurákvörðun á áður ofendurgreiddum skatti. Fari fram rannsókn við embætti skattrannsóknarstjóra ríkisins eða hjá ríkislögreglustjóra á skattskilum aðila reiknast heimild til endurákvörðunar frá byrjun þess árs þegar rannsókn hófst.

Hafi skattstjóri eða ríkisskattstjóri grun um að skattsvik eða refsiverð brot á lögum um bókhald og ársreikninga hafi verið framin skal hann tilkynna það skattrannsóknarstjóra ríkisins sem ákveður um framhald málsins.

## 5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 27. gr. laganna:

- a. Í stað „26. gr.“ í 1. mgr. kemur: 25. gr.
- b. 7.–10. mgr. falla brott.

## 6. gr.

Í stað „26. gr.“ í 4. mgr. 28. gr. laganna kemur: 25. gr.

## 7. gr.

29. gr. laganna orðast svo:

Ákvörðun skattstjóra á virðisaukaskatti skv. 25. gr. er kæránleg til hans innan 30 daga frá því er skatturinn var ákveðinn. Kærufrestur reiknast frá póstlagningu tilkynningar um skattákvörðun. Við ákvörðun virðisaukaskatts án sérstakrar tilkynningar til kæranda reiknast kærufrestur þó frá gjalddaga uppgjörstímabilsins, sbr. 24. gr. Kærur skulu vera skriflegar og rökstuddar. Innsend fullnægjandi virðisaukaskattsskýrsla skal tekin sem kæra þegar um er að ræða áætlanir skv. 25. gr.

Ef virðisaukaskattur er endurákvarðaður samtímis ákvörðun, sbr. 26. gr., er endurákvörðunin jafnframt kæránleg til skattstjóra innan 30 daga frá því er skatturinn var ákveðinn, enda liggja ekki fyrir álagning skv. 98. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Skattstjóri skal að jafnaði innan tveggja mánaða frá lokum kærufrests kveða upp rökstuddan úrskurð um kærana og tilkynna hann í ábyrgðarbréfi.

Úrskurði skattstjóra má skjóta til yfirskattanefndar samkvæmt ákvæðum laga nr. 30/1992, um yfirskattanefnd.

Ágreining um skattskyldu og skatthæð má bera undir dómstóla, enda hafi áður verið um hann úrskurðað af yfirskattanefnd. Það skal þó gert innan sex mánaða frá því að yfirskattanefnd úrskurðar í málinu.

Áfrýjun eða deila um skattskyldu frestar ekki gjalddaga skattsins né leysir undan neinum þeim viðurlögum sem lögð eru við vangreiðslu hans, en verði skattur lækkaður eftir úrskurði eða dómi skal endurgreiða það sem lækkuninni nemur.

## 8. gr.

Í stað orðanna „5. mgr. 96. gr. og 4. mgr. 101. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum“ í 4. mgr. 39. gr. laganna kemur: 6. mgr. 26. gr.

## 9. gr.

Í stað orðsins „virðisaukaskatt“ í 3. málsl. 2. mgr. 42. gr. laganna kemur: 60% þess virðisaukaskatts.

## 10. gr.

Við lögina bætist viðauki sem orðast svo ásamt fyrirsögn:

**Viðauki.**

Af vörum til mannelis í eftirgreindum tollskrárnúmerum skal greiða 24,5% virðisaukaskatt:

1704.1000	1806.3109	2009.1109	2106.9011	2204.2161
1704.9001	1806.3201	2009.1901	2106.9019	2204.2911
1704.9002	1806.3202	2009.1909	2106.9021	2204.2921
1704.9003	1806.3203	2009.2001	2106.9022	2204.2931
1704.9004	1806.3209	2009.2009	2106.9031	2204.2941
1704.9005	1806.9023	2009.3001	2106.9039	2204.2951
1704.9006	1806.9024	2009.3009	2106.9061	2204.2961
1704.9007	1806.9025	2009.4001	2106.9063	2204.3001
1704.9009	1806.9026	2009.4009	2201.1000	2205.1001
1805.0001	1806.9028	2009.5001	2202.1001	2205.9001
1805.0009	1806.9029	2009.5009	2202.1009	2206.0001
1806.1000	1806.9039	2009.6001	2202.9009	2208.7011
1806.2001	1905.2000	2009.6009	2203.0001	2208.7091
1806.2003	1905.3011	2009.7001	2204.1001	2208.9091
1806.2004	1905.3019	2009.7009	2204.2111	2209.0000
1806.2005	1905.3021	2009.8001	2204.2121	
1806.2006	1905.3029	2009.8009	2204.2131	
1806.2009	1905.3030	2009.9001	2204.2141	
1806.3101	2009.1101	2009.9009	2204.2151	

11. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1997.

**Ákvæði til bráðabirgða.****I.**

Hafi skattstjóri tilkynnt aðila um fyrirhugaðar breytingar á virðisaukaskatti fyrir 1. janúar 1997 skal fara með málið eftir þeim ákvæðum sem í gildi voru fyrir þann tíma.

**II.**

Fari afhending á vinnu manna við endurbætur eða viðhald íbúðarhúsnæðis sannanlega fram fyrir 1. janúar 1997 er heimilt að endurgreiða virðisaukaskatt af henni að fullu, enda sé dagsetning sölureiknings fyrir þann tíma.

Hafi verksamningur vegna afhendingar á þjónustu skv. 1. mgr. verið gerður fyrir 1. janúar 1997 og afhending farið fram bæði fyrir og eftir þann tíma skal einungis endurgreiða virðisaukaskatt að fullu af þeirri vinnu sem unnin var fyrir 1. janúar 1997.

*Gjört á Bessastöðum, 27. desember 1996.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

*Friðrik Sophusson.*

# LÖG

## um breytingar á sérákvæðum í nokkrum lögum er varða réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

### I. KAFLI

#### FORSETISRÁÐUNEYTI

*Breyting á lögum nr. 59/1928, um friðun Þingvalla, með síðari breytingum.*

1. gr.

2. mgr. 6. gr. laganna orðast svo:

Þingvallanefnd ræður framkvæmdastjóra. Hann ræður annað starfslið.

### II. KAFLI

#### DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTI

*Breyting á lögum nr. 62/1990, um skipan prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands, með síðari breytingum.*

2. gr.

7. gr. laganna orðast svo:

Þingvallaprestakalli skv. 1. gr. gegnir prestur er ráðherra skipar til fimm ára í senn að fengnum tillögum biskups og Þingvallanefndar.

### III. KAFLI

#### FJÁRMÁLARÁÐUNEYTI

*Breyting á lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, með síðari breytingu.*

3. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 2. mgr. 1. gr. laganna, eins og henni var breytt með 1. tölul. 56. gr. laga nr. 70/1996:

- a. 1. tölul. orðast svo: Þeirra embættismanna og annarra starfsmanna ríkisins sem heyra undir lög um Kjaradóm og kjaranefnd.
- b. Í stað orðanna „3.–5. tölul.“ í 5. tölul. kemur: 6.–8. tölul.

4. gr.

1. tölul. 1. mgr. 19. gr. laganna, eins og honum var breytt með 1. tölul. 56. gr. laga nr. 70/1996, orðast svo: Þeirra embættismanna og annarra starfsmanna ríkisins sem heyra undir lög um Kjaradóm og kjaranefnd.

5. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 1. mgr. 26. gr. laganna:

- a. 4. tölul. fellur brott og breytist röð annarra töluliða í samræmi við það.
- b. Í stað orðanna „3.–6. tölul.“ í 5. tölul., sem verður 4. tölul., kemur: 5.–8. tölul.

*Breyting á lögum nr. 120/1992, um Kjaradóm  
og kjaranefnd, með síðari breytingu.*

6. gr.

Við 2. mgr. 8. gr. laganna, eins og henni var breytt með 2. tölul. 2. tölul. 56. gr. laga nr. 70/1996, bætist nýr málslíður er orðast svo: Enn fremur ákveður nefndin laun og starfskjör heilsugæslulækna og prófessora, enda verði talið að þeir gegni þeim störfum að aðalstarfi.

*Breyting á lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.*

7. gr.

Í stað orðanna „eða 24. gr.“ í 2. másl. 1. mgr. 7. gr. laganna kemur: eða setja í forföllum skv. 1. másl. 24. gr.

8. gr.

Í stað orðanna „öðrum en embættismönnum“ í 1. másl. 2. mgr. 9. gr. laganna kemur: öðrum en embættismönnum og þeim sem kjaranefnd ákvarðar laun.

9. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 22. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „og héraðsdómarar“ í 3. tölul. 1. mgr. kemur: héraðsdómarar og fulltrúar þeirra.
- b. 7. tölul. 1. mgr. orðast svo: Sýslumenn, ríkislögreglustjóri, vararíkislögreglustjóri, lögreglustjórinn og varalögreglustjórinn í Reykjavík, skólastjóri Lögregluskóla ríkisins og lögreglumenn.
- c. 8. tölul. 1. mgr. orðast svo: Ríkistollstjóri, tollstjórinn í Reykjavík og tollverðir.
- d. 9. tölul. 1. mgr. orðast svo: Forstjóri fangelsismálastofnunar, forstöðumenn fangelsa og fangaverðir.
- e. Á eftir 9. tölul. 1. mgr. koma fjórir nýir töluliðir, sem orðast svo:
  10. Ríkisskattstjóri, skattrannsóknastjóri ríkisins, yfirs kattanefndarmenn sem hafa það starf að aðalstarfi og skattstjórar.
  11. Héraðslæknar og héraðshjúkrunarfræðingar.
  12. Yfirdýralæknir, héraðsdýralæknar og dýralæknir fisksjúkdóma.
  13. Forstöðumenn ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja, áður ótaldir.
- f. Í stað orðsins „9. tölul. þessarar greinar“ í 2. mgr. kemur: 13. tölul. 1. mgr.

10. gr.

Á eftir 1. másl. 24. gr. laganna kemur nýr málslíður er verður 2. másl. og orðast svo: Jafnframt má setja mann til reynslu í embætti, áður en hann er skipaður í það, til eins árs í senn, þó aldrei lengur en tvö ár.

11. gr.

Við 7. mgr. ákvæðis til bráðabrigða í lögnum bætist nýr töluliður er verður 4. tölul. og orðast svo:

4. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 22. gr. skulu rannsóknarlögreglustjóri og vararannsóknarlögreglustjóri teljast til embættismanna.

IV. KAFLI  
MENNTAMÁLARÁÐUNEYTI

*Breyting á lögum nr. 29/1988, um Kennaraháskóla Íslands, með síðari breytingum.*

12. gr.

4. mgr. 31. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er að tillögu skólaráðs að ráða dósent eða lektor tímabundið til allt að tveggja ára í senn. Um tilhögun slíkrar ráðningar skal setja ákvæði í reglugerð.

13. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 32. gr. laganna:

- a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Ráðherra ræður prófessora, en rektor ræður dósent og lektora.
- b. Í stað orðsins „prófessorsembætti“ í 1. málsl. 2. mgr. kemur: prófessorsstarf.
- c. Í stað orðsins „skipa“ í 2. málsl. 2. mgr. kemur: ráða.

14. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 33. gr. laganna:

- a. 1. mgr. fellur brott.
- b. 1. málsl. 3. mgr. orðast svo: Rektor ræður annað starfslíð skólans en getið er um í 32. gr.

*Breyting á lögum nr. 131/1990, um Háskóla Íslands, með síðari breytingum.*

15. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 10. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „veitingu slíkrar kennarastöðu“ í 2. málsl. 3. mgr. kemur: ráðningu í slíkt kennarastarf.
- b. 3. málsl. 3. mgr. orðast svo: Ráðning í slíkt starf má vera tímabundin til allt að tveggja ára í senn.
- c. Í stað orðsins „stöðuveitingu“ í 4. málsl. 3. mgr. kemur: ráðningu.
- d. Í stað orðsins „stöðuveitinga“ í 6. málsl. 3. mgr. kemur: ráðninga.
- e. Í stað orðsins „prófessorsembætta“ í 7. málsl. 3. mgr. kemur: prófessorsstarfs.
- f. 4. mgr. orðast svo:

Heimilt er, með samþykki háskólaráðs að tillögu háskóladeildar, að ráða dósent eða lektor tímabundinni ráðningu til allt að tveggja ára í senn. Um tilhögun slíkrar ráðningar skal setja ákvæði í reglugerð.

- g. Í stað orðanna „til tveggja ára hið skemmsta“ í 6. mgr. kemur: tímabundið til allt að tveggja ára í senn.

16. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 11. gr. laganna:

- a. 1. málsl. 1. mgr. orðast svo: Ráðherra ræður prófessora, en rektor ræður dósent og lektora.
- b. Í stað orðsins „prófessorsembætti“ í 2. mgr. kemur: prófessorsstörf.
- c. Orðin „embættinu eða“ í 1. málsl. 3. mgr. falla brott.
- d. Orðin „embættinu eða“ í 1. málsl. 4. mgr. falla brott.
- e. Í stað orðsins „prófessorsembætti“ í 4. málsl. 4. mgr. kemur: prófessorsstarf.
- f. Orðin „embættið eða“ í 4. málsl. 4. mgr. falla brott.
- g. Orðin „embættið eða“ í 6. málsl. 4. mgr. falla brott.
- h. Í stað orðsins „prófessorsembætti“ í 6. mgr. kemur: prófessorsstarf.
- i. Í stað orðsins „prófessorsembætti“ í 7. mgr. kemur: prófessorsstarf.



## 17. gr.

12. gr. laganna orðast svo:

Þegar sérstaklega stendur á getur rektor, samkvæmt tillögu háskóladeildar og með samþykki háskólaráðs, boðið vísindamanni að taka við kennarastarfi við háskólann án þess að það sé auglýst laust til umsóknar.

Rektor skal heimilt, samkvæmt tillögu háskóladeildar, að auglýsa kennarastarf laust til umsóknar, svo að starfið verði veitt ári áður en hinn nýráðni kennari hefur kennslu sína. Kveða skal á um það hverju sinni frá hvaða tíma launagreiðslur hins nýráðna kennara hefjist.

*Breyting á lögum nr. 51/1992, um Háskólann á Akureyri, með síðari breytingu.*

## 18. gr.

Í stað orðsins „menntamálaráðuneyti“ í 1. málsl. 2. mgr. 3. gr. laganna kemur: ráðherra.

## 19. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 10. gr. laganna, eins og henni var breytt með 1. gr. laga nr. 70/1994:

a. 2. mgr. orðast svo:

Ráðherra ræður prófessora, en rektor ræður dósentar, lektora og stundakennara.

b. Í stað orðsins „skipa“ í 3. mgr. kemur: ráða.

c. Í stað orðsins „embættinu“ í 1. málsl. 5. mgr. kemur: starfinu.

d. Í stað orðsins „embættið“ í 2. málsl. 5. mgr. kemur: starfið.

e. Í stað orðsins „embætti“ í 2. málsl. 5. mgr. kemur: starf.

f. Í stað orðsins „prófessorsembætti“ í 3. málsl. 5. mgr. kemur: prófessorsstarf.

V. KAFLI  
GILDISTAKA

## 20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 27. desember 1996.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

*Davíð Oddsson.*

**um fiskveiðar utan lögsögu Íslands.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## I. KAFLI

**Fiskveiðar íslenskra skipa.**

## 1. gr.

Ákvæði þessa kafla taka til veiða íslenskra skipa úr nytjastofnum utan lögsögu Íslands, sbr. lög um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn. Til veiða samkvæmt lögum þessum

telst hvers konar nýting nytjastofna. Til nytjastofna í þessu sambandi teljast sjávardýr og sjávargróður sem nytjuð eru og kunna að verða nytjuð.

2. gr.

Úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögum þessum myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum.

3. gr.

Ráðherra getur sett reglur um veiðar íslenskra skipa utan lögsögu sem nauðsynlegar eru til að fullnægja almennum skyldum Íslands til verndunar lifandi auðlindum hafsins eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum.

4. gr.

Öllum íslenskum skipum eru heimilar veiðar utan lögsögu Íslands með þeim takmörkunum sem leiðir af lögum og reglum settum með stoð í þeim.

Ráðherra skal með reglugerð binda veiðar íslenskra skipa á úthafinu sérstökum leyfum sé það nauðsynlegt vegna alþjóðlegra samningsskuldbindinga Íslands, til þess að fullnægja almennum ákvörðunum sem teknar eru með stoð í 3. gr., eða til að vernda hagsmuni Íslands að því er varðar fiskstofna sem um ræðir í 5. gr., og eru veiðar í þessum tilvikum óheimilar án slíkra leyfa. Skulu leyfin bundin þeim skilyrðum sem nauðsynleg eru. Því aðeins er heimilt að veita skipum leyfi samkvæmt þessari grein að eigendur þeirra og útgerðir fullnægi þeim skilyrðum til að stunda veiðar í efnahagslögsögu Íslands sem kveðið er á um í lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri og í lögum um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands.

Ákvæði 2. mgr. gilda einnig um veiðar íslenskra skipa í lögsögu annarra ríkja úr þeim stofnum sem um ræðir í 5. gr.

Fiskveiðar íslenskra skipa innan lögsögu annarra ríkja eru ekki heimilar nema með leyfi þar til bærra yfirvalda.

Ráðherra getur sett sérstakar reglur um stjórn veiða íslenskra skipa í þeim tilvikum sem Ísland hefur nýtt rétt sinn til að mótmæla samþykktum um fiskveiðistjórn sem gerðar hafa verið á grundvelli samnings sem Ísland er aðili að, enda þótt ákvæði 1. málsl. 2. mgr. eigi ekki við. Getur hann í því skyni bundið veiðarnar sérstökum leyfum og eru þær þá óheimilar án slíkra leyfa. Binda má leyfin nauðsynlegum skilyrðum. Ákvæði 5. og 6. gr. gilda í þessum tilvikum eftir því sem við getur átt.

5. gr.

Um veiðar utan lögsögu Íslands úr stofnum, sem veiðast bæði innan og utan hennar, íslenskum deilistofnum, skulu gilda ákvæði laga um stjórn fiskveiða eftir því sem við getur átt, sbr. þó ákvæði þessarar greinar.

Sé tekin ákvörðun um að takmarka heildarafla úr slíkum stofni sem samfelld veiðireynsla er á skal aflahlutdeild einstakra skipa ákveðin á grundvelli veiðireynslu þeirra miðað við þrjú bestu veiðitímabil þeirra á undangengnum sex veiðitímabilum. Veiðireynsla telst samfelld samkvæmt lögum þessum hafi ársafli íslenskra skipa úr viðkomandi stofni a.m.k. þrisvar sinnum á undangengnum sex árum svarað til a.m.k. þriðjungs þess heildarafla sem er til ráðstöfunar af hálfu íslenskra stjórnvalda.

Hafi skip, sem reglulega hefur stundað veiðar úr stofni sem varanleg veiðireynsla er á, tafist frá veiðum í a.m.k. sex mánuði samfellt vegna meiri háttar tjóns eða bilana skal við ákvörðun aflahlutdeilda á grundvelli veiðireynslu skv. 2. mgr. reikna skipinu afla á því

tímabili sem frátafirnar verða. Skal aflinn fyrir hvert heilt veiðitímabil talinn nema sama hlutfalli af heildarafla og nam meðaltalshlutfalli skipsins í heildarafla af viðkomandi tegund á þeim tveimur veiðitímabilum sem næst liggja því tímabili eða þeim tímabilum sem frátafirnar verða. Verði frátafirnar aðeins hluta veiðitímabils skal reikna aflareynsluna hlutfallslega að teknu tilliti til almennra aflabragða þann hluta veiðitímabils sem frátafirnar verða.

Ráðherra getur bundið úthlutun skv. 2. og 6. mgr. því skilyrði að skip afsali sér aflaheimildum innan lögsögu Íslands er nemi, reiknað í þorskígildum, allt að 15% af þeim aflaheimildum sem ákveðnar eru á grundvelli þeirra málsgreina. Þær útgerðir, sem ekki geta uppfyllt skilyrði þessarar málsgreinar, skulu sæta skerðingu á úthlutuðum aflaheimildum samkvæmt þessari grein sem þessu nemur.

Þeim aflaheimildum, sem ekki er úthlutað samkvæmt framansögðu, skal ráðstafað með þeim hætti sem um ræðir í 6. mgr.

Sé ekki fyrir hendi samfelld veiðireynsla úr viðkomandi stofni skal ráðherra ákveða aflahlutdeild einstakra skipa. Skal hann við þá ákvörðun m.a. taka mið af fyrri veiðum skips. Einnig getur hann tekið mið af stærð skips, gerð þess eða búnaði og öðrum atriðum er máli skipta. Þá getur hann ráðstafað veiðiheimildum til skipa þeirra útgerða sem að undangenginni auglýsingu hafa lýst sig með skuldbindandi hætti reiðubúnar til þess að afsala af viðkomandi skipi mestum aflaheimildum, reiknað í þorskígildum, á tegundum sem heildarafla er takmarkaður af.

Þeim aflaheimildum, sem afsalað hefur verið á grundvelli 1. másl. 4. mgr. eða á grundvelli 6. mgr., skal úthlutað til annarra skipa í hlutfalli við samanlagða aflahlutdeild sem þau hafa, í þorskígildum talið, á grundvelli 2. mgr. 7. gr. laga um stjórn fiskveiða eða á grundvelli þessara laga.

Ráðherra er heimilt að veita íslenskum skipum, sem ekki hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni í íslenskri lögsögu skv. 1. mgr. 4. gr. laga um stjórn fiskveiða, leyfi til veiða úr þeim stofnum sem um ræðir í þessari grein utan lögsögunnar, enda uppfylli þau skilyrði lokamálsliðar 2. mgr. 4. gr. þessara laga. Þá skulu slík skip koma til greina við úthlutun afla- hlutdeildar, enda hafi þau veiðireynslu úr viðkomandi stofni.

Ráðherra getur, þrátt fyrir ákvæði þessarar greinar, ákveðið að allt að 5% heildaraflans verði sérstaklega úthlutað til þeirra skipa sem hófu veiðar úr viðkomandi stofni.

#### 6. gr.

Sé ákveðinn heildarafla úr öðrum stofnum en þeim sem um ræðir í 5. gr., á grundvelli samnings sem Ísland er aðili að, skal ráðherra setja reglur um veiðar íslenskra skipa á þeim hluta heildaraflans sem kemur í hlut Íslands. Skulu þær reglur tryggja að aflinn verði innan umsaminna marka og getur ráðherra í því skyni skipt veiðiheimildum úr stofninum á hverju veiðitímabili milli einstakra íslenskra skipa.

Við skiptingu veiðiheimilda úr stofni sem samfelld veiðireynsla er á skulu veiðiheimildir einstakra skipa ákveðnar á grundvelli veiðireynslu skipanna miðað við bestu þrjú veiðitímabil þeirra á undangengnum sex veiðitímabilum.

Hafi skip, sem reglulega hefur stundað veiðar úr stofni sem varanleg veiðireynsla er á, tafist frá veiðum í a.m.k. sex mánuði samfelld vegna meiri háttar tjóns eða bilana skal við ákvörðun aflahlutdeildar á grundvelli veiðireynslu skv. 2. mgr. reikna skipinu afla á því tímabili sem frátafirnar verða. Skal aflinn fyrir hvert heilt veiðitímabil talinn nema sama hlutfalli af heildarafla og nam meðaltalshlutfalli skipsins í heildarafla af viðkomandi tegund á þeim tveimur veiðitímabilum sem næst liggja því tímabili eða þeim tímabilum sem frátafirnar verða. Verði frátafirnar aðeins hluta veiðitímabils skal reikna aflareynsluna hlutfallslega að teknu tilliti til almennra aflabragða þann hluta veiðitímabils sem frátafirnar verða.

Ráðherra getur bundið úthlutun skv. 2. og 7. mgr. því skilyrði að skip afsali sér aflaheimildum innan lögsögu Íslands er nemi, reiknað í þorskígildum, allt að 7% af þeim aflaheimildum sem ákveðnar eru á grundvelli þeirra málsgreina. Þær útgerðir, sem ekki geta uppfyllt skilyrði þessarar málsgreinar, skulu sæta skerðingu á úthlutaðum aflaheimildum samkvæmt þessari grein sem þessu nemur.

Þeim aflaheimildum, sem ekki er úthlutað samkvæmt framansögðu, skal ráðstafað með þeim hætti sem um ræðir í 7. mgr.

Ráðherra getur ákveðið einstökum skipum fasta hlutdeild í afla til lengri tíma en eins veiðitímabils þegar veiðiheimildum er úthlutað skv. 2. mgr. og getur hann þá ákveðið að ákvæði laga um stjórn fiskveiða varðandi framsal veiðiheimilda gildi eftir því sem við getur átt.

Sé ekki fyrir hendi samfelld veiðireynsla úr viðkomandi stofni skal ráðherra ákveða veiðiheimildir einstakra skipa. Skal hann við þá ákvörðun m.a. taka mið af fyrri veiðum skips. Einnig getur hann tekið mið af stærð skips, gerð þess eða búnaði og öðrum atriðum er máli skipta. Þá getur hann ráðstafað veiðiheimildum til skipa þeirra útgerða sem að undangenginni auglýsingu hafa lýst sig með skuldbindandi hætti reiðubúnar til þess að afsala af viðkomandi skipi mestum aflaheimildum, reiknað til þorskígilda, í tegundum sem heildaraflí er takmarkaður af.

Þeim aflaheimildum, sem afsalað hefur verið á grundvelli 1. másl. 4. mgr. eða á grundvelli 7. mgr., skal úthlutað til annarra skipa í hlutfalli við samanlagða aflahlutdeild sem þau hafa, í þorskígildum talið, á grundvelli 2. mgr. 7. gr. laga um stjórn fiskveiða eða á grundvelli þessara laga.

Sé ekki ákveðinn heildaraflí skv. 1. mgr., en gert ráð fyrir takmörkun veiða á úthafinu á annan hátt, skal ráðherra setja reglur sem nauðsynlegar eru til að tryggja að veiðar íslenskra skipa verði innan þeirra marka. Getur hann í því skyni m.a. sett reglur um fjölda skipa, fjölda veiðiferða og úthaldstíma einstakra skipa.

Ráðherra er einnig heimilt að setja reglur sem nauðsynlegar eru til að takmarka veiðar í öðrum tilvikum, sbr. 3. gr., og skal hann í þeim efnum leita álits Hafrannsóknastofnunarinnar.

Ráðherra getur, þrátt fyrir ákvæði þessarar greinar, ákveðið að allt að 5% heildaraflans verði sérstaklega úthlutað til þeirra skipa sem hófu veiðar úr viðkomandi stofni.

#### 7. gr.

Ráðherra setur með reglugerð ákvæði um gerð og frágang veiðarfæra íslenskra skipa við veiðar utan lögsögu Íslands, þar á meðal um lágmarksmöskvastærð. Þá getur hann sett reglur um lokun veiðisvæða og aðrar þær aðgerðir sem nauðsynlegar kunna að vera til að tryggja verndun smáfisks og ábyrgar veiðar. Ráðherra skal í þessum efnum byggja á samningum sem Ísland er aðili að. Jafnframt getur ráðherra tekið mið af þeim reglum sem gilda við veiðar í lögsögu Íslands, reglum sem gilda í lögsögu annarra ríkja sem liggur að viðkomandi hafsvæði eða reglum sem settar hafa verið af viðkomandi svæðisstofnun.

#### 8. gr.

Eftirlitsmönnum Fiskistofu er heimilt að fara á eftirlitsferðir með íslenskum skipum við veiðar utan íslensku lögsögunnar. Um eftirlit með framkvæmd laga þessara gilda ákvæði laga um stjórn fiskveiða og laga um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum eftir því sem við á. Auk þess skal ráðherra með reglugerð gera íslenskum skipum að sæta því eftirliti sem kveðið er á um í samningum sem Ísland er aðili að. Þá getur ráðherra sett reglur um eftirlit á grundvelli 5. mgr. 4. gr.

Fyrir leyfi til veiða á úthafinu, sem veitt verða á grundvelli 2. og 5. mgr. 4. gr. laga þessara, skal greiða gjald skv. 4. mgr. 18. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða.

Útgerðir skipa, sem fá úthlutað veiðiheimildum á grundvelli 5. gr., skulu greiða sérstakt gjald — veiðieftirlitsgjald — vegna eftirlits með veiðum skipanna. Gilda um það ákvæði laga um stjórn fiskveiða varðandi gjaldskyldu, gjaldstofn, gjaldstig, álagningu og innheimtu.

Útgerðir skipa, sem stunda veiðar á sjávardýrum á grundvelli 6. gr., skulu greiða sérstakt gjald — veiðieftirlitsgjald — vegna eftirlits með veiðum skipanna. Skal gjaldið renna til reksturs veiðieftirlits Fiskistofu. Gjald af hverju einstöku skipi skal vera 30 aurar á hvert aflakíló metið til þorskígilda í samræmi við verðmætastuðla sem ákveðnir eru á grundvelli laga um stjórn fiskveiða. Skulu útgerðir fiskiskipa greiða gjaldið í samræmi við ákvæði 5. og 6. mgr.

Útgerð skips, sem fær úthlutað veiðiheimildum úr stofnum sem veiðast alfarið utan lögsögu Íslands, skal greiða gjald skv. 4. mgr. fyrir hvert úthlutað aflakíló. Skal gjaldið greitt fyrir fram við útgáfu tilkynningar um aflamark er kveður á um heimild til að veiða tiltekið magn sjávardýra á viðkomandi fiskveiðiári, vertíð eða veiðitímabili og skal gjaldstofn miðaður við úthlutað aflamark. Gjaldið er ekki endurkræft þótt veiðiheimildir hafi ekki verið nýttar.

Fari stjórn veiða á þeim stofnum, sem veiðast alfarið utan lögsögu Íslands, fram með öðrum hætti en úthlutun veiðiheimilda til skipa skal gjald skv. 4. mgr. innheimt árlega eftir á samhliða gjaldi af almennu veiðileyfi skv. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, af skipum er hafa það leyfi. Innheimta af afla fiskiskipa, er hafa ekki leyfi til veiða í atvinnuskyni samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða, fer fram á sama tíma. Skulu ákvæði 4. mgr. gilda um álagningu gjaldsins en gjaldstofn miðast við landaðan afla viðkomandi fiskiskips er veiðar stundar úr þessum stofnum á tólf mánaða tímabili frá 1. ágúst til 31. júlí fyrir upphaf hvers fiskveiðiárs.

Hafi íslensk stjórnvöld á grundvelli milliríkjasamnings, eða með öðrum skuldbindandi hætti, samið um að eftirlit með veiðum fiskiskipa úr stofni sem alfarið veiðist utan lögsögu Íslands skuli vera með þeim hætti að um borð í hverju fiskiskipi skuli starfa eftirlitsmaður skulu útgerðir skipa, er veiðar stunda úr þeim stofni, greiða 15.000 kr. fyrir hvern dag er skipið stundar þær veiðar. Verði samið um minna eftirlit, þannig að veiðieftirlitsmaður verði við eftirlitsstörf um borð í hluta skipa er stunda veiðar úr viðkomandi stofni, skal hvert skip greiða gjald, fyrir hvern dag er skipið stundar þær veiðar, er nemur sama hlutfalli af daggjaldinu skv. 1. másl. þessarar málsgreinar og umsöndu hlutfalli skipa með eftirlitsmenn um borð. Skal gjaldið greitt af öllum skipum er veiðarnar stunda án tillits til veru eftirlitsmanna um borð í einstökum skipum. Gjald vegna eftirlitsmanna samkvæmt þessari málsgrein greiðist mánaðarlega eftir á, fyrir eftirlit síðastliðins mánaðar.

Útgerð skips skal greiða fæði veiðieftirlitsmanna og sjá þeim endurgjaldslaust fyrir aðstöðu meðan þeir stunda eftirlitsstörf um borð.

Sé á grundvelli 1. mgr. ákveðið að tiltekin skip skuli búin staðsetningar- og sendingar-búnaði sem veitir sjálfvirkt upplýsingar um staðsetningu þeirra til stöðvar í landi skulu viðkomandi útgerðir greiða kostnað sem af slíku eftirliti hlýst, þar með talin hlutdeild í yfirstjórn.

Þá skulu íslensk skip er stunda veiðar utan lögsögu Íslands fullnægja öllum sömu ákvæðum um skil á aflaskýrslum og gilda um veiðar innan lögsögunnar. Að auki skal ráðherra með reglugerð gera íslenskum skipum að fullnægja ákvæðum samninga sem Ísland er aðili að um tilkynningarskyldu og upplýsingagjöf til erlendra stjórnvalda eða alþjóða-stofnana.

## 9. gr.

Íslensk lög og reglur settar samkvæmt þeim varðandi hreinlæti, búnað og innra eftirlit, sem og um meðferð og nýtingu afla, sem gilda um veiðar íslenskra skipa innan lögsögu Íslands, skulu jafnframt gilda um veiðar þeirra utan hennar. Ráðherra er þó heimilt að veita undanþágur varðandi aflanýtingu við veiðar utan lögsögunnar ef fjarlægð frá landi, lengd veiðiferða eða aðrar aðstæður gera slíkt nauðsynlegt.

## II. KAFLI

**Fiskveiðar erlendra skipa.**

## 10. gr.

Óheimilt er að landa afla erlendra fiskiskipa í íslenskum höfnum ef veiðarnar brjóta í bága við samninga um nýtingu og varðveislu lifandi auðlinda hafsins sem Ísland er aðili að. Í þessum tilvikum er einnig óheimilt að veita viðkomandi skipum þjónustu innan íslenskrar landhelgi eða frá íslenskum höfnum. Þessar takmarkanir koma til viðbótar ákvæðum 3. gr. laga um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands.

Þá getur ráðherra ákveðið að 1. mgr. skuli beitt gagnvart skipum ef ætla má vegna veiða þeirra úr tilteknum stofni að slíkt sé nauðsynlegt til verndunar lifandi auðlindum hafsins eða ef viðkomandi skip er skráð undir hentifána og ætla má að það sé gert til að forðast stjórnun fiskveiða á viðkomandi hafsvæði.

Ákvæði þessarar greinar takmarka ekki rétt erlendra skipa til löndunar eða þjónustu hér á landi samkvæmt alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að eða gildandi þjóðarétti. Þá skerða ákvæðin ekki rétt erlendra skipa til að koma til hafna þurfi þau á neyðarþjónustu að halda.

## 11. gr.

Íslenskum stjórnvöldum er heimilt að gera aðrar þær ráðstafanir gagnvart erlendum skipum vegna veiða þeirra á úthafinu sem nauðsynlegar eru til að framfylgja samningum sem Ísland er aðili að.

## III. KAFLI

**Viðurlög.**

## 12. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglum settum samkvæmt þeim varða viðurlögum skv. 13.–14. gr., hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi. Sé um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða skulu þau þar að auki varða varðhaldi eða fangelsi allt að sex árum.

Beita skal ákvæðum laga um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafila við brot á lögum þessum eftir því sem við á.

## 13. gr.

Við brotum gegn 2. málsl. 7. gr. laga þessara skal sekt ekki nema lægri fjárhæð en 600.000 kr. og ekki hærrí fjárhæð en 6.000.000 kr. eftir eðli og umfangi brots.

Brot samkvæmt framansögðu skulu, auk refsingar, varða upptöku á þeim veiðarfærum skipsins sem notuð hafa verið við hinar ólögmætu veiðar, þar með töldum dragstrengjum, svo og afla þess, enda sé sennilegt að aflinn hafi fengist með ólögmætum hætti. Upptöku má framkvæma án tillits til þess hvort jafnframt er krafist refsingar.

Í stað þess að gera afla og veiðarfæri upptæk skv. 2. mgr. er heimilt að gera upptæka fjárhæð sem svarar til andvirðis afla og veiðarfæra samkvæmt mati dómkvaddra kunnáttu-manna.

## 14. gr.

Brot gegn öðrum ákvæðum laga þessara, reglum settum samkvæmt lögum þessum eða ákvæðum leyfisbréfa varða sektum sem eigi skulu nema lægri fjárhæð en 400.000 kr. og ekki hærrí fjárhæð en 4.000.000 kr. eftir eðli og umfangi brots.

Fiskistofa skal svipta lögaðila leyfi til veiða fyrir brot á þessum lögum eftir því sem nánar er fyrir mælt í lögum um umgengni um nytjastofna sjávar.

## 15. gr.

Sektir má jafnt gera lögaðila sem einstaklingi. Þrátt fyrir ákvæði 12. gr. má ákvarða lög- aðila sekt þótt sök verði ekki sönnuð á fyrirsvarsmenn, starfsmenn hans eða aðra þá einstak- llinga er í þágu hans starfa, enda hafi brotið orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lögaðil- ann. Með sama skilorði má einnig gera lögaðila sekt ef fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans, eða aðrir einstaklingar sem í þágu hans starfa, hafa gerst sekir um brot.

Tilraun og hlutdeild í brotum gegn lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í al- mennum hegningarlögum.

## 16. gr.

Heimilt er að leggja lögald á skip sem fært er til hafnar vegna brota gegn lögum þess- um. Sé það gert er dómara heimilt að láta það laust ef sett er bankatrygging eða önnur jafn- gild trygging, að hans mati, fyrir greiðslu sektar, sakarkostnaðar og upptöku skv. 3. mgr. 13. gr.

Til tryggingar greiðslu sektar, sakarkostnaðar og upptöku skal vera lögveð í skipinu.

Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu sæta meðferð opinberra mála.

Sektarfé samkvæmt lögum þessum, svo og andvirði upptæks afla og veiðarfæra, skal renna í Landhelgisjód Íslands.

## 17. gr.

Ólögleg veiðarfæri skulu gerð upptæk. Ólögleg eru þau veiðarfæri eða hluti veiðarfæra sem ekki eru í samræmi við þær reglur sem settar eru um veiðarfæri með stoð í lögum þess- um.

#### IV. KAFLI

##### Ýmis ákvæði.

## 18. gr.

Hafi íslensk stjórnvöld á grundvelli milliríkjasamnings veitt heimild til þess að eftirlits- aðilar erlends ríkis fari til eftirlitsstarfa um borð í íslensk fiskiskip utan lögsögu Íslands skal ráðherra með reglugerð kveða nánar á um eftirlit þetta.

Í reglugerðinni skal m.a. kveða á um heimildir eftirlitsaðilanna til þess að rannsaka meint brot gegn veiðistjórnunarreglum á viðkomandi hafsvæði og um réttarvernd þeirra í samræmi við viðkomandi samning. Einnig skal kveðið á um skyldur skipverja á íslenskum skipum m.a. til þess að ljá atbeina sinn við eftirlitið þegar uppganga fer fram.

## 19. gr.

Ráðherra kveður nánar á um framkvæmd laga þessara með reglugerð.

## 20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 34/1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands, og lög nr. 88/1996, um eftirlit með fiskveiðum utan lögsögu Íslands.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Gjald skv. 6. mgr. 1. gr. laga nr. 88/1996, um eftirlit með fiskveiðum utan lögsögu Íslands, vegna starfa eftirlitsmanna um borð í veiðiskipum á tímabilinu 1. ágúst 1996 til gildistöku laga þessara fellur í gjalddaga einum mánuði eftir gildistöku þeirra.

*Gjört á Bessastöðum, 27. desember 1996.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

*Þorsteinn Pálsson.*

**LÖG**

**um breytingu á lögum nr. 92 24. maí 1994,  
um Þróunarsjóð sjávarútvegsins,  
með síðari breytingum.**

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðast svo:

Hlutverk Þróunarsjóðs sjávarútvegsins er að taka við þróunarsjóðsgjöldum skv. 4. og 6. gr., fara með og selja eignir og hlutabréf í eigu sjóðsins skv. 11. gr., fara með og selja hlutabréf í eigu hlutafjárdeildar skv. 12. gr., innheimta skuldabréf í eigu atvinnutryggingadeildar skv. 13. gr. og greiða skuldbindingar sjóðsins. Þá skal Þróunarsjóður sjávarútvegsins taka lán til að fjármagna kaup eða smíði á rannsóknaskipi fyrir Hafrannsóknastofnunina.

2. gr.

2. málsl. 2. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

7. gr., 8. gr., 9. gr., 10. gr. og 11. gr. laganna falla brott.

4. gr.

2. mgr. 14. gr. laganna orðast svo:

Fyrir 1. september ár hvert skal stjórn sjóðsins leggja fyrir sjávarútvegsráðherra til staðfestingar sundurliðaða rekstrar- og greiðsluáætlun fyrir næsta starfsár.

5. gr.

15. gr. laganna orðast svo:

Stjórn sjóðsins er heimilt að taka lán, þó ekki með útgáfu og sölu á skuldabréfum og öðrum endurgreiðanlegum skuldaviðurkenningum til almennings, í því skyni að jafna mismæmi milli tekna af þróunarsjóðsgjöldum skv. 4. og 6. gr., sem og innborgana af skuldabréfum í eigu sjóðsins og afborgana og vaxta af lánum sem sjóðurinn á að standa skil á.

6. gr.

17. gr. laganna fellur brott.



## 7. gr.

